TÍÐINDI

FRÁ

ALÞINGI

ÍSLENDINGA.

ELLEFTA ÞING

1867.

SÍÐARI PARTUR.

Verðhæð allra alþingistíðindanna þessa árs er 1 rd., og að auki fyrir hvert hefti 2 sk.

1. Hefti.

Konungleg auglýsing

til alþingis

um árangur af þegnlegum tillögum þess og öðrum uppástungum á fundinum 1865.

VÈR KRISTJÁN HINN NÍUNDI, af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Slèsvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þèttmerski, Láenborg og Aldinborg, sendum voru trúa alþingi kveðju guðs og vora!

Vèr höfum með allrahæstri velþóknun tekið á móti þegnlegu ávarpi alþingis og yfirlýsingunni í því um þegnlega hollustu við Oss og konungsættina.

Þar sem borin er fram í ávarpi þessu ósk um, að málefninu um stjórnar-fyrirkomulag Íslands verði sem allra fyrst ráðið til lykta, gleður það Oss að geta kunngjört Voru trúa alþingi, að nú mun verða lagt fyrir þingið frumvarp til fullkominna stjórnarskipunarlaga handa Íslandi, er fer því fram, að alþingi verði veitt yfirgripsmikið vald í öllum málefnum, sem snerta Ísland, og að Vorir kæru þegnar í tèðu landi verði hluttakandi hinna sömu borgaralegu rjettinda og þegnarnir í hinum hlutum ríkisins. Og er það von Vor, að alþingi láti í tè trúlynda liðveizlu sína til þess að málefni þessu, sem er svo áríðandi fyrir Ísland, verði bráðlega og farsællega ráðið til lykta.

Vèr höfum vandlega látið íhuga tillögur vors trúa alþingis um mál þau, sem stjórnin bar undir álit þess árið 1865, og aðrar uppástungur þingsins, og munum Vèr nú skýra hèr í einu lagi frá, hvað í þeim efnum hefir af ráðið verið.

I.

Um þegnleg álitsmál, sem komin eru frá alþingi.

Þessar rèttarbætur hafa gjörðar verið um þau mál, sem Vèr höfum fengið um þegnlegar tillögur Vors trúa alþingis:

1. Tilskipun 1. desembermánaðar 1865 um verzlunarvog á Íslandi.

2. Tilskipun 15. desembermánaðar s. á., er nákvæmar ákveður hvernig viðvíkjandi prestaköllunum á Íslandi.

3. Tilskipun 5. janúarmánaðar 1866 um fjárkláða og önnur um fjárveikindi á Íslandi.

4. Tilskipun 26. janúarmánaðar s. á. um vinnuhjú á Íslandi.

5. Reglugjörð sama dag um að gjöra verzlunarstaðinn Ísafjörð að kaupstað og um stjórn bæjarmálefna þar.

6. Opið brjef sama dag um að stofna byggingarnefnd á kaupstaðnum Ísafirði.

7. Lög 16. febrúarmánaðar s. á. um, að endurskoðuninni á lögunum frá 19. degi janúarmánaðar 1863 um launaviðbót handa þeim embættismönnum á Íslandi skuli skotið á frest.

Þegar lagaboð þessi hafa verið samin, hafa verið vandlega hugaðar athugasemdir þær, er alþingi hefir gjört um þau, og hefir sumum þeirra eptir því verið breytt í ýmsu, ýmislegt verið nákvæmar ákveðið og ýmsu við bætt.

Í þegnlegu álitsskjali sínu um frumvarp það til laga um nýtt fyrirkomulag á fjárhagssambandinu millum Íslands og konungsríkisins, sem stjórnin lagði fyrir alþingi, hefir það ráðið frá, að frumvarpið verði gjört að lögum í því formi, sem það lá fyrir, og hefir þingið þar að auki beiðzt þess, að þjóðfundur verði sem fyrst hinn kallaður samkvæmt loforði því, sem veitt var í konungsbrèfi 28. septembermánaðar 1848 og kosningarlögum 28. septembermánaðar 1849, og að fyrir þenna fund verði lagt frumvarp til stjórnarskipunar í heild sinni, sem sje byggt á grundarreglunum í 1.—4. grein í nefndu lagafrumvarpi.

Eptir því, hvernig alþingi þannig hefir tekið í þetta mál, hefir ekki þótt vera tilefni til að láta leggja ofannefnt lagafrumvarp fyrir þingið að nýju, og samkvæmt því, sem tekið er fram um það efni í ástæðunum fyrir frumvarpi því til stjórnarskipunarlaga handa Íslandi, er nú mun verða lagt fyrir þingið, hefir Oss sjálfum þóginn ekki heldur virzt vera ástæða til að kveðja sèrstaklegs þings til þess að ræða stjórnarskipunarmálið. En

fari svo, að alþingi aðhyllist tèð stjórnarskipunarlagafrumvarp, þá er það áform Vort, að reyna að koma því til leiðar, með því að semja um það við ríkisþingið, að Íslandi verði veitt úr sjóði konungsríkisins fast árstillag, 37,500 rd. að upphæð, og bráðabyrgðartillag, 12,500 rd., sem að 12 árum liðnum verði fært niður um 500 rd. á ári, þangað til það er alveg fallið burtu; og verða stjórnarskipunarlögin, sem í vændum eru, ekki látin ná lagagildi fyrr en búið er að veita þetta tillag.

Alþingi hefir enn fremur ráðið frá, að tvö lagafrumvörp, sem lögð voru fyrir það, annað um breytingu á 6. og 7. grein í lögum 15. aprílmánaðar 1854 um siglingar og verzlun á Íslandi, og hitt um brennivínsverzlun og brennivínsveitingar á Íslandi, verði gjörð að lögum.

Vegna hins nána sambands, sem tèð lagafrumvörp eru í við íslenzka fjárhagsmálið, hefir þótt rèttast að fresta að koma þeim lengra áleiðis, þangað til að búið er að ráða fjárhagsmálinu til lykta.

Sömuleiðis er lagafrumvörpunum um laun handa hreppstjórum á Íslandi og um að ferma og afferma gufuskip á sunnudögum og öðrum helgidögum skotið á frest samkvæmt tillögum alþingis.

Að því er loks snertir frumvörp þau, er lögð voru fyrir alþingi, annað til laga um laun handa íslenzkum póstembættismönnum, og hitt til opins brèfs, er skipar fyrir um ýmislegt, sem snertir póstgöngur, þá hafa ekki að svo stöddu orðið gjörðar frekari ráðstafanir til þess, að koma þeim málum fram, vegna þess hvernig alþingi tók í lagafrumvarpið um fyrirkomulag fjárhagsmálsins, og hið sama er og um lagafrumvarpið um hina fyrirhuguðu stofnun búnaðarskóla á Íslandi.

II.

Um þegnlegar bænarskrár, er komið hafa frá alþingi.

1. Á meðan ekki er útkljáð um fjárhagsstöðu Íslands framvegis, verða ekki gjörðar frekari ráðstafanir út af þegnlegri bænarskrá alþingis um, að stjórnin annist um, að komið verði á reglulegum gufuskipaferðum með fram ströndum Íslands.

2. Hið sama er og um þegnlega bænarskrá alþingis um stofnun kennsluskóla handa lögfræðinga-efnum á Íslandi.

3. Út af þegnlegri bænarskrá alþingis um endurbót á ýmsum greinum, er snerta læknaskipunina á Íslandi, höfum Vèr allramildilegast fallizt á:

1, að úr læknasjóðnum íslenzka megi veita allt að 5 lækna-efnum, er vilja setjast að og fást við lækningar í þeim hèruðum á Íslandi, þar sem dómsmálastjórninni virðist vera mest þörf á læknisaðstoð, 400 rd. styrk á ári hverjum þeirra, og þar á ofan heita þeim, að þeir megi eiga von á, að styrkur þessi verði hækkaður um 100 rd. fyrir hver 3 ár, sem þeir fást við lækningar, þangað til hann er orðinn 800 rd. á ári; og megi þá gjöra læknum þeim, sem þessi styrkur er veittur, að skyldu að takast á hendur um tiltekið svið störf þau, sem hvíla á hèraðslæknunum, ef þeir eru því samþykkir, og fái þeir þá sömu borgun fyrir þau störf, og hèraðslæknunum er veitt;

2, að undir eins og að minnsta kosti 1 útlærður læknir hefir setzt að á þenna hátt í hverju af hinum þrem ömtum landsins, til þess að fást við lækningar, þá fái læknasjóðurinn borgað úr jafnaðarsjóðum amtanna 200 rd. tillag það úr hverjum jafnaðarsjóði, sem ákveðið er í konungsúrskurði 12. ágústmánaðar 1848, og

3, að úr læknasjóðnum sè veitt 200 rd. tillag á ári í tvö ár til þess að kaupa fyrir bækur og áhöld, er landlæknirinn á Íslandi geti haft við læknakennsluna, með því skilyrði, að hann ábyrgist að skila þeim í góðu ástandi, þegar þar að kemur; en að öðru leyti eigi lærisveinarnir sjálfir að sjá sèr fyrir bókum þeim, sem þeir þurfa með.

Enn fremur mun verða lagt fyrir alþingi samkvæmt bæn þess frumvarp til tilskipunar um breytingu á ákvörðununum um gjald spítalahlutanna, er svo eru nefndir, á Íslandi.

En þar sem alþingi enn fremur hefir farið fram á, að öllum læknum á Íslandi verði leyft að kaupa sjálfir læknismeðöl frá útlöndum, halda lyfjabúð og fara með meðalasölu, þá hefir ekki þótt vera ástæða til að taka þessa bæn alþingis til greina, því að það væri alveg gagnstætt grundvallarreglum þeim, sem farið er eptir, og mundi af því leiða, að umsjón sú, sem höfð er af hálfu hins opinbera bæði með því, að læknismeðölin, sem seld eru, sèu góð, og að nóg sè til af þeim, mundi falla burtu, og loks hafa hagsmunir íslensku læknanna ekki getað komið til greina, með því að ætla má, að það sè nógur hagur fyrir þá, að þeir mega sjálfir láta úti læknismeðöl þau, sem þeir fá frá lyfjabúðunum á Íslandi.

Um 6. og 7. niðurlagsatriðið í bænarskrá alþingis, sem hèr er rætt um, skal þess getið, að bæði hefir þótt bezt við eiga að

verja tillögum þeim úr jafnaðarsjóðum amtanna, sem ákveðin eru í konungsúrskurði 12. ágústmán. 1848, á þann hátt sem sagt er í 2. tölulið, og hins vegar virðast ekki vera leidd full rök að því, að þörf sè á að hækka 600 rd. styrk þann, sem nú er goldinn úr læknasjóðnum til læknakennslunnar í Reykjavík, um 400 rd. eins og alþingi hefir stungið upp á, því að sèr í lagi virðist 300 rd. styrkur sá, sem lærisveinunum nú er veittur, að vera hæfilegur eptir því, hversu margir þeir eru að jafnaði. Ekki hefir heldur þótt ástæða til að veita þeim tveim mönnum, sem nefndir eru í 9. og 10. niðurlagsatriði bænarskrárinnar, og hafa fengizt við lækningar, þótt ekki hafi þeir aflokið neinu prófi, neina þóknun fyrir það úr opinberum sjóði. Að því er loks snertir tillögur alþingis um að bætt verði kjör Thorlaciusar; aðstoðarlæknis, sem hefir veitt hèraðslækninum, í Eyjafjarðar- og Þingeyjarsýslu aðstoð til að gegna hèraðslæknisstörfunum, í austfirðingafjórðungi landsins, þá verður ekki að svo stöddu ákvarðað neitt um það, af því að tèður hèraðslæknir hefir nýlega fengið annað embætti, og fyrir þá sök verður að gjöra nýja skipun á forstöðu læknisembættisins í austfirðingafjórðungi, og er það mál nú í undirbúningi.

4. Til þess að bæta úr vandkvæðum þeim, sem sveitarfèlögin á Íslandi hafa af óforsjállegum giptingum fátækra manna, hefir alþingi farið þess á leit í þegnlegri bænarskrá, að látið verði koma út lagaboð, þar sem svo sè fyrir mælt, að ef að sá, sem ætlar sèr að giptast, hefir ekki svo mikið fyrir sig að leggja, sem nákvæmar væri kveðið á um, samkvæmt reglum þeim, er alþingi hefir stungið upp á í því efni, þá eigi svaramennirnir að ábyrgjast, að hvorki hann nè hyski hans verði sveit þeirri, þar sem hann á framfærslurètt, til þyngsla 3 fyrstu árin eptir hjónabandið.

En það er hvorttveggja, að ekki verður fallizt á grundvallarreglur þær, sem uppástunga þessi hefir við að styðjast, enda virðist vera þeim mun minni ástæða til að taka hana til greina, sem ekki verður álitið, að ráðstafanir þær, er alþingi hefir stungið upp á, geti veitt neina verulega trygging til þess að sporna við lèttúðugum giptingum, og verða þá ekki heldur álitnar hagfelldar til þess að koma því til leiðar, sem ætlazt var til.

5. Samkvæmt þegnlegri bænarskrá alþingis hefir komið út opið brèf 22. marzmán. þ. á. um löggilding verzlunarstaðar á Borgarnesi við Brákarpoll í Mýrasýslu í vesturumdæminu á Íslandi.

6. Alþingi hefir farið fram á í þegnlegri bænarskrá, að lagt

verði fyrir þingið frumvarp til reglugjörðar um sveitastjórn á Íslandi.

En með því að fyrirkomulagið á málefni þessu að miklu leyti er undir því komið, hvernig stjórnarskipun Íslands verður ráðið til lykta, þá verða að svo stöddu ekki gjörðar frekari ráðstafanir til að koma málefni þessu lengra áleiðis.

7. Þegnleg bænarskrá alþingis um, að úr ríkissjóðnum verði fyrst um sinn veittir 300 rd. á ári handa forngripasafni því, er stofnað hefir verið í Reykjavík, hefir ekki orðið tekin til greina, vegna þess, hvernig allt er nú á reiki um fjárhagsstöðu Íslands.

8. Ekki hefir þótt ástæða til að fallast á þegnlega bænarskrá frá alþingi, um að veittur verði styrkur úr ríkissjóði til viðgjörðar á kirkjunni á Hólum í Hjaltadal í norður- og austurumdæminu á Íslandi og til þess að halda henni við eptirleiðis.

9. Alþingi hefir farið þess á leit í þegnlegri bænarskrá, að frumvarpi því til tilskipunar um að taka hús í Reykjavíkurkaupstað í brunabótafèlag hinna dönsku kaupstaða, er borið var undir álit alþingis áður fyrri, verði veitt lagagildi.

Um leið og vísað skal um þetta efni í það, sem sagt er í konunglegri auglýsingu til alþingis 9. júnímán. 1865 um það, hvernig málefni þessu þá var komið, skal því við bætt, að með því, að aðalástæðan fyrir því, að landsþingið felldi frumvarp það, er lagt var fyrir það á fundi þess 1864—65 um fyrirkomulag þessa málefnis, var sú, að koma ætti á fulltrúasamkomu frá kaupstöðunum, áður en málefni þessu yrði ráðið til lykta, þá var lagt fyrir ríkisþingið frumvarp, er laut að þessu; en með því, að þjóðþingið vildi ekki fallast á frumvarp þetta, nema að því væri samfara yfirgripsmiklar endurbætur á allri löggjöfinni um brunabótafèlög kaupstaðanna, þá hefir ekki enn orðið gjört meira við mál þetta.

10. Í þegnlegri bænarskrá frá alþingi var farið fram á bæði að samdar verði og prentaðar almennar reglur um viðhald og aukningu hinna íslenzku birkiskóga, og reglum þessum síðan útbýtt meðal almennings, og einnig að sendur yrði til Íslands duglegur skógfræðingur til þess að ferðast um landið og segja síðan álit sitt um, hvar og hvernig hentast mundi að gróðursetja skóg í landinu.

Það virðist samt því síður vera ástæða til að taka fyrra bænaratriðið til greina, sem að stjórnin þegar fyrir mörgum árum síðan

hlutaðist um, að Sivertsen, er þá var umboðsmaður, samdi á íslenzku leiðarvísi handa alþýðu um að koma upp birkiskógum og að bæklingur þessi síðan var gefinn út og mörg exemplör af honum send til Íslands til útbýtingar kauplaust meðal landsmanna, og að því er síðara bænaratriðið snertir, þá hefir ráðstöfun sú, sem þar er farið fram á, ekki orðið framkvæmd, af því að fé það hefir ekki fengizt, er til þess þarf.

11. Samkvæmt þegnlegri bænarskrá alþingis hefir dómsmálastjórn Vor hlutazt um, að ákvarðanirnar í auglýsing dómsmálastjórnarinnar 31. októbermán. 1864 um fast verðlag fyrir lyfsölumennina á eiturtegundum þeim, sem nefndar eru í tilskipun 1. aprílmán. 1796, sbr. opið brèf 19. aprílmán. 1843, og mestmegnis eru hafðar til iðnaðar og búsýslu, og á öllum almennum læknislyfjum, tilbúnum og ótilbúnum, sem eru seld í hópakaupum og án fyrirsagnar frá lækni, eða eru notuð til iðnaðar og búsýslu, þó ekki kveði mikið að því, — verði einnig látnar gilda á Íslandi, og að enn fremur verði lækkað verðið á hjartarhornsolíu. En þar sem alþingi hefir farið fram á, að einnig verði hlutast um, að verðið á brenndu kalki og pottösku verði fært niður, þá verður lyfsölumönnum ekki skipað sèrstaklega fyrir um það, með því að tèðar vörutegundir verða að álítast frjáls kaupeyrir.

Til staðfestingar allramildilegustum úrskurðum Vorum, þeim er nú hefir verið getið, höfum vèr sent yður þessa auglýsing Vora, og heitum Voru trúa alþingi hylli Vorri og konunglegri mildi.

Gefið í Vorum konunglega aðsetursstað Kaupmannahöfn,
31. dag maímánaðar 1867.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

Leuning.

Skipunarbrèf

konungsfulltrúa.

Kristján hinn níundi, af guðs náð konungur Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slèsvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þèttmæri, Lauenborg og Oldenborg,

Vora sèrlegu hylli! Með því þú sem stiptamtmaður vor yfir Íslandi átt að kveðja til þings í Reykjavík, er byrja á fyrsta virkan dag í júlímánuði þ. á., samkvæmt 39. grein í tilskipun frá 8. marz 1843, sem fyrirskipar ráðgefandi þing fyrir land Vort Ísland, það er alþing er kallað, þá viljum Vèr samkvæmt ákvörðununum í nefndrar tilskipunar 41. grein um skikkun konungsfulltrúa á þinginu, hèrmeð hafa þig, Vor elskulegi herra SÖREN HILMAR STEINDÓR FINSEN, stiptamtmaður vor yfir Íslandi og amtmaður í suðuramtinu, riddara dannebrogsorðunnar, skikkaðan til að vera fulltrúa Vorn á þessu alþingi. Og gefum Vèr þèr enn fremur samkvæmt 41. grein, þeirri er nú var getið, vald til að kjósa þèr aðstoðarmann annaðhvort úr flokki þingmanna eða utanþings, sem í forföllum þínum skal gegna þessari stöðu þinni.

Því skipum Vèr þèr hèr með að búa þig til að mæta á alþingi, þegar það verður sett á ofangreindum stað, og ber þèr í framkvæmdum skyldustarfa þinna sem fulltrúi Vor að hegða þèr eptir tilskipuninni frá 8. marz 1843 og skipunum þeim, sem Oss að öðru leyti kynni að þóknast að gefa þèr.

Þannig verði Vor vilji. Felandi þig guði.

Ritað í Vorum konunglega aðsetursstað Kaupmannahöfn hinn 31. maí 1867.

Christian R.

Leuning.

Skikkun
til stiptamtmanns yfir Íslandi og amtmanns í suðuramtinu, H. FINSEN, riddara dannebrogsorðunnar, til að vera fulltrúi konungs á alþingi.

I. Frumvarp

til

stjórnarskipunarlaga handa Íslandi.

I.

1. grein.

Ísland er óaðskiljanlegur hluti Danmerkur ríkis. Um ríkiserfðirnar, rètt konungs til að hafa stjórn á hendi í öðrum löndum, trúarbrögð konungs, myndugleika hans, viðtöku við stjórninni, um ríkisstjórn í forföllum konungs og um það, er konungdómurinn er laus, eru 1., 4., 5., 6., 7. og 8. grein í hinum yfirskoðuðu grundvallarlögum Danmerkur ríkis frá 5. júnímán. 1849, er út eru gefin 28. júlímán. 1866, einnig gildar á Íslandi.

2. grein.

Áður en konungur tekur við stjórninni, skal hann heita með skriflegum eiði í ríkisráðinu að halda óbrigðanlega hin sèrstöku stjórnarskipunarlög Íslands. Af heitorðinu skulu gjörð tvö frumrit samhljóða, og skal annað þeirra sent alþingi og geymt í skjalasafni þess, en hitt skal geymt í leyndarskjalasafninu.

3. grein.

Í öllum þeim málum, sem eru sameiginleg með Íslandi og Danmörku, það er segja í öllum þeim málum, sem um er rætt í 1. grein, eða þeim, sem snerta konungsmötuna, lífeyri handa konungsættinni, enn fremur viðskipti ríkisins við önnur lönd, vörn ríkisins á landi og sjó, ríkisráðið, rèttindi innborinna manna, myntina, ríkisskuldir og ríkiseignir svo og póstgöngur milli Danmerkur og Íslands, hefir Ísland löggjöf og stjórn saman við konungsríkið.

Til gjalda þeirra, sem ganga til þessara sameiginlegu málefna, leggur Ísland ekki neitt fyrst um sinn, og tekur þess vegna heldur ekki á meðan neinn þátt í löggjafarvaldinu um þessi málefni.

En ef fjárhagur Íslands kemst í það horf, að það getur goldið tillag til tèðra ríkisþarfa, þá kveður konungur á, hversu mikið tillagið skuli vera, og skal þá þar að auki ákvarðað með lögum, hvernig Ísland eigi eptirleiðis að taka þátt í löggjöf og stjórn sameiginlegu málanna. Konungur og alþingi ákveða í sameiningu með lögum, á hvern hátt tillagið skuli goldið. Verði ágreiningur um eitthvert málefni, hvort það sè sameiginlegt málefni eða snerti Ísland eingöngu, þá skal skorið úr slíkum ágreiningi með konungsúrskurði.

4. grein.

Öll sameiginleg lög, sem birtast eptirleiðis, skulu kunngjörð á Íslandi bæði á íslenzku og dönsku, og verða þau þá skuldbindandi fyrir þegna konungs á Íslandi.

5. grein.

Í öllum öðrum málum, sem snerta Ísland, en þeim, sem að framan eru nefnd, hefir Ísland löggjöf sína og stjórn út af fyrir sig. Í þessum málum er löggjafarvaldið hjá konungi og alþingi í sameiningu, framkvæmdarvaldið hjá konungi og dómsvaldið hjá dómendunum.

6. grein.

Hin evangelisk-lúterska kirkja skal vera þjóðkirkja á Íslandi, og skal hið opinbera fyrir því styrkja hana.

II.

7. grein.

Konungur hefir hið æðsta vald yfir öllum þeim málum, sem varða Ísland eingöngu, og eru ekki aðrar takmarkanir á því en þær, sem settar eru í stjórnarskipunarlögum þessum. Til þess að framkvæma þetta vald hefir hann ráðgjafa, er hann kýs til að standa fyrir þessum málefnum, og landsstjórn, sem hefir aðsetur sitt á Íslandi sjálfu.

8. grein.

Konungur er ábyrgðarlaus, hann er heilagur og friðhelgur. Ráðgjafinn hefir alla ábyrgð á stjórninni. Ábyrgð hans verður nákvæmar ákveðin með lögum.

9. grein.

Konungur ákveður, hverjum ráðgjafa sinna stjórn þeirra mála, sem varða Ísland eingöngu, skuli fengin í hendur.

10. grein.

Undirskript konungs undir ákvarðanir þær, sem snerta löggjöf og stjórn, veitir þeim fullt gildi, er ráðgjafinn skrifar undir með honum, og ábyrgist ráðgjafinn þá ákvörðunina.

11. grein.

Konungur veitir öll þess konar embætti, sem hann hefir veitt hingað til. Breytingu má á þessu gjöra með lagaboði. Engan þann má skipa embættismann á Íslandi, sem ekki hefir réttindi innborinna manna og þar á ofan hefir fært sönnur á, að hann hafi fullnægt því, sem fyrir er mælt í laga-ákvörðununum um kunnáttu í máli landsins. Sérhver embættismaður skal vinna eið að stjórnarskipunarlögunum.

Konungur getur vikið þeim frá embætti, sem hann hefir veitt það. Eptirlaun embættismanna skulu ákveðin samkvæmt eptirlaunalögunum.

Konungur getur flutt embættismenn úr einu embætti í annað, þó svo, að þeir missi einskis í af embættistekjum, og að þeim sé gefinn kostur á að kjósa, hvort þeir vilji heldur embættisskiptin eða þá lausn frá embætti með eptirlaunum þeim, sem hinar almennu reglur ákveða.

Frá reglu þessari má með lagaboði undanskilja ýmsa embættismannaflokka auk embættismanna þeirra, sem nefndir eru í 50. grein.

12. grein.

Konungur stefnir saman reglulegu alþingi þriðja hvert ár. Án samþykkis konungs má það eigi eiga setu lengur en 6 vikur.

Breyting á ákvörðunum þessum má gjöra með lagaboði.

13. grein.

Konungur getur stefnt alþingi saman til aukafunda, og ræður hann, hversu langa setu það skuli eiga.

14. grein.

Konungur getur frestað fundum hins reglulega alþingis um

tiltekinn tíma, en samt ekki lengur en 4 vikur, nema alþingi samþykkist það og ekki nema einu sinni á ári.

15. grein.

Konungur getur leyst upp alþingi, og skal þá stofnað til nýrra kosninga áður tveir mánuðir sèu liðnir, og alþingi stefnt saman næsta ár eptir að það var leyst upp.

16. grein.

Konungur getur látið leggja fyrir alþingi lagafrumvörp og aðrar uppástungur.

17. grein.

Samþykkis konungs þarf til þess, að nokkur ákvörðun alþingis geti fengið lagagildi. Konungur skipar að birta lögin og sèr um, að þeim sè fullnægt. Hafi konungur ekki staðfest eitthvert lagafrumvarp, sem alþingi hefir fallizt á, á undan fundi næsta alþingis, ber að álíta að það sè fallið burtu.

18. grein.

Þegar brýn nauðsyn ber til, getur konungur gefið út bráðabyrgðalög milli alþinga; eigi mega slík lög samt koma í bága við stjórnarskipunarlögin, og ætið skulu þau lögð undir næsta alþingi þar á eptir.

19. grein.

Konungur getur náðað menn og veitt almenna uppgjöf á sökum. Ráðgjafa íslenzku málanna getur hann að eins með samþykki alþingis náðað fyrir refsingu, er honum hefir verið dæmd á hendur fyrir brot á stjórnarskipunarlögunum.

20. grein.

Konungur veitir sumpart sjálfur, en sumpart lætur hann hlutaðeigandi stjórnarvöld veita leyfi þau og undantekningar frá lögum, sem tíðkast hafa eptir reglum þeim, sem farið hefir verið eptir hingað til.

21. grein.

Konungur setur eitt æðsta stjórnarvald, sem skal eiga aðsetur á Íslandi sjálfu; skulu í því vera einn maður eða fleiri, og hefir

það á hendi í nafni konungs stjórn allra þeirra málefna, er varða Ísland eingöngu.

Landsstjórnin á Íslandi skal að öllu leyti vera undir hlutaðeiganda ráðgjafa og framkvæma störf þau, sem henni eru á hendur falin samkvæmt reglugjörð er ráðgjafinn semur og konungur samþykkir.

Allir embættismenn og sýslunarmenn, sem skipaðir eru á Íslandi, eru undir stjórn þessari.

III.

22. grein.

Á alþingi eiga sæti:

1. 21 þjóðkjörnir alþingismenn.
2. Þessir embættismenn í landinu:
   a, byskupinn yfir Íslandi,
   b. amtmennirnir á Íslandi,
   c. háyfirdómarinn í yfirdómi Íslands,
   d, landfógetinn,
   e, landlæknirinn.

23. grein.

Kosningarrjett til alþingis hafa:

a. allir bændur, sem hafa grasnyt og gjalda nokkuð til allra stètta; þó skulu þeir sem með sèrstaklegu lagaboði kynni að vera undanskildir þegnskyldugjaldinu, ekki fyrir það missa kosningarrètt sinn;
b. embættismenn, sem annaðhvort hafa konunglegt veitingarbrèf eða eru skipaðir af landsstjórninni á Íslandi;
c. þeir, sem tekið hafa lærdómspróf við háskólann, eða embættispróf við prestaskólann í Reykjavík, þó ekki sè þeir í embættum, ef þeir eru ekki öðrum háðir;
d. kaupstaðaborgarar, ef þeir gjalda til sveitar að minnsta kosti 4. rd. á ári.
e, þurrabúðarmenn, ef þeir gjalda til sveitar eða bæjarþarfa að minnsa kosti 6 rdli. á ári.

Þar að auki getur enginn átt kosningarrètt, nema hann sè orðinn fullra 25 ára að aldri, þegar kosningin fer fram, hafi óflekkað mannorð, hafi verið heimilisfastur í umdæminu 1 ár, sè fjár síns ráðandi og honum sè ekki lagt af sveit, eða hafi hann þáð sveitarstyrk, að hann þá hafi endurgoldið hann, eða honum hafi verið gefinn hann upp.

Kjörgengur til alþingis er hver sá, sem hefir kosningarrètt samkvæmt því sem nú var sagt, ef að hann

1. ekki er þegn annars ríkis eða að öðru leyti er í þjónustu þess;
2. hefir að minnsta kosti í 5 ár verið í löndum þeim í norðurálfunni, sem liggja undir Danaveldi; og
3. sè orðinn fullra 30 ára að aldri þegar kosningin fer fram.

Þó má kjósa þann mann, sem á heima utan kjördæmisins eða hefir verið þar skemur en eitt ár.

Hinar nákvæmari reglur um kosningarnar verða settar í kosningarlögunum.

IV.

24. grein.

Hið reglulega alþingi skal koma saman 1. virkan dag í júlímánuði 3. hvert ár, hafi konungur ekki tiltekið annan samkomudag sama ár.

25. grein.

Samkomustaður alþingis er jafnaðarlega í Reykjavík.

26. grein.

Alþingi er friðheilagt. Hver sem brýtur gegn friði þess eða frelsi eða, býður eitthvað sem þar að lýtur, eða hlýðir slíku boði, verður sekur um drottinssvik.

27. grein.

Alþingi á rètt á að stinga upp á lagaboðum og samþykkja þau fyrir sitt leyti; einnig getur það sent konungi ávörp.

28. grein.

Alþingi getur sett nefndir af þingmönnum til að rannsaka málefni, sem eru áríðandi fyrir almenning og snerta Ísland eingöngu. Nefndir þessar eiga rètt á að heimta skýrslur munnlegar og brjeflegar, bæði af embættismönnum og einstökum mönnum.

29. grein.

Engan skatt má á leggja, nè breyta, nè af taka nema með lagaboði; ekki má heldur taka lán, er skuldbindi Ísland út af fyrir

sig, nè selja neina af fasteignum landsins, nema slíkt sè með lagaboði ákveðið.

30. grein.

Með lögum skal ákveðin föst fjárhagsáætlun, og skal í henni vera áætlun bæði um hinar venjulegu og sèrstaklegu tekjur landsins, þar á meðal tillagið úr ríkissjóðnum og um gjöldin. Hinni föstu fjárhagsáætlun verður ekki breytt nema með lögum.

Aukatekjur og aukagjöld skulu veitt fyrir hvert þriggja ára fjárhags-tímabil með sèrstaklegum fjáraukalögum.

31. grein.

Ekkert gjald má greiða af hendi, nema heimild sè til þess í föstu fjárhagsáætluninni eða í fjáraukalögum.

32. grein.

Alþingi kýs tvo yfirskoðunarmenn, og skulu þeim veitt laun fyrir starfa sinn. Þessir menn eiga að gagnskoða hina árlegu reikninga um tekjur og gjöld landsins, og gæta þess, að tekjur landsins sèu þar allar taldar, og að ekkert hafi verið út goldið nema eptir fjárhagslögunum. Þeir geta krafizt að fá allar skýrslþær og skjöl sem þeim þykir þurfa. Síðan skal safna þeim þremur ársreikningum fyrir hvert þriggja ára fjárhags-tímabil í einn reikning og leggja hann fyrir alþingi, ásamt með athugasemdum yfirskoðunarmanna, og skal því næst samþykkja hann með lagaboði.

33. grein.

Ekkert frumvarp má samþykkja á þingi að fullnustu, fyrr en það hefir verið rætt þar þrisvar sinnum.

Í fyrstu umræðu skal ræða aðalefni lagafrumvarpsins í heild þess og ályktа, hvort það eigi að koma til annarar umræðu eða ekki, og verði hið fyrra ofan á, þá hvort eigi að setja nefnd til þess að búa það undir aðra umræðu. Við aðra umræðu má koma fram með breytingaratkvæði og leita atkvæða um þau. Sè frumvarpið konunglegt frumvarp, skal það lagt fyrir til þriðju umræðu eins og stjórnin orðar það, eptir því sem henni þykir bezt henta eptir málalokum við aðra umræðu, og við lok þriðju umræðu skal að eins gengið til atkvæða um, hvort frumvarpið skuli samþykkt eða fellt í heild þess. Frumvarp frá einstökum mönnum skal lagt

fyrir til þriðju umræðu eins og það var samþykkt við aðra umræðu, og með þeim breytingaratkvæðum við það, sem eru borin upp annaðhvort af hendi stjórnarinnar eða af ekki færri en tíu þingmönnum.

Lagafrumvarp, sem alþingi hefir fellt, verður ekki tekið optar til umræðu á því þingi.

34. grein.

Alþingi sker sjálft úr, hvort þingmenn þess sèu löglega kosnir.

35. grein.

Sèrhver nýr þingmaður skal vinna eið að stjórnarskipunarlögunum, undir eins og búið er að viðurkenna, að kosning hans sè gild.

36. grein.

Alþingismenn eru eingöngu bundnir við sannfæringu sína en eigi við neinar reglur frá kjósendum sínum.

Embættismenn þeir, sem kosnir verða til alþingis, þurfa ekki leyfi stjórnarinnar til þess að þiggja kosninguna.

37. grein.

Meðan alþingi stendur yfir, má ekki taka neinn alþingismann fastan fyrir skuldir án samþykkis alþingis, nè heldur setja hann í varðhald eða höfða mál á móti honum, nema hann sè staðinn að glæp. Enginn alþingismaður verður krafinn til reikningsskapar utanþings fyrir það, sem hann hefir talað á þinginu, nema þingið leyfi það.

38. grein.

Komist sá, sem löglega er kosinn, í einhverjar þær kringumstæður, sem svipta kjörgengi, missir hann rètt þann, sem kosningunni fylgir.

39. grein.

Þeim manni eða þeim mönnum, sem eiga sæti í landsstjórninni á Íslandi, skal heimilt sökum embættisstöðu sinnar að sitja á alþingi, og eiga þeir rètt á að taka þátt í umræðunum eins opt og þeir vilja, en verða að öðru leyti að gæta þingskapa.

Atkvæðisrètt hafa þeir því að eins, að þeir sèu jafnframt alþingismenn.

40. grein.

Alþingi kýs sjálft forseta sinn og varaforseta.

41. grein.

Þingið má ekki gjöra ályktun um neitt, nema meira en helmingur þingmanna sè á fundi og greiði atkvæði.

42. grein.

Heimilt er hverjum alþingismanni að bera upp sèrhvert opinbert málefni, ef þingið leyfir það, og beiðast þar um skýrslu stjórnarinnar.

43. grein.

Þingið má ekki taka við neinu skjali um málefni, sem einstakir menn vilja bera upp fyrir þinginu, nema einhver þingmanna leggi það fram.

44. grein.

Þyki þinginu ekki ástæða til að leggja úrskurð á eitthvert málefni, þá getur það vísað því til stjórnarinnar.

45. grein.

Alþingi skal haldið í heyranda hljóði. Þó getur forseti eða svo margir þingmenn, sem tiltekið er í þingsköpunum, krafizt, að öllum utanþingsmönnum sè vísað burt, og skal þingið þá skera úr, hvort ræða skuli málefnið í heyranda hljóði eða á heimulegum fundi.

46. grein.

Þingsköpin skulu sett með lagaboði.

V.

47. grein.

Skipun dómsvaldsins verður eigi ákveðin nema með lagaboði.

48. grein.

Dómsgæzlan skal aðgreind frá yfirvaldsgjörðum, samkvæmt reglum þeim, sem ákveðnar verða um það með lagaboði.

49. grein.

Dómendur skulu eiga rètt á að skera úr öllum spurningum um embættistakmörk yfirvaldanna. Þó getur sá, sem þar um leitar úrskurðar, ekki komið sèr hjá að hlýða í bráð yfirvaldsboðinu með því að skjóta málinu til dóms.

50. grein.

Dómendur skulu í embættisverkum sínum fara einungis eptir lögunum. Þeim verður ekki vikið úr embætti nema með dómi, og ekki verða þeir heldur fluttir í annað embætti á móti vilja þeirra, nema þegar svo stendur á, að verið er að koma nýrri skipun á dómstólana. Þó má veita þeim dómara, sem er orðinn fullra 65 ára gamall, lausn frá embætti, en ekki skal hann missa neins í af launum sínum.

51. grein.

Jafnskjótt og að svo miklu leyti sem því verður við komið, skulu dómar allir fara fram í heyranda hljóði.

VI.

52. grein.

Landsmenn eiga rètt á að stofna fèlög til að þjóna guði með þeim hætti, sem bezt á við sannfæringu hvers eins, þó má ekki kenna eða fremja neitt, sem er gagnstætt góðu siðferði og allsherjar reglu.

53. grein.

Kjör trúarbragðaflokka þeirra, sem á greinir við þjóðkirkjuna, skulu nákvæmar ákveðin með lagaboði.

54. grein.

Enginn má neins í missa af borgaralegum og þjóðlegum rèttindum fyrir sakir trúarbragða sinna, nè heldur má nokkur fyrir þá sök skorast undan almennri fèlagsskyldu.

VII.

55. grein.

Sèrhver sá, sem tekinn er fastur, skal leiddur fyrir dómara eins fljótt og auðið er. Megi ekki þá jafnskjótt láta hann lausan

aptur, ber dómaranum svo fljótt sem verður, og í seinasta lagi áður en 3 dagar sèu liðnir, að leggja á úrskurð, er byggður sè á tilgreindum ástæðum, um að hann skuli settur í varðhald; en megi láta hann lausan móti veði, þá skal ákveðið í úrskurðinum, hvert eða hversu mikið það skuli vera.

Úrskurði þeim, sem dómarinn kveður upp, má sá, sem í hlut á, þegar skjóta sèr í lagi til æðri dóms.

Engan mann má setja í gæzluvarðhald fyrir yfirsjón, er að eins varðar fjesekt eða einföldu fangelsi.

Engan mann má draga frá löglegu varnarþingi hans.

56. grein.

Heimilið er friðheilagt. Ekki má gjöra húsleit, nè kyrrsetja brèf og önnur skjöl og rannsaka þau, nema eptir dómsúrskurði, ef lögin ekki gjöra sèrlega undantekning.

57. grein.

Eignarrètturinn er friðhelgur. Engan má skylda til að láta af hendi eign sína, nema almenningsþörf krefji; þarf til þess lagaboð og komi fullt verð fyrir.

58. grein.

Öll bönd þau, er hamla frelsi í atvinnuvegum og jafnrjetti manna til atvinnu, og eigi eru byggð á almenningsheillum, skal af taka með lagaboði.

59. grein.

Sá, sem ekki getur sèð fyrir sèr og sínum, og sè hann ekki skyldu-ómagi annars manns, skal eiga rètt á að fá styrk úr almennum sjóði, þó með því móti, að hann gangist undir skyldur þær, er lögin áskilja þar um.

60. grein.

Hver maður á rètt á að láta í ljósi hugsanir sínar á prenti; þó verður hann að ábyrgjast þær fyrir dómi. Ritskoðun og aðrar slíkar tálmanir fyrir prentfrelsið má aldrei taka upp aptur.

61. grein.

Rètt eiga menn á að stofna fèlög í sèrhverjum löglegum til-

gangi, án þess að leyfi þurfi að sækja til þess. Ekkert fèlag má leysa upp með stjórnarráðstöfun. Þó má banna fèlög um sinn, en þá verður þegar að höfða mál gegn þeim, til þess þau verði leyst upp.

62. grein.

Rètt eiga menn á að safnast saman vopnlausir. Lögreglustjórninni er heimilt að vera við almennar samkomur. Banna má mannfundi undir berum himni, þegar óttast má fyrir að af þeim leiði óspektir.

63. grein.

Sèrhver vopnfær maður er skyldur að taka sjálfur þátt í vörn föðurlandsins, eptir því sem nákvæmar kann að verða fyrir mælt þar um með lagaboði.

64. grein.

Rètti sveitafèlaganna til að ráða sjálf málefnum sínum með umsjón stjórnarinnar mun hið allrabráðasta verða skipað með lagaboði.

65. grein.

Á skattgjöld og skattheimtu mun komið öðru skipulagi með lagaboði svo fljótt sem verður.

66. grein.

Öll sèrleg rèttindi, er lögin hafa bundið við aðal, nafnbætur og tign, skulu vera af tekin.

VIII.

67. grein.

Uppástungur um breytingu á stjórnarskipunarlögum þessum eða viðauka við þau má bera upp bæði á reglulegum fundum og aukafundum alþingis, þó því eins að þrír fjórðu hlutir þingmanna sèu viðstaddir.

Greiði ekki þrír fjórðu hlutir þingmanna atkvæði með uppástungunni, ber að álíta, að alþingi hafi fellt hana.

ÁKVARÐANIR UM STUNDARSAKIR.

1.

Kosningarlögin 6. janúarmán. 1857, smbr. tilskipun 8. marzmán. 1843, skulu gilda um kosningar til alþingis, þangað til öðruvísi verður fyrir mælt með lagaboði.

2.

Þangað til föst fjárhags-áætlun verður sett með lagaboði, tiltekur konungur fasta fjárhags-áætlun til bráðabyrgða, og skal í henni til færa gjöld þau, sem heimild er til í lögum þeim, sem nú eru í gildi, eða venjulegar þarfir hinna ýmislegu stjórnargreina útheimta. Ekki mega gjöldin alls samt fara fram úr 88,000 ríkikdölum.

3.

Þangað til að þingsköp alþingis verða ákveðin með lagaboði, áskilur konungur sèr að ákveða þingsköpin til bráðabyrgða.

4.

Ákvörðun sú, sem sett er í 50. grein, að ekki megi víkja dómendum úr embætti nema með dómi, nè heldur flytja þá í annað embætti að þeim fornspurðum, skal ekki eiga við um dómendur þá, sem nú eru, og jafnframt hafa umboðsstörf á hendi.

5.

Þangað til nýju skipulagi verður komið á dómstólana með lagaboði, er hæsti rèttur Danmerkur konungsríkis eins og hingað til æðsti dómstóll, sem málum verður skotið til, samkvæmt lögum þeim, er gilda þar um.

6.

Áður en alþingi kemur saman í fyrsta skipti sem löggjafarþing, skal kjósa nýja alþingismenn, hvort sem umboð alþingismanna þeirra, sem nú eru, er á enda eða ekki.

ÁSTÆÐUR fyrir frumvarpi þessu.

Þegar stefnt var saman ríkisfundi þeim, er boðaður hafði verið í auglýsingu konungs 4. aprílmán. 1848, var ekki mögulegt að hafa sömu aðferð um kosningar fulltrúa frá Íslandi eins og frá hinum öðrum hlutum ríkisins, og fyrir því áskildi konungur sèr í kosningarlögum 7. júlímán. s. á. að nefna 5 fulltrúa fyrir Íslands hönd til tèðs fundar, og skyldu fulltrúarnir kosnir meðal alþingismanna að svo miklu leyti sem varð. Samkvæmt þessu settust 5 konungkjörnir menn af Íslands hálfu á fundi þeim, sem saman kom í Kaupmannahöfn 23. októbermán. 1848, og frumvarp til grundvallarlaga Danmerkur ríkis var lagt fyrir. Jafnframt þessu bauð konungur stiptamtmanninum á Íslandi með brèfi 23. septembermán. 1848 að birta landsmönnum ástæðurnar til þess, að því varð ekki við komið að láta fulltrúa kosningarnar til ríkisfundarins af Íslands hálfu fara fram á sama hátt eins og í Danmörku, og var bætt þar við heityrði því, að þó konungur þannig kringumstæðanna vegna hefði orðið að láta hlutteknigu þá, er Íslendingum bar að tiltölu við aðra þegna í ráðagjörðum ríkisfundarins um stjórnarskipunina, koma fram á annan hátt, en ákveðið var um innbúana í dönsku fylkjunum, þá væri það þó ekki ásetningur konungs, að aðalákvarðanir þær, sem nauðsynlegar kynnu að vera *vegna sèrlegs ásigkomulags Íslands* til þess að staða landshluta þessa í fyrirkomulagi ríkisins yrði ákveðin, skyldi verða samþykktar, *fyrr en búið væri að láta Íslendinga sjálfa gefa til kynna álit sitt um það á sèrstökum fundi í landinu sjálfu,* og að það sem þar til þyrfti mundi verða lagt fyrir alþingi á næsta reglulega fundi þess.

Grundvallarlagafrumvarp það, sem ríkisfundurinn hafði fallizt á, var síðan staðfest af konungi 5. júnímán. 1849 án neins sèrlegs skilyrðis fyrir Íslands hálfu; aptur voru áskildar sèrlegar ákvarðanir fyrir Ísland í 18. og 37. grein í kosningarlögum þeim, er sömuleiðis höfðu verið lögð fyrir ríkisfundinn í frumvarpi og komu út 16. júnímán 1849.

Til þess að binda enda á heityrði konungs í konungsbrèfi 23. septembermán. 1848 var þegar 1849 lagt fyrir alþingi frumvarp til lagaboðs um kosningarnar til fundar í landinu sjálfu, til þess að það segði álit sitt um það. Síðan fóru kosningar til fundar þessa fram eptir kosningarlögum þessum, sem komu út 28. septembermán. 1849, og kom fundurinn því næst saman í Reykjavík í byrjun júlímánaðar 1851. Fyrir fundinn var lagt lagafrumvarp

um stöðu Íslands í fyrirkomulagi ríkisins, og var það aðalætlunarverk þingsins að ræða lagafrumvarp þetta og segja álit sitt um það og undir eins að efna það sem áskilið var í áðurnefndum lögum um kosningar til ríkisþingsins viðvíkjandi kosningum þessum af Íslands hálfu. Konungsfulltrúi sleit samt fundinum, áður en fundarmenn höfðu lokið umræðum sínum um tèð lagafrumvarp, og 12. maímán. 1852 kom út konungleg auglýsing til Íslendinga; í henni lýsir konungur því yfir, að sèr þyki mjög illa hafa tiltekizt, »að tilgangur sá, sem fundinum var stefnt saman í, samkvæmt konungsbrèfi 23. septembermán. 1848, hafi ónýtzt», og kunngjörir, að sèr þyki ekki ráðlegt að svo stöddu að leggja fram og leita álits um lagafrumvarp um stöðu Íslands í fyrirkomulagi ríkisins, en veitir aptur á móti sitt konunglegt loforð um það, að þegar sá tími komi, að konungi þyki ráð að ákveða aðrar reglur um þetta málefni, þá muni frumvarp þar að lútandi verða lagt fyrir alþingi til þess, að það segi álit sitt um það, samkvæmt 79. grein í tilskipun 8. marzmán. 1843.

Í þegnlegri bænarskrá 9. ágústmán. 1853 fór alþingi það ár í sömu stefnu eins og tèð konungleg auglýsing 12. maímán. 1852, þar sem það bað um, að konungur lèti búa til og leggja fyrir *alþingi* lagafrumvarp um stjórnarskipun Íslands og stöðu þess í ríkinu, samkvæmt konunglegri auglýsing 28. janúarmán. 1852. Eptir að konungur í auglýsingu sinni 7. júnímán 1855 hafði ítrekað loforðið um, að ekki skyldi gjörð nein breyting á stöðu Íslands í ríkinu, án þess að fyrst væri lagt fyrir alþingi lagafrumvarp um það, til þess að það segði álit sitt þar um, bað þingið aptur um 4. ágústmán. 1857, að lagt yrði fyrir næsta *alþingi* lagafrumvarp um þetta. Í þegnlegri bænarskrá 17. ágústmán. 1859 lætur alþingi aptur á móti í ljósi það álit sitt — gagnstætt því sem það, eins og áður er sagt, hafði beðið um bæði 1853 og sèr í lagi 1857 — að það ætti að leggja lagafrumvarpið um stjórn Íslands og stöðu þess í ríkinu ekki einasta fyrir alþingi, heldur einnig fyrir sèrstakan fund á Íslandi, með því að ekki yrði álitið, að loforðið í konungsbrèfi 23. septembermán. 1848 væri efnt; en að öðru leyti lèt þingið sèr nægja að biðja um, að málinu verði flýtt eins og verður, og játar þingið um leið, að ef lagafrumvarpið væri lagt fyrir alþingi, þá gæti það álitið heityrðið í konungsbrèfi 23. septembermán. 1848 uppfyllt í öllu verulegu og að samanköllun tèðs

fundar og meðferð hans á málinu yrði þá svo að segja ekki annað en formið eitt.

Á næsta fundi sínum bað þingið um í þegnlegri bænarskrá 19. ágústmán. 1861, að sem allra fyrst yrði kvatt til fundar samkvæmt kosningarlögunum 28. septembermán. 1849, og að lagt yrði fyrir hann lagafrumvarp um stjórnarskipunarmálið. Þessari bænarskrá var svarað í konunglegri auglýsingu 8. júnímán. 1863 á þá leið, að málefnið um stjórnarhagi Íslands væri svo nátengt málefninu um fjárhag landsins, að ekki yrði út gjört um hið fyrra málefnið án sambands við hið síðara, og að konungur 20. septembermán. 1861 hefði skipað nefnd manna til að íhuga fjárhagsmálið og koma fram með uppástungur sínar um það.

17. ágústmán. 1863 samþykkti alþingi ávarp til konungs; í því vottaði þingið fyrst og fremst þakklæti sitt fyrir það, sem konungur þannig var búinn að gjöra til þess að beina þessum málum áleiðis, er varða landið svo miklu, og ítrekaði því næst bæn sína um, að lagafrumvörp um þessi málefni verði lögð fyrir fund, er kvatt sè til sèrlega til þessa, og stefnt sè saman samkvæmt reglunum í kosningarlögunum 28. septembermán. 1849, og bætti þingið við þeirri ósk sinni, að fundi þessum yrði veitt sama vald og löggjafarþing hafa.

Stjórnin lagði fyrir alþingi 1865 lagafrumvarp um nýtt fyrirkomulag á fjárhagssambandinu millum Íslands og Danmerkur, því að það virtist þörf á að ráða því málefni til lykta, áður en farið væri að hreifa málinu um breytingu á stjórnarskipuninni, einkum vegna þess, að til þess að aðskilnaðurinn á fjárhag Íslands og konungsríkisins kæmist á, þyrfti samþykkis af hálfu hins danska ríkisþings, en aptur væru stjórnarskipunarlög um sèrstakleg málefni Íslands ríkisþinginu óviðkomandi. Í álitsskjalinu um lagafrumvarp þetta, sem alþingi lèt uppi 26. ágústmán. 1865, lýsti alþingi að vísu yfir gleði sinni yfir grundvallarreglum þeim, sem lagafrumvarpið var byggt á, og þakklæti sínu fyrir boð það um, að alþingi skuli eptirleiðis hafa fullt atkvæði í fjárhagsmálefnum sínum, sem lýsir sèr í grundvallarreglunum í 1.—4. grein frumvarpsins; en meiri hluti þingsins (14) komst þó að þeirri niðurstöðu að ráða frá, að frumvarpið væri gjört að lögum í því formi, sem það lá fyrir, en án þess þó nokkuð væri bent á um, hverra breytinga á formi þessu væri æskt, og beiddist alþingi þess þar að auki með 17 atkvæðum gegn 4, að fundur yrði sem fyrst

samankallaður samkvæmt kosningarlögum 28. septembermán. 1849, og að fyrir þenna fund væri lagt frumvarp til stjórnarbreytingar, sem væri byggt á grundvallarreglunum í 1.—4. grein lagafrumvarpsins frá 1865. Minni hluti þingsins (10) lèt í ljósi þá von sína, að þessi afdrif málsins hamli ekki framgangi þess, þó aðferð sú, sem höfð var við atkvæðagreiðsluna, væri röng að hans hyggju, þar sem þinginu ekki var veitt færi á, að greiða atkvæði um hinar einstöku ákvarðanir í lagafrumvarpinu, og breytingar þær, sem nefndin, er sett var, hafði stungið upp á.

Eptir þetta stutta yfirlit yfir það, sem fram hefir farið í stjórnarbótarmáli Íslands frá því 1849, skulu hèr gjörðar nokkrar athugasemdir til þess að skýra skoðun stjórnarinnar bæði á þýðing þeirri, er menn verða að leggja í ýmsa af atburðum þeim, sem getið er um hèr á undan, að því leyti sem þeir snerta spurninguna um stöðu Íslands í ríkinu að lögum, og lika á spurningu þessari yfir höfuð að tala.

Þegar konungur ályktaði 1848 að láta af einveldi því, sem honum hafði borið þangað til, og vafalaust náði eins yfir Ísland eins og konungsríkið Danmörku eptir erfðahyllinguna, sem fram fór á Íslandi 1662 og konungalögin 14. nóvembermán. 1665, þá gjörði hann það með frjálsum vilja og fullu valdi. En eins og fylkjaþingunum í Danmörku samkvæmt lögunum um standaþingin hafði verið gefinn kostur á að láta álit sitt í ljósi fyrir hönd konungsríkisins um málefni þau, er heyrðu undir þau, áður en stjórnarbreytingin varð, eins var Íslandi, eins og áður er er sagt, áskilin samsvarandi hlutdeild, þar sem ekki átti að ráða neinu af málefnum þeim, *sem snertu Ísland eingöngu,* til lykta, fyrr en búið væri að *leita álits* Íslendinga um það. Með þessu var öllum þeim kröfum fullnægt, sem gjörðar urðu samkvæmt lögum þeim, er giltu um hlutdeild alþingis til ráðaneytis í löggjöfinni, með því að hlutdeild sú náði ekki til þeirra löggjafarmálefna, sem eptir eðli hlutarins og hinni gildandi stjórnarskipun voru sameiginleg með Danmörku og Íslandi, t. a. m. það sem snerti konunginn, ríkiserfðirnar, ríkisvörn á sjó og landi, rèttindi innborinna manna, ríkisskuldirnar, svo og fjárhaginn yfir höfuð að tala, o. s. frv. Það getur því ekki leikið neinn vafi á því, að grundvallarlög Danmerkur ríkis, sem staðfest voru af konungi 5. dag júnímán. 1849, eru með breyting-

um þeim, sem seinna hafa verið á þeim gjörðar, *einnig gild á Íslandi í öllum þeim málefnum, sem höfðu verið sameiginleg öllu ríkinu fram að 1848, og sem voru undanskilin hlutdeild alþingis til ráðaneytis.* En um málefni þau, sem snertu Ísland eingöngu, og samkvæmt tilskipun 8. marzmán. 1843 heyrðu undir verksvið alþingis (»þau Ísland einungis viðvíkjandi lög og ráðstafanir« smbr. inngang tilskipunarinnar) var konungur bundinn við ákvörðunina í 79. grein tilskipunar þessarar, til að leita álits alþingis áður en hann »í því tilliti gjörði nokkra endilega ályktun«. Það var því alveg samkvæmt stjórnarskipunarstöðu Íslands, er konungur í brèfi sínu 23. septembermán. 1848 hèt því, að þessum málefnum skyldi ekki verða ráðið til lykta, fyrr en búið væri að láta Íslendinga sjálfa segja álit sitt um það á þingi sèr í lagi í landinu sjálfu, og það var sömuleiðis fullkomlega samkvæmt bæði því, sem farið hafði fram í Danmörku, þá er kvatt var til ríkisfundarins, er getið hefir verið um, sem og tilskipuninni 8. marzmán. 1843, 79. grein, að leitað var árið 1849 álits alþingis um kosningarlög þau, sem átti að kveðja til tèðs fundar eptir. En þar sem ekki er enn búið að veita Íslandi þá ályktandi hlutdeild í löggjafarvaldinu um málefni landsins sjálfs, sem konungur ætlaðist til í brèfi sínu 23. septembermán. 1848, þá verður stjórninni með engu móti kennt um það. Eins og að framan er vikið á, lèt konungur sem sè þegar árið 1851 gjöra tilraun til að ráða máli þessu til lykta, með því að leggja þar að lútandi lagafrumvarp fyrir samkomu í Reykjavík, sem stefnt hafði verið til samkvæmt kosningarlögum 28. septembermán. 1849. En tilraun þessi mistókst, einkum af því, að meiri hluti bæði fundarins sjálfs og nefndar þeirrar, sem fundurinn hafði sett, hafði látið í ljósi slíkt álit um samband Íslands við konungsríkið, «sem bersýnilega væri gagnstætt stöðu landsins, eins og hún væri að rèttu lagi og þar á ofan ekki að eins mundi verða Íslandi til óhamingju, heldur einnig leiða til að sundra hinu danska konungsveldi, er konungur gæti aldrei leyft«. Þegar konungur birti Íslendingum þetta í konunglegri auglýsingu 12. maímán. 1852, sem áður er nefnd, bætti hann við, að vegna hinna röngu hugmynda um hina rèttu og eðlilegu stöðu Íslands, sem eptir því sem fram er farið virtust vera komnar mjög víða inn um landið, þá hafi ekki þótt ráðlegt að svo stöddu að leggja fram og leita álits um lagafrumvarp um stöðu Íslands í fyrirkomulagi ríkisins, en að aptur á móti væri það konunglegur vilji sinn, að alþingi skuli á lögskipaðan hátt

halda áfram sýslu sinni með þeim takmörkum, sem því eru sett að lögum, þangað til að sá tími komi, er konungi þyki ráð að setja aðrar reglur um stöðu Íslands í fyrirkomulagi ríkisins, sem þó ekki yrði fyrr en leitað hafi verið álits alþingis um það, samkvæmt því sem heitið er í 79. grein í tilskipun 8. marzmán. 1843.

Þess er þegar getið hèr að framan, *að* alþingi 1853 og 1857 aðhylltist skoðun þá, sem látin var í ljósi í konunglegri auglýsingu 12. maímán. 1852, um það, hvernig ætti að koma á breytingu á stöðu Íslands í fyrirkomulagi ríkisins samkvæmt hinum gildandi lögum, *að* það var ekki fyrr en 1859, að þingið hreifði efasemd um, hvort hið konunglega heityrði í konungsbrèfi 23. septembermán. 1848 væri ekki enn óefnt, og hefir alþingi seinni árin ítrekað þá efasemd, og loks *að* meiri hluti alþingis 1865 enda fèllst á að vísa frá lagafrumvarpi því, er þá var lagt fyrir það um helztu atriðin í stjórnarskipunarmálinu, fjárhagsaðskilnaðinn, þó að allur þorri þingmanna lýsti því yfir, að þeir væri vel ánægðir með undirstöðu-atriðin í skipulagi því, sem fyrirhugað var, og að bera fram þá bæn, að lagafrumvarp um stjórnarskipunarstöðu Íslands yrði lagt fyrir fund, er kallaður væri saman samkvæmt reglunum í kosningarlögunum 28. septembermán. 1849. Það er vafalaust, að þessi aðferð alþingis verður ekki skýrð nema með því, að vakað hafi fyrir mönnum álíka rangar hugmyndir um stöðu Íslands í fyrirkomulagi ríkisins eins og þær, sem komu í ljós við umræðurnar á fundinum í Reykjavík árið 1851, sem ekkert hafa við að styðjast í rèttarástandi því, sem nú er, og þó að því væri enginn gaumur gefinn, ekki verða heldur byggðar á sögulegri rannsókn um það, á hvern hátt Ísland komst undir Noregs konung árið 1262, og hvernig samband þetta breyttist öld eptir öld; en það er nokkuð, sem væri of langt að skýra frá hèr út í æsar, og ekki er heldur í raun og veru neitt undir komið, þegar á að dæma um stöðu Íslands í ríkinu að lögum eins og hún nú er, eptir að konungalögin hafa veitt konunginum í Danmörku fullt einveldi.

En eigi það að takast, að koma því skipulagi á stöðu Íslands í fyrirkomulagi ríkisins, er sè hagfellt, ekki að eins fyrir ríkið heldur einkum og sèr í lagi fyrir Ísland sjálft, þá er nauðsynlegt, að öllum hlutaðeigendum sè ljóst, *hvernig stöðu þeirri sè háttað að lögum, sem Ísland nú hefir í ríkinu, og sem nú á að reyna að breyta;* og það tjáir ekki að leyfa, að hin nýja stjórnarskipun sè reist á grundvelli, sem ekkert hefir við að styðjast í því ástandi,

sem nú er bæði í raun og veru og að lögum. Það má til að halda því föstu, að staða Íslands í ríkinu að lögum er sú — en það leiðir að mestu leyti af því, sem þegar er sagt hèr að framan — *að* Ísland er óaðskiljanlegur hluti hins danska ríkis, hefir saman við það ekki að eins sama konung og ríkiserfðir, heldur einnig öll þau málefni, sem útheimtast til þess, að sjálfræði ríkisins sè borgið, t. a. m. utanríkisstjórn og ráðherra erlendis, vörn á sjó og landi o. fl., og er í þessum málefnum undir sama löggjafarvaldi og stjórnarvaldi eins og hinir aðrir hlutar ríkisins, *að* enn fremur öll þau málefni, sem að vísu mest snerta Ísland, en varða beinlínis einnig hinn hluta ríkisins, eru sömuleiðis undir bæði löggjafarvaldi og stjórn þess, þó svo, að alþingi hefir hlutdeild í málum þessum til ráðaneytis, að svo miklu leyti sem þau eru löggjafarmálefni, og *að* loks öll þau málefni, sem varða Ísland *eingöngu út af fyrir sig,* samsvæmt tilskipun 8. marzmán. 1843 heyra undir alþingi þannig, að það tekur þátt í þeim til ráðaneytis.

Þegar konungur hèt því í tilliti til hinna síðastnefndu málefnanna í allrahæstu brèfi sínu 23. septembermán 1848, að ekki skyldi komið á fyrir fullt og allt neinu nýju skipulagi um þau, fyrr en búið væri að leita álits Íslendinga um það á *þingi sèr í lagi* í landinu, þá er það auðsætt af orðum konungsbrèfsins, að orðatiltækið «þing sèr í lagi í landinu sjálfu» er haft í mótsetningu við ríkisfund þann, sem kallaður var saman í Kaupmannahöfn, þar sem kringumstæðanna vegna var mætt fyrir Íslands hönd á annan hátt en fyrir hinn hluta ríkisins, en ekki þar á móti í mótsetningu við »alþingi», sem einmitt er Íslendinga þing sèr í lagi í landinu sjálfu í þeim skilningi, sem konungsbrèfið hefir orðatiltækið. Þangað til að kosningarlögin 6. janúarmán. 1857 komu út, höfðu kosningarnar til alþingis samt farið fram eptir ákvörðunum, sem ekki þóttu allskostar frjálslegar eptir aldarbrag þeim, sem rèði 1848, og fyrir þá sök lèt konungur einnig gjöra tilraun þá, sem getið var um, til þess að leggja stjórnarskipunarmálið fyrir þing, er kvatt væri til eptir frjálsari kosningarlögum. Þegar tilraun sú mistókst, ítrekaði konungur í auglýsingunni 12. maímán. 1852 loforð það, sem gefið hafði verið í konungsbrèfi 23. septembermán. 1848, og sem í raun og veru hafði ekki meira í sèr fólgið en loforð það, sem þegar hafði veitt verið í 79. grein tilskipunarinnar 8. marzmán. 1843, jafnvel þó að fyrirhugað hafi verið árið 1848 af ástæðum þeim, sem nú voru nefndar, að binda enda á það með

öðru þingi en alþingi. En eptir að tilskipun 6. janúarmán. 1857 er búin að koma á eins frjálslegum kosningarrètti og kjörgengi til alþingis, eins og kosningarlögin 28. septembermán. 1849 heimiluðu, virðist ekki vera ástæða til, eins og alþingi 1865 hefir beðið um, að svipta þingið lögákveðnum rètti til þess að láta uppi álit sitt um lagafrumvarpið um stöðu Íslands í fyrirkomulagi ríkisins, að svo miklu leyti sem sèrstaklegir hagir landsins ákvarða hana. Hins vegar verður ekki dreginn neinn vafi á, að konungur á rètt á annaðhvort að skoða loforðið frá 23. septembermán. 1848 sem upp fyllt af sinni hálfu, með því að málefni þetta var lagt fyrir fundinn í Reykjavík 1851, eða þá að minnsta kosti að gjöra tilbreyting á loforði þessu, er hann hefir gefið af sjálfs síns fullu valdi, á þann hátt, sem gjört hefir verið í konunglegri auglýsingu 12. maímán. 1852. Alþingi mundi líklega heldur ekki hafa lagt svo mikla áherzlu í bænarskrám sínum frá 1859 og hinum síðari árum á það atriði, hvort stjórnarskipunarmálið ætti að koma til umræðu á þinginu sjálfu eður öðrum fundi, ef ekki hefði rutt sèr til rúms hjá þingmönnum rangar hugmyndir um þýðingu slíks sèrstaklegs fundar. Jafnvel þó að alþingi 1863, þar sem það skýlaust bar fram þá ósk, að slíkum fundi yrði veitt sama vald og löggjafarþing hafa, hafi kannazt við, að því sè hvorki lofað í konungsbrèfi 23. septembermán. 1848 nè á annan hátt, að fundi þeim, sem konungur ætlaði að leggja stjórnarskipunarmálið fyrir, yrði veitt neitt ákvarðandi vald, heldur að eins hlutdeild til ráðaneytis (smbr. orðatiltækið í konungsbrèfinu frá 1848 »*gefa til kynna álit sitt*«), þá lítur samt svo út, sem alþingi hafi hugsað sèr fund þenna með öðru og meira valdi, en því sem alþingi sjálfu er veitt með tilskipuninni 8. marzmán. 1843, en það er nokkuð, sem vafalaust aldrei hefir verið til ætlazt. Þegar nú þar við bætist, að það yrði ekki að eins til tímatafar, heldur einnig til mikils kostnaðar fyrir landið, ef stefna ætti saman sèrstökum fundi, en árangurinn á hinn bóginn yrði ekki annar en sá, sem fengist allt eins vel og kostnaðarminna með aðstoð alþingis sjálfs, þá virðist ekki vera nein ástæða nú til þess að breyta aðferð þeirri, sem í sjálfri sèr verður að álítast rèttust og hagfelldust samkvæmt því, sem sagt hefir verið. Þar sem loks hefir verið komið með þá ástæðu fyrir að kjósa heldur þing, sem væri kallað saman eptir kosningarlögunum 28. septembermán. 1849, að helmingi fleiri fulltrúar sætu á slíku þingi, þá má ekki gleyma því, að alþingi, þar sem sitja 21 þjóðkjörnir fulltrúar, er að til-

tölu talsvert fjölmennara en fulltrúaþing í öðrum löndum, því að þar er 1 fulltrúi fyrir hverja 3500 íbúa, þar sem t. a. m. ekki er nema 1 fulltrúi fyrir hverja 14000 íbúa í þjóðþingi Danmerkur, það er að segja fyrir fjórfalt fleiri, svo að þetta eingöngu er næg ástæða fyrir því, að það er ekki þörf á að hafa þingið fjölmennara. Það er heldur ekki neitt tilefni til að ætla, að þessum mun fjölmennara þing í raun og veru yrði áreiðanlegri fulltrúasamkoma af hálfu landsmanna, því að kosningarlögin 6. janúarmán. 1857 veita eins mikla trygging, og þörf er á, fyrir því, að skoðanir þjóðarinnar komi fram á alþingi eins og þær eru í sjálfum sèr. Ekki þykir heldur sú efasemd vega mikið, sem einstöku alþingismenn virðast hafa gjört sèr út af því, að þeir hafi ekki umboð það, sem til þurfi, frá kjósendum sínum til þess að ræða um stjórnarskipunarmálið, með því að tilskipunin 8. marzmán. 1843 gjörir beinlínis ráð fyrir í 79. grein, að það heyri undir verksvið alþingis að ræða það mál.

Þar sem konungur nú allramildilegast hefir skipað fyrir um, að lagafrumvarp það, sem hèr er að framan, um stöðu Íslands í fyrirkomulagi ríkisins og um stjórnartilhögun landsins, að því er snertir sèrstakleg mál þess, skuli lagt fyrir alþingi til þess að það skuli segja álit sitt um það, þá er það vitaskuld, að þinginu með engu móti verður leyft að raska að neinu ákvörðunum þeim, sem í því eru, um stöðu Íslands í ríkinu að lögum, eins og hún hefir myndast um 6 síðustu aldirnar; eru ákvarðanir þessar byggðar á þeirri skoðun á málinu, sem gjörð hefir verið grein fyrir hèr að framan, og sem verður að álítast grundvöllur sá, sem allt frumvarpið er byggt á. Og eins og sèrhver tilraun af hálfu alþingis, er færi því fram, er til einskis, eins mundi afleiðingin af því, að alþingi vísaði málinu frá og bæri það fyrir sig, að það hefði átt að þess hyggju að leggja það fyrir þing, sem sèrstaklega væri stefnt saman til þessa, ekki verða önnur en sú, að konungur yrði að álíta það vott um, að árangurslaust muni vera að svo stöddu að gjöra neinar frekari tilraunir í þessu efni, en fari svo, þá er það áform konungs að láta tilskipunina 8. marzmán. 1843 taka við fullu gildi sínu; að vísu hefir það allt af staðið óhaggað, en þó hefir ekki getað hjá því farið, að þrasið um stjórnarmálið fram og aptur, sem nú hefir átt sèr stað í nærfellt 19 ár, hafi haft nokkur áhrif á það.

Eins og sjá má, ræðir lagafrumvarpið bæði um stöðu Íslands í fyrirkomulagi ríkisins, og um hina sjerstaklegu stjórnartilhögun landsins sjálfs. Að því er snertir hið fyrr nefnda atriðið, þá er nógsamlega búið hjer að framan að gjöra grein fyrir ástæðunum fyrir aðalefni ákvarðananna í lagafrumvarpinu, er að því lúta, og þar sem nokkuð virðist athugavert sjer í lagi, þá mun þess verða getið við hverja einstaka grein lagafrumvarpsins um sig. En að því er snertir þær ákvarðanir í lagafrumvarpinu, sem eru um hina sjerstaklegu stjórnartilhögun Íslands eða um tilhögunina á stjórn þeirra málefna, sem varða Ísland eingöngu út af fyrir sig, þá skulu hjer gjörðar þessar athugasemdir um aðalefni þeirra.

Eitt hið mest áríðandi atriði, sem kemur til umræðu, þegar á að inn leiða þjóðlega stjórnarskipun, er það, hvernig fulltrúaþingið skuli skipað, það er skilja, ekki að eins eptir hverjum grundvallarreglum eigi að fara um kosningu þingmanna, heldur einnig, hvernig þinginu skuli hagað, hvort tvær málstofur eigi að vera í því eða ein að eins. Í flestum löndum, þar sem er þjóðleg stjórnarskipun, er farið fram þeirri reglu að hafa tvær málstofur, og er það hvorttveggja, að sú regla virðist vera rjettust í sjálfri sjer og bezt til þess fallin að veita trygging fyrir rólegum og friðsamlegum framförum þjóðfjelagsins, af því að annar hluti þingsins, sem venjulega er kvatt til eptir frjálslegri kosningarlögum, er hvikulli og viðurtækilegri öllum áhrifum í svipinn, en þá er hinn hluti þingsins, sem er skipaður eptir allt öðrum reglum, (efri málstofan) settur til þess að halda í taumana — enda er reynslan líka búin að sýna, að svo er. Þegar nú er vakið máls á því, að því er Ísland snertir, hvort að eigi að haga hinni þjóðlegu stjórnarskipun þess eptir reglunni um 2 málstofur eða 1 málstofu, þá er það undir eins athugavert, að vegna þess, hvernig ástatt er á Íslandi, þá vantar þar undirstöðu þá, sem til þess þarf, að fulltrúaþinginu verði skipt í tvær málstofur. Bæði er sem sje það, sem er sameiginlegt með Íslandi og hverju öðru litlu landi, að þar er ekki nein nægð af stjórnfróðum mönnum, og væri fyrir þá sök hentara að safna kröptum þeim, sem til eru, saman í eina málstofu en að sundra þeim í tvær, og eins vanta á Íslandi undirstöðu-atriðin undir sjálfráða og mikils metna efri-málstofu, eins og hún er til orðin með tímanum í ýmsum öðrum löndum; og hver kosningarlög sem svo sett væru handa efri-málstofu í Íslandi, þá yrði varla öðru komið á en tveim mjög samkynja málstofum,

og þó þær ræddu málin á ólíkan hátt, þá mundi varla fyrir það koma fram nýjar skoðanir á málunum, heldur mundi það að eins valda tímatöf og kostnaðarauka, en það væru mjög svo óheppilegar afleiðingar bæði vegna fátæktar landsins og vegna þess að þörf er á bráðum endurbótum. Það er enn, að fulltrúaþing, sem væri skipt í tvær málstofur, væri alveg frábreytt alþingi, bæði eins og það var áður, og eins og það nú er, og það er líka nokkuð, sem ekki vegur alllítið, að eptir hugsunarhætti Íslendinga mundi þeim varla geðjast sjerlega vel að svo margbrotinni stjórnartilhögun, og að, þegar á að breyta stjórnarháttum í hverju landi sem er, þá á eins og verður að nota þá, sem er, sem undirstöðu undir hina nýju. Þar sem lagafrumvarpið fer því fram, að fulltrúaþingið verði ekki nema ein málstofa, þá kemur það af því, hversu einkennilega er ástatt á Íslandi, en hefði maður ætlað sjer að sníða fulltrúaþingið á Íslandi eptir ríkisþinginu danska, þá mundi hafa verið stungið upp á tveim málstofum. En jafnframt þessu þá hefir mátt til — á líkan hátt og alstaðar á sjer stað, þar sem einungis er ein málstofa, og fyrir því vantar lið þann í stjórnarlögunina, sem eins og efri-málstofan á að stilla öllu í hóf — að leitast við að reisa skorður, eins og þarf, við því sem ávallt er hætt við þar sem ekki er nema ein málstofa, að fullatrúaþingið í bráðræði álykti eitthvað, sem er skaðsamlegt almennings heillum, og hefir þá verið íhugað, hvort að ætti að reisa skorður við þessu með takmörkuðum kosningarlögum eða á annan hátt. Með því það er ætlunarverk kosningarlaganna að veita vissu fyrir sönnu fulltrúaþingi, hefir eptir ásigkomulagi á Íslandi ekki virzt rètt að stinga upp á, að kjörgengi eða kosningarrèttur skuli bundinn við tiltekinn fjárstofn eða upp á tvöföldum kosningum, heldur hefir því verið haldið fram, að eins og ætla má, að tilskipun 6. janúarmán. 1857 sè eins frjálsleg og heimtað verður af nokkrum kosningarlögum, eins sèu ákvarðanirnar í henni öldungis lagaðar eptir ástandi landsins, og sèu til þess fallnar að koma á sönnu fulltrúaþingi. En sè reglunum í kosningarlögum þessum haldið um þjóðkjörnu þingmennina, þá er þörf á að auka einum þætti í þingið, er geti vegið upp á móti hinum hvikulli þáttum, sem kosningarlög þessi koma inn í það, og geti veitt aðgjörðum þingsins rósemi þá, staðfestu og stöðugleik, sem heimtað verður af því, eins og áður er sagt, þegar því er veitt ákvarðandi vald um öll sèrstakleg málefni landsins og sèr í lagi um fjárhag þess. Það má hugsa sèr

að auka í þingið slíkum þætti, er sè nokkuð fastheldnari, með tvennu móti, annaðhvort með því að halda konungskosningunum, sem verið hafa hingað til, ellegar að láta rètt þann og skyldu, að eiga sæti á alþingi, vera samfara helztu embættum landsins, eins og minni hluti nefndarinnar, sem sett var á þinginu í Reykjavík 1851, stakk upp á. Hin seinni aðferðin virðist eiga að vera í fyrirrúmi, bæði af því að þá má ætla að þingið allt af ætti beztu krapta landsins vísa, og líka af því, að þegar allir æðstu embættismennirnir í umboðsstjórn landsins sætu á þingi, þá væri æfinlega mjög hægt að fá allar upplýsingar þær um hverja einstaka umboðsgrein, sem þinginu væri mjög svo áríðandi að fá, þegar hin einstöku málefni eru rædd og útkljáð. Þegar tilhöguninni á umboðsstjórn Íslands verður breytt á þann hátt, sem fyrirhugað er að koma í kring um leið og stjórnarskipunarlögin öðlast lagagildi, og nákvæmar er útskýrt í athugasemdunum um 7. grein frumvarpsins, þá hlýtur það loks frá sjónarmiði alþingis að vera miklu hagfelldara, að í hinum föstu sætum, sem þörf þykir á að stofna í þinginu, sitji ávallt embættismenn, sem vegna stöðu sinnar hafa bezt yfirlit yfir allan ganginn í umboðsstjórninni, og líka hafa helzt færi á að hafa áhrif á hann, heldur en að konungur kjósi menn í sæti þessi í þinginu, í hvert skipti sem alþingiskosningar fara fram.

Bæði af þessum ástæðum og vegna þess, að einhver helzta tekjugrein landsins verður árgjald það, sem gjört er ráð fyrir, að goldið verði úr ríkissjóðnum danska til Íslands, samkvæmt loforðinu í konunglegri auglýsingu til alþingis 31. dag maímán. 1867, þar sem því er heitið, að frumvarp þetta skuli ekki öðlast lagagildi fyrr en búið er að sundurskilja fjárhag Íslands og Danmerkur með þeim kjörum, sem þar eru nefnd, þá er þörf á, að hinar reglulegu árstekjur og ársgjöld landsins, sèu ákveðin í *fastri fjárhagsáætlun.* Með því að hún verður ákveðin með lögum, og engin önnur gjöld verða leyfð en þau, sem eru heimiluð annaðhvort í föstu fjárhagsáætluninni eða fjáraukalögum þeim, sem alþingi á að samþykkja í hverju einstöku tilfelli, þá er ekki með þessu gjörð nein takmörkun á því fullkomna fjárforræði, sem konungur hefir áformað að veita alþingi í sèrstaklegum málefnum þess.

Það er ákveðið í lagafrumvarpinu, að hinar *reglulegu samkomur alþingis* skuli vera þriðja hvert ár, og er ástæðan til þessarar uppástungu sú, hversu æskilegt það væri að takmarka al-

þingiskostnaðinn eins og auðið er, og líka sú að lètta á alþingismönnum óhægindum þeim, sem margir þeirra hafa af því að sitja á þinginu, einkum þeir sem eiga heima í hinum fjarlægari sýslum í landinu, og verða að vera burtu heiman að þau árin, sem alþingi er haldið, allan þann tíma ársins, sem allir vinnukraptar, er fengizt geta, minnst mega missa sig á heimilinu. Aptur á móti er reglulegi þingsetutíminn settur á 6 vikur, í stað þess að hann nú er mánuður, og verður hinn reglulegi vinnutími þingsins þá eins langur og hann nú er. Ákvörðunin í lagafrumvarpinu um töluna á hinum þjóðkjörnu alþingismönnum er líka að mestu byggð á þeirri ástæðu að takmarka alþingiskostnaðinn eins og verður, og er vert að taka það skýlaust fram um það efni, að þó að alþingiskostnaðurinn sè takmarkaður á þann hátt, sem gjört er ráð fyrir í þessum ákvörðunum lagafrumvarpsins, þá yrði hann samt allt að 4000 rd. á ári, en eptir högum Íslands má álíta það töluvert gjald og ekki alllítið þungbært fyrir skattgjaldendur; væri alþingi aptur á móti látið koma saman annaðhvort ár og tölu alþingismanna fjölgað eptir kosningarlögunum 28. septembermán. 1849, þá hleypti það alþingiskostnaðinum upp í 8 til 9000 rd. á ári.

Annað atriði, sem er einkennilegum erfiðleikum bundið, þegar á að koma á þjóðlegri stjórnarskipun á Íslandi, er *ráðgjafaábyrgðin*, er má álíta nauðsynlega afleiðing af þjóðlegri stjórnarlögun. Ábyrgð bæði gagnvart konungi og gagnvart fulltrúaþinginu, sem er fólgin í þessari hugmynd, er, eins og vitaskuld er, að eins stjórnar-ábyrgð, og þá sèr í lagi ábyrgðin fyrir tillögum þeim, sem lagðar verða fyrir konung og úrskurðir konungs eru byggðir á, þar sem að konungur sjálfur er fullkomlega ábyrgðarlaus. Vegna hinnar miklu fjarlægðar Íslands frá aðsetursstað konungs og heimili ráðgjafa þess, sem konungur fær í hendur stjórn hinna sèrstaklegu íslenzku málefna, verður að vera annað skipulag á umboðsstjórn þeirri, er að þessu lýtur, en í flestum öðrum löndum, og jafnvel nauðsynlegt að skipta störfum þeim, sem getur orðið umtalsmál að ábyrgjast, milli ráðgjafans annars vegar og íslenzku landstjórnarinnar hins vegar. En ef að það er athugað, að embættismenn þessir hafa fulla ábyrgð á hinum öðrum embættisverkum sínum, samkvæmt almennum lögum, og sèr í lagi fulla ábyrgð á því, ef þeir fara út yfir gjöld þau, sem alþingi veitir í föstu fjárhags-áætluninni og fjáraukalögunum, og að það er einasta stjórnar-ábyrgðin, sem á að ákvarða í stjórnarskipunarlögunum, þá

virðist það auðsætt, að sú ábyrgð getur ekki hvílt á landstjórninni, þó að vegna hins frábrugðna ásigkomulags landsins megi til í mörgum greinum að veita henni meira vald, en annars almennt er veitt embættismönnum í umboðsstjórninni, sem eru undir ráðgjöfum, þar sem er þjóðleg stjórnarskipun, heldur verður ábyrgðin að hvíla á ráðgjafanum sjálfum, sem einnig verður að hafa þá ábyrgð, sem kynni að koma niður á landsstjórninni vegna hinnar einkennilegu skiptingar á störfunum, sem vikið hefir verið á, en hins vegar hefir ráðgjafinn líka fullt vald til þess annaðhvort að leiðrètta það, sem landstjórninni kynni að hafa yfirsèzt, ellegar, ef þess þykir þörf, að hlutast um, að hún verði svipt umboðsvaldi því, sem henni er trúað fyrir. Með því að ekki getur verið umtalsmál að ákvarða annað í stjórnarskipunarlögunum, en á *hverjum* stjórnarábyrgðin eigi að hvíla, en aptur verður ákveðið í sèrstöku lagaboði um hinar nákvæmari reglur um hana, þá á ekki við hèr að fara frekar út í það málefni.

Um hinar einstöku greinir í lagafrumvarpinu skulu gjörðar þessar athugasemdir.

Um 1. grein.

Það er vitaskuld, að ákvarðanir þær, sem gilda í Danmerkurríki í heild sinni um málefni þau, er nefnd eru í þessari grein, eru einnig gild á Íslandi, sem er óaðskiljanlegur hluti Danaveldis, en það þótti þó bezt hæfa að taka þetta skýlaust fram þegar í fyrstu grein stjórnarskipunarlaganna, og þá aptur í 3. grein, þar sem málefni þau eru talin upp, sem eru sameiginleg með Danmörku og Íslandi, að vísa í 1. grein um málefni þau, sem hèr er átt við, og fyrst og fremst heyra til sameiginlegu málefnanna, og ekki verður búizt við um að geti breytzt með tímanum, eins og hin önnur sameiginlegu málefni, eptir samkomulagi milli löggjafarvaldanna í Danmörku og á Íslandi.

Um 3. grein.

Þegar á að telja upp sameiginlegu málefnin, þá getur ekki hjá því farið, hversu nákvæmlega sem það svo er gjört, að komið geti upp ágreiningur um, hvort eitthvert einstakt málefni sje sameiginlegt eða varði Ísland eingöngu. Fyrir þá sök er svo fyrir mælt í niðurlagi greinarinnar, að þegar slíkur ágreiningur komi upp, skuli konungur skera úr honum, og er það vitaskuld, að

ætlazt er til, að búið sje áður að fá allar þær skýringar, sem með þarf. Sömuleiðis leiðir það af hinum öðrum ákvörðunum í lagafrumvarpinu, að af Íslands hálfu verður ráðgjafi sá, sem verður settur yfir hin sjerstaklegu mál þess, að rita nafn sitt undir úrskurðinn með konungi.

Að vísu væri það mjög svo æskilegt, að Ísland bæði greiddi tillag til gjalda þeirra, sem ganga til hinnar sameiginlegu löggjafar og umboðsstjórnar, og til stofnana þeirra, sem heyra þar undir, og ætti um leið þátt í framkvæmd löggjafarvaldsins um þessi sameiginlegu málefni, þó verður það samt að þykja hentara fyrir Ísland vegna fjárhags þess, að láta það fyrst um sinn vera undanþegið að greiða neitt tillag til gjalda þessara. En af því leiðir á hinn bóginn, að það getur ekki staðið Íslandi á miklu að senda nokkra fulltrúa á danska ríkisþingið, og sjer í lagi, að kostnaðurinn til þess á ári hverju mundi ekki geta samsvarað gagni því, sem slík hlutdeild í löggjafarvaldinu, um sameiginlegu málefnin, gæti gjört Íslandi. Skyldi fjárhagur Íslands komast í svo gott horf, að það yrði fært um að gjalda sanngjarnlegt tillag til hinna sameiginlegu ríkisþarfa, þá er í grein þessari mælt fyrir um, hvernig þá skuli að farið, og virðast ákvarðanir þær veita Íslandi fullkomna tryggingu.

Þessi grein setur ekki neitt nýtt skipulag á málefni þau, sem eru sameiginleg með Danmörku og Íslandi, en staðfestir að eins rèttarástand það, sem hingað til hefir verið í gildi um það efni, eins og það er komið fram í grundvallarlögum Danmerkur-ríkis 5. júnímán. 1849 og yfirskoðun þeirra 28. júlímán. 1866. Með því nú grundvallarlög þessi gjörðu ráð fyrir, án þess að gjört væri neitt skýlaust skilyrði þar um, að Ísland skyldi eiga fulltrúa í ríkisþinginu, og það var með berum orðum áskilið í kosningarlögunum 16. júnímán 1849, þá mun Íslandi ekki af ríkisþingsins hálfu verða neitað um, að það eigi rètt á að senda fulltrúa til beggja deilda ríkisþingsins, ef til þess kemur. En eins og áður er sagt, stendur slík ráðstöfun, meðan Ísland leggur ekki neitt til sameiginlegu gjaldanna, landinu á mjög svo litlu og gjörir því meiri kostnað en gagn, og hins vegar mun hún standa landinu á enn minna, þegar búið er að aðgreina fjárhag Íslands og Danmerkur eins og ætlazt er til að gjört verði undir eins og lög þessi koma út. Þetta er samt einasta breytingin, sem leiðir af lagafrumvarpi þessu, að skilyrði það, sem um er getið, er ekki notað nú þegar,

en að Íslandi er geymdur rètturinn til að nota það, þegar það virðist æskilegt fyrir landið.

Um 4. grein.

Þar eð það verður að álítast eðlilegt skilyrði fyrir gildi hvers eins lagaboðs, að það sè birt þegnum þeim, sem eiga að breyta eptir því, og að það sè á máli, sem þeir skilja, er í þessa grein tekin ákvörðun sú, sem með þarf í því efni.

Um 7. grein.

Jafnaðarlega er í stjórnarskipunarlögum að eins ákveðið, að konungur skuli hafa æðsta vald yfir öllum málefnum landsins með takmörkunum þeim, sem settar eru í stjórnarskipunarlögunum sjálfum, og að konungur láti ráðgjafa sína framkvæma þetta vald, en þau hafa ekki inni að halda neinar sèrstaklegar reglur um, hvernig ráðgjafarnir eigi að sjá um rekstur umboðs þess, sem þeir eru settir yfir. En í lagafrumvarpi því, sem hèr er, virðist ekki mega láta sèr þetta nægja. Vegna fjarlægðar Íslands frá aðsetursstað konungsins, sem veldur því, að erfitt er jafnvel um beztan tíma árs að koma við tíðum samgöngum við Danmörku, og gjörir allar samgöngur ómögulegar nærfellt hálft árið, hefir þótt þörf á að ákvarða með berum orðum, að stofnað skuli í landinu sjálfu stjórnarvald til þess að sjá um hin sèrstaklegu málefni landsins. Af sömu ástæðu verður að veita stjórnarvaldi þessu miklu yfirgripsmeira verksvið, en veitt er hinum öðrum háyfirvöldum, sem standa ráðgjöfunum næst, eða með öðrum orðum, það verður að skipta niður umboðsstjórnarvaldi því, sem hlutaðeigandi ráðgjafa annars er veitt, milli hans og landstjórnarinnar, sem verður að ráða algjörlega til lykta öllum málefnum, þeim sem eru þess eðlis, að þau verða að útkljást í landinu sjálfu, og ábyrgjast aðgjörðir sínar fyrir ráðgjafanum. Það er vitaskuld, að landstjórn þessi verður að öllu leyti að vera undir ráðgjafa Íslands, og breyta í aðgjörðum sínum eptir reglugjörð, sem hann semur og konungur samþykkir. Hvernig stjórninni skuli háttað, hvort fleiri enn einn eigi að sitja í henni, og hvernig störfunum þá skuli skipt milli þeirra, eða hún skuli fengin í hendur einum embættismanni, er nokkuð, sem konungur sjálfur eptir eðli hlutarins verður að ákvarða, og eins verður að ákveða verksvið hennar með konungsúrskurði. Hèr skal að eins vikið á, að það er gjört ráð fyrir, að minnsta kosti meðan

amtmanna-embættin eru látin halda sèr, nema hvað suður- og vesturamtinu kynni að verða steypt saman og einn amtmaður settur yfir þau, að fá stjórnina í hendur einum manni, einkum til þess að komast hjá kostnaði, sem mætti spara, og til þess að fá vissu fyrir sem mestri einingu í stjórn landsins. Enn fremur er gjört ráð fyrir að stofna stjórnarráð, er komi saman ekki sjaldnar en einu sinni á ári og tèður embættismaður sè forseti í, og sem ræði og láti uppi álit sitt um öll málefni, sem eru áríðandi fyrir landið og framfarir þess, og undir búi lagaboð þau, sem á að leggja fyrir alþingi o. fl.; ætti þá að sitja í ráði þessu bæði þeir hinna æðstu embættismanna landsins, sem eiga að hafa sæti á alþingi, og enn fremur tveir þjóðkjörnir alþingismenn, sem þingið kýs til þessa í hvert skipti sem það kemur saman fyrir tímabil það, sem líður til næsta reglulegs þings. Til þess að halda sem nánustu sambandi, að verður, milli ráðgjafans og landsstjórnarinnar og með því styðja að því, að ráðgjafinn geti æfinlega, eins og auðið er, verið nógu kunnugur hinum sèrstaklegu íslenzku málefnum og gangi þeirra, þá er fyrirhugað að gjöra embættismanni þeim, sem verður forseti í íslenzku landstjórninni, eða landstjórnin verður á hendur falin, að skyldu að ferðast til Kaupmannahafnar, eins opt og ráðgjafinn krefst þess og ekki sjaldnar en einu sinni á hverjum þrem árum, til þess að semja munnlega við ráðgjafann um öll þau málefni sem varða Ísland mestu.

Það er vitaskuld, að ráðgjafinn verður að gjöra uppástungur til konungs um öll þau málefni, sem á að ráða til lykta með konungs úrskurði eptir lögum þeim sem nú gilda. Sömuleiðis verður ráðgjafinn að hafa á hendi stjórn allra þeirra málefna, sem eru sameiginleg með Íslandi og Danmörku, að svo miklu leyti sem Ísland hefir nokkra hlutdeild í löggjöf og stjórn þessara málefna. Aptur á móti er fyrirhugað að fela íslenzku landstjórninni á hendur að ráða öllum þeim sèrstaklegum málefnum til lykta, sem áður hafa átt undir stjórnarráðin í Kaupmannahöfn eða undir íslenzku stjórnardeildina. Enn fremur er fyrirhugað að fá innlendum embættismönnum í hendur að yfirskoða og leggja úrskurð á alla íslenzka reikninga, og mun það verða nákvæmar útskýrt hèr á eptir við 32. grein.

Um 8.—10. grein.

Um ráðgjafa-ábyrgðina skal vísað í það, sem sagt er hèr að

framan á 27. og 28. bls. og í athugasemdunum um 7. grein. Að öðru leyti þykir ekki þörf á að færa frekari ástæður fyrir ákvörðununum í greinum þessum.

Um 11. grein.

Um leið og ákvörðunum þeim er haldið óbreyttum, sem hingað til hafa gillt um embættaveitingar á Íslandi, þá er svo ráð fyrir gjört, að þegar eitthvert embætti verður laust, sem er undir landsstjórninni, skuli hún auglýsa það, og bænarskrár um það, stílaðar til konungs, skuli sendar landstjórninni, og að hún sendi ráðgjafanum síðan allar bænarskrárnar, sem til hennar hafa komið, ásamt með skýrslu sinni.

Að því er snertir eptirlaun embættismanna, er sömuleiðis haldið ákvörðunum þeim óbreyttum, sem gilt hafa um þau til þessa, og er ekki önnur undantekning frá því en sú, sem leiðir af aðskilnaðinum á fjárhag Íslands frá fjárhag konungsríkisins.

Um 12. grein.

Að því er þessa grein snertir, skal vísað í það, sem sagt er hèr að framan á 27. bls., og skal þess að eins getið hèr, að þar sem ætlazt er til, að stjórnarráðið, sem fyrirhugað er, eigi fundi ekki sjaldnar en einu sinni á ári til þess að ræða öll mikils varðandi málefni landsins og búa undir lagaboð þau, sem með þarf, og þegar enn fremur er litið á, að ekki að eins hinir föstu alþingismenn, heldur líka tveir þjóðkjörnir alþingismenn eiga að sitja í ráði þessu, þá má ætla að þetta muni undir búa og flýta svo vel fyrir löggjafarstörfum þingsins, að ekki verði þörf á tíðari reglulegum samkomum alþingis en þriðja hvert ár; en hins vegar er konungi áskilinn rèttur á að kalla alþingi saman á aukafundi, ef að það kynni að virðast hagfellt í einstöku tilfellum að hafa fleiri alþingissamkomur smbr. 13. grein.

Um 14.—20. grein.

Þessar greinir eru samkvæmar því sem venjulega stendur í lögum um þjóðlega stjórnarskipun, og þykir ekki þörf að gjöra neinar sjerstaklegar athugasemdir um þær.

Um 21. grein.

Um myndun íslenzku landstjórnarinnar skal vísað í það, sem

áður er sagt þar um, og skal því að eins bætt við hjer, að ef að gjört er ráð fyrir, að hún verði fengin einum embættismanni í hendur, og að skipaður verði skrifstofuforstjóri eða afgreiðsluskrifari til þess að sjá um skrifstofustörfin í landstjórninni, enn fremur að suður- og vesturamtið verði lagt undir einn amtmann, og að hið fyrirhugaða stjórnarráð komi saman einu sinni á ári í 14 daga, og ef hins vegar er gjört ráð fyrir, að alþingi komi saman að eins þriðja hvert ár, þá verður kostnaðaraukinn, sem rís af hinni fyrirhuguðu breytingu varla meiri en 4 til 5000 rd. á ári, að meðteknum árlegum launum handa yfirskoðunarmönnum þeim, sem alþingi kýs (32. grein).

Um 22. grein.

Um leið og vísað skal að öðru leyti í það sem sagt er hjer að framan á 33. til 35. bls., skal þess getið, að það hefir virzt rjettast að halda jafnmörgum sætum í alþingi, og konungur hingað til hefir kosið menn í, handa hinum æðri embættismönnum, sem þar eru taldir upp. Það þarf varla að færa aðrar ástæður fyrir valinu á embættum þeim, er ákvarðað er í greininni, að sæti á alþingi skuli vera samfara, en að benda á, að af hálfu hverrar einstakrar umboðsstjórnargreinar undir landstjórninni verða embættismenn þeir, sem standa landstjórninni næstir, það er að segja byskupinn yfir Íslandi, fyrir málefni þau sem snerta kirkju- og kennslustjórn, báðir amtmenn landsins fyrir alla veraldlegu umboðsstjórnina, háyfirdómarinn í yfirdóminum fyrir dómstólana, landfógetinn fyrir sjóði landsins og skattheimtur og landlæknirinn fyrir heilsumálefnin. Það gæti að vísu ekki verið neitt því til fyrirstöðu að fjölga sætum þessum, ef að alþingi ræður til þess, og væru þá embætti þau, sem líklegust væru til þessa, forstöðumannsembættið fyrir prestaskólanum og skólameistara-embættið yfir latínuskólanum, en það virðist annars ekki vera þörf á því, þar eð það virðist nóg, að byskupinn allt af getur verið fyrir hönd þessara kennslustofnana.

Um 23. grein.

Um leið og visað er í það, sem sagt er hèr að framan um, að það virðist bezt henta að fara eptir ákvörðununum í tilskipun 6. janúarmán. 1857 um kosningarrètt og kjörgengi til alþingis framvegis, skal þess að eins getið, að í þetta frumvarp eru einasta teknar ákvarðanir þær, sem virðist eiga að veita trygging fyrir

í stjórnarskipunarlögunum, en aptur á móti er ákveðið með ákvörðun um stundarsakir, að hinar aðrar reglur í tèðri tilskipun og tilskipuninni 8. marzmán. 1843 um kosningarnar til alþingis skuli gilda, þangað til öðruvísi verður fyrir mælt með lagaboði.

Um 24.—28. grein.

Fyrir þessum greinum virðist ekki þörf að færa frekari ástæður, með því að þær annaðhvort eru samkvæmar ákvörðunum þeim, sem jafnaðarlega standa í lögum um þjóðlega stjórnarskipun, eða halda uppi sèrstaklegum reglum þeim sem hingað til hafa gilt á Íslandi.

Um 29. grein.

Með þessari grein (smbr. 31. grein) eru alþingi veitt fullkomin fjárforráð og vald yfir öllum sèrstaklegum tekjum og gjöldum landsins, sem ekki er önnur takmörkun á en ákvörðunin í 30. gr. Það hefir ekki þótt þörf á eða henta að telja hinar sèrstaklegu tekjur og gjöld upp, með því að aðalreglan um hvað heyri þar undir, stendur í 5. grein frumvarpsins; en það er vitaskuld, að þar undir heyrir árgjaldið, sem búizt er við að Íslandi verði goldið úr danska ríkissjóðnum, enn fremur allir beinlínis og óbeinlínis skattar, sem heimtaðir eru á Íslandi, tekjurnar af fasteignum landsins o. s. frv.

Um 30. grein.

Á 35. bls. hèr að framan eru leidd rök að því, að föst fjárhags-áætlun sè ákveðin með lagaboði, og leiðir það af því, að alþingi getur ekki átt fund á hverju ári, að slík ákvörðun verður að álítast mjög svo hagfelld, ef hún ekki er alveg nauðsynleg.

Um 32. grein.

Yfirskoðunarmenn þeir, sem alþingi kýs og veitt verða laun, eiga að yfirskoða aðal-ársreikningana um hin sèrstaklegu gjöld og tekjur landsins, og eins aðal-reikninginn, sem á að búa til fyrir hvert fjárhagstímabil, og leggja síðan fyrir alþingi útásetningar þær, sem þeim virðist ástæða að gjöra, til þess að landsreikningurinn fyrir hvert fjárhagstímabil verði ákveðinn með lagaboði, þegar alþingi er búið að gjöra ályktun um hann. Sömuleiðis er fyrirhugað að fela sömu yfirskoðunarmönnunum á hendur að yfirskoða

nokkra sèrstaklega reikninga, einkum þá, sem landfógetinn semur, en þeir eru þessir:

1, um hinn almennilega læknasjóð,
2, um íslenzka dómsmálasjóðinn og
3, um gjöf Thorkillii til barnaskóla.

Aptur er ætlazt til að landfógetinn yfirskoði hina aðra sèrstaklegu reikninga, sem skattheimtumennirnir semja hver fyrir sitt umdæmi, t. a. m. um sýslutekjurnar, um tekjurnar af þjóðjörðunum, um alþingistollinn o. s. frv., og að landstjórnin leggi síðan úrskurð á þá, eins og líka er ætlazt til, að hún leggi úrskurð á hina 3 reikningana, sem áður voru nefndir.

Um 33. grein.

Til þess að allar ályktanir, sem alþingi á að gjöra, verði vel íhugaðar, er hèr ákveðið, að þrjár umræður skuli vera um öll lagafrumvörp, áður en þau eru samþykkt fyrir fullt og allt, þar sem að ekki hafa verið nema tvær umræður um hvert einstakt lagafrumvarp á hinu ráðgefanda alþingi, með því að venjulega hefir ekki verið leyfilegt að ræða lagafrumvörpin, þegar þau hafa verið lögð fyrir þingið og nefndir kosnar um þau.

Við aðra umræðu er ætlazt til að koma megi með breytingaratkvæði og greiða atkvæði um þau, og að þriðja umræða einkum sè til þess að íhuga á ný og afráða, hvort frumvarpið, eins og það hefir samþykkt orðið eða því hefir verið breytt í annari umræðu, skuli samþykkt fyrir fullt og allt eða fellt, en samt hefir virzt þörf á að leyfa, að koma megi með breytingaratkvæði við þriðju umræðu um frumvarp frá einstökum mönnum, ef að annaðhvort stjórnin eða nokkrir alþingismenn (10) bera þau upp. Um konungleg lagafrumvörp hefir aptur á móti þótt hentast, að í þriðju umræðu sè að eins rætt og gengið til atkvæða um, hvort að eigi að samþykkja frumvarpið fyrir fullt og allt eða fella það þannig orðað, eins og landstjórnin gjörir það úr garði samkvæmt hinum fyrri umræðum. Í fyrsta áliti kynni ákvörðun þessi ef til vill, að virðast ekki eins frjálsleg og hinar aðrar reglur í frumvarpi þessu um löggjafarvald alþingis, en þegar nákvæmar að er gáð, mun raunin verða sú, að ákvörðun þessi henti næsta vel vegna þess hversu einkennilega er ástatt á Íslandi, og að hún miklu fremur muni styðja að frjálslegum úrslitum hvers einstaks máls heldur en vera þeim til hnekkis. Þar sem löggjafarvaldið um öll sèrstakleg

málefni landsins er hjá konungi og alþingi í sameiningu, þá er það auðsætt, að fyrsta skilyrðið fyrir, að valdi þessu verði farsællega beitt, er það, að kostað sè kapps um að vilja konungs og ályktunum alþingis beri saman, og að sèrhvað það, sem styður að því, án þess að leggja neitt ótilheyrilegt hapt á vilja hvorugs málspartanna, hlýtur að álítast hagfellt til þess að efla rólega og frjálsleg framför þjóðfèlagsins. Með því að það nú ekki getur átt sèr stað, að gjörðar sèu neinar breytingar á því, sem alþingi hefir samþykkt, þegar fengin en staðfesting konungs á ályktanir þess, hvorki að efninu nè forminu til, þá hlýtur það að vera mjög svo áríðandi, að orðunin á frumvarpinu eða ályktun alþingis sè eins vönduð og verður, ekki einasta að forminu til, heldur einnig að efninu til, því að hæglega kann að bera við, að við aðra umræðu, þar sem stundum verður að ganga til atkvæða um mjög langa runu af breytingar atkvæðum, komist einhver einstök ákvörðun inn í lagafrumvarpið, sem ef til vill kynni að valda því, að konungur neitaði að staðfesta frumvarpið, ef hún stæði óbreytt, og þar eð alþingi að eins kemur saman 3. hvort ár að minnsta kosti, þó að það ef til vill hefði verið mjög svo áríðandi fyrir landið, að lagaboðið kæmi bráðlega út, og þó að alþingi sjálft ef til vill ekki hefði haldið ákvörðuninni fram, þegar það hefði verið búið að íhuga betur afleiðingarnar af því, ef hún væri samþykkt. Við þetta bætist, að fjarlægð Íslands frá aðsetursstað konungs er svo mikil, að landstjórninni ekki er unnt, meðan alþingi er, að ræða málið, að fá ályktun konungs um atriði þau, sem koma fram við umræðurnar, og hins vegar er ekki unnt fyrir fram að segja landstjórninni fyrir út í æsar um hvert einstakt mál. Að vísu veitir aðferð sú, sem hèr er stungið upp á, ekki fullkomna trygging fyrir, að konungur staðfesti frumvarpið eins og það er úr garði gjört, þegar landstjórnin leggur það fyrir til þriðju umræðu, en hún veitir eins mikla vissu fyrir því, eins og auðið er eptir öllum atvikum, og það, að landstjórnin ekki getur ábyrgzt, að konungur staðfesti frumvarpið eins og það að síðustu er orðað frá hennar hendi, mun einnig á hinn bóginn halda henni frá að misbeita að neinum mun valdi því, sem henni þannig er veitt.

33.—38. grein.

Virðist ekki ástæða til að gjöra nákvæmar grein fyrir.

Um 39. grein.

Á löggjafarþingum er ekki venja, að neinn konungsfulltrúi sè á þingi til þess að taka þátt í umræðunum um hvert einstakt málefni, og þó að löggjafarþing eigi rètt á að ræða og álykta, án þess að konungsfulltrúi sè viðstaddur, þá er það samt eðlilegt, að ráðgjafarnir geti hver á sínu verksviði hjálpað mikið til að skýra hvert einstakt málefni, þegar það er rætt á fulltrúaþinginu, og að ráðgjöfunum því að öllum jafnaði er áskilinn í lögum um þjóðlega stjórnarskipun rèttur á að vera á þingi, þegar þeir vilja, og biðja sèr hljóðs eins opt og þeir vilja, en verði að öðru leyti að gæta þingskapa. Vegna þess, hvernig ástatt er á alþingi Íslendinga, verður að fá þessi störf þjóðstjórnar ráðgjafanna í hendur þeim manni eða mönnum, sem eiga sæti í landstjórninni.

Um 41. grein.

Ákvörðun um, hversu margir þingmenn eigi að vera viðstaddir, til þess að gjörð verði gild ályktun, er nauðsynleg einkum þegar um svo fámennt þing er að ræða eins og alþingi, og eptir því sem fyrir er mælt í þessari grein, getur alþingi, meðan tala þingmanna er óbreytt, ekki samþykkt neitt, nema að minnsta kosti 14 alþingismenn sèu viðstaddir.

Um 42.—45. grein.

Það virðist ekki þörf á að færa neinar sèrlegar ástæður fyrir þessum greinum.

Um 46. grein.

Hinir einkennilegu landshagir Íslands virðast vera næg ástæða fyrir ákvörðuninni um, að þingsköp alþingis skulu sett með lagaboði. Um þetta hefir einkum komið til greina, að alþingi hefir ekki löggjafarvald nema í sèrstaklegum íslenzkum málefnum, og þar að auki er staða þess gagnvart stjórninni nokkuð önnur, en annars á sèr stað um löggjafarþing. Enn fremur er um þetta efni haft tillit til þess, að alþingi á ekki reglulega fundi nema þriðja hvert ár 6 vikur í hvert skipti, en af því leiðir aptur, bæði að of langur tími að tiltölu mundi ganga til þess að semja og samþykkja þingsköp, ef alþingi ætti að gjöra það sjálft, og að sama væri um hinar tíðu breytingar á þingsköpunum er alþingi kynni að finnast sèr skylt að stinga upp á og ræða á hverju þingi, ef að þingsköp-

in væri handaverk þess sjálfs, og loks til þess, að kjörtíminn nær ekki nema yfir 2 regluleg þing, og að þess vegna verður ekki búizt við öðru, en að þingmennirnir eigi nokkuð erfitt með að verða svo kunnugir þingsköpunum, eins og æskilegt er til þess að gæta þeirra, en þó sèr í lagi til þess að leitast við að koma á breytingum á þeim. Danska ríkisþingið, sem sjálft hefir samþykkt þingsköp sín, kemur saman á hverju ári og stendur venjulega yfir 4—5 mánuði, og hefir það því betra tóm til þess að ræða um það sem með þarf í því efni, og verður æfðara í að gæta þingskapanna en búizt verður við af alþingi.

Um 47.—51. grein.

Að því er snertir skipulagið á dómsvaldinu á Íslandi hefir virzt nægja að setja hinar almennilegu ákvarðanir, sem teknar eru í þessar greinir. Því hefir verið gaumur gefinn, að í sjálfu sèr væri mjög svo æskilegt, að dómstólunum á Íslandi yrði komið svo fyrir, að hvert það mál, sem heyrir undir dómsvaldið, yrði útkljáð að fullu og öllu í landinu sjálfu, og það er vitaskuld, að það verður að vera verkefni löggjafarvaldsins íslenzka, sem vænta má, að vinna að, að koma því í kring. Á hinn bóginn eru hagir landsins enn sem stendur svo á sig komnir, að varla verður búizt við, að þessi endurbót komist á fyrst um sinn, og hefir því að eins verið tekin ákvörðun, er að þessu lýtur, í nr. 5 í ákvörðununum um stundar sakir.

Um 52.—54. grein.

Virðist að eins tilefni til að geta þess, að með því að lagafrumvarpið heimilar öll önnur borgarleg einkarèttindi, sem veitt verður trygging fyrir í stjórnarskipunarlögum, virðist eiga að taka hin mest áríðandi rèttindi þegnanna, það er: leyfi til að fylgja samvizku sinni og þjóna guði samkvæmt henni, með inn undir vernd stjórnarskipunarlaganna.

Um 55. grein.

Það kemur af landsháttum á Íslandi, að ekki verður sett nein almennileg regla um, hversu langt megi líða frá því að maður er handtekinn og þangað til hann skuli leiddur fyrir dómara, en að það verður að láta sèr nægja að mæla fyrir um, að það skuli gjör »svo fljótt sem verður».

Um 56.—62. grein.

Í þessum greinum er veitt trygging fyrir hinum helztu borgaralegu og þjóðlegu rèttindum, sem er friðhelgi heimilisins í 56. grein, friðhelgi eignarrèttarins í 57. grein, atvinnufrelsi í 58. grein, prentfrelsi í 60. grein, fèlagsskapar-frelsi í 61. grein og fundafrelsi í 62. grein; við þetta hefir þótt rètt að bæta í 59. grein ákvörðun um, að hinu opinbera sè skylt að hjálpa þeim, sem ekki er sjálfur fær um að sjá fyrir sèr og sínum, samkvæmt lögum þeim, sem gilda um það efni, því að þurfamenn virðast eiga að hafa vernd þá í stjórnarskipunarlögunum, sem þessi ákvörðun veitir þeim.

Um 63. grein.

Þó að það hafi virzt rèttast að ákveða með berum orðum í stjórnarskipunarlögunum, að sèrhver vopnfær maður skuli vera skyldur til að taka sjálfur þátt í vörn föðurlandsins, hvað eð annars er vitaskuld, þá er ekki fyrir það lögleidd nein landvarnarskylda á Íslandi, heldur er löggjafarvaldinu áskilið að ákveða, ef þörf gjörist, hvernig landvarnarskyldunni skuli háttað.

Um 64. grein.

Eitt af því, sem mikil þörf er á, að komið sè á nýju skipulagi á Íslandi, er sveitarstjórnin; og með því að töluvert hægra mun veita að koma því á þegar komin er stjórn í landinu sjálfu, sem hefir allt æðsta valdið, þá er skýlaust skipað fyrir í þessari grein, að endurbót þessi skuli undirbúin sem allra fyrst og framkvæmd með lagaboði.

Um 65. grein.

Ekki er minni þörf á að komið sè nýju skipulagi á skattgjöld og skattheimtur á Íslandi, og er því í þessari grein mælt líkt fyrir um þessi málefni.

Um 66. grein.

Með því að allir eiga að vera jafnir fyrir lögunum, er ákveðið í þessari grein, að öll sèrleg rèttindi, sem lögin hafa bundið við aðal, nafnbætur eða tign sèu af tekin, og skal þess getið hèr um, að þessi rèttindi eru, að því er Ísland snertir eptir lögum þeim, sem nú gilda, ekki mikils virði fyrir þá sem í hlut eiga.

Um 67. grein.

Þessi grein setur fremur hæga og fljóta aðferð að tiltölu til þess að samþykkja breytingar eða viðauka við stjórnarskipunarlögin, en virðist þó veita næga trygging fyrir, að ekki verði rasað fyrir ráð fram í því efni. Það er einkum vegna kostnaðarins, að ekki hefir verið um þetta efni farið eptir akvörðununum í grundvallarlögum Danmerkur ríkis um samsvarandi málefni.

ÁKVARÐANIR UM STUNDARSAKIR.

Um 2.

Það er vitaskuld, að það er fyrir hugað að leggja fyrir alþingi í fyrsta skipti, sem það kemur saman sem löggjafarþing eptir að stjórnarskipunarlögin eru komin út, frumvarp til lagaboðs um fasta fjárhags-áætlun, en í ákvörðunum þessum um stundarsakir er svo fyrir mælt, að konungur ákveði föstu fjárhags-áætlunina til bráðabyrgða, þangað til lagaboðið um hana getur öðlazt lagagildi, en þó megi hún ekki ná til annara gjalda en þeirra, sem heimild er til í gildandi lögum eða reglulegum þörfum hverrar umboðsstjórnargreinar um sig, og þannig, að gjöldin megi ekki fara fram úr 88,000 rd. alls, það er að segja upphæð þeirri í þúsunda tölu, sem kemur fram, þegar lagt er við meðaltal gjalda þeirra, sem veitt hafa verið til sèrstaklegra þarfa Íslands (73,021 rd. 32 1/5 sk.) í fjárhagslögunum fyrir 5 seinustu árin ($18^{63}/_{64}$—$18^{67}/_{68}$) bæði upphæð sú, sem allir fyrrverandi embættismenn á Íslandi, ekkjur þeirra og börn, nú sem stendur fá í eptirlaun úr ríkissjóðnum (10,138 rd. 35 sk.) og líka allt að 5,000 rd., sem með þurfa, eins og áður er sagt, til þess að koma á hinni fyrirhuguðu breyting á stjórn landsins.

Um 3.

Lagafrumvarp um þingsköp, er líka fyrirhugað að leggja fyrir fyrsta alþingi, sem kemur saman, og mun þessi bráðabyrgðaákvörðun þannig að líkindum ekki ná til meira en eins alþingis.

Um 4.

Þessi ákvörðun liggur beinlínis í eðli hlutarins, því að það er vitaskuld, að ákvörðunin í 50. grein um, að dómurum verði ekki vikið úr embætti, getur að eins átt við dómarasýslu þeirra.

Um 5.

Um þessa ákvörðun er tekið fram það sem þörf er á hèr að framan við 47.—51. grein.

Um 6.

Virðist ekki þurfa að gjöra neinar athugasemdir.

II. Frumvarp

til

almennra hegningarlaga handa Íslandi.

Fyrsti kapituli.

Ákvarðanir til inngangs.

1. grein.

Eigi skal hegna neinum manni eptir lögum þessum, nema hann hafi gjört sig sekan í einhverju því, sem hegning er lögð við í lögunum, eða er öldungis samkynja einhverju því verki, sem talið er afbrot í þeim.

2. grein.

Lögin eiga við um öll þau afbrot, sem framin eru á Íslandi, án þess tillit sè haft til þess, hvar sá á heima, sem valdur er að verkinu.

3. grein.

Einnig skal refsað eptir lögum þessum fyrir afbrot, sem drýgð eru á skipum, sem eiga heima á Íslandi, nema því að eins, að skipið sè þar á sjó, sem hegningarlög einhvers annars lands ná til.

4. grein.

Ef að nokkur af þegnum konungs, sem á heima á Íslandi, til þess að komast undan lagaforboði, sem þar gildir, fremur erlendis verk það, er bannað er og hegning við lögð í lögum, þá skal hann sæta hinni sömu refsing, eins og hefði hann unnið verkið þar á landi.

5. grein.

Það er einnig brot á hegningarlögum Íslands, ef nokkur af þegnum konungs, sem heima á þar á landi, verður brotlegur er-

lendis við Danmerkur ríki með landráðum eða drottinssvikum við konung, falsar danska peninga eða býr til eptirmynd þeirra, gjörir á hluta nokkurs dansks embættismanns, er skipaður er í öðru ríki, í nokkru því, sem snertir embætti hans, eða hann á nokkurn annan hátt misbrýtur gegn hollustu þeirri og hlýðni, er hann sem þegn er skyldur að sýna.

Sama er og, ef einhver sá, sem er embættismaður á Íslandi, drýgir embættisafbrot utan lands, og eins ef nokkur af þegnum konungs, sem á heima á Íslandi, annaðhvort með því að leysa sviksamlega af hendi starfa, sem honum er trúað fyrir, eða á nokkurn annan hátt, sem hegning er við lögð í íslenzkum lögum, meðan hann er utan lands, rýfur nokkra þá skuldbinding, er hann hefir tekizt á hendur við mann, sem er á Íslandi.

6. grein.

Hafi annars nokkur af þegnum konungs, sem á heima á Íslandi, drýgt afbrot í öðru ríki, þá skal stiptamtmanninum yfir Íslandi heimilt að láta höfða mál á móti honum þar, og skal þá dæma sakamanninn eptir þessum lögum.

7. grein.

Sè höfðað mál á móti manni á Íslandi fyrir misgjörning, og sannist það, að honum hefir verið refsað fyrir hann í öðru ríki, eiga dómstólarnir að hafa tillit til refsingar þeirrar, sem á hann hefir verið lögð utan lands, og sè þeim heimilt eptir málavöxtum að gjöra hegninguna vægari en lögákveðið er, eða jafnvel að láta alla hegning falla niður.

8. grein.

Hafi maður drýgt afbrot bæði á Íslandi og í konungsríkinu Danmörk, og mál er höfðað á móti honum á Íslandi út af öllum þeim afbrotum, sem hann þannig hefir framið, þá skal ákveða hegninguna fyrir þau í einu eptir íslenzkum lögum.

Sömuleiðis skal beita íslenzkum lögum, þegar maður, sem er á Íslandi, hefir drýgt afbrot í konungsríkinu, en verður ekki handtekinn fyrir það og sendur þangað sem verkið var unnið, og vegna þessa er höfðað mál á móti honum á Íslandi eptir beiðni yfirvalds þess í konungsríkinu, sem í hlut á, eða sá, sem misbrotið er við, sækir hann á varnarþingi hans á Íslandi, þegar svo er, að það

eptir íslenzkum lögum er komið undir honum sjálfum að hefja málssókn út af afbrotinu.

9. grein.

Um sendiboða annara ríkja, útlend herskip og herflokka og um embættisafbrot drýgð af útlendum embættismönnum, sem skipaðir eru á Íslandi, skal farið eptir hinum almennu reglum í þjóðarèttinum.

Annar kapítuli.

Um refsingarnar.

10. grein.

Hegningar þær, sem menn má dæma í eptir lögum þessum, eru: Líflát, hegningarvinna, fangelsi, sektir og missir embættis, sýslunar- eða kosningarrètts. Karlmenn á aldursskeiði frá 15 til 18 ára má dæma í hýðing með reyrpriki og börn í hýðing með vendi.

11. grein.

Taka skal menn af opinberlega með öxi, og skal síðan grafa lík hins aftekna í kyrrþey. Eigi að taka fleiri en einn af, á enginn þeirra að vera við staddur við aftöku hinna.

12. grein.

Hegningarvinna er tvenn, typtunarhúsvinna og betrunarhúsvinna.

Í typtunarhúsvinnu má dæma menn annaðhvort æfilangt eða tiltekinn áratíma ekki skemur en 2 ár og ekki lengur en 16 ár; í betrunarhúsvinnu má ekki dæma menn nema tiltekinn tíma, ekki skemur en 8 mánuði og ekki lengur en 6 ár; (smbr. þó 64. og 65. grein).

Sè hegningartíminn jafnlangur, ber að álíta, að báðar þessar hegningarvinnu tegundir samsvari hvor annari.

13. grein.

Sè svo, að færa eigi niður í tilteknu hlutfalli refsingu þá, er lögð er við einhverju afbroti, skal líflát talið jafnt 24 ára hegningarvinnu, og æfilöng hegningarvinna jöfn 18 ára hegningarvinnu.

14. grein.

Hegningarvinnu skal út taka í hegningarhúsi, er til þess er ætlað, samkvæmt reglum þeim, sem um það eru settar.

Þeir, sem dæmdir eru í betrunarhúsvinnu, eiga að öllum jafnaði að út taka refsinguna með því að vinna einir sèr í kompu, og vera í henni dag og nótt, og skal þá hegningartíminn styttur þannig, að þegar maður er dæmdur í 8 mánaða vinnu, skal færa vinnutímann niður í 6 mánuði, og sè maður dæmdur í vinnu um lengri tíma, skal stytta 3 fyrstu árin um þriðjung og þann tímann, sem um fram er, um helming. Þó skal stjórn hegningarhússins heimilt með samþykki stiptamtmannsins að ákveða, að maður, sem er dæmdur í betrunarhúsvinnu, út taki hegninguna að öllu eða nokkru leyti samkvæmt ákvörðunum þeim, sem settar eru um typtunarhúsvinnu, án þess að hegningartíminn sè styttur, þegar svo er, að það af einhverjum sèrlegum orsökum er álitið skaðlegt fyrir hann að út taka refsinguna í kompu út af fyrir sig, eða það að öðru leyti þykir óhentugt. Sè maður ekki látinn vinna einn sèr í kompu nema nokkurn hluta hegningartímans, sem á hann er dæmdur, skal að eins stytta hegningartímann að tiltölu við þann tíma, er hann hefir setið í kompu einn sèr 60 daga samfleytt eða lengur, og skal hvert tímabil, er þetta hefir átt sèr stað samfleytt, stytt út af fyrir sig eptir reglu þeirri, sem hèr er að ofan. Ekki skal sá tími tekinn til greina til að stytta hegningartímann, er maður hefir settur verið í kompu einn sèr til refsingar reglusemis vegna fyrir eitthvað, sem hann hefir látið sèr yfirsjást í hegningarhúsinu.

15. grein.

Þegar svo er fyrir skipað í einhverri ákvörðun um hegningu, að dómstólarnir megi kjósa um typtunarhúsvinnu og betrunarhúsvinnu, á að beita hinni síðarnefndu hegningunni, er það þykir líklegt, þegar litið er á aldur sakamannsins, hegðun hans að undanförnu og eðli afbrots þess, er hann hefir drýgt, að einvera og fráskilnaður frá öðrum föngum muni hafa góð áhrif á hann, en aptur á móti á að dæma sakamenn þá, sem eldri eru og harðsvíraðri, í typtunarhúsvinnu, og sèr í lagi þá, sem áður hafa úttekið slíka hegningu, eða margra ára eða ítrekaða betrunarhúsvinnu.

16. grein.

Eigi maður að út taka samfleytt fleiri en eina betrunarhúsvinnu hegningu, er hann hefir verið dæmdur í með fleiri en einum dómi, á að skoða þær sem eina heild þegar stytta skal hegningartímann fyrir þá sök, að hegningin er út tekin í kompu út af fyrir sig. Jafnaðarlega má ekki láta neinn mann sitja einan sèr í kompu lengur en $3^1/_2$ ár, og á hann því að út taka þann hluta alls hegningartímans, sem er um fram 6 ár, samkvæmt ákvörðunum þeim, sem settar eru um typtunarhúsvinnu, og án þess sá tíminn sè styttur. Fari sá, sem í hlut á, þess á leit, og sè það sannað með læknisskýrslu, að ekkert sè því til fyrirstöðu vegna heilsufars hans, má stjórn hegningarhússins samt leyfa með samþykki stiptamtmannsins, að hann út taki líka þann hluta hegningarinnar, sem eptir er, í kompu einn sèr, og sè sá tíminn þá styttur um helming.

17. grein.

Hafi útlendur maður, sem ekki hefir verið að staðaldri í löndum Danakonungs 5 seinustu árin, orðið brotlegur til hegningarvinnu, á einnig að dæma hann til, að hann verði fluttur af landi burt að hegningartímanum afloknum. Hafi sá, sem í hlut á, orðið brotlegur til hegningar í fangelsi við vatn og brauð, og honum hefir fyrr verið refsað fyrir misgjörninga innan eður utan lands, má slíkt hið sama eiga sjer stað, þegar málið er svo vaxið og sjer í lagi, þegar afbroti því, sem hann hefir drýgt, er svo varið.

Komi útlendir menn, sem reknir hafa verið úr löndum Dana konungs samkvæmt dómi, til Íslands í leyfisleysi, þá skal þeim refsað með fangelsi eða með betrunarhúsvinnu allt að einu ári, og skal því næst reka þá aptur úr landi.

Þegar maður er rekinn úr landi, á að brýna fyrir honum, hverju það varði, ef hann komi aptur í leyfisleysi, og skal það bókað í dómsgjörðabókina.

18. grein.

Þessum fangelsis-hegningum má beita:

einföldu fangelsi,
fangelsi við venjulegt fangaviðurværi,
fangelsi við vatn og brauð,
ríkisfangelsi.

Allar fangelsis-hegningar skal út taka í opinberu fangelsi samkvæmt því, sem fyrir er mælt um varðhald á mönnum.

19. grein.

Í einfalt fangelsi má ekki dæma mann skemmri tíma en 2 daga og ekki lengur en 2 ár (smbr. þó 64. gr.). Sá, sem dæmdur er í slíkt fangelsi, þarf ekki að láta sjer nægja venjulegt fangaviðurværi.

20. grein.

Í fangelsi við venjulegt fangaviðurværi má ekki dæma skemmri tíma en 2 daga og ekki lengri en 6 mánuði. Sá, sem dæmdur er í slíkt fangelsi, má ekki fá aðra fæðu en þá, sem tiltekin er í ákvörðununum um varðhald.

21. grein.

Í fangelsi við vatn og brauð má ekki dæma skemur en 2 daga og ekki lengur en 30 daga. Sá, sem dæmdur er í slíkt fangelsi, má ekki neyta annars en vatns og brauðs og salts við brauðinu. Reykja tóbak má hann ekki.

22. grein.

Þá, sem eru yngri en 18 ára, má ekki dæma í fangelsi við vatn og brauð, en í stað þess á að refsa þeim, sem eru yngri en 15 ára, með einföldu fangelsi ekki lengur en 60 daga eða með vandar hýðingu, og þeim, sem eru 15 til 18 ára, annaðhvort með fangelsi við venjulegt fangaviðurværi helmingi lengur, eða með hýðingu með reyrpriki.

23. grein.

Sje maður dæmdur í fangelsi við vatn og brauð í 5 daga eða skemur, á hann að út taka hegninguna án nokkurs millibils, en sje hegningartíminn tvisvar eða fleirum sinnum 5 dagar, skal veitt 2 daga millibil eptir fimmta og tíunda daginn, 3 daga millibil eptir fimmtánda og tuttugasta daginn, og 4 daga millibil eptir tuttugasta og fimmta daginn. Sje hegningartíminn 6 dagar, skal vera 1 dags hlje á hegningunni, þegar 3 fyrstu dagarnir eru liðnir, en sje hann 7, 8 eða 12 dagar, skal sakamaðurinn úttaka 4 daga í einu, en eiga fimmta daginn frjálsan.

Þó má stytta millibil þessi, ef sakamaðurinn æskir þess, og læknirinn álítur ekki að heilsu hans sje hætta búin af því, eða sleppa þeim alveg, þegar hegningartíminn er ekki lengri en 8 dagar. Þegar hegningartíminn er þrísvar eða fleirum sinnum 5 dagar, má hins vegar lengja millibilin allt að 5 dögum, ef hinn dómfelldi æskir þess, og læknirinn álítur, að ástæða sje til þess.

Þá dagana, sem hlje er á hegningunni, skal sakamaðurinn hafður í varðhaldi, nema því að eins að óhult sje um, að hann fari ekki burtu, því sje svo, skal hann látinn laus.

24. grein.

Þá, sem eru yfir sextugt, þegar þeir byrja að út taka hegninguna, á í stað fangelsis við vatn og brauð að setja í fangelsi við venjulegt fangaviðurværi fjórum sinnum lengri tíma, en þeir hefðu átt að þola hina hegninguna. En ef þeir kjósa heldur að þola fangelsis-hegninguna við vatn og brauð, sem þeir eru dæmdir í, skal það leyft, ef læknirinn álítur, að heilsu þeirra sè engin hætta búin af því.

Einnig skal í öðrum tilfellum, er menn vegna heilsufars síns annaðhvort alls ekki þola að út taka fangelsishegningu við vatn og brauð, eða ekki allan tímann, breyta hegningunni í fangelsi við venjulegt fangaviðurværi fjórum sinnum lengri tíma, og á það einnig við um ólèttar konur, og konur sem barn hafa á brjósti; þó skulu þær auk venjulegs viðurværis fá helming þess í viðbót bæði í brauði og peningum.

25. grein.

Eigi maður að út taka fangelsi við vatn og brauð lengur en 30 daga í senn, af því fleiri en einn dómur hefir fallið á hann, skal hann settur í fangelsi við venjulegt fangaviðurværi þann tímann, sem um fram er, eptir hlutfalli því, sem ákveðið er í 26. grein.

Eigi að setja mann, sem verið hefir í fangelsi við vatn og brauð, skömmu seinna í hið sama fangelsi eptir nýjum dómi, skal leita læknis álits um, hvort leggja megi á hann hegninguna þegar í stað eða ekki fyrr en nokkur tími er liðinn. Segi læknirinn, að maðurinn þoli ekki að út taka fangelsis-hegningu við vatn og brauð á ný, fyrr en eptir lengri tíma, á að breyta hegningunni í fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

26. grein.

Þegar fangelsis-hegning er nefnd í lögum þessum, án þess að nákvæmar sè tiltekið um hana, mega dómstólarnir kjósa um þær tegundir þessarar hegningar, sem um er rætt í 19.—25. grein. Ef að bætt er við ákvörðnn um, hvert sè hið lægsta stig af einföldu fangelsi, sem beita megi, á samsvarandi takmörkun einnig við um hinar aðrar tegundir af fangelsis-hegningu.

Fjögra daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og 6 daga einfalt fangelsi samsvarar eins dags fangelsi við vatn og brauð.

27. grein.

Þegar fangelsis-hegningu er beitt, merkir dagur sama sem sólarhring eða 24 stundir, og mánuður rímmánuð. Þess ber einnig að gæta, að maðurinn sè látinn laus um sama leyti dags og hann var settur inn.

28. grein.

Ríkisfangelsi er annaðhvort tiltekinn tíma, ekki skemur en 6 mánuði og ekki lengur en 10 ár, eða ævilangt. Þá hegningu skal út taka í konungsríkinu samkvæmt ákvörðunum þeim, sem þar gilda, þangað til öðruvísi verður fyrir mælt.

29. grein.

Ríkisfangelsi og einfalt fangelsi um jafnlangan tíma samsvara hvort öðru. Eins mánaðar hegningarvinna er jöfn 5 daga fangelsi við vatn og brauð.

30. grein.

Líkamlegar refsingar eru tvenns konar: Hýðing með reyrpriki og hýðing með vendi.

Til hýðingar með reyrpriki skal hafður spansreyr, er sè hálfur annar þumlungur ummáls og ekki lengri en hálf önnur alin; skal þeirri refsingu beitt við karlmenn, sem eru frá 15 til 18 ára að aldri, ef að álíta má, að þeir geti þolað þá refsingu, og læknisálits hefir verið leitað um það. Í dómnum skal ákveðið, hversu mörg höggin skuli vera, þó mega þau ekki vera færri en 10 og ekki fleiri en 25.

Drengir, sem eru 10 til 15 vetra, og stúlkur, sem eru 10 til 12 vetra, skulu hýdd með vendi að fógetanum ásjáandi, og skal

sömuleiðis ákveðið í dómnum, hversu mörg höggin eigi að vera, en ekki mega þau vera færri en 10 og ekki fleiri en 25. Börn, sem einstök ónáttúra er í, má dæma í tvenn 25 vandarhögg, og skal þá jafna hýðingunni niður á 2 daga.

Við fangana í hegningarhúsinu skal beitt líkamlegum refsingum, þeim sem fyrir verður mælt um í lögunum um hegningarhúsið.

31. grein.

Dæma má í sektir frá 1 rd. allt að 1000 rd., og renna þær í ríkissjóðinn. Sèu fleiri samsekir í einhverju því verki, er sektum varðar, skal hver þeirra um sig dæmdur í sektina.

Fari svo, að maður, sem sektaður hefir verið eptir lögum þessum, borgi ekki alla sektina í ákveðinn tíma, skal í stað sektarinnar koma einfalt fangelsi, er ákveðið hafi verið í sama dóminum, og skal um stærð þeirrar hegningar farið eptir stöðu hins seka og öðrum málavöxtum; þó má ekki ákveða lengra fangelsi en í 30 daga fyrir hverra 50 ríkisdala sekt. Fari sá, sem dæmdur hefir verið, þess á leit við fógeta, og heilsufar hans er því ekki til fyrirstöðu, skal breyta einfalda fangelsinu í fangelsi við vatn og brauð jafnlengi að tiltölu.

Hafi sektaður maður verið dæmdur jafnframt í einfalt fangelsi skemur en 12 daga, má samt ekki setja skemmra fangelsi við vatn og brauð í stað þess en 2 sólarhringa. Hafi hann verið dæmdur í einfalt fangelsi lengur en 12 daga, og dagatölunni verði ekki fullskipt með 6, fellur afgangurinn burtu, ef hann er minni en 3 dagar, en skal álitinn jafn 1 dags fangelsi við vatn og brauð, ef hann er 3 daga eða meira.

32. grein.

Hinar almennu refsingar koma hver á eptir annari í þessari röð: Líflát, hegningarvinna, fangelsi við vatn og brauð, fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, einfalt fangelsi, sektir.

33. grein.

Þegar svo er fyrir mælt í lögunum, að hækka eigi eða lækka einhverja hegningu, en það verður ekki gjört innan þeirra takmarka, er þeirri refsingar-tegund eru sett, þá skal beita þeirri refsingu, sem er næst fyrir ofan í röðinni, er hækka á hegning-

una, en þeirri, sem næst er fyrir neðan, er lækka skal (smbr. 64. gr.).

34. grein.

Hafi maður framið eitthvert afbrot, er sú hegning er við lögð, að missa embætti sitt eða sýslun, en hann er ekki lengur, þegar dómurinn er upp kveðinn, í embætti því eða sýslun, sem hann hefir orðið brotlegur í, þá skal honum refsað með fangelsi, ekki vægara en 3 mánaða einföldu fangelsi, eða með betrunarhúsvinnu, eða, ef hann eptir það hefir komizt í annað embætti eða sýslun, þá með missi þess embættis eða sýslunar, eptir því sem ástatt er.

Eigi að færa niður hegningu þá að missa embætti sitt eða sýslun, sem tiltekin er í lögunum, skal einnig álíta refsingu þessa jafna fangelsis-hegningu, er ekki sje vægari en 3 mánaða einfalt fangelsi, eða betrunarhúsvinnu.

35. grein.

Hluti þá, sem orðið hafa til fyrir misgjörning, eða hafðir hafa verið eða ætlaðir til að drýgja afbrot með, má gjöra upptæka með dómi, ef það þykir nauðsynlegt í þarfir hins opinbera. Einnig má kveða á með dómi, að þeir munir skuli gjörðir upptækir, er fengizt hafa fyrir glæp, og enginn á löglegt tilkall til.

Þriðji kapituli.

Um sakhæfi, neyðarvörn og neyðartilfelli.

36. grein.

Eigi er hegning lögð við verkum, er börn vinna, sem ekki eru orðin 10 ára gömul. Samt getur hið opinbera gjört ráðstafanir til betrunar slíkum börnum eða til þess að engin háskavon sje af þeim, ef þess þykir þörf.

37. grein.

Hafi einhver sá, sem orðinn er fullra 10 ára, en ekki er enn orðinn 15 ára gamall, drýgt afbrot, skal honum refsað því að eins, að ætla megi eptir eðli glæpsins, til að mynda þegar það er dráp, töluverð spjöll á líkama eða heilsu, þjófnaður, rán eða brenna, eða eptir þeim skilningsþroska og því uppeldi sem sá, er hlut á að máli, hefir fengið, að hann hafi vitað, að verk hans var hegn-

ingarvert, og hann því næst hefði orðið fyrir stærri refsingu en sektum eða einföldu fangelsi, ef hann hefði verið orðinn fullra 18 ára. Hegningin fyrir börn á þessum aldri má ekki vera stærri en 2 ára betrunarhúsvinna. Sè annars svo ástatt, að líkindi sè til, að það mætti bæta barnið og koma því á rèttan veg með öðrum ráðstöfunum, þá skal stiptamtmanninum vera heimilt að ákveða, að málssókn skuli niður falla, ef að lægsta stig hegningarinnar fyrir hinn sama glæp væri ekki nema betrunarhúsvinna, ef fullorðinn maður hefði drýgt hann.

38. grein.

Drýgi maður, sem er 15 til 18 ára að aldri, afbrot, þá skal færa niður hegningu þá, sem lögákveðin er, og það allt að helmingi eptir málavöxtum. Þó má með engu móti leggja stærri refsingu en 8 ára hegningarvinnu á menn á þessum aldri.

39. grein.

Þau verk eru vítalaus sem vitstola menn vinna, eða þeir menn, er skilningur þeirra er svo lítt þroskaður eða sljófgaður eða ruglaður, að ekki verður álitið, að þeir hafi verið sèr þess meðvitandi, að verkið var hegningarvert, eða þeir, sem voru rænulausir, þá er þeir unnu verkið.

Sè höfðað mál út af slíku, má ákveða í dóminum, að gjöra megi þær ráðstafanir, að enginn háski verði að manninum; þó má valdsstjórnin nema þær af aptur, ef þær þykja ekki lengur nauðsynlegar og læknisálits hefir verið leitað um það.

40. grein.

Vægari refsing en þeirri, sem lögákveðin er, skal beita við bjána eða aðra menn, sem, þó ekki vanti þá alla sjálfsmeðvitund, vegna einhvers sèrlegs ástands eða ásigkomulags, sem hefir áhrif á sjálfræði þeirra, ekki verður álitið um, að þeir hafi verið svo fullkomlega með sjálfum sèr, þegar þeir unnu verkið, að þeim verði gefið það að sök á sama hátt og fullorðnum mönnum og heilum á sálu.

41. grein.

Það er vítalaust verk, er menn gjöra af neyðarvörn, þegar og að svo miklu leyti sem það hefir verið nauðsynlegt til þess

að standa á móti eða afstýra ólögmætri árás, sem byrjuð er eða vofir yfir, á mann sjálfan eða á annan mann, á æru eða góss, þó skal ekki leyfilegt nema til varnar lífi, heilbrigði eða velferð að beita þeim varnarmeðölum, er þeim sem á ræðst, er bersýnilegur lífsháski búinn af.

Hafi maður farið út yfir takmörk leyfilegrar neyðarvarnar, verður að meta, hvort honum eptir atvikum verði gefin sök á því, eða hann verði ekki sakfelldur fyrir það vegna þess, að hann hafi orðið svo hræddur og forviða, að hann hafi ekki fullkomlega getað gáð sín. Verði honum gefin sök á því, skal þó ekki hinni almennu lögboðnu hegningu fortakslaust beitt fyrir skaða þann, er hann gjörði þeim, sem á rèðist, heldur má dæma hann í vægari hegningu, er miðuð sè við, það hversu langt hann hefir farið út yfir það, sem leyfilegt var.

42. grein.

Taki maður eða spilli eign annars manns til þess að frelsa sjálfan sig eða aðra úr hættu, sem vofir yfir lífi eða heilbrigði, skal það verk vítalaust, ef svo er, að hann ekki hafði annað úrræði til bjargar.

43. grein.

Eigi leysir það mann undan hegningu, þó hann ekki þekki hegningarlögin, eða hann hafi ranglega haldið, að verk, sem fyrirboðið er í lögum, sè leyfilegt eða jafnvel boðið í samvizkunnar eða trúarinnar lögmáli, eða hins vegar að það, sem boðið er í lögum, sè óleyfilegt af sömu ástæðu, nè heldur það, hvað honum hafi til gengið og hvað hann hafi ætlað sèr með verkinu.

44. grein.

Fyrir gáleysis-verk skal ekki refsað nema því að eins að skýlaus heimild sè til þess í hegningarlögunum.

Fjórði kapituli.

Tilraunir til að drýgja misgjörninga.

45. grein.

Ekki ber að álíta neitt afbrot fullkomnað fyrr en allt það er framkvæmt, sem til þess afbrots heyrir að lögum, þó maður sá,

sem verkið vann, hafi gjört allt það sem hann ætlaði sèr að gjöra til þess að koma fram þeim ásetningi sínum að drýgja afbrotið.

46. grein.

Hafist maður að nokkurt það verk, er miðar til að vinna að því eða koma því til leiðar, að afbrot verði fullkomnað, skal honum þegar afbrotið ekki er fullkomnað, refsað fyrir tilraun til afbrotsins.

Refsingin fellur samt niður, ef hann af sjálfsdáðum en ekki vegna tálmana eða einhverrar annarar tilviljunar lætur af ásetningi sínum að drýgja afbrotið, og hann þar að auki, sje hann búinn að hafast að nokkur þau verk, sem gætu komið til leiðar, að afbrotið fullkomnist, hefir aptrað því, eða, hafi hann haldið, að hann hafi hafzt slík verk að, þá hefir gjört þær ráðstafanir, sem hann áleit til þess fallnar að aptra, að glæpurinn fullkomnist.

Sjeu verk þau, sem framin hafa verið, í sjálfu sjer afbrot, skal beita þeirri hegning, er við þeim liggur.

47. grein.

Þegar ekki er öðruvísi fyrir mælt um einstök afbrot, skal refsað fyrir tilraun til afbrots með vægari refsingu að tiltölu, en sakamaðurinn hefði tilunnið, ef afbrotið hefði fullkomnazt. Þá er refsingin er ákveðin, skal sjer í lagi hafa tillit til, hvort tilraunin á lengra eða skemmra í land til þess að afbrotið fullkomnist, en þó má refsingin aldrei fara fram yfir þrjá fjórðu parta af refsingu þeirri, sem í lögum er lögð við afbrotinu.

Fimmti kapituli.

Um hlutdeild í misgjörningum.

48. grein.

Hafi tveir menn eða fleiri hjálpazt til að framkvæma afbrot, skal hverjum þeirra um sig refsað, sem hann sje verksins valdur. En hafi nokkur hluttakari einasta veitt höfuðsmanninum liðsinni, er minna er í varið, þá er hann framkvæmdi afbrot sitt, skal beita vægari hegningu að tiltölu, og sje hún ekki minni en helmingur hinnar vægustu og ekki meiri en þrír fjórðu partar hinnar þyngstu hegningar, sem lögð er við afbrotinu í lögum.

49. grein.

Álíka vægari hegning á við um hvern þann, sem með ráðum eða í verki hefir veitt þeim, sem valdur er að afbrotinu, liðsinni til þess, áður en það er framkvæmt. Þó má færa niður hegningu sliks aðstoðarmanns allt að þriðjungi af lægsta stigi hegningar þeirrar, sem í lögum er lögð við glæp þeim, er aðstoðarmaðurinn hafði í hyggju.

50. grein.

Sè afbrotið ekki fullkomnað, eiga reglur þær, sem settar eru í 48. og 49. grein, við á þann hátt, að hegningin skal ákveðin að tiltölu við hegningu þá, sem verðskulduð er fyrir tilraun til afbrotsins.

51. grein.

Sè maður búinn að veita liðsinni til afbrots, en afstýri framkvæmdinni af sjálfsdáðum með því að koma höfuðsmanninum til að láta af glæpnum eða á annan hátt, er hann vítalaus. Hafi hann árangurslaust leitazt við að afstýra glæpnum, má færa hegninguna niður fyrir takmark það, sem sett er í 49. grein.

52. grein.

Hafi maður, án þess hann hafi unnið til þyngri refsingar eptir næstu grein, reynt með loforðum, hvötum eða öðrum fortölum að koma því til leiðar, að afbrot verði framkvæmt, til að mynda með því að styrkja áform annars manns, sem áður er til orðið, eða telja hann af að hætta við það, þá skal hegning hans ákveðin eptir því sem fyrir er mælt í 49.—51. grein.

53. grein.

Hafi maður með loforðum, hótunum eða öðrum fortölum unnið annan mann til að drýgja afbrot, og það verður fullkomnað, skal hann sæta sömu refsingu, eins og væri hann sjálfur valdur að glæpnum. Verði glæpurinn ekki fullkomnaður, skal honum refsað, eins og hefði hann gjört sig sekan í tilraun til glæpsins. Vægari hegning að tiltölu á við, þegar hvatamanninum ekki tekst að koma hinum til að ráða af að drýgja afbrotið.

54. grein.

Ef sá, sem unnið hefir annan mann til að drýgja afbrot, fær

hann til að hætta við það, er hann vítislaus. Sama er og, ef hvatamanninum að vísu ekki hefir tekizt að fá hinn til að hætta við framkvæmdina, en hann samt hefir afstýrt afbrotinu á annan hátt. Hafi hann ekki afstýrt því, skal honum refsað eins og fyrir er mælt í 49. grein; þó má færa hegninguna niður, ef hann hefir leitazt við að afstýra glæpnum.

Þeim manni, sem lofað hefir öðrum að framkvæma afbrot, en er ekki enn búinn að gjöra neitt það, er að því lýtur, skal refsað eptir ákvörðununum í 50. grein smbr. 49. grein. Taki hann loforð sitt aptur, áður en hann hefir hafzt nokkuð að því til framkvæmdar, er hann vítislaus, ef hann afstýrir glæpnum; að öðrum kosti má færa hegninguna niður, eða jafnvel láta hana falla alveg burt, þegar svo stendur á.

55. grein.

Hafi tveir menn eða fleiri orðið ásáttir um að hjálpast að að drýgja afbrot (samtök), skal þeim öllum refsað eins og væru þeir valdir að glæpnum, ef hann er fullkomnaður, eða byrjað hefir verið á honum, og það þó að þeir ekki hafi hjálpað til hans með öðru en því að taka þátt í áforminu. Sè ekki byrjað að framkvæma glæpinn, skal refsað fyrir hlutdeild í áforminu eins og fyrir tilraun til glæpsins.

Hafi allir hluttakendur af sjálfsdáðum slitið samtökunum, áður en nokkurt afbrot er drýgt, eru þeir vítislausir. Gangi einhver einstakur hluttakandi úr, er hann sömuleiðis vítislaus, ef hann afstýrir afbrotinu; að öðrum kosti skal refsa honum eptir ákvörðuninni í 49. grein, þó má færa hegninguna niður, ef hann hefir leitazt við að aptra glæpnum.

56. grein.

Sá maður, sem, eptir að búið er að fullu að framkvæma afbrot, verður samsekur í því, án þess að hafa lofað neinu um það fyrir fram skýlaust eða þegjandi, með einhverri þeirri athöfn, er miðar til þess að hjálpa þeim, sem drýgt hefir afbrotið, til þess að geta haldið ábata þeim, er hann hefir aflað á ólöglegan hátt, eða verða sjálfur hluttakandi í ábatanum, eða til þess að halda fram á annan hátt hinu ólöglega ástandi, sem glæpurinn er ollandi, skal sæta refsingu, er ekki fari út yfir helminginn af hinni

þyngstu, og ekki sè minni en fjórði parturinn af hinni vægustu hegningu, sem lögð er við glæpnum að lögum.

57. grein.

Hafi gipt kona, sem er saman við mann sinn, af hlýðni við hann látið leiðast til þess að taka þátt í afbroti með honum, má færa hina venjulegu hegningu niður, sem í lögum er lögð við þeirri hlutdeild, og ef að líklegt er, að hún með því að neita beiðni hans hefði orðið fyrir illri meðferð af honum, eða neyðzt til að fara frá honum, má jafnvel eptir málavöxtum hlífa henni alveg við refsingu.

Slíkt hið sama er og um aðra, sem eru háðir þeim, sem þeir eru hjá og fá hjá viðurværi sitt kauplaust, og vegna þess hafa látið tæla sig til að taka þátt í glæp með þeim, og sömuleiðis um börn, sem eru yngri en 15 ára, og hafa látið fullorðnari menn, sem ætla má, að hafi eitthvert sèrlegt vald yfir þeim vegna stöðu þeirrar, er þeir standa í við þau, koma sèr til að veita þeim liðsinni til misgjörnings. — Ekki skulu börn, sem eru yngri en 15 ára, sæta refsingu fyrir hlutdeild þá í afbrotum, sem um er rætt í 56. grein.

Sjötti kapítuli.

Um það, hvernig eigi að tiltaka hegninguna og færa hana niður, þegar svo stendur á, og um ítrekun misgjörnings.

58. grein.

Þá er hegningin er tiltekin innan takmarka þeirra, sem sett eru í lögum, á einkanlega að taka til greina, bæði hversu hættulegt verkið er, sèr í lagi með tilliti til þess, hve nær, hvar og hvernig það er framkvæmt, hversu mikilvægt það er, sem afbrotið hefir beinzt að, og hversu yfirgripsmiklu og stóru tjóni það hefir valdið, og eins hitt, hversu styrkur og einbeittur vilji glæpamannsins hefir verið, hvað honum hefir gengið til verksins, uppeldi hans, aldur og hegðun að undanförnu, hver vandi honum er á hendi við þann, sem hann hefir misgjört við, og hvernig hann hefir farið að ráði sínu eptir að hann hafði unnið verkið.

59. grein.

Hafi sakamaðurinn verið hafður langan tíma í varðhaldi, og það er ekki því að kenna, hvernig hann hefir hagað sèr meðan á

málinu stóð, skal það tekið til greina honum til málsbóta, þá er hegningin er ákveðin. Reynist það, að hann hafi ekki unnið til þyngri refsingar en einfalds fangelsis eða fangelsis við venjulegt fangaviðurværi um stuttan tíma, mega dómstólarnir jafnvel kveða svo á, að varðhald það, sem hann hefir setið í, skuli koma í stað hegningar.

60. grein.

Þegar sekta upphæð er tiltekin á sèr í lagi að taka til greina efnahag sakamannsins.

61. grein.

Hafi sakamaðurinn, eptir að afbrotið er drýgt, gjört sèr mikið far um að afstýra því, að það hafi skaðlegar afleiðingar eða að minnsta kosti að minnka þær svo sem verður, skal dómstólunum heimilt, þegar annað fleira er honum til málsbóta, að færa hegninguna niður fyrir lægsta stigið, sem lög ákveða, en þó ekki niður fyrir helming þess. Slíkt hið sama er og, ef maður af sjálfsdáðum gefur sig fram sem sekan eða samsekan í glæp nokkrum, og segir frá öllu eins og það er.

62. grein.

Þegar lögin leggja þyngri hegningu við ítrekun glæps en þá almennu, sem ákveðin er, má þó ekki dæma glæpamanninn í hina þyngri hegningu nema því að eins, að hann hafi verið dæmdur í hinu danska ríki fyrir hinn fyrra glæpinn áður en hann varð brotlegur í annað sinn, og hann þar að auki hafi verið fullra 18 ára, þegar hann drýgði hinn fyrra glæpinn.

Þegar liðin eru 10 ár, frá því að hann hefir út tekið hina fyrri hegninguna, og þangað til að hann drýgir hið nýja afbrot, skal farið eptir hinum almennu reglum í 58. grein um það, hvernig tiltaka skuli hegninguna í stað ákvarðananna um ítrekun.

Sjöundi kapítuli.

Um það, er afbrotum lendir saman og um einstök tilfelli, er breyta má hegningunni.

63. grein.

Verði maður, meðan á sama málinu stendur, uppvís að því

að hafa drýgt fleiri afbrot en eitt, skal ákveða hegninguna fyrir þau í einu lagi, og svo, að þau sè öll tekin til greina, þá er tiltekin er stærð refsingarinnar; en liggi líflát eða hegningarvinna æfilangt við hinu mesta afbrotinu, sem hann hefir drýgt, er ekki um frekari hegningu að ræða fyrir hin afbrotin.

Eigi sama hegningar-ákvörðun við um öll afbrotin, má ekki fara út yfir hæsta stig hennar; eigi þau undir fleiri hegningarákvarðanir, skal refsingin sömuleiðis jafnaðarlega vera innan takmarkanna í þeirri ákvörðuninni, sem setur þyngsta hegningu, en þó má þyngja hana svo eptir málavöxtum, að bætt sè við hana allt að helmingi hennar, ef fleiri en eins konar afbrot hafa drýgð verið og athöfnin er ekki hin sama.

Þó skal dómstólunum heimilt, þegar á að dæma sakamann undir eins bæði fyrir stóran glæp og annan, sem að tiltölu er lítilræði eitt, að bregða út af þessari reglu og beita jafnvel hinu lægsta stigi þeirrar hegningar, sem lögð er við hinum stóra glæpnum, ef að álíta má, að það eptir málavöxtum sè ærið alls.

64. grein.

Þegar hin lögákveðna hegning við glæpnum ekki yrði þyngd samkvæmt næstu grein á undan, nema farið væri út yfir takmörk þau, sem sett eru hverri hegningartegund um sig, skal breyta allri hegningunni í þá hegningar-tegund, sem næst er og þyngri, eptir hlutfalli því, sem kveðið er á um í 2. kapítula.

Takmörk þau, sem typtunarhúsvinnuu um tiltekinn áratíma eru sett í 12. grein í 2. kapítula, skulu þó ekki vera því til fyrirstöðu, að maður, þegar svona stendur á, sè dæmdur í typtunarhúsvinnu allt að 24 árum; slíkt hið sama er um einfalt fangelsi, og má lengja það allt að 3 árum.

65. grein.

Verði maður, sem búið er að dæma fyrir eitt afbrot eður fleiri, uppvís að að hafa drýgt aðra glæpi, áður en hann var dæmdur, á að höfða nýtt mál og dæma hann í hegningarauka, er samsvari þeirri þyngingu hegningarinnar, sem afbrotin, er seinna komust upp, hefðu verðskuldað, ef þau hefðu verið tekin með í hinu fyrra málinu. Hafi refsing sú, sem sakamaðurinn áður var dæmdur í, verið hegningarvinna, og hann er ekki búinn að út taka hana, þegar dómur er uppkveðinn í hinu nýja málinu, má dæma

hann í hegningarvinnu í viðbót skemmri tíma, en skemmstur er ákveðinn annars í 12. gr í 2. kap. um hvora tegund hegningarvinnu um sig.

66. grein.

Um afbrot, sem fangar drýgja í hegningarhúsinu, á að fara eptir lögunum um hegningarhúsið; sömuleiðis eiga hegningarákvarðanirnar í þeim lögum við, er maður, sem dæmdur er í typtunarhúsvinnu æfilangt, og honum er ekki hegningin upp gefin, drýgir afbrot að nýju utan hegningarhúss, og ekki liggur líflát við.

Áttundi kapítuli.

Um fyrnd tilverknaðar til hegningar.

67. grein.

Ef sakamál er höfðað, og það sannast, að liðin eru 2 ár frá því að afbrotið var framið og þangað til að mál var höfðað út af því við dómstólana, eða að mál að vísu hefir verið höfðað, en það hefir ónýtt verið og ekki tekið upp að nýju áður en téður frestur var liðinn, skal falla niður refsing sú, sem til er unnið, ef hún ekki hefði orðið þyngri en sektir, einfalt fangelsi eða hýðing með vendi.

Af þessu leiðir, að ekki skal höfða mál á móti manni til refsingar, þegar liðin eru 2 ár frá því að hann varð brotlegur, og afbrotið á undir hegningarákvörðun, þar sem ekki er sett þyngri hegning en sektir, einfalt fangelsi eða hýðing með vendi.

Þó eiga ákvarðanirnar í þessari grein ekki við um afbrot þau, sem rætt er um í 13. kapítula.

68. grein.

Hegningin fyrir afbrot, sem ekki ber að höfða mál út af, af hálfu hins opinbera, eða hið opinbera því að eins á að fylgja málinu fram, að sá æski þess, sem misgjört er við, fellur ekki að eins niður samkvæmt hinni almennu reglu, sem sett er í 67. gr., heldur einnig, þegar sá, sem misgjört er við, lætur líða 1 ár frá því að hann komst að, hver gjört hefir á hluta hans, án þess að höfða mál út af afbrotinu eða krefjast, að það sè höfðað. Hafi sá, sem misgjört er við, að vísu hafið málssóknina í tækan tíma, en málið hefir ónýtt verið, eða hann hefir hætt við það, getur hann

ekki höfðað mál að nýju, þegar 3 mánuðir eru liðnir frá því að fyrra málið var ónýtt eða hætt var við það, ef að téður 1 árs frestur þá er á enda.

69. grein.

Um afbrot, sem börn hafa framið yngri en 15 ára, skal ekki hefja málssókn, ef að það ekki hefir gjört verið, áður en sá, sem í hlut á, er orðinn 18 ára, og það þó hegningin yrði þyngri en kveðið er á í 67. grein. Sè höfðað mál á móti manni, sem er orðinn 18 ára, og það sannast, að hann hefir framið afbrot það, sem um er að ræða, áður en hann varð fullra 15 ára, fellur hegningin niður.

70. grein.

Sè ekki höfðað mál út af afbrotum, sem ungir menn á aldursskeiði frá 15 til 18 ára hafa framið, fyrr en sá, sem í hlut á, er orðinn 25 ára, fellur niður hegning sú, sem hann hefir unnið til, ef að sú verður niðurstaðan, að, ef átt hefði að kveða dóminn upp, áður en hann var orðinn fullra 18 ára, hefði hegningin ekki orðið meiri en hýðing með reyrpriki eða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi. Eigi verkið undir hegningar-ákvörðun, sem ekki hefði heimilað þyngri hegningu en hýðingu með reyrpriki eða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, ef að hefði átt að kveða dóminn upp, áður en sá var orðinn fullra 18 ára, sem í hlut á, skal ekki höfða mál til refsunar, ef að málssóknin ekki hefir verið byrjuð, áður en hann var orðinn fullra 25 ára.

71. grein.

Tilverknaður til hegningar fyrnist ekki í öðrum tilfellum en þeim, sem um er rætt í 67.—70. grein. Þó skal stiptamtmanninum yfir Íslandi heimilt að láta sleppa að höfða mál út af afbroti, þegar liðin eru 10 ár frá því að það var drýgt. Hafi verið haldið rannsóknarpróf, þegar svo er ástatt, sem nú er sagt, á vegna þessa að senda stiptamtmanninum það, og sker hann úr, hvort hefja skuli málsókn; en komist ekki upp, fyrr en búið er að höfða mál á móti grunuðum manni, að 10 ár voru liðin frá því að afbrotið var drýgt áður en honum var birt stefnan, á dómstóllinn að skýra stiptamtmanninum frá málinu, og ákveður hann, hvort að eigi að dæma málið. Sèu liðin 10 ár frá því að hegningardómur

var uppkveðinn, má ekki framkvæma hann nema að boði stiptamtmannsins.

Níundi kapítuli.

Um landráð.

72. grein.

Veki maður uppreisn eða gjöri samsæri við önnur ríki í þeim tilgangi að koma Danmerkur ríki eða nokkrum hluta þess undir yfirráð annara, eða brjóta nokkurn hluta þess undan Danmerkur krónu, hefir hann fyrirgjört lífi sínu.

Hver, sem tekur þátt í þvílíkri uppreisn, skal sæta hegningarvinnu ekki skemur er 3 ár.

73. grein.

Gjöri maður í öðrum tilgangi en um er rætt í 72. grein samtök við stjórn í öðru ríki til þess að stofna til fjandsamlegra tiltækja eða ófriðar við Danmerkur ríki, þá varðar það lífláti eða typtunarhúsvinnu æfilangt, ef byrjað er á fjandsamlegum tiltækjum eða ófriður hefir hafizt, en að öðrum kosti hegningarvinnu ekki skemur en 4 ár.

Gjöri maður annars, Danmerkur ríki til miska eða tjóns, samtök við stjórn í öðru landi til þess að fá hana til að hlutast til um ríkismál, eða fara fram á kröfur við það, þá varðar það hegningarvinnu eða, þegar málsbætur eru, ríkisfangelsi allt að 10 árum.

74. grein.

Hver sá, sem opinberlega í ræðu eða riti mælir fram með því, eða á annan hátt en um er rætt í 72. og 73. grein stuðlar til þess, að önnur ríki byrji á fjandsamlegum tiltækjum við Danmerkur ríki eða hlutist heimildarlaust til um málefni þess, skal sæta hegningarvinnu eða ríkisfangelsi allt að 6 árum eða, þegar miklar málsbætur eru, öðru fangelsi, en þó ekki vægara en 3 mánaða einföldu fangelsi, og því að eins, að hann ekki hafi unnið til þyngri refsingar eptir reglum þeim, sem settar eru í 4. og 5. kapítula.

75. grein.

Hver sá, sem, þegar ófriður er í landi, svíkur kastala eða

aðra varnarstaði, herskip eða herlið, opinbera sjóði, hertýgjabúr, forðabúr eða forða af vopnum eða öðru, sem til hernaðar þarf, í hendur fjandmannanna, eða skýrir þeim frá fyrirætlunum hershöfðingjanna, ásigkomulagi eða ástandi kastala eða annara varnarstaða, eða segir þeim frá orðtaki eða bendingum í hernaði, og sömuleiðis hver sá, sem tælir hermennina til uppreisnar, eða til þess að slást í lið við fjandmennina, eða til þess að yfirgefa stöðu, sem þeim er trúað fyrir, safnar liði handa fjandmönnunum eða ber þeim njósnir — skal sæta lífláti eða typtunarhúsvinnu æfilangt eða, þegar málsbætur eru, ákveðinn áratíma, þó ekki skemur en 10 ár.

Veiti nokkur maður, þegar ófriður er, fjandmönnum liðsinni á annan hátt í orði eða verki, þá varðar það hegningarvinnu ekki skemur en 3 ár.

76. grein.

Beri nokkur danskur þegn, þegar ríkið á í ófriði, vopn á móti því eða bandamönnum þess, þá varðar það lífláti, ef mjög miklar sakir eru, en annars hegningarvinnu eða, þegar málsbætur eru, ríkisfangelsi ekki skemur en 3 ár.

77. grein.

Ráði maður í óleyfi konungs menn til útlendrar herþjónustu, en án þess að 75. grein geti átt við um það, þá varðar það hegningarvinnu allt að 6 árum, ef ríkið á í ófriði, en annars fangelsi, ekki vægara en 2 mánaða einföldu fangelsi eða betrunarhúsvinnu allt að 2 árum.

Hver sá af þegnum konungs, sem í óleyfi hans lætur tillokkast að ganga í útlenda herþjónustu þegar ríkið á í ófriði, en þó ekki hjá fjandmönnum þess, skal sæta fangelsi eða eptir málavöxtum betrunarhúsvinnu allt að 1 ári.

Undir eins og nokkur maður er ráðinn í útlenda herþjónustu, eiga hegningar-ákvarðanirnar í þessari grein við.

78. grein.

Hver sá, sem tælir nokkurn liðsmann í herliðinu eða skipaliðinu til þess að strjúka eða hjálpar honum til þess, en án þess að 75. grein eigi við um það, sæti hegningarvinnu allt að 8 árum, ef ríkið á í ófriði, og annars fangelsi, ekki vægara en 3 mánaða einföldu fangelsi, eða betrunarhússvinnu allt að 3 árum.

79. grein.

Verði nokkur maður, sem skyldur er til landvarnar, uppvís að hafa lemstrað sjálfan sig eða gjört sig á annan hátt óhæfan til herþjónustu, þá varðar það fangelsi, eða, ef miklar sakir eru, einkum ef ríkið á í ófriði eða á von ófriðar, betrunarhússvinnu allt að 1 ári.

80. grein.

Sè manni á hendur falið í erindagjörðum ríkisins að semja eða gjöra út um eitthvað við annað ríki, og hann breytir af ásettu ráði á móti hag ríkisins í erindagjörðum þessum, þá varðar það hegningarvinnu 3 ár til 16 ára.

81. grein.

Ef að nokkur sá, sem vegna embættisstöðu sinnar hefir færi á að þekkja leynilega samninga ríkisins, ráðagjörðir eða ályktanir um málefni, sem heill þess eða rèttindi gagnvart öðrum ríkjum eru undir komin, segir frá þeim, eða kunngjörir eða lætur uppi við óviðkomandi menn skjöl, sem hann hefði átt að leyna eða geyma, þá varðar það hegningarvinnu eða, þegar málsbætur eru, ríkisfangelsi, þó ekki skemur en 3 ár.

Fái nokkur annar maður vitneskju um þess konar samninga ráðagjörðir eða ályktanir, og segi frá þeim, eða komist hann yfir þess konar skjöl og birti þau, þó að hann ekki gæti verið þess óvitandi, að þetta átti leynt að fara, þá varðar það ríkisfangelsi, eða þegar miklar sakir eru, hegningarvinnu allt að 8 árum.

82. grein.

Hver sá, sem falsar, ónýtir eða á annan hátt spillir skilríkjum eða öðrum skjölum, sem heill ríkisins eða rèttindi gagnvart öðrum ríkjum eru undir komin, skal sæta hegningarvinnu 3 ár til 16 ára, ef hann vegna embættisstöðu sinnar hafði færi á að komast að þeim, en hafi hann komizt yfir þau á annan hátt, varðar það ríkisfangelsi eða, þegar miklar sakir eru, hegningarvinnu allt að 8 árum.

83. grein.

Vinni maður nokkurt það verk, sem miðar til þess að ráða útlendum ríkisstjóra, sem er í vinfengi við konung, bana, þá varðar

það líláti eða hegningarvinnu æfilangt, eða, þegar málsbætur eru, tiltekinn áratíma, þó ekki skemur en 3 ár.

Ráðist nokkur maður annars á slíkan útlendan landshöfðingja, varðar það hegningarvinnu eða ríkisfangelsi eitt ár eða fleiri eptir því, hvernig glæpurinn er vaxinn.

Hver sem hótar útlendum landshöfðingja, sem er í vinfengi við konung, að ráðast á hann, veður upp á hann með illyrðum eða ávarpar hann á annan hátt, sem honum er misgjörð í, skal sæta betrunarhússvinnu, ríkisfangelsi eða öðru fangelsi, þó ekki vægara en 3 mánaða einföldu fangelsi.

Ef að maður annars meiðir útlendar þjóðir, sem eru í vináttu við konung, með orðum, bendingum eða mynda-uppdráttum, einkum á þann hátt að lasta og smána þá, sem ríkjum ráða, í prentuðum ritum, eða að drótta að þeim ranglátum og skammarlegum athöfnum án þess að tilgreina heimildarmann sinn, þá varðar það fangelsi, eða þegar málsbætur eru, 20 til 200 ríkisdala sektum.

84. grein.

Ráðist maður á sendiherra annars ríkis við hirð konungs, þá varðar það betrunarhúsvinnu eða ríkisfangelsi allt að 2 árum eða öðru fangelsi, ef ekki hinar almennu ákvarðanir í lögum þessum heimila þyngri refsingu.

Hóti maður slíkum sendiherra árás, vaði upp á hann með illyrðum eða ávarpi hann á annan hátt, er honum er misgjörð í, þá varðar það fangelsi.

Meiði nokkur annars sendiherra með orðum, bendingum eða mynda-uppdráttum, þá varðar það einföldu fangelsi eða, þegar málsbætur eru, 20 til 200 ríkisdala sektum.

85. grein.

Út af afbrotum þeim, sem um er rætt í 83. og 84. grein, nema þeim sem talað er um í 1. og 2. kafla 83. greinar, skal ekki höfðuð málssókn af hálfu hins opinbera, nema stjórn sú eða sendiherra, sem í hlut á, krefjist þess, og sè svo þá að boði dómsmálastjórnarinnar.

Tíundi kapítuli.

Afbrot gegn stjórnarskipuninni.

86. grein.

Hafist maður nokkuð það að, sem miðar til þess að svipta konunginn lífi, frelsi eða konungdómi, þá hefir hann fyrirgjört lífi sínu.

Veki maður uppreisn í þeim tilgangi að breyta stjórnarskipuninni eða ríkiserfðunum, eða komi til leiðar á annan hátt eða stýri ofbeldisverkum, er miða til að koma fram slíkri breytingu, þá varðar það lífláti eða typtunarhúsvinnu æfilangt.

Hver, sem tekur þátt í þess konar uppreisn eða ofbeldi, sæti hegningarvinnu ekki skemur en 3 ár.

87. grein.

Leitist maður við á annan ólöglegan hátt að koma til leiðar breytingu á stjórnarskipuninni eða ríkiserfðunum, þá varðar það hegningarvinnu, eða ríkisfangelsi, ef málsbætur eru.

88. grein.

Sömu refsingu, en samt ekki lengur en í 8 ár, skal sá maður sæta, er með ofbeldi, hótunum um ofbeldi eða á annan ólöglegan hátt leitast við að aptra því, að kosningar fari fram til alþingis, eða að alþingi komi saman eða gegni störfum sínum í eitthvert skipti, án þess að 86. grein samt eigi við um athæfi hans.

Ellefti kapítuli.

Afbrot gegn honungi og ættingjum konungs o. s. frv.

89. grein.

Verði nokkrum manni sú óhæfa að ráðast á konunginn, þá varðar það typtunarhúsvinnu, ef að hinar almennu ákvarðanir í lögum þessum ekki heimila þyngri refsingu.

90. grein.

Vaði maður upp á konunginn með hótunum, illyrðum eða annari svívirðing eða ávarpi hann á annan hátt, sem honum er misgjörð í, þá varðar það hegningarvinnu eða ríkisfangelsi í 1 ár og allt að 8 árum.

91. grein.

Ef að nokkur maður annars með hótunum, smánunum eða annari óhæfilegri aðferð misbrýtur gegn lotningu þeirri, sem konungi ber, þá varðar það fangelsi, ekki vægara en 3 mánaða einföldu fangelsi, eða betrunarhúsvinnu.

92. grein.

Vinni maður nokkurt það verk, sem miðar til þess að svipta drottninguna, konungsefnið eða ekkju konungs lífi eða frelsi, þá varðar það lífláti eða typtunarhúsvinnu.

93. grein.

Ráðist maður annars á drottninguna, konungsefnið eða ekkju konungs, þá varðar það hegningarvinnu, ef hinar almennu ákvarðanir í lögum þessum ekki heimila þyngri refsingu.

94. grein.

Verði maður brotlegur við drottninguna, konungsefnið eða ekkju konungs í nokkru því athæfi, sem um er rætt í 90. og 91. grein, skal færa niður hegningar þær, sem þar eru settar, eptir málavöxtum allt að helmingi.

95. grein.

Sè nokkurt af afbrotum þeim, sem um er rætt í 89.—91. grein, drýgt á móti nokkrum öðrum prinzi, sem arfgengur er eptir lögunum um ríkiserfðir, eða nokkurri prinzessu af dönsku konungsættinni, sem á heima í Danmörku, skal auka hinar almennu hegningar, sem settar eru í lögum þessum allt að helmingi eptir málavöxtum.

96. grein.

Hver sem ræðst á alþingi, svo að því eða sjálfræði þess er hætta búin, eða lætur boð út ganga, er að því lýtur, eða hlýðir slíku boði, skal sæta hegningarvinnu eða ríkisfangelsi, eigi afbrotið ekki undir 86. grein.

97. grein.

Til sömu hegningar vinnur hver sá, er á sama hátt misbrýtur við ríkisráðið, þegar það hefir stjórnina á hendi samkvæmt grundvallarlögunum, eða við ríkisrjettinn eða hæstarjett.

98. grein.

Út af afbrotum þeim, sem um er rætt í 89.—95. grein, skal að eins höfðað mál að skipun dómsmálastjórnarinnar.

Tólfti kapituli.

Um brot á móti valdstjórninni og á allsherjarreglu.

99. grein.

Hver, sem ræðst á embættismann, þegar hann er að embættisverki eða út af embættisverki, með ofbeldi eða hótunum um ofbeldi, og eins sá, sem á sama hátt leitast við að neyða embættismann til að gjöra nokkurt embættisverk eða aptra honum frá að gjöra það, skal sæta hegningarvinnu allt að 6 árum, eða fangelsi, þegar málsbætur eru, ekki samt vægara en 3 mánaða einföldu fangelsi, nema að afbrotið sje svo vaxið, að þyngri hegning liggi við því.

Ef að maður annars gjörir embættismanni tálmanir í að gegna embættisstörfum sínum, þá varðar það fangelsi eða sektum.

Þeir menn, er sitja í sveitastjórnar-ráðum, og aðrir þess háttar menn, sem kosnir eru til að hafa yfirboð á hendi af hálfu hins opinbera, standa jafnfætis embættismönnum að þessu leyti, þegar þeir eru að gegna sýslu sinni.

100. grein.

Hver, sem beitir ofbeldi eða hótunum um ofbeldi við varðmenn, varðflokka eða aðra hermenn, sem skipaðir eru í sendifarir, eða tálmar þeim að reka erindi sitt, skal sæta refsingu eptir ákvörðunum í 99. gr., þó má færa hegninguna niður eptir málavöxtum allt að mánaðar einföldu fangelsi, þegar eins er ástatt og gjört er ráð fyrir í fyrsta lið greinarinnar.

101. grein.

Sýni maður sig í nokkurri þess konar mótgjörð, sem vikið er á í 99. grein, við minni háttar rèttara eða lögregluþjóna, tollþjóna, hreppstjóra, stefnuvotta eða aðra þess háttar sýslunarmenn hins opinbera, þá varðar það betrunarhúsvinnu allt að 2 árum, fangelsi, eða sektum ef málsbætur eru.

Jafnfætis tèðum sýslunarmönnum standa þeir menn, sem dómari eða yfirvald boðar sèr til aðstoðar við rekstur opinberra starfa.

102. grein.

Hver, sem veður með smánunum, skömmum eða öðrum meiðyrðum upp á embættismann eða nokkurn þann mann, sem nefndur er í 99.—101. grein, þegar hann er að gegna embætti sínu eða sýslun eða út af því, sæti fangelsi eða sektum.

103. grein.

Þegar á að kveða á um refsingar þær, sem settar eru í 99. —102. grein, ber að taka til greina til málsbóta, ef embættismaðurinn eða sýslunarmaðurinn, sem í hlut á, hefir með röngu atferli sínu gefið tilefni til þess, sem gjört var, og má jafnvel færa fangelsishegningu niður í sektir, þegar svo er.

104. grein.

Hafi mannsöfnuður látið opinberlega í ljósi í orði eða verki, að þeir ætli sèr að hjálpast að að neyða yfirvaldið til þess að gjöra eitthvað eða láta eitthvað ógjört, eða að veitast að að setja sig með ofbeldi upp á móti einhverri ályktun yfirvaldsins, þá skal höfuðsmönnunum refsað með hegningarvinnu allt að 6 árum, ef haft hefir verið í frammi ofríki við menn eða fjármuni manna, og öðrum hluttakendum með fangelsi ekki vægara en 3 mánaða einföldu fangelsi eða með betrunarhúsvinnu allt að 2 árum.

Hafi ekki verið haft í frammi ofbeldi við menn eða fjármuni manna, en mannsöfnuðurinn ekki hefir viljað hlýðnast áskorun yfirvaldsins að sundrast (105. grein), skal höfuðsmönnunum refsað með fangelsi ekki vægara en 3 mánaða einföldu fangelsi eða með betrunarhúsvinnu allt að 2 árum, og hinum öðrum hluttakendum með fangelsi. En hafi mannsöfnuðurinn rofizt annaðhvort af sjálfsdáðum eða eptir áskorun yfirvaldsins, án þess að mönnum hafi verið gjörður óskundi eða á fjármunum manna, skal að eins refsa höfuðsmönnunum með fangelsi eða með betrunarhúsvinnu allt að 1 ári.

105. grein.

Þegar yfirvaldið hefir skorað á mannsöfnuð á opinberum stað þrisvar sinnum í nafni konungs og laganna að sundrast, skal þeim, sem ekki hlýðnast þessari skipun, refsað með sektum eða fangelsi.

Hafi nokkur maður þar að auki ofbeldi í frammi við menn eða fjármuni manna, án þess að 104. grein geti átt við um það,

skal hann sæta fangelsi eða betrunarhúsvinnu allt að 1 ári, ef miklar sakir eru.

106. grein.

Taki maður heimildarlaust burtu auglýsingu, sem fest hefir verið upp að yfirvalds ráðstöfun, eða skemmi hana, þá varðar það sektum eða fangelsi.

107. grein.

Sömu refsingu skal hver sá sæta, sem heimildarlaust tekur burt eða skemmir af ásettu ráði innsigli eða merki, sem einhver opinber yfirboðari hefir sett á eitthvað í embættis nafni, nema að athæfi hans sè eitthvert annað afbrot út af fyrir sig.

108. grein.

Hver, sem tekur sèr eitthvert opinbert vald, sem hann ekki hefir, og sem þeir einir geta beitt, sem hafa eitthvert opinbert embætti, sýslun eða umboð á hendi, skal sæta sektum eða einföldu fangelsi allt að einu ári, ef að verk hans ekki er svo vaxið, að til þyngri hegningar sè unnið.

109. grein.

Frelsi maður fanga úr valdi yfirvalds eða dómara, eða útvegi honum það sem með þarf til að komast undan eða færi á því, þá varðar það fangelsi eða betrunarhúsvinnu, og ef beitt hefir verið ofbeldi eða hótunum um ofbeldi við gæzlumennina, eða ef sá, sem frelsar fangann, lætur hann fá verkfæri til að komast undan með þess konar ofbeldi, getur hegningin komizt upp í 4 ára betrunarhúsvinnu.

Hverjum þeim, sem frelsar mann, sem búið er að handtaka, eða útvegar honum það sem þarf til að komast undan eða færi á því, skal refsað með sektum eða fangelsi, og getur hegningin komizt upp í 2 ára betrunarhúsvinnu, ef beitt hefir verið ofbeldi.

110. grein.

Hafi maður fengið áreiðanlega vitneskju um nokkurn þann glæp á móti konungi, föðurlandi sínu eða stjórnarskipuninni, sem um er rætt í 72., 73., 75. og 86. grein, og segi yfirvöldunum ekki frá því, þó að hann hefði getað gjört það, án þess að lífi

eða velgengni sjálfs hans eða neins þeirra, sem honum eru nánastir sè nein hætta búin, þá varðar það fangelsi eða ríkisfangelsi eða betrunarhúsvinnu, ef að glæpurinn verður framkvæmdur.

Með sama skilyrði skal hverjum þeim, sem hefir fengið áreiðanlega vitneskju um, að morð, rán eða annar glæpur, sem lífi manna er hætta búin af, sè fyrirætlaður, refsað með fangelsi eða betrunarhúsvinnu, ef að hann ekki gjörir allt, sem í hans valdi stendur til þess að afstýra glæpnum, með því að gjöra þann, sem hætta er búin, varan við eða með einhverju öðru móti, sem við á, eptir því hvernig á stendur, og ef nauðsyn krefur með því að gefa yfirvöldunum það til vitundar.

Ákvarðanir í þessari grein eiga þó ekki við um börn yngri en 15 ára, og ekki skal heldur manni eða konu þess, sem misgjörir, systkinum hans, nè heldur þeim, sem honum eru skyldir eða tengdir í beinan ættlegg upp eða niður, nè fósturforeldrum nè uppeldisbörnum refsað, þó þau hafi látið fyrirfarast að segja yfirvöldunum frá.

111. grein.

Hver, sem felur mann, sem hann veit að er strokinn fangi, eða að honum er veitt eptirför af hálfu hins opinbera fyrir glæpi, eða hjálpar honum til að flýja, skal sæta sektum eða fangelsi. Fangelsi, eða sektum, ef málsbætur eru, skal sá sæta, sem gjörir ummerki glæps að engu, eða dregur yfir þau rètt eptir að nýbúið er að drýgja glæpinn, eða þegar verið er að komast fyrir hann af hálfu hins opinbera.

Samt skal ekki refsa hjónum, systkinum, þeim sem skyldir eru eða tengdir í beinan ættlegg upp eða niður, fósturforeldrum nè uppeldisbörnum fyrir þess konar athöfn.

112. grein.

Föngum, sem settir eru til hegningarvinnu, skal refsað fyrir strok og samblástur og fyrir glæpi, er þeir misbrjóta við embættismennina, eða þjónana, sem skipaðir eru við hegningarhúsið, eptir þeim ákvörðunum, sem um það eru í lögunum um hegningarhúsið.

Hafi aðrir fangar tekið sig saman um að hjálpast að að strjúka, þá varðar það einföldu fangelsi allt að 2 mánuðum eða öðru fangelsi jafnlengi að tiltölu.

113. grein.

Ef nokkur maður með ofbeldi eða hótunum um ofbeldi tálmar þinghaldi, fundum embættismanna í sveitastjórninni eða öðrum lögboðnum samkomum um opinber málefni, þá varðar það fangelsi eða betrunarhúsvinnu allt að 1 ári.

Sömu hegningu eða sektum eptir málavöxtum skal sá sæta, sem með ofbeldi eða á annan slíkan hátt slítur eða glepur störfin eða umræðurnar á þess konar fundi eða samkomu.

114. grein.

Raski nokkur kosningarfrelsi manna með ofbeldi eða hótunum um ofbeldi, annaðhvort á þann hátt, að meina manni að neyta kosningarréttar síns til alþingis eða að neyða mann til að greiða atkvæði svo eður svo, þá varðar það betrunarhúsvinnu eða fangelsi.

Rangfæri nokkur vísvitandi atkvæðagreiðsluna, þá er kosningar fara fram til alþingis eða kaupi atkvæði manns, þá varðar það fangelsi.

115. grein.

Hver, sem selur atkvæði sitt, þá er kosningar fara fram til alþingis, gjaldi sektir og fyrirgjörir kosningarrètti sínum í fyrsta skipti um 5 ár, í annað sinn fyrir fullt og allt.

116. grein.

Sè nokkuð af því, sem um er rætt í 114. grein, aðhafzt við kosningar í sveitastjórn, þá varðar það fangelsi, eða sektum ef málsbætur eru.

Selji maður atkvæði sitt við kosningar í sveitastjórn, þá varðar það sektum og hefir hann fyrirgjört kosningarrètti sínum í þeim málefnum í fyrsta skipti um 5 ár og annað sinn fyrir fullt og allt.

117. grein.

Taki maður sèr sjálfur ólöglega þann rètt, er hann hefði átt að leita dómstólanna um, þá varðar það sektum, ef ekki hefir verið unnið til þyngri refsingar eptir öðrum laga-ákvörðunum. Út af slíkri sjálftöku skal ekki höfða opinbera málssókn.

Þrettándi kapítuli.

Um afbrot í embættisfærslu.

118. grein.

Ef nokkur embættismaður heimtar, tekur á móti eða lætur lofa sèr gjöfum eða öðrum ávinningi, sem hann ekki á tilkall til, fyrir embættisverk sín, en hann þó ekki að öðru leyti með því brýtur í neinu á móti embættisskyldu sinni, þá varðar það sektum ekki minni en 25 rd., einföldu fangelsi eða embættismissi.

119. grein.

Ef að nokkur embættismaður heimtar, tekur á móti eða lætur lofa sèr gjöfum eða öðrum ávinningi fyrir að brjóta á móti embættisskyldu sinni í einhverju, þá varðar það embættismissi og fangelsi, ekki vægara en 3 mánaða einföldu fangelsi, eða betrunarhúsvinnu.

120. grein.

Hver sem gefur, lofar eða býður embættismanni gjafir eða annan ávinning til þess að fá hann til að gjöra eitthvað eða láta eitthvað ógjört, er hann með því brýtur á móti embættisskyldu sinni, skal sæta fangelsi eða sektum.

121. grein.

Hverjum þeim dómara, er í dómarastörfum sínum heimtar, tekur á móti eða lætur lofa sèr gjöfum eða öðrum ávinningi, sem hann ekki á tilkall til, skal refsað með embættismissi, og þar á ofan, ef miklar sakir eru, með fangelsi ekki vægara en 3 mánaða einföldu fangelsi eða með betrunarhúsvinnu.

Verði dóm-nefndarmaður brotlegur í hinu sama í þeim störfum sínum, þá varðar það betrunarhúsvinnu eða fangelsi.

122. grein.

Hverjum, sem mútar eða leitast við að múta dómara eða dóm-nefndarmanni, skal refsað með fangelsi, eða með betrunarhúsvinnu allt að 2 árum, ef mjög miklar sakir eru, ef að hann hefir ekki unnið til þyngri hegningar eptir öðrum laga-ákvörðunum.

123. grein.

Í tilfellum þeim, sem um er rætt í 118.—122. gr. skal dæma ríkissjóðnum gjafir þær eða ávinning, sem látið hefir verið í tè, eða jafnvirði þess.

124. grein.

Gjöri dómari sig vísvitandi sekan í nokkru ranglæti í dómarastörfum sínum, þá varðar það embættismissi og hegningarvinnu allt að 10 árum, eða fangelsi, ef málsbætur eru, ekki skemur en 1 ár.

125. grein.

Embættismanni, sem notar embættisvald sitt til þess að neyða nokkurn mann á ólöglegan hátt til þess að gjöra eitthvað, þola eitthvað eða láta eitthvað ógjört, skal refsað með einföldu fangelsi, eða með embættismissi, þegar miklar sakir eru, ef athæfi hans ekki að öðru leyti er svo vaxið, að þyngri refsing liggi við því.

126. grein.

Embættismanni sem beitir höggum og barsmíði eða öðru ofbeldi, þegar hann er að gegna embættisstörfum sínum, skal refsað með sektum eða einföldu fangelsi eða embættismissi, ef að verkið ekki að öðru leyti er svo vaxið, að þyngri hegning liggi við því.

127. grein.

Ef að rannsóknardómari í sakamáli beitir ólöglegri þvingun til þess að kúga mann til játningar eða sagna, þá varðar það einföldu fangelsi eða embættismissi, eða sektum ef málsbætur eru.

128. grein.

Dómara sem setur eða lætur setja mann í fangelsi ólöglega, eða heldur honum þar að ólögum lengur en vera ber, skal refsað með einföldu fangelsi, ekki skemur en mánuð, eða embættismissi, ef að verk hans ekki er svo vaxið, að þyngri refsing liggi við því.

129. grein.

Hver sá embættismaður, sem að ólögum setur mann fastan, rannsakar heimili manns eða tekur til sín brèf eða önnur skjöl og rannsakar þau, eða lætur gjöra nokkuð af þessu, skal sæta

sektum eða einföldu fangelsi, eða missa embætti sitt, ef miklar sakir eru.

130. grein.

Verði svo fyrirmælt í íslenzkum stjórnarskipunarlögum, að hver sá maður, sem handtekinn er skuli færast fyrir dómara áður en tiltekinn tími sè liðinn, að einnig skuli kveða upp dómsúrskurð innan tiltekins tíma um það, hvort handteknum manni skuli haldið í varðhaldi, að ekki megi setja mann í fangelsi til gæzlu fyrir yfirsjónir, sem ekki varða miklu, og að til rannsóknar á heimili manns eða kyrrsetningar og rannsóknar á brèfum og öðrum skjölum þurfi dómsúrskurð, nema eitthvert lagaboð heimili undantekning frá því, þá skal sá gjalda sektir, er út af því bregður, ef að verkið ekki að öðru leyti er svo vaxið, að þyngri hegning liggi við því.

131. grein.

Ef að embættismaður kemur til leiðar, ályktar eða heldur áfram sakamáls rannsókn á móti manni, sem hann veit að er sýkn saka, þá varðar það embættismissi og fangelsi, ekki vægara en 3 mánaða einföldu fangelsi, eða betrunarhúsvinnu ef miklar sakir eru.

Sömu hegningu skal sá embættismaður sæta, sem vísvitandi lætur framkvæma á manni refsingu eptir dómi án þess að skeyta um það, sem fyrirskipað er í lögum um að skjóta dóminum til æðra dóms, eða um eptirgjöf hegningarinnar af konungi.

Hafi hin síðarnefnda yfirsjónin orðið af gáleysi, þá varðar það sektum eða einföldu fangelsi.

132. grein.

Ef að embættismaður, sem er í því embætti, að hann á að stuðla til að halda uppi hegningarvaldinu, lætur af ásettu ráði farast fyrir að hefja málsókn út af hegningarverðu verki eða gjörir eða vanrækir eitthvað til þess að koma til leiðar, annaðhvort að maður verði dæmdur sýkn eða í vægari refsingu eða til að hlífa manni við að taka út hegningu, sem á hann hefir verið lögð, þá varðar það einföldu fangelsi eða embættismissi, eða sektum ef málsbætur eru, ef að verkið að öðru leyti ekki er svo vaxið, að þyngri hegning liggi við því.

133. grein.

Hafi embættismaður, sem á að gæta fanga, af ásettu ráði látið

fangann komast undan, eða stutt að því að hann komist undan, þá skal hann missa embætti sitt, og ef miklar sakir eru þar á ofan sæta fangelsi eða betrunarhússvinnu.

Hafi það orðið af gáleysi eða hirðuleysi, þá varðar það sektum einföldu fangelsi eða embættismissi.

134. grein.

Hafi nokkur embættismaður sèr eða öðrum í hag eða öðrum til meins tilgreint nokkuð í bókum þeim, sem fylgja embætti hans, er aldrei hefir gjörzt, eða tilgreinir eitthvað öðruvísi, en það hefir gjörzt, semur skjöl, sem hann á að gjöra eptir embættisbókum sínum, svo að efnið raskast, falsar, ónýtir eða aflagar á annan hátt skjöl, sem honum er trúað fyrir, eða hann kemst að vegna embættisstöðu sinnar, þá varðar það embættismissi og þar á ofan hegningarvinnu allt að 6 árum, eða fangelsi ef málsbætur eru ekki vægara en 6 mánaða einföldu fangelsi, ef að verkið ekki er svo vaxið að öðru leyti, að þyngri hegning liggi við því.

135. grein.

Hafi embættismaður gjört nokkuð af því, sem um er rætt í 134. grein, án þess að athæfi hans þó geti átt undir ákvarðanir greinarinnar, eða hafi hann annars látið uppi í embættisnafni rangt vitnisburðarbrèf eða ranga skýrslu, eða af ásettu ráði látið hjá líða að geta í vitnisburðarbrèfinu eða skýrslunni um atvik, sem verður að álíta að skipti miklu málefni það, er um er verið að ræða, þá varðar það embættismissi, einföldu fangelsi, ekki skemur en mánuð, eða sektum ef málsbætur eru.

136. grein.

Verði nokkur embættismaður, sem hefir opinbert fè undir höndum og er í ábyrgð fyrir því, uppvís að því, að það vanti hjá honum upp á það, sem á að vera í sjóðnum, þá hefir hann fyrirgjört embætti sínu. Sèu miklar sakir, skal hann þar á ofan sæta betrunarhúsvinnu, og hafi hann strokið með nokkuð af fè því, sem honum er trúað fyrir, eða hafi reynt til þess, getur hegningin aukizt allt að 8 ára hegningarvinnu.

Til hinnar síðast nefndu hegningarinnar hefir hann líka unnið, ef hann hefir leitazt við á sviksamlegan hátt að leyna sjóðþurrðinum, til að mynda ef eitthvað er af ásettu ráði rangherint í bók-

um þeim, sem ætlaðar eru til að rita í þær tekjurnar eða gjöldin, eða til þess að umsjón verði höfð með tekjum og gjöldum, eða í skrám eða reikningum, eða eitthvað af þessu er falsað eða því hefir verið skotið undan, eða ef lagðir hafa verið fram rangir reikningar eða röng reikningságrip eða önnur röng fylgiskjöl með þeim, eða ranghermt er um, hversu mikið eða hvað sè í tunnum, pokum eða bögglum.

Það sem nú hefir sagt verið um bresti, að því er snertir peninga eða peninga-muni, sem manni er trúað fyrir, á einnig við að því er snertir korn, fóður, efnivið og aðra þess konar muni.

Ef að bætt er í sjóðinn því sem í hann vantaði, áður en 3 sólarhringar eru liðnir frá því að það komst upp, má sleppa að höfða málssókn, ef að aðrar fleiri málsbætur eru, og stjórnarráð það, sem í hlut á, veitir samþykki til þess.

137. grein.

Hver sá bókunarmaður, endurskoðunarmaður, sjóðumsjónarmaður eða annar embættismaður, sem hilmir yfir með skattheimtumanni, sem hann á að hafa umsjón með, eða að öðru leyti er bendlaður við afbrot hans, er undir sömu ábyrgðina og hegninguna seldur eins og hann.

138. grein.

Ef að embættismaður, sem á að taka við sköttum eða öðrum opinberum gjöldum, heimtar eða tekur sèr til ávinnings við þess konar sköttum eða gjöldum, sem hann veit um, að gjaldandi annaðhvort alls ekki er skuldugur um þau, eða að hann skuldar minna, þá skal hann missa embætti sitt, og ef miklar sakir eru sæta þar á ofan fangelsi eða betrunarhúsvinnu.

139. grein.

Ef að nokkur embættismaður, sem hefir póstmálefni á hendi, heimildarlaust rífur upp, ónýtir eða skýtur undan brèfum eða bögglum, sem afhent er til flutnings með pósti, eða ef hann er vísvitandi öðrum liðsinntur í þess konar athæfi, þá skal hann missa embætti sitt, og ef miklar sakir eru þar á ofan sæta fangelsi eða betrunarhúsvinnu, ef að verkið ekki að öðru leyti er svo vaxið, að þyngri hegning liggi við því.

140. grein.

Hver sá embættismaður, sem segir frá nokkru, er snertir embætti hans og á að fara leynt, skal sæta sektum, einföldu fangelsi eða embættismissi, ef að verkið ekki að öðru leyti er svo vaxið, að þyngri hegning liggi við því.

141. grein.

Embættismaður sá, sem tælir eða leitast við að tæla embættismenn þá, sem undir honum eru, til embættisafbrota, skal sæta þeirri hegningu, sem lögð er við þessum afbrotum, og má þar á ofan eptir atvikum dæma hann til að hafa fyrirgjört embætti sínu, þegar afbrotið sjálft er ekki svo vaxið, að sú hegning sè við því lögð.

142. grein.

Ef að embættismaður í öðrum tilfellum, en getið er um hèr að framan, notar embættisstöðu sína ranglega sèr til ávinnings, eða til þess að gjöra nokkuð það, er hallar rèttindum einstakra manna eða hins opinbera, þá varðar það sektum, einföldu fangelsi eða embættismissi, ef að verkið ekki að öðru leyti er svo vaxið, að þyngri hegning liggi við því.

143. grein.

Sá embættismaður, sem synjar eða af ásettu ráði lætur farast fyrir að gjöra það, sem honum er boðið á löglegan hátt, sæti sektum, einföldu fangelsi eða embættismissi.

144. grein.

Fyrir vanrækt eða hirðuleysi í embættisrekstri, sem ekki er lögð nein sèrstök hegning við í lögum, skal sömuleiðis refsað, ef nokkrum verður það opt á eða ef hann sýnir af sèr stórkostlega vanrækt eða hirðuleysi, með sektum eða einföldu fangelsi, eða embættismissi, ef miklar sakir eru.

145. grein.

Það sem fyrir er mælt hèr að framan um embættismenn og um embætti á einnig við um sýslunarmenn og sýslanir þær, sem þeim er trúað fyrir, en samt þannig, að það má færa hegninguna

niður að tiltölu, og að við sýslunarmenn má beita fangelsi eða sektum eptir atvikum í stað embættismissis.

Ákvarðanirnar hèr að framan eiga þar að auki ekki að eins við um þá, sem fyrir fullt og allt eru skipaðir í embætti eða sýslun, heldur einnig um þá, sem falið er á hendur að veita embætti eða sýslun forstöðu um stundarsakir eða að reka einhvern starfa sem þar að lýtur, en samt þannig, að ef að hefði átt að dæma embættið eða sýslunina af embættismanninum eða sýslunarmanninum, skal fangelsi eða sektir koma í stað þess.

Fjórtándi kapítuli.

Meinsæri og aðrir glæpir, sem eiga skylt við það.

146. grein.

Það vitni, sem fyrir rètti ber falsvitni og vinnur eið að því, hvort sem að eiðurinn er tekinn af því eptir framburð þess, eða að það ber vitni samkvæmt áður unnum eiði, skal sæta hegningarvinnu ekki skemur en 2 ár og allt að 10 árum, ef að ekki tjón það, sem vitnið olli eða ætlaði sèr að koma til leiðar með falsvitni sínu, er svo vaxið, að hafi unnið til þyngri refsingar. Ef að vitnið af sjálfsdáðum tekur falsvitni sitt aptur, má beita hegningarvinnu á vægara stigi, og ef miklar málsbætur eru, má jafnvel beita hegningu í fangelsi við vatn og brauð ekki samt skemur en 4 sinnum 5 daga.

147. grein.

Hafi maður borið falsvitni fyrir rètti en ekki verið tekinn eiður af honum, þá varðar það fangelsi við vatn og brauð, ekki skemur en tvenna 5 daga, eða betrunarhúsvinnu; samt má beita hegningu í einföldu fangelsi, ekki skemur en 2 mánuði, ef honum er margt og mikið til málsbóta. Ef að hann tekur falsvitni sitt aptur af sjálfsdáðum, má færa hegnuna niður í 8 daga daga einfalt fangelsi, eða jafnvel láta hana falla alveg niður, ef sèrlegar málsbætur eru.

148. grein.

Hafi maður borið falsvitni í opinberu sakamáli, en það sannast, að málefnið varðaði hann sjálfan, eða að hann hafði ástæðu til að halda að svo væri, skal honum ekki refsað, ef hann ekki hefir sannað framburð sinn með eiði; hafi hann verið látinn vinna

eið, má refsa honum með fangelsi. — Sannist það annars, þegar einhver hefir borið falsvitni fyrir rjetti, að það hefði ekki átt að krefja hann vitnisburðar vegna þess að málefnið varðar hann eða vegna þess sem hans og málspartanna er á milli, á að færa niður hegningar þær, sem settar eru í 146. og 147. grein, og má jafnvel beita sektum að eins, ef hann ekki hefir verið látinn vinna eið og málsbætur eru.

149. grein.

Hafi vitni af eintómu athugaleysi látið hjálíða að segja frá því, sem hann vissi málinu til skýringar, þá varðar það fangelsi, eða sektum ef miklar málsbætur eru.

150. grein.

Ef að menn, sem skipaðir eru af dómi, yfirvaldi eða öðrum, sem hefir opinbert vald á hendi, til þess að halda skoðunar-, álits- eða virðingargjörðir, láta með eiði eða skýlaust samkvæmt áður unnum eiði uppi þvílíka skoðun, álit eða virðingu á móti sannfæringu sinni, skal þeim refsað sem falsvottum.

Verði slíkum mönnum afbrigði, sem minna er í varið, þá varðar það fangelsi, eða sektum ef miklar málsbætur eru.

151. grein.

Hafi málspartur sannað sögu sína fyrir rètti með röngum eiði, skal honum refsað sem falsvotti. En hafi hann að eins ætlað að koma sjálfum sèr undan hegningu með þessum ranga eiði, má færa hegninguna niður eptir atvikum, jafnvel niður í betrunarhúsvinnu á vægasta stigi, eða niður í fangelsi við vatn og brauð í tvenna 5 daga, ef eins stendur á og gjört er ráð fyrir í 2. kafla 146. greinar.

152. grein.

Ef að nokkur maður, sem á að sanna nokkuð með eiði fyrir einhverjum, sem hefir opinbert vald á hendi í öðrum tilfellum en nú hafa nefnd verið, verður sekur í meinsæri, þá varðar það betrunarhúsvinnu. Kalli hann af sjálfsdáðum aptur falssögn sína, má færa hegninguna niður í fangelsi við vatn og brauð í tvenna 5 daga ef málsbætur eru.

153. grein.

Það sem fyrir er mælt hèr að framan á einnig við um ranga skriflega sönnun samkvæmt áður unnum eiði, svo og um þvílíka sönnun með eiði, þar sem skriflegan eið má við hafa eptir lögum.

154. grein.

Sömuleiðis eiga hegningar-ákvarðanirnar hèr að framan við um þá, sem annaðhvort vinna eið á annan hátt en hinn venjulega, sem skipað er fyrir um í lögum, eða sanna sögu sína á einhvern annan hátt, sem kemur í stað eiðs.

155. grein.

Hver sem lýsir einhverju yfir og býðst til að vinna eið að því, eða gjörir það upp á æru sína og trú, og það er í þeim tilfellum, þar sem slíkt er boðið eða leyft í lögum, skal sæta fangelsi, ef það reynist rangt, sem hann hefir lýst yfir, eða sektum ef málsbætur eru, nema einhver önnur hegning sè við lögð í sèrstakleg-um laga-ákvörðunum.

156. grein.

Ef að nokkur maður annars lætur uppi ranga skriflega yfirlýs-ingu eða ber skriflegt vottorð um eitthvað, sem hann ekki veit neitt um, og þetta er ætlað til að vera notað í málefnum sem varða hið opinbera, þá skal hann sæta sektum eða fangelsi, ef að verkið ekki er svo vaxið, að þyngri hegning liggi við því.

Fimmtándi kapítuli.

Afbrot gegn trúarbrögðunum.

157. grein.

Hver sem gjörir gis að eða smánar trúarlærdóma eða guðs-dýrkun nokkurs trúarbragðafèlags, sem er á Íslandi, skal sæta fangelsi ekki vægara en 1 mánaðar einföldu fangelsi, eða sektum ef miklar málsbætur eru.

158. grein.

Ef að nokkur maður aptrar með ofbeldi eða hótunum um of-beldi, að haldin sè guðsþjónustugjörð eða önnur opinber kirkjuleg athöfn, þá varðar það fangelsi eða betrunarhúsvinnu allt að ári.

Hver sem tálmar eða truflar guðsþjónustugjörðina eða einstakar guðrækilegar athafnir með því að gjöra skarkala eða óreglu, skal sæta sektum eða fangelsi.

159. grein.

Hver sem raskar grafarhelginni skal sæta fangelsi, ef athæfi hans er ekki að öðru leyti svo vaxið, að þyngri hegning liggi við því.

Sextándi kapítuli.

Afbrot á móti skírlífi.

160. grein.

Hver sem drýgir hórdóm skal sæta fangelsi, eða ef hjónabands-sambúðinni er slitið og aðrar málsbætur eru, þá sektum.

Opinber málssókn skal því að eins höfðuð, að það hjónanna, sem misgjört er við, krefjist þess.

161. grein.

Ef að kvæntur maður eða gipt kona gengur að eiga aðra konu eða annan mann, þá varðar það hegningarvinnu ekki skemur en 2 ár og allt að 6 árum. Þegar miklar málsbætur eru má samt færa hegninguna niður í betrunarhúsvinnu á vægasta stigi, eða ef hjónabands-sambúðinni hefir lengi verið slitið eptir leyfisbréfi til skilnaðar að borð og sæng, svo og ef maðurinn eða konan hafði ástæðu til að halda, að kona sín eða maður væri dáinn, þá niður í fangelsi við vatn og brauð, ekki samt skemur en 4 sinnum 5 daga. Ókvæntur maður eða ógipt kona, sem gengur að eiga gipta konu eða kvæntan mann, þó að hann eða hún viti, að svo er, skal sæta betrunarhúsvinnu allt að 2 árum, eða fangelsi við vatn og brauð ef miklar málsbætur eru, ekki samt skemur en tvenna 5 daga. En ef maðurinn eða konan, sem áður var ókvæntur eða ógipt, vissi ekki um hjónaband hins, þegar hann eða hún gekk að eiga hana eða hann, en heldur samt áfram hjónabands-sambúðinni eptir að hann eða hún er orðinn þess vísari, þá varðar það fangelsis hegningu.

162. grein.

Holdlegt samræði milli foreldra og barna og milli annara ætt-

ingja í beinan ættlegg varðar foreldrana hegningarvinnu í 4 ár og allt að 10 árum og börnin betrunarhúsvinnu, eða fangelsi við vatn og brauð, ef málsbætur eru, ekki skemur en 4 sinnum 5 daga.

163. grein.

Hver maður eða kona, sem hefir holdlegt samræði við stjúpdóttur sína eða stjúpson sinn eða við nokkurn af niðjum þeirra, eða við tengdadóttur sína eða tengdason sinn eða nokkurs ættingja síns í beinan ættlegg niður á við, skal sæta hegningarvinnu allt að 6 árum. Og ef maður eða kona hefir holdlegt samræði við stjúpu sína eða stjúpa sinn eða nokkurt af foreldrum sínum, eða við móður eða föður konu sinnar eða manns síns eða nokkurn af ættingjum þeirra í beinan ættleg upp á við; þá varðar það betrunarhúsvinnu allt að 2 árum; þó má færa hegninguna niður, þegar um stjúpbörn og niðja þeirra er að ræða, í fangelsi ef málsbætur eru, ekki samt vægara en 2 mánaða einfalt fangelsi.

164. grein.

Holdlegt samræði milli þeirra, sem eru eins nátengd og sagt er í næstu grein á undan, en tengdirnar eru sprottnar af holdlegu samræði utan hjónabands, varðar fangelsi ekki samt vægara en 1 mánaðar einföldu fangelsi.

165. grein.

Holdlegt samræði milli alsystkina og hálfsystkina varðar hegningarvinnu allt að 6 árum, þó má færa hegninguna niður í fangelsi, ekki vægara en 2 mánaða einfalt fangelsi, ef þau ekki eru skilgetin systkin, og ekki heldur hafa alizt upp á sama heimili.

166. grein.

Ef að maður og kona, sem eru svo náskyld eða nátengd, að þau mega ekki giptast án leyfisbréfs, drýgja holdlegt samræði, þá varðar það fangelsi eða sektum. Sömu hegningu skulu þau, sem eru þannig náskyld eða nátengd, sæta, ef þau giptast án þess að fá fyrst leyfi það, sem til þess þarf.

167. grein.

Ef að maður misbeitir stöðu sinni til þess að tæla til legorðs fósturdóttur sína eða stúlku, er hann er fjárhaldsmaður hennar,

eða honum hefir verið trúað fyrir henni til kennslu eða fósturs, þá varðar það hegningarvinnu allt að 6 árum, eða fangelsi við vatn og brauð ef málsbætur eru, ekki skemur en tvenna 5 daga. Hegningin fellur samt alveg niður, ef þau giptast.

168. grein.

Ef að yfirstjórnari, forstjóri eða umsjónarmaður í fangelsi, hegningarhúsi, ómagahúsi, uppfæðsluhúsi, lækningahúsi eða annari slíkri stofnun fremur saurlífi við kvennmann, sem hann á að hafa umsjón með, þá varðar það fangelsi, eða hegningarvinnu allt að 2 árum ef miklar sakir eru.

169. grein.

Hver, sem þröngvar kvennmanni, er ekki hefir neitt óorð á sèr, til samræðis við sig með ofbeldi eða hótunum um ofbeldi þegar í stað, sem henni mundi búinn lífsháski af, skal sæta hegningarvinnu ekki skemur en 4 ár, eða lífláti ef mjög miklar sakir eru. Sè slík meðferð höfð á kvennmanni, sem óorð er á, þá skal beitt vægari hegningu að tiltölu, ekki samt vægari en 2 ára betrunarhúsvinnu.

170. grein.

Komist maður yfir kvennmann með hótunum, sem að vísu ekki verða heimfærðar undir 169. grein, en sem þó er ástæða til að halda að mundu stofna lífi, heilbrigði eða velferð sjálfrar hennar eða þeirra, sem henni eru nánastir í hættu, þá varðar það hegningarvinnu allt að 8 árum.

171. grein.

Hver, sem kemst yfir kvennmann, sem er í því ástandi, að hún er svipt sjálfræði sínu eða að hún ekki getur staðið á móti samræðinu, skal sæta sömu refsingu og sett er í 169. grein, ef að hann hefir sjálfur komið henni í þetta ástand til þess að komast yfir hana; að öðrum kosti varðar það hegningarvinnu allt að 8 árum, eða fangelsi við vatn og brauð, ef óorð er á konunni og málsbætur eru.

172. grein.

Ef að maður fær kvennmann á vald sitt með brögðum eða

ofríki til þess að koma henni til að hafa holdlegt samræði við sig, þá varðar það hegningarvinnu allt að 8 árum, samt má færa hegningu þessa niður í fangelsi við vatn og brauð, ef óorð er á kvennmanninum og málsbætur eru, en ekki skemur en ferna 5 daga. Hafi það verið gjört til þess að fá hana til að ganga að eiga sig, þá má færa hegninguna niður allt að helmingi eptir málavöxtum.

173. grein.

Tæli maður kvennmann til holdlegs samræðis með því að telja henni trú um, að þau hafi gipzt á lögmætan hátt, eða með því að færa sèr í nyt, að hún er í einhverri annari villu, svo að hún heldur, að þau hafi samræði í hjónabandi, þá varðar það hegningarvinnu allt að 8 árum.

174. grein.

Fremji maður saurlífi með stúlkubarni, sem ekki er orðin 12 ára gömul, þá varðar það hegningarvinnu allt að 8 árum, ef að verkið ekki að öðru leyti er svo vaxið, að þyngri hegning liggi við því.

175. grein.

Hver, sem tælir stúlkubarn, sem er á aldursskeiði frá 12 til 16 ára, til saurlífis, skal sæta fangelsi, ekki vægara en 2 mánaða einföldu fangelsi, eða hegningarvinnu allt að 4 árum, ef miklar sakir eru. Opinbera málssókn skal samt því að eins hefja, að foreldrar eða forráðamaður krefjist þess.

176. grein.

Nemi maður ógipta stúlku, sem ekki er orðin 18 ára, á burtu að vilja hennar, en í óleyfi foreldra hennar eða forráðamanns, til þess að fremja saurlífi með henni eða til þess að ganga að eiga hana, þá varðar það fangelsi ekki vægara en 1 mánaðar einföldu fangelsi, eða þá betrunarhúsvinnu allt að 1 ári, ef tilgangurinn var sá að fremja saurlífi og aðrar miklar sakir eru. Opinbera málssókn skal samt ekki hefja, nema foreldrar eða forráðamaður krefjist þess, og fellur hún niður, ef sá, sem í hlut á, gengur að eiga stúlkuna með samþykki foreldra eða forráðamanns.

177. grein.

Ef að nokkur maður, þegar svo er ástatt sem gjört er ráð fyrir í 162.—171., 174. og 175. grein, fremur saurlifnaðarverk, en án þess að holdlegt samræði eigi sèr stað, þá skal beita vægari hegningu að tiltölu.

178. grein.

Samræði gegn náttúrlegu eðli varðar betrunarhúsvinnu.

179. grein.

Ef að karlmaður og kvennmaður halda áfram hneyxlanlegri sambúð, þó að yfirvöldin hafi áminnt þau um að skilja, skulu þau sæta fangelsi.

180. grein.

Ef að kvennmaður ranglega kennir manni barn, skal hún sæta fangelsi eða sektum ef málsbætur eru. Sömu hegningu skal sá karlmaður sæta, sem ranglega gengst við barni, svo og kvennmaður sá, sem ranglega lætzt vera móðir að barni annars kvennmanns.

181. grein.

Kvennmenn sem leita sèr atvinnu með saurlífi þrátt fyrir áminningu lögreglustjórnarinnar, skulu sæta fangelsi.

182. grein.

Ef að nokkur karlmaður eða kvennmaður, sem veit eða grunar, að hann eða hún hafi franzós, fremur holdlegt samræði við kvennmann eða karlmann, þá varðar það fangelsi, eða betrunarhúsvinnu ef miklar sakir eru.

183. grein.

Þeir sem koma saman körlum og konum til samlags, og þeir, sem leyfa karlmanni og kvennmanni inn í híbýli sin fyrir þorgun til þess að fremja þar saurlífi, eða í forboði lögreglustjórnarinnar hafa kvennmenn í húsum sínum, sem hafa ofan af fyrir sèr með lauslæti, skulu sæta betrunarhúsvinnu eða fangelsi við vatn og brauð.

184. grein.

Foreldrar, forráðamenn, kennarar eða aðrir, sem tæla til lauslætis börn sín, eða þá sem þeir eru forráðamenn fyrir eða þeim er trúað fyrir til umsjónar eða fósturs, skulu sæta hegningarvinnu allt að 6 árum.

Ef kvæntur maður þröngvar konu sinni til holdlegs samræðis við aðra menn, eða útvegar þeim færi á að komast yfir hana fyrir utan vitorð hennar eða vilja, þá varðar það betrunarhúsvinnu. Hvetji hann í ávinnings skyni konu sína til þess að hafa holdlegt samræði við aðra menn, skal hann sæta fangelsi við vatn og brauð.

185. grein.

Hver, sem birtir á prenti klámrit, skal sæta fangelsi eða sektum. Sömu hegningu skal sá sæta, sem selur, útbýtir eða dreifir á annan hátt út klám-myndum, eða hefir þær opinberlega til sýnis.

186. grein.

Hver sem særir blygðunarsemi manna með sauruglegu athæfi eða til almenns hneyxlis, skal sæta fangelsi við vatn og brauð eða betrunarhúsvinnu.

Sautjándi kapítuli.

Um manndráp.

187. grein.

Hver sá, sem af ásettu ráði tekur annan mann af lífi, skal sæta typtunarhúsvinnu 8 ár eður fleiri eða ævilangt, eða lífláti ef miklar sakir eru.

188. grein.

Hafi banamaðurinn unnið verkið í ákaflegri bræði, sem hinn, er drepinn var, hafði vakið hjá honum með misþyrmingu eða stórri mótgjörð við sjálfan hann eða þá, sem honum eru nánastir, má færa refsinguna niður í 2 ára betrunarhúsvinnu, eða fangelsi, ef mjög miklar málsbætur eru, ekki samt skemur en 1 ár.

189. grein.

Hafi maður af ásettu ráði veitt öðrum manni líkamlegar meið-

ingar og þær hafi leitt hann til bana, þá skal sá, er misgjörði, sæta hegningarvinnu í 2 ár eða fleiri allt að 12 árum, þó hann ekki hafi viljað dauða hins, ef hann samt hlaut að sjá fyrir, að það væri líklegt eða ekki ósennilegt, að tiltekt sín mundi verða hinum að bana.

190. grein.

Hafi maður af ásettu ráði veitt öðrum manni líkamlegar meiðingar, er leiða hann til bana, og hann hefir unnið verkið í ákaflegri bræði, sem hinn, er drepinn var, hafði vakið hjá honum með misþyrmingu eða stórri mótgjörð við sjálfan hann eða þá, sem honum eru nánastir, má færa hegninguna niður jafnvel í fangelsi, ef aðrar fleiri málsbætur eru, ekki samt vægara en 6 mánaða einfalt fangelsi.

191. grein.

Hver, sem tekur annan mann af lífi af undirlögðu ráði, hefir fyrirgjört líf sínu.

192. grein.

Ef að maður af ásettu ráði drepur föður sinn eða móður eða annan ættingja sinn í beinan ættlegg upp á við, eða ef maður drepur konu sína eða kona mann sinn, og þau eru samvistum, þá varðar það lífláti eða hegningarvinnu æfilangt. Samt má færa hegninguna niður í typtunarhúsvinnu í 8 ár, ef miklar málsbætur eru, og jafnvel niður í 2 ára hegningarvinnu, ef svo er ástatt sem gjört er ráð fyrir í 188. grein.

193. grein.

Ef að móðir af ásettu ráði deyðir barn sitt óskilgetið í fæðingunni, eða undir eins og það er fætt, þá skal hún sæta 2 til 12 ára hegningarvinnu; en hafi hún verið búin að ásetja sèr á undan fæðingunni að deyða barnið og framkvæmt það síðan, skal beita hegningarvinnu í 4 ár eða fleiri eða æfilangt.

194. grein.

Ólèttur kvennmaður, sem af ásettu ráði eyðir burði sínum eða deyðir hann í móðurkviði, skal sæta hegningarvinnu allt að 8 árum.

Sömu hegningu skal sá sæta, sem í sama tilgangi brúkar meðöl við móðurina að vilja hennar, og það hefir sömu afleiðingar.

Sè það gjört án vitorðs hennar eða vilja, þá varðar það hegningarvinnu í 3 ár og allt að 16 árum, eða æfilangt, ef mjög miklar sakir eru.

195. grein.

Ef kvennmaður, sem hefir orðið barnshafandi utan hjónabands, elur barn í dulsmáli, og það reynist á eptir, að barnið er dautt, en það verður þó ekki sannað, að það hafi dáið á undan fæðingunni, þá skal hún sæta betrunarhúsvinnu, ef ekki liggur að öðru leyti þyngri hegning við athæfi hennar, eða þá fangelsi, ef málsbætur eru, ekki samt vægara en 4 mánaða einföldu fangelsi.

196. grein.

Ef að kvennmaður, sem hefir orðið barnshafandi utan hjónabands, annars fer óviðurkvæmilega að ráði sínu í barnsburðinum, og það reynist á eptir, að barnið er dautt, en það verður þó ekki sannað, að barnið hafi dáið á undan fæðingunni, þá skal hún sæta betrunarhúsvinnu allt að 2 árum, eða fangelsi, ef málsbætur eru, ekki samt vægara en 2 mánaða einföldu fangelsi.

197. grein.

Hver, sem deyðir annan mann fyrir brýna beiðni hans, skal sæta betrunarhúsvinnu, eða fangelsi, ef mjög miklar málsbætur eru, ekki samt vægara en 3 mánaða einföldu fangelsi.

Ef nokkur hjálpar öðrum manni til þess að bana sjálfum sèr, þá skal hann sæta fangelsi.

198. grein.

Beri maður út nýfætt barn eða yfirgefi mann, sem hann átti að sjá um, í því ástandi, að hann getur enga björg sèr veitt, þá varðar það betrunarhúsvinnu, eða ef málsbætur eru, einkum ef að lífi eða heilbrigði þess, sem í hlut á, ekki er nein hætta búin af því, þá fangelsi, ekki vægara en 2 mánaða einföldu fangelsi. Hafi það hlotizt af athöfn þessari, að barnið, sem borið var út, eða maðurinn, sem yfirgefinn var, hafi beðið bana eða töluverða líkamlega skemmd (206. gr.), án þess þó að til þess væri ætlazt, má færa hegninguna upp allt að 12 ára typtunarhúsvinnu.

199. grein.

Sömu hegningu skal sá sæta, sem annaðhvort úthýsir ferðamanni eða segir honum rangt til vegar, þegar svo er ástatt, að hann hefði átt að geta sèð, að ferðamaðurinn af því mundi komast í það ástand, að hann gæti enga björg sèr veitt.

200. grein.

Ef að manns bani hlýzt af gáleysi annars manns, þá varðar það fangelsi, ekki vægara en hálfs mánaðar einföldu fangelsi eða sektum, ekki minni en 10 rd. ef að verkið ekki er svo vaxið, að þyngri hegning liggi við því. Sèu mjög miklar sakir, má beita betrunarhúsvinnu allt að 2 árum.

201. grein.

Láti nokkur farast fyrir að koma manni til hjálpar, sem er staddur í lífsháska, þó hann gæti gjört það án þess að stofna lífi eða heilbrigði sjálfs síns í háska, þá varðar það fangelsi eða sektum, ef maðurinn bíður bana. Sömu hegningu skal sá maður sæta, sem ekki annast um, að neytt sè þeirra bjargarmeðala, sem fyrir hendi eru, til þess að lífga hengda menn eða drukknaða, eða þá sem á annan hátt eru eins og dauðir.

Átjándi kapítuli.

Um líkamlegt ofbeldi og líkamlegar meiðingar.

202. grein.

Hver, sem veður upp á annan mann með höggum, barsmíði eða öðru líkamlegu ofbeldi, en veitir honum samt ekki áverka eða annan skaða, skal gjalda sektir, ef sá sem misgjört er við, höfðar mál og krefst þess; þó má beita fangelsis-hegningu eptir málavöxtum, einkum ef ofbeldið hefir verið undirlagt.

203. grein.

Sè slíkt ofbeldi haft í frammi við foreldra eða aðra ættingja i beinan ættlegg upp á við, þá varðar það fangelsi, ekki vægara en 4 mánaða einföldu fangelsi, eða betrunarhúsvinnu allt að 2 árum.

204. grein.

Ef maður misþyrmir konu sinni eða kona manni sínum, og

þau eru samvistum, þá varðar það fangelsi, þó ekki hljótist áverki eða annar skaði af því, eða betrunarhúsvinnu allt að 2 árum, ef miklar sakir eru.

Sömu hegningu skal sá sæta, sem misþyrmir börnum sínum eða annara börnum, sem honum er trúað fyrir til umönnunar

205. grein.

Veiti nokkur öðrum manni áverka eða heilsutjón, en það kveður þó ekki eins mikið að því, eins og gjört er ráð fyrir hér á eptir 206. grein, þá varðar það fangelsi eða hegningarvinnu, ef miklar sakir eru, og í tilfellum þeim, sem um er rætt í 203. og 204. grein, má beita hegningarvinnu allt að 4 árum. Hafi ofbeldisverkið ekki verið framið af undirlögðu ráði, má færa hegninguna niður í sektir, ef aðrar málsbætur eru, ekki samt minni en 10 rd.

Í tilfellum þeim, sem hér er rætt um, má málssókn falla niður, ef sá krefst þess, sem misgjört er við, og ekki hefir orðið neitt tjón að marki.

206. grein.

Ef maður lemstrar annan mann, blindar hann eða gjörir heyrnarlausan, eða gjörir honum svo mikinn skaða, að honum verður ónýt hönd eða fótur, auga eða annar limur jafnáríðandi, eða að líkams- eða sálarkraptar hans veikjast svo mjög að öðru leyti, að hann er óhæfur til að gegna embættisskyldum sínum eða hversdagslegum störfum annaðhvort fyrir fullt og allt ellegar um langan ótiltekinn tíma, þá varðar það hegningarvinnu allt að 12 árum, ef ofbeldismaðurinn annaðhvort vildi gjöra hinum slíkan skaða, eða hann hlaut að sjá fyrir, að það væri líklegt eða ekki ósennilegt, að slíkt hlytist af verki hans.

207. grein.

Hafi maður framið annað eins ofbeldisverk, og um er rætt í 206. grein, í ákaflegri bræði, er sá, sem fyrir ofbeldinu varð, hafði vakið hjá honum með misþyrmingu eða annari stórri misgjörð við sjálfan hann, eða þá sem honum eru nánastir, má færa hegninguna niður í fangelsi, ef aðrar málsbætur eru, ekki samt vægara en 3 mánaða enfalt fangelsi.

208. grein.

Ef að tveir menn eða fleiri berja hver á öðrum eða hafa í

frammi hver við annan annað ofbeldi, sem 202. grein á við um, og höfðuð er málsókn út af því, þá má hegningar tilverknaður annars málspartsins eða beggja falla niður eptir því hvernig á stendur.

Ef manni er í áflogum gjörður annar eins skaði og 206. grein ræðir um, má færa hegninguna niður jafnvel í 2. mánaða einfalt fangelsi, ef málsbætur eru að öðru leyti.

209. grein.

Ef önnur eins líkamleg meiðing og um er rætt í 206. grein, hlýzt af gáleysi annars manns, þá varðar það fangelsi eða sektum.

Nítjándi kapituli.

Um einvígi.

210. grein.

Hver, sem heyir einvígi skal sæta einföldu fangelsi. Ef maður vegur annan mann eða veitir honum töluverðan áverka í einvígi (206. grein), þá varðar það að minnsta kosti 3 mánaða fangelsi. Hafi þeir komið sèr saman um að halda einvíginu áfram, þangað til annarhvor þeirra biði bana, má færa hegninguna upp allt að 5 ára ríkisfangelsi.

Hafi nokkur í einvíginu með því af ásettu ráði að brjóta á móti siðvenju eða samkomulagi valdið bana hins eða veitt honum áverka, þá skal beita hinni almennu lögákveðnu hegningu, sem við á eptir málavöxtum.

211. grein.

Einvígisvottar skulu sæta einföldu fangelsi, ekki skemur en 2 mánuði, ef það var á þeirra vitorði, að halda skyldi einvíginu áfram þangað til annarhvor biði bana, og þeir hafa ekki staðið á móti því, að slíku samkomulagi væri fram fylgt, eða ef þeir af ásettu ráði brjóta á móti skyldum þeim, er hvíla á þeim eptir siðvenju eða samkomulagi.

Tuttugasti kapituli.

Um að raska frelsi manna.

212. grein.

Ef að maður með ofbeldi eða hótunum um ofbeldi neyðir

annan mann til að gjöra eitthvað, þola eitthvað eða láta hjá líða að gjöra eitthvað, þá varðar það sektum eða fangelsi eða betrunarhúsvinnu allt að einu ári, ef miklar sakir eru, ef að breytni hans ekki er svo vaxin, að þyngri hegning liggi við henni.

213. grein.

Hver sem heimildarlaust bindur mann eða byrgir hann inni eða á annan hátt sviptir hann frelsi hans, skal sæta fangelsi, eða betrunarhúsvinnu allt að 2 árum, ef miklar sakir eru. Hafi þetta athæfi valdið því, að maður hafi verið sviptur frelsi sínu um nokkuð langan tíma, eða það hafi haft skaðleg áhrif á geðsmuni hans eða heilsufar, eða ef maður er fluttur burtu í önnur lönd, eða settur á afskekktan stað, svo að hann getur ekki komizt burtu þaðan af sjálfs síns rammleik, eða fenginn mönnum á vald, sem ekki eiga neinn rjett á því, þá má beita hegningarvinnu á hærra stigi, og ef miklar sakir eru getur hegningin jafnvel orðið 12 ára typtunarhúsvinna.

214. grein.

Í tilfellum þeim, sem um er rætt í 212. grein og fyrri kafla 213. greinar, skal því að eins höfða opinbera málssókn, að álíta megi, að unnið sè til þyngri hegningar en sekta eða einfalds fangelsis. Hafi verið höfðuð opinber málssókn, og dómendurnir álíta, að ekki sè unnið til þyngri refsingar, skal því að eins kveðið á um hegningu, að sá, sem misgjört er við, krefjist, að hinn sè dæmdur, sem málið er höfðað á móti.

215. grein.

Ef að nokkur með brögðum eða valdi tekur barn, sem er yngra en 15 ára, frá foreldrum þess eða öðrum vandamönnum eða heldur því fyrir þeim, þá varðar það fangelsi, ekki vægara en 2 mánaða einföldu fangelsi, eða hegningarvinnu allt að 8 árum, ef miklar sakir eru, einkum ef það er gjört í ábata skyni eða í ósiðsömum tilgangi.

216. grein.

Að því er snertir refsingu fyrir að verzla með svertingja og hlutdeild í þeim glæp, skal standa við það sem fyrir er mælt í

tilskipun 3. júlímán. 1835, er hún er borin saman við 2. kap. 12.—17. grein í lögum þessum.

Tuttugasti og fyrsti kapítuli.

Um ærumeiðingar.

217. grein.

Ef maður meiðir æru annars manns, annaðhvort með því að drótta að honum ástæðulaust, að hann hafi framið þau verk, sem mundu gjöra hann óverðugan virðingar samborgarmanna hans, eða nefna hann þeim nöfnum, sem að eins væri heimild til, ef hann hefði breytt þannig, þá varðar það sektum frá 10 rd. til 200 rd. eða einföldu fangelsi í hálfan mánuð eða lengur allt að 6 mánuðum.

218. grein.

Sè þetta gjört á prenti eða á annan þann hátt, að ærumeiðingin breiðist út, eða á þeim stað eða tíma, að það eykur mjög það sem meiðandi er í orðunum, þá varðar það einföldu fangelsi ekki skemur en 3 mánuði, eða sektum, ekki minni en 50 rd.

219. grein.

Fyrir annan ástæðulausan áburð, sem hlýtur að verða virðingu þess, er fyrir verður, til hnekkis, og fyrir ókvæðisorð eða skammaryrði, svo og fyrir hverja móðgun í látæði eða annari athöfn, sem lýsir óvirðingu, skal gjalda sektir allt að 200 rd. eða það varðar fangelsi allt að 6 mánuðum.

220. grein.

Í tilfellum þeim, sem um er rætt í 217.—219. grein, á þar á ofan að dæma hin óviðurkvæmilegu orð ómerk, ef sá krefst þess, sem misboðið er.

221. grein.

Ef að móðguninni er snúið upp á þann, sem móðgar, sjálfan, mega dómendurnir annaðhvort dæma báða málsparta eða annan þeirra í vægari hegningu eða jafnvel láta hegninguna falla alveg niður eptir málavöxtum.

222. grein.

Að skýra svo frá opinberlega um hagi einstakra manna og

heimilisástæður, að það raski friði manna á milli, varðar sektum frá 5 rd. til 100 rd. eða einföldu fangelsi allt að 3 mánuðum.

223. grein.

Hver, sem raskar friðhelgi heimilisins með því að ryðjast heimildarlaust inn i híbýli annars manns, eða að synja að fara út úr þeim, þegar skorað er á hann að gjöra það, skal sæta sektum allt að 100 rd., eða einföldu fangelsi allt að 3 mánuðum.

224. grein.

Sömu hegningu skal sá sæta, sem heimildarlaust hnýsist i brèf annars manns.

225. grein.

Út af athæfi því, sem um er rætt í þessum kapítula, getur enginn höfðað málssókn nema sá, sem misboðið er, eða sá, sem að lögum hefir heimild til að vera fyrir hans hönd. Sè sá dáinn, sem meiðyrtur er, þá á það hjónanna, sem eptir lifir, foreldrar, börn eða systkini rètt á að höfða málssókn út af meiðyrðunum, hvort sem þau hafa verið látin uppi að honum lifandi eða eptir að hann var dáinn.

Tuttugasti og annar kapítuli.

Um rangar sakargiptir og kærur.

226. grein.

Hver, sem kemur því til leiðar með röngum uppljóstri um að lagabrot sè framið, að hið opinbera fer að gjöra gangskör að komast fyrir það, skal sæta fangelsi eða sektum, ef að hann ekki hefir ætlað sèr að koma neinu öðru illu á stað með því.

227. grein.

Hver, sem móti betri vitund segir yfirvaldi frá um mann, að hann hafi drýgt glæp, sem hann er saklaus af, skal sæta fangelsi, eða hegningarvinnu allt að 6 árum eptir málavöxtum, einkum ef líflát eða hegningarvinna er í lögum lögð við glæp þeim, sem sagt var, að drýgður hafi verið.

228. grein.

Hver, sem ber bersýnilega rangar kærur upp við konung,

stjórnarráðin eða yfirvöldin eða við alþingi skal sæta fangelsi eða sektum, eða betrunarhúsvinnu allt að 1 ári, ef miklar sakir eru, nema þyngri hegning liggi við samkvæmt niðurlags-ákvörðuninni í 227. grein. Sè það málaflutningsmaður eða einhver annar embættismaður, sem verður brotlegur á þenna hátt, eða tælir aðra eða hjálpar þeim til þess, þá skal dæma hann þar á ofan eptir atvikum af embættinu.

229. grein.

Ef að maður hefir óviðurkvæmileg eða ósæmileg orðatiltæki í bænarskrá eða kæruskjali til konungs, stjórnarráðanna eða yfirvaldanna eða til alþingis, þá varðar það sektum.

Sömu hegningu skal sá sæta, sem hefir ritað á bænarskrá eða kæruskjal, að hann hafi samið það, en það er ósatt.

Tuttugasti og þriðji kapítuli.

Um þjófnað og gripdeild.

230. grein.

Hver, sem verður brotlegur í einföldum þjófnaði, skal í fyrsta skipti sæta fangelsi við vatn og brauð ekki skemur en 5 daga, samt má þyngja hegninguna allt að 2 ára betrunarhúsvinnu, ef miklar sakir eru, einkum ef það, sem stolið er, er mikils virði, ef að innsigli hefir verið brotið, eða hirzla brotin eða stungin upp, eða henni verið lokið upp með þjófalykli eða stolnum lykli, ef stolið hefir verið frá skipbrotsmönnum, í eldsvoða eða þess konar misferlum, eða ef þjófurinn var í þjónustu þess, sem hann stal frá, eða hann að öðru leyti hafði sèrlegt færi á að drýgja þjófnaðinn vegna þess sem þeirra var á milli.

231. grein.

Stórþjófnaður varðar hegningarvinnu allt að 8 árum í fyrsta skipti, sem hann er framinn, en það er stórþjófnaður:

1. ef maður stelur hestum, nautpeningi eða sauðfè út á víðavangi eða úr hesthúsum eða búfjárhúsum;
2. ef maður stelur úr kirkju munum, sem til kirkjunnar heyra eða eru til þess ætlaðir að vera notaðir við einhverja kirkjulega athöfn, svo og ef maður brýtur gjafastokk kirkjunnar upp og stelur úr honum;

3. ef maður stelur nokkru því, sem sent er með pósti, meðan það er undir umsjón póststjórnarinnar, og heyrir þar undir einnig brèfaþjófnaður ;
4. ef að þjófurinn hefir með ofbeldi, eða stingtólum, þjófalyklum eða stolnum lyklum komizt inn í hús, garð, er til þess heyrir, herbergi, lokuð loptsrúm eða kjallararúm eða niður í skip, eða hann hefir gjört það með því að klifra yfir hús, múr eða einhverja aðra slíka girðingu, eða með því að fara inn um glugga, reykháfa eða önnur þess konar op, sem ekki eru ætluð til að ganga inn um. Hafi þjófurinn á einhvern þann hátt, er nú var sagt, á næturþeli komizt á einhvern þann stað, er menn búa, eða herbergi, sem þar eru og menn búa í, eða hann hefir læðzt þar inn til þess að geta stolið á næturþeli, á að hafa tillit til þess, þegar hegningin er ákveðin, henni til þyngingar;
5. ef þjófurinn hefir verið undir það búinn, að taka til vopna eða annara þess konar háskalegra verkfæra sèr til varnar.

232. grein.

Hver, sem einu sinni hefir verið dæmdur fyrir þjófnað, og verður síðan brotlegur í einföldum þjófnaði, skal sæta fangelsi við vatn og brauð ekki skemur en þrenna 5 daga, eða betrunarhúsvinnu allt að 4 árum.

Sè það stórþjófnaður, sem hann nú verður brotlegur í, þá varðar það hegningarvinnu 8 mánuði og þaðan af lengur allt að 10 árum.

233. grein.

Hafi maður tvisvar verið dæmdur fyrir þjófnað og verði þar á eptir brotlegur í einföldum þjófnaði, skal hann sæta hegningarvinnu allt að 6 árum. Sè það stórþjófnaður sem hann nú verður brotlegur í, skal hann sæta hegningarvinnu í 1 ár og þaðan af lengur allt að 12 árum.

234. grein.

Steli maður í 4. sinn eða optar þá varðar það hegningarvinnu í 1 ár og þaðan af lengur allt að 10 árum, ef seinasti þjófnaðurinn er einfaldur, en ef það er stórþjófnaður þá í 2 ár eða lengur allt að 16 árum eða æfilangt, ef mjög miklar sakir eru.

235. grein.

Ef barn stelur, sem er 10 til 15 ára, skal því refsað með hýðingu með vendi eða einföldu fangelsi eða báðum þeim refsingum saman.

236. grein.

Fyrir að taka burt rótföst trè eða nokkuð af þeim skal refsað eins og fyrir annan þjófnað.

237. grein.

Ef að hluturinn, sem tekinn er, er svo lítils virði og honum að öðru leyti er svo varið, og atvikunum, þá er hann var tekinn, var svo sèrstaklega háttað, að verkið fyrir þessar sakir verður ekki nærri því eins saknæmt og þjófnaður almennt, — t. a. m. ef maður tekur aldin í garði annars manns eða á akri hans eða matvæli eða drykk til þess að neyta þess þegar í stað, og engin önnur atvik eru, sem gjöra málstað hans verri —, þá varðar það sektum allt að 25 rd. eða einföldu fangelsi allt að 1 mánuði. Opinbera málssókn skal því að eins höfða, að sá krefjist þess, sem misgjört er við.

238. grein.

Ef að maður tekur hlut annars manns á ólöglegan hátt, án þess að ætla sèr að kasta eign sinn á hann eða svipta eigandann honum, heldur að eins til þess að nota hann til einhvers um tíma, þá varðar það fangelsi eða sektum. Opinbera málssókn skal því að eins höfða, að sá krefjist þess, sem misgjört er við.

239. grein.

Hver, sem verður brotlegur í gripdeild skal sæta sömu hegningu og fyrir þjófnað.

240. grein.

Verði maður brotlegur í hilmingu með því að kaupa eða taka á annan þátt við þjófstolnum munum eða leggja laun á þá, en hann hefir þó ekki gjört það eptir samkomulagi á undan, þá varðar það í fyrsta skipti fangelsi við vatn og brauð eða betrunarhúsvinnu allt að 1 ári, í 2. skipti fangelsi við vatn og brauð ekki skemur en 5 daga eða betrunarhúsvinnu allt að 2 árum, 3. skipti fangelsi við

vatn og brauð, ekki skemur en tvenna 5 daga eða betrunarhúsvinnu allt að 3 árum, og verði honum það optar, þá fangelsi við vatn og brauð, ekki skemur en ferna 5 daga eða hegningarvinnu allt að 6 árum.

241. grein.

Ef maður leggur í vana sinn að kaupa eða taka á annan líkan hátt við þjófstolnum munum, eða hann hefir það fyrir atvinnuveg, þá skal hann í fyrsta skipti sæta fangelsi við vatn og brauð, ekki skemur en ferna 5 daga eða hegningarvinnu allt að 4 árum og má þyngja hegninguna allt ad 8 árum, ef hann verður optar brotlegur.

242. grein.

Verði maður annars sambrotlegur með öðrum í þjófnaði, skal honum refsað eptir því sem fyrir er mælt í 5. kap. laga þessara, á þann hátt að, ef hann hefir verið dæmdur áður fyrir þjófnað eða hlutdeild í þjófnaði einu sinni eða optar, skal ákveða hegninguna að tiltölu við refsingar þær, sem lagðar eru við þjófnaði drýgðum í 2. skipti eða optar.

Verði maður, sem áður hefir verið dæmdur fyrir aðra hlutdeild í þjófnaði en hilmingu, brotlegur í þjófnaði, má ekki dæma hann í vægari hegningu en þó að hann nú hefði aptur orðið brotlegur í þess konar hlutdeild.

243. grein.

Þeir dómar, sem áður hafa verið lagðir á mann fyrir þjófnað eða aðra hlutdeild í þjófnaði en hilmingu, skulu teknir til greina til þyngingar hegningunni, ef hann á eptir verður brotlegur í hilmingu, eins og hefði hann þá verið dæmdur fyrir hilmingu.

Hafi maður, sem nú á að dæma fyrir þjófnað eða hlutdeild í þjófnaði, áður verið dæmdur fyrir hilmingu, má að minnsta kosti ekki dæma hann í vægari hegningu, en þó að hið nýja afbrotið væri hilming.

244. grein.

Ef maður hefir komizt ráðvandlega að þjófstolnum munum, en leggur laun á þá, þegar þeim er lýst, og það er líklegt eptir málavöxtum, að honum hafi ekki gengið annað til en uppburðarleysi í svipinn eða hræðsla, skal hann að eins sæta sektum eða

einföldu fangelsi, og má hegningin jafnvel falla alveg niður, ef hann kemur sjálfkrafa með munina.

Tuttugasti og fjórði kapítuli.

Um rán og hótanir.

245. grein.

Hver, sem með líkamlegu ofbeldi eða hótunum um að beita því þegar í stað tekur af manni eða neyðir út úr manni peninga, fjármuni, skriflega skuldbinding eða annað skjal, sem er undirstaða réttinda, eða gæti bakað þeim, sem á er ráðizt, eða öðrum skuldbindingar eða svipt hann eða aðra réttindum, svo og hver sá, sem hefir slíkt ofbeldi eða hótanir í frammi til þess að fullkomna að komast yfir eign annars manns eða til þess að koma því, sem hann hefir tekið, á vissan stað, skal sæta hegningarvinnu í 1 ár og þaðan af lengur allt að 10 árum. Hafi manni verið misþyrmt að marki, eða sérlegur háski að öðru leyti verið búinn af verkinu, og ef sá, sem misgjörir, hefir áður verið dæmdur fyrir rán, stórþjófnað eða margítrekaðan þjófnað, getur hegningin komizt upp í 16 ára typtunarhúsvinnu, og séu mjög miklar sakir þá í typtunarhúsvinnu ævilangt.

246. grein.

Gjöri maður sig brotlegan í ránskap á sjó eða gjöri út skip til þess, þá varðar það typtunarhúsvinnu ævilangt eða lífláti eptir málavöxtum, einkum ef manns bani hefir hlotizt af atlögunni.

247. grein.

Hver, sem hótar manni tjóni á lífi, limum, frelsi, æru eða fjármunum í því skyni að afla sér eða öðrum ávinnings, en athæfi hans verður samt ekki heimfært undir 245. grein, skal sæta hegningarvinnu allt að 6 árum, eða fangelsi ef málsbætur eru, ekki samt vægara en 3 mánaða einföldu fangelsi.

248. grein.

Ef að maður, sem áður hefir verið dæmdur samkvæmt 245.—247. grein, þar á eptir verður brotlegur í þjófnaði, þá skulu þeir dómar hafa sömu áhrif, og hefðu þeir verið þjófnaðardómar.

Enn fremur skulu áfellisdómar fyrir hlutdeild í ráni og fyrir

hilming og aðra hlutdeild í þjófnaði settir jafnfætis hvorir öðrum að því er snertir áhrif þau, er ítrekun glæpa hefir samkvæmt 240., 242. og 243. grein.

Tuttugasti og fimmti kapituli.

Um ólögmæta meðferð á fundnum fjármunum og ýmsar misgjörðir samkynja.

249. grein.

Hver, sem ekki lýsir munum, sem hann finnur, skal sæta fangelsi, og má færa hegninguna upp allt að 2 ára betrunarhúsvinnu, ef mjög miklar sakir eru, sèr í lagi ef það verður optar en einu sinni. Hins vegar má færa hegninguna niður í sektir eða jafnvel láta hana falla alveg niður, ef hluturinn, sem fannst, er lítils virði og öll atvik að öðru leyti eru til afbötunar.

250. grein.

Ákvarðanirnar í næstu grein á undan eiga einnig við um þann mann, sem leggur laun á eða kastar eign sinni á fjármuni annars manns, sem á annan hátt eru komnir af hendingu í vörzlu hans.

251. grein.

Dragi maður undir sig fjármuni af skipbroti eða fari á annan hátt óráðvandlega með þá, skal hann sæta fangelsi við vatn og brauð eða einföldu fangelsi eða sektum ef málsbætur eru; samt má færa refsinguna upp allt að 4 ára hegningarvinnu, ef miklar sakir eru.

252. grein.

Ræni maður lík; en athæfi hans er samt svo vaxið, að það ekki verður álitið þjófnaður, þá varðar það fangelsi, eða betrunarhúsvinnu allt að 2 árum, ef miklar sakir eru.

Tuttugasti og sjötti kapituli.

Um svik.

253. grein.

Ef að nokkur hefir af öðrum manni peninga eða fjármuni með því að segjast vera annar en hann er, eða með því að látast

hafa heimild til að reka erindi annars manns, eða ef nokkur tekur sviksamlega við því, sem annar maður heldur að hann sè skyldur til að borga eða selja honum í hendur, af því að sá maður hefir ekki rètta vitneskju um, hvernig á stendur, eða ef nokkur tælir annan mann með rangri sögusögn til þess að kaupa eða taka við hlut, er hann heldur sè allur annar eða miklu meira virði, en hann er, eða ef nokkur kaupir vörur í skuld, og ætlar sèr ekki að borga þær, þá varðar það fangelsi við vatn og brauð, ekki skemur en 5 daga eða betrunarhúsvinnu allt að 2 árum, og má þyngja refsinguna allt að 6 ára hegningarvinnu, ef mjög miklar sakir eru, og eins ef manni verður sá glæpur optar.

254. grein.

Sömu hegningu skal hver sá sæta, sem til þess að halda fyrir manni, því sem hann hefir lögmætt tilkall til, synjar að hafa tekið við því, sem honum hefir verið trúað fyrir að láni, hvort sem það eru peningar eða annað, eða til leigu eða geymslu eða að veði eða á annan slíkan hátt, sömuleiðis hver sá, sem í sviksamlegum tilgangi þrætir fyrir, að honum hafi verið skilað einhverju aptur eða borgað eitthvað, sem þó hefir verið gjört, eins hver, sem dregur undir sig fjármuni dánarbús, eða dregur dulur á kröfu, sem því ber, og hann er skyldur að segja til, eða kemur fram með ósannar kröfur í dánarbúi eða í öðru því tilfelli, er vænta má að þær verði teknar gildar, af því að þeir, sem í hlut eiga, vita ekki hvernig á stendur, eða sviptir mann í sviksamlegum tilgangi því, sem hann þarf til að koma fram lögmætri kröfu eða verjast rangri kröfu, með því að ná frá honum skjölum eða eyðileggja þau eða gjöra þau einskis nýt, eða selur eða veðsetur muni sína til málamyndar til þess að svipta skuldaheimtumenn sína færi á að fá það, sem þeim ber.

255. grein.

Sömu hegningu skal enn fremur hver sá sæta, sem í sviksamlegum tilgangi selur eða veðsetur eða tekur undir sig á annan sviksamlegan hátt, svo eignarrèttindi hins rjetta eiganda gætu farizt, einhverja þá fjármuni, sem honum hefir verið trúað fyrir að láni eða leigu eða til geymslu eða umráða eða að veði, eða annar maður hefir eignazt eitthvert það tilkall til, að rèttindi þau, sem tèður gjörningur hefði átt að veita, ekki verða rýmd saman

við það, svo og hver sá, sem sviksamlega flytur burtu eða felur kyrrsetta fjármuni.

256. grein.

Hafi maður heimildarlaust notað annars manns peninga í sjálfs síns þarfir, en ekki samt komizt að þeim til þess að geta notað þá með því að brjóta upp innsigli eða lás fyrir þeim, og hann heldur ekki sviksamlega ber á móti því, að hann hafi tekið við þeim, þá er það komið undir þeim, sem misgjört er við, hvort að hann vill láta höfða málssókn út af því, og eins getur hann, þangað til dómur er upp kveðinn, fallið frá að láta halda málinu lengra áfram, og ef að sá sem misgjörði bætir það upp, sem hann hefir eytt, áður en dómur hefir verið lagður á málið fyrir lægsta dómstóli, þá fellur allur tilverknaður til hegningar niður.

257. grein.

Hegningu þeirri, sem sett er í 253. grein, skal sömuleiðis hver sá sæta, sem hefir svik í frammi í spilum, og eins sá, sem hefir af manni peninga eða fjármuni með signingum, þulum, særingum, spám eða fyrir önnur slík hindurvitni.

258. grein.

Ef að svo lítið kveður að svikum, sem annars hefði átt að refsa eptir 253. grein, eða ef atvikum þeim, er að því liggja, er að öðru leyti svo sérstaklega varið, að þau eru miklu minna hegningarverð en svik jafnaðarlega, má beita hegningu í einföldu fangelsi allt að 2 mánuðum, eða sektum allt að 25 rd., ef mjög miklar málsbætur eru. Opinberri málssókn má sleppa, ef sá er því samþykkur, sem misgjört er við.

259. grein.

Sviksamlegar athafnir, sem eru ápekkar þeim, sem um er rætt í 253.—257. grein, en ekki verða samt settar alveg jafnfætis þeim, varða sektum eða fangelsi. Opinberri málsókn má sleppa, ef sá er því samþykkur, sem misgjört er við.

260. grein.

Hver, sem dregur undir sig sviksamlega nokkuð, sem sent er

með pósti og er undir umsjón hans, skal sæta hegningarvinnu allt að 8 árum.

261. grein.

Hver sá, sem hefir nokkur svik í frammi, er hann festir sèr eða hefir fest sèr ábyrgð á tjóni á sjó eða af eldsvoða eða öðru tjóni, skal sæta hegningarvinnu allt að 6 árum eða fangelsi við vatn og brauð, ekki skemur en tvenna 5 daga, hvar svo sem ábyrgðin er fengin.

262. grein.

Ef að bú manns er tekið til skipta sem þrotabú, og hann eptir það eða um þær mundir, er hann hlaut að sjá fyrir, að gjaldþrotið vofði yfir, hefst af sèrdrægni nokkuð það að, er miðar til þess, að lögmætar eigur eða kröfur búsins ekki renni inn í það, eða að komið verði fram með rangar kröfur við búið, eða ef nokkur maður um það leyti, er síðast var á vikið, útvegar sèr ný lán í sama tilgangi, þá varðar það hegningarvinnu allt að 6 árum eða fangelsi við vatn og brauð ekki skemur en tvenna 5 daga.

263. grein.

Ef að nokkur maður, sem svo er ástatt fyrir, sem segir í næstu grein á undan, hefst nokkuð það að, er miðar til að draga ólöglega taum sumra skuldaheimtumannanna hinum til tjóns, en án þess að ætla sjálfur að ábatast, því, t. a. m. með því að selja muni fyrir of lítið andvirði að tiltölu, eða með því að nota það, sem hann hefir undir hendi, til þess að borga sumum skuldaheimtumönnunum fremur öðrum, eða með því að gefa út skjöl, er ættu að gefa sumum af skuldaheimtumönnunum rèttindi fram yfir hina, þá er þrotabúinu er skipt, þá varðar það fangelsi við vatn og brauð eða einföldu fangelsi, ef málsbætur eru, ekki samt skemur en 1 mánuð.

264. grein.

Ef að nokkur maður, sem er skyldur að hafa verzlunarbækur, og bú hans hefir verið tekið til skipta sem þrotabú, verður uppvís að því að hafa falsað bækur þessar, komið þeim undan eða ónýtt þær, eða fært óráðvandlega til í þær, eða látið í sviksamlegum til-

gangi hjá líða að færa til í þær, þá varðar það fangelsi við vatn og brauð eða betrunarhúsvinnu allt að 2 árum.

Hafi sá, sem orðinn er gjaldþrota, sýnt sig í stórkostlegri óreglusemi að því, hvernig hann hefir haldið verzlunarbækur sínar, skal honum refsað í einföldu fangelsi allt að 6 mánuðum.

265. grein.

Ef að nokkur maður, er bú hans er tekið til skipta sem þrotabú, verður uppvís að því að hafa bakað skuldaheimtumönnum sínum mikilvægt tjón með eyðslusamlegum lifnaði, með því að spila um mikið fé, með hættulegum fyrirtækjum, sem eru efnahag hans ofvaxin, eða með annari þess konar gálauslegri breytni, þá skal honum refsað í fangelsi, ef nokkur, sem á skuld að heimta í búinu, fer fram á það.

Tuttugasti og sjöundi kapítuli.

Um peningafals, um að skrifa eptir skjölum eða falsa þau og um annað fals.

266. grein.

Hver, sem býr til eptirmynd danskra peninga eða seðla þjóðbankans, skal sæta 2 til 12 ára hegningarvinnu, og hver, sem falsar þá, 1 til 6 ára hegningarvinnu.

Glæpurinn er fullkomnaður undir eins og búið er að búa til eða falsa peninginn eða seðilinn, þó ekki sè búið að láta hann úti.

267. grein.

Hver, sem býr til eptirmynd útlendra peninga eða útlendra brèfpeninga, skal sæta hegningarvinnu í 1 ár og allt að 8 árum, þó ekki hafi átt að láta þá úti á Íslandi, og hver, sem falsar þá, skal sæta hegningarvinnu allt að 4 árum.

268. grein.

Eigi nokkur maður þátt í peningafalsi, sem drýgt hefir verið erlendis með þeim atvikum, að höfuðsmanninum ekki verður refsað í Danmerkur ríki, og hlutdeild hans er í því fólgin að koma út falspeningunum á Íslandi, skal hann sæta sömu refsingu og hefði hann sjálfur búið peningana til.

269. grein.

Ef að nokkur maður lætur úti peninga, sem hann veit eða hefir grun um að séu eptirmyndaðir eða falsaðir, en breytni hans verður samt ekki álitin hlutdeild í sjálfu peningafalsinu, þá varðar það betrunarhúsvinnu allt að 2 árum eða fangelsi. Hafi hann sjálfur haldið, að peningarnir væru ósviknir, þegar hann fékk þá, skal hann sæta fangelsi eða sektum.

270. grein.

Hver, sem skrifar ranglega annars manns nafn undir erfðaskrá, samning, skuldabréf, framsal, ávísun, ábyrgð, valdsbréf, kvittun eða annað þess konar skjal, sem miðar til að veita einstökum mönnum réttindi eða losa þá undan skuldbindingum, skal sæta 1 til 8 ára hegningarvinnu; samt má færa hegninguna niður í fangelsi við vatn og brauð, ekki skemur en ferna 5 daga, ef um lítilræði er að tefla, eða mjög miklar málsbætur eru að öðru leyti, einkum ef sá, sem misgjörir, hvorki hefir bakað öðrum tjón, né ætlað sér að gjöra það.

271. grein.

Sé það ríkisskuldabréf, víxlbréf aða annað þess konar skjal, ætlað til að ganga manna á meðal, sem glæpurinn hefir komið fram á, þá varðar það 1 til 12 ára hegningarvinnu.

Sömu hegningu varðar það, ef nokkur maður á sama hátt ranglega býr til stjórnarráðs eða yfirvalds úrskurð, dómsgjörðir eða nokkurt annað opinbert skjal, er ætti að setja skuldbindandi reglu eða gjöra út um eitthvað, eða þá hafa lagasönnun í sér fólgna.

272. grein.

Skrifi nokkur annars manns nafn ranglega undir bænarskrár, vottorð, vegabréf eða önnur skjöl, sem eptir eðli sínu eru ekki eins mikils varðandi og skjöl þau, sem getið er um í 270. og 271. grein, þá varðar það fangelsi við vatn og brauð, ekki skemur en tvenna 5 daga eða hegningarvinnu allt að 4 árum.

273. grein.

Samt má færa niður hegningar þær, sem settar eru í 270. — 272. grein, um helming eptir málavöxtum, ef að skjal það er falsað

var, hefir ekki verið sèrlega hættulegt sökum bersýnilegra galla, sem á því eru.

274. grein.

Hver, sem skrifar eptir nafni konungs skal sæta hegningarvinnu, ekki samt skemur en í 2 ár.

275. grein.

Hver, sem ranglega fyllir eyður í skjali, sem gjört er í nafni annars manns og hann hefir ritað nafn sitt undir en ekki enn þá ætlazt til að væri látið af hendi, eða situr innsigli á það, er þess þarf við til þess að skjalið hafi fullt gildi, skal sæta sömu hegningu, eins og hefði hann ritað nafn ranglega undir það.

276. grein.

Sá, sem falsar efni nokkurs skjals, skal einnig sæta sömu hegningu, og ef hann hefði ritað ranglega nafn annars manns undir það. Sè fölsunin svo auðsèð, að menn ekki gætu blekkzt af henni nema af stakri óvarkárni, má færa hegninguna niður allt til helminga eptir málavöxtum.

277. grein.

Ef maður ritar nöfn, er hann finnur sjálfur upp, undir skjal, eiga ákvarðanir þær, sem settar eru um að rita ranglega nafn annars manns undir skjal af sama tægi, við um það, en þannig, að hegningin sè færð niður að tiltölu allt að helmingi eptir málavöxtum.

278. grein.

Afbrot þau, sem um er rætt í 270.—277. grein, ber að álíta fullkomnuð, undir eins og falsarinn hefir notað skjalið eða látið það frá sèr til þess að annar maður noti það, án þess að tillit sè haft til þess, hvort nokkur maður hefir verið svikinn á því.

279. grein.

Hver, sem í sviksamlegum tilgangi býr til ranga mæla, kvarða eða vogir eða breytir rèttum mælum, kvörðum eða vogum, og eins hver, sem notar þess konar röng, eða fölsuð áhöld til þess að svíkja menn með þeim, skal sæta fangelsi við vatn og brauð, ekki

skemur en 5 daga eða betrunarhúsvinnu allt að 2 árum. Ef að mjög miklar sakir eru, og eins ef glæpurinn er ítrekaður, má þyngja hegninguna allt að 6 ára hegningarvinnu.

Hver sem notar í atvinnuvegi sínum vogir eða mæla eða kvarða, sem ekki eru réttaðir á löglegan hátt, eða hafa breytzt með tímanum eða af sliti, skal sæta sektum allt að 50 rd. í fyrsta skipti og hærri sektum eða fangelsi ef optar verður.

280. grein.

Sömu hegningu og sett er í fyrra lið næstu greinar á undan skal enn fremur hver sá sæta, sem falsar vörur, eða ranglega setur á vörur eða aðra hluti opinberan stimpil eða mark, sem á að vera sönnun fyrir því, að þær séu ósviknar eða góðar, eða með svikum kemur því til leiðar, að slíkur stimpill eða mót sé sett á hluti, sem ekki eru til þess fallnir, eða setur heimildarlaust mark eða stimpil annars manns á vörur, sem eru miklum mun lakari en stimpillinn eða markið með sér ber.

Séu vörur þær, sem stimpill eða mark annars manns hefir verið sett heimildarlaust á, ekki að neinu marki lakari, skal beita hegningu þeirri, sem sett er í seinna lið 279. greinar, og skal þar að auki ekki höfða málssókn út af því, nema sá krefjist þess, sem orðið hefir fyrir órétti með því. Hegningar-ákvörðun sú, er nú var nefnd, skal einnig eiga við um lítils varðandi vörufalsanir, er koma fyrir í smáverzlun, og manni að eins hefir verið gjört lítið tjón með.

281. grein.

Hver, sem í sviksamlegum tilgangi flytur, setur niður eða tekur burtu markasteina ellegar falsar nokkurt annað mark, sem lýsir takmörkum fasteigna eða réttindum, sem þeim fylgja, skal einnig sæta hegningu eptir fyrra lið 279. greinar.

Tuttugasti og áttundi kapituli.

Um brennu.

282. grein.

Ef að maður leggur eld í hús eða skip, hvort sem það er hans eign eða annars manns, þegar svo er ástatt, að hann hlaut að sjá, að mönnum var af því bersýnilegur lífsháski búinn, eða

það er gjört til þess að stuðla til uppreisnar, ráns eða annars athæfis, sem raskar skipulagi mannlegs fèlags, eða til þess að koma til leiðar yfirgripsmikilli eyðingu, þá varðar það typtunarhúsvinnu ekki skemur en 8 ár, samt getur hegningin orðið líflát, ef nokkur hefir týnzt í eldsvoðanum.

283. grein.

Leggi maður annars eld í hús eða skip annars manns, þá varðar það hegningarvinnu í 2 ár og þaðan af fleiri allt að 12 árum.

Sömu hegning skal hver sá sæta, sem til þess að svíkja brunabóta-ábyrgðina eða í öðrum hegningarverðum tilgangi leggur eld í hús eða skip sjálfs síns eða hús eða skip annars manns að beiðni hans eða með samþykki hans; þó má færa hegninguna niður, þegar svo er ástatt, sem nú var sagt, í 1 árs hegningarvinnu, ef málsbætur eru, einkum ef húsið er afskekkt og enginn annar býr í því.

Til húsa skal telja ekki að eins þau hús, sem menn búa í, eða að öllu eða nokkru leyti er ætluð til íbúðar, ásamt með útihúsum þeim, sem til þeirra heyra, heldur einnig kirkjur, mylnur, verkstaði, forðabúr og öll önnur hús, sem sett verða jafnfætis þeim.

284. grein.

Hafi verið lagður eldur í skóg, mómýri, heiði eða akur, timbur- eða viðarbyrgðir, korn- eða heyhlaða, kofa eða byrgi, ellegar aðra þess konar hluti, þá varðar það hegningarvinnu allt að 8 árum; samt má færa hegninguna niður í fangelsi við vatn og brauð, ekki skemur en tvenna 5 daga, ef það sem kveikt hefir verið í, er mjög lítils virði og málsbætur eru að öðru leyti.

Hafi verið svo ástatt, þegar eldurinn var lagður í, að sá, sem verkið vann, hlaut að sjá, að mönnum var af því bersýnilegur lífsháski búinn, eða hafi það gjört verið til þess að koma til leiðar öðru eins tjóni eða eyðingu, og um er rætt í 282. grein, þá skal beita hegningar-ákvörðuninni í þeirri grein.

285. grein.

Glæpir þeir, sem um er rætt í 282.—284. grein, eru fullkomnaðir, undir eins og kviknað er í þeim hlut, sem glæpurinn er

fólginn í að leggja eld í, án þess að það komi til greina, hvort eldurinn hefir læst sig út meira eða minna.

286. grein.

Hver, sem veldur eldsvoða með því að gæta ekki almennrar varkárni, skal sæta fangelsi, en þó fellur sú refsing niður, ef hann bætir skaðann upp.

Tuttugasti og níundi kapítuli.

Um verk, er skipbrot, flóð eða annað mikið misferli getur hlotizt af.

287. grein.

Hver, sem í þeim tilgangi að villa farmenn eða gjöra þeim skaða, ónýtir, tekur burt eða skemmir vita, sjávarljósker eða annað merki eða mið, sem sett er upp farmönnum til leiðbeiningar, slekkur vita eða sjávarljósker, setur upp villu-merki eða mið, eða fyllir upp í eða stíflar rètta siglingarleið á sjó eða í vatnsfalli, skal sæta hegningarvinnu ekki skemur en 4 ár.

Sè nokkuð af því, sem nú var nefnt, að vísu gjört af ásettu ráði en ekki í tèðum tilgangi, skal sá, sem misgjörir, sæta fangelsi, eða betrunarhúsvinnu allt að 2 árum, ef miklar sakir eru.

288. grein.

Ef maður veldur skipbroti, eða að skipi hlekkist á á sjó á annan hátt, og svo er ástatt, að mönnum með því er stofnað í bersýnilegan lífsháska, þá varðar það typtunarhúsvinnu ekki skemur en 8 ár, og getur hegningin orðið líflát, ef nokkur maður ferst af því. Verði það með öðrum atvikum, skal beita hegningarvinnu á vægara stigi.

289. grein.

Hver, sem ónýtir eða skemmir vatnsveitustokka eða lætur opið sýki, flóðgarð eða flóðgáttarstíflu eða annað þess konar vatnsvirki til að gjöra flóð, skal sæta hegningarvinnu allt að 8 árum, samt má hegningin verða þyngri, ef mikill skaði hlýzt af því, og jafnvel líflát, ef nokkur maður ferst af því.

Sè það gjört með ásettu ráði, en ekki í þeim tilgangi að gjöra flóð, þá varðar það fangelsi eða betrunarhúsvinnu allt að 2 árum, ef miklar sakir eru.

290. grein.

Hver sá, sem af ásettu ráði skemmir járnbraut, flutningstilfærurnar eða hin önnur tæki brautarinnar, leggur eitthvað eða fleygir einhverju á brautina, rykkir spöngunum úr skorðum, hermir eptir bendingunum, kemur gufuvögnum eða öðrum brautarvögnum heimildarlaust á stað, eða hefst nokkuð annað að, er gæti stofnað flutningnum á brautinni í háska, skal sæta hegningarvinnu allt að 8 árum; samt má hegningin verða þyngri, ef mikill skaði hlýzt af því, og jafnvel líflát, ef nokkur maður ferst af því.

Ef að athöfn hans var svo vaxin, að hún gat ekki stofnað flutningnum í neinn verulegan háska, eða ef ætla má, að það þó hafi verið fjærri hyggju hans og áformi, þá skal hann sæta fangelsi eða betrunarhúsvinnu allt að 1 ári, ef mjög miklar sakir eru, ef að engin önnur hegningar-ákvörðun leggur við þyngri refsingu.

291. grein.

Hafist nokkur maður af gáleysi nokkuð það að, sem um er rætt í 287.—290. grein, þá varðar það fangelsi eða sektum.

292. grein.

Hafi nokkur maður eitruð eða önnur hættuleg efni í vörur, sem ætlaðar eru til sölu eða til þess, að aðrir noti þær, þannig að heilbrigði manna er hætta búin af að nota þær, þá varðar það fangelsi, eða betrunarhúsvinnu ef miklar sakir eru, einkum ef að nokkur hefir beðið tjón af því ellegar jafnvel látizt, nema að þyngri hegning liggi við eptir einhverri annari hegningar-ákvörðun.

Sömu refsingu skal hver sá sæta, sem hefir vörur á boðstólum, er hann veit að þess konar efni hafa verið höfð í á téðan hátt.

Verði slíkt af gáleysi, þá varðar það sektum.

293. grein.

Hver, sem veldur næmum sjúkdómi ellegar því, að hann dreifist út, með því að brjóta á móti laga-ákvörðunum, sem settar eru, eða varúðarreglum, sem yfirvöldin hafa skipað fyrir um til þess að afstýra næmum sjúkdómum eða því að þeir dreifist út, skal sæta fangelsi eða betrunarhúsvinnu allt að 2 árum, ef miklar sakir eru.

294. grein.

Verði nokkur maður uppvís að því að dreifa út af ásettu ráði næmum sjúkdómi í húsdýrum, þá varðar það hegningarvinnu allt að 8 árum.

Hver, sem brýtur á móti laga-ákvörðunum þeim sem settar eru, eða varúðarreglum þeim, sem yfirvöldin hafa skipað fyrir um til þess að afstýra útbreiðslu næms sjúkdóms í húsdýrum, og með því gefur tilefni til, að slíkur sjúkdómur dreifist út, skal sæta fangelsi eða sektum ekki minni en 20 rd.

295. grein.

Hver, sem af ásettu ráði tekur burtu, ónýtir eða skemmir brýr, ferjur, brunna, vatnsveitustokka, landfestar eða merki, handrið eða annað, sem sett er til þess að afstýra eða vara við hættu á vegi, götu eða öðrum stað, þar sem allir mega koma, skal sæta fangelsi eða sektum.

Þrítugasti kapituli.

Um það er menn ónýta eða skemma eigur annara og um illa meðferð á skepnum.

296. grein.

Hver, sem af ásettu ráði tekur burtu, ónýtir eða skemmir opinber minnismerki eða hluti, sem ætlaðir eru til almennings nota, t. a. m. gróðursett trè, girðingar, ljósker til að lýsa á strætum eða vegum, leiðarvísa eða rastarstaura, skal sæta sektum eða fangelsi.

297. grein.

Hver, sem af ásettu ráði annaðhvort skemmir rafsegulþráð eða tæki þau, sem til hans heyra, ellegar gjörir nokkuð það er stöðvar eða veikir straum rafsegulmagnsins eða tálmar notkun tilfæringanna, skal sæta fangelsi, eða sektum ef málsbætur eru, ekki samt minni en 25 rd., nema verkið sè svo vaxið, að þyngri refsing liggi við því.

Verði það af gáleysi, varðar það sektum allt að 50 rd. eða einföldu fangelsi, allt að einum mánuði. Samt getur refsingin fallið niður, ef að sá sem í hlut á samstundis skýrir næsta lögreglustjóra, eða einhverjum af embættismönnum þeim eða þjónum, sem skipaðir eru til umsjónar vegum eða hraðfrèttum, frá hvernig farið hafi.

298. grein.

Ef að nokkur maður annars af ásettu ráði ónýtir eða skemmir eigur annars manns skal hann sæta sektum eða fangelsi, ef að breytni hans ekki á undir aðra þyngri hegningar-ákvörðun Opinbera málsókn skal því að eins höfða, að almennum friði hafi verið raskað eða brotið á móti ákvörðunum um lögreglu.

299. grein.

Hver, sem verður brotlegur í prælslegri misþyrmingu á skepnum, einkum húsdýrum, eða annari grimmdarlegri og miskunnarlausri meðferð á þeim, skal sæta sektum allt að 100 rd. eða einföldu, fangelsi allt að 4 mánuðum.

Þrítugasti og fyrsti kapítuli.

Um málssókn út af misgjörningum, varnarnauðung, skaðabætur og fl.

300. grein.

Út af misgjörningum þeim, sem um er rætt í lögum þessum, skal höfða opinbera málsókn, nema öðruvísi sè sèrstaklega fyrir mælt.

Hafi verið drýgð yfirsjón, sem ekki liggur við þyngri refsing en sektir, eptir því sem fyrir er mælt í lögum þessum, skal samt amtmanni þeim, sem í hlut á, heimilt að láta málsókn niður falla, ef að sá, sem misgjörir, sjálfviljandi geldur fèsekt, sem er innan takmarka sektar þeirrar, er lögð er við yfirsjóninni í lögunum, og amtmanni finnst hæfileg eptir málavöxtum, og hann þar á ofan geldur kostnað þann, sem á kann að hafa fallið út af rannsókninni.

301. grein.

Ef nokkur heitist við annan mann, eða hótar honum brennu eða öðrum óförum, þá eiga yfirvöldin, ef að heitingin eða hótunin ekki á undir neina af hegningar-ákvörðununum í lögum þessum, og ef sá krefst þess, sem í hlut á, að hlutast um, að ákveðið sè með dóms úrskurði, hvort heitingarmaðurinn á að setja veð út af því, og ef svo er, þá hversu mikið, eða, ef hann ekki gjörir það, hvort að eigi að setja hann í gæzluvarðhald á opinberan kostnað. Hafi maður verið dæmdur á þenna hátt til að setja veð, og hann álítur seinna, að nú eigi að leysa sig undan því, af því að málavextir sèu orðnir aðrir, á að höfða aptur opinbera málsókn og

sami dómstóllinn að skera úr því, nema að sá sem heizt var við, lýsi því yfir fyrir fógeta, að hann sè því samþykkur að veðsetningin sè gefin upp.

302. grein.

Hver, sem verður brotlegur í glæp, er skyldur að gjalda þeim, sem bíður tjón, skaðabætur.

303. grein.

Sá, sem veitir öðrum manni líkamlega meiðing af ásettu ráði eða af því að hann gætir ekki tilhlýðilegrar varkárni, er ekki að eins skyldur að bæta honum upp lækningarkostnað og atvinnumissi, heldur má dæma hann þar á ofan til að gjalda þeim, sem fyrir skaðanum varð, þóknun er tiltekin sè í dóminum, bæði fyrir þjáningar þær, sem hann hefir tekið út, og fyrir óhægindi þau, lýti og óprýði, er leiða kunna af skaða þeim, sem hann hefir beðið.

304. grein.

Sömuleiðis má, ef þess er krafizt, dæma þann, sem veldur dauða annars manns á þann hátt, að honum verður gefin sök á því, til að gjalda manni eða konu hins dána eða börnum hans bætur fyrir missi þess, sem átti að standa straum af þeim, og skal ákveða í bæturnar annaðhvort tiltekna upphæð eitt skipti fyrir öll eða framfærslutillag, er haldist um tiltekinn tíma.

305. grein.

Á sama hátt má eptir atvikum dæma þann, sem hefir meitt æru annars manns eða orðið brotlegur í misgjörningum þeim, sem um er rætt í 167.—176. gr. smbr. 177. gr. í 16. kap. laga þessara, til að gjalda þeim, sem misgjört er við, hæfilega þóknun fyrir, að hann með því hefir farið með eða raskað stöðu hans eða högum.

306. grein.

Hver, sem hefir ofbeldi í frammi við foreldra sína eða ættingja í beinan ættlegg upp á við, hefir fyrirgjört arftökurètti sínum eptir þann, er hann á þann hátt hefir misgjört við, nema sá, sem í hlut á, lýsi yfir þeim skýlausum vilja sínum, að erfðirnar engu að síður skuli standa óhaggaðar.

Verði nokkur uppvís að því að hafa orðið brotlegur við þessa

ættingja sína í stór-mótgjörðum þeim, sem um er rætt í 217. og 218. gr. í 21. kap. laga þessara, þá skal sömuleiðis, ef gjörð er rèttarkrafa um það, dæma hann til að hafa fyrirgjört arftökurètti sínum eptir þann, sem hann misgjörði við.

Í báðum þessum tilfellum má samt með testamentisgjörð að öllu eða nokkru leyti veita þeim sem misgjörði, aptur arftökurètt þann, sem hann hefir fyrirgjört.

Þrítugasti og annar kapítuli.

Um það, hvernær lög þessi verði gild, um rèttarskiptin og það, hverjar eldri ákvarðanir sèu úr lögum numdar.

307. grein.

Lög þessi öðlast ekki lagagildi fyrr en skilyrðin fyrir, að þeim verði beitt, og sèr í lagi fangelsin, sem með þarf, eru til orðin, og veitist stjórninni heimild til að tiltaka nákvæmar um þann tíma.

308. grein.

Ef að glæpur að vísu hefir verið drýgður fyrir þann tíma, sem um er rætt í 307. grein, en ekki búið að uppkveða ályktardóm í málinu út af honum, þá skal kveða á um hegninguna eptir lögum þessum, ef að hún verður vægari eptir þeim, en eptir eldri lögunum.

309. grein.

Ef að maður, sem áður hefir verið dæmdur í hegningu eptir hinum fyrri lögum fyrir glæp, sem lögð er við aukin refsing í lögum þessum, ef hann er ítrekaður, aptur verður brotlegur í sama glæp, þá skal dæma hann í sömu refsing, og ef hinn fyrri dómurinn hefði verið kveðinn upp eptir þessum lögum.

310. grein.

Upp frá þeim tíma, sem um er rætt í 307. grein, verða allar þær ákvarðanir í lögum og tilskipunum, er gíltu hingað til, sem koma í bága við efni þessara laga ógildar.

ÁSTÆÐUR fyrir frumvarpi þessu.

Þegar »Almindelig borgerlig Straffelov» handa Danmörku var komin út 10. febrúarmán. 1866 staðfest af konungi, skoraði dómsmálastjórnin í brèfi dagsettu 19. maímán. s. á. á stiptamtmanninn yfir Íslandi, sem forseta í hinum konunglega yfirdómi á Íslandi, að ganga í nefnd með háyfirdómaranum og meðdómendunum í yfirdóminum til þess að íhuga og láta uppi álit sitt um, með hverjum breytingum lög þessi yrðu lögleidd á Íslandi, og tók dómsmálastjórnin fram, að eitt atriði vildi hún sèr í lagi að kæmi til umræðu, en það var, hvort og að hve miklu leyti önnur hegning er betur ætti við, yrði sett í stað hýðingarinnar, sem tilskipunin 24. janúarmán. 1838 heimilaði, að beitt væri sem hegningu fyrst um sinn.

Samkvæmt þessu gengu stiptamtmaður og dómendurnir í yfirdóminum í nefnd, og ræddu þeir málið fyrst á mörgum fundum og sendu dómsmálastjórninni síðan álitsskjal sitt 20. októbermán. 1866. Þegar stjórnarráðið síðan var búið að íhuga málið, lèt það semja frumvarp það, sem hèr er að framan, til »Almennra hegningarlaga handa Íslandi« til þess að leggja það fyrir alþingi, og hafa uppástungur nefndarinnar stöðugt verið teknar til greina. Þar sem frumvarp þetta er, hefir ekki verið umtalsmál, hvað efnið snertir, að búa til heil lög *ný*, heldur að mestu leyti að eins að heimfæra til Íslands lög, sem sett hafa verið handa konungsríkinu og búið var áður að undirbúa í hartnær 16 ár, með einstöku breytingum og tilhögunum vegna frábrugðinna landshaga á Íslandi. Vegna þess hefir stjórnarráðinu ekki heldur virzt vera ástæða til að láta semja fullkomnar nýjar ástæður fyrir frumvarpinu í heild þess, en fundizt nóg bæði að gefa ástæður fyrir atriðum þeim í þessu frumvarpi, sem eru frábrugðin ákvörðununum í »Almindelig borgerlig Straffelov« handa Danmörku og líka gjöra grein fyrir, hvað stjórnarráðinu hefir gengið til, þar sem það um einstöku atriði ekki hefir getað fallizt á uppástungur nefndarinnar.

Fyrst og fremst skal farið nokkrum orðum um nokkur höfuðatriði, sem hafa orðið að vera í fyrirrúmi við íhugun máls þessa, og skal í því efni að mestu fylgt þræðinum í álitsskjali nefndarinnar, síðan mun hèr á eptir verða rætt um hina einstöku kapítula í frumvarpinu, að svo miklu leyti sem tilefni verður til þess yfir höfuð að tala samkvæmt því sem fyrr var sagt um, hvernig ástæðum þessum verður háttað.

Fyrst hefir nefndin í álitsskjali sínu sagt álit sitt um aðalatriði það, *hvort að ástæða sè yfir höfuð að tala til að lögleiða hegningarlögin frá 10. febrúarmán. 1866 á Íslandi,* og fer um það þessum orðum: »Eins og hegningarlöggjöfin í Danmörku hefir tekið miklum bótum með hinum nýju lögum, sem hèr er rætt um, »Almindelig borgerlig Straffelov«, bæði af því að hinum fyrri hegningar-ákvörðunum er safnað saman í þeim á einn stað í vel niðurraðaða heild, auðvelda yfirlits og ljósa bæði fyrir þá, sem eiga að beita lögunum, og þá, sem á að beita þeim við, af því að mörg ósamkvæmni, sem var að fyrri löggjöfinni, nú er burtu numin, allar hegningar-ákvarðanir, sem voru móthverfar hugsunarhætti manna og siðferðislegri meðvitund nú á tímum, eru numdar af og aðrar nýjar komnar í staðinn, sem betur eiga við og öll hegningarlögin þar að auki bera vott mildi og mannúðar — eins hlýtur það að vera mikill ávinningur fyrir Ísland, að í stað hegningarlöggjafar þess, sem í öllum aðalatriðum er eins og hún áður var í Danmörku komi ný almenn hegningarlög, er í öllu verulegu sèu samkvæm hegningarlögunum frá 10. febrúarm. 1866. Það er vitaskuld, að vegna þess, hversu sèrstaklega er ástatt á Íslandi, eru einstöku breytingar á hegningarlöguuum í konungsríkinu nauðsynlegar og ýmsar breytingar hagfelldar; en að vorri ætlun eru þessar breytingar bæði svo fáar og svo lítils varðandi, að þær geta ekki orðið móthverfar grundvallarreglunum í lögunum, svo að þær geta haldizt óhaggaðar, þegar lögin verða innleidd hèr á landi«.

Þar sem einn kafli í hegningarlögunum, sem að tiltölu er nokkuð yfirgripsmikill, snertir stjórnarskipunarmálið — smbr. 9. —11. og 15. kap. — þá hefir nefndinni þótt henta að fara fyrst nokkrum orðum um skoðun sína á *muninum á stjórnarlögunum, sem gilda í Danmörku og þeim, sem gilda á Íslandi,* og tengja við það nokkrum uppástungum um það, hvernig ætti að hennar hyggju að taka í þenna kafla, þegar hegningarlögin eru lögleidd á Íslandi. Um það efni getur nefndin þess, að ákvarðanirnar í þessum kapítulum sèu byggðar á tilhögun, sem á sèr stað í konungsríkinu en ekki á Íslandi enn sem komið er, þar sem konungur enn heldur þar einveldi sínu með takmörkun þeirri, sem af tilskipuninni 8. marzmán. 1843 leiðir, en í konungsríkinu er þjóðleg stjórnarskipun með fulltrúaþingi með löggjafarvaldi. Af þessum mismun leiðir að ætlun nefndarinnar á *einn bóginn,* að öll afbrot á móti stjórn-

arskipuninni verða á Íslandi áþekkari afbrotum á móti konungi sjálfum en í konungsríkinu, og að þess vegna kynni að vera ástæða til að lýsa afbrotum þessum með öðrum orðum, en gjört er í hegningarlögunum 10. febrúarmán. 1866, og að leggja við þeim aðrar að nokkru leyti þyngri refsingar, á *hinn bóginn* að borgurunum í konungsríkinu í sumum efnum er veitt frelsi, t. a. m. trúarbragðafrelsi, sem annaðhvort alls ekki á sèr stað á Íslandi eða ekki á eins hárri tröppu, og að vegna þessa verði drýgð afbrot á Íslandi, sem ekki verða lengur álitin afbrot í konungsríkinu, heldur eru nú orðin leyfileg verk eptir stjórnarskipuninni, sem þar er. Í því trausti að stjórnartilhögun Íslands innan skamms muni verða breytt í sömu stefnu og grundvallarreglur þær fara, er nú ráða í konungsríkinu, hefir nefndinni ekki virzt við eiga að semja uppástungur um, hvernig þessum kafla í hegningarlögunum skuli breytt, en bent á, að *annaðhvort* mætti skjóta á frest að lögleiða nýju hegningarlögin, þangað til stjórnarskipunarmálið er útkljáð, *ellegar* að halda kafla þeim, sem hèr ræðir um, óbreyttum, til þess að hann geti öðlast lagagildi, undir eins og búið er að koma nýju skipulagi á stjórnartilhögunina, án þess að þurfi á ný að breyta hegningarlöggjöfinni, og taka þá í ákvarðanirnar um stundarsakir (32. kapítula) hegningarákvarðanir þær, er á þyrfti að halda um þetta efni þangað til.

Stjórnarráðið getur samt ekki fallizt á þessa skoðun í heild sinni, því að þó konungur hafi haldið einveldi sínu óbreyttu á Íslandi, að því er snertir þau málefni, sem eingöngu varða Ísland út af fyrir sig, þá er það á hinn bóginn vafalaust, að grundvallarlögin 5. júnímán. 1849 og yfirskoðun þeirra 28. júlímán. 1866 eru í gildi á Íslandi í öllum þeim málefnum, sem eru sameiginleg með Íslandi og Danmörku. Það er þess vegna ekki heldur sá munur á stjórnarskipunarlögum Íslands og Danmerkur, að nægar ástæður sèu til að skoða landráð, drýgð á Íslandi, frá öðru sjónarmiði, en samsvarandi afbrot drýgð í Danmörku eða að leggja aðrar og þyngri hegningar við hinum fyrrnefndu en hinum síðarnefndu. Og af því að þar á ofan á að leggja fyrir alþingi frumvarp til stjórnarskipunarlaga um sèrstök málefni Íslands, sem byggt er á sömu grundvallarreglum, og ráða í konungsríkinu, um leið og þetta frumvarp verður lagt fyrir það, virðist stjórnarráðinu því síður vera ástæðu til að stinga upp á breytingum á þeim kapítulum í hegningarlögunum sem hèr er rætt um. Af sömu ástæðum hefi stjórnarráð-

inu ekki heldur þótt neitt ísjárvert að taka í frumvarpið hèr að framan ákvarðanir þær, sem 15. kapítuli hefir inni að halda um afbrot á móti trúarbrögðunum.

Um atriði það, sem sèrstaklega var tekið fram í brèfi stjórnarráðsins 19. maímán. 1866, *hvort hýðingin, sem tilskipunin 24. janúarmán. 1838 heimilar sem hegningu fyrst um sinn, verði úr lögum numin*, hefir nefndin getið þess, að eins og hegning þessi verði að álítast mjög ótilheyrileg, þegar henni er beitt í öðrum tilfellum, en veitt er heimild til í hegningarlögunum 10. febrúmarán. 1866, það er að segja sem refsun á börnum og óþroskuðum mönnum, eins verði hún heldur ekki álitin næg eða rèttvís hegning, eins og hugsunarháttur manna er nú orðinn á Íslandi, og eins og þar er háttað. Til þessa þyrfti sem sè, að hún væri hlíðarlaust framkvæmd á öllum þeim, sem hún er á hendur dæmd; en það getur því að eins orðið, að menn hafi duglega og áreiðanlega menn til að framkvæma hana, en því eru til fyrirstöðu bæði landshagir á Íslandi, þar sem ekki er launaður lögregluþjónn í hverri sýslu, sem fela mætti á hendur að framkvæma hegninguna í viðurvist fógetans, og líka hugsunarháttur sá, sem að nú er orðinn algengastur á Íslandi, að því er nefndin þekkir til, að það sè minnkun fyrir mann að hýða dæmdan mann, svo að þess eru ekki fá dæmi, að fógetinn á erfitt með að fá nokkurn fyrir borgun þá, sem ákveðin er, 2 rd., til að leggja á mann hýðingu, er honum hefir verið dæmd á hendur, og þeir, sem til þess fást, eru opt lèlegustu mennirnir í sýslunni, og verða miklu fremur álitnir jafningjar hins dómfellda en hæfileg verkfæri rèttvísinnar til þess að halda henni uppi. Þegar þessu er þannig varið, liggur það í augum uppi, að hegningin er stundum framkvæmd með meiri hörku en vera ber, en optar svo linlega, að hún ekki með rèttu verður kölluð hegning. Nefndinni virðist því nauðsynlegt, að þegar því er hreift að gjöra mikilsvarðandi breytingar á hegningarlöggjöfinni íslenzku, þá sè í stað hýðingarinnar settar aðrar refsingar, er betur eigi við, og eins og tilsk. 24. janúarmán. 1838 að eins leyfir að hegning þessi sè við höfð þangað til komið verður á skipulagi um fangelsi á Íslandi, eins álítur nefndin einnig, að hegninga-tilhögun sú, sem er í hegningarlögunum 10. febrúarmán. 1866, eigi að haldast óbreytt, þegar þau verða lögleidd á Íslandi, og að þess vegna eigi um leið að koma á því skipulagi, sem með þarf, um fangelsi á Íslandi og koma upp eins mörgum húsum til fangelsa og á þarf

að halda. Það er einkanlega kostnaðurinn, sem þessu er samfara, sem hingað til hefir verið því til fyrirstöðu, að þetta skipulag kæmist á, og sem einnig mun gjöra erfitt að koma fangelsum á, ef að það ekki tekst nú með því að fara sparlega að ráði sínu. Ef að ætti að stofna fangelsi út af fyrir sig í hverju einstöku lögsagnarumdæmi á Íslandi, þá mundi ekki að eins kostnaðurinn að koma 19 fangelsum upp, heldur miklu fremur kostnaðurinn að halda þeim í horfinu, þegar búið væri að koma þeim upp, verða meiri en svo, að landið hefði efni á að standast hann, og þar á ofan mundi, að nefndarinnar hyggju, verða ómögulegt bæði að fá, hvenær sem vera skyldi, áreiðanlega fangaverði handa svo mörgum fangelsum, og að hafa tilheyrilega umsjón með þeim, þar sem sýslumennirnir ekki eru skyldir að búa á neinum tilteknum stað í sýslunni. Nefndin álítur ekki heldur, að þörf sè að koma upp fangelsi handa hverju lögsagnarumdæmi um sig. Hún álítur miklu meira í það varið, að sèð sè um, að fangelsum þeim, sem komið er upp, sè haldið í góðu lagi, sè vel stjórnað og sèð sè um þau, eins og vera ber, en að til sèu mörg fangelsi slæm. Hún álítur því, að það muni vera nóg að koma upp *einu fangelsi handa hverju af þrem ömtum landsins,* og að það eigi að byggja þau svo nálægt bústað hvers amtmannsins um sig, sem verður, og þar sem búizt verður við, að allt af muni einhver valdsmaður eiga heima, það er að segja í Reykjavík, Stykkishólmi og á Akureyri. Að vísu er við því að búast, að það opt og tíðum verði erfitt og kostnaðarsamt að flytja þá, sem dæmdir hafa verið, þaðan sem þeir eru til amtfangelsisins; en hjá þessum vandkvæðum verður að nefndarinnar hyggju aldrei komizt að öllu leyti, þó stofnað væri fangelsi í hverri sýslu, og þó að flutningskostnaðurinn verði meiri, getur það naumast komið til greina, þar sem ætla má, að svo miklir hagsmunir leiddu af að koma upp þrem amtsfangelsum, sem allt af gætu verið í góðu og gildu ástandi.— Nefndin er samt á því máli, smbr. einnig tilsk. 24. janúarmán. 1838 4. grein, að ekki verði til hlítar komið á því skipulagi, sem vera ætti, um fangelsin á Íslandi, fyrr en búið er að koma upp *hegningarhúsi* í landinu sjálfu, þar sem mætti út taka hegningarvinnu þá, sem mönnum kann að verða dæmd á hendur eptir nýju hegningarlögunum. Hún tekur fram um það, að þar sem flutningskostnaðurinn á föngum til hegningarhúss í Danmörku nú þegar nemur töluverðu, þá verði hann enn þá meiri, þegar farið verður að dæma

menn í hegningarvinnu skemur en 2 ár, sem opt mun verða, þegar nýju hegningarlögin eru komin á og búið er að nema hýðingu af sem hegningu. Við þetta bætist, að það getur ekki verið eins tilfinnanlegt fyrir sakamanninn, að nefndarinnar hyggju, að út taka hegningarvinnu í einhverju af hegningarhúsunum í Danmörku, eins og hegning sú á að vera, og ekki heldur haft sömu þýðingu í annara augum. Að því er snertir sakamanninn sjálfan — er sagt um þetta í álitsskjalinu — getur sú hegning að vera í hegningarhúsi hèr um bil 400 mílur að heiman, þar sem allt í kringum hann er öðruvísi, bæði náttúran og mennirnir, og lifnaðarhættirnir eru ólíkir því sem er heima hjá honum, aldrei verið eins tilfinnanleg fyrir hann eins og hegning sú, sem framkvæmd er þar sem hann drýgði afbrotið eða þar í nánd, þar sem náttúran í kringum hann er óbreytt, og mennirnir, sem sakamaðurinn er innan um, þekkja hann og afbrot það, sem hann út tekur hegningu fyrir, og lifnaðarhátturinn er hinn sami, sem hann er vanur við heima hjá sèr; og eins liggur það í augum uppi, að hegningin hlýtur að hrífa miklu betur til þess að hræða þá, sem eru eins skapi farnir og sakamaðurinn, ef að hún er út tekin í hegningarhúsi á Íslandi, en þegar henni er samfara utanlandsferð, sem sakamaðurinn kemur aptur úr, þegar hann er búinn að út taka hegninguna, og hefir sèð margt og numið margt á ferð sinni, sem hann getur sagt frá, og vill það þá stundum verða, að menn gleyma, hvers vegna hann hefir tekizt þessa ferð á hendur. Eins og íslenzkir sakamenn nú út taka hegningarvinnu, þá vantar svo mikið á, að hún fæli sakamanninn sjálfan og þá, sem eins eru skapi farnir og hann, frá að drýgja afbrot, að hún einmitt hefir gagnstæð áhrif. Nefndin álítur því, að þó að hýðingunni sè haldið sem hegningu, væri mjög svo æskilegt að komið væri upp hegningarhúsi á Íslandi, en verði hún úr lögum numin, væri það alveg ómissandi. Kostnaðurinn við að koma upp hegningarhúsi mun einnig hafa ráðið málalokum, þegar því hefir verið hreift, og því ríður á, að slíku hegningarhúsi verið komið upp með svo litlum kostnaði sem auðið er, bæði að því, er snertir byggingu þess og stjórn þess framvegis. Verði þessu framgengt, þá heldur nefndin, að það sè svo langt frá því að gjöld landsins verði meiri fyrir það, heldur muni jafnvel gjöld þau minnka smátt og smátt, sem nú ganga til reksturs sakamála og framkvæmdar hegninganna, eptir sem breytingin á því, hvernig hegningarvinna skal út tekin, fer að hafa árangur. Nefndin tekur

fram, að hegningarhús það, sem hún stingur upp á, verði ekki borið saman við tukthúsið, sem svo var nefnt og fyrrum var á Íslandi; að vísu átti samkvæmt tilskipuninni um stofnun þess 3. marzmán. 1784 að setja í það sakamenn, er áttu samkvæmt tilskipununum að út taka typtunarhús-hegningu, þegar hún ekki fór fram úr 5 árum, en í raun og veru varð það sèr í lagi nauðungarvinnuhús handa iðjuleysingjum og betlurum en ekki hegningarhús í rèttum skilningi, og þar á ofan var það of stórkostlegt og stjórn þess of kostnaðarsöm eptir högum landsins. Nefndin ætlar, að hegningarhús, gjört fyrir 6 til 8 fangelsi, mundi vera nógu stórt eptir fólksfjölda á Íslandi og eptir því, hversu mörgum föngum verður búizt við þar að meðaltali, og þar á ofan tekur hún fram, að kæmi svo fyrir, að dæmdur maður ekki yrði undir eins settur inn í hegningarhúsið til þess að út taka hegningu sína, af því að ekkert rúm væri autt þar, þá væru þau vandkvæði ekki meiri en þau, sem nú eru því samfara, að hegningin er út tekin í konungsríkinu, og aðflutningur sakamannsins þangað frá Íslandi opt gjörir að verkum, að það verður að fresta framkvæmd hegningarinnar eins lengi eða lengur, og að minnsta kosti væru þau vandkvæði ekki stærri en svo, að heldur ætti að taka þeim en að stofna svo stórkostlegt hegningarhús, að landið gæti ekki til lengdar staðizt kostnaðinn, sem til þess gengi. Til þess að gjöra hann sem minnstan hefir nefndin hugsað sèr, að það ætti að byggja hegningarhúsið áfast við amtsfangelsi suðuramtsins og fangelsi Reykjavíkur kaupstaðar, og sami fangavörðurinn eða umsjónarmaðurinn að vera í öllum. — Nefndin hefir enn fremur látið í ljósi það álit sitt, að þó að það að hennar hyggju muni virðast óþarft og óhentugt vegna fólksfæðar og fátæktar Íslands að byggja typtunarhús og betrunarhús, hvort út af fyrir sig, eða að haga hegningrhúsinu svo, að því væri skipt í tvennt, og ætti önnur deildin að vera höfð fyrir typtunarhús en hin fyrir betrunarhús, þá eigi samt að halda aðskilnaðinum á báðum þessum hegningarvinnu-tegundum, og gæti það líka að nefndarinnar hyggju orðið, þó að ekki verði kostur á húsum, sem eins fullkomlega eru til þessa gjörð, eins og í konungsríkinu. Samkvæmt hegningarlögunum er aðalmunurinn á þessum tveim hegningarvinnu-tegundum sá, að betrunarhúsvinnu á sèr í lagi að beita, sumpart er menn eru dæmdir í hegningarvinnu um skamman tíma, sumpart er ætla má eptir aldri og hegðun sakamannsins að undanförnu og eptir eðli afbrots þess, sem hann hefir

framið, að einvera og fráskilnaður frá öðrum föngum muni hafa góð áhrif á hann, en aptur á móti á að beita typtunarhúsvinnu, sumpart, er menn eru dæmdir í hegningarvinnu um langan tíma, sumpart við gamla harðsvíraða sakamenn, og aðalmunurinn á því, hvernig hver þessi hegningarvinnu-tegund um sig er út tekin, kemur að eins þá fram, er betrunarhúsvinna er út tekin í kompu sèr með algjörðum fráskilnaði frá öðrum föngum dag og nótt, en þar á móti eru báðar hegningarvinnu-tegundirnar út teknar að mestu leyti á sama hátt, þegar það sèrstaklegra orsaka vegna er álitið skaðlegt fyrir fangann eða óhentugt að öðru leyti að láta hann gista í kompu sèr, og er það þá vitaskuld, að sú stytting hegningartímans, sem er samfara hegningu í kompu sèr, fellur burtu. Vegna þessa fær nefndin ekki sèð, að neitt sè því til fyrirstöðu, að bæði betrunarhúsvinna og typtunarhúsvinna sèu út teknar í sama húsinu, þegar má út taka betrunarhúsvinnu í sama húsinu, hvort sem sakamaðurinn á að sitja einn sèr í kompu eða ekki, því að ungum og ekki mjög þverúðarfullum betrunarhúsfanga, sem einhverra orsaka vegna ekki þolir að sitja einn sèr í kompu, er ekki hættara, þó að hann á Íslandi gæti komizt saman við tvo eða þrjá eldri og harðsvíraðri typtunarhúsfanga, en honum er í Danmörku, er hann í einhverju hegningarhúsinu þar verður að vera innan um langtum fleiri betrunarhúsfanga. Samkvæmt þessari skoðun sinni stingur nefndin upp á, að muninum, sem gjörður er í hegningarlögunum á betrunarhúsvinnu og typtunarhúsvinnu, verði haldið þegar þau verða lögleidd á Íslandi, þó að ekki verði byggt þar nema eitt hegningarhús, og þó að ekki sè ráð fyrir gjört að hafa neinar samvinnustofur í því, með því, að ekki verður búizt við, að hegningarhúsið geti haft neinn arð af samvinnu fanganna, bæði af því að búizt verður við, að þeir verði svo fáir að meðaltali, og af því, að ekki verður ráð fyrir gjört, að íslenzkir fangar að jafnaði kunni aðra vinnu en venjulega innivinnu, en á hinn bóginn má allt eins vel láta þá vinna vinnu sína, sem helzt mun verða í því fólgin að kemba, spinna og prjóna, í kompunum, og samt gjöra mun, eins og vera ber, á hegningu í kompu sèr með algjörðum fráskilnaði frá öðrum föngum og annari betrunarhús- eða typtunarhúsvinnu án slíks algjörðs fráskilnaðar og án þess að hegningartíminn sè styttur, því að það má hæglega leyfa föngum þeim, sem eiga að út taka hinar síðarnefndu vinnutegundirnar, að umgangast hvorir aðra meðan þeir eru í garði fangelsins eða á öðr-

um tímum, er stjórn hegningarhússins tiltekur nákvæmar. — Eins og það enn fremur yrði til ofmikils kostnaðar-auka að stofna tvö hegningarhús hvort fyrir sig eða hafa tvær deildir hvora fyrir sig í sama hegningarhúsinu til þess að láta vera fullkominn aðskilnað milli karlmanna og kvennmanna, eins virðist nefndinni það ekki heldur vera ókljúfandi fyrir stjórn hegningarhússins að láta vera þann aðskilnað, sem vera ber, á karlmönnum og kvennmönnum í hegningarhúsinu, og sèr í lagi að afstýra öllum saurlifnaði þeirra á milli, þó þau út taki hegningu sína í sama hegningarhúsinu.

Dómsmálastjórnin getur nú fyrir sitt leyti í öllum aðalatriðunum aðhyllzt það, sem þannig er fram komið af nefndarinnar hálfu um að nema úr lögum hýðinguna, sem er bæði hneyxlanleg og óhentug sem hegning, og um að lögleiða á Íslandi hegningarreglur þær, sem fylgt er í lögunum 10. febrúarmán. 1866, í heild þeirra á þann hátt, að íslenzkir sakamenn út taki bæði frelsis- og vinnu-refsingar á Íslandi í húsum, er byggð sèu einmitt til þess, og að því leyti sem nefndin álítur, að hegningarvinna verði opt ekki eins tilfinnanleg fyrir íslenzkan sakamann, þegar hann út tekur hana í hegningarhúsi í Danmörku, eins og hún ætti að vera, vegna alls hins nýstárlega, sem fyrir hann ber, þá skal þess að eins getið, að það, ef til vill, með eins miklum sanni má segja, að hegningin komi opt harðar að tiltölu niður á íslenzka sakamanninum, þegar hann á að út taka hana í ókunnu landi, þar sem hann opt og tíðum ekki getur látið þá, sem í kringum hann eru í hegningarhúsinu, skilja sig vegna þess, hversu hann er ókunnugur málinu, en niðurstaðan verður samt hin sama. Um sama leyti og stjórnarráðinu barst álitsskjal nefndarinnar fèkk það frá stiptamtmanninum yfir Íslandi nákvæmari uppástungu um fyrirkomulagið á fangelsunum þar, er fór í sömu stefnu og aðalatriði þau, er nefndin hafði stungið upp á, það er að segja, að byggt væri sitt fangelsi handa hverju amti á landinu og eitt hegningarhús handa öllu landinu, þar sem væri út tekin bæði betrunarhúsvinna og typtunarhúsvinna, og tekið væri við bæði karlmönnum og kvennmönnum. Þó að málefni þessu ekki hafi orðið komið svo langt áleiðis, vegna þess, hversu tíminn var naumur, að búin yrði til, um leið og frumvarpið til hegningarlaganna, uppástunga um að byggja fangelsi þau, sem með þarf, og um að útvega fè það sem til þessa þarf, og til þess að þau verði notuð framvegis, þá hefir stjórnarráðinu ekki virzt vera nægar ástæður til að fresta fyrir þessa sök að leggja

frumvarp þetta fyrir alþingi, þar sem óskandi væri margra hluta vegna, að það kæmist í kring sem fyrst, en hins vegar hefir stjórnarráðinu þótt rèttast, að stjórninni væri í niðurlagi hegningarlaganna veitt heimild til að láta þau ekki öðlazt lagagildi fyrr en allt það væri komið í kring, sem með þarf í þessu efni, og sjer í lagi væri búið að koma fangelsum þeim á fót, sem fyrirhuguð eru, eins og sagt hefir verið hèr að framan. Að því er málefnið um fangelsin snertir, skal stjörnarráðið að öðru leyti að eins geta þess, að það hefir hugsað sèr, sem stendur, að kostnaðinum yrði skipt á þann hátt, að hvert amt um sig legði til fèð til að koma upp fangelsi handa sèr og halda því í horfinu, en að greiða ætti kostnaðinn til hegningarhússins úr ríkissjóðnum, eða hinum sèrstaka landssjóði Íslands, þegar þar að kemur, og væri þá rèttast, að fè dómsmálasjóðsins íslenzka, sem nú er sjóður sèr, rynni inn í landssjóðinn.

Enn fremur skal hèr getið þess, sem á við um frumvarpið allt, að stjórnarráðið verður að vera nefndinni alveg samdóma, þar sem hún hefir tekið fram í álitsskjali sínu, að ekki virðist vera ástæða til, þegar hin nýju dönsku hegningarlög eru lögleidd á Íslandi, að sleppa greinum þeim, þar sem gjört er ráð fyrir stofnunum og tilhögunum, sem að vísu ekki eru til á Íslandi nú sem stendur, en geta ef til vill komizt þar á fyrr eða síðar, t. a. m. landvarnarskylda, kastalar, járnbrautir, hraðfrèttir o. s. frv. Sama er um nokkrar ákvarðanir í kapítulunum um landráða-sakir, sem að vísu kynni að virðast nokkuð ofaukið í íslenzkri hegningar-lögbók, en sem ekki samt má vanta til fullkominnar vísindalegrar niðurskipunar, og er slíkt ekki þýðingarlaust, þegar um þess konar lagasetning er að ræða, sem hèr er, smbr. 3 fyrstu kafla 83. greinar, 84. og 97. grein og að nokkru leyti 89., 90., 92.—95. grein.

Um fyrirsögn laga þessara skal loks tekið fram, að þau að eins eru kölluð »Almenn hegningarlög handa Íslandi«, af því að orðið »borgerlig« í fyrirsögn dönsku hegningarlaganna einkanlega á að benda á, að hegningarlögin handa hermönnum standi óhögguð, en þess þarf ekki með, að því er Ísland snertir. Að öðru leyti skulu gjörðar athugasemdir þær, sem á eptir fara, um efni hinna einstöku kapítula í frumvarpinu.

Fyrsti kapítuli.

Nefndin hefir stungið upp á í álitsskjali sínu, að þegar hegn-

ingarlögin verði lögleidd á Íslandi, sèu 6. og 7. grein látnar hafa sætaskipti, og til stuðnings uppástungu þessari hefir hún getið þess, sem nú skal sagt. Það getur, að nefndarinnar hyggju, ekki verið neitt á móti því, að ákvarðanirnar í 7. grein verði lögleiddar einnig á Íslandi, að svo miklu leyti sem þær snerta afbrot þau, sem um er rætt í 4. og 5. grein, því þau verða saknæm eptir lögum þessum, af því að þau annaðhvort eru framin í þeim tilgangi að sneiða sig hjá hegningar-ákvörðununum í lögunum sjálfum, eða eru brot á skyldum þess, sem í hlut á, annaðhvort við Danmerkur ríki eða við menn, sem eru undir vernd laganna þar. En ef að aptur á móti ætti einnig að beita 7. grein í tilfelli því, sem um er rætt í 6. grein, þá mundi hún, að nefndarinnar hyggju, koma í bága við almennar hegningarlaga-grundvallarreglur, því að þær munu varla veita heimild til að dæma á hendur manni hegningu eptir íslenzkum lögum fyrir afbrot, sem drýgð hafa verið þar sem hegningarlög annars ríkis ná til, og búið er þar að refsa fyrir, eins og þar þykir hæfilegt eptir málavöxtum, nema því að eins, að afbrot það, sem um er rætt, eigi einnig inn undir 4. og 5. grein. Nefndin hefir vegna þessa því að eins viljað fallast á 6. grein, að gjört sè ráð fyrir, að hún eigi einasta við um þau afbrot, framin af dönskum þegni í öðru ríki, sem honum ekki hefir verið refsað fyrir þar, en ekki þar á móti einnig um þau afbrot, sem honum hefir verið refsað fyrir eptir lögunum, þar sem hann framdi afbrotið, hvort sem sú refsing samsvarar hegningu þeirri, sem hann hefði unnið til, ef hann hefði drýgt afbrotið hèr heima, eður ekki; hefir nefndin látið það álit sitt í ljósi, að ef 6. og 7. grein væru látnar hafa sætaskipti, eins og hún hefir vikið á, þá hyrfi allur vafi á, að til þessa hefði einnig verið ætlazt í hegningarlögunum. Stjórnarráðið hefir nú ekki samt getað fallizt á þessa uppástungu nefndarinnar, og skal hèr þessu til skýringar farið nokkrum orðum um það, hvað haft var fyrir augum, þegar þessar greinir í hegningarlögunum 10. febrúarmán. 1866 voru samdar og þeim var raðað niður. 6. grein í lögunum er samin til þess, að henni verði beitt, þegar svo stendur á, að ríkið — þrátt fyrir það, að það er erlendis, að einhver af þegnum þess hefir gjört sig sekan í afbroti, og án þess að neitt af því eigi sèr stað, sem gjört er ráð fyrir í 4. og 5. grein — getur álitið sèr skylt að láta refsa manni, að vísu ekki til þess að fullnægja kröfum rèttvísinnar, heldur *til þess að sjá sjálfu sèr borgið*, einkum þegar glæpur-

inn er mjög stór. Einmitt af því að ákvörðunin í 6. grein kemur fram sem heimild en ekki sem skylda, þótti ekki þörf á í fyrstunni að taka í frumvarpið til laganna 10. febrúarmán 1866 ákvörðun, er færi í sömu stefnu og 7. grein, um að ef höfðað væri mál á móti hlutaðeiganda, skyldi hann fá vægari refsingu eða sleppa hjá hegningu eptir atvikum, ef að þegar væri búið að hegna honum erlendis fyrir afbrot hans, því að það yrði einmitt að vera eitt af því, sem gjört verður ráð fyrir að yfirvald það, er veitt yrði heimild til að úrskurða um málssóknina í þessu tilfelli, tæki til greina þegar hann ákvæði um, hvort ástæða væri til *in casu* að nota heimildina. Þegar málefnið var seinna rætt, vildu menn samt ekki taka þessa ástæðu gilda, og var það vafalaust á gildum rökum byggt, og heldur ekki það, að jafnaðarlega er svo ákveðið um hegningarnar, að mikið haf er á milli hinnar mestu og hinnar minnstu, nè heldur það, að ávallt má flýja til valds konungs að gefa upp sakir, heldur þótti vissast að taka þess konar ákvörðun, sem er í 7. grein, í lögin og hafa hana þannig orðaða og á þeim stað, að augljóst væri, að hún ætti bæði við tilfelli þau, sem eiga undir 4. og 5. grein, og eins þau sem eiga undir 6. grein. Að vísu skal ekki á móti því borið, að í raun og veru er ekki svo mjög áríðandi að láta 6. grein einnig ná til þeirra tilfella, þar sem sakamanninum *hefir verið* refsað erlendis, einmitt af því að dómstólunum er veitt heimild í 7. grein til að láta hegninguna jafnvel falla alveg burtu eptir málavöxtum (það er að segja þegar hegningin, sem hann hefir út tekið erlendis, er hèr um bil jöfn hegningu þeirri, sem honum hefði verið dæmd á hendur heima, ef honum ekki hefði verið refsað erlendis), en, samkvæmt því sem áður er sagt um ástæðurnar fyrir greinum þessum, þykir ekki vera tilefni til að láta vera neinn mun á dönsku hegningarlögunum og hinum íslenzku, er vænta má, í þessu efni.

Þar sem það samkvæmt hegningarlögunum 10. febrúarmán. 1866 er dómsmálastjórnin, sem er veitt heimildin til að láta hefja málssókn í tilfelli því, sem um er rætt í 6. grein, hefir þótt rèttast samkvæmt uppástungu nefndarinnar og umsvifaminnst, eins og gefur að skilja, að veita á Íslandi stiptamtmanninum þessa heimild.

Með því að það ekki eru hegningarlögin 10. febrúarmán. 1866, sem verða gild á Íslandi, þegar þar að kemur, heldur hegningarlög, sem að vísu eru þeim samkvæm í öllum aðalatriðum, en samt lög fyrir sig að forminu til, og með því að Ísland þannig

verður umdæmi sèr, að því er þau snertir, á móts við konungsríkið, hefir þótt nauðsynlegt að taka i *8.* grein ákvarðanir *um,* eptir hverjum hegningarlögum eigi að dæma þann mann, sem drýgt hefir afbrot bæði á Íslandi og í konungsríkinu, og síðan er lögsóttur í sama málinu fyrir íslenzkum dómstóli fyrir öll þau afbrot, sem hann þannig hefir framið, og *um* það, hvaða hegningu eigi að beita, er maður, sem er á Íslandi, hefir unnið saknæmt verk í konungsríkinu, en verður ekki handtekinn fyrir það og sendur þangað sem verkið var unnið, og vegna þess er lögsóttur á landi eptir beiðni yfirvalds þess í konungsríkinu, sem í hlut á, eða sá, sem misbrotið er við, höfðar mál á móti honum, þegar því er að skipta. Ákvarðanir þær, er að þessu lúta, eru að mestu leyti orðaðar eins og ákvarðanir þær, sem upphaflega voru teknar í frumvarpið til hegningarlaganna 10. febrúarmán. 1866 um sambandið í þessu efni milli konungsríkisins annarsvegar og Sljesvíkur og beggja þjóðversku hertogadæmanna hins vegar.

Að endingu skal þess getið, að orðinu »Kongeriget», sem kemur þráfaldlega fyrir einkum í fyrsta kapítulanum og annars víða í hegningarlögunum dönsku til þess að benda á hið almennilega umdæmi laganaa, hefir verið breytt hèr, eins og hlaut að vera, í »Ísland» eða »landið».

Annar kapituli.

Um *14.* og *16.* grein skal vísað í það sem að ofan er sagt um að koma upp hegningarhúsi á Íslandi, og skal þess þar að auki getið, að af sömu ástæðum, sem farið var eptir um samsvarandi breytingu á 6. grein, er hèr stungið upp á, að stiptamtmanninum en ekki dómsmálastjórninni sè veitt heimild til að samþykkja breytingar þær á afplánun hegningarinnar, sem um er rætt í greinum þessum.

Að því leyti sem 2. liður *17.* greinar, sem er svolátandi í hegningarlögum konungsríkisins: »Udlændinge, som, efter at være ifölge Dom udviste af Riget, uden Tilladelse igjen begive sig ind i Landet, straffes» o. s. frv., er nokkuð breyttur hèr, skal þess getið, að ástæðan til þess er sú, að það ber að beita hegningarákvörðuninni, hvort sem sá, er í hlut á, hefir verið á Íslandi eða í konungsríkinu áður en hann var rekinn úr landi.

Um *28.* grein hefir nefndin getið þess, að á Íslandi muni að

líkindum svo sjaldan koma fyrir að beita hegningu þeirri, sem þar er um rætt, að varla geti verið ástæða til að byggja þar sèrstakt ríkisfangelsi, og að vegna þess mætti annaðhvort sleppa alveg setningu þessari í samsvarandi greininni í dönsku hegningarlögunum: »Denne Straf udstaaes i særlig dertil indrettede Fængsler», ellegar að breyta henni þannig: »Hegning þessi skal út tekin í einhverju af fangelsum landsins eptir því sem stiptamtmaður nákvæmar ákveður», eða að síðustu að ákveða, að hegning þessi skuli út tekin í konungsríkinu, þangað til búið er að koma upp til þess sèrstökum fangelsum á Íslandi. Ef setningunni væri sleppt, ætti að nefndarinnar hyggju að framkvæma hegninguna blátt áfram í amtsfangelsinu, og yrði ekki að áliti nefndarinnar haft neitt á móti því, þar sem ríkisfangelsi og einfalt fangelsi um jafnlangan tíma eru álitin samsvara hvort öðru (sbr. 29. gr.). Ef að miðuppástungan væri tekin, mætti hafa tillit til þess, að hegning þessi yrði út tekin í því fangelsinu, sem álíta mætti að bezt hentaði til þess, annaðhvort af því, að þar væru ekki margir aðrir fangar í þann svipinn, ellegar vegna tilhögunar fangelsisins. Að því er snertir þriðju uppástunguna, sem stjórnarráðinu hefir virzt bezt eiga við, og vegna þess hefir verið tekin til greina, þegar frumvarpið var samið, þá álítur nefndin, að það sè ekkert ísjárvert að láta afplána hegninguna í konungsríkinu í þessum tilfellum, sem búast má við, að komi svo sjaldan fyrir, með því að mótbárur þær, sem að ofan voru teknar fram gegn því, að hegningar að öllum jafnaði sèu út teknar á þenna hátt eiga ekki nærri því eins við um ríkisfangelsi og um hegningarvinnu, og þar að auki má gjöra ráð fyrir, að maður, sem dæmdur er í ríkisfangelsi sè að öllum jafnaði fær um að endurgjalda sjálfur kostnað þann, sem því er samfara.

Þar sem að nefndin, eins og áður er sagt, hefir lagt kappsamlega með því að hýðing sú, sem hingað til hefir á Íslandi verið látin koma í staðinn fyrir fangelsis- og vinnuhegningar, sè numin úr lögum, þá hefir henni samt ekki þótt neitt ísjárvert við þær líkamlegu refsingar, sem fyrir er mælt um í *30.* grein smbr. 10. grein; og hefir henni ekki heldur virzt neitt vera því til fyrirstöðu, að þær sèu framkvæmdar í hverju lögsagnarumdæmi um sig með tilsjón fógetans. Að öðru leyti skal þess getið, að þar sem minnzt er á »lögin um hegningarhúsið» í niðurlagi greinar þessarar, þá er haft fyrir augum sèrstakt lagaboð um hegningarhús það á Ís-

landi, sem fyrirhugað er, eins og sagt hefir verið, og ætti lagaboð það að öðlast gildi undir eins og hegningarlögin sjálf.

Í 30. grein í hegningarlögunum 10. febrúarmán. 1866 er svo fyrir mælt, að fèsekt megi vera 1 rd. minnst og 2000 rd. mest, og ef sektin ekki verði borguð, þá skuli koma í stað hennar hegning í einföldu fangelsi, er nákvæmar sè tiltekin í dómnum, en ekki samt má fara fram úr 30 daga fangelsi fyrir hverra 100 rd. sekt. Nefndin hefir nú samt sem áður álitið bezt henta, að haldið sè hlutfalli því milli upphæðar á fèsektum í konungsríkinu og á Íslandi, sem hingað til hefir verið í gildi samkvæmt tilsk. 24. janúarmán. 1838, og hefir hún því stungið upp á, að bæði í tèðri grein og alstaðar annarsstaðar, þar sem í dönsku hegningarlögunum er skipað fyrir um ákveðna upphæð, er sektin megi vera mest eða minnst, þá sè hún færð niður um helming, er lögin verða innleidd á Íslandi, þó með þeirri undantekningu, að í 30. grein sè ákveðið, að »dæma megi í sektir frá 1 rd. til 1000 rd.», með því að ekki virðist mega færa niður þá upphæðina, 1 rd., sem sett er minnst í greininni. Ef þessu væri farið fram, álítur nefndin að þar að auki ætti að setja nokkuð frábreytta reglu um afplánun sekta, helzt þá, að hegningin í einföldu fangelsi, sem á að koma í stað sektarinnar megi ekki fara fram úr 30 daga fangelsi fyrir hverja 50 rd. sekt í staðinn fyrir að í konungsríkinu er það fyrir hverra 100 rd. sekt. Stjórnarráðið hefir að þessu leyti alveg aðhyllzt uppástungur nefndarinnar um það, hvernig *31.* grein í frumvarpinu skuli orðuð, og sumstaðar hafa sekta-upphæðir þær, sem ákveðnar eru í hegningarlögunum dönsku, jafnvel verið færðar niður um meira en helming, til þess að þær gætu leikið á tugum og hundruðum. Hins vegar hefir nefndin ekki komið með neina tiltekna uppástungu um það, í hvaða sjóð fèsektirnar eiga að renna, en að eins sagt um það, að það væri undir því komið, úr hvaða sjóði ætti, þegar þar að kemur, að greiða kostnaðinn til þess að byggja og halda við fangelsum þeim og hegningarhúsi því, sem kann að verða komið upp á Íslandi. Dómsmálastjórnin hefir nú samt, eins og áður var sagt, verið á því máli, að það væri með öllu ótiltækilegt að láta greiða úr sama sjóðnum kostnaðinn bæði til amtsfangelsanna og hegningarhússins, sem fyrirhuguð eru, heldur ætti hvert amt um sig að leggja fram kostnaðinn til amtsfangelsis síns, en ríkisjóðurinu eða landssjóður Íslands, ef til þess kemur, kostnaðinn til hegningarhússins. Ef að farið væri að á

þenna hátt um borgun kostnaðarins til fangelsanna, þá yrði tilhögunin um það atriði byggð á sömu grundvallarreglum og í konungsríkinu, því þar er það sveitastjórnarmálefni að byggja fangelsin handa hverju umdæmi og leggja til kostnaðinn, sem til þeirra þarf, en gjöldin til hegningarhúsanna eru greidd úr ríkissjóðnum. Vegna þessa og með því að sömu reglur gilda í öllum aðalatriðum um borgun annara útgjalda í notum rèttvísinnar á Íslandi eins og í Danmörku, hefir ekki virzt vera neitt ísjárvert í því, að fara eptir sömu reglu, eins og sett er í hegningarlögum konungsríkisins, einnig um það, í hvaða sjóð sektirnar eigi að renna, að því er Ísland snertir, og eiga þær samkvæmt því að renna í ríkissjóðinn eða í hinn sèrstaklega landssjóð Íslands, eptir að búið er að aðgreina fjárhag Danmerkur og Íslands, eins og búast má við að verði.

Þriðji kapituli.

Í *37.* grein frumvarpsins er af sömu ástæðum, og hin samsvarandi breyting í 6., 14. og 16. grein er byggð á, stungið upp á að veita stiptamtmanninum, í stað þess, að það er dómsmálastjórnin í hegningarlögum konungsríkisins, heimild til að láta málssókn niður falla í tilfelli því, sem um er rætt í síðasta lið greinarinnar.

Um *42.* grein hefir nefndin getið þess, að það geti langtum optar borið við á Íslandi vegna einkennilegra landshátta þar heldur en í Danmörku, að ekki að eins líf og heilbrigði einstakra manna, heldur einnig fjármunum þeirra verði mjög snöggleg hætta búin, sem eigandinn með engu móti gat sèð fyrir að vofði yfir eða afstýrt, og er tilfært sem dæmi upp á þetta, að þegar bráðaþeyr kemur snögglega upp á eða stormviðri eða aðrir atburðir, sem olla flóði í ám, þá sè hætt við að fè eða aðrar skepnur farist í þeim, og gæti eigandinn þá ef til vill bjargað þeim, ef hann tæki bát eða hest annars manns og notaði hann til þess að reka þær upp úr ánni. Samkvæmt þessu hefir hún bent á, að á eptir orðunum »líf og heilbrigði« í grein þessari mætti bæta við »eða fjármunum«. Þó ekki verði á móti því borið, að landshættir á Íslandi sèu mjög einkennilegir, þá hefir stjórnarráðinu samt þótt of ísjárvert að fallast á þessa breytingu. Að leyfilegt er í neyðartilfellum að veita rèttindum manna ágang, er refsað mundi fyrir, ef öðruvísi væri ástatt, verður sem sè að eins rèttlætt með því, að líf manna á að vera í fyrirrúmi, og ef ákvörðunin í greininni væri

víðkuð svo, að hún ætti einnig við um fjármuni sjálfs manns og annara, sèr í lagi ef »fjármunir« væri settir jafnfætis »lífi eða heilbrigði« eins og nefndin vill, án þess að það væri einskorðað nákvæmar, þá gæti það haft þær afleiðingar, sem með engu móti mætti viðgangast og hin mesta hætta væri búin af. Þess skal einnig getið, að nefndin sjálfsagt einkum hefir haft í huga, að hlutir annars manns væru *notaðir*, en greinin á við »að taka eður spilla eign annars manns«.

Fjórði til áttundi kapítuli.

Um *66.* grein skal vísað í athugasemdirnar hèr að framan um 30. grein; að öðru leyti þykir að eins vert að geta þess, að það hefir virzt rèttast af sömu ástæðum, og áttu við um margar greinir, sem getið er um hèr á undan, að veita stiptamtmanninum heimild þá, sem um er rætt í *71.* grein, í stað þess að dómsmálastjórninni er veitt hún í hegningarlögunum 10. febrúarmán. 1866.

Níundi til ellefti kapítuli.

Um þessa kapítula skal yfir höfuð að tala vísað í hinar almennu athugasemdir hèr að framan (smbr. 78. bls. o. s. frv. og 86. bls. og um 83. og 84.: 91. bls.), og skal að eins við bætt því sem hèr fer á eptir. Nefndin hefir að vísu ekki borið á móti, að ekkert sè því til fyrirstöðu að hugsa sèr, að ráða megi menn ólöglega í herþjónustu á Íslandi, þó að menn ekki nú sem stendur sèu skyldir þar til landvarnar, en samt hefir hún vakið máls á því, hvort það verði álítið eins stórt afbrot, eins og það sem um er rætt í greíninni um ólöglegan liðsafnað í hegningarlögunum dönsku, að ráða menn, sem ekki eru skyldir til landvarnar, í útlenda herþjónustu en ekki hjá fjandmönnum ríkisins, og hvort að það yfir höfuð að tala sè glæpur fyrir slíkan mann að láta ráða sig í slíka herþjónustu. Meðan landvarnarskylda ekki er komin á á Íslandi, álítur nefndin að ákveða eigi vægari hegningu fyrir liðssafnarann, en í hegningarlögunum dönsku, og að sá, sem lætur ráða sig í herþjónustu, eigi að sleppa hjá hegningu, og stingur hún því upp á að hegningin í fyrsta lið greinar þeirrar, sem orðin er *77.* grein í frumvarpinu, sè færð niður í hegningarvinnu allt að 4 árum á fyrra staðnum og einfalt fangelsi eða betrunarhúsvinnu allt að 1 ári á seinna staðnum, og að öllum öðrum lið sè

sleppt úr. En með því að álíta má, að lagaboð það, sem var gildandi í konungsríkinu um ólöglegan liðsafnað (tilsk. 9. júní-mán. 1819) þangað til hegningarlögin 10. febrúarmán. 1866 komu, gildi einnig á Íslandi, og með því að grein sú í téðum hegningarlögum, sem samsvarar *77.* grein í þessu frumvarpi, á við bæði um að ráða í herþjónustu menn, sem eru skyldir til landvarnar, og þá, sem ekki eru það, og ekki einu sinni er einskorðuð við, að þeir, sem ráðnir eru, verði álitnir danskir þegnar, þá virðist ekki nægar ástæður til að gjöra breytingar þær, sem nefndin hefir vikið á, á hegningarákvörðunum greinarinnar fyrir þá sök að landvarnarskylda sè ekki komin á á Íslandi.

Að öðru leyti skal þess getið, að með því að »landið« allt af annars er haft í sömu þýðingu og »Ísland«, hefir orðinu »Landet« í dönsku hegningarlögunum verið breytt í »ríkið«, bæði í þessari grein og í *78.* og *79.* grein, og eins hefir orðunum »her i Riget« í *95.* grein verið breytt »í Danmerkur ríki«. Að því er *88.* og *69.* grein snertir, hefir loks þótt rèttast í stað þessara orða í hinum samsvarandi greinum í hegningarlögum konungsríkisins »Foretagelsen af de forfatningsmæssige Valg eller de lovgivende Forsamlingers Sammentræden og Virksomhed« að setja, kosningar til alþingis eða að það komi saman og starfi, og í staðinn fyrir «nogen af de lovgivende Forsamlingers Sikkerhed og Frihed«, friði eða frelsi alþingis, með því að gjört hefir verið ráð fyrir, að varla geti hugsazt afbrot þau, sem um er rætt í greinum þessum — hvað svo sem sagt verður um mestan hluta ákvarðananna í kapítulum þessum — verði drýgð á móti ríkisþingi konungsríkisins, og að það er vitaskuld, að ef svo fer, að alþingi verður veitt löggjafarvald, þá verður að vernda það með líkum hegningar-ákvörðunum, og settar eru til verndar fulltrúaþingum konungsríkisins.

Tólfti kapítuli.

Vegna þess að á Íslandi enn þá að eins eru til bæjarfulltrúar, en ekki neitt sem samsvarar amtsráðunum og sveitaforstöðunefndunum í konungsríkinu, og með því að ekki verður vitað yfir höfuð að tala, hvernig sveitastjórn á Íslandi verður hagað á síðan, hafa verið höfð almenn orðatiltæki í 3. lið *99.* greinar »sveitastjórnarfulltrúar», þar sem í dönsku hegningarlögunum stendur »Amtsraadsmedlemmer» og «Sogneforstandere».

Meðal sýslunarmanna þeirra, sem taldir eru upp í *113.* grein,

hefir í staðinn fyrir «Sognefogder» í dönsku hegningarlögunum verið sett «hreppstjórar«, en aptur hefir «tollþjónum» verið haldið, og skal um það vísað í það sem sagt er að ofan 86. bls.

Í grein þeirri í hegningarlögunum dönsku, sem samsvarar *114.* grein hefir þessum orðum «Valgret til nogen af de lovgivende Forsamlinger» og «Foretagelsen af de forfatningsmæssige Valg» verið breytt á fyrra staðnum í «kosningarrètt til Alþingis» og á seinni staðnum í »kosningar til alþingis«. Samkynja breyting hefir einnig verið gjörð á *115.* grein frumvarpsins, sem samsvarar 114. grein í hegningarlögunum dönsku.

Þrettándi kapituli.

Þó að ástæðurnar til þess að færa fèsektir þær, sem fyrir er mælt um í dönsku hegningarlögunum, niður um helming sèu þýðingarminni, þegar um embættismenn er að ræða, hefir virzt rèttast, eins og nefndin hefir mælt með, að færa fèsektirnar einnig niður um helming í þessum kapítula, sèr í lagi til þess að komast hjá að verða að setja aðrar reglur, en hinar almennilegu, um afplánun fèsekta þeirra, sem embættismönnum eru dæmdar á hendur.

Með því að það var afráðið, þegar 31. grein var samin, að láta allar fèsektir til refsunar renna inn í ríkissjóðinn, hefir ekki heldur virzt vera ástæða til um *123.* grein að bregða af reglu þeirri, sem sett er í hegningarlögunum 10. febrúarmán. 1866, en samkvæmt henni eiga gjafir þær og þess konar, sem um er rætt í greininni, að renna í ríkissjóðinn.

Með því að gjört er ráð fyrir, að í stjórnarskipunarlög Íslands, er vænta má, muni verða teknar ákvarðanir sama efnis og þær, sem standa í 85. og 86. grein í grundvallarlögunum 5. júnímán. 1849, hefir efni 129. greinar í dönsku hegningarlögunum verið tekið hèr í *130.* grein með orðabreytingum þeim, sem sjálfsagðar voru.

Þó að nokkuð öðruvísi sè til hagað á Íslandi um það, hvernig skattur og önnur opinber gjöld eru heimt saman en í konungsríkinu, sèr í lagi að því leyti, að skattheimtumennirnir á Íslandi optast nær um leið hafa einstöku skatta og gjöld á leigu, hefir stjórnarráðið samt orðið að vera nefndinni samdóma um, að eigi væri fyrir þá sök nægar ástæður til að orða 137. grein í hegn-

ingarlögunum dönsku öðruvísi þá er hún væri tekin í frumvarpið, og er hún því óbreytt í því sem *138.* grein.

Fjórtándi til fimmtándi kapítuli.

Um þessa kapítula þykir ekki tilefni til að taka neitt fram sérstaklega, og skal um hinn síðarnefnda kapítulann að eins vísað í hinar almennilegu athugasemdir á 80. bls. hèr að framan.

Sextándi kapítuli.

Þó að breytingin, sem með hegningarlögum þessum verður gjörð um afbrot þau, er rætt er um í þessum kapítula, verði meiri að því er snertir Ísland heldur en Danmörku, þar sem að málssókn út af hórdómi á að verða undir því komin, að það hjónanna krefjist þess, sem misgjört er við, og þar sem ekki er lögð hegning við því að eiga þrjú börn eða fleiri í lausaleik, sitt með hverjum, þá hefir nefndinni samt ekki virzt vera nægar ástæður til fyrir þessa sök að stinga upp á neinum breytingum á hegningar-ákvörðununum í kapítulanum. Nefndin hefir að eins um *165.* grein vakið eptirtekt á því, að það sè langtum algengara á Íslandi en í Danmörku, að faðir ali upp barn sitt óskilgetið með börnum þeim, sem hann hefir átt í hjónabandi og fari alveg eins með þau öll, og að ástæða sú, er það á við að styðjast, að beita má samkvæmt greininni svo vægri hegningu fyrir holdlegt samræði milli alsystkina og hálfsystkina, þegar þau ekki eru skilgetin systkin — en ástæðan er sú, að það getur verið, að þau sèu ekki alin upp á sama heimili — komi vegna þessa sjaldnar fram á Íslandi en í Danmörku. Samkvæmt þessu er kveðið nákvæmar á um skilmálana fyrir því, að færa megi niður hegninguna, með því að bætt er við þessari setningu: »og þau þar að auki hafa ekki alizt upp á sama heimili».

Sautjándi kapítuli.

Nefndinni hefir ekki þótt ísjárvert að mæla fram með, að allar ákvarðanirnar í þessum kapítula verði lögleiddar á Íslandi, en á hinn bóginn hefir hún tekið fram, að eitt afbrot, sem drýgt verður á Íslandi vegna hinna einkennilegu landshátta þar, en vegna þess, hvernig ástatt er í konungsríkinu, hlýtur að vera mjög sjaldgæft þar, þó að það kunni að koma fyrir, eigi ekki inn undir ákvarðanirnar í lögunum. Í fyrsta lagi hefir nefndin í þessu efni haft

eina athöfn fyrir augum, sem að vísu mun sjaldan koma fyrir á Íslandi, þar sem gestrisnin er svo almenn, en samt getur hugsazt, en það er að úthýsa ferðamanni. Það verður heldur ekki á móti því borið, að vegna þess, hversu langt er á milli bæja víða á Íslandi, vegna þess, hversu vegirnir eru vondir, og vegna illviðranna, sem stundum geysa þar, svo að hverjum manni er lífsháski búinn, sem verður að vera úti í þeim, þá getur maður, sem úthýst er, beðið bana eða mikið tjón á líkama og heilbrigði af því. Nefndin hefir í öðru lagi bent á, að landslagi er víða svo háttað á Íslandi, að það er lífsháski að fara um suma vegi þar, og að sama er um margar ár og vatnsföll, sem ferðamenn verða að fara yfir, að það er lífsháski, ef menn ekki eru nauðkunnugir vaðinu á þeim, og vegna þess verða að fá tilsögn hjá þeim, sem næstir búa; og hefir það tilfelli þá vakað fyrir nefndinni, að maður af ásettu ráði eða undirlögðu ráði segi ferðamanni rangt til vegar, þar sem slíkar hættur eru, og að bani mannsins hljótist af því eða tjón á líkama eða heilbrigði. Með því að nú er þörf á, að nefndarinnar hyggju, að til sè í hegningarlögunum ákvörðun, er átt gæti við um þessi afbrot, eins og líka var í gömlu íslenzku lögunum, hefir nefndin stungið upp á, að bætt sè aptan við 198. grein sem nýjum lið ákvörðun, sem að þessu lúti, því að hegningarnar í tèðri grein virðist hæfalegar fyrir þessi afbrot. Stjórnarráðið hefir alveg fallizt á álit nefndarinnar í þessu efni, en hefir þó virzt rèttara að hafa hina nýju hegningar-ákvörðun, sem stungið er upp á, í grein sèr, af því um svo ólík tilfelli er að ræða, og verður hún þá *199.* grein.

Átjándi til tuttugasti og annar kapítuli.

Um þessa kapítula skal, að því er snertir fèsektirnar í *205.*, *217.—219.*, *222.* og *223.* grein, vísað í það, sem að ofan er sagt um 31. grein, og skal þess enn fremur getið, að i *228.* og *229.* grein hefir á líkan hátt, og gjört var í 88., 96., 114. og 115. grein, verið sett «alþingi» í staðinn fyrir »nogen af de lovgivende Forsamlinger» í samsvarandi greinum í dönsku hegningarlögunum.

Tuttugasti og þriðji kapítuli.

Eins og þjófnaður á sauðum eða öðrum skepnum úr fjár- eða fènaðarhúsum annars manns er settur jafnfætis þjófnaði á sauðum út á víðavangi í 8. grein tilskipunarinnar 24. janúarmán. 1838,

eins má ætla, að þetta sè samkvæmt hinum einkennilegu landsháttum á Íslandi, þar sem fènaðar- og fjárhús, og sèr í lagi fjárhúsin, opt standa langt frá bæ eigandans, og þar á ofan eru ólokuð að öllum jafnaði. Samkvæmt 229. grein í dönsku hegningarlögunum yrði ekki refsað fyrir slíkan þjófnað sem stórþjófnað, og hefir því uppástunga nefndarinnar um, að lögð verði sama refsing við þjófnaði á skepnum úr fjár- eða fènaðarhúsum og við stórþjófnaði, verið tekin til greina í 1. tölulið *231.* greinar í frumvarpinu, og hefir að eins verið breytt svo til, að af því orðin »fènaðar- eða fjárhús» varla munu ná yfir hesthús, sem þó sjálfsagt ættu að vera sömu verndar aðnjótandi, en »búfjárhús» hins vegar er full skýrt orð bæði um hús handa nautpeningi og handa sauðpeningi, þá hefir verið sett «hesthús og búfjárhús» í staðinn fyrir »fjár eða fènaðarhús».

Nefndin hefir stungið upp á, að í stað *237.* greinar í frumvarpinu sè sett ákvörðun svo látandi:

> »Þjófnaður, sem ekki nemur 2 rd. virði, og engin þau atvik eru samfara, er gjöra stórþjófnað (231. grein), varðar sektum allt að 25 rd. eða einföldu fangelsi allt að 1 mánuði. Opinber málssókn skal því að eins hafin, að sá krefjist þess, sem misgjört er við».

Þessari uppástungu til stuðnings hefir nefndin tekið það fram, sem nú skal greina. Eins og gömlu lögin íslenzku gjöra skýran greinarmun á eiginlegum þjófnaði, en til hans var það einasta talið, er stolið var 1 eyris virði, og undanskildum þjófnaði, þegar það sem hnuplað var, var ekki svo mikils virði (görtæki, hvinnska), eins hèlzt það að nefndarinnar hyggju, þangað til að tilskipun 24. janúarmán. 1838 lögleiddi hegningarlöggjöfina dönsku á Íslandi, að þessi greinarmunur á lítilfjörlegum þjófnaði og meiri þjófnaði var álitinn lögboðinn og dómstólarnir í landinu hèldu honum skýlaust fram. Eins og þessi greinarmunur einnig nú sem stendur kvað hafa nokkur áhrif á það, hvernig yfirdómurinn á Íslandi beitir 30. grein í tilskipun 11. aprílmán. 1840, eins er hann að nefndarinnar hyggju, enn til í rèttarmeðvitund landsmanna, og segir nefndin að vegna landshátta á Íslandi hafi ný lög ekki eins mikil áhrif á rèttarmeðvitund manna þar, eins og í öðrum löndum, þar sem landsfólkið ekki er eins á strjálingi og allt skipulag á þjóðfèlaginu er fullkomnara. Vegna þessa er nefndin á því máli, að, þegar kveðið er á um »undanskilinn þjófnað», sè að því er Ísland snertir

þörf á að láta það vega meira, að hluturinn, sem stolið er, er lítils virði, heldur en gjört hefir verið í 235. grein í hegningarlögum konungsríkisins, eða 237. grein í frumvarpinu, sem er eins látandi, bæði af því að þá yrði, að nefndarinnar hyggju, meiri samhljóðun á lögunum og réttarmeðvitund landsmanna, og af því að hægra yrði, að því er virðist, að beita ákvörðuninni sjálfri, og er hún í mörgum útlendum lögum, heldur en téðri grein í frumvarpinu, er nefndinni virðist of mjög á reiki og of óákveðin sökum þessara orðatiltækja »að hluturinn, sem tekinn er, sé lítils virði», og að þar á ofan verða að vera »sérstök atvik», sem gjöra að verkum »að athæfið er ekki nærri því eins hegningarvert og þjófnaður almennt». Enda þó að greinin væri látin halda sér óbreytt í íslenzku hegningarlögunum, eins og hún er í hinum dönsku, þá ímyndar nefndin sér samt, að það muni ekki opt bera við, að yfirvöldin fái vitneskju um þjófnað, sem ekki nemur meiru en að ofan er vikið á, og láti höfða mál út af honum, og að þessi nýja hegningar-ákvörðun muni ekki fremur en 30. grein í tilskipun 11. aprílmán. 1840 geta breytt þeirri skoðun landsmanna, sem að nefndarinnar hyggju er svo rótgróin, að það sé tvennt ólíkt, hvort það, sem stolið er, er lítilræði eða nemur meiru. Þegar á að setja eiginlegum þjófnaði fast takmark í peningum, getur að vísu ekki hjá því farið, að það verði nokkuð af handa hófi, en sú ástæða virðist nefndinni þýðingarminni, þegar takmarkið hefir réttarmeðvitundina við að styðjast, eins og er á Íslandi en hvergi annarsstaðar. Þegar þá á að ákveða, hvar takmarkið eigi að vera að því er Ísland snertir, virðist nefndinni margt mæla fram með að halda gamla takmarkinu, 1 eyris virði, en að samt ætti að tiltaka það í peningum til hægðarauka, og af því að 1 eyrir eða 6 álnir samsvara 1 rd. 42 sk. eptir verðlagsskránni í suðuramtinu, sem að allt af virðist fara hækkandi, þá hefir nefndin mælt fram með, að takmarkið sé látið vera 2 rd. — Stjórnarráðið hefir nú ekki samt getað fallizt á uppástungu þessa. Ákvörðunin í 237. grein frumvarpsins er sem sé í sjálfri sér svo réttlát og svo samkvæm allri stefnunni í hinum öðrum ákvörðunum í frumvarpinu, að varla mundi vel henta að setja í stað hennar grein þá, sem nefndin hefir samið, er þar að eins er litið á eitt atriðið, verð hlutarins, sem stolið er, en ekki haft neitt tillit til hinna annara atvika, sem eiga að koma til greina, þegar meta skal, hversu hættulegt verkið sé og til hverrar refsingar sé unnið. Það yrði því að færa til

öldungis sèrstaklegar ástæður til þess að fara eptir annarí reglu um þetta í konungsríkinu en á Íslandi. En stjórnarráðið getur ekki látið sannfærast af því, sem nefndin hefir tekið fram um þetta efni. Þar sem nefndin sèr í lagi hefir fullyrt, að greinarmunurinn á eiginlegum þjófnaði og undanskildum þjófnaði hafi allt af *verið álitinn lögboðinn* og að *dómstólarnir í landinu hafi ávallt skýlaust haldið honum fram,* þangað til að tilskipun 24. janúarmán. 1838 lögleiddi dönsku hegningarlöggjöfina á Íslandi, þá virðist nóg að vísa í konungsbrèf 19. febrúarmán. 1734, þar sem svo var fyrir mælt, að þjófamál og drápsmál skuli dæmd á Íslandi *eptir norsku lögum,* og skal þar að auki geta þess, að tilskipun 20. febrúarmán. 1789 hefir einnig verið lögleidd á Íslandi og henni beitt þar, sbr. konungsbrèf 25. júlímán. 1808 7. grein. Eins og það því er vafalaust, að í meir en 100 ár hefir verið refsað fyrir þjófnað á Íslandi eptir norskum og dönskum lögum, eins verður líka að taka það fram, að 30. grein í tilsk. 11. aprílmán. 1840 hefir verið beitt þar á mjög svo yfirgripsmikinn hátt, ávallt síðan að tilskipun þessi var lögleidd þar. Stjórnarráðið getur þess vegna ekki sem bezt fellt sig við þá röksemdaleiðslu nefndarinnar, að þrátt fyrir lög þau, sem gilt hafa í raun og veru á Íslandi frá því 1734, hafi landsmenn haldið föstum greinarmun þeim, sem í gömlu lögunum íslenzku er gjörður á eiginlegum þjófnaði og undanskildum þjófnaði, þó að hann allan þenna tíma ekki hafi haft neitt að þýða í rauninni, og þó að verðlag á eyri hafi breytzt svo, að nú er hann meir en 6 sinnum þess virði sem hann var í fyrndinni. Af skýrslum þeim, sem stjórnarráðið að öðru leyti hefir fyrir sèr um þetta efni, hefir það ekki heldur getað sannfærzt um, að þessi greinarmunur sè enn þá sannarlega inngróinn í rèttarmeðvitund landsfólksins á Íslandi, sem nú er uppi, og þar sem hann, að því er nefndin segir, hefir haft áhrif á það, hvernig yfirdómurinn hefir beitt 30. grein í tilskipun 11. aprílmán. 1840, skal ekki undanfellt að geta þess, að hæsti rèttur hefir ekki kannazt við, að áhrif þau væru lögmæt (smbr. hæsta rèttardóm 6. janúarmán. 1863 í tíðindum frá hæstarètti 1862, 692. bls.). En að því slepptu væri það öldungis ótiltækilegt að hafa í lögunum aðra eins ákvörðun eins og þá, sem nefndin hefir stungið upp á, er færi því fram, að það t. a. m. mætti stela 2 rd. í peningum, án þess að það yrði álitinn eiginlegur þjófnaður.

Nefndin hefir stungið upp á, að við *240.* grein, eins og hún

er í frumvarpinu, verði bætt ákvörðun um, að þegar þjófnaður sá, sem hilmt er yfir með, á undir 237. grein, þá skuli hegningin fyrir hilminguna vera fèsekt allt að 10 rd., eða einfalt fangelsi allt að 3 vikum, og er þessu til stuðnings tekið fram, að annars mundi 240. grein, að því er virðist, koma í bága við hina almennu reglu, sem sett er í 56. grein um hegningu fyrir eptirfarandi hlutdeild í drýgðum glæp, þar sem hegningin fyrir hilminguna gæti eptir 240. grein orðið talsvert meiri en eptir 237. grein. Um þetta skal samt þess getið, að 240. grein á að eins við um þau tilfelli, er maður verður brotlegur á þann hátt, sem nákvæmar er vikið á í greininni, í hlutdeild í *eiginlegum* þjófnaði. Hegningar-ákvörðun þessi getur því ekki átt við um þann mann, sem á þenna hátt verður hluttakari í athöfn þeirri, sem um er rætt í 237. grein, og hvorki er kölluð *þjófnaður* og ekki heldur farið með sem þjófnað. Samkvæmt tilskipuninni 11. aprílmán. 1840 varð eptirfarandi hlutdeild í yfirsjón þeirri, sem þar er rætt um í 30. grein, ekki álitin hilming, og þó að hegningar-ákvarðanirnar í nýju hegningarlögunum um hilmingu sèu komnar á annan stað en í greindri tilskipun, það er að segja á eptir greininni um undanskilinn þjófnað, er svo er nefndur, þá verður ekki af því ráðið, að með því hafi átt að gjöra neina breytingu á þessu. Þar eð þá ósamkvæmni sú, sem nefndin hefir haldið að væri í þessu, ekki á sèr stað, hefir ekki þótt nein ástæða til að fallast á viðbæti þann sem stungið hefir verið upp á.

Tuttugasti og fjórði til tuttugasti og sjöundi kapituli.

Um þessa kapítula virðist að eins tilefni til að geta þess, að nefndin samkvæmt uppástungu sinni um orðun 237. greinar hefir mælt fram með, að 2. liður *249.* greinar og *258.* grein verði orðuð þannig, að verðið á því, sem afbrotið beinist að, verði tekið til greina á líkan hátt og stungið var upp á um 237. grein, en að það er vitaskuld, að þessi uppástunga varð að standa og falla með hinni uppástungunni. Vegna þess, að seðlar þjóðbankans eru ekki lögboðinn gjaldeyrir á Íslandi, hefir nefndin enn fremur vakið máls á því, hvort ekki ætti, þó að ekki virðist vera ástæða til að leggja vægari refsing við eptirmyndun þeirra og fölsun heldur en fyrir er mælt um í dönsku hegningarlögunum, þá samt að fara öðrum orðum um þau afbrot, en þar er gjört, svo að þau ekki sèu sett jafnfætis sama afbroti, er það kemur fram á dönskum peningum,

en stjórnarráðinu hefir ekki virzt fyrir þessa sök vera fullkomin ástæða til þess að breyta neinu til á þá leið, sem nefndin stingur upp á, í orðun *266.* greinar.

Tuttugasti og áttundi til þrítugasti kapituli.

Um *290.* grein skal vísað í það sem sagt er á 86. bls. og um *294.*, *297.* og *299.* grein í það sem sagt er um 31. grein. Að öðru leyti þykir ekki þörf á að taka neitt fram sèr í lagi.

Þrítugasti og fyrsti og þrítugasti og annar kapituli.

Í 298. grein í hegningarlögum konungsríkisins er að eins fyrri liður ákvörðunar þeirrar, sem tekin er í *300.* greinina í frumvarpi þessu; en nefndin hefir stungið upp á, að vegna einkennilegra landshaga á Íslandi, sem gjöra erfitt að beita dómsvaldinu þar, sè tekin í íslenzku hegningarlögin væntanlegu, eins og gjört var í tilskipuninni 24. janúarmán. 1838, ákvörðun um, að þegar yfirsjónin er ekki meiri en svo, að hegningin getur ekki farið fram úr fjesekt, megi sleppa að höfða mál út af henni, ef amtmaður er því samþykkur, og sá sem í hlut á borgar sjálfkrafa sekt þá, sem hann hefir unnið til samkvæmt lögunum og þar á ofan kostnað þann, sem á kann að hafa fallið vegna rannsóknarinnar; færir nefndin til, að þessi aðferð að útkljá málið hafi reynzt mjög hagfelld til þess að minnka kostnaðinn til reksturs sakamála, og að hún viti ekki til að neinn ósiður hafi af henni hlotizt. Þó að þess konar ákvörðun snerti mest málsóknina, virtist dómsmálastjórninni hún samt vel geta staðið í hegningarlögunum til þess að gjöra hægara fyrir, og með því að hinar sèrstöku reglur í þeim um afplánun, er fara fram á, að ekki sè neitt hlutfall milli fjesektarinnar og fangelsishegningarinnar, heldur sè hegningin, sem getur komið í stað sektarinnar, tiltekin í dómnum sjálfum, ekki virðast vera ákvörðun þessari til fyrirstöðu, ef hún er orðuð þannig, að málsókn því að eins falli niður, að fèsektin sè goldin *þegar í stað*, þá hefir verið tekin í 2. lið 300. greinar ákvörðun þessa efnis.

Um *307.* grein skal vísað í það sem sagt er á 86. bls. hèr að framan, og um *310.* grein skal þess að eins getið, að vegna þess hversu erfitt er að telja upp út í hörgul allar þær eldri lagaákvarðanir, sem hegningarlögin munu nema úr gildi, þá hefir stjórnarráðið fallizt á uppástungu nefndarinnar um að sleppa afnámsgreinunum (308.—310. grein) í hegningarlögunum dönsku, þá

er þau yrðu lögleidd á Íslandi, og að setja í stað þeirra almennilega ákvörðun um, að upp frá því að hegningarlögin hafi öðlazt lagagildi, skuli allar eldri hegningarákvarðanir burtu falla, sem koma í bága við efni téðra laga.

III. Frumvarp

til

laga um að útlendum skipum verði gefinn kostur á að flytja vörur hafna á milli á Íslandi og milli Íslands og Danmerkur.

Stjórninni skal heimilt, ef að jafnrètti kemur á móti, að leyfa skipum úr útlendum ríkjum, sem hafa einkarèttindi í verzlunarviðskiptum sínum við Danmörku, að flytja vörur hafna á milli á Íslandi án tilits til lestatals þeirra og eins milli Íslands og konungsríkisins — að Færeyjum meðteknum — fram og aptur; skal samt gætt hinna almennilegu ákvarðana, sem gilda um slíkar siglingar.

ÁSTÆÐUR fyrir frumvarpi þessu.

Samkvæmt opnum brèfum 1. septembermán. 1819 og 5. septembermán. 1820 var skipum danskra þegna einum geymdur rèttur á að flytja vörur hafna á milli í konungsríkinu og eins áður fyrri milli konungsríkisins og hertogadæmanna Slèsvíkur og Holtsetalands á skipum, sem voru 15 kaupskipalestir að rúmmáli eða þaðan af minni, en með lögum 14. aprílmán. 1865 var stjórninni veitt heimild til, ef jafnrètti kæmi á móti, að leyfa skipum úr útlendum ríkjum, sem hafa einkarèttindi í verzlunarviðskiptum sínum við Danmörku, að flytja vörur hafna á milli í konungsríkinu án tillits til lestatals þeirra, þannig að gætt væri hinna almennilegu ákvarðana, sem gilda um slíkar siglingar. En eins og kunnugt er, er í 3. grein laganna 15. aprílmán. 1854 um siglingar og verzlun á Íslandi líkt bann á móti því, að utanríkisskip 15 lesta og þaðan af minni sèu höfð til vörflutninga hafna á milli á Íslandi og milli Íslands og konungsríkisins, eins og bann það, sem stjórninni í fyrr nefndum lögum 14. aprílmán. 1865 er veitt heimild til að leysa undan með samningum við útlend ríki. Og með því að hlotizt

gæti af því, ef slíkir samningar, er gjörðir kunna að vera, ekki mættu ná til vöruflutninga hafna á milli á Íslandi, og sèr í lagi vöruflutninga milli Íslands og Danmerkur, að skip með dönsku flaggi yrðu þá af hagsmunum þeim, sem þau annars gætu orðið aðnjótandi fyrir slíka samninga, hefir aðalskattastjórnin skrifazt á við fjárstjórnina um málefni þetta og því næst stungið upp á við dómsmálastjórnina, að hún leitist við að bæta úr þessum meinbugum með því að bera málið undir alþingi og koma á stað lagaboði, er láti heimild þá, sem stjórninni er veitt í lögunum 14. aprílmán. 1865, að minnsta kosti líka ná til vörflutninga milli Íslands og konungsríkisins. Samkvæmt þessu og af því að dómsmálastjórninni fyrir sitt leyti virðist ástæða sú, sem aðalskattastjórnin hefir tekið fram, mæla fram með að láta heimild þessa einnig ná til vöruflutninga hafna á milli á Íslandi, og það því fremur sem með þessari fyrirhuguðu ráðstöfun að eins er stigið einu feti lengra í þá stefnu, sem gengið hefir verið í með hinum fyrri lagaboðum, sem hafa lotið að því að leysa íslenzku verzlunina úr höptum þeim, sem hún hefir verið bundin — þá hefir verið fenginn konungs-úrskurður um, að leggja megi lagaboð það, sem hèr er að framan, fyrir alþingi.

IV. Frumvarp

til

opins brèfs handa Íslandi um það, hvernig borga eigi kostnað þann, er rís af flutning á þurfamönnum.

---

1. grein.

Þegar á að flytja þurfamenn hreppa á milli í sömu sýslu, skal sýslumaðurinn eptir reikningum þeim, er hann fær frá hlutaðeigandi hreppstjórum, og leggur sjálfur úrskurð á, jafna niður kostnaði þeim, sem gengið hefir til flutningsins, á alla hreppana í sýslunni eptir efnahag þeirra og öðrum ástæðum, og skal síðan gjalda hluta þann, sem kemur á hvern hrepp, úr fátækrasjóði hans. Sè nokkur óánægður með niðurjöfnun sýslumannsins, getur hann kært það fyrir amtmanni, og skal standa við úrskurð þann, sem hann leggur á málið. Sè kaupstaður í sýslunni, á sýslumaður að senda amtmanni skýrslu um upphæð kostnaðarins til flutningsins, áður en hann jafnar honum niður á hreppana, og skal amtmaður þá leita álits bæjarstjórnarinnar um málið og ákveða síðan, hversu mikill hluti kostnaðarins eigi að koma á kaupstaðinn, og skal því næst gjalda þenna hluta úr bæjarsjóðnum.

2. grein.

Sè þurfamaður fluttur sýslna á milli eða um fleiri sýslur, skal kostnaðinum skipt jafnt niður á þær sýslur, og skal síðan farið eptir reglum þeim, sem settar eru hèr að framan um það, hvernig þeim hluta, er kemur á hverja sýslu, skal jafnað niður á sveitirnar í hverri sýslu.

3. grein.

Þetta opna brèf öðlast lagagildi . . . ., og skal næstsíðasti liður 8. greinar í reglugjörð 8. janúarmán. 1834 frá því úr lögum numinn.

ÁSTÆÐUR fyrir frumvarpi þessu.

Fyrr meirr var það vandi á Íslandi, að bændurnir í sveitinni skiptust á um að flytja þurfamenn hrepp úr hrepp (stundum jafnvel bæ frá bæ), og eins má sjá af því sem fram fór, þegar reglugjörðin 8. janúarmán. 1834 um tilhögun og stjórn fátækramálefna á Íslandi fyrst um sinn var í tilbúningi, að reglugjörðin gjörir ráð fyrir, að sama aðferðin skuli haldast, þar sem að ákveðið er, að annast skuli um flutninginn kauplaust. Slíkur flutningur er nú samt mjög óhagfelldur og seinlegur, og kvað því, stundum að minnsta kosti, vera farið svo að, að hreppstjórinn — en það er hann, sem samkvæmt 8. grein reglugjörðarinnar á að annast um allt, er flutninginn snertir — kaupir mann til að flytja þurfamanninn, og greiðir kaupið úr fátækrasjóðnum, og stundum verður heldur ekki öðruvísi farið að, t. a. m., þegar þurfamaðurinn er vitstola. Kom það þegar fram, þegar verið var að búa til fátækrareglugjörðina, að mörgum þótti ósanngjarnt að láta hreppa þá, sem þurfamaðurinn er fluttur um, og jafnaðarlega eru næstir þjóðbraut, eina annast flutninginn; en álaga þessi verður þó vafalaust langtum tilfinnanlegri, þegar sveitunum, sem opt eru fátækar, er gjört að skyldu að borga flutninginn í peningum.

Árið 1865 kom einnig til alþingis bænarskrá, er fór þess á leit, að þingið styddi að því, að kostnaði þeim, sem eptir reglugjörðinni 8. janúarmán. 1834. 8. grein um skyldufluttninga hvílir á hverri sveit, verði hèr eptir jafnað niður af hlutaðeigandi sýslumönnum eptir skýrslum hreppstjóranna á alla hreppa sýslnanna eptir efnahag þeirra og öðrum ástæðum. Í bænarskránni var svo ráð fyrir gjört, að koma mætti ráðstöfun þessari fram, án þess að gjörð væri breyting á lögum þeim, sem nú eru í gildi; en með því að þinginu virtist þetta vafasamt, rèði það af að senda stjórninni málið til úrslita. Þegar stiptamtmaðurinn yfir Íslandi lagði málefni þetta fyrir dómsmálastjórnina, gat hann þess, að fátækrareglugjörðin að hans hyggju veitti ekki heimild til að jafna flutningskostnaði þessum niður á sýsluna, eins og stungið var upp á í bænarskránni, en að hins vegar virtist vera ástæða til að gjöra breytingu á þessu. Hann fann það samt að uppástungunni í bænarskránni, að álagan kæmi eptir sem áður ójafnt niður á sýslurnar, og að sýslurnar yrðu viðriðnar við málefni, sem ekki varðaði þær samkvæmt lögunum, heldur hreppana. Stiptamtmaðurinn stakk því upp á sem hagfelldari breytingu á 8. grein reglugjörðarinnar,

að öllum kostnaðinum til þurfamanna flutnings úr sveitinni, er þeir væru í, og þangað sem þeir ættu sveit, væri skipt í þrjá jafna hluta niður á báðar þessar sveitir og sveitina, sem þeir væru fluttir um, á þann hátt, að hin síðast nefnda sveitin eptir sem áður annaðist flutninginn um umdæmi sitt, og fengi síðan þriðjung flutningskostnaðarins endurgoldinn hjá sveitinni, sem þurfamaðurinn er sendur úr og þriðjung hjá framfærsluhreppnum, og virtist honum þar að auki að tiltaka ætti, hversu mikill kostnaður sá mætti verða mestur, sem hinir hrepparnir ættu að endurgjalda á þenna hátt.

Með því að þannig voru komnar tvær ólíkar uppástungur um tilhögunina á málefni þessu, virtist stjórnarráðinu réttast að leita álits amtmannanna í vesturamtinu og í norður- og austuramtinu um það. Að vísu hefir amtmaðurinn í norður- og austurumdæminu í álitsskjali sínu álitið vafasamt, hvort það hentaði yfir höfuð að tala að breyta ákvörðun þeirri, sem hèr er um að ræða, en eigi að breyta henni, er hann samdóma amtmanninum í vesturamtinu, er fyrir sitt leyti áleit breytinguna æskilega, um að taka uppástunguna í bænarskránni fram yfir uppástungu stiptamtmannsins. Auk þess að uppástunga stiptamtmannsins er þannig orðuð, að hún að eins á við það tilfelli, að ekki sè nema einn hreppur á milli hreppsins, sem þurfamaðurinn er sendur úr og framfærsluhreppsins, er það einkum fundið að henni, að lagður sè ofmikill hluti flutningskostnaðarins að tiltölu á báða hina síðastnefndu hreppana. Þar sem stiptamtmaðurinn hefir fundið það að uppástungunni í bænarskránni, að ómagaframfærslan eigi samkvæmt lögunum ekkert skylt við sýsluskiptinguna, álítur amtmaðurinn í vesturamtinu, að það geti varla verið ísjárvert að koma á samlögum meðal hreppanna í hverri sýslu í þessu efni, ef að með því ýmist, að álagan kæmi jafnar niður, og þar sem enn fremur er komið með þá mótbáru, að uppástungan bæti ekki úr því, að álagan komi ójafnt niður á sýslunum, er þess getið, að ójöfnuður þessi muni varla verða mjög tilfinnanlegur, og það því síður, sem opt muni fleiri en ein sýsla verða að taka þátt í kostnaðinum til sama flutningsins. Fari svo, að fallizt verði á uppástunguna í bænarskránni, hefir amtmaðurinn í vesturamtinu þar á ofan vikið á, að það virtist vera ástæða til að ákveða, að sveitirnar skuli senda sýslumanninum reikningana um flutninga þá, sem upp á koma,

hvað eptir (annað), og skuli hann leggja úrskurð á þá, og jafna kostnaðinum síðan einu sinni á ári niður á sveitirnar í sýslunni.

Þegar stjórninni höfðu borizt álitskjöl þessi, virtist henni — þrátt fyrir efasemd þá, sem amtmaðurinn í norður- og austuramtinu hafði látið í ljósi — að fullnægja ætti ósk þeirri, sem borin var fram í bænarskránni, um breytingu á 8. grein í fátækrareglugjörðinni, og hefir frumvarp það, sem hèr er að framan, því verið samið til þess að leggja það fyrir alþingi í ár.

Um efni frumvarpsins skal þess getið, að það að mestu leyti er samkvæmt uppástungunni í bænarskránni, sem kom frá alþingi. Af ástæðum þeim, sem amtmennirnir í vesturamtinu og norður- og austuramtinu hafa tekið fram, hefir stjórnin sem sè ekki haldið, að fallast ætti á uppástungu stiptamtmannsins um niðurjöfnum flutningskostnaðarins, og hins vegar þótti ekki heldur þörf á að kveða á um, hversu mikil borgunin fyrir flutninginn mætti vera mest. Um það skal þess getið, að einu leytinu, að ákvörðunin í frumvarpinu um, að sýslumaðurinn eigi að leggja úrskurð á reikningana, sem til hans koma, mun að líkindum vera næg trygging fyrir því, að kostnaðurinn verði ekki meiri en nauðsynlegt er, að öðru leytinu, að borgunin verður að fara eptir því, hvernig ástatt er í hvert skipti, t. a. m., hvort leiðin liggur um fjallvegi, ár og þess konar, og hvort flutningurinn er sèrlega örðugur af öðrum ástæðum, t. a. m. vegna ástands þurfamannsins (veikinda, vitfirringar), og við það bætist, að ekki hefir orðið stungið upp á neinu um, hversu mikil borgunin mætti vera mest fyrir flutning sjóveg. Ekki hefir heldur þótt þörf á að ákveða neitt um viðurværi þurfamannanna á leiðinni, með því að einnig er rèttast að láta sýslumanninn skera úr því eptir álitum.

Um hinar einstöku greinir skulu gjörðar þessar athugasemdir:

Um 1. grein.

Það hefir virzt rèttast að fela sýslumanninum að eins á hendur að *skipta niður* á hvern hrepp um sig flutningskostnaði þeim, sem kemur upp á í sýslunni, og til þess að komast hjá að jafna niður sèrstaklegu gjaldi á hreppsbúa í tèðu augnamiði, að ákveða, að kostnaðurinn skuli greiddur úr fátækrasjóðnum; þar að auki er hèr bætt við ákvörðunum um, bæði að skjóta megi niðurjöfnun sýslumannsins á kostnaðinum til æðri úrskurðar, og hvernig kaup-

staðirnir eigi að taka þátt í að gjalda kostuaðinn, og á að gjalda hann úr bæjarsjóðnum, að því er til kaupstaðanna nær.

Um 2. grein.

Þegar þurfamaður er fluttur sýslna á milli ellegar um fleiri sýslur, þótti bezt henta, til að komast hjá málalengingum og smásmuglegu karpi, að kostnaðinum sè skipt jafnt niður á sýslurnar án þess að tekið sè til greina, hvort vegalengdin í hverri sýslu hefir verið meiri eða minni.

Um 3. grein.

Þar eð að eins er ætlazt til að gjöra breytingu á borgun kostnaðarins til flutnings þurfamanna með frumvarpi þessu, en að hinar aðrar ákvarðanir í 8. grein í reglugjörðinni 8. janúarmán. 1834 standi óhaggaðar eptir sem áður, á einungis að nema næst síðasta lið greinarinnar úr lögum.

V. Frumvarp

til

tilskipunar um breytingu á ákvörðununum um gjald spítalahlutanna, er svo eru nefndir á Íslandi.

---

1. grein.

Af öllum bátum og skipum, sem gjörð eru út á fiskiveiðar á Íslandi, skal hèr eptir goldin spítalahlutur samkvæmt reglum þeim, sem hèr fara á eptir:

a) af tveggjamanna- og fjögramannaförum skulu goldnir 10 fiskar af hverju;
b) af sexæringum, áttæringum, tíæringum og tólfæringum skulu goldnir 15 fiskar af hverjum;
c) af þiljuskipum skulu goldnir 20 fiskar af lest hverri, er þau taka; samt má gjaldið aldrei vera minna en 50 fiskar;
b) af bátum og skipum, sem höfð eru á hákarlaveiðar, skal goldið helmingi meira gjald en af öðrum bátum og fiskiskipum.

2. grein.

Gjaldið rennur í læknasjóðinn íslenzka; skal það goldið í peningum eptir meðalverði á fiski í verðlagsskrá árs hvers.

3. grein.

Hreppstjórarnir og bæjarstjórnin í kaupstöðunum skulu halda nákvæma skrá um alla báta og skip, sem eiga heima í hreppnum eða umdæmi bæjarins og höfð hafa verið á fiskiveiðar á tímabilinu frá hreppaskilaþingum vorið fyrir til hreppaskilaþinga vorið eptir, og skal þar skýrt frá stærð þeirra og hver eigi þau. Skal leggja skrá þessa fram fyrir sýslumann eða bæjarfógeta á manntalsþingunum, og á hann þar að yfirlíta hana og rannsaka eins og þarf.

4. grein.

Þegar búið er á þenna hátt að yfirskoða skrána, skal hrepp-

stjórinn eða gjaldkeri bæjarins í kaupstöðunum heimta gjaldið saman eptir henni. Fyrir lok júlímánaðar á ári hverju skal gjöra sýslumanni þeim eða bæjarfógeta, sem hlut á að máli, hæfilegan reikning fyrir gjaldinu.

5. grein.

Sýslumaður eða bæjarfógeti eiga í síðasta lagi um árslok á ári hverju að senda stiptsyfirvöldunum aðalreikning, og með honum tèðar skrár og reikninga hreppstjóranna eða gjaldkerans, um alla spítalahluti, sem heimtaðir hafa verið saman í sýslunni eða kaupstaðnum það árið, og borga um leið inn fè það, sem hjá þeim er.

6. grein.

Um spítalahluti af fuglatekju, að lundatekju meðtalinni, skulu ákvarðanir þær, sem settar eru í konungsbrèfi 26. máímán. 1824, gilda framvegis eins og hingað til.

ÁSTÆÐUR fyrir frumvarpi þessu.

Í öllum þegnlegum bænarskrám um endurbót á læknaskipuninni á Íslandi, sem komið hafa frá alþingi við og við, hefir eitt niðurlagsatriðið verið um, að lagt yrði fyrir þingið frumvarp til reglugjörðar um betri tilhögun á tekjum spítalanna, er tekjur læknasjóðsins mundu með því verða auknar ekki all-lítið. Eptir að stjórnin var búin í mörg ár að skrifast á um málefni þetta við embættismenn þá á Íslandi, sem í hlut áttu, en án þess að komizt yrði að nokkurri niðurstöðu, var gjörð ný tilraun árið 1864 til þess að verða við bæn alþingis í þessu efni, þar sem dómsmálastjórnin skoraði á stiptsyfirvöldin á Íslandi að ganga í nefnd með tveim alþingismönnum, sem áttu heima í Reykjavík, og hreift höfðu málinu á alþingi 1863, en það voru þeir Hjaltalín, landlæknir og justitsráð, og Halldór Friðriksson, skólakennari, til þess að íhuga *bæði* hvort ástæða væri til að setja nýjar ákvarðanir um, *hvernig* heimta skuli saman spítalahluti þá *sem nú eru*, og hvernig eigi að verja þeim í peninga, og hvort þá ætti að setja samkynja reglur um það fyrir öll ömtin eða sèrstakar fyrir hvert amt um sig, og *líka* um það, hvort leitast ætti við að útvega spítalasjóðnum *nýjar* tekjur

t. a. m. af þiljuskipum, selveiði, æðarvarpi og fleiru þess konar, *og loks*, hvort ekki mundi vera ástæða til, einkum ef settar væru samkynja ákvarðanir um spítalahlutina fyrir öll ömtin, þá að gjöra þá breytingu á yfirstjórn sjóðsins, að hún væri fengin stiptsyfirvöldunum í hendur um allt land, í stað þess, að hún hingað til hefir verið í höndum byskups og hvers amtmanns í því amti, sem tekjurnar hafa komið úr. Í álitsskjali sínu um málefni þetta mæltu nefndarmennirnir fram með því, að settar sèu samkynja reglur um það fyrir allt land, að stiptsyfirvöldunum sè fengin í hendur yfirstjórn sjóðsins; þar að auki stungu þeir upp á, að gjörð sè sú breyting á helztu tekju sjóðsins, spítalahlutunum, að hætt verði að gjalda þá *in natura* (í fiski), en að tekjugrein þessari verði breytt í ákveðið árgjald í peningum af hverjum bát, sem haldið er til fiskiróðra. Eptir að stjórnarráðinu hafði borizt álitsskjal þetta, var leitað álits amtmanna í norður- og austuramtinu og í vesturamtinu um uppástungur þær, sem þar voru gjörðar, og þar á ofan var Finsen stiptamtmanni, sem skipaður hafði verið meðan á þessu stóð, veitt færi á að kynna sèr allar uppástungur þær og álitsskjöl, sem fram voru komin, og skýra frá áliti sínu um það. Frumvarp það, sem hèr er að framan, hefir síðan verið samið í dómsmálastjórninni, og er það byggt á uppástungum nefndarinnar og álitsskjölum þeim, sem amtmennirnir hafa látið uppi um þær.

Um hinar einstöku greinir í frumvarpinu skulu gjörðar þessar athugasemdir.

Um 1. grein.

Ákvarðanir þær, sem hingað til hafa verið í gildi um gjaldið til spítalanna, eða spítalahlutina af fiskiveiðum eru í 19. grein í tilskipun 27. maímán. 1746 um spítalana á Íslandi, þar sem svo er fyrir mælt, að allir, sem halda fiskibátum til sjóróðra, skuli einu sinni á ári, og er dagurinn nákvæmar tiltekinn í tilskipuninni, skipta spítalanum einum hlut af öllum afla sínum. Hlutnum af aflanum, sem þannig er goldinn í fiski, er síðan varið í peninga handa spítala þeim, sem í hlut á, en á sinn hátt á hverjum stað, eptir því hvernig ákvarðanirnar um það í tilskipuninni frá 1746 hafa verið lagaðar, eptir því sem á stóð, hvernig þær hafa verið skildar og hvernig þeim hefir verið beitt af hlutaðeigandi embættismönnum í öllum þrem ömtum landsins. Með því að ekki verður á móti því borið, að þessari tilhögun er mjög ábótavant, þar sem

ekki að eins umsjón sú, sem þarf að vera með því, að gjaldið sè réttilega greitt af hendi, er erfiðleikum bundin, en eins erfitt er að verja gjaldinu, sem greitt er í fiski, í peninga, þá hefir öllum embættismönnum á Íslandi, sem sagt hafa álit sitt um málefni þetta, borið saman um, að hætta eigi að láta greiða gjaldið í fiski, og að það eigi að breyta því í peningagjald, er ákveðið sè eitt skipti fyrir öll af hverjum bát, sem gjörður sè út á fiskiveiðar. En aptur á móti hefir verið ágreiningur um upphæð gjalds þess, sem ætti að leggja á hvert skip um sig; hefir nefnd sú, sem sett var í Reykjavík, stungið upp á, að gjaldið sè ákveðið á 10 fiska af hverju tveggjamannafari, 15 fiska af stærri bátum eða skipum, er svo eru kölluð, með 4 til 12 árum, og 30 fiska af hverju þilskipi. Amtmaðurinn í norður- og austuramtinu hefir fallizt á þessa uppástungu, en samt með þeirri mikilvægu breytingu, sem annars ekki hefir þótt næg ástæða til að fallazt á, að gjaldið af bátum sem hafðir eru á norðurlandi eingöngu á þorskaveiðar, sè fært niður um helming. Amtmaðurinn yfir vesturumdæminu hefir líka aðhyllzt uppástungu nefndarinnar, en þó með þeirri breytingu, að ekki sèu goldnir nema 10 fiskar af fjögramannaförum, en að aptur ætti að hækka gjaldið af þiljuskipum, sem fara á hákarlaveiðar, upp í 2 vættir eða 80 fiska. Þar á móti álítur stiptamtmaðurinn, sem nú er, að heldur ætti að reikna gjaldið af opnu bátunum eptir áratölunni og tiltaka ákveðið hlutfall, t. a. m. 4 fiska af hverri ár af bátum með einni ár á borð, $2^1/_2$ fisk af hverri ár af bátum með þrem árum á borð, og 2 fiska af hverri ár af stærri skipum, eða að minnsta kosti ætti að gjöra nokkra breytingu á hlutfalli því, sem nefndin hafði stungið upp á, til þess að gjaldið komi jafnara niður á gjaldendunum; þar að auki hefir hann stungið upp á því um þilskipin, að gjaldið sè af þeim í minnsta lagi ákveðið á 50 fiska, eða ef menn vilja láta það fara eptir lestafjölda, þá 20 fiska af hverri lest, en að í minnsta lagi sèu goldnir 50 fiskar af hverju þilskipi.

Stjórnarráðinu virtist nú samt réttast að aðhyllast uppástungur nefndarinnar, að því er opnu bátana snertir, þar sem hinir amtmennirnir hafa fallizt á aðalstefnu þeirra, og þær eru byggðar á skiptingu þeirri á opnum skipum, sem höfð er alstaðar á Íslandi, í báta og skip; tilhögunin verður heldur ekki eins flókin á þenna hátt, og að koma fullkomnum jöfnuði á verður aldrei unnt, hver aðferðin sem höfð er, því það hlýtur allt af að vera komið

undir tilviljun, hvort gjaldið verður nokkuð þyngra eða vægara fyrir einstakan bát eða einstöku báta. Sèr í lagi virðist með engu móti vera ástæða til að ákveða gjaldið af tveggjamannaförunum lægra en nefndin hefir stungið upp á, því þau standa jafnaðarlega bezt að, og þar á ofan er langflest af þeim, svo tekjurnar yrðu töluvert minni, ef það væri gjört. Aptur á móti þótti rèttast að telja fjögramannaförin með bátunum, eins og amtmaðurinn yfir vesturamtinu hefir stungið upp á, þannig að ekki sèu goldnir nema 10 fiskar af þeim, en það gjörir reyndar ekki mikinn mun á upphæð gjaldsins alls, því að það er ekki mikið af fjögramannaförum. Um þiljuskipin hefir dómsmálastjórnin fallizt á uppástungu stiptamtmannsins, þannig að tekið sè tillit til lestafjölda þeirra, því að mótbára sú, sem mætti koma með á móti henni, það er að segja, að þiljuskipin sèu ekki rèttilega mæld, hverfur undir eins og lögin um skipamælingar verða lögleidd á Íslandi, eins og haft er í hyggju. Að skip þessi jafnaðarlega hafa verið undan þegin spítalagjaldinu hingað til, á að stjórnarráðsins hyggju ekki að koma til greina, og gjald það, sem hèr er stungið upp á, virðist ekki að vera svo hátt, að það geti aptrað neinum manni frá að koma sjer upp þiljuskipum, sem eru svo áríðandi til framfara fiskiveiðunum á Íslandi. Með því hákarlaveiðarnar þar að auki eru að öllum jafnaði mjög svo arðsamar, eins og allir amtmennirnir hafa tekið fram, þá virðist stjórnarráðinu vera ástæða til að færa upp gjaldið af öllum þeim skipum, bæði opnum skipum og sèr í lagi þiljuskipum, sem til þeirra eru höfð, og skal þess einnig getið, að gjaldið af hákarla-afla hefir hingað til verið reiknað öðruvísi en af öðrum fiskiafla, smbr. konungsbrèf 26. maímán. 1824. Vegna þessa hefir stjórnarráðinu virzt mega leggja helmingi hærra gjald á hákarlaveiðar en á aðrar fiskiveiðar, án þess að það fyrir það verði þungbært fyrir gjaldendurna, en hins vegar hleypir það tekjum læknasjóðsins talsvert upp.

Það er að öðru leyti vitaskuld, að þó það sèu eigendur eða skipstjórar, sem greiða gjaldið af höndum, þá verður því skipt niður á skipshöfnina í sama hlutfalli og hingað til.

Að endingu skal þess getið, að öllum íslenzku embættismönnunum hefir borið saman um, að ekki sèu nægar ástæður til að leggja neitt gjald til læknasjóðsins á selveiði og æðarvarp, eins og ekki virðist heldur vera ástæða til nú sem stendur að leggja gjald á hvalveiðarnar, sem nýlega hafa hafizt á Íslandi, því þær þurfa

uppörfunar við, og þar að auki hefir ríkissjóðurinn nú þegar ekki all-litlar tekjur af þeim, þar sem lestagjaldið er. Verði seinna sú raunin á, að hvalveiðarnar geti orðið arðsamur tekjustofn, og að því kynni að verða ástæða til að leggja gjald á þær, ætti að hyggju stjórnarráðsins að fara eptir öðrum reglum um það og láta gjaldið renna inn í ríkissjóðinn.

Um 2. grein.

Eins og áður var sagt, hafa allir íslenzku embættismennirnir verið samdóma um, að gjaldi því, sem hèr er rætt um, sè breytt í peninga, í stað þess að gjalda það í fiski, því með því móti verður komizt hjá vandkvæðum þeim, sem það er bundið að koma spítalafiskinum í peninga; og hefir stiptamtmaðurinn yfir Íslaadi stungið upp á, að um það, hvernig gjaldinu skuli breytt í peninga, skuli farið eptir meðalverði á fiski í verðlagsskránni á ári hverju en ekki eptir meðalverði allra meðalverða, bæði af því hèr er að ræða um að breyta í peninga vörugjaldi, sem allt af hefir verið goldið í fiski, og af því að það hlýtur að vera gjaldendunum í hag, að upphæð peningagjaldsins fari eingöngu eptir verðlagi á fiski, án tillits til verðlags á öðrum íslenzkum vörutegundum, og loks af því, að þessi aðferð að minnsta kosti nú sem stendur er læknasjóðnum í hag, þar sem meðalverð á fiski jafnaðarlega er hærra en meðalverð allra meðalverða. Þessi grein er samin samkvæmt þessu.

Um 3.—5. grein.

Ákvarðanirnar í þessum greinum um það, hvernig gjaldið skuli heimtað saman o. fl., eru samkvæmar uppástungum nefndarinnar, og er sèr í lagi gjört ráð fyrir í þeim, að stiptsyfirvöldin fái eptirleiðis í hendur yfirstjórn læknasjóðsins; þykir ekki þörf á að gjöra frekari athugasemdir um þær.

Um 6. grein.

Öllum embættismönnunum á Íslandi hefir komið saman um, að ekki sè ráðlegt að gjöra neina breytingu á ákvörðunum þeim, sem nú eru í gildi um spítalahluti af fuglatekju, smbr. konungsbrèf 26. maímán. 1824. En af því að ekki hefir hingað til verið heimtaður saman spítalahlutur af lundatekju í suðuramtinu, þó að hún sè tölverð þar, einkum á Vestmanneyjum, virtist henta að

tekið væri skýlaust fram í frumvarpinu, að lundatekjan eigi undir ákvarðanirnar í konungsbrèfinu 26. maímán. 1824.

Um fyrirsögn frumvarpsins skal þess að endingu getið, að alþingi að vísu hefir gjört ráð fyrir, að ákvarðanir þessar gætu birzt í reglugjörðarformi, en að stjórnarráðinu hefir þótt rèttara að kalla lagaboðið sem í vændum er, »tilskipun«, með því að það ekki að eins miðar til að gjöra verulegar breytingar á tilskipun 27. maímán. 1746 og konungsbrèfi 26. maímán. 1824 um það, *hvernig* gjaldið skuli heimtað saman, en gjörir einnig *skylduna* að gjalda það yfirgripsmeiri, þannig að hún verður látin ná til eiganda allra þiljuskipa, sem höfð eru á fiskiveiðar.

VI. Frumvarp

til

laga handa Íslandi um afplánun fèsekta í öðrum málum en sakamálum.

---

1. grein.

Ef að nokkur sá, sem samkvæmt dómi eða úrskurði fyrir utan sakamál ellegar samkvæmt sætt eða yfirvalds-úrskurði á að gjalda fèsekt í hegningarskyni, lætur farast fyrir að greiða hana að öllu eða nokkru leyti, þá skal hann afplána það, sem óborgað er — án þess að reynt sè áður að heimta það með aðförum — í einföldu faugelsi 1 dag fyrir hvern 1 ríkisdal upphæðarinnar allt að fullum 10 rd., 1 dag fyrir hvern $1\frac{1}{2}$ rd. af þeim hluta upphæðarinnar, sem er milli 10 og 25 rd., og 1 dag fyrir hverja $2\frac{1}{2}$ rd. af því, sem um fram er.

Fèsekt, sem ekki nær 2 rd., skal afplánuð með 2 daga einföldu fangelsi; en annars skal, þá er fèsektir afplánast, að eins tekinn til greina sá hluti þeirra, er samsvarar fangelsis-hegningu heilan dag.

Fari sá, sem misgjört hefir, þess á leit við fógeta, og heilsufar hans er því ekki til fyrirstöðu, skal breyta einfalda fangelsinu í fangelsi við vatn og brauð jafnlengi að tiltölu, þannig að 1 dags fangelsi við vatn og brauð komi í stað einfalds fangelsis í 6 daga; ekki má maður samt sitja skemur en 2 daga í fangelsi við vatn og brauð til þess að afplána sektir. Eigi maður að sitja lengur en 12 daga í einföldu fangelsi, og dagatölunni þar á ofan ekki verður fullskipt með 6, fellur afgangurinn burtu, ef hann er minni en 3 dagar, en skal talinn jafn 1 dags fangelsi við vatn og brauð, ef hann er 3 dagar eða þar yfir.

2. grein.

Þegar svo er, að sá, sem misgjört er við, á að fá fèsektina, er það á hans valdi að láta taka hana hjá þeim, sem misgjört hefir, með lögtaki; en að öðru leyti eiga ákvarðanir þær, sem sett-

ar eru í 1. grein, við um afplánun þess hluta fjársektarinnar, sem ekki er borgaður eða næst með lögtaki, ef að sá, sem fengið hefir dóminn, leitar háyfirvaldsins út af því.

3. grein.

Þegar manni er boðið með dómi eða yfirvalds-úrskurði, lögum samkvæmt, að gegna einhverri skyldu við hið opinbera og lögð við áframhaldandi fèsekt, en hann hvorki vinnur verkið, nè geldur sektina, skal einnig afplána slíka fèsekt eptir ákvörðununum í 1. gr., ef að valdstjórn sú, sem á heimtingu á, að dómnum eða úrskurðinum sè fullnægt, krefst þess; en þess ber samt að gæta, að afplánunin í fyrsta skipti ekki fari fram úr 1 mánaðar einföldu fangelsi, og að 4 vikur verða að líða frá því að búið er að út taka þessa hegningu, þangað til að láta má afplána að nýju, en þá má heimta, að öll sú sektar-upphæð, sem safnazt hefir saman frá því að hin fyrsta framkvæmd afplánunarinnar var á enda, sè afplánuð samkvæmt ákvörðununum í 1. grein, og svo framvegis á sama hátt, í hvert skipti sem 4 vikur eru liðnar frá því að hin síðasta afplánunin var á enda.

4. grein.

Ákvarðanirnar í 1. grein eiga einnig við, þegar maður er skyldaður með yfirvalds-úrskurði til að greiða tillög, sem afplána skal, ef þau ekki eru goldin, en samt skal, ef auðið er, heimta hið ógoldna tillag með fjárnámi hjá þeim, sem í hlut á, og verður þar á ofan aldrei krafizt að minna sè afplánað, en það sem ógoldið er fyrir eitt missiri, án þess að það komi til greina, þó áskilið hafi verið, að gjalda skyldi tillagið fyrir styttri tíma í hvert skipti.

5. grein.

Lög þessi öðlast lagagildi undir eins og «Almenn hegningarlög handa Íslandi.

ÁSTÆÐUR fyrir frumvarpi þessu.

Til þess að komast hjá ósamkvæmni þeirri, að fèsektir, er mönnum kunna að vera dæmdar á hendur í sakamálum, skuli verða afplánaðar eptir miklu vægari ákvörðunum, en fèsektir fyrir lögreglubrot, yfirsjónir í málaferlum o. s. frv., þá þótti nauðsyn til bera, að út kæmi um leið og »Almindelig borgerlig Straffelov« annað lagaboð handa konungsríkinu, sem í öllum aðalatriðum heimfærði reglur þær, sem settar eru í hinum fyrrnefndu lögum um af-

plánum fèsekta í sakamálum, upp á fèsektir fyrir lagabrot, sem ekki eiga undir hegningarlögin. Með því nú að svo er ráð fyrir gjört í frumvarpi því til »Almennra hegningarlaga handa Íslandi«, sem mun verða lagt fyrir alþingi um leið og lagafrumvarp það, sem hèr er að framan, að reglurnar í dönsku hegningarlögunum um afplánum sekta verði lögleiddar á Íslandi (smbr. 31. grein. í frumvarpinu), þá mæla sömu ástæðurnar, sem gjörðu að út komu handa konungsríkinu lögin 16. febrúarmán. 1866 um afplánun fèsekta fyrir utan sakamál, einnig fram með því, að sett sèu lög samsvaranda efnis handa Íslandi, því að annars yrðu menn eptirleiðis eins og hingað til að afplána fèsektir fyrir lagabrot, sem ekki eiga undir hegningarlögin, eptir því sem fyrir er mælt í tilskipun 24. janúarmán. 1838 9. grein, með hýðingu, þar sem þó er svo til ætlazt í frumvarpinu til »Almennra hegningarlaga handa Íslandi«, að hegning sú verði að öðru leyti alveg úr lögum numin.

Með því að þetta hefir verið haft fyrir augum, þá er frumvarp það, sem hèr er að framan, var samið, hefir það, eins og varð, verið sniðið eptir áðurnefndum lögum 16. febrúarmán. 1866 handa konungsríkinu, og munu því athugasemdir þær, sem hèr fara á eptir, sèr í lagi lúta að því að gjöra grein fyrir hinum helztu atriðum, þar sem frumvarpið er frábrugðið tèðum lögum.

Í 31. grein, smbr. 60. grein. í frumvarpinu til »Almennra hegningarlaga handa Íslandi«, er svo fyrir mælt, að þá er fèsekt er dæmd mönnum á hendur samkvæmt þeim lögum, skuli sèr í lagi taka efnahag sakamannsins til greina, og að í sama dóminum, sem kveður á um fèsektina, skuli til tekin hegning í einföldu fangelsi, er geti komið í stað sektarinnar, og um hana farið eptir stöðu sakamannsins og öðrum málavöxtum, og er að eins fyrir mælt um, hversu mikil hegning sú megi vera *mest* að tiltölu við upphæð fèsektarinnar. Að því er snertir fèsektir fyrir lagabrot er ekki eiga undir hegningarlögin, hefir aptur á móti þótt nauðsynlegt að setja í fyrstu grein frumvarps þess, sem hèr er um að ræða, fastar reglur um það, hvernig hlutfallið skuli vera milli sekta-upphæðarinnar og fangelsis-hegningar þeirrar, sem á að koma í staðinn, ef sektin er látin ógoldin að öllu eða nokkru leyti. Í sakamálum er sem sè bæði tími, tækifæri og tilefni til að rannsaka öllu þau atriði, sem dómstólarnir, eins og áður var sagt, eiga að fara eptir, þá er þeir kveða á um fangelsis-hegningu þá, sem á að koma í stað fèsektarinnar, ef hún ekki er goldin, en þar á móti mundi það vera til mikillar tafar í fèsektar-málum þeim, sem þessi lög hafa fyrir augum og sem eru svo tíð, ef að slík rannsókn ætti fram að fara

og málið að bíða eptir því. Við þetta bætist, að, þar sem lagafrumvarp þetta einnig á við um þau tilfelli, þar sem mönnum er gjörð fèsekt á hendur með yfirvalds-úrskurði, þá hefði mátt til,— ef átt hefði að fara eptir sömu reglu um þau tilfelli, eins og 31. grein í frumvarpinu til hegningarlaganna er byggð á, — að veita yfirvöldunum heimild til að kveða einnig á um fangelsishegninguna til vara, eptir því sem þeim sýndist hæfilegt eptir málavöxtum, en því verður ekki neitað, að slíkt væri ekki samkvæmt rèttum reglum. Yfir höfuð að tala virðist mega fullyrða, að ástæður þær, sem mæla fram með að láta ákveða fangelsishegninguna til vara í sakamálum eptir álitum um alla málavexti, hafa miklu minni þýðingu í öðrum tilfellum, er um sektir er að ræða. Utan sakamála er upphæð fèsektarinnar optast nær lögákveðin, eða að minnsta kosti svo einskorðað um, hversu mikil hún megi vera mest, og hversu lág minnst, og bilið þar á milli svo lítið, að efnahagur og staða þess, sem í hlut á, annaðhvort alls ekki verða tekin til greina eða að eins svo litlu nemi, og jafnvel þar, sem meira ráðrúm er, er málefnunum jafnaðarlega svo varið, að niðurstaðan verður í raun og veru sú, að þegar svo eða svo er ástatt, er fyrir þá eða þá yfirsjón beitt fèsekt, svo eða svo mikilli, án þess að haft sè tillit til stöðu eða efnahags. Þar að auki eru fèsektir utan sakamála jafnaðarlega lágar og koma nokkurn veginn jafnt niður á öllum, en í sakamálum geta þær orðið mjög miklar, og vegna þess verða reglurnar um, eptir hverju eigi að fara um að ákveða fangelsis-hegningu í stað sektarinnar, miklu þýðingarmeiri, og á því og verður að taka til greina stöðu þess, sem misgjört hefir, þar sem það hins vegar er óþarft í öðrum fèsektarmálum. Samkvæmt því, sem nú hefir sagt verið, hlýtur að vera þörf á, að um afplánun fèsekta utan sakamála sèu settar ákveðnar reglur um hlutfallið milli sektarinnar og fangelsis-hegningar þeirrar, sem á að koma í stað sektarinnar, og skal þess getið, að í lögum 16. febrúarmán. 1866 handa konungsríkinu er hlutfallið ákveðið þannig: 1 dags einfalt fangelsi fyrir hverja 2 rd. upphæðarinnar, allt að fullum 20 rd., 1 dagur fyrir hverja 3 rd. af þeim hluta sektarinnar, sem er milli 20 og 50 rd., og 1 dagur fyrir hverja 5 rd. af því sem þar er fram yfir, og á þar að auki fèsekt, sem er minni en 4 rd., að afplánast með 2 daga einföldu fangelsi. Er svo til ætlazt, að hlutfall þetta sè samkvæmt reglum þeim, sem 30. grein í hegningarlögunum dönsku er byggð á, þar sem segir, að fangelsis-hegningin megi ekki fara fram úr 30 daga fangelsi fyrir hverra 100 rd. sekt. Þegar nú þessi ákvörðun er tekin upp í

frumvarpið til »Almennra hegningarlaga handa Íslandi», þá varð, þar sem allar fèsektir, sem settar eru í dönsku hegningarlögunum, eru færðar niður um helming í frumvarpinu, að gjöra þá breytingu á reglunum um afplánun, að fangelsis-hegningin megi ekki fara fram úr 30 daga fangelsi fyrir hverra 50 rd. sekt, því að annars hefði fangelsis-hegning þessi, sem sett er til vara, orðið vægari um helming fyrir Íslendinga en þegnana í konungsríkinu. Samkvæmt þessu hefir hlutfallinu í dönsku lögunum um afplánun verið breytt þannig í frumvarpinu, sem hèr er um að ræða, að af uppphæð þeirri, sem ógoldin er, skal hvor 1 rd. allt að 10 dölum og að þeim meðtöldum afplánaður með 1 dags einföldu fangelsi, 1 dagur fyrir hvern $1\frac{1}{2}$ rd. af þeim hluta sektarinnar, sem er milli 10 og 25 rd. og 1 dagur fyrir hverja $2\frac{1}{2}$ rd. af því sem þar er um fram, og sè upphæðin ekki 2 rd. skal hún afplánuð með 2 daga einföldu fangelsi.

Um *4.* grein frumvarpsins skal þess getið, að í hinum optnefndu lögum 16. febrúarmán. 1866 er ekki nein ákvörðun, sem samsvarar þessari grein. Í frumvarp það til laganna, sem lagt var fyrir ríkisþingið, var að vísu tekin grein, þar sem svo var fyrir mælt, að ákvarðanirnar í 1. grein frumvarpsins (sem að undantekinni breytingunni, sem nýlega var getið um, að öðru leyti er samkvæm 1. grein þessa frumvarps) einnig skyldi eiga við um það, er maður með yfirvalds-úrskurði er skyldaður til að gjalda tillag, sem á að afplána, ef það ekki er goldið, en að samt skyldi, ef auðið væri, heimta hið ógoldna tillag hjá þeim, sem í hlut á, með fjárnámi, og skyldu ákvarðanirnar í 2. lið 5. greinar í tilskipun 16. nóvembermán. 1836 þar á ofan framvegis vera gildar. En ríkisþingið var því mótmælt, að ákvörðun þessi væri tekin í lögin, af því að hætt kynni að vera við því, að linun sú, sem stungið var upp á við skuldanautana, sem opt trássast við að borga, þegar svona stendur á, kynni að verða þeim til meins, sem ættu að fá tillögin, og þar að auki þótti bezt við eiga að láta breytingu á afplánun meðgjafar verða samfara breytingu á laga-ákvörðununum um þetta efni í heild sinni. Stjórnarráðið fær samt ekki betur sèð, en að yfirgnæfandi ástæður væru fyrir því, þegar því var hreift að láta birtast jafnframt nýju hegningarlögunum annað lagaboð handa Íslandi um afplánun sekta utan sakamála, þá að láta lagaboð þetta einnig ná til þess konar tillaga, sem 4. grein í frumvarpinu til laganna 16. febrúarmán. 1866, er ríkisþingið mælti á móti, á við, sèr í lagi til meðgjafar með óskilgetnum börnum og tillaga til viðurværis konum, er menn eru skildir við að borð og sæng.

Tilskipunin 10. desembermán. 1790, sem ræðir um meðgjöf með börnum, og veitir heimild til að láta afplána hana samkvæmt reglunni í tilsk. 6. desembermán. 1743 14. grein, smb. tilskipun 12. júním. 1816 5. grein, er sem sè beinlínis gildandi á Íslandi, og þó að tilsk. 10. ágústmán. 1798 um tillag til kvenna, sem menn hafa skilið við að borð og sæng, ekki hafi verið birt á Íslandi, en hún vísar í tilsk. 10. des. 1790 um afplánun tillaganna, getur þó varla verið neinn vafi á, að það mætti beita henni á Íslandi, þar sem svo líkt stendur á í báðum þessum tilfellum. Og þó að menn álíti, að það ætti að afplána tillög þessi, ef þau ekki eru goldin, samkvæmt reglunni í 9. grein í tilsk. 24. janúarmán. 1838, þykir stjórnarráðinu samt vera tilefni til að gjöra breytingu á þessu með lögum þeim, sem hèr er frumvarp um, þar það, að því er Ísland snertir, ekki er vel gjörlegt að fresta breytingu þeirri, sem hèr er stungið upp á, eptir því, að laga-ákvörðununum um meðgjafir verði breytt. Sem 4. grein frumvarpsins hefir því verið tekin í það ákvörðun samsvarandi ákvörðuninni, sem, eins og áður var sagt, var í frumvarpinu til laganna 16. febrúarmán. 1866, þannig, að það hefir verið bætt við samkvæmt 2. lið 5. greinar í tilskipun 16. nóvembm. 1836, að aldrei verði krafizt, að minna sè afplánað, en það sem ógoldið er fyrir eitt missiri, án þess að það komi til greina, þó áskilið hafi verið, að gjalda skyldi tillagið fyrir styttri tíma í hvert skipti.

Þess skal enn getið, að það þótti bezt henta að taka í frumvarpið, sem 5. grein þess, ákvörðun um, að lagaboðið öðlaðist lagagildi undir eins og »Almenn hegningarlög handa Íslandi«; og skal því að endingu við bætt, að með því, að gjört var ráð fyrir, þegar frumvarp þetta var samið, eins og í 31. grein í frumvarpinu til hegningarlaganna, að ekki skuli reynt að heimta með fjárnámi sektir þær o. fl., sem þar um er rætt, að undanteknum gjöldum þeim, sem 4. grein á við, áður en þær sèu afplánaðar, svo að það að því leyti er á manns sjálfs valdi, hvort hann vill borga, þá gat ekki verið umtalsmál að hafa hèr neina ákvörðun, er samsvaraði 1. og 2. lið 9. greinar í tilskipun 24. janúarmán. 1838.

VII. Frumvarp

til

tilskipunar um það, hvernig eigi að halda hunda á Íslandi.

---

1. grein.

Sérhver húsbóndi skal skýra frá á ári hverju, í kaupstöðunum um fardaga og í sveitunum á hreppaskilaþingum á vorin, fyrsta sinn árið 18..., hversu margir hundar séu á heimili hans, hvort sem hann á þá sjálfur, eða einhver annar heimilismaður hans. Fjölgi hundarnir á árinu, þá er hann skyldur að segja lögreglustjóranum í kaupstöðunum og hreppstjórunum til sveita til þess, áður 8 dagar séu liðnir. Að því er snertir hunda þá, sem heimaaldir eru, skal frestur þessi talinn frá því, er þeir eru orðnir fullra 2 mánaða, og að því er snertir aðfengna hunda, frá þeim degi, er þeir komu á heimilið.

2. grein.

Fyrir hvern hund skal eigandinn gjalda 2 ríkisdala gjald á ári. Samt er hverjum húsbónda, sem hefir kýr, hross eða sauðfé, sem hann verður að hirða, og verja tún og engjar fyrir, heimilt að hafa 2 hunda, er hann ekki þarf að greiða gjald fyrir.

3. grein.

Lögreglustjóri sá eða hreppstjóri, er í hlut á, á að láta eigandann fá handa hverjum hundi, sem sagt er til, hvort sem þarf að greiða gjald fyrir hann eða ekki, lögregluteikn eða málmplötu, og skal fangamark kaupstaðar þess eða hrepps, er í hlut á, og tala grafið á plötuna. Þetta teikn á allt af að vera á hundinum, fest á hálsband. Fyrir þá hunda, sem ber að greiða gjald fyrir, skal teiknið látið úti kauplaust í fyrsta sinni sem gjaldið er borgað, en fyrir þá hunda, sem ekkert gjald er greitt fyrir, skal borga

24 skildinga fyrir hvert teikn, og eins fyrir hina hundana, ef teiknið glatast.

4. grein.

Fyrir hvern hund, sem hittist teiknlaus eptir
, skal eigandinn gjalda 5 ríkisdala fèsekt, og fær uppljóstrarmaðurinn annan helming sektarinnar, en sveitarsjóðurinn hinn helminginn, og ber eigandanum þar á ofan að kaupa teiku handa hundi þessum samkvæmt 2. grein. Hverjum, sem hittir teiknlausan hund á lóð sinni, er heimilt að drepa hann, þegar 8 dagar eru liðnir, frá því að hann hefir auglýst á þann hátt, sem tíðkast á hverjum stað, hvar hundurinn sè, og að það sè áform sitt að drepa hann, ef eigandinn gefi sig ekki fram og bæti upp skaða þann, sem hundurinn kann að hafa gjört. Sömuleiðis skal eigandinn gjalda lýsingarkostnaðinn og 8 skildinga á dag fyrir hirðinguna á hundinum.

5. grein.

Lögreglustjórarnir í kaupstöðunum, og hreppstjórarnir í sveitinni eiga að hafa sèrstaka bók, er ritað sè í nafn sèrhvers húsbónda í kaupstaðnum eða hreppnum og tilgreint, hversu margir hundar sèu á heimili hans, og talan á lögregluteiknunum, sem látin hafa verið úti handa þeim, og skal enn fremur skýrt fra, fyrir hverja hundana eigi að greiða gjald og af hverjum ekki.

6. grein.

Af upphæð gjalds þess, sem um er rætt í annari grein, skal fyrst taka kostnaðinn til að utvega lögregluteiknin og einnig bók þá, sem nefnd er í næstu grein hèr á undan. Af afgangnum fær lögreglustjóri sá eða hreppstjóri sem í hlut á, annan helminginn, en sveitarsjóðurinn hinn helminginn. Gjaldið skal greitt í fyrsta sinn árið 18 ; gjalddagi þess er hinn sami og annara sveitargjalda, má taka það með lögtaki, ef það ekki er greitt í tækan tíma.

7. grein.

Fyrir tekjum þeim, sem sveitirnar fá samkvæmt þessari tilskipun, skal gjörður sèrstakur reikningur á hverju ári, og skal fylgja honum til sönnunar eptirrit af bók þeirri, sem getið er um

í 5. grein; skal reikningur þessi vera fylgiskjal með aðalsveitarreikningnum.

8. grein.

Með mál þau, sem rísa út af brotum móti ákvörðununum í tilskipun þessari, skal farið sem almenn lögreglumál.

ÁSTÆÐUR fyrir frumvarpi þessu.

Eins og sjá má af riti því, sem dr. med. Krabbe hefir samið, og mun koma alþingismönnum til handa undir eins og frumvarp þetta, og heitir »Athugasemdir um sullaveikina á Íslandi og varnir á móti henni», hafa menn komizt að þeirri niðurstöðu af vísindalegum rannsóknum á hinum seinustu árum, að orsökin til sullaveikinnar bæði hjá mönnum og skepnum sè sú, að egg úr bandormunum í hundunum berast inn í líkamann. Með því að svo má ætla, að sjúkdómur þessi mundi verða sjaldgjafari, ef fækkað væri hinum óþarfa grúa af hundum á Íslandi, hefir dr. Krabbe stungið upp á því í skýrslu sinni til dómsmálastjórnarinnar um ferð sína til Íslands árið 1863 til þess að rannsaka sullaveikina, að komið sè reglu á um hundahaldið á Íslandi, *annaðhvort* á líkan hátt og lengi hefir átt sèr stað á Færeyjum, en þar er bannað með lagaboði að hafa fleiri hunda en jarðeigendurnir og bændurnir í hverju byggðarlagi segja með atkvæðafjölda, að þörf sè á, eða þá á þann hátt, að lagður sè skattur á hunda um allt Ísland, svo að ekki verði hafðir fleiri hundar, en án verður verið. Út af þessu skrifaðist dómsmálastjórnin á við hið konunglega heilbrigðisráð, og fèkk frá því álitskjal frá manni, sem hefir einkar vel vit á þessu málefni; en það er etazráð Japetus Steenstrup, kennari í dýrafræði við háskólann í Kaupmannahöfn. Hefir hann auk annars sagt, að þar eð hundarnir sèu hin fyrsta undirrót sullaveikinnar, sè það vitaskuld, að þó ekki sè unnt að eyða undirrót svo mikilla meinsemda að fullu og öllu, beri þó að takmarka hana svo mjög sem auðið er; að hann sè dr. Krabbe öldungis samdóma, og leggi til með því, að fylgt sè fram uppástungu hans um, að hundunum á Íslandi sè fækkað svo, að ekki verði hafðir fleiri hundar en brýn nauðsyn ber til; að eptir þeirri niðurstöðu, sem dr. Krabbe með rannsóknum sínum hefir komizt að um fjölda hinna ýmsu band-

ormategunda í íslenzku hundunum í samanburði við fjölda bæði bandormategundanna og sjálfra bandormanna í hundunum á meginlandinu og einkum í Danmörku, hafi stjórnin fullan rètt á, til þess að verja heilbrigði manna, að krefjast þess, að hundunum sè fækkað; að það megi álíta öldungis vafalaust frá vísindalegu sjónarmiði, að fækkun hundanna muni hafa í för með sèr, að færri menn fái sullaveikina, og ef menn um leið gætu komið landsmönnum til að hafa nákvæmar gætur á, að hundunum, sem eptir yrðu, væru ekki gefin innýflin úr sullaveikum kindum, mundu enn færri fá sjúkdóm þenna, og að til þess að vekja ekki of miklar vonir hjá landsmönnum, er byggðar væru á eintómum misskilningi, og gætu orðið þess ollandi, að menn misstu traust á, að aðferð þessi takmarkaði sjúkdóminn og stemmdi stigu fyrir honum, ætti að taka skýrlega fram, að ef landsmenn vilji ganga úr skugga um það, eigi þeir að gefa gætur að, hversu mjög sullirnir í kindum fækka, því að næstum heil kynslóð yrði að líða undir lok, áður en menn gæti sannfærzt um, að sullaveikin í mönnum fari minnkandi að nokkru ráði vegna frjókorna þeirra til sjúkdómsins, sem þegar hafa sáð sèr. Hið konunglega heilbrigðisráð fèllst á álitsskjal Steenstrups etazráðs, og skaut því til atkvæða stjórnarráðsins að bera sig saman við embættismennina á Íslandi, og kjósa síðan aðra hvora uppástunguna: annaðhvort að fækka hundunum beinlínis eða að koma á hundaskatti.

Þegar að allir þessir vísindamenn þannig voru búnir að sýna fram á, hversu nauðsynlegt væri, að hundahaldið á Íslandi væri takmarkað, skoraði stjórnarráðið á alla amtmenn landsins að láta í ljósi álit sitt um, hvor af þessum tveim uppástungum mundi, eptir því sem ástatt væri, hægast og bezt stuðla til að ná miði því, sem stefnt er að. Amtmönnunum hefir í öllum álitsskjölum sínum um málefni þetta komið saman um, að hundaskattur væri vægari og hagfelldari aðferð til þess að ná tilgangi þessum, heldur en ráðstafanir, er lytu að að fækka hundunum beinlínis, því að það væri að þeirra hyggju ekki unnt að komast alveg hjá gjörræði, þegar ætti að koma slíkum ráðstöfunum í kring, og þar að auki mundu þær verða mjög svo óþokkasælar af landsmönnum. Eins eru líka uppástungur þær, sem amtmennirnir hafa komið með um það, hvernig ætti að koma hundaskattinum á, að mestu leyti samkvæmar, nema um eitt mikilsvert atriði, það er að segja, hversu hár skatturinn ætti að vera.

Eptir að stjórnarráðinu höfðu borizt uppástungur þessar, hefir frumvarp það, sem hèr er að framan um hundahald á Íslandi verið samið til þess að leggja það fyrir alþingi í ár, og hefir um það verið höfð hliðsjón af uppástungum amtmannanna. Um hverja einstaka grein skulu gjörðar þessar athugasemdir.

Um 1. grein.

Að því er kaupstaðina snertir, hefir stjórnarráðinu virzt rèttast að tiltaka fardaga sem þann tíma, er segja á til hundanna, því í tveim kaupstöðunum ber sá tími alveg upp á og í þriðja kaupstaðnum (Reykjavík) næstum því upp á niðurjöfnun bæjargjaldanna.

Þegar það ber við eins og opt er, að hundur er drepinn eða deyr á annan hátt, og annar hundur fenginn í staðinn, hefir stjórnarráðinu ekki virzt eiga að leggja það ómak á eigandann að skýra yfirvaldi því, sem í hlut á, frá því; stjórnarráðinu hefir því ekki þótt þörf á, eins og amtmaðurinn yfir norður- og austuramtinu hafði stungið upp á, að heimta að skýrt sè frá nafni, kyni, lit o. s. frv. á hundunum, heldur hefir það verið álitið nóg umsjónarinnar vegna, að skýrt sè frá *tölu* hundanna og *nafni* eigandans. *Fjölgi* hundarnir aptur á móti á árinu — frá fardögum til fardaga í kaupstöðunum og frá hreppaskilaþingi á vori til sama þings næsta vor í sveitunum — frá því sem eigandinn hafði talið fram, er honum gjört að skyldu í frumvarpinu að segja til þess innan tiltekins tíma, og skal um það vísað í niðurlagsákvörðun greinarinnar.

Um 2. grein.

Þar sem amtmaðurinn í norður- og austuramtinu hefir stungið upp á að setja gjaldið á 1 rd. á ári fyrir hvern hund, stiptamtið á 3 rd. og amtmaðurinn í vesturamtinu á 4 rd., hefir stjórnarráðinu virzt 2 rd. vera mátulegur hundaskattur. Eins og eigandinn ekki þarf samkvæmt 1. grein að segja til, að hann á árinu hafi fengið sèr nýjan hund í staðinn fyrir annan, sem er dauður, eins hefir virzt sanngjarnt, að hann sleppi hjá að borga skatt á ný þegar svo er. Samt hefir ekki þótt þörf á að mæla berum orðum fyrir um þetta, með því að það leiðir beinlínis af 1. grein.

Eptir landsháttum á Íslandi er hundurinn alveg ómissandi húsdýr fyrir bændurna, bæði þegar kví-ánum er smalað á sumrin á hverjum degi, og þegar geldfènu er safnað úr afrèttunum á haustin, og yfir höfuð að tala, þegar á að safna fè eða reka það, og

fyrir þá sök hefir stjórnarráðið álitið, að svo margir hundar ættu að vera undanþegnir gjaldi þessu, sem hver bóndi á Íslandi þarf nauðsynlega að hafa. Þegar tiltekið hefir verið, að þeir skuli vera tveir, hefir stjórnarráðinu að vísu ekki sèzt yfir, að þetta stundum ekki er nóg sumstaðar vegna einkennilegs landslags, sumstaðar vegna þess, að fjáreignin er svo mikil; en það er að stjórnarráðsins hyggju ómögulegt að setja ákveðna reglu, er gjöri vissan greinarmun á þeim tilfellum, þar sem nóg er að hafa tvo hunda og þar sem þörf er á að hafa fleiri, og stjórnarráðinu hefir því síður þótt ástæða til að fara að reyna til þessa, sem það mun vera sjaldgæft, að þörf sè á að hafa meir en 2 hunda, nema þar sem fènaðurinn er svo mikill, að margra hunda þarf með, og þegar svo er, munar eigandann ekki mikið um að borga gjald fyrir þá hunda, sem hann vill hafa fram yfir tvo.

Um 3. grein.

Til þess að höfð verði umsjón sú, sem með þarf, með hundaeign manna, þá er þörf á, að *allir* hundar, hvort sem greitt er gjald af þeim eður ekki, gangi ávallt með teikn það, sem eigandinn fær hjá yfirvaldi því sem í hlut á þegar hann telur fram hundana. Til þess að borga kostnaðinn, sem rís af þessu, er eptir uppástungum amtmannanna í vesturamtinu og norður- og austuramtinu ákveðin dálítil borgun fyrir teikn þessi, en á þó ekki að heimta borgun þessa fyrir hunda, sem skylt er að greiða gjald fyrir, í *fyrsta sinni* að teiknið er látið úti.

Samkvæmt því, sem sagt er að ofan um 1. grein, er það álitið vitaskuld, að eigandinn getur latið teikn, sem hann einu sinni er búinn að kaupa, a nýjan hund, sem hann fær sèr í staðinn fyrir hinn.

Um 4. grein.

Stjórnarráðinu hefir virzt eiga að leggja 5 ríkisdala fèsekt við því að láta farast fyrir að telja fram hunda sína á lögskipaðan hátt. Með því að tilgangurinn með tilskipuninni ekki er að auka tekjur hins opinbera heldur að vernda heilbrigði manna, virðist ekki vera næg ástæða til, eins og amtmaðurinn í vesturamtinu hefir stungið upp á, að gjöra mun á hundum, sem ber að greiða gjald fyrir og þeim sem eru undan þegnir gjaldi. Aptur á móti er stjórnarráðið honum samdóma um, að með því að ekki er hugs-

andi að gjöra ráðstafanir til þess að handsama alla hunda, sem hafðir eru móti lögum, þá verður, til þess að koma því til leiðar að þessu nýja lagaboði verði stranglega fylgt fram, að hafa það úrræði að uppörfa menn til þess að ljóstra upp brotum á móti lagaboðinu með því að heita þeim hlutdeild í fésektinni.

Til þess að koma eigendunum til að hafa betri gætur á hundum sínum, en þeir annars mundu hafa, er enn fremur tekin í greinina ákvörðun um, að hver sem hitti hund á lóð sinni, sem ekki er með teikni, eigi rètt á að drepa hann, þegar hann hefir gætt þess, sem fyrir er mælt um í greininni.

Um 5.—8. grein.

Fyrir ákvörðununum í 5., 7. og 8. grein þykir ekki þörf á að færa neinar sèrstaklegar ástæður, en um 6. grein skal þess getið, að það virðist sanngjarnt, að lögreglustjórunum og hreppstjórunum sè veitt hlutdeild í hundaskattinum sem þóknun fyrir ómak það, sem þessi nýja tilhögun gjörir þeim, og um leið til þess að hvetja þá til þess að gæta vel að.

VIII. Frumvarp.

til laga fyrir Ísland um skipamælingar.

1. grein.

Öll skip og bátar, sem eiga heima á Íslandi, og eru meira en 4 tons að rúmmáli, og ekki hafa mælingarbrèf, gefið út á tolltökustað í Danmörku, samkvæmt lögum 13. marzmán. 1867, skulu mæld, og rúmmál þeirra ákveðið eptir aðferð þeirri, sem ákvörðuð er hèr eptir. Skal hún einnig við höfð, þegar önnur skip eru mæld, sem eiga að segja til farms síns í höfnum á Íslandi. Undanþegin mælingu þar eru öll dönsk skip, sem eiga annarstaðar heima en á Íslandi, og hafa lögmæt dönsk mælingarbrèf, sem og herskip og önnur stjórnarskip, dönsk og útlend, sem ekki eru höfð til vöruflutninga. Stjórnin skal kveða nákvæmar á um, hvenær önnur útlend skip skuli mæld.

2. grein.

Að því leyti að ekki verður settur sèrstakur embættismaður til þess að mæla skip og reikna út rúmmál þeirra, þá skulu lögreglustjórarnir í þeim 6 verzlunarstöðum, sem nefndir eru í 2. grein laga 15. aprílmán. 1854 um siglingar og verzlun á Íslandi, hafa starf það á hendi.

3. grein.

Mælingin skal fara fram í dönskum fetum og tugabrotum úr fetum.

4. grein.

Rúmmál skipsins, sem búið er að finna með mælingunni, skal tiltekið í tons öldungis af sömu stærð og enskir register-tons, eins og þeir nú eru.

5. grein.

Það er tilgangurinn með mælingunni, að finna eins nákvæmlega eins og verður stærð allra þeirra rúma í skipinu að tenings-

máli, sem notuð verða og skal hún framfara eptir hinni fullkomnu mælingar-aðferð, sem mælt er fyrir um í *I. reglu;* einungis þegar henni ekki verður komið við einhverra orsaka vegna, má við hafa mælingar-aðferð þá til bráðabyrgða, sem um er rætt í *II. reglu.* Hina síðarnefndu mælingar-aðferð ber þannig jafnaðarlega að eins við að hafa um þau skip, sem að öllu eða nokkru leyti eru fermd, þegar á að mæla þau. Ef að einhverjar aðrar sèrstaklegar tálmanir gjöra erfitt að mæla eptir fullkomnu aðferðinni, sker stjórnin úr, hvort hún skuli við höfð.

6. grein.

I. regla. Þilfar það, sem efst er í skipum með ekki fleirum þilförum en tveim, og það sem er annað að neðan í skipum með fleirum þilförum en tveim, heitir »mælingarþilfarið». Rúmið fyrir neðan þetta þilfar skal skoðað og mælt sem ein samföst heild. Sèu fleiri þilför, skulu rúmin, sem á milli þeirra verða, mæld hvert út af fyrir sig. Sömuleiðis skulu þau rúm mæld út af fyrir sig, sem eru á efsta þilfari skipsins.

Þegar stærð allra þessara rúma saman talinna er skipt með $91{,}_{59}$, fæst (aðal-)rúmmál alls skipsins. ($91{,}_{59}$ dönsk teningsfet = 100 ensk teningsfet = 1 register-ton).

A. Lengd skipsins skal mæld í beinni línu eptir yfirborði mælingar-þilfarsins frá innra fleti innri súðarinnar öðru megin við stafninn aptur að innra fleti skutviðanna miðskipa eða, þegar svo stendur á, að súðinni þar. Frá þessari lengd skal dregið eins mikið og samsvarar hallanum á kinnungnum og skutviðunum, eptir sem þilfarið er þykkt til, og hallanum á skutviðunum allt að $^1/_3$ af bugðunni á bitanum. Lengd þeirri, sem finnst með þessu móti, skal síðan skipt í eins marga jafna parta, og kveðið er á í töflu þeirri er hèr fer á eptir:

1, skipum, er mælingarþilfar þeirra samkvæmt tjeðri mælingu er $48{,}_{56}$ feta (50 ensk fet) langt eða minna, skal skipt í 4 jafna parta.

2, —— fram yfir $48{,}_{56}$ fet en ekki yfir $116{,}_{53}$ fet (120 ensk fet) 6

3, —— — - $116{,}_{53}$ - - — — $174{,}_{80}$ - (180 — -) 8

4, - — — - $174{,}_{80}$ - - — — $218{,}_{51}$ - (225 — -) 10

5, —— — - $218{,}_{51}$ skal skipt í 12 jafna parta.

B. Þver-skurður skipsins við hvern skurðarsting í lengdinni skal ákveðinn á þann hátt, er nú segir:

Dýptin skal mæld við hvern skurðarsting frá $^1/_3$ af bugðunni á bitanum undir þilfarinu — eða, ef pallar eru á þilfarinu, þá frá beinni línu, er sè framlenging af þilfarinu — til efri brúnarinnar á kjalviðunum innanvert við kjalgólfið, og skal dregin frá meðalþykkt innri súðarinnar millum kjalborðsins og hvílu-borðsins.

Sje dýptin við mið-skurðarsting lengdarinnar ekki meiri en $15{,}_{54}$ fet (= 16 ensk fet) skal hverri dýpt skipt í 4 jafna parta, og hin lárètta breidd að innanverðu síðan mæld við hvern þessara þriggja skurðarstingja og eins við efri og neðri enda dýptarinnar, og skal ávalt mælt til meðal-þykktar þess hluta innri súðarinnar, sem er á milli mælingar-stingjanna. Síðan skulu settar tölur á breiddir þessar og byrjað ofan að (þ. e. efsta breiddin verður: 1 og svo framvegis niður að neðstu breiddinni); 2. og 4. breiddin skal margfölduð með 4 og 3. breiddin með 2; þær tölur, er þá komu út, skulu lagðar saman, og 1. og 5. breidd lögð við þá upphæð; talan, sem þá kemur út, skal margfölduð með þriðjunginum af hinu sameiginlega millibili milli breiddanna, og kemur þá fram *flatarmál þver-skurðarins.*

Sè miðdýptin aptur á móti meira en $15{,}_{54}$ fet, skal hverri dýpt um sig skipt í 6 jafna parta, og mæla síðan lárjettu breiddirnar, samkvæmt tilsögninni hèr á undan, við hvern af þessum 5 skurðarstingjum og við efra og neðra enda dýptarinnar, og setja síðan tölur á þær ofan að; 2., 4. og 6. breidd skal margfölduð með 4 og 3. og 5. með 2; tölurnar, er þá koma út skulu lagðar saman, og við upphæð þeirra allra lögð 1. og 7. breidd. Talan, sem þá kemur út, skal margfölduð með þriðjungnum af hinu sameiginlega millibili milli breiddanna og kemur þá fram *flatarmál* þverskurðarins.

C. Þegar búið er á þenna hátt að finna flatarmál þverskurðanna við hvern skurðarsting í lengd skipsins, skal reikningnum á rúmmáli skipsins haldið á fram, eins og nú segir:

Á þverskurðina skulu settar tölur í röð, þannig að 1 er við framenda lengdarinnar við stafninn.

2. þverskurðurinn og allir þverskurðirnir, sem eru með jafnri tölu, hvort sem lengdinni er skipt eptir töflunni í 4 eða 12 parta eða þar á milli, skulu margfaldaðir með 4, og 3. þverskurðurinn og allir þverskurðirnir, sem eru með oddatölu, nema hinn fyrsti og síðasti, margfaldaðir með 2. Tölur þær, sem koma af margföldueninni skulu lagðar saman, og fyrsti og síðasti þverskurð-

urinn að svo miklu leyti þeir nema nokkru, lagður við upphæð þeirra; talan, sem þá kemur fram, skal því næst margfölduð með þriðjungnum af hinu sameiginlega millibili milli þverskurðanna. Kemur þá fram stærð rúmsins fyrir neðan mælingar-þilfarið að teningsmáli, og þegar henni er skipt með $91_{,59}$, kemur fram *rúmmál skipsins fyrir neðan mælingar-þilfarið,* tiltekið í tons.

D. Að því er snertir palla á þilfarinu, kompur eða önnur rúm á efsta þilfarinu, sem eru lokuð umhverfis, og verða höfð til að koma fyrir í farmi eða vistum eða til klefa eða hæginda handa farþegjum eða skipshöfninni, skal rúmmálið ákveðið eins og nú segir:

Meðallengd slíkra rúma að innanverðu skal mæld og henni skipt í 2 jafna parta; á hæðinni miðri skulu mældar 3 breiddir að innanverðu, það er að segja, sín við hvorn enda og ein á miðjunni á lengdinni; endabreiddirnar skulu lagðar saman, við það aptur lögð miðbreiddin fjórfölduð, og öll upphæðin síðan margfölduð með þriðjungnum af hinu sameiginlega millibili milli breiddanna; kemur þá fram hinn lárètti þverskurður rúma þessara miðja vega, og skal hann margfaldaður með meðalhæð rúmsins. Þessari tölu skal síðan skipt með $91_{,59}$, og kvótinn, sem er *rúmmál hlutaðeiganda rúms,* lagður við rúmmálið fyrir neðan mælingar-þilfarið.

Þó skal *ekki bætt við* rúmmálið:

1, fyrir rúm, sem lokað er umhverfis, og eingöngu eru gjörð til kompu handa skipshöfninni, nema þau sèu meira en $^1/_{20}$ partur af hinu öðru rúmmáli skipsins; skal þó samt að eins lagt við það, sem þar er fram yfir; og

2, fyrir hýsi upp á þilfari til skjóls handa þilfars-farþegjum, en ekki samt nema með samþykki stjórnarinnar.

E. Sjeu *3 þilför* í skipinu, skal rúmið milli efsta þilfarsins og mælingar-þilfarsins ákveðið eins og nú segir:

Lengd rúmsins að innanverðu skal mæld á hæðinni miðri frá innri súðinni öðru megin við stafninn aptur að súðinni á kjölviðunum. Lengd þessari skal skipt í jafnmarga jafna parta, eins og lengdinni á mælingar-þilfarinu er skipt. Breidd rúmsins að innverðu við hvern skiptisting skal einnig mæld á miðri hæðinni ásamt breidd stafnsins og breiddinni við skutinn. Á breiddir þessar skulu settar tölur í röð og byrjað fram við stafninn; 2. breiddin og hinar breiddirnar, sem eru með jöfnum tölum, skulu margfald-

aðar með 4, og hin 3. breiddin og hinar breiddirnar, sem eru með oddatölum, nema hin fyrsta og hin síðasta, með 2; tölur þær sem koma fram við margföldunina skulu lagðar saman og þar við bætt fyrstu og síðustu breidd, öll upphæðin margfölduð með þriðjungnum af hinu sameiginlega millibili milli breiddanna, og kemur þá fram hinn lárjetti þverskurður rúmsins miðja vega, tiltekinn í ferhyrningsfetum; sje hann margfaldaður með meðalhæð rúmsins, kemur fram stærð þess að teningsmáli. Skal henni skipt með $91,_{59}$, og kvótinn, sem er *rúmmál rúms þessa*, lagður við hitt rúmmál skipsins.

Sjeu *fleiri* þilför en 3 í skipinu, skal stærð hvers rúms milli þilfaranna fyrir ofan mælingar-þilfarið út af fyrir sig ákveðin á þann hátt, sem nú hefir verið sagt fyrir um, og lögð síðan við rúmmál skipsins.

F. Í öllum skipum, sem fara áfram með gufu-afli eða öðru afli, er þarf rúms við til vèlarinnar, skal slá af eptir stærðinni á rúmi því eða rúmum þeim, sem hreifingaraflið tekur upp, og skal það dregið frá aðal-rúmmáli skipsins, er fundið er eptir framan skrifuðum reglum. Afgangurinn er rúmmál það, er sett skal í skipið. Stjórnin skal nákvæmar ákveða reglurnar um mælingu tjeðra rúma að teningsmáli.

G. Á opnum skipum ræður efri brún hástokksins línu þeirri, sem mælingin á að fara fram fyrir neðan. Dýptirnar skulu fyrir því mældar við hvern skurðarsting á lengdinni frá línu, sem dregin er um þvert skipið milli efri brúnanna á hástokkunum.

Á skipum af þessu tægi, sem fara áfram með gufu-afli eða öðru afli, sem þarf vèla með, skal skal draga nokkuð frá, og ákveða stærð þess eins og vikið er á í F.

7. grein.

II. *regla.* Þegar skip er mælt til bráðabyrgða, skal mæla: 1, lengd skipsins á efsta þilfarinu stafna á milli; 2, breidd miðja vega að lengdinni til á efsta þilfarinu milli innviðanna rjett ofan við gatborðið; 3, dýpt frá efri brún efsta þilfarsins lóðrètt niður á ytri súðina í botninum við hliðina á kjölnum, svo mjög miðskipa sem verður, og ef á þarf að halda, þá gegnum dæluna. Þessi 3 mál skulu margfölduð hvert með öðru og tölunni, sem þá kemur fram, skipt með deili, sem getur leikið á milli 110 og 160 eptir lögum skipsins og eptir því, hvar dýptin er mæld, og skal nákvæmar kveðið á um deilinn í skipamælinga-reglugjörðinni.

Kvótinn verður sú tala af tons, sem skal álitin bráðabyrgðarúmmál skipsins, þegar búið er að leggja við hana rúmmál rúma þeirra, sem eru ofan á þilfarinu, og ber að mæla samkvæmt *I. reglu,* staflið D. Rúm þessi skulu mæld á þann hátt að margfalda saman meðal-lengd þeirra, dýpt og breidd og skipta því, sem þá kemur fram með $91{,}_{59}$.

Á gufuskipum skal því næst frá aðalrúminu, sem fundið er, draga rúmmál vèlarrúmsins *(I. regla, F).*

8. grein.

Hinar ítarlegri ákvarðanir, sem með þurfa til þess að skýra betur mælingaraðferðirnar og beita þeim í verki, setur stjórnin í skipamælinga-reglugjörð. Enn fremur er stjórninni heimilt að breyta ákvörðununum í I. og II. *reglu* til og auka í þær eptir því sem reynslan sýnir að hagfellt er, og svo að ekki komi það í bága við grundvallarreglur þær, sem mælingin er byggð á samkvæmt lögum þessum.

9. grein.

Sjerhver mæling skal reiknuð nákvæmlega, svo ekki skakki $^1/_{100}$ úr tons, og skal hún yfirskoðuð af almennilegu æðra umsjónaryfirvaldi í Kaupmannahöfn. Stjórnin ákveður nákvæmar um það.

10. grein.

Um mælinguna skal gjört mælingarbrèf. Handa íslenzkum skipum skal mælingarbrèfið tekið upp í þjóðernis- og skrásetningar-skýrteinið.

Hafi mælingin farið fram eptir II. *reglu,* skal tekið fram í mælingabrèfinu, hvers vegna I. *reglu* hafi ekki orðið komið við. Slíkt mælingarbrèf er ekki lengur gilt en þangað til að mæling getur farið fram eptir I. *reglu.*

11. grein.

Skip, sem smíðuð eru á Íslandi, skulu mæld undir eins og búið er að leggja þilfarið og innri súðina og áður en nokkrar tilfærur eru gjörðar í skipinu að innan, er geti verið því til fyrirstöðu, að það sè mælt á alla vega eins og fyrirskipað er hèr að framan, og er skipasmiðurinn skyldur að segja embættismanni þeim, sem í hlut á, skriflega til þess í tækan tíma. Sè heimili em-

bættismannsins lengra en 2 mílur frá stað þeim, er skipið er smíðað, má samt skjóta mælingunni á frest þangað til seinna.

Mælingarbréfið skal ekki gefið út, fyrr en skipið er búið, og einnig er búið að mæla rúm þau, sem kann að verða komið fyrir upp á þilfarinu.

12. grein.

Skip, sem aðflutt eru frá útlöndum, skulu mæld, er skipið kemur í fyrsta skipti inn á höfn á Íslandi, þar sem mæling getur farið fram eptir lögum þessum, nema þau hafi áður komið við í Danmörku, og hafi verið mæld þar og fengið mælingarbréf.

13. grein.

Skipstjóri, eða þegar hann er ekki viðstaddur, þá eigandinn að hverju því skipi, sem á að mæla, er skyldur að láta embættismönnum þeim, sem mælingin er á hendur falin, í té alla þá aðstoð og allar þær upplýsingar, sem þeir kunna að heimta, er þeir mæla skipið, annaðhvort sjálfur eða láta menn sína gjöra það. Einnig á hann tregðulaust að hlýðnast, ef téðir embættismenn kunna að skora á hann að ryðja rúm í skipinu innanverðu, ef þess þarf með vegna mælingarinnar.

Enn fremur er það skylda skipstjóra á hverju slíku skipi, að ferma það ekki nè taka í það seglfestu, nema hann skýri hlutaðeiganda embættismanni frá því.

14. grein.

Þegar búið er einu sinni að mæla skip samkvæmt I. *reglu* í lögum þessum, og mælingarbréf það, sem gjört hefir verið þar um, verður sýnt, þá er það gilt, meðan skipinu sjálfu ekki er breytt, og ekki heldur tilskipununum um mælinguna.

15. grein.

Sè skipi, sem hefir danskt mælingarbrjef eða útlend mælingarbréf, sem er lagt að jöfnu við það, breytt, þegar það er smíðað upp aptur, og breytinganna er ekki seinna getið, eins og vera ber, í mælingarbréfinu, skal skipasmiður sá, sem hefir staðið fyrir smíðinu, skýra embættismanni þeim, sem skipamælingar eru á hendur faldar, frá því, ef skipið hefir verið smíðað upp aptur á Íslandi, og hafi það verið gjört erlendis, þá skipstjóri; í hinu fyrra tilfellinu skal það gjört, þar sem skipið var smíðað um, og í síð-

ara tilfellinu, þar sem skipið fyrst kemur innanlands, og mæling má fram fara. Sè skipið íslenzkt, hvílir sama skylda á eiganda skipsins.

Frá þessu skal ávallt skýrt svo tímanlega, að skipið verði mælt um tálmunarlaust.

16. grein.

Á sama hátt á skipstjóri eða eigandi skipsins að skýra frá öllum breytingum á stærð rúma þeirra, sem eru undanþegin mælingu, eða eru dregin frá, þegar rúmmálið er reiknað, og eins ef gjörð er breyting á notkun slíkra rúma.

17. grein.

Þegar skýrt er frá slíkum breytingum, á skipi, eða þegar eigandi þess eða skipstjóri krefst þess, skal það mælt á ný, og nýtt mælingarbrèf gefið út í staðinn fyrir hið eldra, sem haldið skal aptur. Samt má tilgreina á fyrra mælingarbrèfinu, hvað breytzt hafi, ef að stærðin er hin sama á alla aðalvegu.

Hlutaðeigandi embættismönnum er einnig heimilt umsjónarinnar vegna að mæla skip um, þó þess sè ekki farið á leit. Verði sú raunin á, er skip þannig er mælt um, að gjörðar hafi verið breytingar en ekki sagt til þeirra, skal skipstjóri sá eða eigandi, sem í hlut á, borga allan kostnaðinn. Hafi ekki verið gjörð nein slík breyting, skal kostnaðurinn greiddur úr ríkissjóðnum, og þyki þörf á að gefa út nýtt mælingarbrèf, skal það án nokkurs kostnaðar fyrir eiganda eða skipstjóra.

18. grein.

Auk mótunargjalds fyrir hið fullgilda mælingarbrèf, sem tekið er upp í þjóðernis-skýrteinið handa *dönskum* skipum, skal borgað í ríkissjóðinn í gjald fyrir mælinguna:

a, þegar skipið hefir verið mælt eptir fullkomnu aðferðinni, og ekki hefir orðið skilað eldra mælingarbrèfi, sem gefið hefir verið út samkvæmt þessum lögum eða eldri tilskipunum 8 sk.

b, í öllum öðrum tilfellum . . . . . 4 —

af hverjum ton, er mælingarbrèfið hljóðar um.

19. grein.

Fari mælingin fram annarstaðar, en þar sem embættismaður

sá eða embættismenn þeir, sem hlut eiga að máli og hafa störf þessi á hendi, eiga heima, lendir ferðakostnaður sá og fæðispeningar, sem af því hljótast, á skipinu. Ferðakostnaður skal reiknaður á sama hátt og í opinberum málum; í fæðispeninga bera embættismanninum 2 rd. á dag.

20. grein.

Bæði eigandi skipsins og skipstjóri eru í ábyrgð fyrir gjöldum þeim og kostnaði, sem rætt er um í 2 næstu greinunum hjer á undan.

21. grein.

Láti skipasmiður sá, sem hlut á að máli, fyrir farast að skýra í tækan tíma frá því, sem fyrir er mælt um í 11. grein, varðar það hann fèsekt allt að 50 rd.

22. grein.

Sömuleiðis varðar það allt að 50 rd. fèsekt, ef brugðið er út af 13. grein í lögum þessum.

23. grein.

Farist fyrir að skýra frá því, sem mælt er fyrir um í 15. og 16. grein, þá varðar það, ef hlotizt hefir af breytingum þeim, sem gjörðar hafa verið, að rúmmál skipsins er orðið meira, fjesekt allt að 10 rd. fyrir hvern ton, er rúmmálið reynist hafa aukizt um; þar að auki á hlutaðeigandi að greiða gjöld þau, sem dregin eru undan ríkissjóðnum fyrir vanrækt hans.

24. grein.

Eins og það er amtmaður, sem til tekur upphæð fèsektarinnar fyrir yfirsjónir þær, sem nefndar eru í 21.—23. grein, innan takmarka þeirra, sem þar eru sett, eins getur amtmaður einnig dæmt á hendur mönnum fèsekt allt að 20 rd. fyrir brot á ákvörðununum í lögum þessum, sem ekki er sèrstaklega lögð nein hegning við, sem og fyrir brot á móti reglum umboðslegs efnis, sem gefnar eru út og auglýstar opinberlega samkvæmt lögunum og í samhljóðun við þau.

25. grein.

Ef að nokkur, sem krafizt er af fèsektar samkvæmt lögum þessum, fer fram á, að dómstólarnir dæmi um breytni sína, þá skal amtmaður hlutast um, að farið verði með málið sem almennt lögreglumál, og á dómstóllinn þá að skera úr, hvort hlutaðeigandi sje sekur, og hverri hegningu hann eigi að sæta, ef svo er.

Þar að auki er það amtmaður, sem ákveður, hvort skuli skotið til æðra dóms af hálfu hins opinbera.

Fèsektirnar renna í ríkissjóðinn

26. grein.

Lög þessi öðlast lagagildi 1. aprílmán. 1868.

27. grein.

Þegar á að reikna útgjöld, sem fara eptir lestatölunni samkvæmt tilskipunum þeim, er nú gilda, skulu 2 tons álitnir jafnir 1 kaupskipslest.

ÁKVARÐANIR UM STUNDARSAKIR.

28. grein.

Sèrhvert það skip, sem á heima á Íslandi, og búið er að mæla, þegar lög þessi öðlast lagagildi, samkvæmt reglum þeim, sem gilt hafa hingað til, og gildi mælingarbrèfa þeirra er á enda, samkvæmt ákvörðunum þeim, sem gilda um slík mælingarbrèf, *skal* mælt um í fyrsta skipti, sem það hittist, enda þó skipið þá sè með farmi, og fyrir þá sök verði að mæla það eptir *II. reglu*.

Skip, sem hafa slík eldri mælingarbrèf, er enn þá eru gild, eptir að lög þessi hafa öðlast lagagildi, samkvæmt ofangreindum ákvörðunum, *má*, ef útgjörðarmaður eða skipstjóri fer þess á leit, mæla um eptir ákvörðununum í lögum þessum, ef að skipin vegna þessa eru rudd eins og með þarf.

Fyrir að mæla skipin um skulu í hvorutveggja tilfellinu greidd gjöld þau, er ákveðin eru í 18. gr.

29. grein.

Þangað til að búið er að mæla skipið um og því næst gefa út nýtt mælingarbrjef, heldur hið fyrra mælingarbrèfið gildi sínu.

30. grein.

Hlutaðeigandi skipasmiður skal tafarlaust segja til skipa þeirra, sem eru í smíðum á Íslandi, er lög þessi öðlast lagagildi, ef smíðið er komið lengra áleiðis, en tekið er til í 11. grein, svo að þau verði mæld, ella varðar það hegningu samkvæmt 21. grein.

ATHUGASEMDIR

um frumvarp til laga fyrir Ísland um skipamælingar.

Það hefir enn eigi verið ákveðið með lögum, hversu skip skuli mæla, hvorki á Íslandi nè í Danmörku, því að eins hefir boðið verið, að skip skuli mæla, en aðferðin við mælinguna hefir eigi verið til tekin, og hingað til hefir það verið talið til umboðslegra mála, að skipa fyrir um mælingaraðferðina. Nú hefir þótt vera þörf á, að gjöra talsverðar breytingar á reglum þeim, er hingað til hefir fylgt verið við mælingu skipa, og hefir það þótt bezt við eiga að gjöra slíkar breytingar með lagaboði. Frumvarp til slíkra laga var lagt fyrir ríkisþingið í vetur, sem leið; frumvarpið var samþykkt, og hefir komið út sem lög 13. d. marzm. þ. á. Stjórninni hefir þótt við eiga, áður slíkar ákvarðanir væru leiddar í lög á Íslandi, að leggja fyrir alþingi til íhugunar frumvarp til laga í þá átt, og er það í öllum aðalatriðum samhljóða lögum þeim fyrir Danmörku, er nú var getið.

Öllum siglingaþjóðum hefir lengi þótt brýn nauðsyn á vera, að skip væru mæld, því að við rúmmál skipa, sem finnst við mælingu, eru miðuð öll gjöld þeirra bæði í ríkissjóð, og sveitasjóði, svo sem hafnargjald, og sömuleiðis gjald til verzlunarfulltrúa, o. s. frv. Enn fremur er það vandi, að allir samningar um skipasmíðar og skipaleigu eru miðaðir við rummál skipa.

Það er auðsætt, að hvorttveggja varðar miklu, að skip sèu mæld, og einkum að sú mælingaraðferð sè við höfð, er bæði er sem nákvæmust, enda gjörir sem mestan jöfnuð meðal hinna ýmislegu skipategunda. Það virðist því full þörf á að reyna til að komast að sem beztri niðurstöðu, að unnt er, í því efni, eptir því sem völ er á og nú er ástatt.

Fram að 1830 voru skip mæld í Danmerkurríki eptir hollenzkri aðferð, en það ár var gefin út ný reglugjörð, 16. dag janúarm., samkvæmt uppástunga nefndar nokkurrar, er skipuð var til að íhuga það mál. Í þessari reglugjörð eru teknar fram allar þær aðalákvarðanir, er hingað til hafa gilt um það efni, en þó hafa við og við verið gjörðar nokkrar lítilfjörlegar breytingar og viðbætur (sbr. auglýsingu fjármálastjórnarinnar, 27. d. maím. 1861).

Þessi mælingaraðferð miðar til að ákveða rúmmál (eða lestatal skipa eptir því hve mikið þau geta borið. Þetta má finna,

ef þess er gætt hve djúpt skip rista, þegar þau eru tóm og þegar þau eru alfermd, og hve mikið það vatnsmegin er, sem rýmist í burtu við það, að skipið er fermt, því að rúmmál þess vatnsmegin er rýmist í burtu, hlýtur að verða jafnt rúmmáli þess hluta á skipum, sem er á milli vatnslínanna (eða snertilína vatnsins við skipin), þegar þau eru tóm og þegar þau eru alfermd, enda er farmþunginn jafn vatnsþunganum eptir alkunnu vatnsstöðulögmáli. Nú mundi það, er skip skal mæla, eigi unnt, að koma því við að finna svo nákvæmlega, sem þörf gjörist, rúmmál þessa vatnsmegins eða vatnsþungann, sem af því leiðir, og hafa menn því reynt að reikna eptir innanmáli skipa, hve mikið þau gætu borið, og sá reikningur hefir grundvallast á því, að ákveðið hlutfall væri á milli innanstærðar skipa að teningsmáli og þess hluta þeirra, sem væri milli vatnslínanna, og sem sýnir, hve mikið þau geta borið. Menn hafa nú af reynslunni þótzt finna það á sínum tíma, að hlutfall það, er nú var getið, væri eins og 100:55. Samkvæmt þessu hlýtur varningslestin, sem talin er 5200 dönsk pund eða málpund (*metriske pund*) að vera nokkurn veginn jöfn $82_{,5}$ teningsfetum af sjóvatni. Með því nú að setja þessar stærðir upp í líkingu: $\frac{100}{55} = \frac{x}{82,5}$, þá má sjá, að x eða deilirinn, sem lestatalið verður fundið eptir af innanmáli skipa, verður 150. Þetta er annar helmingur aðferðarinnar. Hinn helmingur hennar miðar til að finna rúmmál skipa að innanverðu með sem fæstum og auðveldustum mælingum, sem auðið er, en þó svo, að komizt verði að svo réttri og nákvæmri niðurstöðu sem vanalega er kostur á.

Þessi skipamælingaraðferð hefir lengi verið talin bezt allra þeirra mælingaraðferða, er áður voru kunnar, og hafa því margir tekið hana eptir, en bæði er hún fremur flókin, enda er sá ókostur við hana, að hún í ýmsum aðalatriðum leggur til grundvallar þau hlutföll, sem einungis styðjast við reynsluna og hún getur því að eins verið óyggjandi, að þessi grundvallarhlutföll eigi geti raskast, en þau eru þó í raun og veru þess eðlis, að þau eru breytileg. Slíkur breytilegleiki hefir einkum komið í ljós, síðan tekið var að breyta lagi byrðinga, sem tíðkast hefir 10 næstliðin ár, og ávallt fer meir og meir í vöxt, en áður voru byrðingar næsta breiðir og djúpir í samanburði við lengdina, en nú er tekið að smíða þá framþynnri og lengri og sömuleiðis grynnri í hlutfalli við hin.

Stjórnin tók því það mál til íhugunar, að hve miklu leyti það mundi við eiga, að taka upp skipamælingaraðferð þá, er lögleidd var á Englandi árið 1854 og hlaut þar einkar góðar undirtektir. Í þessu styrktist stjórnin af brèfi frá stórkaupmannalagsnefndinni (»*Grosserer-Societets Komiteen*«) í Kaupmannahöfn 1861. Í því brèfi var það tekið fram, að æskilegt mundi að breyta þeim ákvörðunum, er hingað til hafa átt sèr stað um skipamælingar, og jafnframt var bent á hina ensku skipamælingaraðferð, er þegar var nefnd, og þess getið, að, væri hún tekin upp, kynnu dönsk skip á enskum höfnum að geta fengið undanþágu frá því að mælast þar, ef enskum skipum á dönskum höfnum yrði veitt hin sama undanþága, og var talið, að það mundi eigi alllítill sparnaður fjár og tíma, og að allir samningar við Englendinga um farmtekju danskra skipa mundu þá verða auðveldari.

Laga-ákvarðanirnar um hina ensku mælingaraðferð eru í hinum svo nefnda «*Merchant Shipping Act*» frá 1855, í 2. hluta, í kapítulanum um »*Measurement og Tonnage*» (rúmmálsmælingu), í XX.—XXIV. grein, en hinar umboðslegu ákvarðanir um framkvæmd laga þessara eru auglýstar með fyrirsögninni: »*Instructions to Measuring Surveyors employed in the Measurement of Shipping under the Merchant shipping Act 1854*», og þær eru aptur gefnar út árið 1861. Á Englandi eru við hafðar tvær mælingaraðferðir eða reglur. Með fyrri (I.) reglunni eða aðalreglunni (*Rule I.*) geta menn nákvæmlega fundið rúmmál skipa; en þessari reglu verður eigi við komið, ef eitthvað það er í skipinu, sem sè því til verulegs tálma, að mælingin geti orðið nákvæm. Hins vegar verður síðari (II.) reglunni (*Rule II.*) við komið á öllum skipum, enda þótt þau sèu alfermd, en rúmmál það, er eptir henni kemur út, verður ónákvæmt og optast nær talsvert meira en það, sem kemur út eptir aðalreglunni.

Það eru þessar tvær mælingaraðferðir, sem *frumvarp* þetta *til laga um skipamælingar* miðar til að leiða í lög, og aðalreglurnar fyrir þessum aðferðum eru teknar fram í 6. og 7. greinum frumvarpsins. Eptir hinni fyrri reglu (í 6. gr.) geta menn með mælingu fundið innanstærð skipa að teningsmáli svo nákvæmlega, sem auðið er, og grundvallast þetta einkum á nálgunarformulu þeirri, er kennd er við *Chapmann*, og eptir henni er stærð sú, er kemur fram við mælinguna, talin hin sanna innanstærð að teningsmáli. Eptir formulu þeirri, er getið var, má finna flatarmál lárètts þver-

skurðar, en þá er við það er miðað, þá mynda breiddir skipa á þverskurðum þeim, er þær miðast við, þær jafnlínur (»*Ordinater*«), er formulan heimtar. Sömu formulu verður einnig beitt með sömu nákvæmni, er finna skal rúmstærð skipa að teningsmáli, þegar lögun rúmanna er svo óregluleg, að hinum einfaldari reikningsformulum, sem kunnar eru, eigi verður komið við. Þegar svo stendur á, verður að sameina flatarmál hinna einstöku lárèttu þverskurða við lengdaskiptin, og skal þá taka flatarmál þverskurðanna sem jafnlínur í stað breiddanna; þá kemur út skipstærðin að teningsmáli eptir formulunni. Því fleiri breiddir, sem mældar eru á hinum einstöku þverskurðum, því nákvæmar næst flatarmálið, og því fleiri einstakir þverskurðir, sem mældir eru, því nákvæmar kemur út skipstærðin að teningsmáli eptir formulunni.

Það hefir þegar verið sagt, að þessi mælingaraðferð leiðir til svo nákvæmrar niðurstöðu, sem nokkur getur óskað, en þess verður og að geta, að það er mikill kostur, að þegar þessari reglu er fylgt, er hægt að hafa umsjón með mælingum þeim, er fram hafa farið eptir henni, enda þótt skipið eigi sè við höndina. Það liggur í augum uppi, hve gagnlegt það er, að geta komið við slíkri umsjón, því á þann hátt verður komizt hjá öllum misgáningi, og þar að auki má koma í veg fyrir brögð þau, er annars væri hægt að beita við mælinguna. Á Englandi hefir það eigi þótt varhugavert að fylgja þessari varúðarreglu, og ætti það að vera næg trygging fyrir því, að hún eigi þurfi að verða siglingum til tálmunar.

Nú hefir sýnt verið, hvílíkir þeir hagsmunir eru, sem mælingaraðferðin sjálf hefir í för með sèr, að, þegar henni er beitt, verður og ákveðinn jöfnuður milli skipanna sjálfra, sem telja má einkar æskilegt, þegar haft er tillit til þeirra gjalda, sem miðast við rúmmál skipa, og áður var getið, bæði til ríkisins og einstakra manna. Enn er og annað, er mikill gaumur er gefandi, þegar meta skal kostina við þessa aðferð, og það er sú efling milliverzlunar og millisiglinga, sem að nokkru leyti mundi beinlínis fljóta af því, ef hin enska mælingaraðferð yrði leidd í lög, og að nokkru leyti kynni að leiða af því með tímanum, að minnsta kosti að því leyti, sem verzlun og siglingar eru reknar til Englands.

Svo stendur á, að á Englandi eru öll erlend skip, sem þangað koma mæld eptir II. reglu, eins og hún gildir þar, en sú regla er langtum ónákvæmari og óáreiðanlegri, en I. regla, og það einkum, þegar um þau skip er að ræða, sem nú eru tíðkanlegust,

eða hin löngu og þunnu skip, því að það, er kemur út eptir henni, verður skipunum meir eða minna í óhag, með því að eptir henni telst rúmmál skipa að öllum jafnaði 5 pCt stærra, en það reynist eptir I. reglu, og stundum getur enda staðið svo á, að það teljist 10 pCt stærra, og þá verða gjöld þau, sem miðuð eru við rúmmál skipa, að því skapi meiri að upphæð á Englandi. Í hinum svo nefnda »*Merchant Shipping Act Amendment Act 1862*», 60. gr., er nú svo á kveðið, að þegar einhver erlend stjórn hafi leitt í lög hina ensku mælingaraðferð, og farið sè að fylgja þeim lögum í því ríki, sem hlut eigi að máli, þá skuli ensku stjórninni heimilt að bjóða, að skip þess ríkis skuli talin af þeirri rúmmálsstærð (*Tonnage*«), sem greind er í skrásetningarskýrteinunum eða og öðrum þjóðernisskjölum, svo að eigi þurfi framar að mæla slík skip í ríkjum og löndum Bretakonungs, og að rúmmál það, er í þeim sè talið, skuli gilda í sömu þarfir og að sama skapi, sem rúmmál það, er talið er í hinum brezku »*Certificates of Registry*« (skrásetningarskýrteinum). Enn fremur er það víst, að mikill hagur mundi vera því samfara, að sameiginlegur lögbundinn mælikvarði væri fyrir dönsk og ensk skip, hvað farmsmálefni og verzlunarsamgöngur snertir, og að dönsk skip á þann hátt gætu komizt hjá fjárgjöldum þeim og tímamissi, er ávalt hljóta að vera mælingum samfara, og einkum þegar skip eru mæld um eptir fyrstu reglu, en slík endurmæling fer aldrei fram, að því er kunnugt er, nema þess sè beinlínis farið á leit, en þá verður auk alls annars kostnaðar að gjalda 7 *sh.* 6 *d.* (eða 3 rd. 36 sk.) fyrir mælingu hvers þverskurðar, sem mældur er.

IX. Frumvarp

til laga um að taka íslenzk skip upp á skipaskrá.

---

1. grein.

Til þess að skip geti öðlazt rètt á að hafa danskt flagg, verður eigandi þess að hafa rèttindi innborinna danskra manna og ekki hafa bólfestu fyrir utan lönd Danaveldis, eða eigandinn eða eigendurnir verða að vera orðnir danskir þegnar, með því að vera orðnir heimilisfastir á Íslandi. Sè skipið eign hlutafèlags, þá á fèlagið að vera undir íslenzkum lögum, og stjórn þess hafa aðsetur sitt í landinu og fèlagsmenn að fullnægja skilmálum þeim, sem settir eru hèr að framan.

2. grein.

Um öll skip, sem eiga heima á Íslandi, og heimilt er að hafa danskt flagg, og eiga að vera mæld samkvæmt lögunum um skipamælingar, skal höfð skipaskrá.

Um skrásetning skipsins á skipaskrána skal gefið út skjal, þjóðernis- og skrásetningar-skýrteini, og skal það, meðan það er í gildi ásamt merkjum þeim, sem sett eru á skipið (3. grein) vera til sönnunar og vera fullkomin sönnun um þjóðerni skipsins og hvert það er, hve nær sem þess er spurt.

Auk aðalskjals þessa þarf sèrhvert skrásett skip, bæði á friðar og ófriðar tímum að eins að hafa farmskjöl þau, sem með þarf, og skilríki þau, sem fyrir er mælt um, hve nær sem er, um skipshafnir og tollheimtu.

Skip, sem að eins eru 20 enskar lestir (tons) á stærð og þaðan af minni og einasta eru höfð til vöruflutninga hafna á milli á Íslandi, eru undan þegin ákvörðununum hèr að framan um skrásetn-

ingar- og þjóðernis-skýrteini; skulu þau sett á skrá sèr og að eins fá mælingarskýrteini, og ákveður stjórnin, hvernig það skuli vera. Sè þess farið á leit, má samt skrásetja skip þessi algjörlega og láta þau fá þjóðernis-skýrteini, og eru þau þá undirgefin ákvörðunum í lögum þessum.

Ekkert íslenzkt kaupfar, sem ekki er stjórnarskip, má hèr eptir hafa neitt annað flagg fyrir þjóðernisflagg en hið almennilega danska verzlunarflagg, en það er kaupferðaflagg það, sem skipað er fyrir um í tilskipun 11. d. júlímán. 1748, 1. grein.

3. grein.

Á öllum skipum, sem eru skrásett samkvæmt 2. grein, skal ávallt vera markað þjóðernis-merkið »D. E.» (þ. e. dönsk eign), talan, sem merkir rúmmál þess, og skrásetningarstafarnir á þiljubitann í aptari röndinni á stórlúkunni, eða ef því verður ekki komið við, þá einhverstaðar annarstaðar, þar sem hægt er að koma auga á það og vel fer á því.

Þegar merki þessi sjást ekki lengur, verður skip það, sem í hlut á, ekki viðurkennt sem skrásett danskt skip.

4. grein.

Skrásetning skipa er undir stjórn og umsjón yfirvalds þess, sem konungur skipar til þess, og á Íslandi skal hún fyrst um sinn að eins fram fara á þeim 6 verzlunarstöðum, sem nefndir eru í 2. grein í lögum 15. d. aprílmán. 1854 um siglingar og verzlun á Íslandi, hjá lögreglustjóra þeim, sem í hlut á. Stjórnin ákveður stærð skrásetningarumdæmis þess, sem þannig verður lagt undir hvern verzlunarstað.

Á aðalskrá skrásetningarstofunnar í Kaupmannahöfn yfir skip þau, sem skrásett eru í ríkinu, má einnig rita skip, sem skrásett eru á Íslandi, og skulu þjóðernis- og skrásetningar-skýrteini þau, sem um er rætt í annari grein, gefin út á þeirri skrifstofu.

5. grein.

Skipin í hverju umdæmi um sig, skulu sett á skrárnar á hverj-

um stað um sig og tala við hvert skip í röð eptir því, hve nær þau koma á skrána.

Sérhver skipseigandi á rjett á að fá skip sitt skrásett í hverju umdæmi, sem hann vill, og skal það umdæmi álitið heimili skipsins. Ekki má rita á íslenzku skipaskrárnar skip þeirra dönsku þegna, sem eru heimilisfastir annarstaðar en á Íslandi.

Skrárnar skulu ritaðar í bækur, sem eru löggiltar til þess, og allt af skulu vera kyrrar á skrifstofu þeirri, sem í hlut á.

6. grein.

Stöfum þeim, sem skipið fær á aðalskránni, sem nefnd er í 4. grein og haldin er í Kaupmannahöfn, má ekki breyta, meðan skrásetningin er gild, og verða þeir skrásetningarstafir skipsins, sem eiga að vera markaðir á það.

7. grein.

Skrásetningar-bækurnar eiga að skýra frá í sérstökum dálkum:

1, skrásetningarstöfum skipsins, nafni þess, hvar það eigi heima og hvar það sé smíðað;
2. hvers konar skip það sé, og skal nákvæmar lýst lögun þess og aðalmáli þess á alla vegu;
3, rúmmáli skipsins og skal tilgreint, með hverri aðferð það er reiknað út;
4, nafni, stöðu og heimild eiganda þess eða þeirra, sem skrásettir eru.

Séu fleiri en einn eigandi skrásettir, skal einnig tilgreint, hversu mikinn hlut hver eigi í skipinu.

Sé skipið hlutafélags eign, skal bóka nafn félagsins, aðalsetu stjórnar þess og nafn útgjörðarmanns þess eða þeirra, sem hafa stjórn þess á hendi.

Um hvert skip skal tilgreina ár og dag, er það var fært inn í skrásetningarbókina.

8. grein.

Þegar skrásett skip er strikað út úr skrásetningarbókinni, á að bóka í hana orsökina til þess, og hvar og hvenær skilríki þau séu staðsett og dagsett, sem eru því til sönnunar, að skipið sé ekki lengur til, eða að það hafi misst rètt á að vera álitið danskt

skip, eða að það sè komið undir annað skrásetningarumdæmi. (16., 17. og 19. grein).

9. grein.

Eigandinn eða umboðsmaður hans skal segja skriflega til hvers skips, sem á að skrásetja, til skrásetningarskrifstofunnar í umdæmi því, sem skipið á heima, eða sè það þá, þegar á að skrásetja það, utan umdæmisins, þá til skrifstofu þeirrar, er skipið er í umdæmi hennar.

Þegar sagt er til skipsins, skulu þessi skilríki fylgja með:

1, skipasmíðisskýrteinið og, ef skipið ekki er smíðað í hinu danska ríki, kaupbrjefið eða annað skjal, sem er því til sönnunar að skipið sè komið úr eign útlends manns í eign dansks manns, og kvittun um, að aðkaupsgjaldið sè borgað. Skjöl þessi skulu lögð fram í frumriti og í eptirriti, og verður eptirritið kyrrt í skjalasafni skrásetningarstofunnar;

2. skjal frá eiganda eða eigendum skipsins, er upplýsingar þær fylgja, sem með þarf, og þar sem þeir upp á æru og trú lýsa því yfir, að þeir sèu þess konar menn, sem heimilt sè að eiga danskt skip, samkvæmt 1. grein, eða ef skipið er eign hlutafèlags, þá skrifleg yfirlýsing einnig upp á æru og trú frá stjórn fèlagsins um, að skilmálunum, sem settir eru í 1. grein fyrir því að eiga danskt skip, sè fullnægt. Í yfirlýsingum þessum skal einnig vera heitorð um, að þjóðernis- og skrásetningar-skýrteinið skuli ekki verða vanbrúkað til þess að útvega öðru skipi eða sama skipi í eigu útlendra þegna sömu kjör og dönsku skipi.

Undir yfirlýsingu þessa á sá, sem í hlut á, annaðhvort að rita nafn í viðurvist hlutaðeiganda skrásetningar-embættismanns eða að sjá um, að hún sè staðfest af nótaríus.

Verði ágreiningur um, hvort þeim, sem til skipsins segir, sè heimilt að eiga danskt skip, þá verður hann að sanna það með skýrteini frá yfirvaldinu þar, sem hann á heima.

Þegar sèrstaklega stendur á, getur stjórnin vægt til um skilríki þau, sem hèr eru heimtuð, ef að komið verður fram með upplýsingar þær, sem með þarf, á annan hátt, svo að nægir.

10. grein.

Þegar búið er á skrásetningar-skrifstofu þeirri, sem í hlut á, að rita það, sem með þarf, um skrásetninguna og um mælinguna í skjal, sem gjört er þar um, skal senda það (með fylgiskjölum) þegar í stað til stiptamtmannnsins, og þegar hann ekki hefir neitt fram að færa á móti því, að skipið sè viðurkennt sem danskt, gefur hann út handa því bráðabyrgða þjóðernis-skýrteini, er samið sje eptir formála, sem stjórnin nákvæmar til tekur; sendir hann skrásetningarskrifstofunni það til þess, að hún skili því til skipsins, og ber henni um leið að sjá um, að markað sè á skipið þjóðernismerkið »D E«, rúmmálið og skrásetningarstafir þeir, sem stiptamtmaðurinn hefir tekið til. Skýrslu þá, sem stiptamtmaður hefir fengið frá skrásetningarskrifstofunni um gjörðina með fylgiskjölum, skal hann senda hlutaðeiganda stjórnarráði, til þess henni verði komið á aðalskrásetningarskrifstofuna í Kaupmannahöfn. Skal þar yfirskoða mælinguna og rannsaka skilríki þau, sem send hafa verið, og má, ef þess þykir þörf, krefjast þess, að skipið sje mælt um að öllu eða nokkru leyti, og að upplýsingar þær, sem komnar eru fram, sèu gjörðar fullkomnari eða ítarlegar sannaðar. Þegar öll þessi skilríki eru fengin, skal skipið sett í aðalskrána samkvæmt þeim.

11. grein.

Þegar skrásetningin er búin, gefur aðalskrásetningarskrifstofan út þjóðernis- og skrásetningar-skýrteini fyrir fullt og allt; skal það lagað eptir formála þeim, sem er aptan við lög þessi, og mælingarskýrteinið vera ritað í það, og hafa allar þær upplýsingar inni að halda, sem tilgreindar eru í skránni samkvæmt 9. grein. Skýrteinið skal (ásamt skilríkjum þeim, sem send hafa verið) sent amtmanni aptur hið bráðasta, til þess að hann þegar í stað sendi það til skrásetningarskrifstofu þeirrar, sem í hlut á, og skal þar síðan bóka það, sem með þarf, í skrárnar á hverjum stað um sig (5. grein) og leiðrètta þau missmíði, sem kunna að vera á mælingunni o. fl., og skal hlutaðeiganda skipi síðan skilað skýrteininu móti því, að það skili aptur bráðabyrgðaskýrteininu. Hið síðarnefnda skýrteinið skal sent stiptamtmanni ásamt með skýrslu um, að búið sè að láta hið fullgilda skýrteini úti.

Sè skip það, sem í hlut á, þegar skrásetningin á að fara fram ekki í umdæmi því, þar sem beðið er um, að það sè skrásett, skal

skrásetningarskrifstofa sú, sem þjóðernis- og skrásetningar-skýrteinið afhendir, senda skrifstofunni í því umdæmi, er skipið á að eiga heima, skilríki þau og aðrar upplýsingar, sem með þarf samkvæmt 9. grein, til þess að skipið geti komizt á skrána í hinu síðarnefnda umdæminu.

12. grein.

Skýrteinið skal ávallt fylgja skipinu, og sýnt, nær sem danskt yfirvald heimtar það, hvort sem hann er borgaralegt yfirvald eða hermaður eða danskur verzlunarfulltrúi.

Það er bannað, að neitt sje ritað á skýrteinið eða neinu breytt í því, nema það sè gjört af stiptamtmanninum eða á einhverri skrásetningarskrifstofu eða af verzlunarfulltrúa, og getur það varðað hegningu, ef út af þessu er brugðið, eptir atvikum jafnvel eins og fyrir fals.

13. grein.

Skip, sem smíðað er erlendis á kostnað íslenzks manns, eða er komið í »danska eigu«, getur ekki orðið skrásett, fyrr en það er komið í danskt skrásetningarumdæmi.

Þó skal dönsku verzlunarfulltrúunum, þegar þannig stendur á, vera heimilt, þegar búið er að fá þeim skilríki þau, sem um er rætt í 9. greinar 1. og 2. tölulið, að gefa út þjóðernis-skýrteini til bráðabyrgða, og skal það hafa sama gildi og fullkomið þjóðernis-skýrteini, þangað til skipið verður skrásett á lögboðinn hátt.

Þjóðernis-skýrteinið til bráðabyrgða skal hafa þessar upplýsingar inni að halda:

1, nafn skipsins, og hvers konar skip það sè,
2, hve nær og hvar skipið sè keypt, og nafn hins íslenzka eða hinna íslenzku eiganda þess samkvæmt kaupbrjefinu eða öðru heimildarskjali;
3, nafn skipstjóra;
4, eins nákvæmar upplýsingar, og fengizt geta eptir atvikum, um rúmmál þess, lögun og lýsingu á því;
5, hversu lengi skýrteinið sè gilt.

Undir eins og verzlunarfulltrúi sá, sem í hlut á, er búinn að láta úti slíkt þjóðernis-skýrteini til bráðabyrgða, sendir hann eptirrit af því til hlutaðeiganda stjórnarráðs.

Slíkt bráðabyrgða þjóðernis-skýrteini er samt ekki lengur gilt, en þangað til skipið í fyrsta sinni kemur inn á danska höfn, — því þá á að skila því á skrásetningarskrifstofunni þar, — og aldrei lengur en í 2 ár, frá því að það er gefið út, ef að stjórnin veitir ekki sèrstaklega leyfi til þess.

Skipstjórinn á skrásettu íslenzku skipi, sem smíðað er upp aptur erlendis, getur krafizt af næsta verzlunarfulltrúa, að hann láti sig fá skýrteini, er veiti sèr heimild til að nota þjóðernis- og skrásetningar-skýrteini sitt eptir sem áður, þangað til hann kemur inn á danska höfn, þar sem má rannsaka, hvort skipinu sè breytt svo mjög, að gefa þurfi út nýtt þjóðernis- og skrásetningar-skýrteini. Ekki getur slíkt skýrteini samt verið lengur gilt en í 2 ár frá því, að það er gefið út, nema stjórnin veiti leyfi til þess sèrstaklega.

14. grein.

Á sèrhverju skrásettu skipi á nafn þess og heimili að vera ritað aptan til á því, þar sem hægt er að koma auga á það; skal það vera ritað með greinilegu letri ljósleitu með dökkum undirlit eða hins veginn.

Ekki er leyfilegt að leyna nafni skipsins nè heimilis þess eða nema það burtu, nema í ófriði, til þess að forðast, að fjandmennirnir taki það.

Ekkert skip má nefna öðru nafni, en því sem það er skrásett með.

Ekki má breyta nafninu á skrásettu skipi, nema eigandaskipti verði, og skal samþykki stjórnarinnar þá koma til. Sè nafninu breytt, skal gefa út nýtt þjóðernis- og skrásetningar-skýrteini; skrásetningarstafarnir haldast óbreyttir.

15. grein.

Sè þess farið á leit við stjórnina, má í staðinn fyrir áður út gefið þjóðernis- og skrásetningar-skýrteini láta koma nýtt skýrteini samhljóða, og skal þá skila hinu fyrra skýrteininu aptur.

Hafi þjóðernis- og skrásetningar-skýrteini skrásetts skips glatazt, má láta úti nýtt skýrteini, ef þess sömuleiðis er farið á leit við stjórnina.

Í öllum þeim tilfellum, er nýtt skýrteini er gefið út, án þess

að skipið um leið sè mælt um, þarf beiðandinn, sem í hlut á, ekki að gjalda annað en mótunargjaldið.

Týnist þjóðernis- og skrásetningar-skýrteinið erlendis, getur næsti verzlunarfulltrúi gefið út þjóðernis- skýrteini til bráðabyrgða (13. grein), og skal þess getið með berum orðum, hverra orsaka vegna það sè gefið út. Þegar svo er, á sá, sem biður um skýrteinið, að láta uppi vottorð um, hvernig það atvikaðist, að skýrteinið týndist.

16. grein.

Þegar skrásett skip ferst, er höggvið upp eða ónýtt á annan hátt, á sá, sem átti skipið, þegar í stað að skýra skrásetningarskrifstofu þeirri, sem í hlut á, skriflega frá því, til þess að skipið verði strikað út úr skipaskránni, og á hann einnig að skila þjóðernis- og skrásetningar-skýrteininu aptur, eða færa sönnur á, að því verði ekki skilað aptur.

Hafi skipið farizt erlendis, skal dönskum verzlunarfulltrúa skýrt frá því, eins og nú var sagt, og á sömuleiðis að skila honum skýrteininu.

Verzlunarfulltrúinn á síðan að senda hlutaðeiganda stjórnarráði skilríki þessi ásamt nákvæmari skýrslu um skiptapann.

17. grein.

Þegar manni, sem ekki fullnægir skilmálunum í 1. grein, er selt skip eða partur úr skipi, og skipið fyrir þá sök missir rètt sinn til að vera álitið danskt og hafa danskt flagg, á sá, sem átti skipið þegar í stað að skýra skrásetningarskrifstofunni í umdæmi því, þar sem skipið er, skriflega frá þessu, til þess að sèð verði um, að markið »D. E«. verði höggvið burt. Sömuleiðis ber honum, áður en 4 vikur eru liðnar, frá því að hann fèkk að vita, að salan væri fullkomnuð, að skýra skrásetningarskrifstofu þeirri, þar sem skipið er skrásett, frá því og skila henni aptur skýrteininu.

Hafi salan farið fram erlendis, skal þegar í stað skýra danska verzlunarfulltrúanum frá henni og skila honum skýrteininu og hinum öðrum skjölum skipsins, og á verzlunarfulltrúinn að sjá um, að markið »D. E«. sè höggvið burt, og senda hlutaðeiganda stjórnarráði skilríki þau, sem hann þannig hefir fengið í hendur. Þar sem enginn danskur verzlunarfulltrúi er, verður sá, sem átti skipið eða stýrði því, að útvega sönnun staðfesta af nótaríusi um

söluna, og um að búið sè að höggva markið »D. E«. burtu, og senda amtmanninum skilríki þessi ásamt með skýrteininu, til þess að hann leiðbeini þeim til aðalskrásetningarskrifstofunnar í Kaupmannahöfn.

Þegar skrásett skip eða partur í því verður eign útlends manns, annaðhvort við sölu opinberlega eða að arfi, á rèttari sá, sem hefir látið söluna fara fram eða skipt búinu, eða ef það verður erlendis, þá næsti verzlunarfulltrúi að sjá um það, sem með þarf.

Þessar ákvarðanir eiga einnig við um þau tilfelli, er skip, sem heima á á Íslandi, verður dæmt upptækt erlendis, af því það sè óhaffært.

18. grein.

Verði nokkur breyting um eignarrèttindin yfir skipinu, en sem þó *ekki* snertir rètt þess að hafa danskt flagg, og eins verði breytingar á nokkru af atvikum þeim, sem skrásett eru samkvæmt 7. grein, þá ber eigandanum, og sè annar orðinn eigandi, þá nýja eigandanum, áður en 4 vikur eru liðnar frá því að breyting þessi varð, að skýra hlutaðeigandi skrásetningarskrifstofu frá því, og þurfi nokkrar sannanir fyrir þessu, samkvæmt 9. grein, þá koma fram með þau skilríki, til þess að skráin verði leiðrètt eptir því.

Þó að eigandaskipti verði eða skipstjóraskipti, þá þarf ekki fyrir þá sök að gefa út nýtt þjóðernis-skýrteini, nema þess sè farið á leit, en þess skal að eins getið í skýrteininu.

Verði slíkar breytingar erlendis, skal næsti verzlunarfulltrúi rita á skýrteinið það, sem með þarf þar um, og verði eigandaskipti, senda skýrslu um þau.

Sè þar á móti nokkru skrásettu skipi breytt svo, að það svari ekki lengur til þess, sem stendur í þjóðernis- og skrásetningar-skýrteininu um, hvers konar skip það sje, um rúmmál þess eða um lýsingu þess að öðru leyti, þá skal annaðhvort ritað á skýrteinið um breytingu þessa á skrásetningarskrifstofu þeirri, sem á í hlut, eða sjá um, ef það þykir hentara, að það sè skrásett að nýju og fái nýtt skýrteini.

Verði slíkar breytingar erlendis, skal næsti verzlunarfulltrúi rita á skýrteinið það, sem með þarf, og senda skýrslu um það (smbr. 13. grein).

Sèrhver skrásetningarskrifstofa á Íslandi skal tafarlaust senda

stiptamtmanni, til þess hann komi henni á aðalskrásetningarskrifstofuna í Kaupmannahöfn, skýrslu um hverja þá breytingu, sem nefnd er hèr að framan, og orðið hefir um skip þau, er eiga heima í skrásetningarumdæminu.

19. grein.

Vilji maður flytja skrásett skip úr einu skrásetningarumdæmi yfir í annað, þá má gjöra það, ef að eigandinn eða eigendurnir beiðast þess skriflega á skrásetningarskrifstofunni, sem skipið var skrásett á.

Þegar svo er, skal skila þjóðernis- og skrásetningar-skýrteininu, sem fyrr hefir verið gefið út, á skrásetningarskrifstofunni á hinu fyrra eða hinu nýja heimili skipsins, undir eins og orðið getur, til þess að nýtt skýrteini verði gefið út.

20. grein.

Sè þess farið á leit, má á hverri skrásetningarskrifstofu fá útdrátt af skrásetningarbókinni, ef goldinn er 1 rd. fyrir hvert skip, sem beiðzt er upplýsinga um.

Sömuleiðis má frá aðalskrásetningarstofunni í Kaupmannahöfn með sömu skilmálum fá eptirrit af þjóðernis- og skrásetningarskýrteini, sem áður hefir verið út gefið; skal embættismaður sá, sem í hlut á, rita á þau vottorð um það, að þau sè samhljóða frumritinu og skýra frá tilefninu til þess, að eptirritið var gjört.

21. grein.

Ef að eigandinn sèrstaklegra orsaka vegna æskir þess, að íslenzkt skip megi áður en það er skrásett, fara úr einni íslenzkri höfn á aðra (íslenzka höfn), þá getur hlutaðeigandi háyfirvald, ef þess er farið á leit, leyft það með því að gefa út passa, sem hefir sama gildi innan tèðra takmarka eins og þjóðernis- og skrásetningar-skýrteini.

22. grein.

Sèrhver athöfn, sem lýtur að því að svíkja út skrásetning á skipi, sem skilmálarnir, er nauðsynlegir eru eptir lögum þessum

til þess að mega hafa danskt flagg, ekki eiga sèr stað um, varðar allt að 2 rd. fèsekt fyrir hvern ton af rúmmáli skipsins, ef að slík athöfn ekki er svo vaxin, að önnur og þyngri refsing liggi við henni.

23. grein.

Ef að það sannast, þegar búið er að gefa út og skila þjóðernis- og skrásetningar-skýrteini, að það hefir verið svikið út handa skipi, sem ekki hefir rètt á því, þá skal goldin allt að 5 rd. fjársekt fyrir hvern ton af rúmmáli skipsins, auk hegningarinnar fyrir verk þau, sem kunna að hafa verið unnin til þess að koma þessu fram og saknæm eru eptir hegningarlögunum.

Því skal lýst yfir með opinberri auglýsingu, að skýrteinið sè ógilt, og skal það gjört upptækt, undir eins og verður.

24. grein.

Láti maður fyrir farast að skýra frá breytingum á skipi, er svipta það rètti til að hafa danskt flagg, þá varðar það fèsekt allt að 50 rd. Láti maður fyrir farast að skýra frá þessu og það er gjört í því skyni að nota sèr þjóðernis- og skrásetningarskýrteini, sem skipið ekki á rètt á að hafa, þá varðar það fèsekt allt að 5 rd. fyrir hvern ton af rúmmáli skipsins.

25. grein.

Láti maður fyrir farast að skila aptur þjóðernis- og skrásetningar-skýrteini, eptir því sem fyrir er mælt í 16. og 17. grein, án þess að komið verði með neina gilda ástæðu fyrir því, og eins ef ekki er sèð um, að markið »D. E«. sè höggvið burtu, eins og fyrir skipað er á sama stað, þá varðar það allt að 2 rd. fèsekt af hverjum ton af rúmmáli skipsins.

Skal því þá lýst yfir með opinberri auglýsingu, að skýrteinið — ef skipið er enn til — sè ógilt.

26. grein.

Eins og það er amtmaður, sem til tekur upphæð fèsektarinnar fyrir yfirsjónir þær, sem nefndar eru í 22.—25. grein innan takmarka þeirra, sem þar eru sett, eins getur amtmaður einnig

dæmt á hendur mönnum fèsekt allt að 20 rd. fyrir brot á ákvörðununum í lögum þessum, sem ekki er sèrstaklega lögð nein hegning við, sem og fyrir brot á móti reglum umboðslegs efnis, sem gefnar eru út og auglýstar opinberlega samkvæmt lögunum og í samhljóðun við þau.

27. grein.

Fyrir fèsektum þessum er eigandinn og, sèu þeir fleiri en einn, eigendurnir allir, sem á skrána eru ritaðir, í ábyrgð, eins og væru þeir allir einn maður. Að því er snertir hlutafèlög, eru allir þeir, sem eru í stjórn fèlagsins í ábyrgð fyrir fèsektunum.

28. grein.

Ef að nokkur, sem krafizt er af fèsektar, samkvæmt lögum þessum, fer þess á leit, að dómstólarnir dæmi um breytni sína, þá skal amtmaður hlutast um, að farið verði með málið sem almennt lögreglumál, og á dómstóllinn þá að skera úr, hvort hlutaðeigandi sè sekur, og hverja hegningu hann eigi að þola, ef svo er. Þar að auki er það amtmaður sem ákveður, hvort að málinu skuli skotið til æðra dóms af hálfu hins opinbera.

Fèsektirnar renna í ríkissjóðinn.

29. grein.

Reglugjörðir þær, sem þurfa til að fylgja lögum þessum fram, gefa embættismenn þeir út, sem nefndir eru í 4. grein.

30. grein.

Lög þessi öðlast lagagildi 1. aprílmán. 1868, og skal ávallt eitt exemplar af þeim látið úti með hverju skýrteini, sem veitt er nokkru íslenzku skipi.

ÁKVÖRÐUN UM STUNDARSAKIR.

31. grein.

Skip þau, sem eiga heima á Íslandi, og eru þegar dönsk eign, þá er lög þessi öðlast lagagildi, og vegna þessa hafa á sèr þjóðernismerkið, sem hingað til hefir verið, og standa á skipaskrám

þeim, sem verið hafa hingað til, en gildi mælingarbrèfa þeirra er á enda samkvæmt ákvörðunum þeim, sem áður hafa gilt um það, *skulu* skrásett o. s. frv. samkvæmt ákvörðununum í lögum þessum.

Skip, sem hafa mælingarbrèf, er enn eru gild og gefin eru út samkvæmt reglum þeim, sem gilt hafa hingað til, *má,* ef þess er farið á leit skriflega við einhverja skrásetningarstofu, mæla um og skrásetja síðan eptir ákvörðunum laga þessara, og skal þá um leið skila hinu fyrra mælingarbrèfi aptur.

DANSKT ÞJÓÐERNIS- OG SKRÁSETNINGAR - SKÝRTEINI.

Skjaldarmerki Danakonungs.

Samkvæmt lögum þeim, sem gilda um það efni, er skrásett, að
eigi heima í og mælt og reiknað að rúmmáli
tons; er það ásamt merkinu »**D. E.**« (þ. e. **dönsk eign**) og skrásetningarstöfunum höggvið á
, og á ofannefnt skip rètt á að
vera aðnjótandi verndar þeirrar og hagsmuna, sem dönskum skipum ber.

Því til sönnunar er þetta skýrteini gefið út.

Á hinni konunglegu aðal-skrifstofu fyrir skrásetningu og mælingu skipa í
Kaupmannahöfn dag mán. átján hundruð

forstjóri

Látið úti frá skrásetningarskrifstofunni í dag mán. 18

MÆLINGARBRÈF.

Skrásetningar- og kenningarveifu-stafir	Skrásetningin dagsett . . . . .
Umdæmistala	

Nafn skipsins og tegund.	*Hvar og hvenær smíðað. Nafn og heimili yfir-smiðsins.*	*Heimili skipsins og skrásetningarumdæmi.*	*Um gufuskip:* Tala vèlanna og hesta-afl. Nafn og heimili vèlasmiðsins.

Tala þilfarana	Lýsing skipsins að framan . .
Tala siglutrjánna	Smíðað á af . . . . .
Lögun skipsins að aptan . . .	Innri súðin . . . . .

Aðalmálin.

	Fet.	Tugabrot.
Lengd á þilfarinu (efsta) frá innri súðinni öðrumegin við stafninn aptur að skutsúðinni		
Breidd miðskipa milli innviða . . .		
Dýpt[1] í rúminu miðskipa frá (efsta) þilfars neðra fleti til innri súðarinnar		

Rúmmál

eptir hinni fullkomnu mælingaraðferð (I. reglu) [eða: eptir bráðabyrgða mælingaraðferðinni (II. reglu)].

	Teningsfet.	Tons.
Rúmið undir þilfarinu		
Sèrstök rúm á þilfarinu, sem sè:		
Aðal-rúmmál skipsins		

Fyrir mælinguna o. s. frv. eru borgaðir sk. fyrir hvern ton, alls ..... rd. sk. Fyrir lögboðinn mótaðan pappír er borgað: fyrir mælingarbrèfið ..... rd. sk. fyrir hinsvegar ritað skyrteini — — = — —	*Um gufuskip*: vèlarúm (lengd þess =) Önnur rúm...
dag mán. 18	Rúmmál sem gufuskip .....
Nafn, staða og heimkynni *eigandans,* og hvenær og hvar heimildarskjalið sè dagsett og staðsett.	Nafn og heimili *skipstjóra,* og hvenær og hvar skipstjóra-skýrteinið sè dagsett og staðsett.

Þjóðernis- og skrásetningar-skýrteini verður ekki haft sem heimildarskjal í viðskiptum manna á milli.

1) Um skip mæld eptir bráðabyrgða aðferðinni skal setja:
Dýpt frá (efsta) þilfars efra fleti niður að ytri súðinni í botninum.

ATHUGASEMDIR
við frumvarp til laga um að taka íslenzk skip upp á skipaskrá.

Hingað til hefir aldrei verið kveðið á um það í löggjöfinni með sèrstaklegum almennum ákvörðunum, hvað til þess skuli þurfa, að skip verði talin dönsk (eða íslenzk), eða hver skilríki slík skip þurfi að hafa til sönnunar þjóðerni sínu. Það, sem farið er eptir í þeim efnum, verður að draga saman úr ýmsum laga-ákvörðunum, sem út hafa komið og einkum hafa haft tillit til þess, er ófrið ber að höndum eða þá til annara sèrstaklegra atvika, og verður að vera miðað við þær grundvallarreglur, er lýsa sèr í þeim, en þó hafa þessar laga-ákvarðanir margar hverjar misst lagagildi. Eptir þeim reglum er hvert það skip talið danskt, er danska stjórnin á eða danskir þegnar eingöngu, en hvað það snertir, þá er engin sú ákvörðun í löggjöfinni, er gefi tilefni til að gjöra greinarmun á því, hvort eigendurnir sèu einkamenn eða fèlög, eða þá skipi nokkuð fyrir um hinar einstöku tegundir þeirra. Skjöl þau, sem venjulegast eru notuð til þess að sanna slík eignarrèttindi, er þess þarf, eru þessi: 1) *skipsmiðarskýrsla* (*Bülbrev*) eða *sjóbrèf*, 2) *aðgjörðarskýrsla* (*Reconstructionsbrev*), 3) *kaupbrèf* eða og annað heimildarskjal. Með því nú svo er ákveðið, að skip skuli hafa *mælingarbrèf* og vera brennimerkt með stöfunum »*D. E.*« (ɔ: dönsk eign), þá er með því, ásamt skjölum þeim, er áður var getið, almennt leitazt við að sanna, að skip sèu dönsk, og enn fremur geta *borgarabrèf skipstjóra*, *skipshafnarlistar* og *tollgreiðsluskýrteini* talizt sem sönnunarskilríki. Öll þessi skjöl verða því að fylgja skipum auk farmskráa og annara skilríkja, er þar að lúta.

Það má telja það fremur óhappalegt, að löggjöfin hefir enn eigi komið neinu föstu skipulagi á um eins mikilsvarðandi málefni, og þetta er, og það er auðsætt, að það getur næsta hæglega að borið, að það verði þegnum Danakonungs til allmikils ógreiða, að því er siglingar þeirra og kaupskap snertir, að skortur sè á fast ákveðnum reglum fyrir því, hvenær skip skuli telja dönsk, og eins það, að skortur sè á löglegum skjölum, er geti því til skýlausrar sönnunar, að skip sèu dönsk eign, og hafi því heimild til að hafa danskt flagg, og sèu njótandi þeirra hagsmuna eða rèttinda, sem þeirri heimild eru samfara og af henni leiða. Einkum gætir slíks ógreiða, sem af þessum skorti getur flotið, þegar styrjöld er og Danmörk er hlutlaus. Til þess að reyna að ráða bætur á van-

kvæðum þessum, hefir það verið boðið á ýmsum tímum, að skip skyldu fá sèr leiðarbrèf, en það var hvorttveggja, að slík leiðarbrèf geta eigi verið næg trygging fyrir því, að danskir þegnar eigi verði fyrir tjóni, hvað siglingar snertir, enda hefir það opt og einatt verið miklum erfiðleikum bundið fyrir útgjörðarmenn skipa að útvega sèr slík leiðarbrèf. Enn fremur er tilhögun sú, er nú á sèr stað í þessu efni, næsta óhagfelld, þó að friðartímar sèu, og það enda þótt eigi sè tekið tillit til þess, að, eins og nú stendur á, er þess krafizt, að þau skjöl fylgi skipum, sem mjög er ósanngjarnt að heimta, að útgjörðamenn þeirra selji af höndum, það er að segja, heimildarskjölin. Enn má geta þess, þótt svo sè nú orðið með samningum, að skip flestra þjóða mæti hinni sömu meðferð á erlendum höfnum, sem þau skip, sem þar eru innlend, að það mun þó engu að síður vera mikilsvert fyrir danska skipstjóra, að hafa á reiðum höndum og geta lagt fram fullgildar og skýlausar röksemdir fyrir þjóðerni skipa.

Af þeim ástæðum, er nú hafa verið teknar fram, má telja það einkar æskilegt, að breyta hinu óhagkvæma fyrirkomulagi, sem nú er á þessu. Þá er fyrst að gefa ákveðnar reglur fyrir því, hvað til þess skuli þurfa, að skip skuli talin dönsk, og síðan að skipa svo fyrir, að þess verði eigi krafizt, að fleiri þess konar skilríki fylgi skipum, en allra minnst má verða, og sèu þau þó talin lögmæt dönsk eign í öðrum löndum, og enn að kveða nákvæmlega á um, hver þau skjöl skuli vera, og sjá um, að þau sèu sem einföldust og ljósust, og þess verður enn að gæta, að jafnframt og útgjörðarmönnum skipa verður gjört að skyldu, að útvega sèr þvílík skjöl, þá verði þeim og gjört sem hægast fyrir, að auðið er, að útvega sèr þau.

Það sem nú hefir verið frá skýrt, er það, sem einkum hefir vakað fyrir, þegar *frumvarp* þetta *til laga um að taka íslenzk skip upp á skipaskrá* var samið, en það er að mestu leyti sniðið eptir lagafrumvarpi, er í vetur, sem leið, var lagt fyrir ríkisþingið í Danmörku, og sem nú er orðið að lögum fyrir Danmörku, og eru þau lög dagsett 13. marz þ. á. Til þess greiðara geti gengið að fá þær þjóðir, er mestan skipastól eiga, til þess að viðurkenna þetta fyrirkomulag, þá þótti það ráð snjallast, að laga það, að því er við gat átt, eptir þeim reglum, sem gilda í löndum þeirra þjóða um það efni, og í þessu frumvarpi er einkum tekin til fyrirmyndar tilhögun sú, er nú er á Bretlandi hinu mikla og í Noregi.

BRÈF
stiptsyfirvaldanna um prentun alþingistíðindanna.

—

Eptir að vèr höfum leitað álits forstöðumannsins yfir stiptsprentsmiðjunni um efni þóknanlegs brèfs herra alþingisforsetans frá í gær, látum vèr eigi dragast að svara þessu brèfi yðar á þá leið, að vèr áskiljum prentsmiðjunni fyrir prentun sjálfra þingtíðindanna 12 rd. pr. ark, en það annað, er þingið þarf að láta prenta, borgist eptir reikningi forstöðumannsins. Pappírinn þar á móti viljum vèr að þessu sinni selja fyrir 38 rd. 48 sk. ballann af Median nr. 1, og 28 sk. hverja bók af þeim pappír, er til prófarka verður hafður. Það viljum vèr að endingu áskilja, að prentsmiðjunni verði borguð sú vinna og pappír sem hún hefir af hendi leyst og látið úti, þegar þess verður óskað fyrir hennar hönd.

Íslands stiptamt og skrifstofa byskups. Reykjavík 3. dag júlí 1867.

Hilmar Finsen. *P. Pètursson.*

Til
forseta á alþingi 1867.

BÆNARSKRÁ
úr Suður-Þingeyjarsýslu um þjóðfund o. s. frv. (vísað til nefndarinnar í stjórnarlagamálinu).

—

Það er alkunnugt, að um langa tíma hafði verið ótakmörkuð einvaldsstjórn í ríki Danakonungs, til þess er Friðrik konungur hinn sjöundi gaf þegnum sínum stjórnarbót, á fyrsta ári ríkisstjórnar sinnar, árið 1848. Var það tilætlun þessa góða konungs, að allir þegnarnir skyldu verða jafnt hluttakandi í frelsi því og rèttindum, er hann þannig afsalaði sèr þeim í hendur. Það er og alkunnugt, að hann lagði frumvarp til laga um hið nýja stjórnarfyrirkomulag, eigi fyrir hin rèttlágu ráðgjafarþing, er þá voru í ríki hans, heldur lèt hann þegnana kjósa fulltrúa á almennan þjóðfund með fullkomnu löggjafarþingsvaldi, til að semja grundvallarlög ríkisins, er hann síðan staðfesti. En með því svo bráðlega var undið að þessu, bannaði fjarlægð Íslands, að hèr yrðu kosnir fulltrúar til þessa ríkisþings, eins og konungurinn hafði þó tilætl-

azt, svo hann nefndi sjálfur til fundarins fáeina Íslendinga, til að gæta rèttar Íslands, en ákvað síðan með konungsbrèfi 23. sept. 1848, að ekkert skyldi fastbundið um stöðu Íslands í ríkisheildinni, fyrr en sèrstakur fundur eða þing á Íslandi sjálfu hefði rætt það mál, og um skipun þessa fundar voru með ráði alþingis sett lög, er konungur helgaði með undirskript sinni 28. sept. 1849.

Það er þannig deginum ljósara, að með hinum tveimur fyrnefndu lagaboðum er stofnað sèrstaklegt fulltrúaþing á Íslandi, til að semja lög um stöðu Íslands í veldi Danakonungs, einmitt í líking við það, er gjört var í Danmörku 1848; enda var og þetta hinn eini vegur til þess að Íslendingar nytu í þessu tilliti sama rèttar og samþegnar vorir, Danir.

Þetta sèrstaklega fulltrúaþing er vèr köllum þjóðfund, skyldi verða haldið árið 1850, en vegna einhverra orsaka var því þó frestað til ársins 1851. Þá var því stefnt saman í Reykjavík, og frumvarp lagt fyrir það um stöðu Íslands í ríkinu. Þingmenn bjuggu málið undir í nefnd en jafnsnart sem það átti að takast til umræðu á fundinum, þá var honum slitið, og er því, með tilliti til stjórnarbótarmálsins, eins og hann hafi enn þá eigi haldinn verið.

Síðan þetta gjörðist eru liðnir 16 vetur, og síðan fyrst var með konunglegu lagaboði ákveðið að halda hèr þjóðfund eru liðnir 19 vetur. Allan þenna tíma hefir þjóð vor verið samhuga á því að biðja þess óaflátanlega, að þjóðfundurinn yrði settur á ný, og honum leyft að lúka ætlunarverki sínu. Hafa bænir þessar ýmist gengið beinlínis til stjórnarinnar, sem hefir þagað við þeim, eður til alþingis, sem hefir tekið þeim hið bezta, og beðið konung að kalla aptur saman þjóðfund; en allar bænir hafa komið fyrir eitt hingað til.

Til þess, að staða Íslands í ríkinu verði viðunanleg, sanngjarnleg og heillavænleg þarf 1. *alþingi að fá löggjafarvald á Íslandi og full yfirráð yfir fè landsins*; og 2. *framkvæmdarstjórnin hlýtur að vera alveg innlend í innlendum málum, og standa þó í haganlegu sambandi við aðalstjórn ríkisins.* Þessar tvær greinir eru mergur stjórnarbótarmáls vors. Nú eru aptur tvö atriði í hverri grein fyrir sig. Hið fyrra atriði í fyrri greininni, um vald og skipun alþingis, er innlent mál, sem íslenzkt þing á með rèttu að semja um við konung vorn, án þess það mál þurfi eða eigi að berast undir löggjafarþing Dana. En hið síðara atriði sömu greinar, um fjárhaginn, hlýtur að afgjörast bæði á þingi

Dana og þingi Íslendinga, er bæði hafi jafnan rètt og jafnt vald. Öldungis eins er því varið með aðra greinina. Hin innlenda stjórn á Íslandi er íslenzkt mál, óviðkomandi þingi Dana; en atriðið um samband þessarar íslenzku stjórnar við aðalstjórn ríkisins, hlýtur að vera samin og samþykkt bæði af dönsku þingi og íslenzku.

Vèr viljum nú að eins fara fám orðum um hið síðara atriði í hinni fyrri frumgrein stjórnarbótarmálsins, er vèr til færðum, það er að skilja, um fjárhagsmálið, með því þetta atriði eitt sèr hefir verið tekið fyrir af stjórn vorri, og frumvarp um »*fjárhagssamband*», en eigi *fjárhagsaðskilnað* milli Danmerkur og Íslands lagt 1865 fyrir *ráðgjafarþing* vort, í þeirri veru, að það síðan skyldi verða lagt fyrir *löggjafarþing* Dana, til þess að setja um það lög.

Síðan þjóð vor tók að hugsa alvarlega um hagi sína á seinni tið, hefir hún óskað þess, að fjárhagur Íslands yrði aðskilinn frá fjárhag ríkisins, þó því að eins, að þetta yrði gjört með sanngirni, og að vèr fengjum sjálfir að ráða fè voru. Þessa hafa Danir einnig óskað, og þó er oss boðið »samband« fyrir «aðskilnað». Svo er heldur engin sanngirni i því, að leyfa ekki Íslendingum að ræða þetta mál nema á ráðlöguþingi, sem ekkert fullgilt atkvæði getur gefið, þar sem Dönum var ætlað að semja um það á löggjafarþingi, sem eigi er bundið við borð að taka atkvæði vors þings til greina fremur en því sýnist. Í annan stað ætlaðist frumvarp stjórnarinnar líklega ekki til þess, að vèr skyldum sjálfir fá að svo stöddu frjáls umráð fjár vors, fremur hèr eptir en hèr til. Nei, breytingin skyldi væntanlega einungis vera innifalin í því, að í staðinn fyrir það sem ríkisþing Dana skamtar oss nú árlega það, sem því sýnist, eptir kringumstæðum, þá skyldi það nú skamta oss, eitt sinn fyrir öll, jafna skamta til hvers árs í 12 ár, hversu sem kringumstæðurnar kynnu að breytast, og þessum skömtum skyldi svo stjórnin miðla oss. Alþingi skyldi mega ráðleggja henni, en ekki ráða eins og auðvitað er, þar sem það að eins er ráðgjafarþing. Þingið skyldi reyndar fá fjárlögin »*til meðferðar, eptir þeim reglum, er um það efni settar yrðu*», en um það var kænlega þagað, hvernig þær reglur skyldu verða. Og svo skyldi að síðustu öll þessi bygging hrapa til grunna eptir 12 ár, án þess nokkur von væri gefin um hvað þá tæki við.

Vèr ætlum nú, að hefði fjárhagsmálið, þetta mikilvæga atriði í stjórnarbótarmáli voru, verið slitið úr samhengi við önnur atriði i stjórnarbótinni. og oss ánafnað eitthvert árlegt meðlag úr ríkis-

sjóði án þess vèr fengjum frjáls umráð þess fjár, þá hefði þetta ráðlag orðið oss til meiri skaða en ábata. Ef mönnum vex í augu að ræða stjórnarbótarmál vort heilt og óskipt, þá virðist liggja ljóst fyrir, að taka verði fyrst atriðið um vald og rètt alþingis, en láta þá heldur öll önnur bíða unz það hið eina er komið í lag. Oss kemur fyrir lítið, að hinum öðrum atriðum sè breytt einhvern veginn, ef þjóðin fær eigi það frelsi, að fulltrúaþing hennar megi ráða lögum og landsfè. Oss kemur fyrir lítið, að láta ánafna oss árlega ölmusu, þegar vèr fáum ekki að ráða, hvernig henni er úthlutað, heldur megum að eins ráðleggja það öðrum, án þess þeir hinir sömu þurfi þó nauðsynlega að fara að ráðum vorum. Í stuttu máli: Grundvöllurinn undir stjórnarbót vorri er sá, að vèr fáum þing með fullu löggjafarvaldi og fjárhagsráðum. Á þessum grundvelli og engum öðrum verður að reisa stjórnarbótina.

Eigi sú sanngjarna ósk Íslendinga nokkru sinni að uppfyllast, að land vort fái fjárhag sinn aðskilinn frá fjárhag Danmerkur, og svo frjáls umráð eigna sinna, þá er það fjærri öllum sanni, að þessu verði hagað á þann hátt, að Danmörk leggi Íslandi að eins tiltekið ómagameðlag eðs ölmusugjöf á ári hverju, eins og frumvarp stjórnarinnar 1865 stakk upp á. Vèr hljótum heldur að fá að skilnaði af ríkissjóðnum einhvern vissan skerf, er ákveðinn sè eptir sanngirni, þegar lítið er til hins umliðna og nálæga tíma, og það er fullkomin von vor, að meiri hluti bræðra vorra í Danmörku vilji góðlátlega unna oss þess, sem er svo vafalaust skilirði fyrir því, að vèr getum náð nokkrum töluverðum þjóðþrifum, eptir að land vort, sem áður var frjálst ríki, hefir um svo langan tíma ómaklega verið svipt rètti sínum. Vèr megum aldrei ganga að þeim kostum, er vèr eigi getum gengið að með óskertum sóma vorum, og með óskertum sóma vorum getum vèr eigi gengið að því, að selja Dönum sjálfdæmi um fjárhagsfyrirkomulagið, eða láta fara með oss í þeim skiptum sem með ómyndug börn og undirlægjur þeirra, nè heldur að þiggja af þeim árlega ölmusu, í staðinn fyrir að fá afgreitt í einu það fè, er vèr með sanngirni getum krafizt. En að svo vöxnu máli álítum vèr enn þá eigi neina þörf á því að ræða um, hve mikil eður lítil upphæð þess fjár mundi vera.

Hinn eini vegur, sem bæði er lögmætur og eðlilegur til þess, að sátt og samkomulag geti fljótt og vel komizt á milli Dana og Íslendinga er því sá, að vèr hið allra fyrsta fáum að eiga með

oss þjóðfund eptir konungsbrèfi 23. sept. 1848, og kosningarlögum 28. sept. 1849, til að semja um frjálslega og hagkvæma stjórnarskipun hjá oss, og eðlilegt og sanngjarnlegt samband milli Danmerkur og Íslands, en í þessu máli er fjárhagsmálið eitt atriði, er engan veginn má slíta úr rèttu samhengi. Vèr verðum að bera það öruggt traust til konungs vors, stjórnar vorrar og bræðra vorra í Danmörku, að oss verði eigi meinað að ræða út um þetta mestvarðandi þjóðmálefni vort á löglegum þjóðfundi, er haldinn verði eigi síðar en 20 vetrum eptir að vorum dönsku bræðrum var leyft að ræða stjórnarskipun sína á þjóðfundi þeirra.

Af þeim ástæðum, er vèr nú höfum talið, viljum vjer leyfa oss að skora á yður, háttvirtu alþingismenn, að þèr afstýrið því og mótmælið, ef þörf gjörist, að ríkisþing Dana setji nokkur lög um nýtt fyrirkomulag á stjórnarskipun Íslands eður fjárhag þess, meðan þing á Íslandi sjálfu eigi getur gefið fullgilt og frjálst atkvæði í þeim efnum. En að þjer þar hjá allir sameiginlega ritið vorum allramildasta konungi þegnlega bænarskrá um það:

1. að fjárhagsmálið verði ekki aðskilið frá stjórnarbótarmálinu, heldur að stjórnin leggi fram frumvarp til stjórnarskrár handa Íslandi, jafnframt og hún leggur fram tilboð sitt um það fjártillag, sem Danmörku gjörist að greiða, þegar fjárhagur Íslands og Danmerkur verður aðskilinn.
2. að fjártillag það, sem vèr fáum, verði veruleg eign lands vors, en ekki tiltekið eptir árlegri veitingu ríkisþingsins í Danmörku, hvorki um tiltekið árabil nè öðruvísi.
3. að stefnt verði til þjóðfundar sem allra fyrst eptir kosningarlögunum 28. sept. 1849, og að þjóðfundinum verði fengið mál þetta allt til meðferðar með fullu og frjálsu atkvæði, áður en því verður ráðið til lykta.

Vèr óskum yður öllum, háttvirtu alþingismenn, til að leiða þetta velferðarmál yðar og vort og alls landsins til hinna beztu og farsællegustu afdrifa. Þar til óskum vèr yður styrks af góðum guði.

Á hèraðsfundi Þingeyinga að Ljósavatni, 7. júní 1867.

(118 nöfn).

BÆNARSKRÁ

úr Norður-Þingeyjarsýslu um gufuskip kringum strendur Íslands (nefnd sett).

—

Eitt af þeim málum, sem oss, er utarlega búum á landinu, þykir mikils um varða, er málið um gufuskip kringum strendur Íslands. Mál þetta virðist vera nauðsynjamál fyrir landið allt yfir höfuð; en engum er samt nauðsynlegra, að það komist sem fyrst í kring en þeim, sem afskekktir eru, og útilokaðir að mestu frá samgöngum öllum og viðskiptum við fjarlæga landa sína. Vèr ætlum það ekki all-lítið auka samtakaleysi og fastheldni við forna háttsemi, að samgöngurnar eru svo litlar milli hinna ýmsu hèraða landsins; en landveg munu samgöngurnar trauðla verða liðugar, svo strjálbyggt og hrjóstugt sem land vort er; hins vegar er byggðin öll með sjó fram og upp frá honum, og virðist sjórinn því vera vor aðal-þjóðvegur. Ef skip gengi með ströndum fram, virðist vera lagður grundvöllur ekki að eins til innbyrðis kunnugleika milli fjarlægra sveita, sem að góðu gagni mætti verða á ýmsan hátt, heldur og til milliverzlunar og innbyrðis viðskipta milli sveitanna, því ein sveit getur lagt það til, sem aðra brestur; enn fremur virðist að vöruverð mundi verða almennt jafnara hringinn í kring um landið, og betra að minnsta kosti á smáhöfnunum, þar sem einn og einn lausakaupmaður hefir verzlað og sprengt upp prísana.

Vèr verðum eigi fjölorðari um hagnað þann, er af strandaskipinu mætti leiða, ef menn kynnu með að fara; því málið hefir fengið beztu undirtektir á þinginu undanfarin ár. Að eins viljum vèr mælast til þess fyrir kjördæmi vort, að vorar hafnir yrðu teknar tilhlýðilega til greina. Oss er eigi kunnugt, hve margar ferðir strandaskipinu hafa verið ætlaðar ár hvert — oss sýnist hæfilegt, að það fari 3 ferðir á ári; því vèr ætlum hollara, að skipið fari færri ferðir, en komi inn á fleiri hafnir. Nú gerum vèr ráð fyrir, að skipið komi inn á helztu hafnir á hverri ferð. En oss virðist, að skipið sè látið koma eina ferðina inn á smáhafnirnar, og að engin höfn, sú er löggilt er til verzlunar, sè eptir skilin eður undan því þegin, að skipið komi þar einu sinni á sumri. Mundi þetta fyrirkomulag gjöra strandaskipið miklu vinsælla almennt, heldur en ef það væri að eins látið koma á stærri og tíðsóttari hafnirnar. Þetta sýnist vera því sanngjarnara, sem útkjálkasveitir, kringum smáhafnir, eru þess hvað helzt þurfandi, að samgöng-

urnar batni. Þannig viljum vèr Norður-Þingeyingar óska, að skipið komi einu sinni á Þórshöfn, og einu sinni á Raufarhöfn.

Vèr viljum því biðja hið heiðraða alþingi vort, að taka enn til greina málið um gufuskip kringum strendur Íslands, og skora enn á stjórn vora að flýta því. Enn fremur eru það tilmæli vor, að smáu hafnirnar fái að njóta strandaskipsins að minnsta kosti einu sinni á ári, og tökum fram eigin hafnir vorar, Þórshöfn og Raufarhöfn.

Á fundi á Sauðanesi 3. júní 1867.

(23 nöfn).

BÆNARSKRÁ.

Borgfirðinga um fiskiveiðar útlendra manna.

»Biðjið, þá mun yður gefast».

Af þeim mörgu umkvörtunum og bænarskrám, er ritaðar hafa verið svo optlega til alþingis úr flestum hèruðum landsins, um að afstýra yfirgangi útlendra fiskimanna hèr við land, sjáum vèr, að það er áhugamál þjóðarinnar; af brèfum og undirtektum stjórnar vorrar í þessu máli, sjáum vèr, að henni mun vera ofvaxið, (þó viljinn sè góður), að útrýma þessum fiskurum með því móti er optast hefir verið beðið um; en af margra ára almennri reynslu og eptirtekt, sjáum vèr og vitum, að slík fiskiskipamergð, èr heimsækir árlega land vort, og aðferð þeirra (bæði á sjó og landi) spillir mjög og eyðir einni hinni helztu og beztu atvinnu vorri, og til að sanna þetta atriði, skulum vèr ekki einungis skýrskota til hinna fyrri umkvartana, er komið hafa til þingsins, heldur viljum vèr með nýjum röksemdum sanna það og segja frá aðgangi þeirra í vor hjer í Faxabugt og við Akranes, sem aldrei hefir verið eins frekur og nærgöngull.

Þegar loksins, um sumarmál að nokkur veruleg fiskigengd kom hèr í Akranes-fiskileitir, var undir eins kominn flokkur af fiskiskipum, er daglega jukust, og þètt upp á grynnstu fiskimið, þar til þau, seinustu dagana í apríl voru orðin um 50, sem sjaldan voru einni mílu utar, en optar nær, og í þessu nágrenni bjuggu þau flest öll til miðs maí, eða meðan þorskfisk var að fá. Á með-

an þessi, þeirra og okkar Akurnesinga sjósókn stóð yfir, var það daglega, að vorir íslenzku fiskibátar hlutu meiðsli eða töf á fiskidrætti sínum, með því þeir neyddust til að flýja og forða sèr, ella lètu þessir óvönduðu fiskimenn skip sín ýmist reka eða sigla á bátana, sem sátu fastir við færi sín — án þess að gefa hinn minnsta gaum að hvað fyrir var, hvar um klaganir til stiptamtmannsins, er vèr vitum til að hafa verið sendar, geta borið ljósan vott. Auk þeirrar slægingar og niðurburðar, sem nú varð við aðgjörð þeirra, er þeir ætíð sigldu með fjær en nær landi, og sannarlega tregðar vorn færafisk — rífa þeir og særa hann svo, að heita má, að mark þeirra væri á flestum fiskum, er fengust á Akranesi, og hafa þó víst verið fleiri særðir en fengust, og sumir til dauðs; en hver heilvita maður mun gjöra sèr í grun, að hver lifandi skepna sem er með tilfinningu, verður styggari og varari um sig fyrir sár sitt.

Ekki virðist oss, að herskipið «Fylla» gjöri mikið, eða geti bægt þessum óaldarflokki frá; einu sinni sáum vèr það fara beina braut hèr fyrir framan Akranes í vor, í svo sem $^1/_2$ mílu fjarlægð, voru þá allar duggurnar hótinu utar og hreifðu sig ekki. Sýnist oss því lítið varið í vernd þess, og varla upp á það kostandi. En samt viljum vèr ekki ásaka foringja þess, því vèr vitum, að hann muni hafa gætt skyldu sinnar og farið eptir fyrirsettum *lögum*. En það eru þessi lög, sem Frakkar hafa skilið sèr í hag, nefnilega: hvern *tanga* milli víka og voga og hvern *klett* og *hólma* innfjarða, fyrir «annes» og »yztu ey», er fiskihelgin er miðuð frá, og þannig leyft sèr inn á hvern fjörð og upp að landsteinum, en Danastjórn ekki magnað að hafa á móti. Það er því, að vèr viljum ekki biðja hana að leggja á bann, eða hafa mikinn kostnað, móti svo voldugri þjóð sem Frakkar eru; en vèr viljum biðja stjórn vora að *semja* við hinar sanngjörnu, göfuglyndu og góðu stjórnir, einkum Frakka og Breta, um nokkrar undantekningar, sem verði að vera um sjórèttinn eða fiskihelgina á svo vogskornu landi sem Ísland er.

Skyldi nú aðsókn þessara útlendu fiskimanna enn nú haldast og aukast framvegis, má ganga að því vísu, að okkar aflabrögðum, um þenna bezta fiskitíma ársins, o: vetrarvertíðina, er lokið, og þar af leiðir hallæri og eyðilegging allra þeirra manna, er þessarar atvinnu verða að njóta. Það er því ekki beðið í blindni eða um óþarfa, þó vèr nú í þessum kringumstæðum biðjum yður

háttvirtu herrar og alþingismenn! um að flytja þá bæn vora fram fyrir Hans Hátign konunginn:

1., að sèrstaklegar kringumstæður lands vors, gjöri oss það ómissandi, að samningur verði gjörður við hina Ensku- og Frakknesku stjórn um að *viðurkenna*, að *Faxabugt*, innan línu dreginnar af Garðskaga á Snæfellsjökul, sè almennt álitin sem *fjörður*, er útlend fiskiskip megi ekki fara inn á til fiskiveiða, og

2., til vara, fáist ekki þessi viðurkenning, verði þó sá samningur gjörður við hinar sömu stjórnir, að engin frakknesk fiskiskip megi fiska í Faxabugt fyrir *12. dag maímánaðar* ár hvert, en þar eptir með sömu takmörkun er hefir verið.

Á sýslufundi í Höfn þann 11. júní 1867.

Í umboði fundarins (6 nöfn).

BÆNARSKRÁ

úr Akureyrarkaupstað, um að mega kjósa sèr alþingismann.

Þar eð Akureyri hafa, að ósk innbúa sinna, og fyrir góðar tillögur alþingis, allranáðugast af konungi verið veitt kaupstaðarrèttindi, og ákveðin sèrstakt lögsagnarumdæmi með reglugjörð af 29. ágúst 1862 eins og Reykjavíkurkaupstaður, eða sèrhver önnur sýsla landsins, þá virðist það vera í eðli sínu, samkvæmt alþingistilskipuninni frá 8. marzmánaðar 1843, þó vèr Akureyrarkaupstaðarbúar vildum öðlast þau rèttindi að mega sjálfir framvegis kjósa fyrir okkar lögsagnarumdæmi alþingismann, þar ýmsar þarfir bæjarins sem kaupstaðar, munu aukast og verða margbreyttari eptir því sem fólkið fjölgar, og verzlunin eykst, þar eð Oddeyri er nú lögð til kaupstaðarins, mundi því ekki ósjaldan geta komið fyrir, að ýms mál úr honum þyrftu að koma til alþingis, og væri því æskilegra fyrir Akureyrarkaupstað sjálfan, að hafa ráð á manni til að frambera málefni sín á þingi, en að leggja það á þingmann Eyjafjarðarsýslu, sem ekki hefði máske jafngóða hentugleika á að kynna sèr málefni bæjarins, eins og sá maður sem yrði kosinn fyrir hann, enda ætlum vèr, að alþing, sem svo opt hefir kvartað yfir skorti á verkamönnum mundi taka því þakklátlega, ef því gæfist

kostur á að fá þann verkamann í víngarð sinn, sem gæti tekið þátt í hinum umfangsmiklu störfum þess.

Þess vegna leyfum vèr oss undirskrifaðir Akureyrarkaupstaðarinnbúar að snúa okkur til hins heiðraða alþingis, sem haldið verður í sumar, og biðja það að rita bænarskrá til vors allra mildasta konungs:

> Að hans hátign af sinni konunglegri mildi, og vísdómi, vildi leiða í lög, að vèr Akureyrarkaupstaðarinnbúar mættum kjósa okkur sèrstakan alþingismann, fyrir kaupstaðinn Akureyri, með aukakosningu til alþingis 1869. o. s. frv., eins og hin lögsagnarumdæmi landsins.

Akureyri dag 12. júnímánaðar 1867.

(27 nöfn).

NEFNDARÁLIT.

í málinu um konunglegt frumvarp til laga um að útlendum skipum verði gefinn kostur á að flytja vörur hafna á milli á Íslandi og milli Íslands og Danmerkur. (Sbr. bls. 152).

Eptir að við undirskrifaðir, sem alþingi hefir kosið í nefnd til að segja álit vort um konunglegt frumvarp það, er að ofan er nefnt, höfum íhugað mál þetta nákvæmlega, verðum vèr að ráða þinginu til að fallast á það óbreytt að efninu til, og það af þeim ástæðum sem tengdar eru við frumvarpið. Að eins skulum vèr leyfa oss að vekja athygli þingsins á því, hvort ekki muni eiga betur við að setja orðið «forrèttindi» í staðinn fyrir «einkarèttindi».

Alþingi, 3 dag júlímánaðar 1867.

Bergur Thorberg. formaður og framsögumaður. *Jón Pjetursson.* *S. Níelsson.*

ATKVÆÐASKRÁ

í málinu um konunglegt frumvarp til laga um, að útlendum skip-

um verði gefinn kostur á, að flytja vörur hafna á milli á Íslandi og milli Íslands og Danmerkur. (Sbr. bls. 221).

1. *Pètur Guðjónsson*: að upphafið verði orðað þannig: »Stjórninni skal heimilt að leyfa skipum úr útl. ríkj., sem hafa jafnrètti í verzlunar-viðskiptum» o. s. frv. (Tekið aptur).
2. *Nefndin:* að í stað orðsins *einkarèttindi,* verði sett: *forrèttindi.* (Samþ. með 13 atkvæðum gegn 6).
3. *Nefndin*: að í stað orðanna: »að Færeyjum meðteknum» verði sett: »að Færeyjum *meðtöldum.* (Álitið sjálfsagt sem orðabreyting).
4. Frumvarpið (óbreytt eða með breytingum): Lög um, að útlendum skipum verði gefinn kostur á að flytja vörur hafna á milli á Íslandi, og milli Íslands og Danmerkur.

Stjórninni skal heimilt, ef að jafnrètti kemur á móti, að leyfa skipum úr útlendum ríkjum, sem hafa einkarèttindi í verzlunarviðskiptum sínum við Danmörku, að flytja vörur hafna á milli á Íslandi án tillits til lestatals þeirra og eins milli Íslands og konungsríkisins — að Færeyjum meðteknum — fram og aptur; skal samt gætt hinna almennilegu ákvarðana, sem gilda um slíkar siglingar. (3. og 4. töluliður samþykktir í einu hljóði).

BÆNARSKRÁ

úr Vestmannaeyjum um eptirgjald af konungs jörðum og tómthúsum.

Það hefur um langan aldur, og allt til þessa viðhaldizt, að eptirgjald jarða hèr á eyju, sem allar teljast að vera konungseign, svo og tómthúsa, hvort þau hafa verið kölluð konungleg eða ekki, hafa verið greidd eptir verðlagi því á hörðum fiski, sem verið hefur sett í verðlagsskrá hvers árs. Vèr getum ei heldur annað en álitið, að harðfiskur hafi að rèttu lagi, átt að vera sá gjaldeyrir, er jarðagjald, og tómthúsa, væru miðuð við, meðan svo var ástatt hèr á eyju, að svo að segja aðalgjaldeyrir og verzlunarvara eyjabúa var harðfiskur. En allt að því 20 ár munu nú vera liðin svo, að varla sè teljandi, að hèr hafi fiskur verið verkaður svo sem

harðfiskur, heldur nær því eingöngu svo sem saltfiskur, og hefir hann þannig mátt heita aðalvarningur eyjabúa, enda hefir reynslan sýnt, að slík fiskverkun er hèr bæði óhultari og að öllu samtöldu affarabetri. En þó að nú verð harðfiskjar, sem helzt hefur hingað verið fluttur af landi svo sem kaupstaðarvara, hafi, eins og sjá má af verðlagsskrám undanfarinna ára, verið töluvert hærra en á saltfiskinum, sem eins og áður er sagt, er orðinn aðalvara eyjabúa, hafa þó jarða og tómthúsa gjöld er að síður verið greidd eptir harðfiskverðinu, sem enginn eyjabúa hafði neitt gagn af.

Oss, sem hèr ritum nöfn vor undir, og öllum þeim, er ásamt oss mega sæta sömu kjörum, getur ekki annað en þótt það bæði ósanngjarnt og óeðlilegt, að oss svo sem leiguliðum konungs, gjörist að greiða jarðagjöld, eptir verðlagi þess varnings, sem ekki einu sinni á sèr stað hèr, eins og nú er orðið, og þykir oss öll sanngirni mæla fyrir því, að jarðagjöld hèr, annaðhvort verði krafin eptir meðalverði allra meðalverða, eða eptir verðlagi því á saltfiski, sem á rèttum gjalddaga ræður í verðlagsskrá þeirri, er gildir fyrir Vestmannaeyjar, og þau önnur hèruð, sem hafa hina sömu verðlagsskrá.

Vèr vonum að þèr háttvirtu alþingismenn hafið líka skoðun á þessu máli og vèr, og að þèr leggið það til þessa máls, sem samkvæmast sè sanngirni og rètti. Vèr óskum því og skorum á yður, að þèr, að máli þessu ræddu og yfirveguðu, beiðizt þess fyrir vora hönd:

> Að eptirgjöld konungsjarða og tómthúsa á Vestmannaeyjum framvegis verði greidd eptir meðalverði allra meðalverða, samkvæmt verðlagsskrá þeirri, er gildir hèr á rèttum gjalddaga,
>
> og til vara:
>
> að tèð gjöld hèr eptir verði miðuð við verðlag á saltfiski.

Á almennum fundi á Vestmanna-eyjum þann 17. júní 1867.

37 nöfn auk sýslumanns.

Nefnd sett.

BÆNARSKRÁ

frá Borgarfjarðarsýslu um íslenzkt lagasafn.

Eins og yður er kunnugt, háttvirtu alþingismenn, var lagaþekking mjög almenn hèr á landi á fyrri tímum meðan landið var frjálst. Lög og lof voru þá í höndum landsmanna, fjöldi alþýðumanna tók þátt í dómum og landsstjórn, lögin voru skrásett á hinni fögru íslenzku tungu, og bera ljósast vitni um þetta hinar mörgu afskriptir af lögbókum og dómabókum og ritgjörðum um lög, sem eru til og það jafnvel eptir bændur. Þegar tímar liðu fram fóru hin dönsku lög að koma hèr til landsins, og loksins runnu þau yfir landið eins og árstraumur, og hlutu þá hin íslenzku lög að rýma sæti fyrir hinum útlendu. Vèr játum nú það, að margar nytsamar laga-ákvarðanir hafa náð hèr gildi úr dönskum lögum, en hitt er sorglegt fyrir Íslendinga, og hlýtur að hafa sært tilfinningu þeirra, sem frá alda-öðli hafa elskað tungu sína og þjóðerni, að sjá lög þau sem þeir áttu að lifa eptir vera birt, og jafnvel lögskil mælt, á útlendu máli. Þetta hafði einnig þær náttúrlegu afleiðingar, að lagaþekkingin drógst úr höndum bændanna, lagamennirnir einir þekktu lögin, og á endanum varð úr þessu sú flækja, að þeir sjálfir hafa orðið í vafa um, hver lög væru gildandi á Íslandi. Það á ekki við, og þess er heldur ekki þörf, að sýna það hèr, hversu illar afleiðingar það hefir haft hèr á landi, þegar lögin komust á útlent mál, og hættu að hafa rót sína í þjóðinni. Þeir sem vita það, að góð lög í heiðri höfð eru lands og lýða heill þeir munu sjá, hversu örðugt menn eiga með að heiðra þau lög, sem menn ekki skilja. Þeir sem vita það, að lögin þurfa að vera sniðin eptir venjum og hugsunarhætti þjóðarinnar, ef þau eiga að ná hylli manna þeir munu sjá hvernig útlend lög á útlendu máli ná þessu takmarki. Að sönnu er nú orðin á þessu mikil breyting til batnaðar á hinum seinni árum. Síðan alþing var sett hafa lögin optast verið auglýst á fallegu íslenzku máli, í staðinn fyrir að þau áður voru birt annaðhvort á dönsku, eða þá með þeim útleggingum sem sèrhver Íslendingur les með leiðindum. Samkvæmt tillögum alþingis undirskrifar nú konungur hin íslenzku lög. Hið íslenzka bókmenntafèlag hefir rètt þessu máli öfluga hjálparhönd, með því að gefa út »Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands«, og þorum vèr að segja, að tíðindi þessi eru mörgum Íslendingum

fróðleiks og skemmtunar. Ei að síður er mörgu enn þá áfátt í þessu efni. Mjög mikill flokkur af lögum þeim, sem enn þá gilda hèr á landi, er ekki til nema á útlendu máli, eða þá á lítt skiljanlegri íslenzku, og þó menn sèu smám saman að breyta hinum eldri lögum og færa þau í þjóðlegri búning, munu þó um langan tíma danskar tilskipanir og danskar laga-ákvarðanir verða hèr gildandi, sem eru með hinum óþjóðlega annmarka sem áður var nefndur. Í sumum af hinum nýju tilskipunum er þar að auki vitnað til eldri lagaboða, eða konungsbrèfa, eða danskra lögbóka, sem leikmenn hèr á landi þekkja ekki, svo þannig verða nokkur merkileg atriði í hinum nýju tilskipunum alþýðu sem hulinn leyndardómur; og þó stundum verði ekki hjá því komizt að vitna þannig til eldri laga, þegar ný lög eru samin, þá leyfum vèr oss að geta þess, að vèr höldum, að optar hefði mátt sneiða hjá því en gjört hefir verið. Vèr viljum einungis taka til dæmis, að í 5. grein tilskipunarinnar frá 15. desember 1865, er nákvæmar ákveður ýmislegt viðvíkjandi prestaköllum á Íslandi, er vitnað til konungsbrèfs frá 5. júní 1750, sem nú er víst ókunnugt flestum alþýðumönnum, og hefði almenningi verið það án efa geðfelldara, ef alþingi hefði tekið þetta konungsbrèf upp í lagaboðið. Það er óhætt að fullyrða, að sú kvörtun er almenn meðal alþýðu, að menn þekki ekki hin gildandi lög, að þau sèu að mestu leyti innifalin í miklum fjölda af dönskum eða illa íslenzkum konungsbrèfum, tilskipunum og stjórnarráðabrèfum, sem út hafa verið gefin á ýmsum öldum. Að sönnu er nú verið að gefa út lagasafn handa Íslandi, en bæði kostar það mikið og er að mestu leyti á dönsku, og þess vegna ekki lagað til að vera lagasafn handa alþýðu á Íslandi.

Vèr leyfum oss því að biðja hið heiðraða alþing vort að hugleiða, hvort eigi megi bæta úr þessari þörf þjóðar vorrar. Vèr sjáum ekki betur en að það yrði gjört með því, að þingið kysi tvo lögfróða menn til að gefa út árlega svo sem 20—30 arkir af hinum gildandi lögum lands vors á íslenzku máli, og ætti safn þetta að ná frá elztu tímum og til 1854, þegar »Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands» byrja, svo að tíðindi þessi gætu álitizt sem framhald af slíku safni. En þar eð stjórnin að líkindum yrði treg til að leggja fè til að koma út slíku lagasafni, verður eigi betur sèð, og vèr höldum það ætti ekki illa við, að sá kostnaður væri tekinn eins og annar alþingiskostnaður. Vèr sjáum ekki, að þetta yrði tilfinnanlegt fyrir alþingissjóðinn, því þetta safn gengi án efa

vel út, ef það væri selt með sanngjörnu verði. Einnig mætti, ef svo sýndist, kostnaðarins vegna, hætta að prenta lagaboð aptan við alþingistíðindin, þar eð þess gjörist nú minni þörf síðan tíðindi um stjórnarmálefni Íslands komu út.

Þar eð þannig enginn mun neita því, að mikil réttaróvissa eigi sér stað í landi voru, og þar eð sú ósk virðist næsta sanngjörn, að lög þau, sem menn eiga að lifa og dæmast eptir, séu á tungu landsmanna og gjörð alþýðu svo kunnug sem mögulegt er, þá leyfum vèr oss að biðja yður, háttvirtu alþingismenn! að íhuga, hvort það væri eigi tiltækilegt:

að alþingi kjósi tvo lögfróða menn til að gefa út safn af hinum gildandi lögum lands vors, svo sem 20—30 arkir á ári á íslenzku máli, og með ástæðum, að svo miklu leyti verður, eða yfir höfuð lagað líkt og »tíðindi um stjórnarmálefni Íslands», og að safn þetta nái frá þeim tíma að tíundarstatúta Gissurar byskups er gefin út og til 1854, samt að kostnaður sem til þess gengur verði tekinn eins og annar alþingiskostnaður, en aptur á móti verði hætt að prenta lagaboð aptan við alþingistíðindin.

Á sýslufundi í Höfn, 11. júní 1867.

Í nafni fundarins (3 nöfn).

(Tekin aptur).

NIÐURLAGSATRIÐI

bænarskránna um stjórnarbót að svo miklu leyti, sem þær ekki eru sambljóða bænarskránni úr Suður-Þingeyjarsýslu (sbr. bls. 212).

Niðurlagsatriði bænarskráarinnar úr Rangárþingi um stjórnarbót.

1. að land vort fái svo mikla skaðabót fyrir eignir sínar og undanfarna verzlunareinokun, ef fjárhagur þess verður aðskilinn, sem með rökum verður sannað, að það eigi með rèttu.
2. Að sú skaðabót, sem vèr fáum, verði veruleg eign lands vors, en ekki tiltekin eptir árlegri veitingu ríkisþingsins í Danmörku, hvorki um tiltekið árabil nè öðruvísi.

3. Að ekki verði aðskilið fjárhagsmálið frá stjórnarmálinu, heldur að stjórnin leggi fram fullkomið frumvarp til stjórnarskrár handa Íslandi, jafnframt og hún leggur fram tilboð sitt um það fjártillag, sem Danmörku gjörist að greiða, þegar fjárhagur Íslands og Danmerkur verður aðskilinn.
4. Að stefnt verði til þjóðfundar eptir sömu kosningarlögum og 1849, og að þjóðfundinum verði fengið mál þetta allt til meðferðar með fullu og frjálsu atkvæði, áður en því verður ráðið til lykta.

Sama er niðurlagsatriði í bænarskránum úr Ísafjarðarsýslu, Snæfellsnessýslu, Eyjafjarðarsýslu, Vestmanneyjasýslu, Suður-Múlasýslu, Austur-Skaptafellssýslu, Vestur-Skaptafellssýslu, Suður-Múlasýslu, Borgarfjarðarsýslu og Mýrasýslu.

Niðurlagsatriði bœnarskráarinnar úr Skagafjarðarsýslu um þjóðfund.

Þess vegna biðjum vèr hið heiðraða alþing:

Að vísa málinu frá sèr og senda vorum allramildasta konungi þegnsamlega bænarskrá, að Hans Hátign hið allra fyrsta kveðji til þjóðfundar þess, sem heitið er í allra hæsta brèfi 23. sept 1848.

Niðurlagsatriði bœnarskrárinnar úr Eyjafjarðarsýslu um þjóðfund.

Að þannig skoðuðu þessu velferðarmáli vor Íslendinga, skorum vèr á yður, heiðruðu fulltrúar þjóðar vorrar:

Að þèr, þegar þèr komið næst á þing, fylgið fast fram rètti vorum, vísið með allri röggsemi stjórnarbótarmálinu frá aðgjörðum og afskiptum þings yðvars, hvort sem það svo kemur þar fyrir í heild sinni, eður sundur slitið, en biðjið konung vorn allramildilegast að ráða því til lykta sem fyrst á sèrstökum fundi, til hvers kosið sè samkvæmt lögum frá 28. sept.mán. 1849.

Niðurlagsatriði bœnarskrárinnar úr Stranda- og Dalasýslum um stjórnarbót &.

Vèr skorum því á yður, háttvirtu alþingismenn!

Að svo framarlega að frumvörp stjórnarinnar ekki hafa að færa sanngjarnt fjártillag frá Danmörku til Íslands, sem vari um aldur og æfi og frjálst og hagfellt stjórnarfyrir-

komulag landsins, sem yður virðist viðunandi, þá að þèr ekki lúkið þessum málum á alþingi, heldur biðjið um, að þjóðfundur verði saman kallaður eptir heitorði konungs 1848 og kosningarlögunum 1849, og þessi velferðarmál landsins lögð fyrir hann.

Niðurlagsatriði bœnarskrárinnar úr Húnavatnssýslu um stjórnarbót og þjóðfund.

Að þjóðfundur verði sem fyrst saman kallaður af nýju í landinu sjálfu, eptir kosningarlögunum frá 28. sept. 1849, og að fyrir hann verði lagt frumvarp til laga um stjórnarbót Íslands í heild sinni.

BÆNARSKRÁ

úr Norður-Þingeyjarsýslu um jafnrètti prentsmiðjanna.

Oss Norðlendinga getur ekki annað en furðað á því, að málið um *jafnrètti Akureyrar-prentsmiðjunnar* skuli ekki fá betri áheyrn á hinu heiðraða alþingi, en það hefir fengið hingað til. Vera má, að örðugleikar töluverðir yrðu á því, að jafnrèttið yrði veitt af stjórn Reykjavíkur-prentsmiðjunnar. En eptir hinu þykjumst vèr geta vænzt, að þing vort mæli með endurnýjuðum óskum vorum um jafnrètti prentsmiðjanna beggja, eður jafna prentunarheimild að svo kölluðum »einkaleyfisbókum» Reykjavíkur prentsmiðjunnar. Vèr getum eigi betur sèð, en tilmæli vor Norðlendinga sèu næsta sanngjörn. Ekki berum vèr þau fram sem rèttarkröfu, heldur förum vèr því einu fram, að sanngirni mæli með jafnri prentunarheimild smiðjanna, einkum og sèr í lagi fyrir þá sök, að prentsmiðjan, sem nú er kölluð hin sunnlenzka er í raun rèttri norðlenzk prentsmiðja, og hefir flutt töluvert af rèttindum sínum með sèr úr Norðurlandi. Þetta eina atriði má sýna hverjum óvilhöllum manni, að Norðurland á þó töluverða sanngirniskröfu til þess, að það sè ekki alveg svipt sínum fornu rèttindum; og þó að það verði svipt sjálfri prentsmiðjunni, þá megi það samt njóta nokkurs af fornum rèttindum sínum til handa sinni nýju prentsmiðju. Þar við bætist, að hin nýja prentsmiðja á Norðurlandi hlýtur að skoðast sem þarf-

leg stofnun, en vantar krapt til að þroskast, og virðist því, sem hver önnur þarfleg stofnun, eiga að styðjast með sanngjarnri tilhliðrun, en ekki rýrast með neins konar meinbægni. Eitt atriði virðist oss enn fremur þýðingarmikið í þessu máli, það atriði, að þegar Reykjavíkur-prentsmiðjan var flutt suður fyrrum, þá fengu Norðlendingar það loforð, að einn fjórði hluti af ágóða prentsmiðjunnar skyldi ganga til Norðurlands. Þetta loforð er óefnt allt til þessa tíma; en því ljúfara mætti stjórn Reykjavíkur-prentsmiðjunnar vera, að hliðra nú til við hina nýju norðlenzku prentsmiðju — það sèr hver maður.

Nú höfum vèr bent á nokkur helztu atriði, er mæla með tilmælum vorum Aptur hefir verið komið fram með mótbárur gegn þeim, og viljum vèr hèr að eins minnast á eina, þá er einna mest var haldið fram á síðasta þingi. Þessi mótbára var sú, að Reykjavíkur-prentsmiðjan selji einkaleyfisbækurnir með svo góðu verði, að Akureyrar-smiðjan geti ekki prentað þær fyrir slíkt verð, sízt með gróða. Þessi aðal-mótbára finnst oss einkar þýðingarlítil. Því sè svo, þá ábatast heldur eigi prentsmiðjan syðra á einkaleyfisbókunum — og því er mönnum þá fyrir hennar hönd, svo sárt um, að eptirláta jafna prentunarheimild á þeim bókum?

Vèr álítum óþarft að fara fleiri orðum um málið, því það er öllum hinum heiðruðu þingmönnum kunnugt af umræðunum á fyrri þingum. Á næstliðið þing kom ítarleg bænarskrá um það, og optlega hefir því verið hreift opinberlega fyrr og síðar.

Eptir ástæðum öllum þykjumst vèr því hafa fulla heimild og fullt tilefni til að skora á hið heiðraða alþingi að það vilji mæla fram með því við stjórn Reykjavíkurprentsmiðjunnar, að hún eptirláti Akureyrar-prentsmiðjunni jafna prentunarheimild við sig að þeim bókum, hverra prentunareinkaleyfi hún flutti með sèr úr Norðurlandi, svo og að þeim bókum, sem henni hefir gefizt prentunarheimild að.

Á fundi á Sauðanesi 3. júní 1867.

(24. nöfn).

BÆNARSKRÁ

um styrk handa fornmenja og þjóðgripasafni Íslands í Reykjavík.

Eins og yður er kunnugt, heiðruðu þingmenn, af konunglegri auglýsing til alþingis 31. maí þ. á., hefir bænarskrá okkar til alþingis 1865 um 300 rd. árlegan styrk úr ríkissjóði, til þess að efla og viðhalda fornmenja- og þjóðgripasafni Íslands í Reykjavík, sem stofnað var með brèfi stiptsyfirvaldanna 1863, og við höfum verið skipaðir forstöðumenn yfir, enga áheyrn fengið hjá stjórninni, þótt alþingi svo að segja í einu hjóði væri því máli meðmælt. En af því að þörfin á slíkum styrk fer allt af vaxandi, eptir því sem safnið stækkar, leyfum við oss enn að skora á þingið, að taka þetta mál aptur til meðferðar.

Nú hefir safnið þegar fengið 390 gripi og á von á allt að helmingi meiru, sem geymt er úti um landið, hve nær sem hentugleikar verða á að ná því, og af því er auðsætt, að safnið hlýtur að halda áfram, því engum getur komið til hugar, að gefendurnir krefjist gripanna aptur, og því síður að þeir fallist á, að safnið sè gefið til útlanda, og það hefir því fyllsta rètt á athygli og styrk bæði frá þjóðarinnar og stjórnarinnar hálfu. Nú er þjóðin búin að gjöra nokkuð, því hún hefir samkvæmt áskorun okkar og nokkurra annara gjört okkur frjáls samskot til bráðustu nauðsynja safnsins, sem er vottur um, að málið er áhugamál þjóðarinnar, og ætti það meðal annars að vera hvetjandi fyrir stjórnina, til að styrkja þetta fyrirtæki. Þó að stjórnin gjöri lítið að að styrkja umdæmasöfnin í Danmörku, eins og sjá má af umburðarbrèfi etatsráðs Worsaaes frá 20. Nóvember f. á. til safnanna í Óðinsey, Álaborg, Vebjörgum, Árósi, Ripum og Reykjavík, fáum vèr eigi betur sèð, en allt öðru máli sè að gegna með safnið á Íslandi, því að það er eigi einungis umdæmissafn, heldur fullkomið *landsafn eða þjóðsafn,* enda hefir stjórn forngripasafnsins í Kaupmannahöfn ávallt kannast við nauðsyn þess, eptir því sem okkur hefir skilizt af brèfum frá henni, og við getum eigi ímyndað okkur annað, en að stjórninni skiljist, að meiri þörf sè á slíku safni á Íslandi, en í umdæmunum í Danmörku, með því Íslendingar hafa yfir 300 mílna haf að sækja, til að sjá söfnin í Danmörku, þar sem Danir geta á einum degi komizt á gufuvögnum og gufuskipum um þvera eða endilanga Danmörk.

Eins og við höfum margtekið fram, ímyndum við okkur að stjórnin geti engan veginn látið sèr liggja það í lèttu rúmi, að útlendir ferðamenn láti hèr eptir greipum sópa um fornmenjar landsins, eins og átti sèr stað, áður en forngripasafnið komst upp, og ætlum henni því skylt að koma í veg fyrir það með einhverju móti, svo að hún gangi á undan þjóðinni í því að hlynna að almennri norrænni sögufekkingu og viðleitni manna, er þar að lýtur. Þó að safn vort sè enn þá lítið, þá geta menn þó af því fengið markverðar sögulegar upplýsingar, þótt þær sökum fátæktar safnsins enn eigi hafi orðið auglýstar, og reynslan hefir sýnt, að safnið í Kaupmannahöfn hefir að eins getað borgið fáeinum fornmenjum frá Íslandi, einkum frá kirkjum eða opinberum stofnunum fyrir fylgi embættismanna á Íslandi, en hefir fengið mjög fáa gripi frá einstökum mönnum, og að því er oss er kunnugt, eru þar svo að segja engin vopn frá Íslandi, en safnið hèr hefir fengið yfir 20 vopn og vopnaleifar, sem flestar hafa fundizt, síðan það var stofnað, og að líkindum hefði margar þeirra glatazt, hefði safnið eigi verið til. Við segjum þetta eigi ástæðulaust, því að við höfum áreiðanlegar skýrslur um 19 vopn, er glatast hafa á átjándu öld, og margar aðrar ómetandi fornmenjar og þó eru öll líkindi til, að við höfum eigi fengið skýrslu um þriðjunginn af því, er glatazt hefir.

Í umburðarbrèfi etatsráðs Worsaaes, sem áður er nefnt, fer fornleifagæzlu-nefndin í Danmörku fram á, að vèr reynum til að friða hauga, dys, rúnasteina, rústir, fornar byggingar, kirkjur og aðrar fornleifar, og sömuleiðis fer hún fram á, að forstöðumenn safnanna eða aðrir, sem vit hafi á, sè styrktir til að ferðast um landið, til að gæta og vernda slíka hluti, lýsa þeim og taka myndir af þeim; hún gerir og fyrirspurn um, hvort kostnaður sá, er af því leiði, muni eigi fást goldinn af jafnaðarsjóðunum («Stiftets Midler»), og á því er auðsætt, að þó fornleifagæzlu-nefndin eigi treysti stjórninni til, eptir því sem ástatt er, að leggja opinberan styrk til safnsins, þá muni hún eigi svo meinsöm, að hún banni oss að leggja skatt á sjálfa oss til viðhalds forngripum vorum. En við berum enn meira traust til stjórnarinnar, og þó að hún hafi þrí-synjað um styrk, þá erum vèr eigi vonlausir um, að hún verði við þessari bráðu þörf landsins, ef alþingi ítrekar bæn sína um það.

Það er því vor bæn til yðar, heiðruðu þingmenn:

að þèr ritið konungi vorum enn að nýju bænarskrá um 300 rd. árlegan styrk úr ríkissjóði handa safninu til bráðabyrgða, meðan fjárhagur Íslands og Danmerkur er eigi aðskilinn.

Eða til vara:

að þèr hlutist til, um að 300 rd. verði árlega greiddir fyrst um sinn úr jafnaðarsjóðunum á Íslandi handa safninu.

Reykjavík, 6. dag júlímánaðar 1867.

Auðmjúkast

Sigurður Guðmundson. Jón Árnason.

BÆNARSKRÁ

Eyfirðinga um viðskiptabækur kaupmanna.

Það er siður sèrhverrar þjóðar, að öll þau málefni, sem við koma henni, eru rituð á tungu hennar, en eigi verið að lána til þess tungumál annara þjóða, það er líka í augum uppi, hve eðlilegt og ómissandi þetta er til þess að hver skilji annan, þar á móti hefir hèr á landi tunga vor engan veginn ætíð verið við höfð í ritum, heldur hafa til skamms tíma hinir æðri embættismenn ritað undirmönnum sínum allt á dönsku, og það um málefni, sem beinlínis hafa snert alþýðu, en nú er sú óviðurkvæmilega siðvenja, því betur, fyrir nokkrum árum undir lok liðin. En hin endurbætta siðvenja að rita á íslenzku hefir þó enn þá ekki getað rutt sèr til rúms meðal verzlunarmanna, þar sem allflestar viðskiptabækur eru hafðar á dönsku máli, og er það einkum vegna þess, að kaupmenn álíta það eigi lagaskyldu sína, að hafa þetta á annan hátt; það er að vísu satt, að allmargir landsmenn vorir eru nú farnir að ráða í mörg þau nöfn, sem við höfð eru í viðskiptabókum þessum, en þó er öllum þorra hinnar miður upplýstu alþýðu mjög óljóst, hvað ritað stendur í þeim.

Oss virðist það væri nú mjög æskilegt og mikilsvarðandi fyrir land vort og þjóðerni, að þessu yrði hið fyrsta kippt í lag á þann hátt, að verzlunarmenn vorir rituðu sèrhverja viðskiptabók og viðskiptareikning á vora góðu og fögru tungu, en eigi ætlumst vèr til, að þeir riti höfuðbækur sínar á íslenzku. Vèr fáum eigi séð

að þetta geti verið miklum örðugleikum bundið, því þó einhver vildi berja því við, að eigi sè svo hægt að hafa íslenzkt nafn yfir sèrhverja útlenzka vörutegund sem seld kann að verða, er svo lítið í þá mótbáru varið, að hún fellur af sjálfu sèr, þar eð flestar vörutegundir sem nú eru seldar hèr á landi, hafa nöfn sem allir skilja og sem myndast hafa í máli manna um langan aldur, og að öðru leyti mundi alþýða venjast útlenzka nafninu á þeim fáu vörutegundum, sèu þær annars nokkrar, er eigi þykja hafa íslenzkt heiti, svo þegar stundir fram líða mundi þau verða þjóð vorri eins innlifuð, eins og t. a. m. nafnið rokkur, fyrir löngu er orðið um land allt, en það er myndað af danska orðinu »Rok».

Að svo mæltu er beiðni vor til hins heiðraða alþingis, að það vildi hlutast til, að í lög yrði leitt:

> Að öllum þeim er verzla á Íslandi verði gjört að ófrávíkjanlegri skyldu, að rita allar viðskiptabækur, eður viðskiptareikninga sína á íslenzka tungu.

Á fundi í Vaðlaþingi, 12. júní 1867.

(52 nöfn).

(Nefnd sett).

UPPÁSTUNGA

þingmanns Rangæinga um borgun til prófasts fyrir kirkjuskoðanir.

Háttvirtu alþingismenn!

Það er yður kunnugt, hve efnahagur æði margra kirkna hèr á landi stendur á tæpri tröppu, og að þar af leiðir, að eigendur þeirra og fjárhaldsmenn verða að lána þeim fè koll af kolli svo hundruðum dala skiptir, er stendur ár af ári ávaxtarlaust, með þeirri einu von, að fá það með tímanum endurgoldið í smáskömtum; og er það eðlilegt, þegar litið er á tekjur þeirra og útgiftir, þar eð æðimargar kirkjur á landinu hafa ekki að meðaltali, að frádregnum árlegum nauðsynjum þeirra, yfir 20 rd. inntekt á ári, og talsvert margar ekki yfir 15 rd., og á þessum litlu tekjum hvíla sem kunnugt er hin árlegu kirkjuskoðunarlaun prófastsins, sem eptir landaura verðlagi á nærverandi tíma eru að upphæð nálægt 5 rd., svo með þessu móti skerðist inntekt fátækra kirkna um fullan þriðja og fjórða part árlega.

Ákvörðun tilskipunar 27. janúar 1847, í 5. gr. nær því nær hvergi tilganginum, í tilliti til fátækra kirkna, því þær ná næstum allar, að eins, 12 til 20 rd. tekju upphæð, svo þessi laga-ákvörðun er þeim gagnslaus, og virðist því nauðsynlegt að breyta henni í þá stefnu, að skoðunarlaunin væru í nokkuð líku hlutfalli við tekjur kirkna, svo sem, 10 áln. af tekjum sem ekki eru yfir 20 rd., 15 áln. af tekjum sem nema frá 20 til 40 rd., 20 áln. af tekjum sem nema frá 40 til 60 rd. og 25 álnir af tekjum sem eru yfir 60 rd.

Með þessari niðurröðun hverfur að miklu leyti sú ósanngirni, sem liggur í því, að allar kirkjur beri jafna byrði bæði ríkar og fátækar, og setur á lægra stig af fátækum kirkjum þann óþolandi skatt sem löggjöfin ákveður, svo að segja takmarkalaust.

Ef mönnum virðist nú þessi uppástunga rýra skoðunarlaun prófastsins, þá vil jeg benda á þann mismun sem er á verðlagi nú, og á þeim tíma sem tilskipun af 27. janúar 1847 myndaðist á, því 20 áln. á þeim tíma í þeim aurum sem kirkjur eiga heimting á til peninga reiknaðar eptir meðalverði, gjöra ekki betur en samsvara 13 áln. nú, eða 15, á móti 10, og svo frv.

Af þessu leiðir, að eg leyfi mèr hèr með að fela hinu heiðraða alþingi þetta mál til rækilegrar yfirvegunar og meðferðar, og ber hèr með fram þá uppástungu, að þingið feli málið nefnd til meðferðar, og riti síðan konungi vorum þegnlega bænarskrá á þessa leið:

Að fyrir kirkjuskoðun prófasts sè ákveðin borgun eptir efnahag kirkjunnar þannig:

a. af kirkju sem ekki hefir yfir 20 rd. tekjur, árið áður en skoðunin fer fram, að frádregnum hennar árlegu nauðsynjum, 10 álnir.
b. Af kirkju sem hefir tekjur frá 20 til 40 rd. 15 álnir.
c. Af kirkju sem hefir tekjur frá 40 til 60 rd. 20 álnir.
d. Af kirkju sem hefir tekjur yfir 60 rd. 25 álnir.

Reykjavík 6. júlí 1867.

Sighvatur Árnason.

(Nefnd sett).

BÆNARSKRÁ

frá Mýra og Hnappadalssýslu um vísitazíur prófasta.

Í tilskip. 29. maí 1744 er það að vísu boðið, að prófastarnir skuli á ári hverju vísitera prófastsdæmi sín, og sama tilskipun tekur einnig fram þær aðalskyldur, er prófastar skuli gegna á yfirreiðum sínum, er lúta einkum að því, að halda prestunum til að rækja vel embætti sitt, og er það í alla staði gott og gagnlegt, að embættismenn þessir hafi þvílíkt aðhald frá hálfu yfirboðara sinna, þótt oss á hinn bóginn eigi sè full-ljós verulegur árangur af því, ef presturinn sjálfur ekki ástundar að vanda embætti sitt eptir beztu meðvitund og eiði þeim, er hann hefir opinberlega að því unnið.

En auk þess fyrrtalda ber próföstum samkvæmt konungsbrèfi 5. júlí 1781 og tilskip. 17. júlí 1782 að skoða kirkjur og reikninga þeirra, og er þeim samkvæmt tilskip. 27. janúar 1847 áskilið til borgunar fyrir skoðanir þessar 20 álnir af hverri kirkju sem á 12 rd. árlega afgangs af nauðsynlegum útgjöldum, og 10 áln. af þeim kirkjum sem minna eiga afgangs.

Hvað færslu kirkjureikninganna snertir, þá virðist það nú vera orðið auðvelt fyrir presta og aðra, sem hafa þá á hendi, að semja þá, eptir að hafa fengið hinar ágætu reglur þar að lútandi, er byskupinn hefir nýskeð gefið út, og er próföstum innan handar að gegnumskoða þá heima hjá sèr, og setja út á, ef eitthvað kynni að finnast ábótavant við þá, og mætti þá laga það í næsta reikningi. Hinar árlegu vísitazíur virðast því frá þessari síðu að vera óþarfar.

Eins liggur það í augum uppi, að þessar árlegu vísitazíur prófastanna rýra ekki all-lítið tekjur kirknanna, því af þeim kirkjum sem leggja lítið upp, er það ekki að eins $^1/_3$ partur, heldur allt að helmingi af tekjunum sem gengur í vísitazíulaunin, hvar af leiðir, að það hefir borið við, að það hefir orðið að leita gjafa hjá almenningi til endurbyggingar fátækra kirkna, og virðist því bera brýna nauðsyn til, að breyta löggjöfinni í þessu tilliti, þannig, að próföstum sè gjört að skyldu, að vísitera að eins þriðja hvert ár, þar oss virðist það engan veginn geti orðið sá hagur fyrir kirkjurnar, að optar sè vísiterað, að það svari kostnaðinum, og því leyfum vèr oss að biðja hið heiðraða alþingi, að taka mál-

efni þetta til nákvæmrar yfirvegunar í þá stefnu, sem að ofan er ávikið.

Á sýslufundi í Mýra- og Hnappadalssýslu í maí 1867.

(148).

Vísað til nefndarinnar í málinu um kirkjuskoðanir prófasta.

BÆNARSKRÁ
úr Húnavatnssýslu um fjárkláðann.

Það hlaut að gleðja alla, sem unna heillum þessa lands, er innbúar Gullbringusýslu og nokkurs hluta Árnessýslu tóku sig saman um á fundi í Reykjavík 29. sept. f. á. að útrýma hinum skæða fjárkláða með niðurskurði, þar fyrir löngu virtist útsèð um það, að lækningarnar fengju því áorkað. En þó þessu máli væri nú vel framfylgt í einstökum sveitum og af einstökum mönnum, er þó fjárkláðinn því miður enn þá lifandi á Suðurlandi, þar bæði einstakir menn hafa skorizt úr leik og ráðstafanir yfirvaldanna hafa lotið í aðra átt.

Þar það virðist nú fullsannað af 11 ára sorglegri reynslu, að lækningar fá eigi útrýmt fjárkláðanum, sökum þeirra sèrstaklegu kringumstæða, er eiga sèr stað hèr í landi, og sá aðskilnaður hins sjúka og ósjúka fjár, sem er svo nauðsynlegur, er hèr ómögulegur, og yfirvöldum á hina hliðina þykir skorta lög til að þröngva mönnum til niðurskurðar, þá er það álit vort, að það sè eina ráðið, að alþing sendi Hans Hátign konunginum bænarskrá þess efnis, að hann með lögum bjóði, að eyða hinu sjúka fè með niðurskurði á vissum tilteknum tíma, helzt á næstkomandi hausti, en þar hjá þykir oss sanngjarnt, að eigendum hins sjúka fjár væri heitið skaðabótum eptir tiltekinna manna mati af jafnaðarsjóðum amtanna.

Þess vegna biðjum vèr hið heiðraða alþing að bera þá bæn fram fyrir Hans Hátign konunginn: að hann allramildilegast bjóði með lögum, að fjárkláðanum verði útrýmt á næstkomandi hausti með niðurskurði móti skaðabótum af jafnaðarsjóðum amtanna eptir mati tiltekinna manna.

Á fundi að Miðhúsum 11. júlí 1867.

Christjansson, fundarstjóri. *H. Melsteð*, fundarskrifari.

(Nefnd sett).

NIÐURLAGSATRIÐI
úr bænarskrám um fjárkláðann.

1. *Bænarskrá úr Húnavatnssýslu*:
   »Að Hans Hátign konungurinn allramildilegast bjóði með lögum, að fjárkláðanum verði útrýmt á næstkomandi hausti með niðurskurði, móti skaðabótum af jafnaðarsjóðum amtanna, eptir mati tiltekinna manna».

2. *Bænarskrá úr Borgarfjarðarsýslu:*
   1. »að sá kostnaður, sem leiðir af þeim verði, er vèr í samfèlagi við Vestfirðinga og Norðlendinga í ár höfum afráðið að setja frá Botnsvogum upp i Baldjökul verði borgaður af þeim, sem eiga hinn sjúka og grunaða fjárstofn sem oss er búin hætta af, samkvæmt áðurgreindri tilskipun, eða
   2. til vara er það vor bæn:
      að þjer sjáið svo um, að kostnaðinum af verði þessum verði jafnað niður að öðrum kosti á allt landið».

3. *Uppástunga þingmanns Mýramanna:*
   1. »að þingið biðji konung vorn að fyrir skipa, að kostnaður sá, sem leiðir af verði þeim, sem í sumar er settur frá Botnsvogum í Langajökul verði hálfur borgaður af eigendum hins sjúka og grunaða sauðfjár, en hálfur af jafnaðarsjóðum allra amtanna að jöfnuði eptir lausafjártíund».
   2. »að þingið biðji konung vorn að fyrir skipa að fjárkláðanum verði algjörlega út rýmt með niðurskurði á næstkomandi hausti».

4. *Uppástunga þingmanns Rangæinga:*
   1. »að í sèrhverri smittandi sauðfjárveiki og annara húsdýra, sè lögun þess og þeirra ákveðin með lagaboði með vissri takmörkun móti sanngjörnu almennu endurgjaldi».
   2. »að með lögum sè ákveðinn greinilegur aðskilnaður, á almennan kostnað, milli hinna sjúku og heilbrigðu hèraða þangað til sýkin er gjörsamlega upp rætt».

5. *Bænarskrá úr Skagafjarðarsýslu, a):*
   »að alþingi samhuga skori á stiptamtmanninn að sjá um,

að hinum sóttnæma fjárkláða verði algjörlega útrýmt úr Suðuramtinu á næsta hausti».

6. *Bœnarskrá úr Skagafjarðarsýslu b*:

»að alþing, þegar í byrjun þessa þings, semji frumvarp til laga um algjörðan niðurskurð á öllu kláðasjúku og grunuðu fè gegn sanngjarnlega metnum skaðabótum, er jafnað verði eptir réttri tiltölu á alla fjáreigendur í landinu og borgaður, þegar full trygging er fengin fyrir algjörlegri útrýmingu kláðans. Þetta frumvarp biðjum vèr þingið að senda H. H. konunginum, strax með fyrstu ferð í sumar, með þeirri eindreginni bæn, að hann allramildilegast vilji gjöra frumvarp þetta að lögum og senda þá tilskipun svo fljótt til landsins, að eptir henni verði hinum sóttnæma fjárkláða algjörlega útrýmt úr landinu á næsta hausti eða í hið minnsta fyrir næstu jól».

7. *Bœnarskrá úr Rangárþingi*:

1. »að fjárkláðinn verði sem fyrst algjörlega upp rættur».
2. »að á meðan á því stendur, sèu af hálfu hins opinbera nægar skorður reistar við, að hann útbreiðist til hinna heilbrigðu hèraða fyrir millirekstra eða samgöngur».

8. *Bœnarskrá úr Eyjafjarðarsýslu:*

»að alþingi sendi konungi vorum lagafrumvarp með öflugustu meðmælum sínum þess efnis, að þegar í haust verði skorið niður á Suðurlandi allt kláðasjúkt og grunað sauðfè gegn sanngjörnu eptirgjaldi af öllu sauðfè á landinu, þegar næg trygging er fengin fyrir því, að kláðinn sè algjörlega upp rættur, og sè endurgjaldinu jafnað niður á þetta sauðfè eptir sömu reglum, sem dýratollinum».

Vísað til nefndarinnar um fjárkláðamálið.

UPPÁSTUNGA

þriggja þingmanna um auglýsingu reikninga fyrir þjóðvegagjald.

Frá því tilskip. af 15. marz 1861, kom út, um vegina á Ís-

landi, og tímar liðu fram, hefir almennt verið vænt eptir, að menn fengju að sjá á prenti opinbera reikninga yfir þjóðvegagjaldið, eða vegabótasjóð hvers amts, samkvæmt konungsúrsk. af 2. marz s. á. og því heldur sem menn óvíða, og í fáum hèruðum landsins, þykjast sjá þess vott, að þjóðvegagjaldinu sè jafnóðum varið til vegabóta samkvæmt áminnstri tilskip., hvar af megi ráða að gjald þetta muni hafa myndað meiri eða minni sjóð í hverju amti. En af því þessi eptirvænting þjóðarinnar hefir verið árangurslaus til þessa dags, viljum vèr leyfa oss hèr með, að bera fram þá uppástungu fyrir hið heiðraða alþingi, að það allraþegnsamlegast beiðist þess:

Að með sèrstakri ákvörðun sè amtmönnum landsins, sem yfirstjórnendum þjóðvegagjaldsins, gjört að skyldu að auglýsa nákvæmlega á prenti alla reikninga yfir þjóðvegagjaldið, og hvernig því er varið í hverju amti.

Reykjavík 7. júlí 1867.

Sighvatur Árnason. Jón Sigurðsson. Páll J. Vídalín.

(Nefnd sett).

UPPÁSTUNGA

þingmanns Strandasýslu um styrk af læknasjóðnum handa Jóni Guðmundssyni á Hellu.

Eins og hinu heiðraða þingi er kunnugt kom frá Strandasýslu bænarskrá 1865, sem fór því fram að aðstoðarlækni Jóni Guðmundssyni á Hellu í Strandasýslu yrði útvegaður 100 rd. styrkur til að geta fram haldið lækningum framvegis. Þingið tók nú að sönnu vel þessari bænarskrá, og vísaði henni til nefndarinnar í læknaskipunarmálinu, og sèst af álitsskjalinu til hans hátiguar konungsins, hversu samhuga menn studdu þetta mál. En af því þingið fylgdi þá fast þeirri reglu, að læknalaunin ekki ættu að borgast úr læknasjóðnum, heldur úr ríkissjóðnum, þá varð sú niðurstaðan að biðja um að ofan nefndur styrkur yrði veittur af þeim 4,000 rd. sem ætlaðir voru til óvissra útgjalda fyrir Ísland, og að styrkurinn skyldi ákveðinn eitt sinn fyrir öll.

Nú er orðin á þessu stórknstleg breyting þar sem hin konunglega auglýsing til þessa þings ákveður að veita aðstoðarlækn-

um þeim sem setjast að í hèröðum á Íslandi 4—800 rd. árlegan styrk úr læknasjóðnum; og vegna þess, að opt nefndur Jón er nú sem stendur að nokkru leyti í stað eins þeirra fyrirhuguðu aukalækna, sem öllum kemur saman um, að sèu svo nauðsynlegir, þá virðist sanngirni tala fyrir því, að hann fái nokkurn styrk úr þeim sjóð, sem ætlaður er til að launa aukalæknum úr.

Af framanskrifuðum ástæðum sting eg upp á, að hið heiðraða alþing taki þetta mál til yfirvegunar, og riti vorum allramildasta konungi þegnlega bænarskrá um, »að Hans Hátign skipi svo fyrir, að aðstoðarlækni Jóni Guðmundssyni á Hellu í Strandasyslu, verði veittur árlega 200 rd. styrkur úr þeim Íslenzka læknasjóði til að framhalda lækningum í Stranda og Barðarstrandarsýslum þangað til sá fyrirhugaði læknir verði settur í þær.

Og til vara, að hann fái 100 rd. árlegan styrk, og sè þá ekki skuldbundinn til að lækna nema í Strandasýslu.

Reykjavík. 11. júlí 1867.

Torfi Einarsson.

BÆNARSKRÁ

úr Borgarfjarðarsýslu um að úrslit fátækramálefna verði lögð undir dómstólana.

Það er ætlun vor, að ýmsir verulegir gallar sèu á fátækralöggjöf þeirri, sem gildir í landi voru, og að þessi lög vor sèu vafasöm og ónákvæm, votta að vorri hyggju hinir mörgu yfirvaldaúrskurðir, sem felldir eru um fátækramál á ári hverju. En þar eð það getur dregizt, að þessi hluti laga vorra verði endurbættur í heild sinni, þá er það einkum eitt aðalatriði í þessu máli, sem vèr hèr leyfum oss að taka fram, og bera upp fyrir alþingi voru. Í þriðju grein reglugjörðarinnar um fátækramálefni á Íslandi frá 8. janúar 1834, er svo ákveðið, að allar þrætur um fátækramálefni skuli leiðast til lykta af yfirvöldunum, nefnilega stjórninni, amtmönnum og sýslumönnum. Með þessari ákvörðun virðist því mönnum vera meinað að leggja fátækramál, sem misklíð rís út af, undir dómstólana. Vèr viljum nú engan veginn segja, að yfirvöld

vor sèu hlutdræg, þegar þau úrskurða í fátækra málum, heldur ætlum vèr, að þau ráði þeim til lykta með samvizkusemi og varfærni, og getur sjaldan gengið neitt til að draga eins taum, fremur en annars. Samt sem áður er það ekki ólíklegt, að hver embættismaður mæli með sínum úrskurði, þegar hann er sendur æðra yfirvaldi, en slíkar meðmælingar þekkja menn ekki, eða þau áhrif, sem þær kunna að hafa á hin rèttlátu úrslit málanna; og svo ber það stundum við, að úrskurðir yfirvalda vorra í fátækra málum eru þannig lagaðir, að það þykir vafasamt, hvort þeir eru rèttir, en þetta leiðir aptur til óánægju fyrir þá, er hlut eiga að máli. Það er því fremur náttúrlegt, að þetta eigi sèr stað, þegar maður gætir þess, hvernig slík mál eru undirbúin í höndur yfirvaldsins. Vèr ætlum nú, að þessi mál hafi verið lögð undir umboðsstjórnina, til þess þeim yrði fljótar ráðið til lykta, en aðalatriðið er ekki það, að málum sè fljótt lokið, heldur hitt, að úrslitin sèu sem rèttlátust; það er eðlilegt þó menn vilji að málefni sín sjeu lögð í hendur þeim mönnum, sem menn bera bezt traust til, nú ætlast menn til, að rèttlátust úrslit mála sèu að fá hjá dómstólunum, því vilja menn, að fátækramál heyri undir þá, eins og önnur mál, og vèr höldum, að það ætti ekki að meina mönnum, að fara þessa leið með mál sín sem vilja. Þó ráðherrar, amtmenn og sýslumenn sèu lærðir, vandaðir og rèttsýnir menn, fellir þó einn þeirra úrskurðinn í hvert sinn, þar á móti er dómur dæmdur fyrir dómstólunum af fleirum lögfræðingum í einu. Gengu nú fátækramál fyrir dómstólana, yrðu þau prófuð og betur undirbúin, en hingað til hefir við gengizt. Það er eins áríðandi um fátækra og önnur mál, að þau fái svo rèttlát úrslit, sem unnt er, þess konar málefni hafa hin mestu áhrif á hag eða óhag hlutaðeigandi sveita, og misklíðin áhrærir opt mörg hundruð ríkisdali, svo löngum eru þau mál fyrir dómstólunum, sem minna er í varið en þessi. Annað atriði í þessu máli er það, að það virðist bæði óþarft og óhagfellt, að hafa hin seinustu úrslit fátækramála suður í Danmörku. Það orsakar bæði mikla tímalengingu og örðugleika með skriptir, og málin verða seinast afgreidd af mönnum, sem ókunnugir eru landsháttum og sveitarlífi hèr á landi. Af þessum ástæðum, og þar eð það er forn venja hèr á landi, að dómarar dæmi eins fátækramál, eins og önnur mál manna, leyfum vèr oss, að biðja yður, háttvirtu alþingismenn:

Að útvega lagaboð, er gefi mönnum fullkomið leyfi til að

leggja þrætur um fátækramál fyrir dómstólana og að landsyfirrètturinn verði hinn æðsti dómstóll í þess konar málum.

Á sýslufundi í Höfn 11. júní 1867.

Í nafni fundarins

Þorv. Ólafsson fundarstjóri. *J. Guðmundsson* skrifarar. *P. Grímsson.*

Fellt frá nefnd.

UPPÁSTÚNGA

2. konungkjörna þingmanns um læknamálið.

Eins og eg optar en einu sinni er búinn að taka fram við hið konunglega heilbrigðisráð í Kaupmannahöfn, sem og í brèfi mínu til löggæzluráðherrans og undir umræðum þeim, sem orðið hafa á alþingi, virðist reynslan og það, hvernig hèr hagar til, nægilega að vera búin að sýna og sanna, að Ísland ekki muni geta orðið byrgt af læknum nema með því eina móti, að læknakennsla komist á í landinu sjálfu.

Þessi skoðun vakir fyrir Íslendingum, og hefur komið skýrt fram á alþingi, og því er það orðin almenn ósk, að læknakennslu þeirri, sem nú þegar er hèr stofnuð, verði ekki að eins haldið áfram, heldur að hún verði aukin og fullkomnuð og komið fyrir á sama hátt, eins og kennslunni við prestaskólann, og þessari ósk hefir alþing hreift optar en einu sinni. Nú þó Íslendingar þakklátlega viðurkenni það fyrirkomulag, sem nú á sèr stað, að landphysicus með konungsúrskurði frá 29. ág. 1862 er falið á hendur að kenna læknisfræði og koma upp læknaefnum, dylst þeim þó hins vegar ekki, að það er ofætlun, að landphysicus samhliða og ásamt með sínum margs konar embættisstörfum sem eptir fólksfjölguninni aukast ár frá ári, skuli einn saman hafa á hendi og annast um menntun og uppfræðslu lækna-efna hèr á landi.

Þessi ofætlun verður enn þá ljósari, þegar menn jafnframt athuga, að landlæknirinn er líka hèraðslæknir í Borgarfjarðar-, Kjósar- og Gullbringusýslu, sem síðan fólkið fór að fjölga út af fyrir sig, er jafnvel ofstór verkahringur fyrir einn mann; en þegar hann jafnframt er landphysicus, og þar að auki einn saman á að annast um læknisembættið og læknakennsluna hèr, þá hljóta allir,

sem skyn bera á málið, að verða á eitt sáttir um það, að svo umfangsmikill starfi sè ofvaxinn eins manns kröptum, og að hann með engu móti geti komizt yfir hann í heild sinni, þannig, að hann geti fullkomlega fullnægt bæði sjálfum sèr og öðrum í því efni.

Það er í eðli sínu rètt hugsað, að læknakennsla sú, sem stofnuð yrði hèr í landi, eigi sèr stað undir yfirumsjón landlæknisins, og að hann sè sjálfsagður yfirkennari við læknaskólann hèr, því það þykir mega gjöra ráð fyrir því, að hann jafnan hafi þá yfirgripsmestu reynslu og ljósustu þekkingu á þeim landfarsóttum og innlendu veikindum, sem hèr ganga og meðferð þeirra; en þar sem læknisfræðin ár frá ári verður yfirgripsmeiri og landphysicus eptir embættisstöðu sinni hlýtur að verja miklum tíma til þess að athuga veikindi þau, sem hèr ganga, komast fyrir upprunа þeirra og orsakir, og íhuga, hvernig með þau skuli fara, þá virðist ekki betur, en að yfirgnæfandi ástæða sè til þess, að hlífa honum við að gegna daglegum lækningastörfum nema að því leyti, sem hann sjálfur fyndi hvatir hjá sèr til þess, og svo standi á, að hann í vísindalegu tilliti áliti það skyldu sína.

Það vantar, enn sem komið er, greinilega skýrslu um það, hvar sjúkdómar þeir, sem hèr ganga, helzt eigi heima hverjar orsakir þeirra sèu, því þó jústitsráð Dr. Schleisner hafi ritað um þetta efni, og mikið og margt sè á bók hans að græða, er þó hins vegar þess að gæta, að hann hefir orðið að lesa sèr það, sem hann ritar, mestmegnis til úr eldri rithöfundum, en eigi getað byggt á eigin reynslu eða skoðun, og hið sama er að segja um dr. Krabbes ritgjörð »um sullaveikina»; en eins og þetta rit hefir búið mjög vel í haginn fyrir nákvæmari íhugun og rannsókn þessarar veiki, og um það, hverjar á að gizka sèu orsakir hennar, þannig liggur það í augum uppi, að þessari rannsókn verður að halda áfram, auk þess sem menn þurfa betur en búið er, að geta komizt að einhverri fastri niðurstöðu um meðferð og lækning þessarar veiki, eigi síður en hverrar annarar, ef menn eiga að geta ráðið bót á henni, en það er öðru nær en svo sè; að vísu er í þessu umgetna riti bent á, hvaðan þessi veiki, á að gizka, hafi sín upptök, nl. frá hundunum, en sú skoðun hefir á seinni árum verið almenn meðal þýzkra og enskra lækna.

Hin önnur veiki hèr á landi, sem að vísu er langtum sjaldgæfari, en að hverri þó á einstöku stöðum er hið mesta mein, er holdsveikin. Það er hin brýnasta nauðsyn, að rannsaka og at-

huga þessa veiki miklu betur, en búið er, sèr í lagi með því að skera upp lík holdsveikra manna og íhuga með sjónauka sjúkdómsfrumefnið »de pathologiske Producter», en allar þess konar rannsóknir útheimta svo langan tíma og yfirlegu, að það er hreinn ógjörningur fyrir þann mann, sem á að gegna daglegum lækningastörfum í víðlendu hèraði, að komast yfir slíkar rannsóknir með þeirri athygli og nákvæmni, sem þar til útheimtist, til þess af þeim geti orðið verulegur árangur.

Landphysicus á eptir stöðu sinni árlega að safna öllum þeim árlegu embættislegu lækna-skýrslum frá öllum læknum í landinu; hann á að hafa gætur á því, að bólusetning sè stunduð og rækt og ljósmæður skipaðar hvervetna, svo á hann og, þegar svo ber undir, að segja álit sitt um þau »visa reperta«, sem hèraðslæknarnir hafa samið, og útheimtir allt þetta all-miklar skriptir, sem með tímanum, eptir því sem fólkið fjölgar og fleiri læknar verða skipaðir, hljóta að fara vaxandi í sama hlutfalli.

Það hefir enn fremur komið til yfirvegunar að stofna hèr heilbrigðisnefndir í hverri sókn á landinu, undir umsjón hèraðslæknisins og yfirumsjón landlæknisins, og komist þessar nefndir á, eykur það einnig mjög svo á skriptir landlæknisins.

Af þessu, sem þannig er talið og tekið fram, virðist það augljóst, að landphysicus hljóti að vera um megn að gegna hèraðslæknisstörfum, í víðlendu hèraði, samhliða þeim mörgu embættisstörfum, sem köllun hans að öðru leyti eru samfara, og að hann því sem allra fyrst eigi að verða laus frá þeim, svo hann frátafalaust geti gegnt þeim störfum, sem hann á að gegna, sem landphysicus, og yfirkennari við þá hèr stofnsettu læknisfræðislegu menntunarstofnun, og því fremur virðist þetta nauðsynlegt, sem það verður æ ljósara og ljósara, að kennslan í læknisfræðinni handa lækna-efnum hèr í landi, þurfi, til þess að geta náð sem mestri fullkomnun, og samsvarað því augnamiði að komast á sama fót og prestaskólinn að fyrirkomulaginu til; þetta er einnig álit landa minna og ósk alþingis, enda er með þessu eina móti nokkur von til þess, að þeir, sem útskrifast úr latínuskólanum hèr, og vilja leggja fyrir sig læknisfræði, sæki læknaskólann, og þar sem læknisfræðin enn fremur er miklu umfangsmeiri og erfiðari vísindagrein en guðfræðin, og hlutaðeigendur því þurfa lengri tíma til þess, að ljúka sèr af sem lækna-efni, en þeir sem ganga á prestaskólann, virðist auðsætt að læknaskólinn þurfi, og eigi að vera eins vel

úr garði búinn og prestaskólinn nú er; til þessa útheimtist, að kennendurnir við læknaskólann sèu 3, nefnilega yfirkennarann, sem standi fyrir kennslunni, og haldi vörð á því, að reglugjörðinni um kennsluna sè fylgt, og kenni það verklega í læknisfræðinni, einkum þá almennu og sèrstaklegu sjúkdómafræði og meðalafræði; annar kennari ætti að kenna náskurðar- og græðslufræði, og æfa lækna-efnin í að skera hold til lækninga (Operationer) og meðferð á rúmföstum sjúklingum, en þriðji kennari ætti að hafa kennsluna í frumefnafræði, náttúrufræði og grasafræði.

Svo fyrirkomulagið hafi sem minnstan kostnað í för með sèr og geti orðið svo hagfellt sem kostur er á, ætti landphysicus, eins og eg hefi tekið fram, að vera yfirkennari við stofnunina, og að launum til sem yfirkennari standa jafnhliða yfirkennaranum við prestaskólann; annar kennari, sem ætti að vera cand. med. & chir. frá háskólanum í Kaupmannahöfn, ætti að hafa sömu laun og 2. kennarinn við prestaskólann, og vera að auki hèraðslæknir í Kjósarsýslu með sömu launum og aðrir hèraðslæknar, því verði uppástungu alþingis framkvæmt um að læknir verði skipaður fyrir Gullbringusýslu, Keflavík og Suðurnes, gæti hèraðslæknirinn í Kjósarsýslu vel komizt yfir að gegna þeim læknisstörfum, sem koma fyrir í Kjósarsýslu, og verið jafnframt annar kennari við læknaskólann; og kennarinn í náttúrufræði við latínuskólann í Reykjavík gæti, að minnsta kosti fyrst um sinn, tekið að sèr kenusluna í frumefnafræði, náttúrufræði og grasafræði.

Með þessu fyrirkomulagi gæti talsvert sparazt, því húsaleiga fyrir 1 og 3 kennara fellur í burtu, þar sem hún er talin með hinu embætti þeirra, og ekki þarf heldur að reikna húsaleigu handa hèraðslækninum í Kjósarsýslu, því það má gjöra ráð fyrir, að hann verði að búa í Reykjavík, og fái þannig húsaleigu, sem annar kennari við læknaskólann. Laun landlæknisins, sem fyrsta kennara við tèðan skóla, yrðu eins og fyrsta kennara við prestaskólann eru nú, og 2. og 3. kennara eptir sama mælikvarða; 500 rd. handa hinum fyrrnefnda auk húsaleigu, en 300 rd. handa hinum síðarnefnda; sè enn þá hèr við bætt 100 rd. fyrir húsnæði handa skólanum, og 200 rd. fyrir bækur og áhöld árlega, mundu útgjöldin til skólans verða hèr um bil 3000 rd. eða 4000 rd. árlega, en þar frá er aptur að draga þau laun, sem bera 1. kennaranum við skólann, að því leyti sem hann jafnframt er hèraðslæknir, og þá 600 rd., sem nú eru lagðir til kennslunnar úr læknasjóðnum, svo þá

yrðu útgjöldin ekki nema liðug 3000 rd.—4000 rd. um árið; hèraðslæknalaunin í Gullbringusýslu koma auðsýnilega eigi læknaskólanum við, því þó allt standi við sama og er, þá er þó auðsætt, að læknir fyrir Gullbringusýslu, og sèr í lagi fyrir Keflavík og Suðurnes er algjörlega nauðsynlegur, einkum þegar litið er á það, að þar er hinn eiginlegi samastaður holdsveikinnar hèr í landi, og iðuleg lækniseptirlit, ráðstafanir og aðhjúkrun er óumflýjanleg, til þess sýkinni geti orðið útrýmt með tímanum.

Samkvæmt hinu framangreinda leyfi eg mèr að skora á hið heiðraða alþing að taka til yfirvegunar eptirfylgjandi uppástungur:

1. að í Reykjavík verði stofnaður skóli handa lækna-efnum á Íslandi.
2. að þessi skóli fái yfir höfuð að tala sama fyrirkomulag og fjárstyrk eins og prestaskólinn, sem hèr er stofnaður.
3. að við skólann verði skipaður yfirkennari með 2 kennurum, er kenni þeim, er í skólann ganga þær ýmsu greinir læknisfræðinnar, og hagi svo kennslunni, að náminu geti orðið lokið á 4 árum, og hlutaðeigendur þá gengið undir próf, er haldið er í viðurvist háyfirvaldsins og tveggja prófdómenda, hvar til sèu teknir einhverjir þeir 2 læknar, er næst búa Reykjavík.
4. að landlæknirinn sè ætíð yfirkennari við læknaskólann, en fái eptirleiðis lausn frá því að vera hèraðslæknir í Gullbringu-, Kjósar- og Borgarfjarðarsýslu; laun taki hann jöfn við yfirkennarann við prestaskólann, og þar hjá laun sem landlæknir.
5. að annar kennarinn við skólann sè kandídat í læknisfræði frá háskólanum í Kaupmannahöfn, og fái sömu laun sem 2. kennari við prestaskólann.
6. að kennaranum í náttúrufræði við Reykjavíkur latínuskóla verði eptirleiðis fyrst um sinn gjört að skyldu, móti árlegri þóknun («Honorar»), að kenna náttúrufræði, efnafræði og grasafræði í læknaskólanum.
7. að annar kennari við læknaskólann verði jafnframt skipaður hèraðslæknir í Kjósarsýslu með þeim launum, sem nú eru lögð hèraðslæknum.

Reykjavík, 13. júlí 1867.

Jón Hjaltalín.

Nefnd sett.

BÆNARSKRÁ

Austur-Skaptfellinga um að fá læknir í þá sýslu.

Eins og alþingi er kunnugt sendum vèr íbúar Austur-Skaptafellssýslu bænarskrá til alþingis 1865, þess efnis að fá lækni settan hèr hjá oss, og þó alþingi tæki þessa bænarskrá til meðferðar, og ritaði um málefnið bænarskrá til konungs með kröptugum meðmælum sínum um, að vèr fengjum ósk vora uppfyllta, þá hefir enn ekki orðið nokkur árangur sem oss sè kunnur af þessari bæn þingsins. En af því að oss er ár frá ári að verða tilfinnanlegri þau vandræði á högum vorum, að geta hvergi leitað læknishjálpar, þá áræðum vèr að senda enn óskir vorar um að fá lækni settan hèr hjá oss, því sjúklingar liggja svo árum saman, að þeim verður engin læknishjálp veitt; að sækja lækni norður á Akureyri er ókljúfandi, og enda þótt læknis væri að leita í Múlasýslum, þá er ekki að tala um að fá þá til sjúklinga, hingað í Austur-Skaptafellssýslu, nema um hásumar, því vegir frá Múlasýslum og hingað eru bráðófærir á vetrardag fyrir hesta, en fáir og engir læknar sem hafa þol til að fara gangandi austan frá Eskifirði hingað í sýslu yfir 4 til 5 þingmannaleiðir. Hèr í Austur-Skaptafellssýslu hafa verið, næst undan gengin ár, fjöldi sjúklinga, sem enga læknishjálp hafa getað fengið, nema frá homöopöthum, sem þó ekki hafa aðdugað, af því þeir hafa ekki treyst sèr að takast svo löng ferðalög á hendur til að kynna sèr sjúkdómana, og svo er það ókljúfandi kostnaður fyrir sjúklinginn, nema því að eins, að hann sè því betur á sig kominn með efni, að ná til læknishjálpar yfir margar þingmannaleiðir, því þeir homöopathar, sem á fund hefir verið leitað hèðan úr sýslu eru annar á Hálsi í Fnjóskadal, en hinn norður í Vopnafirði, og er þessi vegalengd eins erfið, og þó leitað væri læknis vestur að Móeiðarhvoli eða suður í Reykjavík, og þar nú svona er hörmulega ástatt fyrir oss, þá vonum vèr, að alþingi gefi þessari beiðni vorri kröptug meðmæli sín, undir eins og vèr treystum því einnig, að vor allramildasti konungur og stjórn vor láti sèr annt um þessar óskir vorar, þegar um líf og heilsu manna er að ræða. Það er sannarlega sorglegt að sjá menn liggja árum saman stynjandi undir sjúkdómsþjáningum, og loks deyja út af án læknishjálpar. Af framan töldum ástæðum biðjum vèr því alþingi:

að senda ítrekunar-bænarskrá til vors mildasta konungs um, að læknir verði sem allra bráðast settur hèr hjá oss, og að Austur-Skaptafellssýsla verði gjörð að sèrstöku læknisumdæmi.

Bjarnarnesi, 6. júní 1867.

(70 nöfn).

(Vísað til nefndarinnar í læknamálinu).

NEFNDARÁLIT

um jarða-afgjöld á Vestmanna-eyjum (sbr. bls. 222).

Hið heiðraða alþingi hefur kosið oss undirskrifaða í nefnd, til þess að yfirvega og segja álit vort um bænarskrá úr Vestmanna-eyjasýslu, um það, að fá breytt gjaldmáta þeim, er nú gildir á afgjaldi konungsjarða og tómthúsa þar.

Eptir að vèr höfum yfirvegað málið, leyfum vèr oss að segja álit vort um það á þessa leið.

Eins og kunnugt er, og bænarskráin ber með sèr, er allt afgjald konungseigna á Vestmanna-eyjum ákveðið eptir verði á *harðfiski*, en eins og bænarskráin tekur fram, virðist einnig oss þetta vera miður sanngjarnt, því fyrst og fremst eru allir á Vestmanna-eyjum hættir að verka harðfisk, og væri sú eina ástæða fyrir því næg, að þeim þar á eyjunum má heita því nær ómögulegt að gjöra það, þar sem fiskigarðar þeir, er áður voru til á eyjunum eru sumir niðurrifnir, og að tilhlutun hins opinbera jafnvel seldir. Auk þessarar ástæðu, er nú var talin, sem sè þeirrar, að vörutegund sú, er jarðagjaldið er ákveðið í, ekki er til, þó hún á fyrri dögum hafi verið eðlilega ákveðin, sökum þess, að þá var harðfiskur helzta vara eyjarbúa, leyfum vèr oss einnig, að geta þess, að þessi sama regla fyrir gjaldmátanum, sem nú er beðið um úr Vestmanna-eyjasýslu, er þegar komin á í Norðurlandi, þar sem áður átti sèr stað, að gjaldið af konungsjörðum var áskilið í ýmsum tilteknum vorutegundum, en er nú goldið eptir meðalverði allra meðalverða.

Þar eð vèr þannig verðum að álíta beiðni eyjabúa í alla staði sanngjarna, verðum vèr að vera henni meðmæltir, þó vèr að vísu

ekki getum fallizt á varaniðurlagsatriði bænarskráarinnar, því oss virðist aðal-niðurlagsatriði bænarskráarinnar fyrst og fremst rètt og samkvæmt íslenzkum hugsunarhætti, nefnilega að meðalverð allra meðalverða í hvers árs verðlagsskrá, verði hinn sanngjarnasti grundvöllur fyrir sèrhverju gjaldi; þar sem aptur á móti verðlag á saltfiski (út af fyrir sig tekið) gæti gjört, að annaðhvort hið opinbera missti í til muna, eða þá á hinn bóginn gjaldendurnir, eptir því, hvort verðið á saltfiskinum væri lágt eða hátt.

Af framan töldum ástæðum leyfum vèr oss að ráða hinu heiðraða þingi til, að það sendi Hans Hátign konunginum allraþegnsamlegasta bænarskrá um, að afgjöld af konungsjörðum og tómthúsum á Vestmanna-eyjum framvegis verði reiknuð og goldin eptir meðalverði allra meðalverða, samkvæmt verðlagsskrá þeirri, er gildir þar á rèttum gjalddaga

Alþingi þann 12. dag júlímánaðar 1867.

St. Thordersen. framsögumaður. *Sighv. Árnason.* skrifari. *Ó. Sigurðsson.*

ÁLITSSKJAL

til konungs um vöruflutninga (sbr. bls. 221).

Samkvæmt allrahæstu boði yðar konunglegu Hátignar hefir verið borið undir álit alþingis frumvarp til laga um, að útlendum skipum verði gefinn kostur á að flytja vörur hafna á milli á Íslandi og milli Íslands og Danmerkur.

Eptir að alþingi hefir skipað nefnd til að íhuga málefni þetta og síðan rætt það á tveim aðalfundum á lögskipaðan hátt, leyfir þingið sèr allraþegnsamlegast að láta í ljósi, að það ekki finnur neitt athugavert móti því, að frumvarpið verði gjört að lögum, að öllu leyti óbreytt að efninu til, en stingur upp á þeim orðabreytingum í því, að orðið »forrèttindi«, sem virðist eiga betur við en »einkarèttindi« um rètt þann, er sum útlend ríki hafa fram yfir önnur í verzlunarviðskiptum við Danmörku, verði sett í staðinn fyrir hið síðarnefnda orð, og að »að Færeyjum meðtöldum« verði setti í staðinn fyrir »að Færeyjum meðteknum«.

Alþingi leyfir sèr þannig með 23 atkvæðum allraþegnsamlegast að ráða yðar konunglegu Hátign til:

Að ofannefnt frumvarp til laga um að útlendum skipum verði gefinn kostur á að flytja vörur hafna á milli á Íslandi og milli Íslands og Danmerkur, út komi sem lög fyrir Ísland með hinum tilgreindu orðabreytingum.

Allraþegnsamlegast.

Jón Sigurðsson. Bergur Thorberg.

SKÝRSLA

frá landbúnaðarnefndinni.

Í tilefni af áskorun yðar, hæstvirti forseti alþingis, áhrærandi það, hvað ætlunarverki voru undirskrifaðra nefndarmanna í landbúnaðarnefnd þeirri, er alþingi setti í hitt hið fyrra, líði, þá skulum vèr geta þess, að svo var að vísu ráð fyrir gjört af allri nefndinni, að vèr 3, sem hèr erum á staðnum, kæmum oss saman um og bjyggjum til aðalatriði þau, er vèr álitum að leggjast ætti til grundvallar fyrir hinum nýju landbúnaðarlögum, og sendum þau meðnefndarmönnum vorum til skoðunar og frekari aðgjörða; vèr höfum nú og átt nokkra fundi með oss til að íhuga og ræða málið í þessa stefnu, og höfum einnig komið oss saman um einstök atriði þess, en því miður höfum vèr þó eigi getað komið ætlunarverki voru svo langt á leið, sem vèr hefðum viljað kjósa, og ber einkum til þess, að mál þetta er miklu yfirgripsmeira og vandasamara að vorri ætlun, en menn við fyrsta álit munu ætla, eins og það líka á hinn bóginn hlyti eptir grundvallarskoðun vorri, að hafa í för með sèr slíka breytingu á landbúnaðarlöggjöf vorri og slík afskipti af hálfu hins opinbera af landbúnaðarmálefnum vorum, að vart mundi ætlandi til, að því yrði framgengt eptir því, sem nú á stendur. Að öðru leyti álítum vèr málefni þetta vera eitthvert hið helzta velferðarmálefni lands vors, sem landsmenn eptir megni ættu að gefa sem mestan gaum.

Reykjavík, 11. júlí 1867.

Jón Pjetursson. Benedikt Sveinsson. Magnús Jónsson.

UPPÁSTUNGA FORSETA

um meðferð landbúnaðarmálsins.

Jafnframt og eg legg fram fyrir hina háttvirtu alþingismenn skýrslu þá, sem til mín er komin frá nefnd þeirri, sem kosin var á alþingi 1865 til að undirbúa landbúnaðarlög handa Íslandi, leyfi eg mèr að bera fram þá uppástungu:

Að umboð nefndarinnar frá 1865, til að undirbúa landbúnaðarlög handa Íslandi, verði lengt til alþingis 1869.

Alþingi 13 júlí 1867.

Jón Sigurðsson.

UPPÁSTUNGA

þingmanns Skagfirðinga um byggingarnefnd í hverjum hrepp.

Hverjum manni, sem hèr hefir ferðast um landið, hlýtur að vera það full-ljóst, að bæjabyggingum vorum sè í mörgum greinum mjög ábótavant; ekki einasta hvað bygginguna á hverju húsi fyrir sig snertir, heldur einkum niðurskipunina á húsunum; því það mun óhætt að fullyrða, að henni ráði einatt ýmislegar afstöður hinna gömlu torfveggja, sem menn hlífa sèr við að færa burt, fyrr en jafnótt og moldinni er eytt í hina nýju byggingu. Af þessu leiðir, að húsaskipunin á bæjum vorum er mjög ólík, og sumstaðar svo óhentug, að hvert hús er öðru til eyðileggingar, þar sem rakafull sund milli þeirra, einatt feyja viðina á fáum árum, svo menn mega neyðast til, að vera í þessum húsaviðgjörðum á hverju vori, sem er svo skaðlegt fyrir landbúnaðinn; þar sem þessum tíma mætti annars verja til jarðabóta, er landið allt af svo mjög þarfnast. Hèr við bætist, að þessi rakafullu hús, eru bæði óholl fyrir þá, sem í þeim búa, og líka eyðileggjarar fjármuna þeirra sem í þeim eru geymdir, jafnvel hvað mikla varkárni sem menn við hafa.

Ef vèr nú eigum nokkurn tíma að geta tekið framförum í þessari grein, sèr í lagi hvað niðurskipun og vöndun húsanna snertir, virðist mèr brýn nauðsyn, að hèr verði skipaðar byggingarnefndir í hverjum hrepp, er sèu kosnar af sveitamönnum sjálfum, og að

þeim verði veitt líkt vald og byggingarnefndir hafa hèr í kaupstöðum landsins. Þessar nefndir gætu þó, að minnsta kosti, komið húsabyggingunum í það horf, að meiri hagsýni, en hingað til hefir átt sèr stað, verði við höfð, þar sem hinir hyggnari menn þjóðarinnar fengju tækifæri til að ráða miklu um húsaskipun hjá hinum.

Af framantöldum ástæðum leyfi eg mèr að bera þá uppástungu fram fyrir hið heiðraða alþingi:

> Að það taki mál þetta til yfirvegunar, og sendi H. H. konunginum allraþegnsamlegasta bænarskrá um, að settar verði byggingarnefndir í hverjum hrepp á landinu, með líku valdi og byggingarnefndir hafa hèr í kaupstöðunum.

Reykjavík 12. júlí 1867.

Ó. Sigurðsson.

BÆNARSKRÁ

úr Húnavatnssýslu um húsastærð.

Yður er það kunnugt, heiðruðu alþingismenn! að amtmaður vor Norðlendinga hefur á næstliðnum vetri leitazt við að koma því til leiðar, að heilbrigðisnefndir verði stofnaðar í hverri kirkjusókn í amti hans, og hefur bæði byskupinn og landlæknirinn mælt fram með þessu fyrirtæki.

En þó vèr í alla staði verðum að viðurkenna nauðsyn þessa fyrirtækis, þá erum vèr samt hræddir um, að slíkar heilbrigðisnefndir komi minnu til leiðar, en óskandi væri, nema konungur vor og stjórn hans einnig gefi málefni þessu þann gaum, sem það á skilið, og styrki það að því leyti, sem vald heilbrigðisnefndanna nær ekki til, eptir því ásigkomulagi, sem nú er; og í þessu tilliti viljum vèr minnast á bæjabygginguna, og einkum baðstofurnar, sem allur fjöldi heimilismanna býr í dag og nótt mestan hluta ársins, af því það, eins og nú á stendur hèr á landi, sýnist vera eitt af aðalverkefnum heilbrigðisnefndanna, að efla þrifnað á heimilinu og stuðla til þess, að óhagkvæmt húsnæði verði því ekki til fyrirstöðu, að þessu verði komið við.

Það er alkunnugt, að sèrhverri jörðu fylgja nokkur svokölluð

bæjarhús, og þar á meðal baðstofa, sem fólkinu er ætluð til íbúðar, og er þetta óumflýjanlegt, til þess að jörðin verði álitin byggileg. Þau hús, sem þannig fylgja hverri jörðu, eru því eign landsdrottins, eins og jörðin sjálf, og eru því að álíta sem einn part af jörðunni, og óaðskiljanleg frá henni. Af þessu virðist leiða, að eins og nauðsyn ber til, að hverri jörðu fylgi næg jarðarhús, eins verði það að álítast skylda hvers landsdrottins, að sjá um, að hús þessi yfir höfuð, og þó einkum baðstofan, sem fólkinu er ætluð til íbúðar, sè svo rúmgóð, og að öðru leyti svo úr garði gjörð, að lífi og heilbrigði þeirra, sem í þeim eiga að búa, sè borgið. En þegar vèr lítum eptir því ásigkomulagi, sem nú er, sjáum vèr, að á þessu er mikill misbrestur. Vèr vitum ekki betur, en að læknar álíti, að hvert það hús, sem fólki er ætlað til íbúðar, þurfi að vera svo rúmgott og loptmikið, að það innihaldi 200—300 teningsfet handa hverjum manni; en þegar vèr aðgætum margar eldri og yngri jarða-úttektir, þá sjáum vèr, að mjög víða eru þær baðstofur, sem jörðinni fylgja, svo rúmlitlar, að þær innihalda að eins 50—100 teningsfet handa hverjum manni. Þegar dregið er út meðaltal af þeim fólksfjölda, sem almennt er haft á jörðunum, og þegar þar við bætist, að á flestum jörðum fylgir ekki nokkur þilfjöl innan um baðstofurnar, heldur er moldargólf og moldarveggir á allar hliðar, svo engu verulegu hreinlæti verður til hlítar við komið, þá má nærri geta, hvort heilbrigði manna muni vera borgið í slíkum húsum, og má fullyrða, að í þessu tilliti er engu betur ástatt á klausturjörðum og öðrum opinberum eignum, en á bændajörðum.

Að vísu vitum vèr, að þetta neyðarástand hefir knúð margan leiguliða til að stækka baðstofurnar fram yfir það, sem skylda hans var að lögum og landsvenju; en eins og efnahagur margra leiguliða er svo bágborinn, að þeir ekki treystast til að færast slíkan kostnað í fang, svo að þetta geti orðið svo almennt, sem þörf er á, eins er mjög hætt við, að víða færist aptur í sama horfið, þar sem það er mjög sjaldgæft, að landsdrottinn taki nokkurn þátt í þessum tilkostnaði, og leiguliðinn því álítur að vonum stækkunina sína eign, og við burtför af jörðinni annaðhvort rífur það, sem hann þannig hefir byggt, eða ver því á annan hátt.

En með því vèr nú verðum að álíta, eins og áður er sýnt, að það sè helg skylda hvers landsdrottins, að láta hverri jörð, sem hann byggir öðrum, fylgja svo rúmgóð og að öðru leyti svo

vel umvönduð bæjarhús og einkum baðstofu, að vera fólksins í henni ekki stofni lífi og heilbrigði þess í hættu; en þetta mun varla komast á, nema það verði með lögum ákveðið — þá leyfum vèr oss að biðja yður heiðruðu alþingismenn, að senda vorum allramildasta konungi bænarskrá þessa innihalds:

Að það verði ákveðið með lögum, hve stór og rúmgóð og að öðru leyti vel umvönduð jarðarhús, einkum baðstofa, fylgja eigi hverju býli á landinu eptirleiðis, og sè það miðað við jarðarstærð, og þann fólksfjölda, sem á jörðinni hefir verið um fleiri ára tíma að undanförnu, samt að hver landsdrottinn eða jarðareigandi verði skyldaður til, að leggja þessi hús til á sinn kostnað, að því leyti stækkun húsanna snertir og aðrar nýjar endurbætur.

Á sýslufundi að Miðhúsum 11. júní 1867.

K. Kristjánsson, fundarstjóri. *H. Melsteð.* fundarskrifari.

Þessi fjögur þingskjöl hèr næst að framan voru afhent formanni landbúnaðarnefndarinnar assessor Jóni Pèturssyni.

ATKVÆÐASKRÁ

í málinu um jarða-afgjöld á Vestmanna-eyjum. (Sbr. bls. 222).

---

1. *Sveinn Skúlason:* að orðunum í uppástungu nefndarinnar (2. tölulið): »á Vestmann. framv. verði reiknuð» — verði breytt þannig:

   »á Vestmannaeyjum verði framvegis við hver fyrstu leigulíða skipti reiknuð« ... o. s. frv. (Fellt með 15 atkvæðum gegn 8).
2. *Nefndin*: að afgjöld af konungsjörðum og tómthúsum á Vestmannaeyjum framvegis verði reiknuð og goldin eptir meðalverði allra meðalverða, samkvæmt verðlagsskrá þeirri, er gildir þar á rèttum gjalddaga. (Fellt með 18 atkvæðum gegn 5).
3. *Pètur Guðjónsson* (viðauka-atkvæði): að jarðabókargjöld í Gullbringusýslu þar sem þau hingað til hafa verið goldin eptir harðfiskverði, einnig eptirleiðis gjaldist eptir meðalverði allra meðalverða. (Tekið aptur).

4. *Magnús Jónsson* (viðauka-atkvæði): að þessi breyting nái einnig til jarða-afgjaldanna af konungsjörðunum í Reykjavíkurkaupstaðar umdæmi. (Tekið aptur).
5. *Björn Pètursson:* að aptan við orðin í uppástungu nefndarinnar (2. tölulið) verði bætt: »þó svo, að afgjöldin eigi verði færð niður úr því sem nú er, nema því að eins, að öðruvísi sè um samið». (Fallið).
6. Hvort alþing vill senda Hans Hátign konunginum bænarskrá um þau atriði, sem samþykkt eru í þessu máli. (Fallið).
7. *Arnljótur Ólafsson* (vara-uppástunga): að alþing vísi málinu til hlutaðeigandi yfirvalds (stiptamtmannsins) til rannsóknar. (Samþykkt með 20 atkvæðum.

BÆNARSKRÁ

til alþingis um laxveiði, frá Mýra- og Hnappadalssýsu.

Eins og kunnugt er hefir laxveiðin á landi hèr verið talin meðal bjargræðisvega vorra, því einkum á fyrri tímum hefir laxinn gengið í flest vatnsföll landsins, og tímgast í þeim; og á meðan veiði-aðferð landsmanna var á hyggilegum hófsemdarvegi, og hinum fornu veiðilögum var lotning sýnd, færði þessi bjargræðis útvegur landsmönnum allmikinn arð, en nú á hinum seinni árum lítur út fyrir, að allmargir landsmenn hafi að nokkru leyti gleymt hinum fornu, og í mörgnm greinum heppilegu lagasetningum, um þetta efni, og sumir má ske aldrei sèð þær eða heyrt; því fullyrða má, að sumir þeirra sem veiði eiga, hugsi einungis um að drepa sem mest af laxinum sjálfum það árið eða þann daginn, sem yfir stendur, án þess að hugsa hið minnsta um það, hvort þeir sjálfir eða aðrir fái nokkuð veitt árið eða daginn eptir, nè um hitt, hvort aðrir sem veiði eiga, geti nokkurrar veiði notið. En einkum hefir þessi óregla og gleymska laganna farið í vöxt síðan laxsala til útlendra fór að tíðkast, enda virðist oss líta út fyrir, að laxveiðin hèr á landi muni bráðum algjörlega verða eyðilögð, ef áður sögðu háttalagi er fram haldið. En þó hin framan nefndu fornu laxveiðilög vor, nefnil. Jónsbókar landsleigubálks 56. kapítuli: sèu í mörgum greinum góð og hagkvæm, þá eru þau þó hvergi nærri full-

næg núverandi og væntanlegum þörfum vorum, og finnst oss því bera brýna nauðsyn til, að vèr getum öðlazt breyting og aukningu hinna þráttnefndu laga, eða með öðrum orðum, hagfelldari laxveiðilög, og leyfum vèr oss að drepa stuttlega á nokkur atriði, er oss virðist lög þessi ætti inni að halda:

1. Vèr álítum, að laxveiði ætti einungis að leyfast á tímabilinn frá maímánaðarlokum til 16. ágústmánaðar ár hvert, en alls ekki á nokkrum öðrum tíma; þar að auki álítum vèr nauðsynlegt að banna allan veiðiskap frá því kl. 12 eður miðnætti á laugardögum til kl. 12 eður miðnættis á sunnudögum í sèrhverri viku á nefndu tímabili.
2. Álítum vèr nauðsynlegt að banna alla laxveiði á sjó nálægt árósum, eða þeim vatnsföllum, sem lax gengur í, sem og allan veiðiskap í árósunum sjálfum, eða svo nálægt sjó, að laxgöngu spilli.
3. Að stærð netamöskvanna sè svo takmörkuð, að hinn smái og ungi lax fái lifi að halda, svo fjölgunin viðhaldist, og virðist oss hæfilegt, að stærð möskvanna sè þannig takmörkuð, að hinn minnsti möskvi sè $2^1/_4$ þumlungur á hvern veg milli hnútanna.

Án þess að taka hèr fleira fram af hinum mörgu sèrstöku atriðum þessa máls, leyfum vèr oss að snúa oss að hinu heiðraða alþingi, og biðja það að taka þetta málefni til nákvæmrar yfirvegunar, og ef það verður oss samdóma um, að málefni þetta þurfi lagfæringar við, þá að biðja konung vorn um lög, sem fullnægi þörf vorri í þessu efni.

Á sýslufundi í Mýrasýslu í maímánuði 1867.

147. nöfn.

LÖG (í Noregi)

frá 23. maí 1863 um friðun á laxi og sjóbirtingi.

---

1. gr. Frá 14. sept. til 14. febr. er bannað að veiða eður deyða á nokkurn hátt lax og silung (sjóbirting) í ám, árósum, straumvatni, stöðuvötnum, tjörnum, fjörðum eður fyrir sjáfarströndum, eður að viðhafa, leggja eður í vatni láta liggja veiðivèlar fyrir lax eða silung,

2. gr. Auk þess tímabils, sem þegar er nefnt, og fiskur skal friðaður vera, þá er einnig bannað að viðhafa, leggja eður láta liggja veiðivèlar fyrir fiska 24 stundir í viku hverri, sem sè frá miðjum aptni á laugardegi til miðaptans á sunnudegi, svo að fiskurinn geti farið upp að á hverri.

3. gr. Við árósa, þar sem lax og silungur gengur um, getur konungur, þegar nauðsyn þykir til bera sökum veiðinnar, ákveðið visst svæði, þar sem eigi má leggja net eður aðrar veiðivèlar. Svo getur hann og á því svæði bannað mönnum að við hafa net með smáriðnari möskvum en svo að $2^1/_4$ þumlungs sè milli hnúta. Slíkt svæði skal með skýrum mörkum auðkenna.

4. gr. Í fjörðum og með sjáfarströnd og í árósum og svo langt upp eptir straumvötnum, sem lax og sjóbirtingur getur gengið, má til veiðiskapar eigi leggja net eður önnur riðin veiðarfæri með minni möskvum en svo, að $2^1/_4$ þuml. sè milli hnúta. Nú eru aðrar veiðivèlar settar þar sem fiskur helzt vill ganga eður á hægt með að ganga, þá skulu eigi færri en 10 ferhyrnd op á þeirri veiðivèl, og sè hver hlið á því opi eigi styttri en $2^1/_4$ þumlungs. Ef grindur eru á veiðivèl, og spelar í grindinni beint upp og niður, skulu 2 þumlungar vera milli spelanna.

5. gr. Í árósum og ám þar sem lax og silungur gengur, skal á öllum árstímum bannað að við hafa lóðir (línur), eða þau veiðarfæri, að náð verði smálöxum eða smásilungum.

6. gr. Enginn má bjóða til kaups, kaupa eða veita móttöku laxi þeim, er veiddur er á friðartíma þeim er til er tekinn í 1. gr., eigi heldur bjóða (á boðstólum hafa) silung, sem veiddur er á þeim tíma. Eigi má heldur bjóða til sölu lax eða silungsbröndur styttri en 8 þumlunga.

7. gr. Afbrigði gegn banni því, sem um er rætt í framanskrifuðum greinum, eður í norsku lögum 5—11—6, varðar 60 sk. til 10 spes. sekt í fyrsta sinn sem brotið er, 2 til 20 spd. í annað sinn, en frá 5 til 30 spd. í þriðja sinn og í hvert skipti sem optar er brotið. Ef brotið er á móti 4. og 5. gr. þá eru og upptæk veiðarfæri þau er óleyfilega hafa verið við höfð.

8. gr. Mál þau er rísa af afbrigðum þeim, sem um er talað í 7. gr. eiga fyrir lögreglurètt. Nú er maður hafður fyrir sök um slík afbrigði, og skal þá lögreglustjóri í kaupstöðum og farmstöðum, en fógetinn á landsbyggðinni heimta andsvör þess, er brotið hefir, um það hvort hann án dóms og laga vilji svara bótum, og

skulu valdsmenn þeir, er nú voru nefndir, ákveða upphæð þeirra. Kjósi hann þau úrslit málsins, skulu þau úrslit rituð í dómsmálabók lögreglustjóra þess er hlut á að máli, og hafa þau málalok sama gildi, sem dómur gengi í málinu, en fèbætur þær, sem þannig eru ákveðnar, skulu teknar lögtaki, ef eigi eru greiddar í tæka tíð. Neiti hann brotinu, eða því að málið komi í gerð, eða svari engu að tilteknum fresti liðnum, skal valdsmaður, ef hann eigi er sjálfur dómari í lögreglurèttinum, en annars háyfirvaldið láta prófa sökina og dæma ef þörf krefur.

Sektir og andvirði upptækra muna falla í ríkissjóð; þó fær sá helming þess fjár, er uppljóstrar málinu, ef það er lènsmaður, eða einhver af þjónum lögreglu eður tilsjónar manna (§ 11).

9. gr. Lög þessi ná eigi til þeirra áa eður vatnsfalla, þar sem sjósilungur gengur og ekki lax; en hins vegar getur konungur, eptir tillögum hlutaðeiganda amtsráðs, veitt undanþágur eða linun á banninu í 1. 2. og 4. gr. laga þessara, að því leyti einstöku amt, hèröð, vatnsföll eða vatnahluta snertir.

10. gr. Konungur getur, ef hann setur reglugjörðir, sem nauðsynlegar eru til þess að verja fyrir öllum veiðispjöllum, leyft bæði laxveiði og silungsveiði á tímabili því, sem veiðin annars almennt er bönnuð, þegar slíkt leyfi miðar til þess að ná stofnfiskum til fiskeldis staðanna.

11. gr. Þeir sem eiga laxveiði í vatnsfalli eða á því svæði sem til þess vatnsfalls er talið, annaðhvort einir fyrir sig eður í fèlagi við aðra, geta myndað fèlög og á sameiginlegan kostnað sett umsjónarmenn yfir veiðinni, annaðhvort á öllu veiðisvæðinu eða nokkrum hluta þess. Sè veiðin leigð manni um lengra bil en 5 ára tíma, þá skal leiguliði, meðan hann hefir veiðina, ganga í stað eiganda. Þær veiðistöðvar skulu undanþegnar gjaldi til umsjónarmanna, sem annaðhvort eru lagðar niður af því veiðin svarar ekki kostnaði, ellegar af því að einhverjar tálmanir banna veiðina.

Á fundi skal ákvörðun tekin um tilsjón veiðinnar, þann fund ákveður fógeti, þegar einhver fèlagsmanna æskir þess, og skal kveðja menn til þess fundar, en eigi er þess þörf að laxveiði sú, sem um er að ræða, sè á nafn nefnd í fundarboðuninni, en hins skal gætt, að ummál veiðisvæðis þess, er fèlagið ætlar sèr til umráða, sè á nafn nefnt. Fundurinn skal boðaður á öllum kirkju-

stöðum í sóknum þeim, er veiðisvæðið nær yfir, hálfum mánuði fyrir fund.

Þeir, sem eigi koma á fund, eru bundnir við þær reglur um tilhögun og störf fèlagsins, sem meiri hluti fundarmanna hefir sett og konungur samþykkt.

Reglum þeim, er þannig eru settar og samþykktar, verður eigi breytt, nema því að eins, að það sè gjört á fundi kvöddum með áðursögðum fyrirvara af stjórn fèlagsins (13. gr.) og með konungs samþykki.

12. gr. Konungur, eður sá sem hann gefur umboð til, ákveður, ef þurfa þykir, hversu mikið svæði skal talið með vatnsfallinu, af sjáfarströndu þeirri, er þar er næst, eður af firði.

13. gr. Fèlagið kýs til næstu tveggja ára eptir að það er stofnað, og síðan annaðhvort ár, fèlagsstjóra, og skal fèlagsstjórnin ásamt hlutaðeigandi fógeta setja umsjónarmenn yfir veiðinni.

14. gr. Umsjónarmenn fá þá borgun fyrir starfa sinn, sem fèlagið ákveður. Borgunin greiðist eptir niðurjöfnun á fèlagsmenn eptir þeim arði, sem laxveiðin þykir gefa af sèr. Gjald það, er fèlagið þannig hefir niðurjafnað, skal fógeti heimta saman, og fær í þokkabót fyrir það 4 af hundraði, en sè gjaldið eigi goldið, þá tekur fógeti það lögtaki. Niðurjöfnunina gjöra svo margir, eða fáir menn sem fèlagið ákveður, og stendur hún eigi skemur en 3 ár.

15. gr. Hlutaðeigandi fógeti hefir heimting á að vera viðstaddur fundarhöld fèlagsins og greiða atkvæði; þó getur hann eigi sem fógeti greitt atkvæði, þegar tilrætt verður um hvort, stofna skuli slíkt fèlag eður eigi.

16. gr. Umsjónarmenn skulu metnir jafngildir lögregluþjónum, ef gjört er á hluta þeirra í orðum eða verkum.

17. gr. Það er á konungs valdi, að hve miklu leyti þau vatnsföll, er mörkum ráða milli Noregs og næstu ríkja, skulu vera undir þessum lögum, sem hèr ræðir um.

18. gr. Hin 4. grein laga þessara nær lagagildi 2 árum eptir þinglestur laganna. En þangað til má við hafa veiðivèlar þær, sem við hafa gengizt, hvort heldur þær, sem möskvar eru á, eða önnur op.

Undanþágur frá þeirri friðun, sem til þessa hafa átt sèr stað, skulu óhaggaðar standa um eins árs tíma eptir að lög þessi eru þinglesin.

19. gr. Lögin frá 17. ágúst 1848 og 12. október 1857 um friðun á laxi og sjósilungi, eru hèr með úr gildi numin.

LÖG (í Noregi)

frá 6. júní 1863 um takmörkun á brúkun veiðivèla til fiskiveiða í ám og stöðuvötnum. (Fylgiskjal b).

---

1. gr. Konungur getur, eptir ósk hlutaðeigandi sveitarstjórnar eða amtsstjórnar, bannað til fiskiveiða í ám og stöðuvötnum í einu amti eður amtshluta, að við hafa slíkar veiðivèlar, er spilla þykja veiðinni. Slíkt forboð má þó eigi hafa í för með sèr nokkra breytingu á þeim lögum, er miða til að friða lax og silung.

2. gr. Brjóti nokkur móti því, er konungur hefir boðið um það efni, varðar það sekt frá 1 til 10 spesíudala, og rennur í hlutaðeigandi sveitarsjóð.

3. gr. Þegar einhver er kærður um þá yfirtroðslu (2. gr.), skal í kaupstöðum lögreglustjóri, en á farmstöðum og til sveita fógeti æskja skýrslu þess, sem fyrir sök er hafður, um það, hvort hann vill án dóms og laga greiða bæturnar, er valdsmenn þeir sem nú voru nefndir skulu ákveða. Tjái hann sig fúsan til þess, þá skulu þau úrslit málsins, er gilda sem dómur væri, rituð í dómsmálabók lögreglurèttar þess, er hlut á að máli, en bæturnar skulu teknar lögtaki, ef tregða verður á borgun þeirra. Neiti hann þar á móti að vera valdur að yfirtroðslunni, eða færist undan því að svara bótum án dóms, eður svarar alls ekki á tilteknum tíma, þá skal hinn áðurnefndi valdsmaður, ef hann er eigi sjálfur dómari í lögreglurèttinum, en annars yfirvaldið, prófa sökina og sjá um það, að henni sè haldið fram til dóms og laga.

LÖG (á Englandi)

frá 6. ágúst 1861 um laxveiðar.

24⁰ & 25⁰ Victoriae, Cap. 109.

Laxveiðar.

Anno vicesimo quarto et vicesimo quinto Victoriae Reginae (XXIV. og XXV. ríkisár Viktoríu drottningar).

Kapít. CIX.

Gjörðar til lagabóta um laxveiðar í *Englandi.* (6. ágúst 1861).

Með því, að laxveiðar á Englandi hafa verið mjög skemmdar á seinast liðnum árum, og með því nauðsyn ber til að gjöra lagabætur um laxveiðar á Englandi, til þess að fá aukin föng af laxfiski, þá gjörir Hennar Hátign Drottningin með ráði og samþykki hinna andlegu og verzlegu lávarða og alþýðufulltrúa, er nú eru á þingi saman, og að fyrirlagi hinna sömu, þá lagaskipun á því máli, er hèr skal greina:

Forsendur.

1. Í öllum tilvitnunum má kalla gjörð þessa *laxveiðalögin 1861.*

2. Þessi lög skulu ekki ná til *Skotlands* nè *Írlands,* nè *Tweed-ár* eins og henni er lýst í Tweed-ár-veiða lagabót, 1859.

3. Þessi lög skulu ekki ná gildi fyrr en fyrsta dag *október*-mánaðar árið eitt þúsund átta hundruð sextíu og eitt.

4. Í þessum lögum skulu orð þau og málsgreinir, er hèr eptir eru nefndar, hafa þá þýðingu er hèr er frá skýrt, nema þar sem ósamkvæmni kann að vera í málinu, það er að segja:

»Maður«, »nokkur«, »einhverr« skal tákna hvaða mannfjölda sem vera skal, hvort sem þeir menn eru í fèlag bundnir eða ekki.

»Lax« skal tákna allt far-fiski af laxtegund, hvort sem hann er nefndur nöfnum þeim, er hèr segir, t. a .m. lax, silungur, eða hverju öðru nafni er við gengst í ýmsum sveitum.

»Lax-ungi« skal tákna allt ungviði af laxtegund, hverju nafni sem það nefnist.

»Rèttur« skal tákna tvo eða fleiri friðardómendur, er setu eiga á smá-dómstefnum.

«Flóðvötn« tákna sjó og allar ár, vik, læki eða önnur vötn svo langt upp eptir er flæðir og fjarar.

«Upplandsvötn« eru öll þau vötn sem ekki eru flóðvötn.

»Garður« táknar allar stíflur og aðrar fastar teppur sem notaðar eru til að stífla vötn.

»Fiskistífla« skal tákna hvers konar garð, er notaður er eingöngu til þess að veiða lax eða til að gjöra laxveiði auðveldari.

»Mylnufiskistífla« skal tákna garð hvern er notaður er eður ætlaður til fiskiveiða að einu leyti eða til að gjöra fiskiveiðar auðveldari, og að öðru leyti til þess að veita vatni á mylnur.

»Fastavél« skal tákna stjakanet, háfnet og grunnfastar veiðivélar allar, er hafðar eru til laxveiðar eður til að gjöra laxveiðar auðveldari.

»Innanríkis-ráðaneyti« skal tákna einhvern aðalráðgjafa Hennar Hátignar, Drottningarinnar.

Veiðilög.

Forboð ýmsra aðferða til að eyða fiski.

Ef nokkur lætur renna, eða viljandi leyfir að renna skuli, eða lætur eða viljandi leyfir að láta í vötn er laxveiður er í, eða í þau vötn, er þar að renna, svo mikið af nokkru efni þéttu eða lögkynjuðu er ollað fái því, að slík vötn eitri eða drepi fisk, skal hann sæta þessum sektum:

(1.) Er hann verður sannur að sök í fyrsta skipti, sæti hann sekt, er ekki fari fram úr fimm pundum.

(2.) Er hann verður sannur að sök í annað skipti, sæti hann sekt, er ekki fari fram úr tíu pundum. En fremur sæti hann sekt er ekki fari fram úr tveim pundum fyrir hvern þann dag er slíku lagabroti er framhaldið.

(3.) Verði hann sannur að sök í þriðja sinn, eða optar, sæti hann sekt er ekki fari fram úr tuttugu pundum fyrir dag hvern, er slíku lagabroti er framhaldið, talið frá þeim degi er hann varð sannur að sök í þriðja skipti.

En enginn skal háður vera téðum sektum fyrir nokkurt verk, er hann hefir gjört og fylgt réttindum, er honum ber að lögum, ef hann sannar, svo að rétturinn, er honum hefir verið stefnt fyrir, sé ánægður, að hann hafi við haft hina beztu og hagkvæmustu aðferð, með hæfilegum kostnaði, til að gjöra óskaðvænt hið lögkynjaða eða þétta efni, er þannig hefir verið leyft að renna eða látið hefir verið í vötn. En ekkert af því, er hér er sagt, skal hindra nokkurn mann frá því að ná fullum rétti að lögum þegar svo er mál vaxið, að hann hefði náð slíkum rétti, ef þessi gjörð hefði ekki orðið lög; það skal heldur ekki hafa undanþeginn nokk-

urn mann frá nokkurri hegningu, er hann ella hefði verið háður; það skal og heldur ekki löghelga nokkra athöfn nè vanrækt, er álitin mundi verða illverk, eða á annan hátt lögum gagnstæð, ef þessi lög væri ekki til.

6. Nú kærir einhverr og höfðar mál gegn einhverjum til þess að fá greiddar sektir allar er hann ber fyrir, að hinn kærði, sem hèr á eptir verður nefndur «verjandi sakar», hafi orðið útlagur um eptir síðast ritaðri grein; og færir verjandi fram sèr til varnar, þegar hann mætir fyrir dómendunum er sitja í rètti þeim er prófa skal mál hans eptir þessum lögum, að hann hafi haft við hina beztu og hagfelldustu aðferð, með hæfilegum kostnaði, til að gjöra slíkt efni óskaðvænt, og sannar svo að rèttinum þyki viðsæmandi, að, ef svo færi, að kæra hans skyldi sæta úrslitum gegn honum, að kostnaðurinn við það að teppa um aldur og æfi efni það er málið reis af, mundi fara fram úr einu hundraði punda auk málskostnaðar, og gefur tryggingu, er rjetturinn samþykkir, fyrir því, að hann skuli halda áfram áfríun sinni og bíða þess, að hún falli í dóm, og skal þá stöðva allan málarekstur fyrir dómendum, en kæranda skal lögheimilt að höfða málið í einhverjum hinna hærri rètta Hennar Hátignar í *Westminster* gegn verjanda. Skal þá kærandi afhenda verjanda ályktunar-úrskurð, er rannsaka megi eptir, hvort hann hefir haft við hina beztu og hagfelldustu aðferð með hæfilegum kostnaði, til þess að gjöra greint efni óskaðvænt Lögun slíks úrskurðar, ef þar um skyldi verða þræta, eða ef verjandi skyldi ekki mæta, skal ákveðin í þeim rètti, er málið hefir komið í; og skal það mál rekið og slíkur úrskurður rannsakaður á sama hátt og hvorttveggja vera sömu lagatilfellum háð, sem þau mál, er rekin eru og úrskurðir þeir er rannsakaðir eru í öðrum tilfellum innan þinghár slíks rèttar, eður svo nærri þeim sem kringumstæður leyfa.

7. Úrslit dómsnefndarinnar um slíkan úrskurð skal, nema rèttur sá, fyrir hverjum hann er prófaður, skipi nýtt rannsóknarhald, vera endilegur, að því er snertir allan ágreining um framvegis málarekstur, er við hafður kann að verða til þess að fá greiddar sektir, er hafa fallið samkvæmt tèðri lagagrein, og kostnaður sá, er kann að hafa hlaupið á máls-aðila frammi fyrir dómendum í slíkum málarekstri, sem nefndur er í þessari grein, skal álítast kostnaður af því máli einu leiddur, og skal hann þar eptir greiða.

8. Enginn maður skal gjöra þetta nè neitt af þessu, er hèr er nefnt

(1.) Enginn má hafa nokkurs konar ljós til laxveiða.

(2.) Enginn má við hafa stingi, krókstjaka, slaghnall, snöru eða aðrar slíkar veiðivèlar til laxveiða.

(3.) Enginn má hafa í eigu sinni laxveiðaljós nè aðrar hinna tilgreindu veiðivèla þannig, að rètturinn, er honum hefir verið stefnt fyrir, álíti nægar líkur til, að hann hafi ætlað þær til laxveiða, er þær fundust.

Hver sem brýtur gegn þessari grein skal sæta sekt, er ekki fari fram úr fimm pundum og skal láta bótalaust allar veiðivèlar er hann hefir notað, eða fundizt hafa í eigu hans gagnstætt ákvörðunum þessarar greinar. En þessa grein skal eigi heimfæra til nokkurs manns er brúkar krókstjaka til hjálpar við færi eða stöng.

9. Enginn maður má gjöra neitt þeirra hluta, er hèr greinir:

(1.) Enginn má hafa fiskihrogn til veiða.

(2.) Enginn má kaupa, selja, eða hafa til sölu eða hafa i eign sinni nokkur laxhrogn.

Hver sem brýtur gegn þessari grein skal sæta sekt fyrir hvert brot, er ekki fari fram úr tveim pundum, og skal hann láta bótalaust allt laxhrogn er finnst í eigu hans. Þó skal þessi grein eigi heimfærast gegn þeim, er hefir laxhrogn í eigu sinni til útungunar eða í öðrum vísindalegum tilgangi, eða gefur rèttinum þar sem hann er prófaður aðrar sennilegar ástæður fyrir því, að hann hefir þau í eign sinni.

10 Enginn skal veiða, eða reyna til að veiða lax, í net, er hefir möskva minni en tveggja þumlunga milli hnúta á hverri hlið eður átta þumlunga í kring, og sè mælt er möskvinn er votur. Hver sem móti þessari grein brýtur, skal þar fyrir láta bótalaust öll net og möskvuð veiðarfæri, er hann hefir þannig notað til veiða, og skal hann bæta hvert slíkt brot með sekt, er eigi fari fram úr fimm pundum. Leggi nokkur tvö eða fleiri net, hvert á bak við annað, þannig, að ákveðin möskvavídd netanna minnki, eða fóðri þau með lèrepti eða noti nokkrar aðrar veiðibrellur þannig, að farið yrði í kring um þegar greinda ákvörður um netamöskva, skal hann álítast sekur um brot gegn þessari grein.

11. Enga *fasta veiðivèl* af neinu tægi má láta niður eða nota til laxveiða í nokkru landvatni eða slíkum vötnum, er flæðir í og fjarar. Sè nokkur veiðivèl sett niður eða notuð gegn ákvörðun

þessarar greinar, skal hún upptæk eða eydd ella. Hver sú vèl, er þannig hefir verið niður sett og notuð til laxveiða, skal upptæk, sem og allur sá lax, er veiddur hefir verið í slíkri vèl. Enn fremur skal eigandi vèlar þeirrar, er þannig hefir verið niður sett og notuð gegn ákvörðun þessarar greinar, sæta sekt, er eigi fari fram úr tíu pundum fyrir hvern þann dag, er hann hefir þannig haft vèlina niður setta og notað hana. Samkvæmt þessari grein ber að álíta fastar veiðivèlar öll net er fest eru með stjórum eður á annan hátt grunnfest um tíma; þó skal grein þessi ekki rjúfa neinn fornan rètt eða fiski-aðferð, sem framin er í löghelgi, þá er þessar ákvarðanir verða að lögum, samkvæmt heimildum og lofum frá ómunatið. Enga ákvörðun þessarar greinar ber að heimfæra til fiskigarða eða fiskimylnu-stífla.

12. Um fiskistíflur skal gæta eptirfylgjandi reglugreina.

(1.) Enga veiðigarða nè fiskistíflur við mylnur skal við hafa til veiði-lèttis, nema slíkar stíflur, er notaðar eru í fullri löghelgi eptir ómuna heimild eða eldgömlum lofum.

1. Hver sem veiðir eða reynir að veiða lax gegn ákvörðun þessarar greinar skal gjalda sekt, er eigi fari fram úr fimm pundum fyrir hvert brot, og enn fremur gjaldi hann sekt er eigi fari fram úr einu pundi fyrir hvern lax, er hann hefir þannig veitt.
2. Allar laxkistur, gildrur, net og veiðibrellur, sem við eru hafðar áfastar fiskigarðinum i þeim tilgangi að veiða lax, skulu uppnæmar, bótalaust.
3. Allur sá lax, er veiddur er gegn ofanrituðu forboði, skal bótalaust upptækur.

Má og enga fiskistíflu við hafa til laxveiða, jafnvel þó hún sè í löghelgi notuð, svo sem áður er tekið fram, nema á henni sè op það til frjálsrar fiskigöngu, er hèr eptir verður nefnt. Enga mylnu-fiskigarða, þó í löghelgi sè notaðir, svo sem fyrr segir, má við hafa til laxveiða, nema á þeim sè fiskismuga, svo löguð og víð, sem innanríkis-ráðaneytið heimilar; slíkan garð má heldur ekki nota til laxveiða, nema því að eins að ávallt sè nógur vatnsstraumur í greindri smugu til þess, að lax geti farið upp og niður um hana. Þó skal slík smuga hvorki vera víðari nè dýpri en svo að hún svari ofangreindu augnamiði.

(2.) Enginn má veiða eða reyna til að veiða lax nema með fiski-stöng, hvorki í lóni ofan stíflu nè undir fossi neðan stíflu við

mylnur, nè yfir höfuð nær neðan stíflu en svo að svari sjötíu og fimm álnum, nema á mylnustíflunni sè smuga, svo að lögun og vídd sem innanríkis-ráðaneytið hefir heimilað; og renni stöðugt um smuguna svo mikið vatn, að lax fái gengið hana upp og ofan. Brjóti nokkur gegn greindri ákvörðun,

1. Skal hann fyrir hvert brot sæta sekt, er ekki fari fram úr tveim pundum, og enn fremur sæti hann sekt, er ekki fari fram úr einu pundi fyrir hvern lax, er þannig hefir verið veiddur.
2. Allur lax, er veiddur hefir verið gegn greindri ákvörðun, skal upptækur, bótalaust, sömuleiðis öll net og aðrar veiðivèlar, er notaðar hafa verið eða settar niður til að veiða lax.

13. Þar sem laxungar eða lax getur smogið út úr aðalfljóti um tilbúna skurði, er veita eiga borgum neyzluvatn eða veita eiga vatni í skipgenga skurði skal það fèlag, eða þeir menn er sjá eiga um slíka tilbúna skurði, setja upp sex mánuði eptir að þessi gjörð verður að lögum og halda við á eigin kostnað grindverki um þveran skurðinn, til þess að stía brottu frá skurðinum öllum laxi, ungum og gömlum; skal grindverk þetta niður sett á þann hátt og í þeirri lögun, er eptirlitsmenn þeir samþykki, er nefndir eru í þessari gjörð. Vanræki fèlag nokkurt eður einstakir menn að setja niður grindur þar sem slíkt skal gjört eptir fyrirmælum þessarar greinar, skal það eða þeir sæta sekt er eigi fari fram úr fimm pundum fyrir dag hvern er vanrækt hefir verið að fylgja ákvörðunum þessarar greinar úr því að hinn ákveðni sex mánaði tími er útrunninn. Hvert það fèlag eður einstakir menn, er vanrækja að halda við grindum þessum skulu sæta sekt er eigi fari fram úr einu pundi fyrir dag hvern, er slíkri vanrækt hefir verið framhaldið. Þó ber þess að gæta, að slíkar grindur sè aldrei þannig settar niður, að þær teppi siglingu eða bátaferðir á skipgengum skurðum.

14. Enginn maður má gjöra neitt þeirra hluta, er nú skulu greindir:

(1.) Enginn má af ásettu ráði taka «óhreinan» eður «ótímanlegan» lax.

(2.) Enginn má kaupa, selja, nè hafa til sölu, nè hafa í eigu sinni nokkurn «óhreinan» eður «ótímalegan» lax, nè heldur nokkurn part af slíkum laxi.

Hver sem breytir gegn þessari grein skal sæta eptirgreindum sektum:

(1.) Hann skal hafa bótalaust upp tekinn allan þann fisk er tekinn hefir verið, keyptur, seldur, eða hafður til sölu, eða fundinn í eigu hans.

(2.) Hann skal sæta sekt, er eigi fari fram úr fimm pundum fyrir hvern fisk er tekinn hefir verið, seldur, hafður til sölu eða fundinn í eign hans.

En þessi grein skal ekki eiga við:

(1.) Nokkurn mann er tekur slíkan fisk óvörum og lætur hann þegar aptur í vatnið og veitir honum hinn minnsta sársauka, er honum er framast unnt.

(2.) Nè nokkurn þann, er tekur eða eignast slíkan fisk til þess að unga út hrogni hans með mannlegri kunnáttu eða ætlar að nota fiskinn til vísindalegs augnamiðs.

15. Enginn maður má gjöra neitt þeirra hluta er nú skulu greindir:

(1.) Enginn má taka af ásettu ráði, nè deyða lax-unga.

(2.) Enginn má kaupa, selja eða hafa til sölu nè í eigu sinni lax-unga.

(3.) Enginn má setja niður slíkar vèlar, er teppi göngur lax-unga.

(4.) Enginn má af ásettu ráði vinna lax-ungum neitt mein.

(5.) Enginn má af ásettu ráði brófla við hrogn-legi nè neinni flúð eða rifi, þar sem laxhrogn kann að liggja.

Hver sem brýtur gegn þessari grein skal sæta þessum sektum:

(1.) Hann skal láta bótalaust alla lax-unga, er finnast í eigu hans.

(2.) Hann skal láta bótalaust allar fiski-stengur, færi, net, tól öll og veiðibrellur er hann hefir notað til að fremja ofangreind brot.

(3.) Fyrir hvert brot skal hann sæta sekt er eigi fari fram úr fimm pundum.

En engin þessara ákvarðana skal eiga við þá, er kunna að hafa fengið lax-unga til uppeldis eptir reglum mannlegrar kunnáttu, nè við þá er fá lax-ungana í vísindalegu augnamiði. Engin þessara ákvarðana skal heldur halla rètti eiganda til að hagnýta sèr jarðefni árfarvega eins og lög standa til[1].

16. Ef nokkur af ásettu ráði styggir eða reynir til að veiða lax, þegar hann er að leggja hrogn sín, eða er á hrogn-beðjum sínum eða nálægt þeim, skal hann sæta sekt er eigi fari fram úr fimm pundum; en þessi grein skal þó ekki eiga við neinn er

1) Hèr er átt við sandnám til kölkunar og annara þess konar afnytja.

veiða kann eða reynir að veiða lax til að ala hann upp eptir reglum mannlegrar kunnáttu eða í vísindalegu skyni.

ÁKVARÐANIR UM VEIÐI-TÍMA.

17. Enginn skal fara fiski-erinda, veiða, nè reyna til að veiða nè drepa lax milli þeirra daga er hèr eptir verða nefndir (og verður það tímabil hèr nefnt hinn »lokaði tími»), það er: frá fyrsta degi septembermánaðar til fyrsta dags næsta febrúarmánaðar, að báðum hinum tilgreindu dögum meðtöldum. Þó er mönnum lögheimilt að veiða með stöng og færi frá fyrsta degi septembermánaðar til fyrsta dags næsta nóvembermánaðar, að báðum hinum nefndu dögum meðtöldum. Hver sem brýtur gegn þessari grein skal láta bótalaust allan lax er hann hefir veitt og þar á ofan sæta sekt er eigi fari fram úr fimm pundum; enn fremur skal hann sæta sekt er eigi fari fram úr tveim pundum fyrir hvern lax, er hann hefir þannig veitt.

18. Nú sitja dómendur á missirisdómstefnu í einhverju fylki er liggur að vatni, er lax-veiður er í og snúi þeir sèr til innanríkis-ráðaneytisins með beiðni um að lengja eður breyta þeim tíma sem laxveiðar eru bannaðar á, og má þá innanríkis-ráðaneytið lengja eða breyta þeim tíma sem bannað er að veiða lax á í slíkum vötnum. Þessa beiðni skal forseti ofannefndra dómenda flytja sjálfur greindu ráðaneyti, en ráðaneytið skal þó ekkert gjöra við beiðnina fyrr en formleg sönnun er fram komin, að skrifara friðar-dómarans í hverju fylki — nema í fylki dómendanna sem beiðni kemur frá — er land á að slíku vatni, hafi verið birt tilkynning um beiðni þessa, og eptirrit af þeirri tilkynningu hafi verið auglýst í hverju fylki er land á að vatninu að minnsta kosti einu sinni á viku hverri í fjórar vikur samfleyttar í einhverju dagblaði fylkisins. Innanríkis-ráðaneytið skal lengja tímann, svo sem fyrr er sagt, með skipun er út komi í nafni einhvers ríkisráðgjafanna. Skipunina skal birta í blaðinu »*London Gazette*» og skal það blað, sem hún er auglýst í, vera sönnun þess, að skipunin hafi verið gjörð.

Til þess að ákvarðanir þessarar greinar komist alstaðar að, skal álíta hvern »Riding»[1] eða önnur skipti á fylkjum, er eiga

1) „Norður„- „austur“- og -„vestur“ „riding“ (yfir-reiðar) eru nefndar þær þrjár dómþinghár er York skíri skiptist í; til þessara skipta lýtur orðið „Riding“ hèr.

missiris-dómseturètt sèr, eins og fylki út af fyrir sig; allar þær sektir er áskildar eru í þessum lögum til þess að varna laxdrápi á hinum »lokaða tíma» skulu og eiga við hinn »lokaða tíma« þannig lengdan. Innanríkis-ráðaneytið má og breyta til um hinn lengda «lokaða tíma» er þörf gjörist.

19. Enginn má kaupa, selja eða hafa til sölu, nè hafa í eigu sinni til sölu nokkurn lax frá þriðja degi septembermánaðar til annars dags næsta febrúarmánaðar. Hver sem gegn þessu breytir, skal láta óbættan allan fisk, er þannig hefir verið keyptur seldur, hafður til sölu eða hann hefir í eigu sinni til sölu og skal hann sæta sekt, er eigi fari fram úr tveim pundum fyrir hvern slíkan fisk. Þessi grein skal þó ekki eiga við neinn þann er kaupir, selur eða hefir til sölu, eða hefir í eigu sinni til sölu lax saltaðan, súrsaðan eða hertan eður slíkan lax, er hefir verið veiddur utan tíma-ákvarðana þeirra er þessi lög ákveða; sè ei að síður nýr lax seldur, hafður til sölu, eður fundinn í eigu nokkurs manns til sölu frá áður sögðum þriðja degi septembermánaðar til áður nefnds annars dags febrúarmánaðar, skal sú kvöð hvíla á þeim, er selur eða hefir til sölu, eða hefir í eigu sinni til sölu slíkan lax, að sanna, að hann hafi verið veiddur utan þeirra tíma-takmarka, er þessi lög ákveða.

20. Hver sem á, eða heldur laxveiðistöðu, skal, innan þrjátíu og sex stunda frá byrjun hins »lokaða tíma«, láta taka upp og flytja á brottu úr vatni veiðistöðunnar allar rimar, viðjur og grindaverk úr kistum eða laupum og öll stórtrè eða fastar vèlar er hafðar eru til laxveiða eða laxa-dráps og allar aðrar stíflur og teppur fyrir frjálsri fiskigöngu í eða gegnum kistur og laupa í veiðistöðu hans. Vanræki eigandi, eður sá er veiðistöðuna hefir, að bera brottu sem fyrr segir nokkurn þeirra hluta er hèr er fyrirlagt að hafa tekna upp og brottflutta, skal hann sektast sem hèr segir:

(1.) Hann skal láta bótalaust hvað eina sem ekki er tekið upp og brott flutt að fyrirlagi þessarar greinar.

(2.) Hann skal sæta sekt, er eigi fari fram úr tíu pundum, fyrir hvern dag er hann lætur slíka hluti óupptekna um fram þann tíma er þessi lög ákveða.

21. Enginn skal fara í fiskileitir, veiða nè drepa öðruvísi en með stöng og færi nokkurn lax frá því klukkan er tólf á *laugardegi* þangað til klukkan er sex á *mánudagsmorgni*. Hver sem gegn þessari grein brýtur skal láta óbættan allan þann fisk er

hann hefir veitt og öll þau net eður hreifanleg veiðarfæri er hann hefir notað við veiðina, þar á ofan skal hann sæta sekt er eigi fari fram úr fimm pundum og þar um fram greiði hann sekt er eigi fari fram úr einu pundi fyrir hvern fisk er þannig hefir verið veiddur frá því að klukkan var tólf (miðdegi) á *laugardegi* þangað til hún var sex á *mánudagsmorgni*. En engin ákvörðun þessarar greinar skal neyða eigendur grunnfastra veiðivéla til að taka þær upp eða hafa þær á brottu um þann tíma, sem nefndur er til í þessari grein, nè gjöra hann útlægan um sekt, ef hann leggur net sín þannig niður eður hefir einhverja aðra þá aðferð við er innanríkis ráðaneytið fellst á, að laxi sè varnað frá því að fara inn í hinar grunnföstu veiði-vélar þann tíma sem áður er ákveðinn.

22. Hver sem á, eða heldur veiðistöðu, skal frá því klukkan er tólf (á miðdegi) á *laugardegi,* til þess klukkan er sex á *mánudagsmorgni,* halda opinni smugu, er sè að minnsta kosti fjögurra feta breið, ofan úr vatnsbrún og niður í botn gegnum allar kistur og stokka og laupa er hafðir eru til laxveiða í veiðistöðu hans, þannig að svo vítt op sem hèr er tekið fram verði fyrir laxinum til frjálsrar göngu upp og niður gegnum hverja kistu, stokk eða laup, hvort sem slíkar veiðivélar eru hafðar til laxveiða eður eigi. Til þess að slík opna haldist teppulaus skal hann taka upp allar rimar og grindur úr slíkum kistum, stokkum og laupum. Hver sem gegn þessari grein brýtur skal sæta sektum sem hèr greinir:

(1.) Fyrir hvert brot skal hann sæta sekt, er eigi fari fram úr fimm pundum, og enn fremur gjaldi hann sekt er eigi fari fram úr einu pundi fyrir hvern fisk, er þannig hefir verið veiddur.

(2.) Hann skal láta bótalaust hvern fisk, er hann hefir veitt gegn ákvörðun þessarar greinar.

Fiskigöng.

23. Allir veiðistöðu eigendur mega eptir ritaðri heimild innanríkis-ráðaneytisins búa til á þeim stíflum, sem til eru þegar þessi lög koma í gildi, fiskigöng svo að lögun og vídd sem innanríkis-ráðaneytið fellst á, þannig að mylnur ekki missi vatnsafl sitt, nè nokkrar skipgengur ár eða skurðir sæti vatnsþurrð fyrir slík fiskigöng. Hver sá, sem mótþróa sýnir þeim er lagaheimild hafa til að búa til göngin, eður fyrirskipa það er þörf er á til að koma fyrir og viðhalda slíkum fiskigöngum, skal sæta sekt, er eigi fari fram úr tíu pundum fyrir hvert það verk er hann hefir haft í

frammi í slíku mótþróaskyni. Hver sá, er skemma kann slík fiskigöng, skal greiða allan kostnað, er leiðir af viðgjörð þeirra og skal sá kostnaður greiddur viðstöðulaust; hafi skemmdirnar verið gjörðar af ásettu ráði, skal hann enn fremur sæta þar fyrir sekt, er eigi fari fram úr fimm pundum. Hver sá er sýnir sig í því að fæla lax frá að fara um tèð fiskigöng eða veiðir hann er hann gengur um þau, skal sæta sekt, er eigi fari fram úr fimm pundum fyrir fyrsta brot, og sekt, er eigi fari fram úr tíu pundum fyrir hvert brot, er hann verður sekur um síðan, og skal hann láta óbættan allan þann lax, er hann veiðir gegn því er þessi grein tilskilur, þar með skal hann og láta bótalaust hvert það verkfæri er hann hefir haft til slíkrar laxveiðar. Þó er það tilskilið, að ef nokkur stíflugarður er skemmdur við það, að fiskigöngum er komið á hann eptir fyrirmælum þessarar greinar, getur hver sá, er kann að hafa beðið tjón þar af, fengið endurgoldinn skaða sinn viðstöðulaust hjá þeim manni eður mönnum, er bjuggu til hin umræddu fiskigöng.

24. Innanríkis-ráðaneytið skal ekki heimila þeim, er eignarhald hafa á stíflum leyfi til að koma á þær fiskigöngum samkvæmt fyrirmælum næstu greinar hèr á undan, fyrr en hann sannar, að innanríkis-ráðaneytinu þyki við hlítandi, að hann hafi birt eiganda stíflunnar tilkynningu um það, að hann ætli að beiðast slíks leyfis og hafi jafnframt lagt fyrir hann uppdrátt og lýsingu fiskiganga þeirra, er hann ætlar að búa til, og það svo tímanlega, áður en hann sótti um tèð leyfi, að eigandi geti löglega borið fram fyrir innanríkis-ráðaneytið hverjar þær mótbárur, er honum þykja við eiga gegn því að það veiti slíkt leyfi; skal þá innanríkis-ráðaneytið taka allar þannig fram bornar mótbárur til greina, áður en það gefur leyfi til, að slík fiskigöng verði til búin.

25. Hver sá, er býr til nýjar stýflur í vötnum, er lax gengur í, eptir það að þessi lög ná gildi, eða hækkar eða breytir áður gjörðum stíflum, þannig að fiskiganga teppist þar við meir en áður, skal búa til á slíkum vegg, og við halda svo vel dugi, fiskigang þannig að lögun og vídd sem innanríkis-ráðaneytið ákveður; vanræki hann þetta, skal hann sæta sekt, er eigi fari framm úr fimm pundum. Það skal og lögheimilt innanríkis-ráðaneytinu að láta gjöra hvert það verk, er þessi grein gjörir slíkum mönnum að skylduverki, og hafa borgun greidda þar fyrir viðstöðulaust frá þeim er sekur hefir gjörzt um vanrækt í slíku efni. Þó ber eigi að álíta,

að þessi grein gefi heimild til að nokkurn hlut megi gjöra, er skemma kunni skipgengar ár eða skurði eður skipaferðir inn um land. Engin ákvörðun þessarar eður hinnar næst undanförnu greinar skal heldur varna nokkrum manni frá því, að taka af um tíma fiskigöng, meðan garði er breytt eður hann er bættur, ef hann býr göngin til, eptir hæfilegan tíma, eins nýtileg og þau voru, áður en hann tók þau af.

26. Þegar á garði eru höfð fiskigöng samkvæmt fyrirmælum þessara laga, skulu vatnsheldur þær, — þar sem nokkrar vatnsheldur annars eru, — er ella væru við hafðar til þess að veita aðra leið því vatni er yfir garðinn rynni, vera jafnan lokaðar, til þess að hið umrædda vatn renni um fiskigöngin, þegar ekki þarf á því að halda í neinar mylnuþarfir. Hver, sem vanrækir að fylgja fyrirmælum þessarar greinar, skal sæta sekt er eigi fari fram úr fimm »shillings»[1] fyrir stund hverja er slíkri vanrækt hefir verið fram haldið. Þó skal þessi grein eigi meina neinum manni að opna vatnsheldu, til þess að hleypa af vatni er ofvextir hlaupa í ár, eður til mylnu þarfa, eður, ef þess þarf við, til skipagöngu, eður er hreinsa þarf og bæta stíflur, mylnur eður þá hluti, er mylnum við koma.

Ákvarðanir um fiskistíflur.

27. Nái nokkur fiski-stífla lengra en hálfa leið yfir á, þegar vatn er sem minnst í henni, skulu á henni vera opin göng, gjörð að fyrirmælum þeirra ákvarðana, er hèr eptir verða teknar fram, nema svo sè, að innanríkis-ráðaneytið gjöri þar um aðra fyrirskipun að heimild þessara laga.

(1.) Hin opnu göng skulu vera milli stíflu-endanna þar sem áin er dýpst.

(2.) Hliðarnar á göngunum skulu liggja jafnlínis með straumstefnunni í ánni þar sem stíflan er.

(3.) Botninn í göngunum skal vera jafnlágur farvegi árinnar eins og hann er ofan og neðan stíflu.

(4.) Göngin skulu hvergi vera mjórri, þar sem mjóst er, en svari einum tíunda hluta árbreiddarinnar; þó skulu göngin aldrei þurfa að vera víðari en 40 fet, nè mjórri en þrjú fet.

28. Til þess að gjöra mönnum að skyldu að hafa opin göng á fiskistíflum, skal farið að fyrirmælum þeirra reglna, er hèr greinir:

1) „Shilling“ jafngildir 43⅓ sk. í dönskum eyri.

(1.) Ef fiskistíflu skortir lögákveðin göng, þegar þessi lög ná gildi, skal eigandi slíkrar stíflu skyldur að hafa slík göng til búin innan tólf mánaða frá þeim tíma er löggildi þessarar gjörðar hófst; vanræki hann þetta, skal hann sæta sekt, er ekki fari fram úr fimm pundum fyrir dag hvern, er hann vanrækir að búa til göngin eptir að hinn ákveðni tólf mánaða frestur er út runninn.

(2.) Nú hafa opin göng verið til búin á fiskistíflu, en þeim er ekki við haldið að fyrirmælum þessa lagaboðs, og skal þá eigandi slíkrar stíflu sæta sekt, er eigi fari fram úr pundi fyrir dag hvern, alla þá daga er hann hefir vanrækt að halda stíflunni við.

(3.) Enga slíka breytingu má gjöra á farvegi nokkurrar ár, er dragi úr vatnsrennslinu gegnum hin opnu fiski-göng; sá, er slíkt gjörir, skal sæta sekt, er eigi fari fram úr fimm pundum, og þar um fram gjörist hann útlægur um pund fyrir dag hvern, unz hann hefir komið árfarveginum í samt lag og hann hafði upprunalega.

(4.) Enginn má færa niður í vatn neina teppu, eður viðhafa neinar brellur, eður yfir höfuð sýna sig í neinni þess konar athöfn, er styggi, fæli, eða á nokkurn hátt meini fiski að fara að frjálsu upp og niður hin opnu göng alla tíma árs. Hver sem því færir niður teppur, viðhefir brellur eða sýnir sig í nokkurri athöfn gegn síðast nefndum forboðunum, skal sæta sekt, er eigi fari fram úr fimm pundum fyrir fyrsta brot, en fyrir hvert brot, er hann verður sekur um síðan, gjaldi hann sekt, er eigi fari fram úr tíu pundum; þó skal eigi þessi síðast nefnda ákvörðun ná þar til, er fjalabrýr eru lagðar yfir opin göng, til þess að menn geti gengið þar yfir um, og sè þær teknar af þegar í stað er yfir um er komið í hvert skipti.

29. Eptirritaðra ákvarðana skal jafnan gæta, er búnar eru til kistur eða laupar í fiskistíflum eður mylnu-fiskistíflum:

(1.) Efri brún aurstokks skal vera jafn lág ár-farveginum.

(2.) Rimar allar ástreymis skulu standa lóðrètt upp og niður, og ekki vera þèttari en svo, að tveggja þumlunga bil sè milli hverrar, skal þeim og þannig fyrir komið, að taka megi þær brottu hve nær er vill.

Hafi nokkur fiskistíflu- eður mylnu-fisistiflu-eigandi áfasta við stíflur þessar, kistu eður laupa gegn ákvörðun þessara laga, skal

hann koma kistum þeim og klefum svo fyrir, innan sex mánaða frá því að löggildi þessarar gjörðar hefst, sem hèr er fyrir mælt; skal hann sæta sekt, er eigi fari fram úr fimm pundum fyrir dag hvern, allan þann tíma er hann vanrækir að hlýðnast fyrirmælum þessarar greinar, talið frá þeim degi er hinn nefndi sex mánaða frestur er út runninn; vanræki nokkur eigandi að halda kistum og laupum sínum við, svo sem þessi lög mæla fyrir, skal hann sæta sekt, er eigi fari fram úr einu pundi fyrir hvern dag, er vanrækt slíkri er fram haldið.

30. Þegar kistum eður laupum er komið fyrir í fiskistíflum eður mylnu-fiskistíflum, skal það óheimilt, að hafa við garða hlaðna afstreymis eður ástreymis lengri en tuttugu feta, enga skábjálka til stuðnings, eður kaðla er liggi frá kistum út eður laupum má heldur hafa lengri en tuttugu feta, hvort sem þeir eru afstreymis eður ástreymis. Sè við kistur eður laupa nokkrir garðar, ská-bjálkar eður kaðlar gegn fyrirmælum þessarar greinar, skal stíflu-eigandi sæta sekt, er eigi fari fram úr pundi á dag meðan því heldur fram.

YFIRUMSJÓN.

31. Yfirumsjón laxveiða í *Englandi* skal falin innanríkisráðaneytinu; skal því lögheimilt að tilnefna tvo eptirlitsmenn fiskiveiða þessara til þriggja ára, ákveða skyldur þeirra og borga þeim laun, svo sem umboðsmenn fjárhirzlu Hennar Hátignar ákveða frá ári til árs.

Heimilt skal innanríkis ráðaneytinu að víkja slíkum mönnum frá, er þörf gjörizt, og setja nýja menn í þeirra stað.

32. Innanríkis-ráðaneytið skal árlega leggja fyrir þingið skýrslur eptirlitsmanna er færi, að svo miklu leyti sem unnt er, tölulegt yfirlit yfir fiskiveiðar þessar, og allar þær upplýsingar, er þeir fá yfirkomizt, sem og uppástungur þeirra til nýmæla við veiðilögin og endurbóta á veiðunum sjálfum.

33. Lögheimilt skal það friðardómendum, samankomnum á aðal- eður misseris friðardómstefnum að tilnefna verndara eður gæzlumenn til þess að friða lax, og fylgja fram í því skyni ákvörðunum þessara laga innan þinghár slíkra dómenda.

34. Nú fær friðardómari eiðfesta tilkynningu um það, að sennileg ástæða sè til að hafa einhvern grunaðan um að hann hafi heima fyrir brotið gegn fyrirmælum þessara laga, eður að hann hafi fólgið heima fyrir lax í ólögum veiddan eða ólögleg net

eða aðrar veiðivèlar, og skal þá friðardómara lögheimilt, að gefa út skipun með nafni sínu og innsigli undir, til þess að eptirlitsmaður (sbr. §. 32), gætir fiskimarkaða, gæzlumaður (sbr. § 33), lögreglustjóri eða lögregluþjónn fari inn í slíkt hús til þess að komast fyrir um slíkt lagabrot, eður þann fisk, er í lagaleysi kann þar fólginn að vera; skal sá eða þeir, er slíka skipun hafa fengið, fara inn þann tíma dags eður nætur, sem nefndur kann að vera í skipuninni, og gjöra upptækar allar ólöglegar veiðivèlar og allan lax í ólögum veiddan, er finnast kann í húsinu. Þó má slík skipun eigi gilda lengur en eina viku frá þeim degi að hún var gefin út.

MÁLAREKSTUR.

35. Allar sektir er þessi lög við leggja, og allur málskostnaður er þessi lög bjóða að greiddur skuli tafarlaust, gjaldist, sex mánuðum eptir það, að lagabrotið hefir verið framið í rètti þar er tveir dómendur sitja, samkvæmt því sem fyrir er mælt í lögum, gefnum út á ellefta og tólfta stjórnar-ári Hennar Hátignar *Victoriu* drottningar í fertugasta og þriðja kapítula og nefnd eru: Lög til að gjöra auðveldari skyldustörf friðardómenda utan dómstefna í Englandi og Wales. Fè það, er gelzt í sektir eptir þessum lögum, skal þannig með farið sem hèr segir.

Allt að helmingi þessa fjár eður svo mikið minna en helft þess, er rèttinum þykir við eiga, greiðist þeim er kærði; með þann hluta þess, sem þá verður eptir, skal farið sem fyrir er sagt í áður nefndum lögum frá ellefta og tólfta ríkisári Hennar Hátignar *Victoriu* drottningar í fertugasta og þriðja kapítula. Með alla muni, er upptækir hafa orðið, skal fara svo sem rèttinum þykir við eiga, en með andvirði slíkra muna skal svo fara sem hingað til hefir verið venja með sektafè.

36. Verði nokkurt brot gegn lögum þessum framið á vötnum, er liggja milli tveggja fylkja eður tveggja umdæma, er eiga misserisdómstefnu eða smá-dómstefnu sèr, þá má lögsækja lagabrotsmanninn fyrir friðardómendum í hvoru fylkinu eða umdæminu sem vill.

37. Verði nokkurt brot gegn lögum þessum framið við sjáfarströnd eða á sjó utan vanalegrar þinghár friðardómenda, skal álíta það framið í fylki því er þar á land að sjó, er brotið var drýgt; fer því málsókn og hegning í slíku tilfelli þessu samkvæmt,

38. Engin ákvörðun þessara laga skal halla löglegum rètti þeirra manna, hvort sem einstakir kunna vera eður í fèlag bundnir,

er dýpka eigu, skafa upp, ræsa fram, hreinsa eður bæta skipgenga skurði og ár; lögákveðnum rètti skipaferða um land upp skal og í engu hallað með þessum lögum.

(Nefnd sett).

BÆNARSKRÁ

úr Vestur-Skaptafellssýslu um sèrstaka verðlagsskrá.

Háttvirtu alþingismenn Íslendinga!

Yður mun það enn ekki úr minni liðið, að vèr Vestur-Skaptfellingar sendum til alþingis þess, er seinast var haldið, bænarskrá um, að það hlutaðist til um, að vèr fengjum hèr eptir verðlagsskrá sem gilti að eins fyrir þessa sýslu, en yrði ekki lengur sameinuð fyrir báðar Skaptafellssýslurnar eins og verið hefir um hríð. Að bæn þessari töldum vèr fram ýmsar ástæður, er á rökum voru byggðar, og þá einkum það, að nú er kominn verzlunarstaður á Papós, og þangað sækja allir Austur-Skaptfellingar, og eiga þannig margfalt hægara með aðdrætti og koma landvörum sínum í peninga og til annara skipta en áður. En aptur á móti styttist alls ekkert fyrir oss til aðflutninga, þó verzlun sè á Papós, og hljótum vèr eptir sem áður að reka verzlun vora til Eyrarbakka eða þá þangað austur, sem er engu skemmra, en þó verri vegur.

Þessari bænarskrá vorri vísaði hið heiðraða alþing gegnum forseta sinn til hlutaðeiganda amtmanns, en þar eð engar ráðstafanir hafa hingað til verið gjörðar til að fullnægja þessari ósk vorri af yfirvaldanna hálfu, þá dirfumst vèr enn á ný að bera þetta málefni fram fyrir yður í öruggu trausti til þess að gjöra það sem í yðar valdi stendur til að bæta úr þessum vandkvæðum vorum.

Við þær ástæður, sem vèr töldum 1865 fyrir þessari beiðni vorri hefir nú bæzt, að í 2 næstliðin ár, hefir verðið á íslenzkri vöru, helzt ull, verið talsvert (allt að 8 sk. á hverju pundi) hærra á Papós en vèr höfum fengið á Eyrarbakka; og þegar þetta háa kaupstaðarverð bætist við vegamuninn og þar af leiðandi minni rýrnun á gangverði vörunnar innsveitis í Austur-Skaptafellssýslu, þar eð enginn kostnaður liggur í að flytja hana til kaupstaðar, þá virðist oss það óþolandi, að gangverð sem þar á sèr stað, sè að

nokkru leyti lagt til grundvallar fyrir verðlagsskrá vorri, þar sem svo ólíkt er ástatt fyrir hèruðunum.

Vèr vonum, að þèr, góðir bræður! íhugið málefni þetta nákvæmlega, og gefum yður það traust, að þèr af ýtrustu kröptum styðjið að því:

> Að Vestur-Skaptafellssýsla fái sem allrafyrst verðlagsskrá sèr í lagi, sem verði með öllu óviðkomandi verðlagsskrá Austur-Skaptafellssýslu.

Hörgslandi, 7. júní 1867.

(107 nöfn).

Vísað forsetaveginn til stiptsyfirvaldanna.

NEFNDARÁLIT

(um þjóðvegagjaldið).

Hið heiðraða alþingi hefir kvatt oss, er ritum nöfn vor hèr undir, til að ganga í nefnd og segja álit vort um þá uppástungu þriggja þingmanna, að þess verði farið á leit, að amtmönnum landsins, sem yfirstjórnendum þjóðvegagjaldsins, verði gjört að skyldu að auglýsa nákvæmlega á prenti alla reikninga yfir nefnt gjald og hvernig því er varið í hverju amti. Eptir að hafa íhugað málefni þetta og rætt það með oss á fundum, leyfir nefndin sèr að láta í ljósi álit sitt um það á þessa leið:

Nefndin skal fyrst og fremst geta þess, að þar sem hin nýja vegabóta tilskipun frá 15. marzm. 1861, mun allvíða um land vera fremur óvinsæl, einkum fyrir þá sök, að mönnum mun eigi vera fullkomlega ljóst, að árangur lagaboðs þessa sè svo mikill, sem menn óska, virðist harla nauðsynlegt að nema burt svo sem auðið er sèrhvað það, sem getur rýrt traust alþýðu til lagaboðsins, því það er auðsætt, að því meiri hylli sem það öðlast hjá almenningi, því öflugri og affarabetri mundu framkvæmdir þess verða.

Nú er það ætlun vor, að það mundi eigi lítið efla málefni þetta, ef almenningur sem ljósast gæti sèð ávöxt lagaboðsins, en eitt hið fyrsta stig til þess að þetta gæti orðið, virðist oss það vera, að auglýstir væru á prenti reikningar um vegabótagjaldið, er að minnsta kosti gætu sýnt, hversu mikið vegabótagjaldið væri í

hverri sýslu landsins og hvernig því gjaldi væri varið til endurbóta á þjóðvegunum.

Eins og þetta að vorri hyggju, mundi efla áhuga landsmanna á vegabótamálinu, og koma því til leiðar, að alþýða leggðist á eitt með embættismönnum sínum til að koma því í sem bezt horf, þannig væri og hèr með uppfyllt sú sanngjarna ósk manna, að þeir sæi, hvernig gjaldinu hefði verið varið, og á hvern hátt, það hefði komið hlutaðeigandi hèruðum að notum.

Þegar því næst er að ræða um, hvern veg þingið skuli beina málefni þessu, þá væri að vísu eigi nauðsynlegt að rita um það bænarskrá til konungs, ef menn gætu ætlað að reikningar yfir vegabótagjaldið heyrðu til þeirra reikninga, sem skylt væri að birta á prenti eptir konungs úrskurði 2. marzm. 1861; en þar sem enginn af amtmönnum landsins hefir hingað til skilið greinda ákvörðun á þenna hátt, og þar eð hún varla sýnist verða heimfærð upp á reikninga þá, sem hèr er umrætt, fremur en sveitareikninga, sem eptir brèfi dómsmálastjórnarinnar 27. ágústm. 1861, ekki heyra þar undir, þá virðist þörf á að útvega nýja ákvörðun í þessu efni, og skulum vèr geta þess, að jafnvel þó tveir af amtmönnum landsins við inngangsumræðu málsins hèr á þingi, eigi hafi tjáð sig ófúsa til að auglýsa hina hèr um ræddu reikninga, fyrir tilmæli þingsins, þá er það athugavert, að hvorki er nein vissa fyrir því, að hinn þriðji amtmaðurinn hafi sömu skoðun, og því næst geta að vorri hyggju, loforð greindra embættismanna að eins verið bindandi fyrir þá sjálfa um þeirra embættistíð, en ekki fyrir eptirmenn þeirra.

Að síðustu skal nefndin geta þess, að þar eð vegabótamálin eru sameiginleg fyrir hvert amt, virðist rèttast að amtmenn, en ekki sýslumenn, auglýsi hina hèr um ræddu reikninga, hver fyrir sitt amt, jafnvel þó það sèu sýslumennirnir sem, eptir 17. gr. vegatilskipunarinnar, eiga að semja reikninga um þjóðvegagjaldið.

Af ofangreindum ástæðum leyfir nefndin sèr að ráða hinu heiðraða þingi til að rita vorum allramildasta konungi bænarskrá þessa efnis:

> Að amtmönnunum á Íslandi verði boðið að birta á prenti árlega reikninga yfir hið lögskipaða gjald til þjóðveganna

í hverju amti, er sýni upphæð gjaldsins, og hvernig því hafi verið varið,

Alþingi 13. júlí 1867.

Bergur Thorberg, formaður — *Sighvatur Árnason*, framsögumaður — *Jón Sigurðsson*,

---

NEFNDARÁLIT

um kirkjuskoðanir prófasta.

Hið heiðraða alþingi hefir kosið oss undirskrifaða í nefnd, til að íhuga og segja álit vort um bænarskrá þá, er þingmaður Rangvellinga bar hèr fram á þingi, um breytingu á borgun til prófasta fyrir kirkjuskoðanir.

Vèr verðum að vera bænarskránni samdóma í því, að þegar litið er til efnahags kirknanna, má hugsa sèr annan niðurjöfnuð, en þann, sem gjörður er með ákvörðun tilskipunarinnar 27. jan. 1847 í 5. gr. á borgun þeirri, sem hèr ræðir um, sem virðist að standa í nánara hlutfalli við tekjur kirknanna, og sem hlutaðeigandi kirkjufjárhaldsmönnum, kynni að þykja sanngjarnari, án þess þó að þessi niðurjöfnun rýri til muna borgun þá, er prófastar nú fá fyrir kirkjuskoðanir og ósanngjarnt sýnist að draga úr.

Jafnvel þó bænarskráin lagi sig eptir tilskipuninni 27. jan. 1847 í því að ákveða borgun þá, er hèr um ræðir í álnatali, þykir nefndinni, þegar borgunin er miðuð við tekjur kirknanna í dalatali betur eiga við, að hún sè einnig ákveðin á sama hátt í dalatali og þannig niðurjöfnuð eptir tekju-upphæð kirknanna, sem nú skal greina. Þær kirkjur, sem hafa afgangs árlegum nauðsynjagjöldum

í tekjur undir	12 rd.			borgi 2 rd.	
frá	12 —	til	20 rd.	— 3 —	
—	20 —	—	30 —	— 4 —	
—	30 —	—	40 —	— 5 —	og
yfir	40 —		»	— 6 —	

Hærri borgun virðist oss ekki ráðlegt að upp kveða, hversu miklar sem tekjur kirkjunnar kynnu að vera.

Viðvíkjandi bænarskránni úr Mýrasýslu, sem nefndinni hefir

einnig verið til meðferðar fengin, og sem fer fram á það, að próföstum sè gjört að skyldu að vísistera að eins þriðja hvert ár, getur nefndin ekki betur sèð, en að hún skoði að eins aðra hlið málsins, og að afleiðingar þess, er hún fer á flot, yrðu ískyggilegri og óhollari, en beiðendur hafa ætlað; nefndin getur því ekki ráðið þinginu til, að taka hana til greina, með því líka að tilgangi þeim, sem hún stefnir að, virðist að nokkru leyti náð með uppástungu þingmanns Rangvellinga, og þeim breytingum, sem nefndin hefir við hana gjört.

Af þeim ástæðum, sem áður eru taldar, leyfir nefndin sèr, að ráða hinu heiðraða alþingi til þegnsamlegast að biðja Hans Hátign konunginn mildilegast að tilskipa:

Að borgun fyrir kirkjuskoðun prófasta greiðist þannig eptir efnahag krknanna:

a. af kirkju, sem hefir minni tekjur, en 12 rd., árið áður, en skoðunin fram fer, að frádregnum hennar árlegu nauðsynjagjöldum, 2 rd.

b. af kirkju, sem hefir tekjur frá 12 til 20 rd., 3 rd.,

c. af kirkju, sem hefir tekjur frá 20 til 30 rd., 4 rd.,

d. af kirkju, sem hefir tekjur frá 30 til 40 rd., 5 rd., og

e. af kirkju, sem hefir tekjur yfir 40 rd., 6 rd.

Og sè það í 5. gr. tilskipunarinnar 27. jan. 1847, er lýtur að þessu efni, þar með úr lögum numið.

Alþingi, 15. júlí 1867.

Pètur Pjetursson, formaður. *Ólafur Pálsson.* *Sighvatur Árnason.*

Sveinn Níelsson, framsögumaður. *Eiríkur Kúld,* skrifari.

NEFNDARÁLIT

í málinu um gufuskipsferðir kringum Ísland.

Til þessa þings hafa að þessu skipti komið tvær bænarskrár um gufuskipsferðir kringum Ísland, önnur frá Norður-Þingeyjarsýslu og hin frá Ísafjarðarsýslu. Hin fyrri bænarskráin færir þær ástæður fyrir beiðni sinni, að eins og hèr hagi til, að land sè hart og hrjóstugt og illt yfirferðar, en byggð öll með sjó fram, hljóti

sjórinn að verða aðalþjóðvegurinn; samtakaleysi og fastheldni við forna háttsemi, deyfð og doði í öllum viðskiptum og verzlun verði afleiðingin af þessu ástandi, og einkum verði þetta svo að segja óbærilegt fyrir útkjálka landsins, sem séu svo afskekktir að þeir sökum þess verði næstum útilokaðir frá því, að geta haft nokkurt gagn af póstgöngunum í landinu; þessi bænarskrá álítur hollara, að skipið fari færri ferðir, t. a. m. 3 á ári, en komi við á fleiri hafnir, og það þannig, að það að minnsta kosti einu sinni á ári komi inn á hverja af hinum löggiltu höfnum landsins; og fara beiðendur því fram í niðurlagsatriði bænarskráarinnar, að alþingi taki enn til greina málið um gufuskip kringum strendur Íslands og skori enn á stjórnina að flýta því. Enn fremur eru það tilmæli þeirra, að smáu hafnirnar fái að njóta strandaskipsins að minnsta kosti einu sinni á ári, og taka fram eigin hafnir sínar, Þórshöfn og Raufarhöfn.

Hin síðartalda bænarskrá úr Ísafjarðarsýslu talar í almennari orðum um póstgönguleysið þar í sýslu og beiðist gufuskipsins til að bæta úr því, og fer einnig fram á fjölgun á póstferðum milli Stykkishólms og Ísafjarðar; í niðurlagsatriðum sínum biður hún alþingi: 1. að ítreka þá bæn, er hið síðasta alþingi bar upp um gufuskipsferðir í kringum Ísland, 2. að biðja um að póstferðunum milli Stykkishólms og Ísafjarðar verði fjölgað þannig, að póstur fari frá Stykkishólmi til Ísafjarðar í hvert sinn, sem póstferð hefir fallið þangað frá Reykjavík.

Vèr undirskrifaðir, sem hið heiðraða þing hefir kosið í nefnd til að segja álit vort um þetta mál, höfum nú íhugað þetta mál gaumgæfilega, og skulum nú skýra hinu heiðraða þingi frá áliti voru um málið. Vèr tökum það fram þegar hèr í byrjuninni, að vèr ekki höfum getað tekið neitt tillit til þess atriðis í bænarskrá Ísfirðinga, er lýtur að fjölgun á póstgöngum, þar eð það heyrir undir póstgöngumálið, sem nú liggur ekki fyrir þinginu til meðferðar.

Eins og hinu heiðraða þingi er kunnugt, sendi þingið konungi vorum bænarskrá um þetta mál í fyrsta skipti 1863. Var þar ítarlega tekið fram, hvílíkt nauðsynja- og velferðarmál þetta væri fyrir allt landið, skýrslur fengnar frá þeim kaupmönnum hèr, er kunnugastir voru álitnir þess konar málefnum og áætlanir gjörðar um kostnaðinn. Stjórnin tók vel undir málið og fór að semja við kaupmann Henderson & Co, en bæði var þá að stríðið

dundi yfir Danmörku og að Henderson fèllst ekki á áætlunarreikninga þá, er frá alþingi höfðu komið, svo að konungur lýsti því yfir í auglýsingu sinni til alþingis 9. júní 1865, að enginn árangur hafi orðið að þessum samningum. Þingið 1865 endurnýjaði þessa bæn landsmanna, er kom fram í mörgum bænarskrám á því þingi, og var þá farið fram á að hafa gufuskipið minna og fækka ferðunum til að minnka kostnaðinn, en í hinni konunglegu auglýsingu til þessa árs alþingis 31. maí næstliðinn, lýsir konungur því yfir, »að á meðan ekki er útkljáð um fjárhagsstöðu Íslands framvegis, verði ekki gjörðar frekari ráðstafanir um að komið verði á reglulegum gufuskipaferðum með fram ströndum Íslands».

Þegar vèr þá lítum á nauðsyn þessa máls, og á það, að öll fljót viðskipti og samgöngur manna á milli hèr innanlands eru undir því komnar, að þessar umbeðnu gufuskipsferðir komist á sem fyrst, svo að með sanni má segja, að þetta sè hið sterkasta velferðarmál landsins í þjóðbúnaðarefnum, getum vèr nefndarmenn eigi annað en ráðið þinginu fastlega til að fara þess enn á leit við stjórn vora, að þessar gufuskipsferðir komist, þegar að ári komanda, á í kringum Ísland, og að stjórnin leggi til þess fè meðan fjárhagurinn er ekki aðskilinn, en að þingið líka láti í ljósi, að auðvitað sè, að þessi kostnaður leggist á landið, þegar fjárhagurinn sè aðskilinn, sem nú er líka von á að bráðum verði.

Um fyrirkomulag og áætlun um kostnað til þessara gufuskipsferða getum vèr verið því fáorðari sem vèr getum skýrskotað til álitsskjala alþingis til konungs um málið 1863 og 1865. Vèr viljum þó geta þess, að þar sem á hinu síðasta þingi er stungið upp á bæði að fækka ferðunum og hafa skipið minna sökum kostnaðarins, en að þessi bænarskrá frá Norðurþingeyjarsýslu, sem hèr liggur fyrir, fer því fram, að skipið fari að eins 3 ferðir á ári, en komi inn á allar löggiltar hafnir, að minnsta kosti einu sinni á ári, þá virðist oss nefndarmönnum einkar áríðandi, að þingið taki þetta atriði til greina, því bæði er nauðsynin mest fyrir hinar afskekktu smáhafnir á útkjálkunum, bæði að því leyti, að flutningar yrðu að tiltölu mestir og tíðastir milli þeirra og annara aðalhafna, þar sem um engar aðrar skipaferðir er að gjöra, enda mundi koma gufuskipsins á þessar hafnir, þó ekki væri nema einu sinni á ári, bæta töluvert ur einokun þeirri, sem á sèr þar stað í verzlun og sem víðar er mjög mikil, þar sem til að mynda ekki er nema einn lítilfjörlegur prangari um hituna. Vöruflutningar milli slíkra út-

hafna og aðalhafnanna á gufuskipinu gætu ráðið mikla bót á hinu ólíka vöruverði og verzlunarkúgun þeirri, er útkjálkamenn þannig verða fyrir; og koma gufuskipsins á þessa staði mundi líka verða ábatamest fyrir fyrirtækið sjálft, og þetta virðist einnig mjög mikilsverð ástæða. Gufuskipsferðir þessar ern líka alveg ómissandi til að bæta úr vöruskorti þeim, sem svo opt á sèr stað, og það jafnvel á sumum hinum stærri verzlunarstöðum, þar sem nefnilega opt ber svo við, að mestu nauðsynjavörur eru uppgengnar áður en haustlestir eru um garð gengnar. En þessar vörutegundir gætu kaupmenn í tíma dregið að sèr frá þeim stöðum, þar sem nóg væri af þeim, t. a. m. frá Reykjavík, þegar þeir hefðu vissuna um gufuskips ferðirnar.

Þar eð nefndin ekki sèr sèr fært að vísa á neitt fè, til að greiða kostnað þann, er af þessari stofnun reglulegra gufuskipsferða kringum Ísland kynni að leiða, meðan fyrirtækið ekki ber sig sjálft, sem hún ætlar bráðum verða muni ,verður hún að ráða hinu heiðraða þingi til þess á ný að heita á stjórnina, að líta í bráð á nauðsyn vora, og láta það ekki standa í vegi fyrir þessu mikilvæga máli, að fjárhags aðskilnaðurinn er enn ekki alveg kominn í kring, heldur leggja til fèð úr ríkissjóði, þangað til svo er komið. En til að sýna hina brýnu nauðsyn málsins og áhuga landsmanna og þingsins á því viljum vèr ráða þinginu til að gjöra þá viðauka-uppástungu til vara, að Ísland smám saman endurborgi ríkissjóðnum þann kostnað, sem af þessu kann að leiða, þangað til fjárhagurinn er aðskilinn.

Samkvæmt áðurgreindum ástæðum viljum vèr ráða hinu heiðraða alþingi til, að það riti vorum allramildasta konungi bænarskrá þess efnis:

1. Að Hans Hátign allramildilegast vilji skipa svo fyrir, að komið verði á, þegar á næstkomandi vori reglulegum gufuskipsferðum kringum Ísland, og sè þeim svo hagað, að gufuskipið komi að minnsta kosti einu sinni á ári við á öllum löggiltum höfnum á Íslandi.
2. Að kostnaðurinn til þessara gufuskipsferða verði fyrst um sinn; þangað til fjárhagur Íslands og Danmerkur er aðskilinn, greiddur úr ríkissjóði.

og að þingið gjöri viðauka-uppástungu til vara:

en að Ísland, þegar fjárhagurinn er aðskilinn, smám sam-

an endurborgi ríkissjóðnum þann kostnað sem af þessu kann að leiða.

Alþingi 15. júlí 1867.

Ólafur Pálsson.	*Sveinn Skúlason,*	*Arnljótur Ólafsson.*
formaður.	skrifari og framsögum.	

NEFNDARÁLIT

um viðskiptabækur.

Hið heiðraða alþingi hefir kosið oss undirskrifaða í nefnd, til að íhuga bænarskrá frá Eyjafjarðarsýslu, sem fer fram á það, að alþingi riti konungi bænarskrá þess efnis: að öllum þeim kaupmönnum, er verzla á Íslandi, verði gjört að ófrávíkjanlegri skyldu, að rita allar viðskiptabækur eða verzlunarreikninga sína á íslenzka tungu.

Eptir að vèr höfum íhugað þetta mál, sem vèr höfum föng á, virðist oss það æskilegt, að efni og stefna þessarar bænarskrár gæti fengið áheyrslu og framgang til þess, að verzlunarviðskipti manna yrðu sem minnstum vafa og misskilningi undirorpin, og því geðfelldari og vissari, þar eð það er auðskilið, að þeir, sem eiga viðskipti saman þurfa að skilja hvor annan; eins og oss á hinn bóginn virðist það liggja í augum uppi, að verzlunar-viðskiptabækur geta ekki haft þann sönnunarkrapt, sem ætlazt er til í tilskipun 13. júní 1787 kap. 2, 17. og 18. gr., sèu þær ekki ritaðar á því máli, er alþýða á Íslandi skilur.

En að hinu leytinu getum vèr ekki sèð, að það sè neinum miklum eða fráfælandi örðugleikum bundið fyrir verzlunarmenn vora, að gjöra þá breyting á málinu á þeim hèr umræddu bókum og blöðum, sem hèr er farið fram á, einkum þegar það er tekið fram, að vèr ætlumst eigi til, að aðrir hlutir verði nefndir innlendum nöfnum í áminnztum bókum, en þeir, sem slík nöfn geta auðveldlega að komizt.

Af þeim ástæðum, sem hèr eru tilgreindar, leyfum vèr oss, að ráða þinginu til, að beiðast þess:

Að Hans Hátign konunginum mætti þóknast, að ákveða með lagaboði, að verzlunar-viðskiptabækur og viðskipta-

reikningar á Íslandi skuli hèr eptir ritast á landsins máli, og hafi einungis með því skilyrði það sönnunarafl, sem til er ætlazt í tilskipun 13. d. júnímán. 1787, 2. kap. 17. og 18. grein.

Og til vara:

Að Hans Hátign konunginum mætti þóknast, að ákveða með lagaboði, að verzlunar-viðskiptabækur og viðskiptareikningar á Íslandi, skuli því að eins hafa það sönnunarafl, sem til er ætlazt í tilskipun 13. júní 1787, 2. kap., 17. og 18. gr., að þær séu ritaðar á íslenzka tungu.

Alþingi, 15. d. júlímán. 1867.

St. Jónsson. Sveinn Níelsson, Björn Pètursson.
framsögumaður.

BÆNARSKRÁ

úr Vestur-Skaptafellssýslu um skoðun á Flögujörðum.

Háttvirtu alþingismenn.

Til síðasta alþingis sendum vèr Vestur-Skaptfellingar bænarskrá um, að þèr sem fulltrúar þjóðarinnar vilduð stuðla að því að komið yrði á á opinberan kostnað nýrri skoðunargjörð á Klaustra og Flögujörðum hèr í sýslu. Nýrri skuldsetningu á jarðirnar og nákvæm landamerki sett milli þeirra, svo sem allra fyrst geti komizt á hæfilegur og sanngjarn jöfnuður á afgjald og gjaldmáta nefndra jarða.

Bænarskrá þessari var af alþingi vísað forsetavegínn til yfirvalda þeirra er hlut eiga að máli.

Síðan hefir ekkert verið gjört í þessu tilliti, svo oss sè kunnugt, því hvorki höfum vèr sèð því hreift í blöðunum nè öðrum skýrslum, nè heldur heyrt getið um neinar ráðstafanir yfirvaldanna í þá stefnu.

Í bænarskránni frá 1865 sem prentuð er í alþingistíðindunum síðara parti, 3. hepti bls. 344—346 tókum vèr fram ástæður vorar fyrir beiðninni, og því þykir oss ekki þörf á að taka þær hèr aptur fram. En svo þykir oss þetta málefni mikilsvarðandi, að vèr enn á ný skorum á yður góðir landar, að þèr á þann hátt,

sem yður virðist tiltækilegastur og bezt eiga við, komið máli þessu á veg.

Oss hefir virzt, að lítið mundi stoða, þó vèr skrifuðum hlutaðeigandi yfirvöldum um málefni þetta, úr því að því hefir engu verið skeytt, þrátt fyrir meðmæli og milligöngu yðar, en vèr vonum, að það kunni þó að geta fengið áheyrslu með tímanum, ef þèr nú aptur á ný takið málið að yður sem eitt af nauðsynjamálum meginþorra búenda í heilu kjördæmi.

Vèr skorum því á yður, háttvirtu alþingismenn, að þèr eptir ýtrustu kröptum styðjið að því, að alþing hlutist til:

Að á verði komið á opinberan kostnað nýrri skoðunargjörð á Klaustra- og Flögujörðum í Vestur-Skaptafellssýslu, og þar af leiðandi nýrri skuldsetningu, sem og nákvæmum landamerkjum jarðanna, svo að sem allra-fyrst geti komizt á hæfilegur og sanngjarn jöfnuður á afgjald og gjaldmáta nefndra jarða.

Hörgslandi, 7. júní 1867.

(113 nöfn).

Vísað forsetaveginn til hlutaðeigandi yfirvalds.

ATKVÆÐASKRÁ

í málinu um þjóðvegagjald.

---

1. *Jón Guðmundsson*: að uppástunga nefndarinnar (tölulið 4.) verði þannig breytt og orðuð:

   »Að amtmönnunum á Íslandi verði boðið, að birta á prenti árlega bæði glöggt yfirlit yfir áætlun eða samþykkt hvers amtmanns um þær vegabætur og vegagjörðir á þjóðvegunum, sem afráðnar eru yfir gjörvallt amtið, samkvæmt tilskipun 15. marz 1861, 4. gr., og jafnframt glöggt yfirlit yfir hið lögskipaða vegabótagjald til þjóðveganna í hverju amti, og hvernig því hafi verið varið (það og það árið). (Fellt með 17 atkv. gegn 4).

   (áskilið að víkja við upphafinu, ef málinu verður vísað yfirvaldaveginn).

2. *Arnljótur Ólafsson:* Eptir orðin »í hverju amti» í uppástungu nefndarinnar (tölul. 4.) verði bætt inn í: »*á kostnað vegabótasjóðanna*«. (Samþ. með 17 atkv. gegn 4).

3. *Sami:* Eptir orðin »upphæð gjaldsins» í uppástungu nefndarinnar (4.) verði bætt inn í: »*í hverri sýslu*«. (Samþ. með 15 atkv. gegn 2).
4. *Nefndin* (breytt eða óbreytt):
»Að amtmönnunum á Íslandi verði boðið að birta á prenti árlega reikninga yfir hið lögskipaða gjald til þjóðveganna í hverju amti, er sýni upphæð gjaldsins og hvernig því hafi verið varið». (Samþ. með 17 atkv. gegn 3).
5. *Arnljótur Ólafsson* (viðauka-atkvæði) við 4.): »En hin fyrsta skýrsla skal á sama hátt vera samin fyrir hvert ár, síðan vegabóta tilskipunin varð að lögum, eptir því sem föng eru til». (Samþ. með 11 atkv. gegn 10).
6. Hvort senda skuli konungi bænarskrá um þau atriði, sem samþykkt eru. (Samþ. með 14 atkv. gegn 6).
7. *Jón Guðmundsson*: Að máli þessu verði beint forsetaveginn til háyfirvalda landsins. (Fallið).

NEFNDARÁLIT

um konunglegt «frumvarp til tilskipunar um breytingu á ákvörðunum um gjald spítalahlutanna, er svo eru nefndir, á Íslandi».

Hið heiðraða alþingi hefir 3. dag þessa mánaðar kosið oss fimm, sem hèr ritum nöfn vor undir, í nefnd, til að íhuga «frumvarp til tilskipunar um breytingu á ákvörðunum um gjald spítalahlutanna, er svo eru nefndir, á Íslandi», er konungsfulltrúi lagði fyrir þingið af hendi stjórnarinnar; og skyldum vèr síðan kveða upp skoðun vora á frumvarpi þessu og hinum einstöku ákvörðunum þess, og er skoðun vor svo, sem nú skal greina.

Það er hvorttveggja, að þingmönnum mun kunnugt, hver undirrótin er til frumvarps þessa, sú, að alþingi hefir opt áður beiðzt þess, að betri tilhögun yrði gjörð á spítalahlutunum og heimtingu þeirra, enda er það ljóslega tekið fram í ástæðunum fyrir frumvarpinu, eins er það líka fullkunnugt, að óánægja og krit hefir talsvert átt sèr stað um þetta gjald, og margir hafa ætlað, að bæði tilhögunin á spítalahlutunum og heimting þeirra væri mjög svo óhaganleg, og tekjur spítalanna yrðu því eigi svo notadrjúgar í reyndinni, sem ætla mætti. Úr þessu hefir nú stjórnin viljað bæta

með frumvarpi því, sem hèr ræðir um, og sem er samið eptir uppástungum nefndar þeirrar, er stjórnin skipaði, til að íhuga málið 1864, og tillögum allra amtmannanna. En þegar vèr lítum á frumvarp þetta, getum vèr nefndarmenn eigi orðið á einu máli, því að meiri hlutinn, Pètur Pètursson, Jón Hjaltalín og Halldór Friðriksson, verður að játa, að grundvöllurinn fyrir ákvörðunum þess sè hinn haganlegasti, sem fundinn verði, hægasti og brotaminnsti, og jafnframt veki minnsta tortryggni um, að læknasjóðurinn fái eigi allt, sem honum ber, enda hljóti að verða miklu vinsælli með tímanum, en það gjald, sem hingað til hefir verið lagt á fiskiafla til spítala og síðar læknasjóðs; því að með þessum gjaldmáta er girt fyrir allt eptirlit með fiskiaflanum, og þá líka alla tortryggni, að greiðendur eigi gjaldi það, sem þeim ber að gjalda; þar sem nú allmikil tortryggni um þetta efni á sèr stað, og það eigi án orsaka, þar sem nákvæmt eptirlit með fiskiaflanum, þótt eigi sè nema einn dag, er mjög örðugt, hversu sem að er farið, ef eigi með öllu ómögulegt. Og þótt sumum kunni að þykja, sem nokkur ójöfnuður muni verða á þessu gjaldi í hinum ýmsu sýslum landsins, er fiskiaflinn sè misjafn, en gjaldið hið sama, þá hverfa þær ójöfnur að miklu leyti, ef betur er að gætt. Og þótt fullur jöfnuður þyki eigi á verða gjaldinu í hinum ýmsu veiðistöðum eða sýslum landsins, þá gætir þess eigi, ef gjaldið á hinn bóginn er að eins sett svo vægt, að engum geti orðið tilfinnanlegt, og það ætlar meiri hlutinn, að hèr eigi sèr stað yfir höfuð að tala, og í rauninni sè gjald þetta eigi meira en nú kemur á hvern einstakan, heldur jafnvel minna, en þó eigi all-litlu meira fyrir læknasjóðinn, með því að fleiri verða gjaldendurnir en áður, með því líka að þiljuskipin ekkert hafa goldið hingað til, hvorki fyrir sunnan eða vestan, og fyrst á síðari árum fyrir norðan, enda hefir talsvert krit út af því risið, og gjaldið verið greitt með mestu tregðu, sem og er eðlilegt, þar sem ákvarðanirnar um spítalahlut af hákarlaveiði í konungsbrèfi 26. dag maímán. 1826 eru bæði ófullkomnar og næsta óhægt, að ná gjaldinu fullu eptir þeim.

Þá er vèr nú snúum oss að hinum einstöku ákvörðunum frumvarpsins, þá eru það einkum þrjár ákvarðanir, sem vèr meiri hluti nefndarinnar getum eigi fallizt á, og eru þær:

1. upphæð gjaldsins af þiljuskipum; 2. að af þeim bátum og skipum, sem höfð eru á hákarlaveiðar, skuli gjaldið vera helmingi meira, en af öðrum fiskiskipum, og 3. ákvörðunin, að hreppstjórar

skuli heimta saman læknasjóðsgjaldið; en af þeirri breytingu leiðir aptur nokkrar aðrar breytingar í frumvarpinu.

Um gjaldið af þiljuskipum skulum vèr meiri hlutinn geta þess, að það má vera með tvennu móti, annaðhvort að sama gjald skuli vera af öllum þiljuskipum, hvort þau eru stór eða smá; eða þá, að leggja það á eptir lestatali skipanna, og er sú aðferðin að vísu samkvæmari hinum ákvörðununum, að ójafnt gjald er lagt á báta og fjögramannaför og önnur þiljuskip, þótt nokkuð mætti og mæla með hinni aðferðinni, og viljum vèr því eigi breyta ákvörðun frumvarpsins í því efni; en þá er að gæta að, hversu hátt gjald á að leggja á hvert lestarúm skipsins, og virðist oss þá 20 fiskar eða 10 álnir á hverja lest allt of hátt, því að vèr ætlum, að meðalstærð fiskiþilskipa hèr á landi sè naumast minni, en 10—12 lestir, og verður þá meðalafgjald af þess konar skipum 200—240 fiskar, eða frá 100 álnum allt að hundraði á landsvísu, og virðist það vera allt of hátt gjald á þau skip, sem opt og tíðum eigi fiska meira en fyrir kostnaðinum, og stundum eigi svo mikið. Og þótt sum fiskiþilskip eigi sèu nema 7—8 lestir, og ættu því eigi að borga meira en 140—160 fiska, þá eru aptur önnur, sem eru 16—17 lestir, og þau ættu þá að greiða 320—340 fiska, eða hátt á þriðja hundrað á landsvísu; og er vèr teljum þetta gjald til peninga, yrði það eptir meðalverði á fiski í verðlagsskrá þeirri, sem sett er í vestursýslum suðurumdæmisins þetta árið frá 18 rd. 39½ sk. — 44 rd. 68½ sk. Þetta gjald yrði að vorri hyggju allt of mikið bæði í sjálfu sèr í samanburði við gjaldið af hinum opnu skipum, og þá er litið er til þess, að nauðsyn ber til, enn sem komið er, að hlynna sem mest að þilskipaveiðum; en ef þilskipum yrði ofþyngt með gjaldinu, mundi það eigi all-lítið hamla mönnum frá, að verja fè sínu til þilskipa. Vèr þorum því eigi að ákveða gjald þetta hærra, en 15 fiska af hverri lest skipsins, og verður þó gjaldið frá 52½ al. og allt að 127½ al., eða reiknað til peningaverðs eptir meðalverði á fiski í þessa árs verðlagsskrá hèr í suðurumdæminu frá 13 rd. 77⅝ sk. og allt að 33 rd. 38¾ sk. Ákvörðun sú í 1. grein, staflið c, að gjaldið megi aldrei minna vera en 50 fiskar, er með öllu óþörf, því að ekkert fiskiþilskip er svo lítið, að það sè að eins 2½ lest; og þótt svo væri, virðist engin ástæða til, að hækka gjaldið á þessum smáskútum fremur en öðrum skipum, einungis vegna þilfarsins.

Þar sem í 1. greinar staflið d, helmingi meira gjald er lagt

á þau skip, sem höfð eru til hákarlaveiða, en önnur opin fiskiskip, þá getum vèr eigi fallizt á þessa ákvörðun; því að bæði er það, að þótt hákarlaveiðar sèu arðsamar, er þær heppnast vel, þá teljum vèr það mjög óvíst, að þær sèu á opnum skipum landsmönnum ábatameiri, en aðrar fiskiveiðar, að minnsta kosti optast og víðast um landið. Í öðru lagi er það, að það eru optast sömu skipin, sem höfð eru til hákarlaveiða og annara fiskiveiða, svo að örðugt yrði úr að skera, hverjar veiðarnar ættu að ráða tollinum, og ætti að leggja á hvorutveggju veiðarnar, yrði gjald þess konar skipa þrefallt við það, sem lagt er á önnur skip. Vèr verðum því að leggja það til, að þeim staflið sè með öllu sleppt úr, og sama gjald lagt á skip, sem ganga til hákarlaveiða, og þau, sem stunda aðrar fiskiveiðar.

Þriðja ákvörðunin, sem vèr getum eigi fellt oss við, er sú ákvörðun í 4. grein, að hreppstjórarnir og bæjagjaldkerar skuli heimta spítalagjaldið saman. Því að bæði er það, að á hreppstjórum hvíla nú, sem stendur allmikil störf og það launalaust, og þau svo mikil, að einatt hefir yfir því verið kvartað, og eigi án orsaka, að þeir fengju ekkert fyrir störf sín, og virðist því ísjárvert, að bæta á þá fleiri störfum umbunarlaust; auk þess virðist þessi gjaldheimta ekkert skylt eiga við embætti þeirra; það mætti þá eins leggja þeim á herðar gjaldheimtuna fyrir sýslumennina og annað því um líkt. Auk þess veldur það þeim mikilla óhægða og umsvifa, að heimta saman gjald þetta, eptir því sem hèr er ástatt, og næsta óvíst, að þeir nái því öllu saman, hversu annt sem þeir lètu sèr um það. Það virðist miklu eðlilegra, að sýslumennirnir heimti gjaldið saman á manntalsþingum; því að bæði er það, að heimtan veldur þeim þá engra umsvifa, enda á gjaldið, hvort sem er, að ganga í gegnum þeirra hendur til stiptsyfirvaldanna. En af þessari breytingu á 4. grein leiðir, að hreppstjórarnir verða að semja skýrslur sínar áður en manntalsþingin eru haldin, og verður því að breyta ákvörðuninni í 3. grein, að skip og bátar þeir sèu taldir í skýrslum hreppstjóranna, er gangi til fiskjar hreppaskila á milli, þannig, að telja skuli skipin manntalsþinga á milli, sem víðast eru haldin fyrr, en hreppaskilaþingin, og að sýslumenn fái skýrslur þessar á undan manntalsþingum, svo þeir geti lagfært þær, áður en þeir heimta gjaldið saman á þingunum. Þessi leiðrètting þarf reyndar eigi að taka langan tíma, enda gefst honum hvergi betra tækifæri til þess, en á manntalsþingunum, þar sem honum veitir

langhægast, að fá þær skýrslur, sem hann þarf með. Við þessa breytingu verður 4. greinin óþörf, sem sèrstök grein, en ákvörðuninni um, að sýslumenn skuli heimta gjaldið saman á manntalsþingum virðist rèttast hnýtt aptan við 3. grein. Sökum breytingar þessarar, um hver heimta eigi læknasjóðsgjald þetta saman, hverfa allir reikningar hreppstjóranna, sem nefndir eru í 5. grein, og sömuleiðis síðustu orð greinarinnar: »sem hjá þeim er«, vegna þess, að vèr verðum að ætla sýslumönnunum, að þeir heimti saman allt gjaldið, og sýni enga óþarfa vægð eða linleika í heimtingunni.

Samkvæmt þessum ástæðum, er vèr þegar höfum tekið fram, viljum vèr, meiri hluti nefndarinnar, ráða hinu heiðraða þingi, að samþykkja frumvarpið með eptirfylgjandi breytingum:

1. grein.

1. Orðabreyting: fyrir orðin: »sem gjörð eru út á fiskiveiðar« sè sett: »sem höfð eru til fiskiveiða«.
2. Í staflið *a*, á undan »10« sè skotið inn í: »5 álnir eða«.
3. Í staflið *c*, setjist: »15« fyrir »20«.
   Í sama staflið falli burt síðasti liðurinn: »samt má gjaldið aldrei vera minna, en 50 fiskar«.
4. Stafliður *d* falli alveg burtu.

3. grein.

5. Fyrir »hreppaskilaþingum« og »hreppaskilaþinga« setjist »manntalsþingum« og »manntalsþinga«.
6. Fyrir »skal leggja skrá — eins og þarf« setjist: »Skal skrá þessa senda sýslumanni eða bæjarfógeta nokkru fyrir manntalsþing, og skal hann yfirlíta hana og rannsaka, eins og þarf».
7. Aptan við þriðju grein skal bætt: »Að því búnu skal hann heimta saman gjaldið eptir skránni».
8. 4. grein falli burt.
   5. grein, sem nú verður 4. grein.
9. »og reikninga» falli burt.
10. »sem heimtaðir hafa verið saman« falli burt.
11. Fyrir «og borga um leið inn fè það, sem hjá þeim er, verði sett: »og borga þeim fèð um leið».

12. 6. grein verður 5. grein óbreytt.

Alþingi, 15. dag júlímán. 1867.

Pètur Pètursson, Jón Hjaltalín. Halldór Kr Friðriksson,
formaður. framsögumaður.

Torfi Einarsson. Stefán Jónsson.

Með skýrskotun til ágreiningsatkvæðis okkar.

Vèr minni hlutinn, Stefán Jónsson og Torfi Einarsson getum ekki orðið vorum heiðruðu meðnefndarmönnum samdóma um grundvallarregluna í 1. grein frumvarpsins; fyrst, af því, að oss virðist hún miður sanngjörn; í öðru lagi virðist það ekki eiga vel við, að tvær grundvallarreglur sèu við hafðar í sömu löggjöf, sem þó á sèr stað, bæði eptir frumvarpinu og áliti meiri hlutans.

Hvað nú hinu fyrra viðvíkur, þá virðist það mjög ósanngjarnt, að miða spítalahlutinn við farið, án nokkurs tillits til þess, hvort það aflar mikið eða lítið; því það er alkunnugt, hvað fjarska mikill munur á sèr stað með upphæð aflans, bæði í hverri veiðistöðu fyrir sig, og þó einkum, þegar lítið er yfir allt landið, Þess vegna verðum vèr að álíta rèttari þann grundvöllinn, sem 6. grein frumvarpsins er á byggð, sem sè afla-upphæðina, því þá er goldið af því sem fengið er. En eptir hinni reglunni verður gjaldið af aflanum jafnt, hvort hann er 10 fiskar eða 10 hundruð; og ætlum vèr, að slíkt mundi valda hinni megnustu óánægju meðal gjaldenda. Þar fyrir stingum vèr upp á, að spítalahluturinn sè þannig á lagður, að af hverju tólfræðu hundraði af þorski, ísu, steinbít og háfi, sem aflast á tímabilinu frá 12. maí, til sömu tíðar næsta ár á eptir, gjaldist hálf alin, og af hverri tunnu lýsis, sem aflast á sama tímabili ein alin, hvorttveggja reiknað eptir meðalverði þeirrar verðlagsskrár, sem þá gildir í því hèraði; og álítum vèr, að fyrsta og önnur grein frumvarpsins, ætti að orðast samkvæmt þessu.

Í annan stað verðum vèr að álíta þá grundvallarreglu, sem 6. grein frumvarpsins styðst við, nefnilega hundraðsgjaldið, hina einu rèttu, vegna þess gjaldgreiðslan verður eptir henni í rèttu hlutfalli við aflann; enda vitum vèr ekki til, að nein óánægja með spítalahlutinn af fuglaveiði hafi átt sèr stað; og aðhyllumst vèr því alveg þá ákvörðun frumvarpsins, að konungsbrèfið af 26. maí 1824 skuli gilda hvað spítalahlut af fuglaveiði snertir.

Af framantöldum ástæðum viljum vèr, minni hlutinn, ráða hinu

heiðraða þingi til að aðhyllast frumvarpið með eptirfylgjandi breyt ingum:

1. gr.

1. Að fyrir orðin: «gjörð eru út á fiskiveiðar» sè sett: «höfð eru til fiskiveiða».
2. Að staflíðirnir a. b. c. d. falli burt, en í þeirra stað sè sett:
   a. «Af hverju tólfræðu hundraði af þorski, ísu, steinbít og háfi skal goldin hálf alin».
   b. «Af hverri lýsistunnu skal goldin ein alin».

2. gr.

3. Að fyrir orðin »á fiski í verðlagsskrá árs hvers« setjist: «þeirrar verðlagsskrár, sem gildir það ár er aflinn tilfellst.

3. gr.

4. Að seinni hluti greinarinnar, frá orðunum «hafa verið á« falli burt; en í þess stað setjist: «fiski og hákarlaveiðar, á tímabilinu frá 12. maí árið fyrir, til sama tímabils árið eptir. Skal þá skýrt frá afla-upphæð þeirra og hver eigi þau. Skrá þessa skal leggja fram fyrir sýslumann eða bæjarfógeta á manntalsþingunum, og á hann þar að yfirlíta hana og rannsaka eins og þarf. Að því búnu skal hann heimta saman gjaldið eptir skránni».
5. 4. gr. falli burt.
   5. gr. sem nú verður 4. gr.
6. Að orðin «og reikninga» falli burt.
7. «sem heimtaðir hafa verið saman» falli burt.
8. Fyrir orðin: «og borga um leið inn fè það, sem hjá þeim er» verði sett: og borga þeim fèð um leið».
9. 6. gr. verði 5. grein óbreytt.

Alþingi 16. júlí 1867.

Torfi Einarsson. *St. Jónsson.*

ATKVÆÐASKRÁ

í málinu um viðskiptabækur kaupmanna.

---

1. *Nefndin* (Aðaluppástunga):
   »Að Hans Hátign konunginum mætti þóknast að ákveða með

lagaboði, að verzlunarviðskiptabækur og viðskiptareikningar á Íslandi skuli hèr eptir ritast á landsins máli, og hafi einungis með því skilyrði það sönnunarafl, sem til er ætlazt í tilsk. 13. jún. 1787 2. kap. 17. og 18. gr.» (Felld með 14 atkv. gegn 4).

2. *Arnljótur Ólafsson:* Eptir orðið »verzlunarviðskiptabækur» (í tölul. 4) komi þetta: »kaupmanna á Íslandi við þá menn, er eigi verður ætlazt til af að skilja þá tungu, er viðskiptabókin annars væri rituð á, skuli því að eins» o. s. frv. (Felld með 20 atkv.).
3. *Benedikt Sveinsson:* Orðin (í tölul. 4) »og viðskiptareikningar» falli burt. (Samþ. með 14 atkv. gegn 6).
4. *Nefndin* (Vara-uppástunga):
»Að H. H. konunginum mætti þóknast, að ákveða með lagaboði, að verzlunarviðskiptabækur og viðskiptareikningar á Íslandi skuli því að eins hafa það sönnunarafl, sem til er ætlazt í tilsk. 13. júní 1787 2. kap. 17. og 18. gr., að þær sè ritaðar á íslenzka tungu«. (Samþ. með 14 atkv. gegn 4).

ATKVÆÐASKRÁ

í málinu um gufuskipsferðir kringum landið.

---

1. *Benedikt Sveinsson* og *Eiríkur Kúld,* breytingar-atkvæði við uppástungu nefndarinnar (tölul. 5.):
að frá orðunum »kringum Ísland» komi: »og sè almenningi jafnframt birt reglugjörð um það, á hverjar hafnir landsins gufuskipið komi». (Samþ. með 13 atkv. gegn 8).
2. *Magnús Jónsson:* að eptir orðin: »og sè þeim svo hagað» verði sett í stað þess sem stendur í uppástungu nefndarinnar (tölul. 5.):
»sem amtmennirnir á Íslandi koma sèr saman um ár hvert, og komi gufuskipið fyrst til Reykjavíkur á vori hverju». (Fallið).
3. *Jón Sigurðsson* frá Gautlöndum: að í stað orðsins (í tölul. 5) «öllum» (lögg. höfnum) verði sett: «hinum helztu» (lögg. höfnum). (Fallið).
4. *Arnljótur Ólafsson:* Breytingaratkvæði við tölul. 5 (samþykkt af nefndinni): að í stað orðanna: (komi...) «við á öllum löggiltum höfnum», verði sett: (komi...) «á sem flestar löggiltar hafnir». (Fallið).

5. *Nefndin* (uppástunga 1.):
»Að Hans Hátign allramildilegast vilji skipa svo fyrir, að komið verði á þegar á næstkomanda vori reglulegum gufuskipsferðum kringum Ísland, og sè þeim svo hagað, að gufuskipið komi að minnsta kosti einu sinni á ári við á öllum löggiltum höfnum á Íslandi». (Samþ. með 25 atkv. gegn 1).
6. *Stefán Eiríksson* (viðauka-atkvæði við tölulið 5): að aptan við greinina verði sett: «þar sem verzlunarhús eru byggð». (Fallið).
7. *Sighvatur Árnason* (viðauka-atkvæði): «að gufuskipið komi ætið við á Vestmannaeyjum, þegar leið þess liggur þar um. (Fellt með 23 atkv. gegn 2).
8. *Stefán Eiríksson* (viðauka-atkvæði): »að gufuskipið komi við á Papós, að minnsta kosti einu sinni á ári». (Fellt með 24 atkv.).
9. *Nefndin* (uppástunga 2.):
»Að kostnaðurinn til þessara gufuskipsferða verði fyrst um sinn og þangað til fjárhagur Íslands og Danmerkur er að skilinn, greiddur úr ríkissjóði. (Samþ. með 16 atkv. gegn 6).
10. *Nefndin* (viðauka-uppástunga til vara):
»en að Ísland, þegar fjárhagurinn er aðskilinn, smám saman endurborgi ríkissjóðnum þann kostnað, sem af þessu kann að leiða«. (Fellt með 16 atkv. gegn 4).
11. *Nefndin* (viðauka-atkvæði við tölul. 10.):
»Þó skal samningurinn um gufuskipsferðirnar þann veg gjörður af stjórninni, að hann ekki sè skuldbindandi fyrir Ísland lengur en 5 ára tíma». (Fallið).
12. *Stefán Jónsson* (viðauka-atkvæði við tölul. 10): «þó því að eins, að fjárhags-aðskilnaður komist á innan þriggja ára». (Fallið).
13. Hvort rita skuli konungi bænarskrá? (Samþ. með 22 atkv.).

FYRRI HLUTI NEFNDARÁLITS

í fjárkláðamálinu.

Alþingi hefir kosið oss í nefnd til að segja álit vort um sex bænarskrár, og tvær uppástungur er áhræra fjárkláðann.

Ein af bænarskrám þessum, það er bænarskrá úr Borgarfjarð-

arsýslu, snertir einungis Botnsvogavörðinn þann í sumar, og uppástunga þingmanns Mýramanna lýtur að nokkru leyti að sama efni. Þetta atriði kláðamálsins er að vorri hyggju svo mjög ólíkt aðalmálefninu, er lýtur að því að fá tryggilegt lagaboð um meðferð kláðans framvegis, að vèr hljótum að álíta, að það verði eigi rætt með aðalmálinu, heldur sèr í lagi, með því að þetta atriði er í sjálfu sèr innanþingsmál, sem bezt verður sèð af efni bænarskrárinnar og uppástungunnar. Í bænarskrá Borgfirðinga er það tekið fram, að þeir hafi álitið brýna nauðsyn til bera, að settur yrði tryggur vörður nú í sumar frá Botnsvogum fram í Langjökul, eða sem sumir kalla hann Baldjökul, af því að kláði hafi verið uppi í Grímsnesi og Grafningi síðast liðinn vetur, og þeir hafi enga vissu fyrir því, að nægar ráðstafanir hafi verið gjörðar til að hamla útbreiðslu kláðans samkvæmt tilsk. 5. janúar 1866 4. og 6. grein; síðan er í bænarskránni skorað á þingið að gjöra sitt til, að fá því framgengt.

»1. Að sá kostnaður sem leiðir af þeim verði, er vèr í sam-»fèlagi við Vestfirðinga og Norðlendinga í ár höfum afráðið að »setja frá Botnsvogum upp í Baldjökul verði borgaður af þeim, »sem eiga hinn sjúka og grunaða fjárstofn, sem oss er búin hætta »af, samkvæmt áður greindri tilskipun.

»Eða 2. til vara er það vor bæn, að þèr (alþingismenn) sjáið »svo um, að kostnaðinum af verði þessum verði jafnað niður að »öðrum kosti á allt landið«.

Uppástunga þingmanns Mýramanna er þinginu áður kunn, og því finnst oss eigi þörf að lýsa henni nákvæmar. Hún byggir nauðsyn Botnsvogavarðarins, eins og bænarskráin, einkum á kláðanum í Grímsnesi, og getur þess, að brèf stiptamtmanns til amtmannsins í Vesturamtinu 25. júní þ. á. sýnir, ásamt öðrum skýrslum, að kláði hafi verið í Grímsnesi í apríl, og enda maímánuði nú í vor. Það niðurlagsatriði uppástungunnar, er hèr kemur til »greina, er þannig: að þingið biðji konung vorn, að fyrirskipa, að »kostnaður sá, sem leiðir af verði þeim, sem í sumar er settur »frá Botnsvogi í Langjökul, verði hálfur borgaður af eigendum »hins kláðasjúka og grunaða sauðfjár, en hálfur af jafnaðarsjóðum »allra amtanna að jöfnuði eptir lausafjártíund«.

Vèr nefndarmenn hljótum, eptir því, er vèr þekkjum framast til þessa máls, að vera beiðendunum samdóma í því, að vörður þessi sè nauðsynlegur nú í sumar, eins og hann hefur verið það

áður, því að þótt sjáanlegur kláði væri minni eður í færri kindum hèr á Suðurlandi heldur en áður, þá er þó vörður þessi eigi að síður nauðsynlegur meðan fjárkláðinn er ekki með öllu upprættur á svæði því, er hingað til verið hefir aðseturstaður hans. Þessi skoðun vor er viðurkennd grundvallarskoðun á málinu, með því að hún er eigi að eins samkvæm sögu og gangi kláðasýkinnar, heldur og grundvallarstefnu stjórnarinnar, og Íslendinga, til að hamla útbreiðslu kláðans til heilbrigðra hèraða, og til þess jafnframt að gefa mönnum ráðrúm til að lækna kláðann, og skýrskotum vèr í þessu efni til álits og sèrstaklegra fyrirskipana dómsmálastjórnarinnar um verði í brèfi hennar til stiptamtmanns 7. maím. 1863. En nú er það ljóst, að kláði hefir verið í Þingvallasveit, í Grafningi, og í Grímsnesi, í vetur sem leið, og enda fram í maímánuð í Grímsnesi, og þess vegna er engin trygging fyrir því, að kláðinn geti eigi þaðan auðveldlega breiðzt út til Borgarfjarðarsýslu, og svo framvegis til hinna amtanna, nema því að eins, að Botnsvogavörðurinn standi. Vèr leyfum oss og þessu máli til enn meiri styrkingar, að leiða athuga þingsins að því, að kláðinn var uppi einmitt á þeim bæ í Þingvallasveit, er lá einna næst hinum heilbrigðu sveitum að vestan og útnorðan. Það leiðir og af sjálfu sèr, að fyrst vèr álítum vörð þenna nauðsynlegan, vegna kláðans hèr fyrir sunnan, til þess að varna útbreiðslu hans til Borgarfjarðarsýslu, og hinna amtanna, að vèr verðum og að álíta, að hann komi öllum ömtunum við, og finnst oss því beinast liggja fyrir, að kostnaðinum af verðinum sè jafnað niður á ömtin, eptir reglunni í brèfi dómsmálastjórnarinnar 7. maímán. 1863; enda virðist svo, sem amtmaðurinn fyrir norðan hafi litið svo á þetta mál fyrir sitt leyti, er hann hefir tekið þátt í verðinum, fyrir sitt amt, að þriðjungi. En aptur á móti hefir hvorki stiptamtmaður nè amtmaðurinn í vesturamtinu enn sem komið er tekið þátt í þessum verði, og því hlýtur svo að fara, að þeir menn í Borgarfjarðar, og Mýrasýslu, er gengizt hafa fyrir stofnun varðarins, verða að kosta vörðinn í hverri sýslunni fyrir sig að þriðjungi, svo sem heilt amt. Þetta fannst nefndinni ógjörningur, og það því fremur sem ætla má, að verði nú í sumar varnað útbreiðslu kláðans til Borgarfjarðarsýslu, og hinna amtanna, þá verði kláðanum útrýmt svo úr suðuramtinu til næsta vors, að eigi verði nauðsyn á, að hafa vörðinn að sumri, og þessi vörður verði því hinn síðasti, og er þá hægt þreyttum að þola.

Af þessum ástæðum leyfir nefndin sèr, að leggja það til, að alþingi á þann hátt, er við á, felli þá bæn til stiptamtmanns, og amtmanns Vestfirðinga:

1. Að þeir fyrir sín ömt taki tiltölulegan þátt í kostnaði Botnsvogavarðarins nú í sumar, annaðhvort upp á sitt eindæmi, eða eptir fenginni heimild til þess frá stjórninni, og
2. að þeir vildu góðfúslega gjöra þinginu sem fyrst kunnar undirtektir sínar undir þetta mál.

Alþingi, 14. júlí 1867.

Benedikt Sveinsson, formaður. *Arnljótur Ólafsson,* skrifari og framsögumaður. *Páll Vídalín.*

Magnús Jónsson. Sighvatur Árnason. Hjálmur Pètursson. Jón Sigurðsson.

(Innanþingsmál. Skrifað amtmönnunum í suður- og vesturumdæminu um málið).

ATKVÆÐASKRÁ

í málinu um konunglegt frumvarp um gjald spítalahlutanna.

---

1. grein.

1. *Nefndin:* að fyrir orð frumvarpsins: »sem gjörð eru út á fiskiveiðar« verði sett: »sem höfð eru til fiskiveiða». (Samþ. með 25 atkv.).
2. *Sighvatur Árnason,* breytingaratkvæði við uppástungu minna hlutans (tölul. 8.): að eptir orðið «steinbít» verði bætt inn í: »skötu, lúðu, löngu, keilu, þyrskling». (Fellt með 16 atkv. gegn 6).
3. *Eiríkur Kúld*: eptir orðunum »hverri lýsistunnu« (í tölulið 8.) verði bætt inn í: «hvort heldur er hvals eða hákarlslýsi». (Fellt með 15 atkv. gegn 7).
4. *Ólafur Sigurðsson*: í staðinn fyrir »lýsistunnu» (í tölul. 8.) verði sett: «tunnu hákarlslýsis». (Fellt með 14 atkv. gegn 9).
5. *Sighvatur Árnason* og *Björn Pètursson*: í staðinn fyrir orðið «lýsistunnu» (í tölul. 8.) komi: «lifrartunnu úr hákarlsafla». (Fellt með 14 atkv. gegn 9).
6. *Sighvatur Árnason* og *Björn Pètursson:* í staðinn fyrir orðin

«ein alin» (í tölul. 8.) komi: »hálf alin«. (Fellt með 22 atkv. gegn 2).

7. *Benedikt Sveinsson*: eptir orðin: »og háfi« (í tölul. 8.) verði bætt inn í: «sem aflast», og eptir orðin »hverri lýsistunnu« (lifrartunnu) verði bætt inn í: «sem aflast». (Samþykkt sem orðabreyting).
8. *Minni hluti nefndarinnar (Torfi Einarsson* og *Stefán Jónsson)*: að í staðinn fyrir stafliðina a-d í frumvarpinu komi (með áorðnum breytingum):

a, af hverju tólfræðu hundraði af þorski, ísu, steinbít og háfi skal goldin hálf alin.

b, af hverri lýsistunnu skal goldin ein alin«.

(Stafliðirnir *a* og *b* samþ. með nafnakalli með 15 atkv. g. 11). Töluliðirnir 9—19 þar með fallnir.

9. *Arnljótur Ólafsson* (vara-uppástunga): »Spítalahlutur af öllum hákarlsafla skal greiddur þannig: 1 pund hákarls af hverjum hundrað pundum og 1 pottur af hverri lýsistunnu. Skipseigandi skal inna gjald þetta af hendi, eður formaður, ef eigandi er eigi innan hrepps, og á hann þá rètt til endurgjalds af öllum hinum, er hlut taka af skipinu, eptir því sem tala rennur til.
10. *Jón Guðmundsson*: að fyrsti kafli 1. greinar verði þannig orðaður:

«Af öllum bátum og skipum, sem gjörð eru út eða höfð eru með fram til fiskiveiða á Íslandi, skal goldinn spítalahlutur árlega, eptir reglum þeim sem hèr fara á eptir:

I. Í öllum verstöðum og sjóplázum, þar sem 2 og 3 vertíðum er haldið uppi árlega.

(sem *a* og *b* í frumvarpinu).

II. Alstaðar annarstaðar á landinu, þar sem útræði tíðkast einhvern tíma ársins, skal af smærri sem stærri fiskibátum og skipum að eins goldinn helmingur þess, sem ákveðinn er í (tölulið I. a og b).

Þetta niðursetta gjald gildir einnig um þau skip og báta, er utan hèraðsmenn eiga í einhverri verstöðu og halda þar úti til fiskjar að eins vetrarvertíðina» (sbr. niðurlag greinarinnar í tölul. 18).

11. *Halldór Kr. Friðriksson:* að stafliðurinn *a* í 1. gr. verði þannig orðaður:

»Af tveggjamannaförum og fjögramannaförum skulu goldnir á hverri vertíð 5 fiskar af hverju«.

12. *Meiri hluti nefndarinnar* (*Pètur Pètursson, Jón Hjaltalín* og *Halldór Kr. Friðriksson*) :
í staflið *a* á undan »10 fiskar», sè skotið inn í: »5 álnir eða (10 fiskar).

13. *Halldór Kr. Friðriksson*: að stafliðurinn *b* í 1. grein verði þannig orðaður:
b, af sexæringum, áttæringum, tíæringum og tólfæringum skulu goldnir á hverri vertíð 8 fiskar af hverjum«.

14. *Meiri hluti nefndarinnar:* að í staflið c í 1. gr.
í staðinn fyrir »20 fiskar af lest», verði sett: 15 fiskar af lest».

15. *Bergur Thorberg*: að í staflið c í 1. grein í staðinn fyrir orðin: »af þiljuskipum skulu goldnir 20 fiskar» verði sett: »af þiljuskipum skulu goldnir 10 fiskar«.

16. *Meiri hluti nefndarinnar*: að niðurlagið af staflið c í 1. gr. þessi orð: «samt má gjaldið aldrei minna vera en 50 fiskar«, falli úr.

17. *Ólafur Pálsson:* að fyrir orðin í staflið d í 1. grein:
»sem höfð eru á hákarlaveiðar«, verði sett: »sem annaðhvort eingöngu eða með fram eru höfð á hákarlaveiðar».

18. stafliðurinn d í 1. gr.:
»Af bátum og skipum, sem höfð eru á hákarlaveiðar, skal goldið helmingi meira gjald en af öðrum bátum og fiskiskipum» - - *Meiri hluti nefndarinnar*: að þessi stafliður falli alveg burt.

19. *Jón Guðmundsson*: að niðurlag 1. greinar verði þannig (sbr. 10. tölul.) «Stiptsyfirvöldunum á Íslandi (til vara: dómsmálastjórninni) er hèr með veitt heimild til þess, eptir að þau hafa leitað um það álits og tillaga amtmanna landsins, að ákveða það nákvæmar með opinberri auglýsingu, hver sjópláz og verstöður skulu vera háðar fullu spítalahlutar gjaldi (eptir þessarar greinar tölul. I. *a* og *b*), eður að eins helmings gjaldi (eptir tölulið II).

20. 1. grein frumvarpsins, með áorðnum breytingum eða óbreytt. (Samþ. með nafnakalli með 16 atkv. gegn 10).

2. grein.

21. *Stefán Eiríksson*: að í stað orðanna: «meðalverði á fiski»

verði sett: «meðalverði allra meðalverða». (Fellt með 12 atkv. gegn 10).

22. *Minni hluti nefndarinnar:* að fyrir orðin: »á fiski í verðlagsskrá árs hvers«, verði sett: »þeirrar verðlagsskrár, sem gildir það ár, er aflinn til fellst» (fellur til). (Fellt með 12 atkv. gegn 10).
23. *Ólafur Sigurðsson*: (viðauka-atkvæði við tölul. 22): «Gjald þetta greiðist af eiganda eða útgjörðarmanni skipsins mót endurgjaldi frá hásetum eptir réttri tiltölu». (Fellt með 15 atkv. gegn 1).
24. 2. grein í heild sinni með áorðnum breytingum eða óbreytt. (Samþ. með 25 atkv.).

3. grein.

25. *Jón Guðmundsson:* að í stað orðsins «bæjarstjórnin» í upphafi 3. greinar, verði sett: «lögreglustjórnin». (Fellt með 10 atkv. gegn 10).
26. *Arnljótur Ólafsson, Benedikt Sveinsson* og *Eiríkur Kúld*: að 3. grein verði þannig orðuð:
    a. Hreppstjórarnir og bæjarstjórnin í kaupstöðunum skulu halda nákvæma skrá um alla báta, opin skip og þilskip, sem höfð eru til fiski- og hákarlaveiða í hreppnum eður umdæmi bæjarins á tímabilinu frá 12. maí árið fyrir, til sama tímabils árið eptir; skal þar skýrt frá eigendum skipa og báta og afla-upphæð þeirra eptir skýrslu hlutaðeigandi formanna, gefinni undir eiðs tilboð. Skrá þessa skal leggja fram fyrir sýslumann eða bæjarfógeta á næstu manntalsþingum, og á hann þar að yfirlíta hana og rannsaka eins og þarf. Að því búnu skal hann heimta saman gjaldið eptir skránni.
    b. Nú reynist skýrsla formanns ósönn um afla-upphæð hans, og varðar honum það við lög, sem tíundarsvik. (Stafl. *a* og *b* samþ. með 16 atkv. gegn 9).
27. *Sighvatur Árnason*: að í staðinn fyrir þessi orð í 3. grein: «báta og skip, sem eiga heima í hreppnum ..... og hver eigi þau» komi þetta: «báta, opin skip og þilskip, sem höfð hafa verið til fiski- og hákarlaveiða í hreppnum eður umdæmi bæjarins á tímabilinu frá 1. januar árið fyrir, til sama tímabils árið eptir, skal þar skýrt frá eigendum skipanna, afla-upphæð þeirra (og tölu skipverja) eptir skýrslu hlutaðeigandi

formanna, gefinni um árslokin undir eiðs tilboð» o. s. frv. (Fallið við 26. tölul.).

28. *Sami* (til vara, ef breytingar-atkvæðið í 27. tölulið fellur): að tímabils takmarkið sè bundið við 1. janúar. (Fellt með 15 atkv. gegn 8).
29. *Sami* (sem viðauka við 3. grein eða nýja grein): «Formaður skal greiða spítalagjaldið af hendi fyrir hönd skipseiganda og skipverja. Nú er formaður utansveitarmaður, og skal hann greitt hafa gjaldið til hreppstjóra eða gjaldkera áður hann fer burt úr sveitinni. (Fellt með 14 atkv. gegn 11).
30. *Arnljótur Ólafsson* og *Björn Pètursson*, viðauka-atkvæði við 3. grein eða ný grein:

    »Skipseigandi skal greiða spítalagjaldið af hendi, ef hann er innanhrepps, ella formaður. Nú eiga fleiri skip saman og eru eigi allir innanhrepps, og skulu þeir þá gjalda, er innanhrepps eru; en sè enginn þeirra innanhrepps, skal formaður gjalda, sem fyrr segir. Nú er formaður sá, er gjalda skal, utansveitarmaður, og skal hann greitt hafa hreppstjóra eður lögreglustjóra gjaldið, áður hann fer burtu úr hreppnum. Greiðandi hefir rètt til endurgjalds af öllum þeim, er hlut taka af skipi því, að hlutfalli rèttu. (Samþ. með 18 atkv. gegn 8).
31. *Minni hluti nefndarinnar*: að í staðinn fyrir síðara hluta greinarinnar, frá orðunum: «höfð hafa verið á fiskiveiðar«, ... verði sett: »(höfð hafa verið á) fiski- og hákarlaveiðar á tímabilinu frá 12. maí árið fyrir, til sama tímabils árið eptir. Skal þá skýrt frá afla-upphæð þeirra og hver eigi þau. Skrá þessa skal leggja fram fyrir sýslumann eða bæjarfógeta á manntalsþingum, og á hann þar að yfirlíta hana og rannsaka eins og þarf. Að því búnu skal hann heimta saman gjaldið eptir skránni«.
32. *Meiri hluti nefndarinnar*: fyrir orðin (í 3. gr.) «hreppaskilaþingum» og «hreppaskilaþinga» verði sett: «manntalsþingum» og «manntalsþinga».
33. *Meiri hluti nefndarinnar*: fyrir seinasta lið í 3. gr.: «Skal leggja skrá ..... eins og þarf», verði sett: «Skal skrá þessa senda sýslumanni eða bæjarfógeta nokkru fyrir manntalsþing, og skal hann yfirlíta hana og rannsaka eins og þarf».
34. *Meiri hluti nefndarinnar*: að þessu verði bætt aptan við 3.

grein: »Að því búnu skal hann heimta saman gjaldið eptir skránni«. (Tölul. 31—34 fallnir við 26. tölul.).

35. 3. grein í heild sinni með áorðnum breytingum eða óbreytt. (Samþ. með 17 atkv. gegn 8).

4. grein.

36. 4. grein frumvarpsins (óbreytt; — *Nefndin*: að þessi grein verði felld úr). (Fallin við 26. tölul.).

37. *Sighvatur Árnason*: (viðauki við 4. gr. eða ný grein).
»Hreppstjórinn eða gjaldkeri bæjarins skal hafa fyrir innheimtu þessa $^1/_6$ (einn sjöttung) af spítalagjaldinu. (Fellt með 11 atkv. gegn 10).

5. grein (frumv.)

38. *Nefndin:* að orðin »og reikninga« falli burt. (samþ. með nafnakalli með 16 atkvæðum gegn 10).

39. *Sama*: að orðin: »sem heimtaðir hafa verið saman«, falli burt. (Samþ. með 16 atkv. gegn 8).

40. *Sama:* að fyrir orðin: »og borga um leið inn fé það, sem hjá þeim er«, verði sett: »og borga þeim fèð um leið«. (Samþ. með 16 atkv. gegn 1).

41. 5. grein frumvarpsins (með áorðnum breytingum eða óbreytt). (Samþ. með 19 atkv. gegn 5).

6. grein (frumvarpsins).

42. grein þessi óbreytt. (Samþ. með 24 atkv.).

43. *Arnljótur Ólafsson*: að grein þessi verði 2. grein í hinu nýja frumvarpi. (Fallið).

44. *JónGuðmundsson* (uppástunga):
Að þó að grundvallarregla stjórnarfrumvarpsins verði samþykkt með atkvæðafjölda, þá verði uppástunga minna hluta nefndarinnar eða þau breytingar- og viðauka-atkvæði, sem þar að lúta og fá flest atkvæði, tekin inn í álitsskjalið til konungs sem niðurlags-uppástungur *til vara,* og allt að einu stjórnarfrumvarpið eða þau breytingar- og viðauka-akvæði, sem að því lúta, ef grundvallarregla minna hlutans verður aðal-uppástunga eptir atkvæðagreiðslunni. (Fellt með 17 atkv. gegn 4).

45. Frumvarpið í heild sinni (breytt eða óbreytt). (Samþ. með nafnakalli með 15 atkvæðum gegn 11).

46. Fyrirsögnin. (Samþykkt án atkvæðagreiðslu).

BÆNARSKRÁ

til konungs um viðskiptabækur.

Til þessa alþingis kom bænarskrá úr Eyjafjarðarsýslu undirskrifuð af 52 mönnum, sem fer þess á leit, að alþingi hlutist til að í lög verði leitt, að öllum þeim, sem verzla á Íslandi verði gjört að ófrávíkjanlegri skyldu að rita allar viðskiptabækur eða viðskiptareikninga sína á íslenzka tungu. Alþingi kaus þriggja manna nefnd til að íhuga þetta mál, ræddi það síðan á tveimur aðalfundum á lögskipaðan hátt, og leyfir sèr nú allraþegnsamlegast að láta í ljósi álit sitt og tillögur á þessa leið.

Þingið verður að álíta það skyldu sína að hlynna eptir megni að öllu því, sem miðar til þess að íslenzk tunga sè viðhöfð í sem flestum viðskiptum kostur er á í landinu, og að viðskipti landsmanna við útlenda menn verði sem minnstum vafa og misskilningi undirorpin. Það er nú mestmegnis bændur og almúgi sem verzlunarviðskipti eiga við kaupmenn, og sem ekki skilja aðra tungu en móðurmál sitt, en hinir, sem útlendar tungur skilja, eru fáir í samanburði við þessa; nú er það sjálfsagt, að þeir, sem viðskipti eiga saman, þurfa að skilja hvor annan ; og þegar verzlunarviðskiptabókum er í konunglegu lögmáli veitt sönnunarafl, virðist þinginu það ástæða til, að bækur þessar sèu samdar á því máli, sem alþýða á Íslandi skilur. Að öðru leyti virðist þinginu það engum sèrlegum örðugleikum bundið fyrir kaupmenn að rita verzlunarviðskiptabækur hèr á því máli, er alþýða skilur, því ætíð mundu þeir hèr eiga kost þeirra manna, er aðstoðað gætu þá í þessu tilliti, ef á þyrfti að halda. Þinginu virðist að sú krafa landsmanna vorra til kaupmanna sè rètt og þjóðleg, að þeir riti verzlunarviðskiptabækur sínar hèr á landi á landsins máli, og nefni innlendum nöfnum alla þá verzlunar hluti, sem slíkum nöfnum verður að komið, en að öðrum kosti missi þessar viðskiptabækur lagalegt sönnunarafl.

Af tèðum ástæðum leyfir þingið sèr allraþegnsamlegast (með 14 atkvæðum gegn 4) að bera þá bæn fram fyrir yðar konunglegu hátign:

> Að Yðar Hátign allramildilegast mætti þóknast að ákveða með lagaboði, að verzlunarviðskiptabækur á Íslandi skuli því að eins hafa það sönnunarafl, sem til er ætlazt í tilsk.

13. júní 1787, 2. kap. 17. og 18. grein, að þær sè ritaðar á íslenzka tungu.

UPPÁSTUNGA

þingmanns Norðurþingeyinga um 1000 ára minningar hátíð Íslands byggingar 1874.

Eg vona að hið heiðraða alþingi minnist þess, að eg undirskrifaður bar fram þá uppástungu á hinu síðasta alþingi, að vèr fulltrúar Íslendinga skyldum þá þegar fara að hugleiða, hvernig vèr gætum styrkt þá fögru hugsun ýmsra landa vorra, sem hafði látið til sín heyra í tímaritum vorum, að gjöra eitthvað fagurt og sómasamlegt árið 1874 í minningu þess, að land það, er vèr byggjum, hefir þá verið byggt 1000 ár. Eg álít þá, að þingið ætti að athuga, hve tilhlýðilegt það væri, að landsmenn í minning þessa hèldu þjóðhátíð, og gjörðu eitthvað það, er gæti haldið á lopt fyrir eptirkomendum vorum sýnilegum votti þess, að vèr Íslendingar á þessari öld hefðum haft tilfinningu fyrir því háleita og fagra, er felst í þessum viðburði, og endurminningunni um það, þegar hinn elzti ættfaðir þjóðar vorrar hèr á landi, hinn fyrsti landnámsmaður, Ingólfur Arnarson, skyldi við eignir og óðul í Noregi, af því hann vildi heldur taka sèr bólfestu í óbyggðu og ókunnu landi, sem frjáls maður, en þola ríki Haralds konungs hárfagra. Eg tók það og fram, að á þessari þjóðhátíð Íslendinga ættu menn bæði í ræðum og riti að halda uppi minningu þessa viðburðar og líka reisa eitthvert sýnilegt minningarmark þessum elzta ættföður hinnar íslenzku þjóðar, eður eitthvað því um líkt, sem þjóðinni gæti verið til gagns eður sóma.

En af því ekkert slíkt verður gjört, svo það sè samboðið virðingu þjóðarinnar, nema að töluvert fè sè framlagt til þess, en vèr Íslendingar á hinn bóginn erum fámenn þjóð og fèlítil, er ekki ráð nema í tíma sè tekið, þegar um eitthvað svo stórt er að ræða, að það á að gefa eptirkomendum vorum rètta hugmynd um menntunarstig vort og áhuga á alþjóðlegu máli.

Mèr virðist nú, að ekkert liggi þjóðþingi voru nær og fulltrúum landsmanna, en að gjörast forgöngumenn fyrir slíku máli,

sem svo er samtvinnað þjóðerni voru og þjóðfrægð, og þó að mèr gengi lakar en von mín stóð til með uppástungu mína á síðasta þingi, þá finnst mèr þó, að eg sè skyldur að koma með hana aptur, og það því fremur sem vonandi er, að þetta þing, sem hefir með höndum ný stjórnarskipunarlög, er eiga að grundvalla sjálfstjórn Íslands að svo miklu leyti, finni lifandi til endurminningarinnar um það, þegar vorir frægu feður »reistu sèr byggðir og bú í blómguðu dalanna skauti», er varð hyrningarsteinn undir hinni fornu sjálfsstjórn vorri.

Þegar um er að ræða, á hvern hátt alþingi bezt geti stutt þetta málefni, þá virðist mèr, að málið eigi fyrst um sinn að vera innanþingsmál, og að þingið eigi að finna einhver ráð til að safna fè í þessum tilgangi hjá landsmönnum, og undirbúa annað undir þann tíma, er þjóðhátíðin á að standa.

Eptirfylgjandi niðurlagsatriði set eg hèr þingnefndinni, er eg vona að kosin verði, til leiðbeiningar, ef hún vill á þau fallast:

1. Að alþingi skori á stiptamtmanninn yfir Íslandi og landfógetann í Reykjavík að ganga í nefnd með einum manni, er þingið kýs úr sínum flokki, til þess að standa fyrir málefni þessu, veita viðtöku og ávaxta fè það, sem inn kæmi með almennum samskotum og auglýsa um það árlega reikninga.
2. Að hver þingmaður taki að sèr, hver í sínu kjördæmi, að senda eyðublöð, er fyrr greind nefnd ætti að gefa út, til sýslumanns, prófasts, presta og annara merkustu manna í kjördæminu, skora á þá að gangast fyrir almennum árlegum samskotum um land allt, og senda jafnóðum tillög þau, er inn koma, til nefndarinnar í Reykjavík.
3. Að fè þessu verði á sínum tíma varið, eptir nákvæmari ákvörðun alþingis til verðugrar minningar um Íslands bygging og hinn fyrsta ættföður vorn Ingólf Arnarson.

Reykjavík 19. júlí 1867.

Sveinn Skúlason.

ATKVÆÐASKRÁ

í málinu um borgun til prófasta fyrir kirkjuskoðanir. (Sbr. bls. 279).

---

1. *Jón Guðmundsson*: Að uppástungu nefndarinnar (tölul. 8.) verði þannig breytt:
   a, í stað 2 rd. komi 10 álnir
   b, - — 3 — — 14 —
   c, - — 4 — — 18 —
   d, - — 5 — — 22 —
   e, - — 6 — — 30 — (Fellt með 19 atkv. gegn 2).
2. *Þetur Guðjónsson:* að uppástungu nefndarinnar (tölulið 8.) verði þannig breytt, að álnatal komi í staðinn fyrir dala, og að skoðunarlaunin þannig verði:
   a, af kirkju, sem hefir minni tekjur en 12 rd., 8 áln.
   b, af kirkju, sem hefir tekjur frá 12—20 — 12 —
   c, - — — — — — 20—30 — 16 —
   d, - — — — — — 30—40 — 20 —
   e, - — — — — — 40—50 — 24 —
   og svo framvegis, allt að 100 rd. (Fellt með 17 atkv. gegn 3).
3. *Halldór Kr. Friðriksson*: að uppástungu nefndarinnar (tölul. 8.) verði breytt á þessa leið:
   a, af kirkjum, sem hafa minni tekjur afgangs árlegum nauðsynjagjöldum en 10 rd., ekkert.
   1, af kirkjum, sem hafa 10—20 rd. 2 rd.
   2, - — — — 21—30 — 3 —
   3, - — — — 31—40 — 4 —
   4, - — — — 41—50 — 5 —
   og svo framvegis. (Fellt með 23 atkv. gegn 1).
4. *Sami* (vara-uppástunga):
   »Af kirkjum þeim, sem hafa 10 rd. tekjur afgangs nauðsynjagjöldum, greiðist $^1/_{10}$ af tekjuleifunum». (Fellt með 21 atkv.).
5. *Arnljótur Ólafsson* og *Hjálmur Þetursson:* að í staðinn fyrir uppástungur nefndarinnar (8. *a*—*e*) komi:
   »af kirkjum þeim, er árið áður en kirkjuskoðunin fram fer, hafa í afgangstekjur, þó svo, að frá þeim (afgangstekjunum) sè dregin kirkjuskoðunarlaunin, 10 rd. eða minna. 1 rd.
   yfir 10 — til 20 rd. 2 —
   — 20 — — 30 — 3 —

— 30 — — 40 — 4 —
— 40 — — 50 — 5 —
— 50 — — 60 — 6 —
— 60 — 7 —

(Fellt með 16 atkv. gegn 8).

6. *Benedikt Sveinsson* og *Jón Pètursson*: að í staðinn fyrir uppástungu nefndarinnar (í tölul. 8. *a—e*) verði sett:
   »*a*, af kirkju, sem hefir minni tekjur en 10 rd. árinu áður en skoðunin fram fer, að frá dregnum nauðsynjagjöldum hennar, borgist ekkert».
   »*b*, af kirkjum, sem hafa 10 rd. tekjur fram yfir nauðsynja gjöld og þaðan af meira, greiðist $^1/_{10}$ partur, þó þannig, að borgunin aldrei verði meiri en 6 rd.» (Stafl. *a* og *b* felldir með 15 atkv. gegn 10 með nafnakalli).
7. *Sighvatur Árnason:* Breytingaratkvæði við staflið *a* í uppástungu nefndarinnar (tölul. 8.):
   Að í staðinn fyrir »12 rd.» sè sett 15 rd.»
   og við staflið *b* í sömu uppástungu:
   að í staðinn fyrir »frá 12 til 20 rd.» sè sett: »frá 15 til 22 rd.» (Fellt með 15 atkv.).
8. *Nefndin*:
   »Að alþingi biðji konung að skipa, að borgun fyrir kirkjuskoðun prófasta greiðist þannig eptir efnahag kirknanna:
   a, af kirkju, sem hefir minni tekjur en 12 rd., árið áður en skoðunin fram fer, að frádregnum hennar árlegu nauðsynjagjöldum, 2 rd.
   b, af kirkju, sem hefir tekjur frá 12 til 20 rd., 3 rd.
   c, af kirkju, sem hefir tekjur frá 20 til 30 rd., 4 rd.
   d, af kirkju, sem hefir tekjur frá 30 til 40 rd., 5 rd. og
   e, af kirkju, sem hefir tekjur yfir 40 rd., . . 6 rd.
   Og sè það í 5. gr. tilsk. 27. jan. 1847, er lýtur að þessu efni, þar með úr lögum numið«. (Samþ. með 14 atkv. gegn 11).
9. *Jón Bjarnason*: Viðauka-atkvæði (eptir staflið e í tölulið 8.):
   »Þó skulu prófastar eigi fá nema helming skoðunarlaunanna, ef þeir ekki fullnægja skyldum þeim, sem tilskipun 29. maí 1744 fyrirskipar um vísitazíur». (Fellt með 20 atkv. gegn 4).
10. *Hjálmur Pètursson* og *Arnljótur Ólafsson*:
    »Að alþing biðji H. H. konunginn, að veita byskupinum yfir

Íslandi vald til að gefa próföstum sínum það leyfi, að láta hjá liða að vísitera árlega þær kirkjur í prófastsdæminu, er honum þykir þess eigi þurfa, þó skal hann eigi mega vísitera neina kirkju sjaldnar en þriðja hvert ár. (Fellt með 19 atkv. gegn 6).

11. Hvort rita skuli konungi bænarskrá samkvæmt þessari atkvæðagreiðslu? (Fellt með 12 atkv. gegn 12).

UPPÁSTUNGA

tveggja þingmanna um undirbúning nýrrar jarðabókar.

Árið 1863 bárum við undirskrifaðir þá uppástungu fram fyrir hið heiðraða alþingi, að það allraþegnsamlegast beiddist þess:

1. Að jarðamatsbækurnar 1849—1850, ásamt öllum þeim skjölum, sem þeim fylgja, yrðu sendar aptur hingað til lands þegar það haust, og yrðu framvegis geymdar við skjalasafn alþingis.
2. Að okkur verði veittir 400 rd. á ári í 2 ár, til að undirbúa undir prentun nýja jarðabók með öllum vanalegum skýrslum og upplýsingum, sem opinberar jarðabækur þessa lands hafa haft að undanförnu, og sem þetta jarðamat sérstaklega útheimtir (sjá alþingistíðindin 1863, I, bls. 143—145, og II, bls. 304—312).

Þessari uppástungu tók þingið vel, og vísaði því forsetaveginn með meðmælum sínum til stjórnarinnar. En með brèfi til stiptamtmannsins á Íslandi, dagsettu 12. marzmán. 1864, sem stiptamtmaður síðar skýrði okkur frá, neitaði stjórnin, að verða við bón okkar (sjá tíðindi um stjórnarmálefni Íslands, 2. bindi, bls. 19—21.); en þær ástæður, sem stjórnin telur fyrir synjuninni, færa okkur alls eigi, og vèr ætlum engum manni, heim sanninn um, að synjunin eigi við næg rök að styðjast; því að þar sem stjórnin segir um hið fyrra atriði uppástungunnar, að það verði eigi til greina tekið sökum þess, að opt þurfi á jarðamatsbókunum að halda við þau mál, er borin sèu undir dómsmálastjórnina, þá skulum við leyfa okkur að geta þess, að bæði jarðeigendur og leiguliðar á Íslandi, og enn fremur alþingi sjálft þarf og þráfallt

að fá upplýsingar úr jarðabókum þessum; en vart verður móti því borið, að bækur þessar eru beinlínis eign landsins, þar sem þær að öllu leyti eru kostaðar sérstaklega af landinu sjálfu ásamt öllum öðrum útgjöldum við jarðamatið.

Að því er hið síðara atriðið snertir, er það mjög æskilegt og fróðlegt, að lýsing allra jarðeigna landsins væri fengin svo fullkomin í öllum efnum, sem auðið væri, og hún svo prentuð, svo að allir gætu haft aðgang að henni, enda gæti slík lýsing orðið til mikils léttis við endurskoðun jarðabókarinnar sjálfrar. En varla getur það dulizt fyrir neinum, að það sé misskilningur hjá stjórninni, er hún virðist ætla, að eigi sé annar tilgangur okkar og þingsins, en að þessi jarðabók, sem við óskum að gefa út, eigi við skattheimtu í stað jarðabókarinnar 1861; því að það er alls eigi tilætlunin, heldur einkanlega það, að landsmenn geti átt kost á jarðabók, sem eigi sé ófullkomnari en allar aðrar jarðabækur, er hér hafa verið samdar, og að hún sé svo úr garði gjör, að hún geti orðið til áreiðanlegrar undirstöðu og leiðarvísis við endurskoðun þá og leiðréttingar jarðabókarinnar 1861, sem lögboðin er að 20 árum þar frá iðnum.

Við leyfum okkur því enn að nýju, að bera þá uppástungu fram fyrir hið heiðraða þing, að það beri þá allra þegnsamlegustu bæn fram fyrir konung vorn:

1. Að jarðamatsbækurnar 1849—50, ásamt öllum þeim skjölum, sem þeim fylgja, verði sendar aptur hingað til lands þegar í haust, og verði framvegis geymdar við skjalasafn alþingis.
2. Að okkur verði veittir 400 rd. á ári í 2 ár til að undirbúa undir prentun nýja jarðabók með öllum vanalegum skýrslum og upplýsingum, sem opinberar jarðabækur þessa lands hafa haft að undanförnu, og sem þetta jarðamat sérstaklega útheimtir.

Reykjavík 22. d. júlím. 1867.

Jón Guðmundsson, *H. K. Friðriksson.*

þingmaður Vestur-Skaptafellssýslu.

(Felld frá nefnd).

UPPÁSTUNGA

um kennara í sögu og fornfræði.

Í hitt eð fyrra leyfði eg mèr, að stinga upp á því við alþingi það, sem þá var haldið, að það sendi konungi vorum bænarskrá þess efnis, að hèr á landi yrði settur fastur kennari með 1600 rd. launum, er hèldi opinbera fyrirlestra í sögu landsins; en þessi uppástunga mín fèkk þá af einhverjum ástæðum ekki byr hjá þinginu, og varð ekki framgengt.

Þar eð nú kringumstæðurnar nú eru orðnar nokkuð öðruvísi, en þær voru þá, og eg á hinn bóginn veit, að allir þingmenn eru sannfærðir um, hve gott mundi leiða af því fyrir landið, ef þetta gæti komizt á, leyfi eg mèr hèr með á ný að stinga upp á því við hið heiðraða þing, að það sendi konungi vorum þegnsamlegasta beiðni þess efnis:

> Að hèr í Reykjavík verði stofnsett fast kennara-embætti í sögu landsins og fornfræðum norðurlanda, með 1600 rd. launum, og að kennara þeim verði gjört að skyldu, að halda á veturna optinbera fyrirlestra í þessum vísindagreinum.

Reykjavík, 16. dag júlím. 1867.

Jón Pètursson.

(Nefnd sett).

NEFNDARÁLIT

um hundahald. (Sbr. bls. 172).

Hið heiðraða alþingi hefir valið oss undirskrifaða í nefnd til að íhuga stjórnarinnar frumvarp til tilskipunar um það, hvernig eigi að halda hunda á Íslandi. En áður en vèr látum í ljósi álit vort um það og greinir þess, finnum vèr oss knúða til að fara nokkrum orðum um mark og mið þess. En þetta er, eins og allir vita gjört í því skyni, að útrýmt verði hèr á landi þeirri hættulegu veiki, sem menn kalla sullaveikina, og sem, eins og allir vita, er mjög almenn bæði í mönnum og skepnum. Nú þótt það liggi

nokkuð fyrir utan verkahring vorn, að fara mörgum orðum um veiki þá, er hèr um ræðir og orsakir hennar, virðist oss það nauðsynlegt, að geta þess, er helzt er umvarðandi um hana, en það er þetta:

Sullaveikin var almennt á fyrri tímum, meðan menn eigi þekktu náttúru hennar, kölluð ýmist lifrarbólga eða fylli, eptir því sem á henni stóð, og hefir lengi verið gjört orð á því, hversu almenn hún væri hèr á landi.

Landlæknir Jón Sveinsson gat þess fyrst, hve frábærlega almenn alslags lifrarveiki væri á Íslandi, og sagði í riti sínu: »Um sjúkdóma þá, er til bana verða á Íslandi:» «Hepatalgiae omnis generis maxime frequentes».

Landlæknir og jústizráð J. Thorstensen, er hèr var læknir í meir en 30 ár, áleit, að 7. hver maður á Íslandi væri sullaveikur; og þótt þetta kunni að virðast nokkuð gífurlegt, þá benda líkuppskurðir þeir, sem hèr hafa verið um hönd hafðir í hinni seinni tíð, á það, að sjúkdómur þessi sè fjarska almennur, og finnist opt í líkum, þótt menn í lifanda lífi eigi hafi lagt merki til hans, því nálega hjá $^2/_3$ pörtum af líkum þeim, er hèr hafa verið krufin síðan 1860, hafa fundizt sullir.

Dr. Schleisner, sem ferðaðist hèr um í $1^1/_2$ ár, og meðhöndlaði á þeim tíma 2600 sjúkdóma, segir, að meira en $^1/_6$ partur af öllum hans sjúklingum hafi haft sullaveikina.

Samkvæmt þessu mun það varla mega kalla of mjög hermt, að á landi voru finnist nú nærfellt 10,000 sullaveikir sjúklingar, og mun fáa rèttilega gruna um, hvílíkan skaða þessi vor innlenda veiki gjörir innbúum landsins, en það viljum nú nokkuð framar athuga.

Sullaveikin yfirfellur hvervetna fólk á hinum bezta aldri, og þótt hún komi fyrir á unglingum fyrir innan tvítugt, er hún langalmennust milli tvítugs og 40 ára, eða á þeim aldri, þegar maðurinn á að vera í sínum bezta blóma.

Þegar mönnum nú telst svo til, að hèr á landi muni vera nærfellt 10,000 sullaveikir sjúklingar, þá mun það ekki fjarri lagi, að reikna, að helmingurinn af þessum sjúklingum sèu hreinir ómagar, er eigi geti unnið fyrir lífi sínu, og falli þess vegna hreppunum eða vandamönnum sínum til byrði í mörg ár, því að sjúkdómurinn er opt mjög langvinnur, og með því nú að ómagaframfæri hèr á landi er talið nálægt 40 rd., þá samsvarar kostnaður

sá, er sullaveikin árlega veldur 200,000 rd. um árið, og leggi menn nú hèr til verkmissirinn af þessum mönnum og hinum 5000, er eigi álítast ómagar, heldur geta unnið nokkuð, þótt það sè með veikum burðum, þá eru það af og frá neinar öfgar, þótt vèr teljum svo til, að veiki þessi á hverju ári kosti landið mikið yfir 200,000 rd. eða 2 tunnur gulls árlega, því auk ómagaframfæris þess, er nú var talið og verkmissis, þá er þess vel gætandi, að kristileg skylda og meðaumkun býður, að leita slíkum sjúklingum allrar linunar með meðölum, en það verður eigi gjört án peningaútláta og ýmsrar fyrirhafnar, og mun það eigi of mikið, þótt menn reikni 2 rd. um árið fyrir hvern sullaveikan mann þann, er mjög er þjáður, og verður það þá fyrir 5000 sjúklinga 10,000 rd.; en þótt vèr nú hingað til höfum skoðað málið frá hinni »oekonomisku« hlið, þá er hin hliðin enn nú ótalin, er snertir meðaumkun þá, er hver kristinn maður á að hafa fyrir öllum þeim, er stynja undir þungbærum og hættulegum sjúkdómi, því að það er svo sem auðvitað, að af sjúkdómunum flýtur því meiri eymd og volæði, sem þeir eru almennari, og því brýnni hvöt og nauðsyn er það fyrir hlutaðeigandi stjórn, að fá sjúkdóminum stökkt að svo miklu leyti, sem í hennar valdi stendur, jafnvel þó það kosti bæði gjald og fyrirhöfn.

Eins og sjá má af ástæðum þeim, er stjórnin hefir látið prenta aptan við frumvarp hennar um hundahaldið á Íslandi, hafa menn af vísindalegum rannsóknum komizt að þeirri niðurstöðu, að orsökin til sullaveikinnar bæði hjá mönnum og skepnum sèu egg úr bandormum hunda er berist inn í líkamann.

Eg meðundirskrifaður landlæknir Hjaltalín hafði lengi nokkurn vafa á, hvort þetta mundi geta álitizt sem fullsannað, og spurði þess vegna fyrir nokkrum árum heilbrigðisráðið í Kaupmannahöfn, hvað álit þess væri um þenna hlut. Heilbrigðisráðið svaraði mèr aptur, að það samkvæmt tilraunum þeim, er gjörðar hefðu verið af prófessórunum Siebold, Leuckart, Eschricht, Kückenmeister og þó einkanlega af Dr. Spencer Cobbold í Lundúnum, yrði að álíta það sem sannað, að sullaveikin kæmi frá bandormum þeim, sem eru í hundunum og almennt kallast Tænia eccinococcus. Eg hafði fyrir 6 vikum síðan langar samræður við Dr. Cobbold í Lundúnum um þetta efni, og skýrði honum greinilega frá öllum þeim mótbárum, sem eg gat tilfært; en reynsla hans í þessu efni er svo fjarskaleg og byggð á svo margföldum tilraunum, að eg gat eigi efast um

ástæður þessa manns, og verð því meir en nokkru sinni fyrr, að ráða þinginu til þess, að það íhugi þetta mál vandlega, og láti sèr annt um í höfuðefninu að fylgja tillögum þeim, sem frumvarpið ræður til; eg segi í höfuðefninu, því stjórninni hefir gengið gott eitt til með frumvarp þetta, er það miðar til, að vernda líf og heilsu landsmanna, og fá stökkt hinni háskalegustu landplágu, er um margar aldir hefir verið landi þessu að miklu tjóni. En þótt tilgangur stjórnarinnar sè hinn bezti í þessu efni, þá eru, því miður, allar líkur til, að með því fyrirkomulagi, sem hún hefir til ráðið, þá verði þeim góða tilgangi hennar lítið sem ekkert framgengt, þar sem það allt að einu, eptir sem áður, þótt frumvarpinu væri ýtarlega fylgt í öllum sínum greinum, þá yrði þó eptir næg mergð af bandormum hunda og afkomendum þeirra blóðruormum hjá skepnunum, til að hleypa sullaveiki jafnvel í tvöfalt fleiri fólksfjölda en nú finnst á Íslandi.

Samkvæmt frumvarpsins 2. grein skal sem sè hverjum búanda, sem hefir kýr, hross eða sauðfè, er hann verður að hirða, leyft gjaldlaust, að halda 2 hunda, og yrðu það, þar eð býlatalan mun vera milli 8 og 9,000, hèr um bil 17,000 hundar á öllu landinu.

Nú hefir Dr. Krabbe sýnt og sannað, að af hverjum 5 hundum á Íslandi er að eins 1 hundur, er eigi hefir bendilormakyn það er hèr um ræðir. Maður þessi hefir sýnt og sannað, að íslenzku hundarnir hafi langtum fleiri bandorma að tiltölu en hundar erlendis, svo að í sumum þeirra finnst hinn mesti grúi. Af þessu flýtur nú, að þótt menn beinlínis fylgdu frumvarpi stjórnarinnar, þá yrði hèr á Íslandi eptir hèr um bil 14—15,000 hundar með bandormum, og er það meir en nóg útsæði til veikinnar bæði á mönnum og skepnum, því að sú fækkun hundanna, sem stjórnin ræður til, gjörði langt um minna að verkum, en hún virðist að hafa við búizt. Það virðist að hafa vakað fyrir stjórninni, að hèr væri mesti grúi af óþarfa-hundum, enda hafa og sumir, er ekki þekkja til landslagsins hèr nákvæmlega, látið sèr um munn fara, að hèr mundi finnast nálægt 6 hundar hjá hverjum búanda, og ætti eptir þeirra meining að finnast yfir 54,000 hunda á öllu landinu, en það er óhætt að fullyrða, að þetta nær engri átt, og eptir því sem vèr höfum getað komizt næst virðist tala hundanna hèr á landi, eigi geta álitizt hærri, en 24,000, ef hún nær þeirri tölu. Það er að vísu satt, að á einstöku heimilum finnast margir hundar, en það er eins víst, að víða í sveitunum nær jafnaðartala þeirra eigi

mikið meira en sem svari 3 hundum á heimili, því að þótt sumstaðar sèu 4 og 5 hundar, eru aptur önnur heimili, er eigi hafa nema 2 hunda. Eptir gagnkunnugra manna áliti er víða í sveitunum alls eigi fleiri hundar en þörf gjörist á til smalamennsku og til að verja tún og engjar; við sjóinn og í þorpunum eru þeir án efa víða fleiri, en þeir þyrftu að vera, en þó ætlum vèr að tala þeirra mundi naumast ná 2 hundum fyrir hvert heimili.

Nefndin getur við þetta tækifæri eigi leitt hjá sèr, að geta um það, hvað óvanaleg og jafnvel óhappaleg aðferð hefir verið brúkuð í þessu máli. Stjórnin hefir að vísu lagt mál þetta fyrir íslenzku amtmennina og hið konunglega heilbrigðisráð í Kaupmannahöfn, en alls eigi fyrir landlæknirinn eða hèraðslæknana hèr á landi. Þetta virðist að vera nokkuð óvanaleg aðferð og meiðandi fyrir þá menn, er eiga að gegna því örðuga starfi, að vernda heilsu landsmanna og komast fyrir orsakir þær, er valda hinum innlendu sjúkdómum, eins og þessi aðferð á hinn bóginn er samkvæm því, er menn viðhafa í öllum öðrum löndum, þegar ræðir um að komast fyrir orsakir, og útrýma innlendum veikjum.

Það voru hèr á landi, um sama leyti og frumvarpið hefir verið tilbúið, fyrir utan landlæknirinn, þrír aðrir hèraðslæknar, sem sè kanselíráð Gísli Hjálmarsson, hèraðslæknir Jósef Skaptason og hèraðslæknir Skúli Thorarensen, hverjir allir 3 síðast taldir hafa verið læknar hèr í meir en 20 ár, og hefðu allt svo getað gefið stjórninni góðar bendingar um þetta mál, en sem menn nú alveg hafa orðið að fara á mis við; og nefndin verður að láta það álit sitt í ljósi, að frumvarp þetta mundi eflaust hafa orðið heppilegar úr garði gjört, hefði stjórnin hagnýtt sèr þær leiðbeiningar og athugasemdir, sem vænta mátti, að komið hefði fram af hendi hinna íslenzku lækna. Líka mundu menn þá ef til vill, hafa sloppið fyrir þeim ósönnu, þjóðmeiðandi og hneykslandi sögum, er ganga um veiki þessa og meðferð hennar hèr á landi, og sem prentaðar finnast nú rètt nýlega í merkustu manna ritum, og skýrskotað til, að þær sèu byggðar á sögu þess manns, er, eptir því sem út lítur, mun hafa haft mikil áhrif á undirbúning þessa máls hjá stjórninni og hvern veg það er úr garði gjört.

Nefndin verður líka að geta þess — jafnvel þótt þetta hvergi komi fram í frumvarpi stjórnarinnar — að árið 1862 kom hèr læknir nokkur Dr. Leared að nafni, sem er spítalalæknir við einn af hinum stærri spítölum í Lundúnaborg. Eptir lengri um-

ræður við landlækninn lagði hann til það ráð, er hann hèlt að gæti stökkt sullaveikinni bæði á mönnum og fènaði hèr á landi, en það var að lækna alla hunda fyrir bandormunn og brenna upp eða grafa í jörð niður alla sulli er fyndust í kindum og nautpeningi. Landlæknirinn hvatti menn mjög til að fylgja þessum ráðum, eins og sjá má af þjóðólfi frá 15. desember 1862, og jafnvel Dr. Krabbe segir í athugasemdum sínum um sullaveikina og varnir móti henni, að full ástæða væri til, að reyna þetta við hunda þá, er grunaðir eru um bandorma; en með því, að það mun bágt að segja með fullri vissu, hvort dýr þessi hafi bandorma eður eigi, virðist það óumflýjanlegt, ef þessari uppástungu yrði fylgt, að öllum hundum á Íslandi væri gefið meðal það, er Dr. Leared rèð til. Meðal þetta er nokkurs konar dupt, sem kemur frá Indlandi og kallast »kamala« og sem þar um langan aldur hefir verið viðhaft til að drepa bandorma í hundum. Það er nú orðið almennt viðurkennt, að meðal þetta er eitthvert hið bezta bandormameðal bæði fyrir menn og skepnur, og þetta hefir komið landlæknínum til, að fara að brúka það við sullaveiki á mönnum, og hefir meðalið bæði undir hans höndum og tveggja annara hèraðslækna, sem það hafa um hönd haft, nú þegar sýnt góðar verkanir, en þó er, af ýmsum orsökum, er hèr yrði oflangt upp að telja, eigi ætlandi til, að það geti læknað sullina, þegar í þeim er farið að grafa, eða þeir hafa orðið mjög magnaðir.

Nefndin getur nú eigi dulizt þess, að henni virðist frumvarp stjórnarinnar um hundahald á Íslandi mundi vinna töluvert, ef lagaboðið samkvæmt fækkuninni á öllum óþarfahundum, legði eigendunum þá skyldu á herðar, að hreinsa hundana með tèðu ormameðali um sama leyti og haft væri eptirlit á því, að allir sullir úr skepnunum yrðu grafnir í jörð niður, en til þessa þarf frumvarpið talsverða breytingu.

Eigi að síður sýnist nefndinni þetta eina úrræðið, ef nokkurt verulegt gagn á að verða að þessum lögum, og það af ástæðum, sem áður eru tilfærðar, en sem nefndinni þykir óþarfi, framar en gjört er, að tilgreina, eður nákvæmar að útlista, en það þykir nefndinni hverjum manni mega liggja í augum uppi, að sèrhvert það lagaboð, sem gjörir manni talsverðan örðugleika og þar á ofan peninga útlát, án þess að maður sjái þess nokkurn árangur, það muni sjaldan eiga sèr langan aldur, heldur verða numið úr lögum áður en 1 eða 2 kynslóðir líða undir lok. Þetta meinum

vèr einkum til frumvarps stjórnarinnar, eins og það liggur fyrir, því professor *Steenstrup* hefir sagt, að eigi væri að búast við að árangur sæist af því fyrr en ein kynslóð væri undir lok liðin, en nefndinni þykja allar líkur til, að árangurinn yrði alls enginn hvorki fyrri nè síðar.

Það er nú svo sem auðvitað, að þó að stjórnin og alþingi aðhyllist skoðanir nefndarinnar í þessu máli, þá er það eigi nóg, heldur verður lúðurinn, að sýna sig hlýðinn og auðsveipan og gjöra það sem gjöra þarf, þar sem um svo mikið er að ræða.

Það er von nefndarinnar, að almenningur smátt og smátt sjái það, að reglur þær, sem nú skal greina geti því að eins haft góðan framgang, að landsfólkið hlýði þeim stranglega, og nefndin hefir því meiri von um, að þetta muni verða, sem hver einn heilvita maður má sjá, að hèr er við mikinn ófögnuð að berjast, ófögnuð, sem eigi að eins hefir lagt og leggur þúsundir á þúsundir ofan í gröfina, heldur og eyðir kröptum landsins, svo að það svarar meir en tveim tunnum gulls á hverju ári, eða tveim milljónum á 10 ára tímabili.

Af þessum ástæðum þykist nefndin sannfærð um, að alþingi Íslendinga láti sig mál þetta miklu varða, því að það er sannarlegt velferðarmál alls landsins, og eins vonar hún, að Íslendingar láti sèr ekki í augu vaxa reglur þær, er nefndin stingur upp á að nái lagagildi í þessu máli, því að þótt þessar reglur hafi ýmislegt ómak og nokkurn kostnað í för með sèr, þá sjá þó allir heilvita menn, að þetta er ekkert á móti þeim óttalega skaða, er sullaveikin árlega veldur landi voru, og líka verður hún að fulltreysta því, að allir góðir menn í landinu leggist á eitt, til að framfylgja reglum þeim, er settar verða til að fá veiki þessari stökkt svo fljótt sem auðið er.

Nefndinni hefir eigi getað dulizt það, að með því að hver hundur, sem finnst á Íslandi, er að álíta sem grunsamur um að valda þeirri hèr um ræddu hættulegu veiki, þá verði hún að álíta ákvarðanir þær, er hún ræður til, að gilda fyrir hvern hund á öllu landinu; en eins og henni finnst, að allir hundar sèu jafn-tortryggir um bandorma, þá hefir hún eigi sèð sèr fært, að gjöra mismun á þarfa- og óþarfa-hundum, heldur að eins að taka það fram, að henni virðist að fækka ætti hundum svo sem verður, eptir skynsamra manna dómi, án þess þó, að mönnum sè meinað að halda skot- eða vakt-hunda, ef menn skuldbinda sig til að lækna þá fyrir

bandormunum undir lögreglustjóra eða hreppstjóra umsjón og greiða gjald það, er hèr fyrir verður ákveðið.

Með því, að reynsla hinna seinni tíma virðist að hafa fullsannað það, að hundarnir fá í sig bandorm þann, er hèr um ræðir, ef þeir jeta sulli úr kindum eða nautpeningi, þá finnur nefndin sèr skylt að taka það fram, að hverjum og einum verði gjört það að skyldu, að grafa alla sulli úr skepnum svo djúpt í jörð niður, að hundarnir nái þeim ekki, eða brenna sullina að öðrum kosti, en eins og bæði lækningarnar á hundunum og allt er að þessu lýtur, verður að vera vissum lækningareglum bundið, þá finnst henni það sjálfsagt, að landlækninum sè gjört að skyldu, að semja nákvæmar reglur fyrir öllu þessu, sem síðan ættu að prentast á opinberan kostnað, og útbýtast meðal allra lögreglustjóra og hreppstjóra í landinu, þegar tilskipun þessi nær lagagildi.

Samkvæmt framanskrifuðu leyfir nefndin sèr að stinga upp á, að frumvarpið verði þannig orðað:

1. grein.

Sèrhver húsbóndi skal skýra frá á ári hverju, í kaupstöðunum um fardaga, og í sveitunum á hreppskilaþingum á vorin, fyrsta sinn árið 1869, hversu margir hundar sèu á heimili hans, hvort sem hann á þá sjálfur, eða einhver annar heimilismaður hans. Fjölgi hundarnir á árinu, þá er hann skyldur að segja lögreglustjórunum í kaupstöðunum og hreppstjórunum til sveita til þess, áður 14 dagar sèu liðnir. Að því er snertir hunda þá, er heima aldir eru, skal frestur þessi talinn frá því, er þeir eru orðnir fullra 4 mánaða, og að því, er snertir aðfengna hunda, frá þeim degi, er þeir komu á heimilið.

2. grein.

Fækka skal hundum um land allt, svo mikið sem verður, eptir því, sem hreppstjóri, og lögreglustjóri í bæjum, ákveða með beztu manna ráði; en þó skal mönnum, er þess óska, leyft, að hafa skot- og vakt-hunda, ef þeir lækna þá undir umsjón þar til settra manna á sinn eigin kostnað, og borga þess utan 16 sk. árlega til lögreglustjóra eður hreppstjóra.

3. grein.

Síðan skal lækna alla hunda þá, er eptir eru, með «kamala»-

dusti og það þannig, að hverjum hundi skal gefa inn fyrst um sinn um 5 ára tímabil einu sinni á ári 2 skamta af »kamala», og sè 1 qvintin í hverjum; skal þetta gjört eptir þeim reglum, sem þar um verða settar.

4. grein.

Lögreglustjórinn í kaupstöðunum og hreppstjórar í sveitum eru skyldir að annast um lækningar þessar á hundum, eptir því sem fyrir er mælt í næstu grein á undan. En skyldir eru húsbændur og þeir aðrir, er hunda hafa, til að flytja hundana á þann stað, er lögreglustjóri eða hreppstjóri til tekur.

5. grein.

Lögreglustjórar í kaupstöðum en hreppstjórar í sveitum skulu skyldir til að halda sèrstaka bók, og rita þar í tölu og nöfn húsbænda í kaupstöðunum eða hreppunum, þeirra er hunda hafa, og þar að auki tilgreina, hversu margir hundar sèu á heimili hvers, eptir að búið er að fækka þeim, samkvæmt 2. gr., og skal sömuleiðis í þessa bók inn fært, hversu mörgum hundum hafi verið gefið inn á hverju heimili samkvæmt 3. gr., og skal lögreglustjóri í kaupstöðunum en hreppstjóri í sveitunum vandlega gæta, að enginn hundur sleppi undan lækningunum.

6. grein.

Nú hefir einhver forsómað það, sem hann er skyldur til eptir því, er lög þessi bjóða um lækningar á hundum, þá skal hann sektast um 5 rd. fyrir hvern hund, og fær uppljóstrarmaður annan helming sektarinnar, en hinn helmingurinn rennur í sveitarsjóð, og skal hundurinn þegar læknaður á kostnað þess er braut, eða drepinn ella.

7. grein.

Auk þess, er læknismeðalið samkvæmt 2. gr. og þar um settum reglum kynni að kosta, ber hverjum að gjalda lögreglustjórunum í kaupstöðum en hreppstjórum í sveitunum 16 sk. fyrir hvern hund árlega.

8. grein.

Skyldur er hver sá, er slátrar því húsdýri, er sullir finnast í,

að grafa þá alla þegar í stað djúpt í jörð niður, eður brenna ella, Brot mót þessu boði varðar sömu sekt og ákveðin er í 6. grein og fer um sekt þessa, eins og þar er til tekið.

9. grein.

Með mál þau, er rísa kunna út af brotum gegn tilskipun þessari skal farið sem almenn lögreglumál.

Alþingi 25. dag júlímán. 1867.

Jón Hjaltalín, formaður og framsögumaður. *Arnljótur Ólafsson,* skrifari. *Björn Pètursson.*

NEFNDARÁLIT

um flutning þurfamanna. (Sbr. bls. 154).

Hið heiðraða alþing hefir kosið oss undirskrifaða í nefnd, til að segja álit vort um konunglegt frumvarp til opins brèfs handa Íslandi um það, hvernig borga eigi kostnað þann, er rís af flutningi á þurfamönnum.

Eptir að vèr höfum íhugað mál þetta og rætt það með oss á fundum, leyfum vèr oss að skýra hinu heiðraða þingi frá áliti voru á málinu.

Vèr getum eigi annað en fallizt á grundvallarreglu þá, sem frumvarpið byggist á, þá sem sè, að kostnaðurinn við flutning þurfamanna innan sýslu, jafnist á alla sýsluna, í stað þess, að hver hreppur áður, eptir 8. grein fátækrareglugjörðarinnar 8. jan. 1834, átti að annast skylduflutning fátækra manna til næsta hrepps án endurgjalds, því af reglu þeirri hlaut og hlýtur að leiða hinn mesta ójöfnuð í þessari almennu byrði, þar sem fátækraflutningar í sumum hreppum, er liggja fjærri þjóðbraut, koma mjög sjaldan fyrir, en aptur á móti iðulega í öðrum hreppum, er liggja við alfaravegi, eða sem alfaravegir liggja um, svo að byrði sú, er hèr ræðir um, getur orðið þeim mjög tilfinnanleg, einkum þeim, sem hafa yfir heiðar eða fjöll að flytja.

Að vísu verður því eigi neitað, að ómagaframfærsla á *samkvæmt lögunum* ekkert skylt við sýsluskiptinguna, en eins og flutningur þurfamanna, *eptir hlutarins eðli,* ekki getur talizt skylda

hinna einstöku hreppa einungis af því, að leið þeirra liggur um þá, fremur en hver önnur byrði, er af framfærslu þurfamannsins leiðir, þannig virðist og, að þar eð byrði þessi ekki er látin koma niður einungis á þeim hreppum er framfærzla þurfamannsins hvílir á að lögum, og álaga þessi verður því að skoðast sem sameiginleg milli hreppanna, eða þannig, að hver lètti undir annars byrði, þá beri einkum að líta á það, að byrðin komi sem jafnast niður. Nú eru á Íslandi engin önnur fèlög til, er ómagaframfærsla hvíli á, en hrepparnir, og verða menn því að álíta, að sýslurnar, sem í almenningsáliti eru skoðaðar, sem sèrstakar, með því þær hafa hver eitt yfirvald út af fyrir sig og margt annað, er bendir til sameiginlegra viðskipta, sèu hið næsta fèlag, er geti komið til skoðunar í þessu efni, hið annað sameiginlega fèlag eru ömtin; en eins og bænarskráin til alþingis 1865 um þetta efni hefir einungis bundið sig við sýslurnar, en ekki ömtin, þannig mundi það og valda of miklum vafningi og fyrirhöfn, að binda niðurjöfnun þessa við ömtin eða stærri umdæmi, en sýslurnar.

En jafnvel þó nefndin þannig aðhyllist grundvallarreglu þá, sem frumvarpið byggist á, verður hún þó að ráða þinginu til að beiðast breytingar á þeim ákvörðunum þess,

1., að kostnaði þeim, sem gengið hefir til flutningsins innan sýslu, skuli jafna niður á alla hreppa í sýslunni, eptir efnahag þeirra og ástæðum;

2., að kaupstaðirnir skuli taka þátt í flutningskostnaðinum með sýslunni, sem þeir eru í einnig eptir álitum, og

3., að sè þurfamaður fluttur sýslna á milli eða um fleiri sýslur, skuli kostnaðinum skipt jafnt niður á þær; því hvað hina fyrstnefndu ákvörðun áhrærir, þá verður nefndin að álíta, að því sè með öllu ómögulegt fyrir sýslumenn, sem þar að auki eru opt og tíðum nýkomnir til sýslnanna og að öllu ókunnugir, að geta þekkt svo ástæður hvers einstaks hrepps í samanburði við annars, að þeir geti ákveðið með nokkurri vissu jöfnuð milli hreppanna, sem byggður er einungis á álitum, og ekki er bundinn við neina fasta reglu, eða aðra en þá, er í frumvarpinu stendur; því þó menn vildu álíta tekjur fátækrasjóðanna, sem gjald þetta síðan á að takast af, sem vott um efnahag þeirra, og að jöfnuðinn mætti því byggja á þeim, þá er þetta ekki svo, þegar betur er að gáð, því að tekjur sjóða þessara hljóta að fara eptir ómagafjölda hreppanna og öðrum gjöldum þeirra, og er þannig opt og tíðum fremur

sönnun fyrir fátækt þeirra, en hinu gagnstæða. Þegar því jöfnuðurinn á að byggjast einungis á álitum en engri fastri reglu, og sýslumenn verða að gjöra niðurjöfnunina af handahófi, þá mundi þar af leiða endalausar kærur til amtmanna og óánægja hreppa á milli. Nefndin verður því að álíta nauðsynlegt, að jöfnuðurinn milli hreppanna sé ákveðinn eptir fastri reglu, og getur hún ekki fundið aðra betri til að byggja jöfnuð þenna á, en lausafjártíundina, því að miða hana einnig við jarðartíundina, mundi sjáanlega valda ójöfnuði, þegar ákveða skal hlutfallið hreppa á milli, þar eð í sumum hreppum eru mjög fáir jarðeigendur, en margir í sumum, og jarðatíundin er því enginn vottur um efnahag hreppsbúa.

Það mælir og með reglu þessari, að hún er samkvæm venju þeirri, sem nú tíðkast að minnsta kosti í mörgum sýslum, þá er jafnað er niður gjaldinu til heyrnar- og málleysingja-skólans í Kaupmannahöfn á sýslurnar.

Hvað því næst snertir ákvörðunina um kaupstaðina, sem áður er getið, þá virðist hún að koma í bága við þá reglu frumvarpsins, sem nefndin hefir aðhyllzt, að hver sýsla sem fèlag eða lögsagnarumdæmi út af fyrir sig beri kostnaðinn, er leiðir af flutningnum um sýsluna, með því kaupstaðirnir eru á sama hátt fèlög eða lögsagnarumdæmi sèr, og virðist því að sama regla ætti að gilda um þau sem hin.

Og þó nú kaupstaðirnir kynnu þannig að verða minni byrði háðir í þessu efni, en sýslurnar, þá virðist það samt að vera eigi gild ástæða til að raska grundvallarreglu frumvarpsins, auk þess sem það mundi leiða af sèr of miklar málalengingar og vafa, þegar ákveða ætti hluta þann, er kæmi á kaupstaðinn í samanburði við sýsluna, þar sem um svo lítið gjald er að ræða.

Á sama hátt virðist nefndinni að 3. atriðið, sem áður er getið, og er 2. gr. frumvarpsins eigi geta samþýðzt aðalreglu þeirri, að hvert lögsagnarumdæmi kosti flutninginn *innan sinna takmarka,* því þá gæti svo farið, að ein sýslan greiði annari kostnaðinn við flutninginn að meira eða minna leyti, ef flutningurinn í hinni seinni hefir kostað minna, og í annan stað gæti af þessu leitt hinn mesta ójöfnuð, þegar ekki er nema um lítinn hluta að flytja í einni sýslu, þar sem sú sýsla yrði eigi að síður að leggja jafnmikið fè til flutnings og hin eða hinar, ef fleiri eru. Nefndin álítur því að þessi 2. grein frumvarpsins eigi að falla burt. Í 3. grein, sem nú verður 2. grein, álítur nefndin að setjast eigi »1. júlí 1868».

Samkvæmt áðurgreindum ástæðum leyfir nefndin sèr að ráða hinu heiðraða alþingi til, að fallast á frumvarpið með þessum breytingum:

1. Að fyrir orðin: »í sömu sýslu» komi: »hvort heldur innan sýslu, eða til næstu sýslu».
2. Að fyrir orðin: »eptir efnahag þeirra og öðrum ástæðum» komi: »eptir tölu tíundarbærra lausafjárhundraða hvers hrepps».
3. Að allur síðari hluti 1. greinar, frá orðunum: »Sè nokkur óánægður» — »þenna hluta úr bæjarsjóðnum» falli burt; en í staðinn fyrir þetta orðist niðurlag hennar þannig: »Um kaupstaðina, sem eru lögsagnarumdæmi sèr, gildir hin sama regla, sem verið hefir.
4. Að 2. grein frumvarpsins falli burt.
5. Að í 3. grein frumvarpsins, sem nú verður 2. grein, verði bætt: »1. júlí 1868».

Alþingi, 18. dag júlímánaðar 1867.

Jón Guðmundsson, skrifari. *Páll J. Vídalín*, formaður og framsögumaður. *Stefán Jónsson*,

Sighvatur Árnason.

Páll Ólafsson: Með skýrskotun til eptirfylgjandi ágreinings míns.

Eg undirskrifaður get ekki verið samdóma mínum heiðruðu meðnefndarmönnum um 2. og 3. breytingar-uppástungu þeirra, þar eð mèr virðast ákvarðanir frumvarpsins í þessum efnum langtum haganlegri.

Páll Ólafsson.

NEFNDARÁLIT

um kennara í sögu og fornfræði. (Sbr. bls. 311).

Hið heiðraða alþingi hefir kosið oss, er ritum nöfn vor hèr undir, til að skýra því frá áliti voru um bænarskrá þá, er nú var þinginu send, og hljóðar um, að stofnsett verði hèr í Reykjavík fast kennara-embætti með 1600 rd. launum í sögu Íslands og fornfræðum Norðurlanda.

Vèr höfum nú vandlega hugað mál þetta og skulum í fám orðum skýra þinginu frá áliti voru í því.

Vèr erum þá sannfærðir um það, að allir hinir heiðruðu þingmenn muni vera oss með öllu samdóma í því, að vísindin eru hið öflugasta ráð, til að koma hverju landi upp, og að ekkert land geti þrifizt, nema þar sem vísindi þróast, og að þeim er hlynnt, hversu gott og auðugt sem landið er af náttúrunni; þetta er og eðlilegt, því vísindin losa andann og hefja hann yfir náttúruna, og kenna mönnum að brúka hana rèttilega; þau frelsa manninn frá því að vera þræll náttúrunnar og gjöra hann að herra hennar. Auk þess eru vísindin hin mesta fegurð og prýði hverrar þjóðar, því þau efla hana í þekkingunni á hinu sanna, fagra, rètta og góða, en slík þekking er öllum jarðneskum auðæfum og upphefð betri.

Það er nú almennt viðurkennt, að veraldarsagan er einhver hin fegurstu vísindi og ber margt til þess, en þó hún ætti því að dýrkast og sè dýrkuð af alefli meðal allra menntaðra þjóða, þá stendur þó hverri þjóð næst, hennar eigin saga. Á hverju ári er því varið ærnu fè meðal allra menntaðra þjóða til að efla og útbreiða þekkingu á þeirra eigin sögu. Það er því með öllu eðlilegt, þó vèr Íslendingar, sem höfum svo fagra fornsögu, og sem erum afkomendur svo sögufróðra manna, sem forfeður vorir voru, brennum af löngun til þess, að afla oss sem mestrar þekkingar á sögu lands vors; en einkaráðið til þessa er óneitanlega það, að einhverjum duglegum manni sè gefinn tími og föng á, að leggja sig eptir henni af alefli og jafnframt að útbreiða þessa þekkingu meðal þjóðarinnar bæði með fyrirlestrum og ritum. Í bænarskránni er þess enn fremur farið á flot, að kennara þeim, er settur yrði til að kenna sögu landsins, yrði einnig gjört að skyldu, að kenna fornfræði Norðurlanda, og þetta verðum vèr líka að álíta nauðsynlegt, því auk þess, að sú vísindagrein er mjög fróðleg og falleg í sjálfu sèr, svo er það einnig sannfæring vor, að til þess að geta fengið nægа og ljósa þekkingu á fornöld vorri, verði menn að hafa um leið greinilega þekkingu á fornöld Norðurlanda yfir höfuð, og álítum vèr enn fremur, að eins og fornaldarsaga lands vors hvergi verður betur kennd en í landinu sjálfu, af því hún stendur í hinu nánasta sambandi við seinni tíma sögu vora, þannig yrði það einka gagnlegt fyrir fornfræði Norðurlanda yfir höfuð, og sú vísindagrein hlyti talsvert að græða á því, því það er eitthvert hið bezta meðal til að upplýsa fornöld Norðurlanda, að upplýsa sem

bezt fornöld vora, þar forfeður vorir stóðu í hinu nánasta sambandi við Norðurlönd yfir höfuð, en menn hafa um ekkert land á Norðurlöndum í fornöld eins greinilega sögu sem Ísland. Peningaspursmálið álítum vèr, að hèr ekki geti verið til neinnar fyrirstöðu, og vèr getum ekki annað en treyst því, að stjórnin, sem hefir sýnt göfuglyndi sitt í að styðja að útgáfu ýmsra íslenzkra bóka, og það á seinni tímum, eigi muni synja oss um fè til að efla uppfræðingu og menntun vora, meðan vèr eigi höfum vald til að leggja á oss sjálfir fè það, sem til þess þarf.

Af framan skrifuðum ástæðum leyfum vèr oss að ráða hinu heiðraða alþingi til, að biðja þegnsamlega konung vorn þess, að honum allramildilegast mætti þóknast að fyrirskipa:

> Að stofnsett verði hèr í Reykjavík fast kennara-embætti, með 1600 rd. launum, í sögu Íslands og fornfræðum Norðurlanda, og að kennara þeim verði gjört að skyldu, að halda kauplaust opinbera fyrirlestra á veturna fyrir þeim, er heyra vilja.

Reykjavík, dag 25. júlímán. 1867.

Jón Pètursson. Sveinn Skúlason.

Pètur Guðjónsson: Með skýrskotun til eptirfylgjandi ágreiningsatkvæðis.

Jafnvel þótt eg fyllilega viðurkenni nauðsyn þá sem fyrir hendi er á því, að fornfræðum Norðurlanda og Íslands og sögu þess sè haldið á lopti, og að þeim hlynnt, sem fremst má verða, sem og nytsemi þá, sem það getur haft í vísindalegu tilliti, get eg þó ekki verið samdóma mínum heiðruðu meðnefndarmönnum um veg þann, sem að því liggur, að ná slíkum tilgangi. Eins og kunnugt er, er staða Íslands í stjórnarfyrirkomulagi ríkisins enn þá óákveðin, og þingið hefir ekki vald til að ákveða neina fjárveiting í sjálfs landsins þarfir, en á hinn bóginn gengur stjórninni, sem von er á, undir þeim kringumstæðum, sem nú eiga sèr stað, ávallt mjög erfitt, að útvega enda hinar nauðsynlegustu fjárveitingar til þarfa landsins hjá ríkisþinginu. Þar hjá virðist mèr það eðlilegast, að einhver privatmaður, sem finnur hjá sèr köllun og krapta til að taka að sèr verk það, sem hèr er tilætlazt, yrði fyrstur til að sýna hæfilegleika sinn til þess, og þykist eg þá að vissari um, að eitthvað kynni að verða útvegað enda hjá stjórninni til styrktar við hana. Meining mín er því sú, að ekki sè tími til að bera upp

slíka uppástungu fyrri en alþingi hefir fengið vald til að ráða fjárveitingum sínum sjálft, og mun það þá sannast, hvort því er málefnið svo hugarhaldið, eins og nú sýnist vera. Eg verð því að ráða frá, að stjórninni verði send bænarskrá um málefni þetta.

Reykjavík, dag 25. júlímán. 1867.

Pètur Guðjónsson.

ATKVÆÐASKRÁ

í málinu um konunglegt frumvarp til opins brèfs um flutning á þurfamönnum. (Sbr. bls. 172, 311).

---

1. grein.

1. *Arnljótur Ólafsson*: fyrir orðin: »til næstu sýslu« (í tölul. 2) komi: »til næsta sveitarstjóra í annari sýslu eður kaupstað«. (Fellt með 14 atkvæðum gegn 4).
2. *Nefndin*: að fyrir orðin: »í sömu sýslu« komi: »hvort heldur innan sýslu, eða til næstu sýslu«. (Fellt með 13 atkvæðum gegn 12).
3. *Meiri hluti nefndarinnar*: fyrir orðin: »eptir efnahag þeirra og öðrum ástæðum« komi: »eptir tölu tíundarbærra lausafjárhundraða hvers hrepps«. (Samþykkt með 13 atkvæðum gegn 12).
4. *Meiri hluti nefndarinnar* og *Benedikt Sveinsson:* þessi kafli greinarinnar: »Sè nokkur óánægður . . . . . hann leggur á málið«, falli úr. (Fellt með nafnakalli með 13 atkvæðum gegn 12).
5. *Nefndin:* í staðinn fyrir niðurlag greinarinnar: »Sè kaupstaður í sýslunni . . . þenna hluta úr bæjarsjóðnum», komi: »Um kaupstaðina, sem eru lögsagnar-umdæmi sèr, gildir hin sama regla sem verið hefir». (Fellt með 12 atkv. gegn 12).
6. *Benedikt Sveinsson*: seinasta málsgreinin: »Sè kaupstaður í sýslunni . . . þenna hluta úr bæjarsjóðnum», verði þannig orðuð:

   »Sè kaupstaður í sýslunni, þá gjaldi hann sem hreppur að meðaltali». (Fellt með 11 atkv. gegn 4).
7. 1. grein frumvarpsins með áorðnum breytingum eða óbreytt. (Samþykkt með 19 atkv. gegn 4).

2. grein.

8. *Björn Pètursson:* að þessi grein verði svo látandi:

»Nú er þurfamaður fluttur sýslna á milli, eða um fleiri sýslur, og skal amtmaður eptir reikningum sýslumanna jafna kostnaðinum niður á sýslurnar eptir efnahag þeirra og öðrum ástæðum, og eptir því hvort þurfamaður hefir verið fluttur lengri eður skemmri veg í hverri sýslu, og skal síðan farið eptir reglum þeim, sem settar eru í 1. gr. um það, hvernig þeim hluta, er kemur á hverja sýslu, er jafnað niður á hreppa sýslunnar». (Fellt með 15 atkv. gegn 5).

9. *Benedikt Sveinsson*: að greinin verði þannig orðuð:
»Nú er þurfamaður fluttur sýslna á milli, eða um fleiri sýslur, og skal kostnaðinum jafnað niður á þær, hverja fyrir sig, sem fyrir er mælt í 1. gr.« (Samþykkt með 19 atkv. gegn 2).
10. 2. grein frumvarpsins óbreytt (*Nefndin*: að grein þessi verði felld úr). (Fallið við atkvæðagreiðsluna um tölul. 9).

3. grein (2. grein).

11. *Nefndin*: að sett verði inn í 3. grein frumvarpsins: »1. júlí 1868«. (Samþykkt með 17 atkv. gegn 3).
12. 3. grein frumvarpsins í heild sinni. (Samþykkt með 18 atkv.).
13. Fyrirsögn frumvarpsins. (Samþykkt án atkvæðagreiðslu).
14. Hvort þingið vill að frumvarp þetta (breytt eða óbreytt) verði að lögum. (Samþykkt með nafnakalli með 19 atkv. gegn 6).

ATKVÆÐASKRÁ

í málinu um að stofna kennara-embætti í sögu Íslands og fornfræðum Norðurlanda.(Sbr. bls. 311, 323).

Uppástunga meiri hluta nefndarinnar:

Að alþing riti konungi þegnsamlega bænarskrá um, að honum allramildilegast mætti þóknast að fyrirskipa:

»að stofnsett verði hèr í Reykjavík fast kennara-embætti með 1600 rd. launum, í sögu Íslands og fornfræðum Norðurlanda, og að kennara þeim verði gjört að skyldu, að halda kauplaust opinbera fyrirlestra á veturna fyrir þeim, er heyra vilja». (Samþykkt með nafnakalli með 18 atkv. gegn 5).

(Minni hluti nefndarinnar: að alþingi sendi enga bænarskrá um málefni þetta. Fallið).

BÆNARSKRÁ

Eyrhreppinga við Skutulsfjörð um að prestssetrið Eyri verði frá skilið Ísafjarðarkaupstaðar umdæmi.

Í reglugjörð um að gjöra verzlunarstaðinn Ísafjörð að kaupstað og um bæjarstjórn þar, dags. 26. janúar f. á., er í 1. gr. nefndrar reglugjörðar prestssetrið Eyri látið heyra til nefndum kaupstað og ásamt honum látið heita bæjarfélag og lögsagnarumdæmi sèr; og er prestsetrið þannig að álíta, að oss skilst, með allri landareign þess fráskilið Eyrarhreppi í Skutulsfirði, er það þó frá upphafi hefir heyrt undir, og er þó ekki Eyrarland all-lítill partur af allri landareign hreppsins. Og á þessu svæði elur presturinn að Eyri ekki all-lítinn tíundarbæran pening.

Vèr búendur í Eyrarhrepp í Skutulsfirði, sem gjöldum Eyrarkirkju og presti tíundir bæði af fiski og lausu fè, þykjumst því hafa rètta heimting á, að hann gjaldi fátækratíund sína af fè því, sem hann elur í nefndri Eyrar landareign, til Eyrar fátækrasjóðs en ekki til Ísafjarðar kaupstaðar. Því það liggur öllum í augum uppi, að hin áminnsta Eyrar-prestakalls landareign liggur í Eyrarhreppi en alls ekki í umdæmi kaupstaðarins, og við skiljum ekki betur, en að hin rèttu takmörk milli Eyrarhrepps og kaupstaðarins Ísafjarðar, sèu þar sem hin rèttu landamerki á prestsseturs- og kaupstaðarlóðinni eru, og að það sè því alveg lögum og allri sanngirni gagnstætt, að Ísafjarðar kaupstaðarbúar hafi nokkur umráð yfir Eyrar-prestssetурslóð, hvað lóðartollsgjald nè aðrar álögur snertir. Og oss skilst, að ætti þeir að hafa leyfi til að leggja slíkan toll á, þá væri það á alla prestssetурslóðina, og mundu þá tekjur prestakallsins, ef til vill, ekki hrökkva til lúkningar slíku gjaldi. Eður því skildi fremur leggja þenna toll á einn part prestssetursins en annan? Oss uggir, ef þessu fer fram, að hingað fáist eins og víða er nú farið að tíðkast, enginn prestur. Eður er það rètt, meðan brauðunum, sem enginn sækir um, fjölgar óðum

að leggja nýja, og óvanalega tolla á önnur, sem þó eru í tölu hinna rýrari, til að fá þau í hinna tölu?

Eins og vèr ekki skiljum í, að það hafi verið meiningin að láta Eyrar-prestssetur heyra til Ísafjarðarkaupstaðar-lögsagnarumdæmis, í því skyni að auðga hann á prestakallsins reikning, með grunnskatti af prestslóðinni o. s. frv., einkum þegar litið er til þess, að prestakallið nú hefir mikla byrði að bera í stórskuldugri kirkju, — eins skiljum vèr eigi heldur, að það sè á neinni sanngirni eða lögum byggt, að svipta fátækrasjóð vorn tíund og auka-útsvari prestsins að Eyri.

Það er og í öllu tilliti eðlilegra, að Eyrar-prestssetur heyri Eyrarhrepp til en kaupstaðnum. Búnaðarhættir prestsins og hreppsbúa eru í öllu tilliti líkari, og bændur gjalda presti og kirkju hinar lögboðnu tíundir. Kaupstaðarbúar eru því nær búlausir og fær prestur það an enga tíund. Þeir gjalda honum að vísu dagsverk, offur, fyrir aukaverk o. s. frv. Hið sama gjörum vèr einnig, auk tíundarinnar. Hèr við bætist, að kaupstaðarbúar eiga í öllu tilliti svo miklu hægra en við að nota prestinn til hvers sem vera skal, þar eð hann býr rètt hjá þeim. Eigum við fyrir það að gefa þeim eptir fátækratíund hans o. s. frv.

Hvernig sem vèr skoðum þetta mál, finnst oss það hèr um rædda nýja fyrirkomulag óþolandi. Og biðjum því hèr með allrainnilegast hina heiðruðu alþingismenn, að bera þá sameiginlegu bæn vora, er vèr biðjum sóknarprest okkar að leiðbeina með sínu áliti, fram fyrir stjórnina eður vorn allramildasta konung, að hinni upphaflega áminnztu reglugj. 26. jan. f. á., sè þannig breytt, að Eyrar-prestssetur sè með *allri* þess landareign fráskilið Ísafjarðarkaupstaðar-umdæmi, og tilheyri hèr eptir sem fyrri, Eyrarhreppi í Skutulsfirði, hvað alla fátækrastjórn og gjald til sveitarsjóðsins snertir.

Að Eyrar-þingi í Skutulsfirði, 17. júní 1867.
(23 nöfn).

Álit Eyrarprests um bænarskrá Eyrhreppinga. Fylgiskjal.

Samkvæmt ósk sóknarmanna minna í Eyrarhrepp í Skutulsfirði í hjálagðri bænarskrá til alþingis, dags. í gær, um, að prestssetrið Eyri í Skutulsfirði yrði hèr eptir, eins og að fornu, í öllu tilliti látið heyra til Eyrarhreppi, og að presturinn að Eyri gjaldi

þangað fátækratíund sína, en ekki til Ísafjarðar kaupstaðar o. s. frv. læt eg hèr með í ljósi þetta álit mitt.

Eg hefi því fremur fáu að bæta við það, sem nefnd bænarskrá fer fram á, sem jeg álít kröfur hennar byggðar á sanngirni. Og það í öllu tilliti eðlilegra, að Eyrarprestssetur heyri heldur, hvað lögsókn snertir, undir Eyrarhrepp en Ísfjarðar kaupstaðar umdæmi. Og mun reynslan sanna, að meðan svo stendur sem nú er, mun seint linna umkvörtunum og eptirsókn af beggja hálfu ɔ: Eyrarhrepps manna að vilja ná í fátækratíund prestsins, og kaupstaðarbúa að geta lagt grunnskatt á sem mestan hluta af landareign prestssetursins, því til óbærilegs niðurdreps. Og er það ótrúlegt, að sú hafi verið meiningin að auðga Ísafjarðar kaupstað með því að leggja grunnskatt á talsverðan part af prestsseturslóðinni. Og álít eg slíkt þá *óhæfu,* sem alls ekki ætti að þolast, með því kaupstaðarbúar á þenna hátt, gæti lagt eins mikinn og máske meiri *grunnskatt* á prestseturs en kaupstaðarlóðina, sem prestinum *einum* yrði óbærilegt og ómögulegt að greiða.

Geti Ísafjarðarkaupstaður heitið bæjarfèlag, og lögsagnarumdæmi sèr, ætti hann eins að geta verið það, þó hann missti tíund og auka-útsvar prestsins til fátækra, sem alls ekki á við, að hann borgi þangað. Vilji kaupstaðarbúar, sem eðlilegt er, fá kaupstaðarlóðina stækkaða, mun þeim, eins og þeir hafa farið fram á, gefast kostur á að fá *alla* prestssetурslóðina sameinaða við kaupstaðarlóðina, sem ævarandi eign kaupstaðarins, ef kaupstaðarbúar vilja vinna það til, að gjöra prestakallið skaðlaust þar fyrir, eptir samkomulagi við viðkomandi prest, og áliti yfirumsjónarmanna kirkjunnar og prestakallsins. Allt annað þrátt og tilraunir, að láta nokkuð af prestssetурslóðinni heyra undir kaupstaðinn, álít eg að eins til þess að koma þrasi og illdeilum á stað, sem ættu að fyrirbyggjast, með því eins og bænarskráin fer fram á, að hin rèttu takmörk milli Eyrarhrepps og Ísafjarðarkaupstaðar sèu látin vera, þar sem hin rèttu landamerki finnast, milli kaupstaðar og prestssetурslóðarinnar; og að prestssetrið að Eyri í Skutulsfirði heyri því hèr eptir, eins og að fornu, undir Eyrarhrepp í Skutulsfirði í Ísafjarðarsýslu, en *ekki* (eins og tiltekið er í 1 gr. reglug. 26. janúar 1866), undir Ísafjarðarkaupstaðar lögsagnarumdæmi.

Án frekari málalengingar hèr um, að þessu sinni, leyfi eg mèr hèr með að lyktum að biðja viðkomandi prófast að leiðbeina

máli þessu með sínum góðu athugasemdum til hins heiðraða alþingis Íslendinga.

Eyri við Skutulsfjörð 18. júni 1867.

Árni Böðvarsson.

Vísað forsetaveginn til hlutaðeigandi yfirvalda.

NEFNDARÁLIT

um jafnrètti prentsmiðjanna. (Sbr. bls. 228).

Til alþingis kom í þetta skipti bænarskrá úr Norður-Þingeyjarsýslu um rèttindi prentsmiðju norður- og austur-umdæmisins, er fer því fram, að niðurlagi, «að þingið mæli fram með því við stjórn Reykjavíkur-prentsmiðjunnar, að hún eptirláti Akureyrarprentsmiðjunni *jafna* prentunarheimild við sig að þeim bókum, hverra prentunareinkaleyfi hún flutti með sèr úr Norðurlandi, svo og að þeim bókum, sem henni hefir gefizt prentunarheimild að».

Vèr, sem hið heiðraða þing kaus í nefnd til að íhuga mál þetta, verðum nú að vera á því, að mál þetta sè næsta athugavert fyrir þing og þjóð, og að norður- og austuramtsprentsmiðjan eigi það í alla staði skilið, að eitthvað væri að henni hlynnt, eigi síður af hálfu hins opinbera en landsmanna eða amtsbúa sjálfra. Oss virðist það í alla staði sanngjarnt, að Norðurland fái sem mest að njóta hinna fornu rèttinda Hólaprentsmiðjunnar til að prenta þær bækur, er hún hafði prentrètt til, ef að hún getur leyst þær eins vel af hendi og selt þær við jafnvægu verði, og bækur þessar kosta hèr frá landsprentsmiðjunni. Til eflingar prentsmiðjunni norðlenzku álítum vèr því nauðsynlegt og sanngjarnt, að hið heiðraða alþingi beri þá bæn fram fyrir konung vorn, að norðlenzka prentsmiðjan fái *jafna* prentunarheimild við landsprentsmiðjuna, til að prenta þær bækur, er Hólaprentsmiðjan gamla hafði forlagsrètt að, en þó með því einu móti, að hún gefi þær út viðlíka vandaðar, og fyrir jafnlágt verð og þær eru, eða verða seldar hèr frá landsprentsmiðjunni. Enn fremur viljum vèr ráða þinginu til að biðja konung vorn, að skipa svo fyrir, að prófastinum í Eyjafjarðarsýslu verði boðið að hafa fullt eptirlit á því, að guðsorðabækur þær sem útgefnar kynnu að verða í prentsmiðju norður- og austurumdæmisins, væru í guðfræðislegu tilliti rètt útgefnar og ekkert í þeim rangfært.

Hið annað atriði, er beiðendur fara fram á, nefnil. að norð-

lenzka prentsmiðjan einnig fái prentrètt til þeirra bóka, er landsprentsmiðjunni hafa gefizt, virðist nefndinni nú langtum ísjárverðara, og varla sanngjarnt að fara slíku fram, eins og nefndin á hinn bóginn varla getur ætlað, að neinn árangur yrði af því, að fara þess á leit við stjórnina. Nefndin verður því að ráða hinu heiðraða þingi frá, að fylgja fram því atriði bænarskráarinnar.

Nefndin leyfir sèr því, eptir áður sögðu, að ráða hinu heiðraða þingi til að rita vorum allramildasta konungi bænarskrá þess efnis:

1. Að prentsmiðju norður- og austurumdæmisins verði veitt jöfn prentunarheimild við landsprentsmiðjuna, til að prenta þær bækur, sem hin gamla Hólaprentsmiðja hafði prentrètt til, þó með því skilyrði, að hún gefi þær eins vandlega og fallega út og selji þær við jafnvægu verði og landsprentsmiðjan gjörir.
2. Að konungur vor allramildilegast vildi skipa svo fyrir, að prófastinum í Eyjafjarðarsýslu verði falið á hendur, að hafa fullt eptirlit á því, að guðsorðabækur þær, sem útgefnar kynnu að verða í prentsmiðju norður- og austurumdæmisins verði í guðfræðislegu tilliti rètt útgefnar og ekkert í þeim rangfært.

Reykjavík, 24. dag júlímán. 1867.

Sveinn Skúlason, skrifari. *Arnljótur Ólafsson,* framsögumaður.

Pètur Pètursson, formaður:

Með skýrskotun til eptirfylgjandi athugasemdar.

Jafnvel þótt eg unni Norðurlandi alls hins bezta, og því einnig þess, að prentsmiðja þar geti þrifizt og eflzt, og þótt eg, yfir höfuð að tala, álíti alla góða keppni í verkum og viðskiptum æskilega, og verði því einnig af þeirri ástæðu að vera persónulega meðmæltur stefnu þessa máls, sè eg mèr þó vegna embættisstöðu minnar, sem annar af forstjórum landsprentsmiðjunnar ekki fært, nú þegar að uppkveða eindregið álit mitt um málið, þar eð mèr ekki hefir gefizt færi á, að bera mig um það saman við samstjórnarmann minn, og veit því ekki nema tillögur mínar, eins og málið nú þegar liggur fyrir, kynnu að koma að ógagni, eða að einhverju leyti ríða í bága við það, sem stiptsyfirvöldunum síðar þætti yfirgnæfandi ástæður til að fallast á, ef álits þeirra yrði leitað.

Pètur Pètursson.

NEFNDARÁLIT.

í málinu um forngripasafnið. (Sbr. bls. 230).

Hið heiðraða alþing kaus oss þrjá, sem hèr ritum nöfn vor undir, í nefnd til að íhuga og segja álit vort um 2 bænarskrár, er að þessu sinni komu til þingsins um að forngripasafninu í Reykjavík verði veittur styrkur, önnur er frá umsjónarmönnum safnsins og hin frá Skagafjarðarsýslu.

Vèr höfum íhugað mál þetta og leyfum oss að skýra hinu heiðraða þingi frá skoðun vorri á því á þessa leið:

Vèr þurfum ekki að geta þess, því það vita og játa allir, að það ekki einungis er æskilegt, heldur jafnvel nauðsynlegt fyrir sögu hvers lands að eiga forna gripi. Vèr þurfum ekki að taka það fram, að þetta er máske hvergi nauðsynlegra en einmitt hèr hjá oss, og að þetta fæst að eins með því móti að stofnað sè forngripa eður- þjóðgripa-*safn*. Vèr þurfum ekki heldur að skýra það, að þetta muni kosta einhverja peninga.

Allt þetta hefir stjórnin sjálf viðurkennt, en þó gat hún ekki — eins og hin konunglega auglýsing til þessa þings með sèr ber — hjálpað um þá 300 rd., er alþingi 1865 beiddi um til þessara þarfa, og því er nú mál þetta aptur komið hèr inn á þing. Oss skiptist ekki hugur um, að ráða hinu heiðraða alþingi til þess að taka vel undir þetta mál, því vèr höfum það traust til stjórnarinnar, að hún, þó hún hafi neitað bóninni frá í hitt eð fyrra, muni *nú*, þegar hún sèr vaxandi áhuga þjóðarinnar, sem sýnir sig bezt á því, að bæði hefir safnið, eða rèttara sagt þessi vísir þjóðgripasafnsins, eflzt ekki einungis að gripum heldur og af fátækum landsmönnum verið styrktur með fjegjöfum dálítið, þá muni — segjum vèr — stjórnin alvarlega taka í streng þann, er hún sèr að kveður við í brjóstum Íslendinga, nefnilega þann, að vèr ekki viljum missa sjónar á sögu vorri.

Vèr erum þess fullvissir, að hin danska þjóð, sem á oss Íslendingum, eður vorri gömlu sögu mestmegnis að þakka, að hún á *sína* sögu, muni ekki vilja hamla því, að vèr Íslendingar nú getum bjargað þeim litlu leifum, sem eptir eru af fornmenjum hjá oss, svo þær ekki — eins og áður hefir við gengizt — berist burt úr landinu, og það jafnvel til þeirra, sem ekkert eður lítið eiga skylt við þjóðerni vort eða sögu.

Af þessum stuttlega framteknu ástæðum — því vèr álítum, að hèr þurfi ekki og eigi ekki við að vera langorður í öðru eins máli — leyfum vèr oss að ráða hinu heiðraða alþingi til að senda Hans Hátign konunginum allramildilegasta bænarskrá um:

að Hans Hátign vildi allramildilegast þóknast að veita 300 rd. á ári úr ríkissjóði fyrst um sinn og þangað til nákvæmar verður ákveðið um fjárhag Íslands til eflingar forngripasafnsins hèr í Reykjavík og þóknunar umsjónarmönnum þess, eptir því sem stjórnin nákvæmar kynni á að kveða.

Reykjavík 27. júlí 1867.

Stefán Thordersen, formaður og framsögumaður. *Jón Pjetursson,* skrifari. *Jón Hjaltalín.*

ATKVÆÐASKRÁ

í málinu um jafnrètti prentsmiðjanna. (Sbr. bls. 228, 331).

1. *Benedikt Sveinsson:* að orðin (í tölulið 2): »Þó með því skilyrði . . . . landsprentsmiðjan gjörir«, verði felld í burtu. (Samþykkt með 14 atkv. gegn 8).
2. *Nefndin* (meiri hluti):
   »Að prentsmiðju Norður- og Austur-umdæmisins verði veitt jöfn prentunarheimild við landsprentsmiðjuna, til að prenta þær bækur, sem hin gamla Hólaprentsmiðja hafði prentrètt til, þó með því skilyrði, að hún gefi þær eins vandlega og fallega út, og selji þær við jafnvægu verði og landsprentsmiðjan gjörir». (Samþykkt með 15 atkv. gegn 6).
3. *Nefndin* (meiri hluti):
   »Að konungur vor allramildilegast vildi skipa svo fyrir, að prófastinum í Eyjafjarðar sýslu verði falið á hendur, að hafa fullt eptirlit á því, að guðsorðabækur þær, sem út gefnar kynnu að verða í prentsmiðju Norður- og Austur-umdæmisins, verði í guðfræðislegu tilliti rètt út gefnar og ekkert í þeim rangfært». (Fellt með 17 atkv.).
4. Hvort alþing vill senda bænarskrá til konungs um það (eða þau) atriði, sem samþykkt eru. (Fellt með 16 atkv. gegn 6).

5. *Eiríkur Kúld*, uppástunga: að vísa málinu forseta-veginn til stiptsyfirvaldanna, sem stjórnenda landsprentsmiðjunnar. (Samþykkt með 20 atkv. gegn 2).

NEFNDARÁLIT

í málinu um lögleiðslu nokkurra danskra lagaboða.

Hið heiðraða alþingi hefir kosið oss, er ritum nöfn vor hèr undir, til þess, að skýra sèr, eptir beiðni konungsfulltrúa, frá áliti voru um það, hvort lögleitt verði hèr á landi nokkurt af þeim lagaboðum, er út hafa komið fyrir Danmörku síðan í hitt hið fyrra, og sem voru 31 að tölu, er hann fram lagði.

Vèr höfum nú yfir farið lagaboð þessi, og virðast oss þau öll þess efnis, að tveim undanteknum, að engi tök sè til að lögleiða þau hèr.

Að því er hin 2 þar á móti snertir, og sem eru:

1. Lög um eptirmyndun ljósmynda, 24. marz 1865, og
2. Lög um, að eptirrit megi veita af embættismanna álitsskjölum um beiðni og klaganir manna, 2. febrúar 1866,

þá virðist oss full ástæða til, að beiðast þess, að út komi fyrir Ísland lagaboð líks efnis, því bæði eru ljósmyndir farnar að tíðkast hèr á landi, og því þörf á, að sjá eignarrètti hlutaðeigenda borgið í þessu efni; og eins er engu minni nauðsyn á því hèr, á landi, sem er svo langt burtu frá stjórninni, en í Danmörku, að hlutaðeigendur fái að vita, hvernig embætismenn gefa álit sitt um bænir og klaganir þeirra.

Vèr hljótum því, að ráða þinginu til, að beiðast þess þegnsamlega af konungi vorum:

> að hann láti leggja fyrir næsta þing frumvörp til áþekkra tilskipana, og áminnst 2 lagaboð eru, sem sè lögin af 24. marz 1865 og 2. febrúar 1866.

Reykjavík 30. júlímán. 1867.

Jón Pètursson, form. og framsögum. — *Bergur Thorberg,* skrifari. — *Benedikt Sveinsson.*

ATKVÆÐASKRÁ

í málinu um forngripasafnið í Reykjavík og styrk til þess. (Sbr. bls. 333).

---

1. *Nefndin,* aðaluppástunga:
   að Hans Hátign konunginum vildi allramildilegast þóknast að veita 300 ríkisdali á ári úr ríkissjóði fyrst um sinn, og þangað til nákvæmar verður ákveðið um fjárhag Íslands, til eflingar forngripasafnsins hèr í Reykjavík og þóknunar umsjónarmönnum þess, eptir því sem stjórnin nákvæmar kynni á að kveða. (Samþ. með nafnakalli með 20 atkv. gegn 1).
2. *Nefndin,* vara-uppástunga:
   að Hans Hátign allramildilegast vildi þóknast að veita 300 ríkisdali á ári, fyrst um sinn, og þangað til nákvæmar verður ákveðið um fjárhag Íslands, til eflingar forngripasafnsins hèr í Reykjavík, og þóknunar umsjónarmönnum þess, eptir því sem stjórnin kynni nákvæmar á að kveða, og að fè þetta, ef það ekki fæst úr ríkissjóði, verði tekið annaðhvort af þeim 4000 rd., sem ætlaðir eru til ófyrirsjáanlegra útgjalda, eður þá úr kollektusjóðnum eður einhverjum öðrum sjóði, svo sem jafnaðarsjóðum amtanna. (Samþ. með nafnak. með 18 atkv. gegn 4).
3. *Nefndin*: að alþingi sendi konungi bænarskrá um þau (það) atriði, sem samþykkt eru. (Samþ. með 20 atkv. gegn 1).

ATKVÆÐASKRÁ

í málinu um lögleiðslu nokkurra danskra lagaboða. (Sbr. bls. 335).

Nefndarinnar uppástunga: Að alþingi þegnsamlega beiðist þess af konungi vorum:
að hann láti leggja fyrir næsta þing frumvörp til áþekkra tilskipana og þessar, sem hèr eru tilgreindar:
1. Lög 24. marz 1865 um eptirmyndun ljósmynda.
2. Lög 2. febrúar 1866 um, að eptirrit megi veita af embættismanna álitsskjölum um beiðni og klaganir manna. (Samþ. með 13 atkv).

NEFNDARÁLIT

í málinu um konunglegt frumvarp til laga fyrir Ísland um skipamælingar. (Sbr. 179. bls.).

Hið heiðraða alþingi hefir kvatt oss, er hèr ritum nöfn vor undir, til að ganga í nefnd til að íhuga og segja álit vort um konlegt frumvarp, er í þetta sinn hefir verið lagt fyrir þingið, til laga um skipamælingar.

Eptir að vèr höfum yfirvegað málefni þetta, og rætt það með oss á fundum, leyfum vèr oss, að láta í ljósi það álit vort, að það sè hagfellt, að lögleiða hèr á landi ákvarðanirnar í frumvarpi þessu, sem í öllum aðalatriðum þegar hafa verið leiddar í lög í Danmörku með lögum 13. dag marzm. þ. á., og skulum vèr jafnframt geta þess, að löggilding þessa frumvarps virðist vera öldungis nauðsynleg, svo framarlega, sem annað lagafrumvarp, sem borið hefir verið undir álit þingsins, og sem hljóðar um að taka íslenzk skip upp á skipaskrá, verður að lögum, með því mæling skipa eptir ákveðnum reglum er skilyrði fyrir því, að skipin verði skrásett, og að hið almenna þjóðernis og skrásetningarskýrteini geti fengizt, þó skulum vèr jafnframt leyfa oss, að stinga upp á nokkrum smábreytingingum við frumvarpið:

1. grein frumvarpsins á eptir orðanna hljóðun við öll skip bæði opin skip og þilskip; en þar eð oss virðist mælingaraðferð sú, er síðar er um rætt í frumvarpinu einungis hafa þilskip fyrir augum, og mæling opinna skipa eigi heldur virðist að vera nauðsynleg, stingum vèr upp á, að upphafi greinarinnar sè þannig breytt, að opin skip sèu undan skilin.

Enn fremur virðist oss ekki næg ástæða til að upp á leggja mönnum, að láta mæla þilskip sín, hversu smá, sem þau eru, og höldum vèr, að þau sem minni eru, en 8 enskar lestir ættu að vera undanskilin; því bæði er það, að nokkrir erfiðleikar og kostnaður er því samfara, að láta mæla skip, og sanngirni mælir því með, að hlataðeigendur fengju að vera lausir við þessa byrði, þar sem um svo litla eign er að gjöra, enda virðist nauðsynin til þess, að slík skip sèu mæld, að öðru leyti einnig að vera minni, þar sem slík skip ekki verða höfð til ferða landa á milli, og þurfa eigi að fá þjóðernis- og skrásetningarskýrteini.

Niðurlagsákvörðun 1. greinarinnar virðist oss ekki vera öld-

ungis ljós, þar sem hún getur skilizt svo, að stjórnin *í hvert skipti* skuli ákveða, hvenær hvert einstakt útlent skip skuli mælt, þar sem vèr þó hyggjum, að meiningin sè, að stjórnin með almennri ákvörðun birti hlutaðeigandi embættismönuum, hverra landa skipamælingar skuli takast gildar, svo að eigi þurfi að mæla skipin upp aptur. Vèr munum því stinga upp á orðabreytingu, til þess, að leitast við, að gjöra meininguna ljósari.

Þar sem ákveðið er í niðurlagi 5. greinar, *að stjórnin skuli skera úr,* hvort hin fullkomna mælingaraðferð skuli viðhöfð, ef einhverjar aðrar sèrstaklegar tálmanir, en það, að skip er fermt, gjöra erfitt, að mæla eptir þessari aðferð, þá höldum vèr, að það muni hafa fjarskalega erfiðleika í för með sèr, og einkum tímaspilli, að þurfa að leita úrskurðar hjá stjórninni í Danmörku um þetta efni, og vèr leyfum oss þess vegna, að stinga upp á, að ákvörðunin um úrskurð stjórnarinnar falli burt, og að greinin verði þannig orðuð: Að þeir sem skipin eiga að mæla, fái heimild til, að viðhafa hina ófullkomnu mælingaraðferð, þegar einhverjar sèrstaklegar tálmanir gjöra erfitt, að mæla eptir hinni fullkomnu.

Um leið og vèr skýrskotum til þess, er hèr á eptir mun verða sagt um 25. gr., stingum vèr upp á, að í síðustu málsgrein 17. greinar sè sett »opinberum sjóði» í staðinn fyrir «úr ríkissjóði».

Þar eð orðið «ton» er lítt kunnugt hèr á landi, höldum vèr rèttara að «ensk lest» sè sett í staðinn, þar sem hið fyrrnefnda orð kemur fyrir í frumvarpinu.

Með því, að ekkert mótunargjald er greitt á Íslandi, og mótunargjald það, sem um er rætt í upphafi 18. gr., yrði innheimt í Danmörku og eptir dönskum lögum, álítum vèr rèttast að sleppt væri því, sem hèr er sagt um mótunargjaldið, og verður þá, þar að auki, að víkja lítið eitt við orðunum í upphafi greinarinnar.

Eptir þeirri almennu reglu, að fèsektir fyrir brot hèr á landi eru helmingi lægri en fyrir samkynja brot í Danmörku höldum vèr ástæðu til að færa niður til helminga sekta-upphæðir þær, er ákveðnar eru í 21.—24. gr. frumvarpsins.

Þar eð það að voru áliti er meiningin í niðurlagsákvörðun 25. gr., að fèsektirnar, þótt þær, meðan hið núverandi fyrirkomulag helzt, renni í ríkissjóðinn, sèu álitnar sem sèrstaklegar tekjur af Íslandi, og þess vegna renni í landssjóð Íslands, ef fjárhagurinn verður aðskilinn, þá stingum vèr upp á, að ákvörðuninni sè þannig breytt, að allur vafi í þessu tilliti falli burtu, og höldum

vèr það muni verða, ef ákveðið er, að sektir þessar renni í sama sjóð og aðrar landstekjur af Íslandi.

Þar eð vèr eigi getum sèð, að lagaboð þetta, er eigi verður þinglesið fyrri en á næsta árs manntalsþingum, geti öðlazt lagagildi svo snemma, sem ráð er fyrir gjört í 26. gr., stingum vèr upp á, að ákveðið sè, að lögin fái gildi 1. dag janúarmán. 1869.

Með þessum athugasemdum leyfum vèr oss að ráða hinu heiðraða alþingi til, að leggja það til um þetta mál, að frumvarp það, sem hèr er um rætt, verði gjört að lögum með þessum breytingum:

1. að í upphafi 1. gr. sè í staðinn fyrir »öll skip og bátar« sett »öll þilskip og þiljubátar«.
2. að í öndverðri sömu gr. sè í staðinn fyrir »4 tons« sett »8 enskar lestir (tons)«.
3. að niðurlagsákvörðun 1. gr. sè þann veg orðuð: »Að hve miklu leyti önnur útlend skip skuli mæld, verður nákvæmar ákveðið af stjórninni«.
4. að í 4. gr. sè í staðinn fyrir »tons« sett »enskar lestir«.
5. að niðurlag 5. gr. sè þannig orðað frá orðunum »þegar á að mæla þau«: »þegar á að mæla þau, eða ef einhverjar aðrar sèrstaklegar tálmanir gjöra erfitt, að mæla eptir fullkomnu aðferðinni«.
6. að í 6. gr. *Ltra* »c« *in fine* sè í staðinn fyrir »tons« sett »enskum lestum».
7. að í upphafi 2. kafla í 7. gr. sè sett »enskum lestum« í staðinn fyrir »tons«.
8. að upphaf 14. gr. sè þann veg orðað: »þegar búið er einu sinni að mæla« o. s. frv.
9. að í seinustu málsgrein 17. gr. sè sett »úr opinberum sjóði« í staðinn fyrir »úr ríkissjóðnum«.
10. A, að í upphafi 18. gr. »auk mótunargjalds . . . skipum« sè sleppt.
    B, að upphaf greinarinnar verði þannig orðað: »Fyrir mælingarnar skal borgað í sjóð þann, er landstekjurnar renna inn í«.
11. að í sömu grein sè sett »enskri lest« í staðinn fyrir »ton«.
12. að þessar breytingar sè gjörðar:
    a, í 21. gr. sett 25 rd. í stað 50 rd.
    b, í 22. gr. — 25 — - — 50 —

c, í 23. gr. sett 5 rd. í stað 10 rd.
d, í 24. - — 10 — - — 20 —

13. að í 23. gr. sè sett »enska lest« í staðinn fyrir »ton«.
14. að niðurlag 25. gr. sè þann veg orðað: Fèsektirnar renna í hinn sama sjóð og landstekjurnar«.
15. að í 26. gr. sè sett »1. dag janúarmánaðar 1869«, í staðinn fyrir »1. apríl 1868«.
16. að í 27. gr. sè sett »2 enskar lestir (tons)« í staðinn fyrir »2 tons«.

Reykjavík, 1. dag ágústmánaðar 1867.

Jón Pètursson. *Bergur Thorberg,* formaður og framsögumaður. *Pètur Guðjónsson,* skrifari.

NEFNDARÁLIT

í málinu um konunglegt frumvarp til laga um að taka íslenzk skip upp á skipaskrá. (Sbr. bls. 195).

Hið heiðraða alþingi hefir kvatt oss, er ritum nöfn vor hèr undir, til að ganga í nefnd og segja álit vort um konunglegt frumvarp, er lagt hefir verið fyrir þingið, til laga um, að taka íslenzk skip upp á skipaskrá.

Eptir að vèr höfum yfirvegað mál þetta, og rætt það með oss á fundum, leyfum vèr oss, að skýra frá áliti voru um það á þessa leið:

Þótt nefndinni eigi hafi gefizt kostur á, að sjá hin dönsku lög um þetta efni af 13. marz þ. á., ætlar hún þó, að frumvarpið muni vera lagað eptir þeim, og að ákvarðanir þess sèu samkvæmar ákvörðunum greindra laga um það, hvað til þess útheimtist, að skip sèu álitin dönsk eign, og megi njóta rèttinda danskra skipa, hver skýrteini útheimtist til að sanna þessi rèttindi skipanna, og hvernig slík skýrteini verði útveguð. Það er nú auðsætt, að hin sömu almennu skilyrði hljóta að vera fyrir því, að skip íslenzkra manna geti orðið aðnjótandi rèttinda danskra skipa, eins og fyrir því, að skip annara þegna konungs vors hafi rèttindi þessi, og það er því að vorri hyggju nauðsynlegt, að ákvarðanir þær, er hèr um gilda í Danmörku, sèu lögleiddar á Íslandi; en til þess, að Íslendingar

eigi hægra með, að fá aðalskjal það, þjóðernis- og skrásetningarskýrteini, sem hvert skip verður að hafa til þess, að það geti sannað, að því beri að njóta réttinda þeirra, er dönsk skip hafa, hefir frumvarpið inni að halda ákvarðanir, er miða til þess, að menn hér á landi geti útvegað sér skjal þetta, án þess skipið þurfi að koma til Danmerkur, með því að rannsóknir þær og annar undirbúningur, sem til þess þarf, að þjóðernis- og skrásetningar-skýrteini verði útgefið, eiga að geta fram farið hér á landi.

Vér verðum þess vegna að álíta hagfellt, að frumvarp það, sem hér er um rætt, öðlist lagagildi hér á landi, og skulum vér að eins benda á fáeinar breytingar, að mestu leyti orðabreytingar, sem vér viljum ráða til að gjörðar séu við frumvarpið um leið og það er löggilt hér á landi.

Af því oss virðist orðið »tollheimta« í niðurlagi 3. málsgreinar í 2. grein frumvarpsins of takmarkað, og með tilliti til þess, að enginn tollur er hér á landi greiddur af vörum, virðist oss eiga betur við, að orðið »afgreiðsla skipa« sé hér viðhaft í staðinn fyrir »tollheimta«, og höfum vér þar að auki vikið lítið eitt við orðaskipun greinarinnar á þessum stað. Til skýringar ákvörðuninni í síðasta kafla greinarinnar, höldum vér réttara, að tekin sé beinlínis upp ákvörðun sú, sem til er vitnað úr tilskipun 11. júlímán. 1748, 1. gr.

Í síðara kafla 4. greinar höfum vér gjört nokkra breytingu á orðaskipun og setningarlögun, án þess það þó sé tilgangur vor, að þar með sé gjörð nein breyting á efni greinarinnar, og sama er að segja um upphaf 5. greinar.

Þar eð oss virðist meiningin í 8. grein koma nægilega skýrt fram og eigi geta misskilizt, þó orðunum »staðsett og« sé sleppt, stingum vér upp á, að þessi orð falli burt, með því oss eigi heldur þykir orðið »staðsett« viðkunnanlegt.

Í 9. grein, nr. 1. stingum vér upp á, að orðunum: »sé komið úr eign útlends manns í eign dansks manns« verði breytt þannig: »sé hætt að vera útlend eign, og orðið dönsk eign«, með því »dansk manns« kynni að verða skilið svo, að það eigi yrði heimfært upp á þá af þegnum Danakonungs, sem eru búsettir hér á landi, en dönsk eign þar á móti hvervetna táknar eign danskra þegna, án tillits til bústaðar þeirra. Í sömu grein, nr. 2. er með tilvitnun til 1. greinar talað um skilyrði fyrir því, að mega eiga *danskt skip*, og hið sama kemur aptur fyrir í næst síðustu máls-

grein greinarinnar. Á báðum þessum stöðum virðist oss eiga betur við með tilliti til ákvörðunarinnar í 1. grein, að sett sè: «að hafa danskt flagg» í staðinn fyrir «að eiga danskt skip».

Með tilliti til þeirrar breytingar, sem kynni að verða á fyrirkomulaginu á yfirstjórn Íslands virðist oss geta verið ástæða til, að bæði í 10. grein og einnig annarstaðar, þar sem það kemur fyrir í frumvarpinu, að breyta «hlutaðeigandi stjórnarráði» í «stjórn» eður «stjórnin». Í niðurlagi greinar þessarar virðist oss betur eiga við, að í stað orðanna: «*skal* skipið sett» o. s. frv. komi: «*er* skipið sett», þar eð ákvörðunin að vorri hyggju ekki beinlínis inniheldur boð, er menn hèr á landi eiga að hlýða, heldur skýrir frá því, sem fram á að fara á aðalskrásetningarskrifstofunni í Kaupmannahöfn.

Í 10. grein og í öndverðri 11. grein stingum vèr upp á, að orðin: «formála» sè breytt í «sýnishorn», sömuleiðis, að í síðara kafla 11. greinar sè sett: «sem hefir afhent þjóðernis- og skrásetningar-skýrteinið» í staðinn fyrir: »sem þjóðernis- og skrásetningar-skýrteinið afhendir».

Í 1. kafla 13. greinar er nefnt «danskt skrásetningar-umdæmi« og í tveim seinustu köflum greinarinnar «dönsk höfn», en þar eð oss virðist auðsætt, að hèr hljóti einnig að vera meint skrásetningar-umdæmi og hafnir á Íslandi, stingum vèr upp á, að bætt sè inn í á fyrri staðnum: «eða íslenzkt», og á tveim hinum síðari: «eða íslenzka».

Í niðurlagi 1. kafla 14. greinar höldum vèr betur eiga við til frekari skýringar ákvörðuninni, að í staðinn fyrir orðið «hins veginn» sè sett: «dökku letri með ljósleitum undirlit».

Með því ekkert mótunargjald er greitt á Íslandi og mótunargjald það, er heimt kynni verða, þá er þjóðernis- og skrásetningar-skýrteini eru útgefin, yrði tekið eptir dönskum lögum, höldum vèr rèttast, að sleppa því, sem sagt er í 3. kafla 15. greinar um greiðslu mótunargjalds, og þarf þá að gjöra nokkra orðabreyting á þessum kafla greinarinnar.

Í niðurlagi 15. greinar stingum vèr upp á, að sett sè: «gefa skýrslu» í staðinn fyrir: «láta uppi vottorð».

Af því oss virðist orðið «upptækt» í niðurlagi 17. greinar ekki eiga alls kostar vel við um það tilfelli, sem hèr er um rætt, ráðum vèr til orðabreytingar á þessum kafla greinarinnar á þann hátt, sem niðurlagsatriðin munu sýna.

Eptir reglum þeim, er að undanförnu hafa gilt um það efni, eru fèsektir fyrir brot hèr á landi helmingi minni, en fyrir sömu brot í Danmörku, og þessari reglu hefir einnig verið fylgt í frumvarpi því til almennra hegningarlaga, sem þetta skipti hefir verið lagt fyrir þingið. Þó að brot gegn ákvörðunum í frumvarpi því, sem hèr liggur fyrir, að vísu sèu sèrstaklegs eðlis, virðist oss samt ástæða til að byggja á hinni hèr um ræddu reglu sekta ákvarðanirnar í 22.—26. grein, og stingum vèr því upp á, að upphæð sú, sem sektir þessar geti náð, verði færð niður um helming, og af því betur þykir við eiga, að upphæð þessi standi í heilum ríkisdölum, stingum vèr upp á, að upphæðin í 23. grein, sem er 5 ríkisdalir, verði færð niður í 2 ríkisdali.

Til þess enginn vafi geti verið á því, að þeir menn, sem eru í stjórn hlutafèlaga, er skip eiga, sèu einn fyrir alla og allir fyrir einn (in solidum) í ábyrgð fyrir fèsektum þeim, sem um er rætt í 22.—26. gr., á sama hátt og ákveðið er um sameigendur í fyrra hluta 27. greinar, stingum vèr upp á, að bætt sè inn í niðurlag greinarinnar: «á sama hátt», og yrði þá endir greinarinnar þannig: «eru allir þeir, sem eru í stjórn fèlagsins, á sama hátt í ábyrgð fyrir sektunum».

Í niðurlagi 28. greinar er svo fyrir mælt, að fèsektir þær, sem hèr er umrætt, renni í ríkissjóðinn. Eptir því sem nú er ástatt með fyrirkomulagið á fjárhag Íslands, hyggjum vèr ákvörðun þessa rètta og eðlilega, þar sem allar tekjur af Íslandi nú renna í ríkissjóðinn. En ef fjárhagurinn yrði aðskilinn, virðast sektir þessar eiga að teljast með þeim tekjum, er rinnu inn í landssjóð Íslands; og vèr skulum þess vegna leyfa oss, að stinga upp á, að þessum kafla greinarinnar sè þannig breytt: «Fèsektirnar renna inn í hinn sama sjóð og landstekjurnar».

Af því orðið »ton» er útlent og lítið þekkt hèr á landi, höldum vèr betur eiga við, að haft sè: »ensk lest», í staðinn fyrir þetta orð hvervetna þar, sem það kemur fyrir í frumvarpi þessu.

Í frumvarpinu er svo ákveðið, að stiptamtmaðurinn yfir Íslandi hafi meðgjörð með allt það, er snertir skrásetning skipa, en þar á móti eru hinum amtmönnunum svo að segja engin afskipti ætluð af slíku. Þó það nú að vísu í vissu tilliti kunni að vera hagfelldast, að málefni þessi heyri undir einn embættismann hèr á landi, sem beini þeim leið, að því leyti, sem þau eiga að ganga til aðalskrásetningar skrifstofunnar í Kaupmannahöfn, þá höldum vèr

eigi að síður, að þetta fyrirkomulag muni hafa töluverða erfiðleika í för með sèr, og að skrásetning skipa mundi verða hlutaðeigendum miklum mun hægra, ef þeir mættu snúa sèr til amtmannanna í þessu tilliti, og verður þetta því tilfinnanlegra fyrir þá sök, að póstgöngur eru mjög strjálar. Vèr finnum því ástæðu til að stinga upp á, að skrásetningin heyri undir amtmennina, hvern í sínu amti.

Að síðustu skulum vèr geta þess, að vèr enn fremur höfum viljað benda á fáeinar fleiri orðabreytingar, sem vèr ekki álítum þurfa að færa neinar frekari ástæður fyrir, en sem koma fram í niðurlagsatriðunum hèr á eptir, og að vèr eigi getum sèð, að frumvarp þetta geti öðlazt lagagildi svo snemma, sem ráð er fyrir gjört í 30. gr., þar eð lagaboðið eigi verður þinglesið fyrr en á manntalsþingum næsta ár; og stingum vèr því upp á, að í nefndri grein sè »1. aprílmán. 1868» breytt í »1. janúarmán. 1869».

Vèr skulum þess vegna leyfa oss, að ráða hinu heiðraða alþingi til, að leggja það til um þetta mál, að frumvarp það, sem hèr er um rætt, verði gjört að lögum með eptirfylgjandi breytingum:

1. að í fyrstu grein sè sett »innfæddra» í staðinn fyrir »innborinna».
2. að í staðinn fyrir orðin í niðurlagi 3. málsgreinar í 2. grein: »skilríki þau . . . . tollheimtu» verði sett: »skilríki þau um skipshafnir og um afgreiðslu skipa, sem boðið er að skip skuli hafa.
3. að aptan við 2. grein sè bætt: og sem á að vera rautt flagg með hvítum krossi, og engin síling upp í það, og skal, þegar breidd flaggsins við stöngina er lögð til grundvallar fyrir hlutfallinu, hvíti krossinn vera $^1/_7$ af breidd flaggsins við stöngina, tveir aptari rauðu ferhyrningarnir vera jafnhliða ferhyrningar, og rauðu ferhyrningarnir hinir fremri vera $^6/_4$ af hinum aptari.
4. að síðari kafli 4. greinar verði þannig orðaður: »Frá skrásetningarskrifstofunni í Kaupmannahöfn, sem einnig tekur upp á aðalskrá sína skip þau, sem skrásett eru á Íslandi, verða þjóðernis- og skrásetningar-skýrteini þau, sem um er rætt í 2. grein, út gefin.
5. að upphaf 5. greinar verði þannig orðað: «Á hverjum

þessara staða skulu skipin í því hèraði sett á skrá og tala við hvert skip».

6. að í 7. grein nr. 4. sè í staðinn fyrir «heimild» sett «heimildarbrèfi»
7. að í 3. kafla 7. greinar sè· sett «aðalaðsetur» í staðinn fyrir «aðalsetu».
8. að í 8. grein sè sleppt úr orðunum: «staðsett og».
9. að niðurlag 1. málsgreinar í 9. grein sè þannig orðað: »þá til skrifstofunnar í umdæmi því, sem skipið er í».
10. að í 1. tölulið í sömu grein sè í staðinn fyrir: »að skipið sè komið úr eign útlends manns í eign dansks manns» sè sett: »að skipið sè hætt að vera útlend eign, og orðið dönsk eign».
11. að í 2. tölulið sömu greinar og í næst síðasta kafla greinarinnar í staðinn fyrir orðin: »að eiga danskt skip, sè sett á þeim þrem stöðum, þar sem orð þessi koma fyrir: »að hafa danskt flagg».
12. að í niðurlagi sama tölulíðar í sömu grein í staðinn fyrir: »og dönsku skipi», sè sett: »og dönsk skip hafa».
13. að í 10. greinar 4. og 11. línu sè í staðinn fyrir »stiptamtmannsins» og »stiptamtmaður» sett »amtmanns» og »amtmaður».
14. að í sömu grein í staðinn fyrir hlutaðeigandi stjórnarráði sè sett »stjórninni».
15. að í niðurlagi 10. greinar í staðinn fyrir »skal skipið sett» komi: »er skipið sett».
16. að í 10. og öndverðri 11. grein í staðinn fyrir »formála þeim», sè sett: »sýnishorni því».
17. að í niðurlagi 1. kafla sömu greinar sè sett »amtmanni» í staðinn fyrir »stiptamtmanni».
18. að í síðara kafla sömu greinar sè sett: »sem hefur afhent þjóðernis og skrásetningar-skýrteinið» í staðinn fyrir: »sem þjóðernis og skrásetningar-skýrteinið afhendir».
19. að í 1. kafla 12. greinar sè í staðinn fyrir: »hvort sem *hann* er borgaralegt yfirvald» sett: »hvort sem *það* er borgaralegt yfirvald».
20. að í 2. kafla sömu greinar sè í staðinn fyrir »stiptamtamtmanninum» sett »amtmanni».
21. að í 1. kafla 13. gr. sè í staðinn fyrir »danskt skrásetn-

ingarumdæmi« sett: »danskt eður íslenzkt skrásetningarumdæmi».

22. að í niðurlagi 2. kafla sömu greinar sè í staðinn fyrir: «hlutaðeiganda stjórnarráðs» sett: «stjórnarinnar».
23. að í tveim síðustu köflum sömu greinar sè í staðinn fyrir «danska höfn», sett: «danska eður íslenzka höfn».
24. að í niðurlagi 1. kafla 14. greinar sè í staðinn fyrir «hins veginn» sett: eður dökku letri með ljósleitum undirlit».
25. að 3. kafli 15. greinar sè þannig orðaður: »Í öllum þeim tilfellum, er nýtt skýrteini er gefið út, án þess, að skipið um leið sè mælt á ný, þarf beiðandinn enga borgun að greiða».
26. að í niðurlagi 15. greinar sè í staðinn fyrir: »láta upp vottorð» sett: »gefa skýrslu».
27. að í síðasta kafla 16. greinar sè í staðinn fyrir «hlutaðeiganda stjórnarráðs» sett: «stjórninni».
28. að niðurlagsorðunum í 17. grein sè þannig breytt: »verður dæmt erlendis óhaffært«.
29. að í staðinn fyrir síðasta orðið í 20. grein: »gjört«, sè sett: »látið í tè».
30. að í 21. grein sè í staðinn fyrir »passa» sett: »leiðarbrèf«.
31. að í sömu grein og í 23. og 24. grein sè sett: «hverja enska lest» í staðinn fyrir: «hverja ton«, og í 25. grein: »hverri enskri lest», í staðinn fyrir »hverjum «ton».
32. að sett sè:
    a. í 22. grein «1 rd.» í staðinn fyrir 2 rd.
    b. í 23. grein «2 rd.» í staðinn fyrir 5 rd.
    c. í 24. grein «25 rd.» í staðinn fyrir 50 rd.
    d. í 25. grein «1 rd.» í staðinn fyrir 2 rd.
    e. í 26. grein «10 rd.» í staðinn fyrir 20 rd.
33. að í 26. grein sè í staðinn fyrir »dæmt« sett: »úrskurðað«.
34. að í niðurlagi 27. greinar sè á milli orðanna »fèlagsins«, og í »ábyrgð »bætt inn í« á sama hátt«.
35. að í staðinn fyrir niðurlagsákvörðun 28. greinar: »Fèsektirnar renna í ríkissjóðinn sè sett: »Fèsektirnar renna inn í hinn sama sjóð, og landstekjurnar.

36. að í 29. grein sè sett »1 janúarmán. 1869« í staðinn fyrir »fyrsta aprílmánaðar 1868«.

Reykjavík 1. dag ágústm. 1867.

Bergur Thorberg, form. og framsögum. *Jón Pètursson.* *Pètur Guðjónsson,* skrifari.

ATKVÆÐASKRÁ

í málinu um konunglegt frumvarp til tilskipunar um það, hvernig eigi að halda hunda á Íslandi.

---

1. grein.

1. *Páll Vídalín*: að sett verði »fyrsta sinn árið 1868«. (Fellt með 19 atkv. gegn 5).
2. *Nefndin* og *Pètur Pètursson:* að sett verði »fyrsta sinn árið 1869«. (Samþ. með 21 atkv. gegn 2).
3. *Pètur Pètursson:* að orðin »heimilismaður hans» falli úr. (Samþ. með 14 atkv. gegn 5).
4. *Sami*: að fyrir orðin »8 dagar« verði sett: »3 vikur«. (Samþ. með nafnakalli með 13 atkv. gegn 12).
5. *Nefndin, Jón Pètursson, Stefán Thordersen* og *Halldór Kr. Friðriksson*: að fyrir orðin »8 dagar« verði sett »14 dagar«. (Fallið).
6. *Nefndin, Jón Pètursson, Stefán Thordersen* og *Halldór Kr. Friðriksson*: að fyrir orðin »tveggja mánaða» komi »fjögra mánaða«. (Samþ. með 17 atkv. gegn 3).
7. 1. grein frumvarpsins (með áorðnum breytingum eða óbreytt): Sèrhver húsbóndi skal skýra frá á ári hverju, í kaupstöðunum um fardaga, og í sveitunum á hreppaskilaþingum á vorin, fyrsta sinn árið 18 , hversu margir hundar sè á heimili hans, hvort sem hann á þá sjálfur, eða einhver annar heimilismaður hans. Fjölgi hundarnir á árinu, þá er hann skyldur að segja lögreglustjóranum í kaupstöðunum og hreppstjórunum til sveita til þess, áður 8 dagar sè liðnir. Að því er snertir hunda þá, er heima aldir eru, skal frestur þessi talinn frá því, er þeir eru orðnir fullra 2 mánaða, og að því er snertir aðfengna

hunda, frá þeim degi, er þeir komu á heimilið. (Samþ. með 20 atkv. gegn 3).

2. grein.

8. *Björn Pètursson* (samþykkt af nefndinni): fyrir orðið »hreppstjóri« (»í tölul. 12) verði sett: »hreppstjórar í sveitum«. (Fellt með 14 atkv. gegn 9).
9. *Björn Pètursson* (samþykkt af nefndinni): að síðari hluti greinarinnar (í tölul. 12) verði þannig orðaður: »En þó skal mönnum, er þess óska, leyft að hafa fleiri hunda en ákveðið er, og gjaldi þá 1 ríkisdal árlega fyrir hvern þann hund til lögreglustjóra eður hreppstjóra, auk gjalds þess sem til er tekið í 7. grein. (Fellt með 17 atkv. gegn 4).
10. *Eiríkur Kúld:* að felld verði úr uppástungu nefndarinnar (tölul. 12) þessi orð: »Þar til settra . . . árlega til«, og svo orðað: »lækna þá undir umsjón lögreglustjóra eða hreppstjóra«. (Fellt með 19 atkv. gegn 3).
11. *Sighvatur Árnason*: að felld verði úr í uppástungu nefndarinnar (tölul. 12) þessi orð í niðurlaginu: »og borga þess utan . . . . hreppstjóra«. (Fellt með 20 atkv.).
12. *Nefndin* að 2. grein verði þannig orðuð:
Fækka skal hundum um land allt, svo mikið sem verður, eptir því, sem hreppstjóri og lögreglustjóri í hœjum ákveða með beztu manna ráði; en þó skal mönnum, er þess óska, leyft að hafa skot- og vakt-hunda, ef þeir lækna þá undir umsjón þar til settra manna, á sinn eigin kostnað, og borga þess utan 16 skildinga árlega til lögreglustjóra eða hreppstjóra. (Fellt með 18 atkv. gegn 3).
13. *Hjálmur Pètursson, Halldór Kr. Friðriksson* og *Jón Sigurðsson:* að í stað 2. greinar í frumvarpinu komi grein, þannig orðuð: »Hreppstjórar í sveitum og lögreglustjórar í kaupstöðum, skulu árlega á hreppaskilaþingum á vorin, ásamt tveimur eða allt að fjórum mönnum, sem hreppsbúar sjálfir kjósa, ákveða, hversu marga hunda hver húsbóndi þurfi; en fyrir þá hunda, sem þar eru um fram, skal eigandi gjalda 2 ríkisdali á ári fyrir hvern þeirra. (Samþ. með 16 atkv. gegn 2).
14. *Eiríkur Kúld*: að 2. grein frumvarpsins verði þannig orðuð: Fyrir hvern hund skal eigandi eða húsbóndi gjalda 48 skildinga ríkismyntar á ári. Þar að auki skal lækna hvern hund með kamala-dupti eptir þeim reglum, sem þar um verða

settar. Læknismeðalið skal útbýtast gefins úr sveitarsjóðnum (sbr. 50). (Fallið).

15. *Jón Pètursson, Stefán Thordersen* og *Halldór Kr. Friðriksson:* að fyrir orðin »hefir kýr . . . engjar fyrir« komi: »hefir tún eða engjar að verja«. (Fallið).
16. *Pètur Pètursson:* í stað orðanna: »tvo hunda« komi: »svo marga hunda, sem lögreglustjórar og hreppstjórar ákveða eptir kringumstæðunum og einkum eptir skepnufjölda hvers eins. (Fallið).
17. Frumvarpsins 2. grein (óbreytt eða með áorðnum breytingum): Fyrir hvern hund skal eigandinn gjalda 2 ríkisdala gjald á ári. Samt er hverjum húsbónda, sem hefir kýr, hross eða sauðfè, sem hann verður að hirða og verja tún og engjar fyrir, heimilt að hafa 2 hunda, er hann ekki þarf að greiða gjald fyrir. (Fallið).

3. grein.

18. *Páll Vídalín, Björn Pètursson* (samþykkt af nefndinni): að 3. grein eptir uppástungu nefndarinnar (tölul. 20) verði þannig orðuð:

    »Síðan skal lækna alla hunda, þá er eptir eru, á kostnað eigenda, eptir reglum þeim, sem þar um verða settar að ráðum landlæknis«, (sbr. tölul. 35). (Samþ. með 14 atkv. gegn 7).
19. *Jón Bjarnason*: að eptir orðin »gefa inn« (í tölul. 20) verði bætt inn í: »í mjólk«. (Fallið).
20. *Nefndin*: að 3. grein verði þannig orðuð:
    Síðan skal lækna alla hunda, þá er eptir eru, með kamaladusti, og það þannig, að hverjum hundi skal gefa inn fyrst um sinn um fimm ára tímabil einu sinni á ári tvo skamta af kamala, og sè eitt kvintin í hverjum; skal þetta gjört eptir þeim reglum, sem þar um verða settar. (Fallið).
21. *Sveinn Skúlason:* að eptir orðin »er í hlut á«, komi: »skal sjá um, að hver búandi annist, að allir hundar á heimili hans verði markaðir undir fjármark búanda«. (Fellt með 21 atkv.).
22. *Hjálmur Pètursson, Halldór Kr. Friðriksson* og *Jón Sigurðsson:* að í staðinn fyrir orðin »skal borga« verði sett: »skal eigandi borga«. (Fellt með 13 atkv. gegn 5).
23. *Sömu*: að orðin »og eins fyrir hina hundana« falli úr. (Fellt með 15 atkv.).

24. *Sömu*: að bætt verði við, eptir seinustu orð greinarinnar: »skal eigandi kaupa teikn að nýju». (Fellt með 16 atkv. gegn 1).
25. Frumvarpsins 3. grein (með áorðnum breytingum eða óbreytt): Lögreglustjóri sá eða hreppstjóri, er í hlut á, á að láta eigandann fá handa hverjum hundi, sem sagt er til, hvort sem þarf að greiða gjald fyrir hann eða ekki, lögregluteikn eða málmplötu, og skal fangamark kaupstaðar þess eða hrepps, er í hlut á, og tala grafið á plötuna. Þetta teikn á allt af að vera á hundinum, fest á hálsband. Fyrir þá hunda, sem ber að greiða gjald fyrir, skal teiknið látið úti kauplaust í fyrsta sinni, sem gjaldið er borgað, en fyrir þá hunda, sem ekkert gjald er greitt fyrir, skal borga 24 sk. fyrir hvert teikn, og eins fyrir hina hundana, ef teiknið glatast. (Fellt með 13 atkvæðum gegn 9).

4. grein.

26. *Hjálmur Pèturssón:* að í stað 4. greinar (í tölul. 29) komi grein þannig löguð (sbr. tölul. 37).

»Í hverjum hreppi skal sýslumaður útnefna einn til þrjá menn, til að annast um lækningar á öllum hundum í hreppnum, en skyldir eru húsbændur að veita þeim þá aðstoð við þenna starfa, sem þeir þurfa«. (Fellt með 15 atkv. gegn 4).

27. *Páll Vídalín:* að eptir orðin »í næstu grein á undan« (í tölulið 29) komi: »og skal þeim heimilt að kveðja menn í hreppnum sèr til aðstoðar í því efni» (samþykkt af nefndinni). (Fellt með 12 atkv. gegn 10).
28. *Páll Vídalín* og *Björn Pèturssón*: að fyrir orðin »á þann stað« (í tölul. 29.) komi: »á þá staði í kaupstaðnum eða hreppnum» (samþykkt af nefndinni). (Fellt með nafnakalli með 16 atkv. gegn 9).
29. *Nefndin* (4. grein): *Lögreglustjórinn í kaupstöðunum og hreppstjórar í sveitum eru skyldir að annast um lækningar þessar á hundum, eptir því sem fyrir er mælt í næstu grein á undan. En skyldir eru húsbændur og þeir aðrir, er hunda hafa, til að flytja hundana á þann stað, er lögreglustjóri eða hreppstjóri tiltekur.* (sbr. tölul. 36). (Fellt með 15 atkv. gegn 7).
30. *Pètur Pèturssón,* að í eyðuna eptir orðin »teiknlaus eptir», verði sett: »1869». (Fallið).
31. *Sami*: að fyrir »5 ríkisdala» verði sett: «3 ríkisdala». (Fallið).

32. *Jón Pètursson, Stefán Thordersen* og *Halldór Kr. Friðriksson*: að fyrir orðin »8 dagar» verði sett »14 dagar». (Fallið).

33. *Sömu*: að fyrir síðari hluta greinarinnar: »frá því, að hann hefir auglýst . . . . hirðinguna á hundinum» komi: »ef eigandinn hefir eigi spurzt upp». (Fallið).

34. Frumvarpsins 4. gr. (með áorðnum breytingum eða óbreytt): Fyrir hvern hund, sem hittist teiknlaus eptir

, skal eigandinn gjalda 5 ríkisdala fèsekt, og fær uppljóstrarmaðurinn annan helming sektarinnar, en sveitarsjóðurinn hinn helminginn, og ber eigandanum þar á ofan að kaupa teikn handa hundi þessum samkvæmt 2. grein. Hverjum, sem hittir teiknlausan hund á lóð sinni, er heimilt að drepa hann, þegar 8 dagar eru liðnir frá því, að hann hefir auglýst á þann hátt, sem tíðkast á hverjum stað, hvar hundurinn sè, og að það sè áform sitt að drepa hann, ef eigandinn gefi sig ekki fram og bæti upp skaða þann, sem hundurinn kann að hafa gjört. Sömuleiðis skal eigandinn gjalda lýsingarkostnaðinn og 8 skildinga á dag fyrir hirðinguna á hundinum. (Fallið).

35. *Jón Pètursson, Stefán Thordersen* og *Halldór Kr. Friðriksson:* að sett verði ný grein (5. grein) inn í frumvarpið eptir 4. gr., þannig hljóðandi:

»Lækna skal alla hunda eptir reglum þeim, sem um það verða settar». (Fallið).

36. *Jón Pètursson* og *Stefán Thordersen*: að sett verði ný grein (6. grein) inn í frumvarpið, eptir 5. grein (sbr. tölul. 18 og 35), þannig hljóðandi:

»Lögreglustjórinn í kaupstöðunum og hreppstjórar í sveitum eru skyldir að annast um lækningar á hundum, en skyldir eru húsbændur að láta flytja hunda þá, sem á heimilum þeirra eru, á þá staði, sem lögreglustjóri eða hreppstjóri til tekur. (Samþ. með 13 atkv. gegn 6).

37. *Halldór Kr. Friðriksson:* að sett verði ný grein (6. grein) inn í frumvarpið, eptir 5. grein (sbr. tölul. 26), þannig hljóðandi:

»Í hverjum hrepp skal lögreglustjóri nefna til 2—3 menn til að annast um lækningar á öllum hundum í hreppnum, en skyldir eru húsbændur að láta þeim í tè alla þá aðstoð við lækningarnar, sem þeir þurfa«. (Fallið).

5. grein.

38. *Hjálmur Pètursson:* að í stað orðanna í upphafi greinarinnar (í uppástungu nefndarinnar í tölul. 40): »Lögreglustjórar . . . í sveitum» verði sett: «þeir menn, sem skipaðir eru til að annast um lækningarnar«. (Fallið).
39. *Sami:* að niðurlag greinarinnar (í tölul. 40): «og skal lögreglustjóri . . . . lækningunum» falli úr. (Fallið).
40. *Nefndin* (5. grein): *Lögreglustjórar í kaupstöðum en hreppstjórar í sveitum skulu skyldir til að halda sèrstaka bók, og rita þar í tölu og nöfn húsbœnda í kaupstöðunum eða hreppunum, þeirra er hunda hafa, og þar að auki tilgreina hversu margir hundar sè á heimili hvers, eptir að búið er að fækka þeim, samkvœmt 2. grein, og skal sömuleiðis í þessa bók inn fœrt, hversu mörgum hundum hafi verið gefið inn á hverju heimili, samkvœmt 3. grein, og skal lögreglustjóri í kaupstöðunum en hreppstjóri í sveitunum vandlega gœta, að enginn hundur sleppi undan lækningunum.* (Samþ. með 12 atkv. gegn 11).
41. Frumvarpsins 5. grein (óbreytt):
Lögreglustjórarnir í kaupstöðunum og hreppstjórarnir í sveitinni eiga að hafa sèrstaka bók, er ritað sè í nafn sèrhvers húsbónda í kaupstaðnum eða hreppnum og til greint, hversu margir hundar sèu á heimili hans, og talan á lögregluteiknunum, sem látin hafa verið úti handa þeim, og skal enn fremur skýrt frá, fyrir hverja hundana eigi að greiða gjald og af hverjum ekki. (Fallið).
42. *Jón Pètursson, Stefán Thordersen* og *Halldór Kr. Friðriksson:* að bætt verði aptan við greinina þessum orðum: »og um lækningatilraunir þær, er þar hafi verið gjörðar við hvern hund. (Fallið).
43. *Jón Pètursson, Stefán Thordersen* og *Halldór Kr. Friðriksson*: að hin 5. grein frumvarpsins verði 7. grein. (Kom ekki til atkv.).

6. grein.

44. *Björn Pètursson*: að í staðinn fyrir »5 ríkisdali» í uppástungu nefndarinnar (í tölul. 46) verði sett »3 ríkisdali». (Fellt með 15 atkv. gegn 1).
45. *Eiríkur Kúld* og *Páll Vídalín*: að í staðinn fyrir »5 ríkis-

dali» (í sama tölulið 46) verði sett: »2 ríkisdali». (Fellt með 13 atkv. gegn 7).

46. *Nefndin* (6. grein): *Nú hefir einhver forsómað það, er hann er skyldur til, eptir því, er lög þessi bjóða um lækningar á hundum; þá skal hann sektast um 5 ríkisdali fyrir hvern hund, og fær uppljóstrarmaður annan helming sektarinnar, en hinn helmingurinn rennur í sveitasjóð, og skal hundurinn þegar læknaður á kostnað þess, er braut, eða drepinn ella.* (Fellt með 13 atkv. gegn 10).

47. *Pètur Pètursson:* að eptir orðin »á undan» (í 6. grein frumvarpsins, tölul. 48) komi: »Af afgangnum skal taka sómasamleg laun handa viðkomandi hreppstjórum eptir uppástungu sýslumanns og úrskurði amtmanns, en það sem þá verður eptir rennur í hlutaðeigandi sveitarsjóð. Gjaldið skal greitt í fyrsta sinn árið 1869; gjalddagi þess . . . (o. s. frv. sem frumvarpið). (Fellt með 13 atkv. gegn 4).

48. Frumvarpsins 6. grein (með áorðnum breytingum eða óbreytt): Af upphæð gjalds þess, sem um er rætt í 2. grein, skal fyrst taka kostnaðinn til að útvega lögregluteikn og einnig bók þá, sem nefnd er í næstu grein hèr á undan. Af afgangnum fær lögreglustjóri sá eða hreppstjóri, sem í hlut á, annan helminginn, en sveitarsjóðurinn hinn helminginn. Gjaldið skal greitt í fyrsta sinn árið 18 ; gjalddagi þess er hinn sami og annara sveitargjalda, og má taka það með lögtaki, ef það ekki er greitt í tækan tíma. (Fellt með 13 atkv. gegn 10).

49. *Jón Pètursson, Stefán Thordersen* og *Halldór Kr. Friðriksson*: að 6. grein frumvarpsins verði 8. grein. (Fallið).

7. grein.

50. *Eiríkur Kúld:* að 7. grein í uppástungum nefndarinnar (tölul. 58) falli úr, en í stað hennar komi: »læknismeðalið (kamala) skal útbýtast ókeypis af sveitarsjóðnum». (Fallið).

51. *Halldór Kr. Friðriksson*: að 7. grein (í uppástungum nefndarinnar tölul. 58) verði þannig orðuð og sett sem 9. grein: »Auk þess, er lyfin kosta, ber hverjum að gjalda þeim mönnum, sem skipaðir eru til að annast um lækningar, 16 skildinga fyrir hvern hund, sem læknaður er». (Fallið).

52. *Jón Pètursson, Stefán Thordersen* og *Halldór Kr. Friðriks-*

son: að í staðinn fyrir 7. grein í uppástungum nefndarinnar (tölul. 58) komi grein þannig orðuð (og sett sem 9. grein):

»Auk þess, er læknalyfin kosta, ber hverjum að gjalda lögreglustjórunum í kaupstöðunum, en hreppstjórum í sveitum, 16 skildinga fyrir hvern hund, sem læknaður verður». (Fellt með 12 atkv. gegn 7).

53. *Páll Vídalín:* að í stað orðanna: »læknismeðalið . . . settum reglum» (í tölul. 58) verði sett: »lækningarnar, samkvæmt 3. grein». (Fellt með 13 atkv. gegn 4).
54. *Björn Pèturssón:* að orðin (í tölul. 58) »samkvæmt 2. grein og þar um settum reglum» falli úr (samþykkt af nefndinni). (Fellt með 16 atkv.).
55. *Sighvatur Árnason:* að felld verði úr 7. grein í uppástungum nefndarinnar (tölul. 58) þessi orð: »lögreglustjórunum . . . sveitunum». (Fellt með 14 atkv. gegn 2).
56. *Björn Pèturssón*: að niðurlag greinarinnar (tölul. 58) verði þannig orðað: »16 skildinga árlega fyrir hvern hund, sem meðalið er gefið inn» (samþykkt af nefndinni). (Fellt með 11 atkv. gegn 7).
57. *Sighvatur Árnason*: að aptan við greinina (tölul. 58) verði bætt þessum orðum: »í ómakslaun». (Fallið).
58. *Nefndin:* (7. grein í uppástungum nefndarinnar):
»Auk þess, er læknismeðalið samkvæmt 3. grein og þar um settum reglum kynni að kosta, ber hverjum að gjalda lögreglustjórunum í kaupstöðum en hreppstjórum í sveitunum 16 skildinga fyrir hvern hund árlega«. (Samþ. með 15 atkvæðum gegn 10).
59. *Sighvatur Árnason:* að skotið verði inn eptir 7. grein í uppástungum nefndarinnar (tölul. 58) eða sem nýrri grein:

»Eptirrit af bók þeirri, sem 5. grein (sbr. tölul. 40) um getur, skal fylgja árlega með aðal-sveitarreikningnum, og innheimtir sýslumaður eptir því borgunina fyrir læknismeðalið og framkvæmd lækninganna á næsta manntalsþingi». (Fellt með 14 atkv. gegn 6).

60. *Ólafur Sigurðsson*: að í stað 7. greinar frumvarpsins komi grein þannig orðuð:

»Tekjur þær, sem sveitirnar fá samkvæmt þessari tilskipun, skulu hèr eptir inn færast í hvers árs jafnaðarreikn-

ing, eins og hverjar aðrar sveitartekjur». (Fellt með 14 atkv. gegn 1).

61. Frumvarpsins 7. grein (óbreytt eða með áorðinni breytingu): Fyrir tekjum þeim, sem sveitirnar fá samkvæmt þessari tilskipun, skal gjörður sèrstakur reikningur á hverju ári, og skal fylgja honum til sönnunar eptirrit af bók þeirri, sem getið er um í 5. grein; skal reikningur þessi vera fylgiskjal með aðalsveitarreikningnum. (Fellt með nafnakalli með 14 atkv. gegn 11.

(8. grein nefndarinnar).

62. *Jón Pètursson, Stefán Thordersen* og *Halldór Kr. Friðriksson*: að í stað fyrra hluta 8. greinar í uppástungum nefndarinnar komi (sem 10. grein):

»Skyldur er hver sá, er lætur slátra heima hjá sèr því húsdýri, er sullir finnast í, að grafa þá alla þegar í stað djúpt í jörð niður eða brenna ella». (Samþ. með nafnakalli með 14 atkv. gegn 11).

63. *Sömu:* að í stað síðara hluta 8. greinar í uppástungum nefndarinnar komi (sem 11. grein):

»Brot gegn ákvörðunum þeim, sem gefnar eru eða gefnar kunna að verða um lækningu hunda, og eins gegn ákvörðuninni í næstu grein hèr á undan (tölul. 62), varða 1—3 rd. sekt«. (Samþ. með 15 atkv. gegn 8).

64. *Nefndin*: (8. grein í uppástungum nefndarinnar):

»Skyldur er hver sá, er slátrar því húsdýri er sullir finnast í, að grafa þá alla þegar í stað djúpt í jörð niður, eður brenna ella. Brot mót þessu boði varðar sömu sekt og ákveðin er í 6. grein, (tölul. 46), og fer um sekt þessa eins og þar er til tekið». (Fallið).

8. grein.

65. *Nefndin* (í uppástungum nefndarinnar 9. grein) orðabreyting: að í stað orðanna »á móti ákvörðununum í tilskipun þess», verði sett: »gegn tilskipun þess«. (Samþ. sem orðabreyting).

66. Frumvarpsins 8. grein:

»Með mál þau, sem rísa út af brotum á móti ákvörðunum í tilskipun þessari, skal farið sem almenn lögreglumál. (Samþ. með 19 atkv.

67. *Jón Pèturssson* og *Stefán Thordersen:* að 8. grein frumvarpsins verði 11. grein. (Kom ekki til atkvæða).
68. Frumvarpið allt í heild sinni. (Samþ. með nafnakalli með 16 atkv. gegn 9).
69. *Halldór Kr. Friðriksson*: að fyrirsögn lagaboðsins verði þannig: »Tilskipun um hundahald á Íslandi«. (Samþ. sem sjálfsagt).
70. *Ólafur Sigurðsson* (vara-uppástunga): »Að með almennu lagaboði verði skipuð algjörð lógun á öllum fullorðnum hundum á landinu, sem fari fram á sama tímabili um allt land; og sè lagaboð þetta auglýst með svo nægum fyrirvara, að allir geti verið búnir að ala upp í stað þeirra svo marga hvolpa sem þörf er á«. (Felld með 23 atkv. gegn 1).

BRÈF

konungsfulltrúa til forseta alþingis um Botnsvogavörðinn. (Sbr. bls. 195).

Þèr hafið, háttvirti forseti, í heiðruðu brèfi frá 20. f. m. beiðzt þess, að eg sem konungsfulltrúi á alþingi, beindi málinu um kostnað þann, sem leiðir af verði þeim, er í sumar er settur frá Botnsvogum í Langajökul, til amtmannanna í Suður- og Vestur-amtinu; — en mál þetta er af þinginu hinn 19. f. m. vísað forsetaveginn til áður nefndra yfirvalda.

Eptir að eg frá tèðum embættismönnum hefi fengið andsvör þeirra, læt eg ekki hjálíða hèr með að senda hinum háttvirta forseta eptirrit þar af til þóknanlegra frekari aðgjörða.

Reykjavík 1. ágústmán. 1867.

Hilmar Finsen.

BRÈF

til konungsfulltrúa frá amtmönnunum í Suður- og Vestur-amtinu um Botnsvogavörðinn. (Sbr bls. 195).

Í heiðruðu brèfi, dagsettu 22. þ. m. hafið þèr, herra konungsfulltrúi, kunngjört oss brèf frá forseta á alþingi, dagsett 20.

þ. m., er skýrir frá, að alþingi hafi 19. þ. m. með 16 atkvæðum móti 3 ákveðið að skjóta til vor því atriði í fjárkláðamálinu, sem nefnd sú, er þingið skipaði til að íhuga málefni þetta, hafði stungið upp á, að meðhöndlast skyldi út af fyrir sig, og sem snertir endurgjald kostnaðarins við fjárvörð þann, sem í sumar kvað vera skipaður úr Botnsvogum og upp að Baldjökli eptir ráðstöfun amtmannsins í Norður- og Austurumdæminu og íbúanna í Borgarfjarðarsýslu og í Mýra- og Hnappadalssýslu, og hefir þingið, samkvæmt uppástungu nefndarinnar látið í ljósi þá ósk sína:

1. Að vèr, hver fyrir sitt amt, tökum tiltölulegan þátt í kostnaðinum við hinn ofannefnda Botnsvogavörð nú í sumar, annaðhvort upp á vort eindæmi, eður eptir fenginni heimild til þess frá stjórninni, og
2. að vèr svo fljótt sem unnt er, gjörum þinginu kunnar undirtektir vorar undir þetta mál.

Út af þessu leyfum vèr oss hèr með virðingarfyllst að skýra yður, herra konungsfulltrúi, frá svari voru á þessa leið:

Þar eð tilskipun, dagsett 5. janúarmán. 1866 um fjárkláða og og önnur næm fjárveikindi á Íslandi, sem hefir ákveðið hverjar ráðstafanir gjöra skuli af hálfu hins opinbera, til að varna útbreiðslu slíkra sjúkdóma, og sem kom út, eptir að alþingi hafði sagt um hana álit sitt, og eptir að breytingaruppástungur þingsins höfðu verið teknar til greina — eigi nefnir verði meðal þessara ráðstafana, og þar sem það á hinn bóginn í ástæðunum fyrir frumvarpinu til tilskipunar þessarar, með berum orðum er tekið fram, að stjórnin eigi geti fallizt á hinar fyrri uppástungur alþingis um fjárverði á takmörkum milli heilbrigðra hèraða á aðra hlið, og sjúkra og grunaðra á hina — þá virðist oss vafalaust, að amtmennirnir eigi nú hafi rètt til að skipa slíka verði á kostnað jafnaðarsjóðanna. Að minnsta kosti væri það nauðsynlegt skilyrði, að ástandið væri öldungis sèrstaklegt og óvanalegt, til þess að slík undantekning frá hinum gildandi lögum yrði rèttlætt eður afsökuð.

En það er sannfæring vor, að engin ástæða sè til að álíta, að nú í sumar sè ástandið hèr á landi í hinu umrædda tilliti sèrstaklegt eður óvanalegt, því að vísu hefir seint í aprílmánuði þá orðið vart hörundskvilla í Grímsnesi á nokkrum kindum, og gátu hinir tilkölluðu skoðunarmenn eigi um það borið með vissu, hvort þetta væri kláði, eður hin vanalegu óþrifa útbrot, en þeir meðhöndluðu það eins og sóttnæman kláða, og hefir eigi síðan orðið vart við

neinn vott til kvilla þessa í Grímsnesi. Enn fremur hefir að vísu orðið vart kláða á nokkrum af kindum þeim, sem hafðar eru í Reykjavíkurkaupstað, en bæði eru kindur þessar fáar, og einnig þannig ástatt í kaupstaðnum, að hægt er að hafa allt nauðsynlegt eptirlit með þeim, svo að engin hætta geti af þeim staðið; en að öðru leyti verður að álíta, að í Suðuramtinu sé hvorki kláðasjúkt né grunað fé. En meðan kláðasýkin er ekki með öllu upprætt hér á landi, — og tilskipun 5. janúar 1866 gjörir ráð fyrir, að það sé ekki — er engin ástæða til að álíta, að hið núverandi ástand í Suðurumdæminu sé þannig, að það gefi mönnum nokkra gilda ástæðu til að óttast fyrir frekari útbreiðslu fjárkláðans, eður veiti heimild til að gjöra sérstaklegar ráðstafanir, sem liggja fyrir utan hin gildandi lög.

Þar að auki er vert að geta þess, að vörður sá, sem í sumar er skipaður úr Botnsvogum upp að Baldjökli, ekki hefir verið skipaður eptir samkomulagi milli allra amtmannanna, sem þó að undanförnu hefur verið álitið nauðsynlegt skilyrði fyrir því, að kostnaðurinn við slíkan vörð yrði greiddur úr jafnaðarsjóðum amtanna allra, og verður einnig framvegis að álítast það, ef það kemur fyrir sem sérstakleg undantekning, að vörður verði að skipast á þenna hátt, þrátt fyrir ákvarðanir í tilskipun 5. janúarmán. f. á. En vörður sá, sem hér er um rætt, hefir — að minnsta kosti að því er snertir Suður- og Vestur-umdæmin — verið afráðinn af prívatmönnum, sem engan myndugleika höfðu til að ráða yfir fé jafnaðarsjóðanna, og þar eð þeir nú upp á sitt eindæmi hafa gjört þessa ráðstöfun, virðast þeir bæði eptir rètti og sanngirni eiga að bera afleiðingarnar þar af.

Loksins skulum vèr geta þess, að efnaástand jafnaðarsjóðanna í Suðurumdæminu og Vesturumdæminu er þannig, að sjóðir þessir ekki geta risið undir öðrum gjöldum en þeim, sem eru óumflýjanlega nauðsynleg, og þeim, sem eptir gildandi lagaákvörðunum eiga úr þeim að greiðast. Til þess nú að koma reikningum jafnaðarsjóðanna í nokkurt lag, höfum vèr verið neyddir til bæði þetta árið og í fyrra, að jafna niður svo háu gjaldi til jafnaðarsjóðanna á amtsbúa í báðum umdæmunum, að vèr ekki höldum gjörlegt, að leggja á þá meira gjald, til sjóða þessara, nema því að eins, að óumflýanleg nauðsyn útheimti slíkt, og hvorugur sjóðurinn gæti á yfirstandandi ári borgað hinn hèr um rædda kostnað af fè því, sem nú er til. Ef kostnaður þessi því ætti að end-

urgjaldast hlutaðeigendum, sem hafa sett vörðinn, gæti það að minnsta kosti ekki orðið fyrri en að ári, og þar að auki útheimtist til þess að hækka niðurjöfnunina fram yfir það, sem hún þyrfti að vera til þess að uppfylltar yrðu skyldur þær, sem þegar hvíla á sjóðunum, en til þess þarf niðurjöfunin næsta ár að vera í Suðuramtinu 14 sk á hvert lausafjárhúndrað og að minnsta kosti 12 sk. í Vesturamtinu, þó hinum hèr um rædda nýja kostnaði sè ekki við bætt.

Af framangreindum ástæðum sjáum vèr oss ekki fært upp á vora eigin ábyrgð að uppfylla ofangreinda áskorun alþingis til vor, eins og vèr eigi heldur af sömu ástæðum getum mælt með því við dómsmálastjórnina, að hún fyrirskipi, að jafnaðarsjóðirnir skuli bera hinn hèr um rædda kostnað; en þar eð hinu heiðraða þingi hefir þótt málefni þetta miklu skipta, og með miklum atkvæðamun ákveðið, að því skyldi beint til vor, jafnvel þó þinginu eigi væri ókunnugt um skoðun vora á málinu — þá viljum vèr eigi skorast undan, að sýna hinu heiðraða þingi þá tilhliðrun, að bera málefni þetta undir úrskurð dómsmálastjórnarinnar, og senda henni eptirrit af þessu brèfi voru, og öðrum skjölum málsins, nefnilega af brèfi konungsfulltrúa til vor, dagsettu 23. þ. mán. nefndarálitinu og bænarskránni úr Borgarfjarðarsýslu og úr Mýra- og Hnappadalssýslu.

Þetta svar vort biðjum vèr yður, herra konungsfulltrúi, að kunngjöra alþingi.

Íslands Stiptamt og Vesturamt, Reykjavík 31. dag júlímán. 1867.

Hilmar Finsen. *Bergur Thorberg.*

NEFNDARÁLIT

um málið, viðvíkjandi fiskiveiðum útlendra við strendur Íslands.

(Sbr. bls. 218).

Hið heiðraða alþing hefir kosið oss undirskrifaða í nefnd til að kveða upp álit vort um bænarskrá frá Borgarfjarðarsýslu viðvíkjandi fiskiveiðum útlendra þjóða við strendur Íslands, og lýsir bænarskrá þessi atferli fiskimanna þessara og þeim afleiðingum, sem það hljóti að hafa haft og eptirleiðis muni hafa fyrir fiskiveiðar landsmanna sjálfra, en hefir að niðurlagi þær uppástungur, að þingið beri svofellda bæn fram fyrir Hans Hátign konunginn:

1. að sèrstaklegar kringumstæður lands vors gjöri oss það ómissandi, að samningur verði gjörður við hina ensku og frakknesku stjórn um að viðurkenna, að Faxabugt innar línu dreginnar frá Garðskaga á Snæfellsjökul sè almennt álitin sem fjörður, er útlend fiskiskip megi ekki fara inn á til fiskiveiða og.
2. til vara fáist ekki þessi viðurkenning, verði þó sá samningur gjörður við hinar sömu stjórnir, að engin frakknesk fiskiskip megi fiska í Faxabugt fyrir 12. dag maímánaðar ár hvert, en þar eptir með sömu takmörkum, sem hefur verið.

Þingið hefur enn framar til leiðbeiningar fengið nefndinni 2 aðrar bænarskrár frá Ísafjarðar og Norður-Þingeyjarsýslum, og kvartar hin fyrri um, að útlendir fiskimenn eigi einungis spilli fiskiveiðum fyrir landsmönnum ósjálfrátt, þar sem svo megi að orði kveða, sem fiskiveiðar landsmanna sè á enda jafnskjótt og hinir útlendu fiskimenn komi til landsins og fremji veiði sína í mílufjórðungs fjarska frá landi, en slægi afla sinn lengra úti, heldur einnig sjálfrátt, þar sem þeir taki upp veiðarfæri landsmanna, taki úr þeim fiskinn og spilli veiðarfærunum með því að slíta þau eða skera í sundur; hin síðarnefnda bænarskrá ber fram líkar umkvartanir, nema hvað útlendir fiskimenn eptir henni eru enn meira nærgöngulir, þar sem þeir eigi einungis fiska með skipum sínum á allra grynnstu fiskimiðum, heldur senda skipsbáta sína inn á hverja smávík og láta þá fiska rètt upp við brimgarðinn meðan landsmenn sjálfir eigi komast á sjóinn fyrir brimi; en þessi bænarskrá getur þess einnig, *að* þessir útlendu fiskimenn gjöri mikinn óskunda fuglbjörgunum, þar sem þeir taki bæði fugla og egg úr þeim, og það enda á stundum með verkfærum, og að þeir steli frá landsmönnum eigi allsjaldan bæði sauðfè og rekavið, sem landsmenn áður hafa helgað sèr með því, að bera hann saman í kesti. Að lyktum hefur bænarskráin frá Ísafjarðarsýslu þá uppástungu, að þingið biðji um, að konungur vilji af mildi sinni og vizku láta gæta betur rèttinda vorra hèr eptir en hingað til, eða að þingið, ef það þætti betur við eiga, sjálft riti hinum voldugu þjóðum, er hlut eiga að máli, hógværa en þá skorinorða bænarskrá um að láta ekki fiskimenn sína þröngva kostum fámennrar og varnarlausrar þjóðar. Er þessi uppástunga að svo miklu leyti í samhjóðun við uppástungu bænarskrárinnar frá Norður-Þingeyjarsýslu, sem þessi fer fram á að þingið í ár gjöri uppástungu um, að í staðinn fyrir það eina skip sem nokkrum sinnum að undanförnu hefur verið sent

frá stjórninni, til að hafa eptirlit með fiskiveiðum útlendra verði eptirleiðis sendir 4 gufubátar á 12—20 lesta stærð með 1 fallbyssu á borð, og skuli þeir vera á sífelldu rölti með ströndum fram á meðan enskar og franskar fiskiskútur dvelja hèr við land, og að stjórnin semji um það við stórveldin, að þau einnig sendi smá-gufubáta, til að gæta að fiskiskipum sínum.

Nefndin hefir hugleitt mál þetta og rætt það með sèr, og leyfir sèr nú að skýra frá áliti sínu og tillögum um það á þessa leið:

Því verður eigi neitað, að landsmenn eiga opt um sárt að binda, er þeir sjá útlenda menn taka upp afla þann, er þeim, eptir eðli hlutarins og viðurkenndum þjóðarètti, einum var heimill, svo að segja upp í landsteinum eður miklu skemmra frá landi, en almenn fiskhelgi nær til, eða þegar þeim sjálfum af illvilja eða gjálífi þessara útlendu manna er bægt frá, að notfæra sèr þá veiði, er þeir þó fyrstir allra manna eiga tilkall til, eins og sýnir kvörtun sú frá Akranesi, sem í sumar er komin stiptamtinu til handa og herra stiptamtmaðurinn góðfúslega hefur veitt nefndinni afskript af, ekki að tala um, þegar þessir útlendingar fara í land, og gjöra sig seka í gripdeildum og öðrum glæpum, sem skerða eignarrètt landsmanna, eins og bænarskráin frá Norður-Þingeyjarsýslu vottar, en á hinn bóginn má það líka viðurkenna, að kröfur landsmanna í þessu tilliti einatt eru miður sanngjarnar, og fara mjög langt fram yfir það, sem vonast má til að nokkurn tíma geti fengizt, eða áunnizt fyrir milligöngu stjórnar vorrar við hin útlendu miklu veldi, sem mestar fiskiveiðar hafa hèr við land, eins og sýnir hið fyrra uppástungu-atriði bænarskrárinnar frá Borgarfjarðarsýslu, sem þó að öðru leyti er einkar höglega og vel orðuð, og viðurkennir þá örðugleika, sem á því eru fyrir stjórn vora, að koma lagi á, sem gæti haft nokkrar verulegar afleiðingar fyrir málefni þetta í þá stefnu sem landsmönnum er hugarhaldið.

Það er þinginu kunnugt, að stjórn vor hefur í mörg undanfarin ár leitazt við að ná samkomulagi um þetta málefni við frakknesku og ensku stjórnina, og hefir henni veitt það mjög örðugt, þar sem hún varla mun vera nokkrum samningum nær enn sem komið er; annars er nefndinni eigi ókunnugt um, að sú skoðun er til, og hún mun engan veginn vera án orsaka, að of strangar kröfur og ósannaðar kvartanir Íslendinga yfir því, að hinir útlendu fiskimenn hafi verið opt of nærgöngulir í fiskiveiðum sínum, sem

og yfir gripdeildum þeirra og öðrum árásum á eignarrètt landsmanna, muni hafa átt í því ekki all-lítinn þátt. En hins vegar er það þó ekki meining nefndarinnar með þessari yfirlýsingu, að landsmenn eða þingið fyrir það skuli hætta að leita milligöngu stjórnar vorrar við hlutaðeigandi stórveldi um að yfirgangi fiskimanna þeirra megi linna, hversu lítil von, sem um það er, enn sem komið er, að nokkuð verði áunnið, svo lengi sem landsmenn ekki með áþreifanlegum röksemdum, svo sem með því að handtaka þá útlendu fiskimenn, er sannir verða að þjófnaði og gripdeildum eða öðrum misbrotum gegn eignarrèttinum, «in flagranti», og annaðhvort færa þá fyrir yfirvaldið til að láta hegna þeim, eða fyrir yfirmennina á hinum frakknesku herskipum hèr við land, heldur hefir nefndin fundið í því, hvað stjórn vor á örðugt uppdráttar í þessu efni, enn sterkarí hvöt fyrir landsmenn til þess á hvern helzt hátt sem mögulegt er, að láta órækar sannanir í tè fyrir kvörtunum sínum, og ætlar nefndin að það í mörgum tilfellum mundi geta heppnazt, ef landsmeun gjörðu sèr far um það, og sýndu nokkra röggsemi af sèr í því tilliti. Nefndin er sannfærð um, að ef landsmönnum tækist að handtaka nokkra útlenda fiskimenn í gripdeildum þeirra og færa þá sem fanga fyrir yfirvaldið eða foringjann fyrir hinni frakknesku skipastöðu hèr við land, þá mundi það stórum lètta stjórn vorri viðleitni hennar í því að komast til einhverrar niðurstöðu um rèttindi landsmanna gagnvart hinum útlendu fiskimönnum, undir eins og það mundi gefa bæði stjórn vorri aðhald til að líta betur eptir athæfi þeirra hèr á landi og við strendur þess, og hinum útlendu herskipaforingjum til að áminna fiskimenn sína alvarlega um að halda sèr frá hvers konar yfirgangi á rèttindi landsmanna.

Nefndin getur að sínu leyti ekki aðhyllzt beinlínis neitt af uppástungu-atriðum ofan umgetinna þriggja bænarskráa, með því sum þeirra fara fram á langt of mikið og það sem engin líkindi eru til að hlutaðeigandi stórveldi vilji samþykkja, svo sem 1. uppástungu-atriði bænarskráarinnar frá Borgarfjarðarsýslu; sum eru óákveðin og fyrir utan ætlunarverk og myndugleika þingsins, eins og vara-uppástungu-atriði bænarskrárinnar úr Ísafjarðarsýslu, og sum eins og uppástungu-atriði bænarskrárinnar úr Norðurþingeyjarsýslu er ekki hægt að framkvæma, þar sem stjórn vor ekki mun hafa þvílík vopnfær skip sem fram á er farið, til umráða, og afnot þeirra þar að auki mundu vera bundin ymsum praktiskum vandkvæðum.

Það eina af hinum fyrirliggjandi uppástungu-atriðum, sem nefndinni þykir helzt farandi fram á, og þó lítil von um að fáist veitt, er annað uppástungu-atriði bænarskrárinnar úr Borgarfjarðarsýslu, að reynt verði til að semja við hlutaðeigandi stórveldi um það, að veiðiskapur útlendra fiskimanna ekki byrji innan Faxabugtar fyrri en um vertíðarlok, með því hinum útlendu fiskimönnum ekki, að áliti nefndarinnar, getur staðið neinn bagi af slíkri ákvörðun, þar sem þeir geta setið fyrir hverri fiskigöngu á takmörkum hafsins og Faxabugtar, eða fyrir utan línuna milli Garðskaga og Snæfellsjökuls (Öndverðarness) og þannig tekið hana, þegar hún er hvað örust og mest aflavon að.

Nefndin leyfir sér að leiða sérstaklega athygli þingsins að því, er stendur í bænarskrá Norðurþingeyinga, er svo hljóðar: «þó bæði enskir og frakkneskir fiskimenn fáist við aflabrögð hér við norðurhorn landsins, þá eru samt Englendingar miklu nærgöngulli, bæði gjarnari til gripdeilda og þjófnaðar og líka fyrri til og áfjáðari með bátaveiðarnar». Nefndin tekur þetta fram til þess að leiða skoðun beiðendanna í ljós, af því að hún er nokkuð frábrugðin þeirri skoðun er áður hefir verið, og með fram til að vekja athuga þingmanna á því, hvort þetta muni ekki koma helzt af því, að Englendingar hafa ekki, eins og Frakkar, nokkurt herskip hér við land, án þess þó að nefndin finni fulla ástæðu til að gjöra í þessa átt nokkra sérstaka uppástungu.

Af framangreindum ástæðum vill nefndin ráða hinu heiðraða þingi að bera þá bæn fram fyrir konung vorn:

1. að Hans Hátign mætti þóknast að bjóða stjórn sinni, að halda áfram samningatilraunum sínum við stjórnina á Frakklandi og Bretlandi, um fiskiveiðar þeirra hér við land, á þann hátt, er hún sér oss hentugast eptir málavöxtum og sérstökum kringumstæðum fiskiveiðanna hér við land.
2. Hvað sér í lagi Faxaflóa snertir, að stjórnin reyni í samningum sínum við Frakka og Breta að fara því á flot, að fiskiskip þeirra fari eigi til fiskiveiða inn á Faxaflóa, fyrr en um vertíðarlok (12. maí), ef hún fær eigi stjórn þessara landa til að samþykkja þau veiðitakmörk í Faxaflóa, er liggja fyrir utan vanaleg fiskimið landsmanna.

Reykjavík 1. ágúst 1867.

Arnljótur Ólafsson, skrifari. *Pètur Guðjónsson,* framsögumaður. *Stefán Eiríksson.*

ATKVÆÐASKRÁ

í málinu: »um konunglegt frumvarp til laga fyrir Ísland um skipamælingar». (Sbr. bls. 179, 337).

---

1. grein.

1. *Nefndin*: að í staðinn fyrir: »öll skip og bátar» (í upphafi greinarinnar) verði sett: »öll þilskip og þiljubátar». (Samþ. með 14. atkv. gegn 4).
2. *Jón Sigurðsson*: að bætt verði inn í eptir orðin: »sem heima eiga á Íslandi», þessum orðum: »og ætluð eru einungis til ferða landa á milli». (Samþ. með 10 atkv. gegn 9).
3. *Halldór Kr. Friðriksson:* að í staðinn fyrir »4 tons» verði sett: »12 enskar lestir». (Samþ. með 10. atkv. gegn 8).
4. *Nefndin*: að í staðinn fyrir: »4 tons» verði sett: »8 enskar lestir» (tons). (Fallið við 3. tölul.).
5. *Sama*: að niðurlagsákvörðun greinarinnar verði þannig orðuð: »að hve miklu leyti önnur útlend skip skuli mæld, verður nákvæmar ákveðið af stjórninni». (Samþ. með 13 atkv.).
6. Frumvarpsins 1. grein með áorðnum breytingum. (Samþ. með 16 atkv. gegn 2).

2. grein frumvarpsins óbreytt. (samþ. með 17. atkv.).

3. grein frumvarpsins óbreytt. (Samþ. með 15 atkv.).

4. grein.

7. *Nefndin:* að í staðinn fyrir »tons» verði sett: »enskar lestir». (Samþ. með 3. tölul.).
8. Frumvarpsins 4. grein með áorðinni breytingu. (Samþ. með 15. atkv.).

5. grein.

9. *Nefndin*: að niðurlag greinarinnar, frá orðunum: »þegar á að mæla þau», verði sett þannig: »eða ef einhverjar aðrar sèrstaklegar tálmanir gjöra erfitt að mæla eptir fullkomnu aðferðinni». (Samþ. með 14 gegn 1).
10. Frumvarpsins 5. grein með áorðinni breytingu. (Samþ. með 17 atkv.).

6. grein.

11. *Nefndin:* að í stafliðsgreininni *c* seinast, í staðinn fyrir »tons» verði sett: »enskum lestum». (Samþ. við 3. tölul.).

12. Frumvarpsins 6. grein með áorðinni breytingu. (Samþ. með 15 atkv.).

7. grein.

13. *Nefndin*: að í upphafi annars atriðis í grein þessari, fyrir »tons», verði sett: »enskum lestum». (Samþ. með 3. tölul.).
14. Frumvarpsins 7. grein með áorðinni breytingu eða óbreytt.

8. grein frumvarpsins óbreytt.
9. grein frumvarpsins óbreytt.
10. grein frumvarpsins óbreytt.
11. grein frumvarpsins óbreytt.
12. grein frumvarpsins óbreytt.
13. grein frumvarpsins óbreytt.

(7.—13. grein samþ. með 15. atkv.).

14. grein.

15. *Nefndin*: að upphaf 14. greinar sè þannig orðað: »þegar búið er einu sinni að mæla», o. s. frv. (Samþ. án atkv.).
16. Frumvarpsins 14. grein.

15. grein frumvarpsins óbreytt.
16. grein frumvarpsins óbreytt.

(14.—16. grein samþ. með 14 atkv.).

17. grein.

17. *Nefndin*: að í stað orðanna »úr ríkissjóðnum» í síðara atriði greinarinnar verði sett: »úr opinberum sjóði». (Samþ. með 10 atkv. gegn 5).
18. Frumvarpsins 17. grein óbreytt eða með breytingu. (Samþ. með 14 atkv. gegn 1).

18. grein.

19. *Nefndin:* að í staðinn fyrir þessi orð í upphafi greinarinnar: »Auk mótunargjalds ... fyrir mælinguna» verði sett: »Fyrir mælingarnar skal borgað í sjóð þann, er landstekjurnar renna inn í». (Samþ. með 17 atkv.).
20. *Sama*: að í staðinn fyrir »hverjum ton» verði sett: »hverri enskri lest». (Samþ. sem orðabreyting).
21. Frumvarpsins 18. grein með áorðnum breytingum eða óbreytt. (Samþ. með 15 atkv.).

19. grein frumvarpsins óbreytt. (Samþ. með 15 atkv.).
20. grein frumvarpsins óbreytt. (Samþ. með 15 atkv.).

21. grein.

22. *Nefndin*: að í staðinn fyrir »50 rd.» verði sett: »25 rd.». (Samþ. með 18 atkv.).

23. Frumvarpsins 21. grein með áorðinni breyting eða óbreytt.

22. grein.

24. *Nefndin:* að í staðinn fyrir »50 rd.» verði sett: »25 rd.».

25. Frumvarpsins 22. grein með áorðinni breytingu eða óbreytt.

23. grein.

26. *Nefndin*: að í staðinn fyrir »10 rd.» verði sett: »5 rd.». (21—23. grein samþ. við 22 tölul.).

27. *Sama*: að í staðinn fyrir »hvern ton« verði sett: »hverja enska lest». (Samþ. við 3. tölul.).

28. Frumvarpsins 23. grein með áorðnum breytingum eða óbreytt. (Samþ. með 18 atkv.).

24. grein.

29. *Nefndin:* að í staðinn fyrir »20 rd.» verði sett: »10 rd.»

30. Frumvarpsins 24. grein með áorðinni breyting eða óbreytt. (29. og 30. tölul. samþ. við 22 tölul.).

25. grein.

31. *Nefndin*: að seinasti liður greinarinnar verði orðaður svo: »Fèsektirnar renna í sama sjóð og landstekjurnar». (Samþ. með 18 atkv.)

32. Frumvarpsins 25. grein með breytingu eða óbreytt. (Samþ. með 16 atkv.).

26. grein.

33. *Nefndin*: að í stað orðanna »1. apríl 1868» verði sett: »1. dag janúarmánaðar 1869». (Samþ. með 14 atkv.).

34. Frumvarpsins 26. grein með breytingu eða óbreytt. (Samþ. með 15 atkv.).

27. grein.

35. *Nefndin:* að í staðinn fyrir »tveir tons« verði sett: »tvær enskar lestir». (Samþ. við 3. tölul.).

36. Frumvarpsins 27. grein með breytingu eða óbreytt.
28. grein frumvarpsins óbreytt.
29. grein frumvarpsins óbreytt.
30. grein frumvarpsins óbreytt.
(27.—30. grein samþ. með 14 atkv.).

37. Fyrirsögnin. (Samþ. án atkvæðagreiðslu).

38. Frumvarpið allt í heild sinni, með áorðnum breytingum eða óbreytt. (Samþ. með 13 atkv. gegn 7).

ATKVÆÐASKRÁ

í málinu um fiskiveiðar útlendra við strendur Íslands. (Sbr. bls. 218, 359).

1. *Ólafur Sigurðsson*: að fyrir orðin »fiskiveiðanna hèr við land» í niðurlagi 1. uppástungu nefndarinnar (tölul. 2.) verði sett: »vorum, og sèr í lagi að hún reyni að fá hina síðar nefndu til að senda hingað herskip á hverju sumri, er hafi eptirlit með athæfi brezkra sjómanna við strendur landsins«. (Samþ. með 15 atkv. gegn 6).
2. *Nefndin* (1. uppástunga):
   að Hans Hátign mætti þóknast, að bjóða stjórn sinni að halda áfram samningatilraunum sínum við stjórnina á Frakklandi og Bretlandi um fiskiveiðar þeirra hèr við land, á þann hátt, er hún sèr oss hentugast eptir málavöxtum og sèrstökum kringumstæðum fiskiveiðanna hèr við land. (Samþ. með 18 atkv.).
3. *Sveinn Nielsson*: að 2. uppástunga nefndarinnar (tölul. 5) verði þannig orðuð:
   »Hvað sèr í lagi Faxaflóa og Breiðaflóa snertir, að stjórnin reyni í samningum sínum við Frakka og Breta, að fara því á flot, að fiskiskip þeirra fari eigi til fiskiveiða inn á Faxaflóa, fyrr en um vertíðarlok 12. maí, og eigi inn á Breiðafjörð fyrr en 24. júní, ef hún» . . . . . o. s. frv. (Fellt með 10 atkv. gegn 9).
4. *Sami* (vara-uppástunga): að sömu takmörk um fiskiveiðatímann tèðra þjóða verði á Breiðafirði og Faxaflóa. (Samþ. með 18 atkv.).
5. *Nefndin* (2. uppástunga):
   Hvað sèr í lagi Faxaflóa snertir, að stjórnin reyni í samningum sínum við Frakka og Breta, að fara því á flot, að fiskiskip þeirra fari eigi til fiskiveiða inn á Faxaflóa, fyrr en um vertíðarlok (12. maí), ef hún fær eigi stjórn þessara landa til að samþykkja þau veiði-takmörk í Faxaflóa, er

liggja fyrir utan vanaleg fiskimið landsmanna. (Samþ. í einu hljóði með 21 atkv.).

6. Hvort þingið vill senda konungi bænarskrá um þau atriði, sem samþykkt eru. (Samþ. í einu hljóði með 21 atkv.).

ATKVÆÐASKRÁ

í málinu um konunglegt frumvarp til laga um, að taka íslenzk skip upp á skipaskrá. (Sbr. bls. 194).

---

1. grein.

1. *Jón Pètursson*: að 1. grein verði þannig orðuð: »Sèrhvert skip hefir rètt að hafa danskt flagg, sè eigandi þess búsettur á Íslandi. Sè skipið eign hlutafèlags, skal fèlagið vera undir íslenzkum lögum, stjórn þess hafa aðsetur sitt í landinu, og þeir fèlagsmenn, sem eigi eru búsettir á Íslandi, hafa rètt innfæddra danskra manna, og ekki hafa bólfestu fyrir utan lönd Danaveldis». (Samþ. með 10 atkv. gegn 8).
2. *Nefndin*: að í staðinn fyrir »innborinna« verði sett: »innfæddra«.
3. Frumvarpsins 1. grein með breytingu eða óbreytt. (2.—3. tölul. fallið við 1.

2. grein.

4. *Nefndin*: að í stað orðanna í þriðja atriði greinarinnar: »skilríki þau . . . tollheimtu«, verði sett: »skilríki þau um skipshafnir og um afgreiðslu skipa, sem boðið er að skip skuli hafa«. (Samþ. með 17. atkv.).
5. *Jón Pètursson*: að í stað orðanna í fjórða atriði greinarinnar: »skulu þau sett á skrá sèr» komi: »skulu þau þeirra, er mæld eru, sett á skrá sèr» o. s. frv. (Fellt með nafnak. með 13 atkv. gegn 9).
6. *Nefndin*: að þessari klausu verði bætt aptan við greinina: »og sem á að vera rautt flagg með hvítum krossi, og engin sýling upp í það, og skal, þegar breidd flaggsins við stöngina er lögð til grundvallar fyrir hlutfallinu, hvíti krossinn vera $^1/_7$ af breidd flaggsins við stöngina, tveir aptari rauðu ferhyrningarnir vera jafnhliða ferhyrningar, og rauðu ferhyrningarnir

hinir fremri vera $^6/_4$ af hinum aptari». (Fellt með 9. atkv. gegn 9).

7. Frumvarpsins 2. grein með áorðnum breytingum eða óbreytt. (Samþ. með 17 atkv.).

3. grein.

8. *Eiríkur Kúld*: að fyrir stafina »D. E.» (þ. e. dönsk eign), hvar sem það kemur fyrir í frumvarpinu, verði sett: »I. E.» (þ. e. »íslenzk eign)«. (Samþ. með nafnakalli með 12 atkv. gegn 10).

9. Frumvarpsins 2. grein með breytingu eða óbreytt. (Samþ. með nafnakalli með 15 atkv. gegn 3).

4. grein.

10. *Halldór Kr. Friðriksson*: að síðari kafli greinarinnar: »Á aðalskrá . . . o. s. frv. . . . þeirri skrifstofu», orðist þannig: Öll skip, sem skrásett eru á Íslandi, skulu tekin upp á aðalskrá stiptamtmanns, og skal stiptamtmaður gefa út öll þjóðernis- og skrásetningar-skýrteini, þau sem um er rætt í 2. grein«. (Samþ. með nafnakalli með 16. atkv. gegn 6).

11. *Nefndin*:
að síðari kafli 4. greinar verði þannig orðaður: »Frá skrásetningarskrifstofunni í Kaupmannahöfn, sem einnig tekur upp á aðalskrá sína skip þau, sem skrásett eru á Íslandi, verða þjóðernis- og skrásetningar-skýrteini þau, sem um er rætt í 2. grein, út gefin. (Fallið við 10. tölulið).

12. Frumvarpsins 4. grein með breytingu eða óbreytt. (Samþ. með 19 atkv.).

5. grein.

13. *Nefndin:*
að upphaf 5. greinar verði þannig orðað: »á hverjum þessara staða skulu skipin í því héraði sett á skrá og tala við hvert skip«. (Samþ. með 15 atkv.).

14. *Jón Pétursson*: að síðari hluti annars kaflans: »Ekki má rita . . . . en á Íslandi», falli burt. (Fellt með nafnakalli með 13 atkv. gegn 8).

15. Frumvarpsins 5. grein breytt eða óbreytt. (Samþ. með 17 atkv.).

16. Frumvarpsins 6. grein óbreytt. (Samþ. með 16 atkv.).

7. grein.

17. *Nefndin*: að í 7. grein nr. 4 verði í staðinn fyrir »heimild» sett »heimildarbréfi«. (Samþ. sem orðabreyting.).

18. *Sama:*
að í 3. kafla 7. greinar í staðinn fyrir »aðalsetu» verði sett: »aðalaðsetur». (Samþ. sem orðabreyting).

19. Frumvarpsins 7. grein breytt eða óbreytt. (Samþ. með 19 atkv.).

8. grein.

20. *Nefndin*:
að í 8. grein sè sleppt úr orðunum: »staðsett og». (Samþ. með 10 atkv. gegn 4).

21. Frumvarpsins 8. grein breytt eða óbreytt. (Samþ. með 17 atkv.).

9. grein.

22. *Nefndin*.
að niðurlag fyrsta kafla greinarinnar verði þannig orðað: «þá til skrifstofunnar í umdæmi því sem skipið er í». (Samþ. með 14 atkv.).

23. *Sama*:
að í 1. tölulið í sömu grein verði í staðinn fyrir: »að skipið sè komið úr eign útlends manns í eign dansks manns«, sett: »að skipið sè hætt að vera útlend eign, og orðið dönsk (íslenzk) eign». (Samþ. með 14. atkv. gegn 1).

24. *Jón Pèturrsson*: að orðin í 2. tölulið: »fyrir því að eiga danskt skip», falli burt. (Fellt með nafnak. með 12 atkv. gegn 10).

25. *Nefndin:*
Að í 2. tölulið sömu greinar og í næstsíðasta kafla greinarinnar í staðinn fyrir orðin: «að eiga danskt skip», verði sett á þeim þremur stöðum, þar sem orð þessi koma fyrir: «að hafa danskt flagg». (Samþ. með 16 atkv. gegn 1).

26. *Sama*:
Að í niðurlagi sama töluliðar í sömu grein (9. gr.) í staðinn fyrir: »og dönsku skipi«, verði sett: »og dönsk skip hafa». (Samþ. með 12 atkv. gegn 1).

27. Frumvarpsins 9. grein breytt eða óbreytt. (Samþ. með 19. atkv.).

10. grein.

28. *Halldór Kr. Friðriksson* að 10. grein orðist þannig: «Þá er búið er að rita á hlutaðeigandi skrásetningarstofu það, sem með þarf um skrásetninguna og um mælinguna á skjal, sem um það er gjört, skal senda skjalið með fylgiskjölum til stiptamtmannsins; skal hann yfirskoða mælinguna og rannsaka skilríki þau, sem honum hafa send verið; ef honum þykir þörf, má hann krefjast þess, að skipið sè mælt um og heimta

nákvæmari og fullsannaðar skýringar. Þá er öll skilríki eru fengin, svo stiptamtmanni þyki nægjanlegt, skal hann taka skipið upp í aðalskrána; síðan gefur hann út þjóðernis-skýrteini samkvæmt sýnishorni, er stjórnin semur, og sendir skrásetningarstofunni, til þess að hún skili því til skipsins, og skal skrásetningarstofan um leið sjá um, að markað sé á skipið þjóðernis-markið, rúmmálið og skrásetningarstafir þeir, sem stiptamtmaður tekur til«. (Samþ. með 18 atkv. gegn 2).

29. *Nefndin*:
Að í 10. greinar 4. og 11. línu sé í staðinn fyrir »stiptamtmannsins« og »stiptamtmaður» sett: »amtmanns» og «amtmaður».

30. *Sama*:
Að í sömu grein í staðinn fyrir »hlutaðeiganda stjórnarráði« sé sett: »stjórninni».

31. *Sama*:
Að í niðurlagi 10. greinar í staðinn fyrir »skal skipið sett» komi: »er skipið sett».

32. *Sama*: að í staðinn fyrir orðið «formála» (10. gr. línu 7) verði sett: »sýnishorni«.

33. Frumvarpsins 10. grein breytt eða óbreytt. (29.—33. tölul. fallið við 28.

11. grein.

34. *Halldór Kr. Friðriksson*: að fyrri málsgreinin: »Þegar skrásetningin . . . . skýrteini úti«, verði felld burtu. (Samþ. með 15 atkv. gegn 5.

35. *Nefndin:* að í staðinn fyrir orðin: »formála þeim« verði sett: »sýnishorni því».

36. *Sama:* að í niðurlagi 1. kafla (11. greinar) verði í staðinn fyrir: »stiptamtmanni», sett: »amtmanni«. (35.—36. tölul. fallnir við 34).

37. *Sama:*
Að í síðara kafla sömu greinar í staðinn fyrir: »sem þjóðernis- og skrásetningar-skýrteinið afhendir«, verði sett: »sem hefir afhent þjóðernis- og skrásetningar-skýrteinið«. (Samþ. sem orðabreyting).

38. Frumvarpsins 11. grein breytt eða óbreytt. (Samþ. með 19 atkv.).

12. grein.

39. *Nefndin:*
Að í 1. kafla 12. greinar í staðinn fyrir orðin : »hvort sem *hann* er borgaralegt yfirvald« verði sett: »hvort sem *það* er borgaralegt yfirvald». (Samþ. sem orðabreyting.).

40. *Sama*:
Að í öðrum kafla sömu greinar í staðinn fyrir »stiptamtmanninum» verði sett: »amtmanni». (Samþ. með 14 atkv. gegn 1).

41. Frumvarpsins 12. gr. breytt eður óbreytt. (Samþ. með 17 atkv.).

13. grein.

42. *Nefndin*:
Að í fyrsta kafla greinarinnar í staðinn fyrir »danskt skrásetningarumdæmi« verði sett: »danskt eður íslenzkt skrásetningarumdæmi». (Samþ. með 16 atkv.).

43. *Sama*:
Að í niðurlagi annars kafla sömu greinar í staðinn fyrir: »hlutaðeiganda stjórnarráðs» verði sett: »stjórnarinnar«. (Samþ. með 17 atkv.).

44. *Sama*:
Að í tveim síðustu köflum sömu greinar í staðinn fyrir »danska höfn» verði sett: »danska eður íslenzka höfn». (Samþ. með 18 atkv.).

45. Frumvarpsins 13. grein breytt eða óbreytt. (Samþ. með 19 atkv.).

14. grein.

46. *Nefndin*:
að í niðurlagi fyrsta kafla greinarinnar í staðinn fyrir »eða hins veginn» verði sett: »eður dökku letri með ljósleitum undirlit«. (Samþ. með 16 atkv.).

47. Frumvarpsins 14. grein breytt eða óbreytt. (Samþ. með 17 atkv.).

15. grein.

48. *Nefndin*:
Að 3. kafli 15. greinar verði þannig orðaður: »Í öllum þeim tilfellum, er nýtt skýrteini er gefið út, án þess að skipið um leið sè mælt á ný, þarf beiðandinn enga borgun að greiða». (Samþ. í einu hljóði með 21 atkv.).

49. *Sama:*
Að í niðurlagi 15. greinar í staðinn fyrir: »láta uppi vottorð» verði sett: »gefa skýrslu« (Samþ. sem orðabreyting).

50. Frumvarpsins 15. gr. breytt eða óbreytt. (Samþ. með 19 atkv.).

16. grein.

51. *Nefndin*:
Að í síðasta kafla 16. greinar í staðinn fyrir »hlutaðeigandi stjórnarráði» verði sett »stjórninni». (Samþ. við 43. tölul.).

52. Frumvarpsins 16. grein, breytt eða óbreytt. (Samþ. með 16 atkv.).

17. grein.

53. *Jón Pètursson*: að í staðinn fyrir orðin í upphafi greinarinnar: »Þegar manni . . . . . danskt flagg» verði sett: »Nú er skip selt og missir við það rètt að hafa danskt flagg, og á sá». (Samþ. með 13 atkv. gegn 4).

54. *Nefndin*: að niðurlagsorðunum í 17. grein verði þannig breytt: »verður dæmt erlendis óhaffært». (Samþ. með 13 atkv. gegn 2).

55. Frumvarpsins 17. grein breytt eða óbreytt. (Samþ. með15 atkv.).

18. grein.

56. *H. Kr. Friðriksson*: að orðunum í síðustu málsgrein: »til þess hann komi henni . . . . . Kaupmannahöfn» verði sleppt. (Samþ. með 15. atkv.).

57. Frumvarpsins 18. grein breytt eða óbreytt. (Samþ. með 14 atkv.).

58. Frumvarpsins 19. grein óbreytt. (Samþ. með 16 atkv.)

20. grein.

59. *Halldór Kr. Friðriksson*: að í síðari málsgrein í stað orðanna: »aðalskrásetningarstofunni í Kaupmannahöfn» verði sett: »stiptamtmanni«. (Samþ. án atkvæðagreiðslu).

60. *Nefndin*:
Að í staðinn fyrir síðasta orðið í 20.grein: »gjört», verði sett: »látið í tè». (Samþ. sem orðabreyting).

61. Frumvarpsins 20. grein breytt eða óbreytt. (Samþ. með 17 atkv.).

21. grein.

62. *Jón Pètursson:* að orðið »íslenzkt« falli burt. (Tekið aptur af uppástungumanni).

63. *Nefndin*: Að í staðinn fyrir »passa» verði sett: »leiðarbrèf». (Samþ. sem orðabreyting).

64. Frumvarpsins 21. grein breytt eða óbreytt. (Samþ. með 17 atkv.).

22. grein.

65. *Nefndin*: að í staðinn fyrir »2 rd.« verði sett »1 rd.«. (Samþ. með 17 atkv.).

66. *Sama*: að í staðinn fyrir »hvern ton», verði sett: »hverja enska lest». (Samþ. sem orðabreyting).

67. Frumvarpsins 22. grein breytt eða óbreytt. (Samþ. með 18 atkv.).

23. grein.

68. *Nefndin*:
að í staðinn fyrir «5 rd.» verði sett «2 rd». (Samþ. með 19 atkv.).

69. *Sama*:
að í staðinn fyrir «hvern ton» verði sett: «hverja enska lest». (Samþ. sem orðabreyting).

70. Frumvarpsins 23. grein breytt eða óbreytt. (Samþ. með 18 atkv.).

24. grein.

71. *Nefndin*:
að í staðinnn fyrir 50 rd». komi «25 rd». (Samþ. með 18 atkv.).

72. *Sama:*
að í staðinn fyrir «hvern ton» verði sett «hverja enska lest». (Samþ. sem orðabreyting).

73. Frumvarpsins 24. grein breytt eða óbreytt. (Samþ. með 17 atkv.).

25. grein.

74. *Nefndin*: að í staðinn fyrir »2 rd.« komi »1 rd.« (Samþ. með 19 atkv.).

75. *Sama*: að í staðinn fyrir »hverjum ton« verði sett: »hverri enskri lest«. (Samþ. sem orðabreyting).

76. Frumvarpsins 25. grein breytt eða óbreytt. (Samþ. með 18 atkv.).

26. grein.

77. *Nefndin*: að í staðinn fyrir »dæmt« verði sett: »úrskurðað«. (Samþ. sem orðabreyting).

78. *Sama:* að í staðinn fyrir: »20 rd.« verði sett: »10 rd.« (Samþ. með 17 atkv.).

79. Frumvarpsins 26. grein breytt eða óbreytt. (Samþ. með 16 atkv.).

27. grein.

80. *Nefndin:* að í niðurlagi greinarinnar eptir orðin »stjórn fèlagsins« verði bætt inn í: »á sama hátt«. (Samþ. sem orðabreyting).

81. Frumvarpsins 27. grein breytt eða óbreytt. (Samþ. með 18 atkv.).

28. grein.

82. *Nefndin*: að í stað niðurlagsins: »Fèsektirnar renna í ríkissjóðinn» verði sett: »Fèsektirnar renna inn í hinn sama sjóð, og landstekjurnar». (Samþ. í einu hljóði með 21 atkv.)

83. Frumvarpsins 28. grein breytt eða óbreytt. (Samþ. með 18 atkv.).

84. Frumvarpsins 29. grein óbreytt. (Samþ. með 18 atkv.).

30. grein.

85. *Nefndin:* að í staðinn fyrir »1. aprílmán. 1868« verði sett: »1. janúarmán. 1869«. (Samþ. með 16 atkv.).

86. Frumvarpsins 30. grein breytt eða óbreytt. (Samþ. með 17 atkv.).

87. Frumvarpsins 31. grein, óbreytt. (Samþ. með 14 atkv.).

88. Sýnishorns töflurnar, með þeim breytingum, sem leiða af breytingum þingsins á frumvarpinu. (Ekki leitað atkvæða um).

89. Fyrirsögn frumvarpsins. (Samþ. án atkvæðagreiðslu).

90. Frumvarpið allt í heild sinni. (Samþ. með 16 atkv. gegn 2).

BÆNARSKRÁ

til konungs um, að komið verði á þegar á næstkomandi vori, reglulegum gufuskipsferðum kringum Ísland. (Sbr. bls. 294).

Til alþingis hafa í þetta skipti komið tvær bænarskrár um gufuskipaferðir kringum Ísland, önnur frá Norður-Þingeyjarsýslu, en hin frá Ísafjarðarsýslu. Báðar þessar bænarskrár ítreka þá beiðni landsmanna, að alþingi enn þegnsamlegast flytji bænir landsmanna í þessu máli fram fyrir yðar konunglegu Hátign, og taka fram, hvílíkt velferðarmál þetta er fyrir allt landið. Það er kunnugt, að land þetta er hart og hrjóstugt yfirferðar, og veðuráttan opt stirð, svo að stundum má svo kalla, sem ófært sè að ferðast hèr um land fjórðunga í millum, um mikinn hluta ársins, eins og líka er eðlilegt, þar sem fjöll og firnindi liggja um allt miðbik landsins, en vetrarríki svo mikið, að það gjörir öll fjöll ófær að vetrum til, og stundum langt fram á sumar. Af landslagi þessu leiðir aptur, eins og bænarskrárnar taka fram, að byggð öll liggur strandlengis með sjó fram, og í dölum þeim, er ganga upp frá útsæ eða fjörðum, svo að landsmönnum er þannig eðlilega bent á, að á þessu landi hljóti sjóvegurinn að vera aðalþjóðvegurinn. Þar eð nú þessi eðlilega leiðin er ekki notuð, benda bænarskrárnar á, að samtakaleysi og einþykknisleg fastheldni við ýmsa óheppilega háttsemi, deyfð og doði í öllum fyrirtækjum og störfum, viðskiptum og verzlun, sè afleiðingin af þessu ástandi, og einkum

verði þetta, svo að segja, óbærilegt fyrir útkjálka landsins, sem sèu svo afskekktir. Beiðendur álíta betra en ekki, þó gufuskip færi einungis stöku ferðir hafna í milli, og stinga upp á, að skipið fari að eins fám sinnum kringum land að sumrinu, en komi heldur sem víðast við. Sèr í lagi fara beiðendur í Norður-Þingeyjarsýslu fram á, að skipið komi einnig við á smáhöfnunum á útkjálkunum.

Þingið áleit þetta mál nú svo mikið nauðsynjamál, að því virtist ekki annað hlýða, en að ítreka bæn sína til yðar Hátignar og beiðast þess þegnsamlegast, að þessar gufuskipsferðir gæti komizt á þegar að vori. Þingið þykist og með því meiri von, og vissu um allramildilegustu bænheyrslu, geta endurnýjað og hljóta að endurnýja þessa bæn sína, sem því virðist það augljósara, að gufuskipaferðir kringum landið eigi einungis muni lífga samgöngur og viðskipti meðal landsmanna, heldur og einnig sèr í lagi verða til mikilla nota fyrir landstjórnina í öllum greinum, og hennar viðskipti og áhrif á ástand og framför landsins, og þetta er einmitt hvað allra mest áríðandi, meðan svo stendur á, sem nú er. En til þess, að þetta fyrirtæki gæti fengið sem hagkvæmlegast fyrirkomulag, og þar með að líkindum sem bezt borgað sig, virtist þinginu nauðsynlegt, að beiðast þess, að jafnframt og gufuskipsferðirnar byrja verði almenningi birt reglugjörð um það, á hverjar hafnir landsins gufuskipið komi. Þetta virðist þinginu alveg nauðsynlegt, bæði fyrir þá, sem skipsins eiga að njóta og þá sem gjöra það út, til þess það verði að fullum notum. Alþingi er ekki ókunnugt, að kostnaðurinn hefur hingað til verið mikill tálmi í framkvæmd þessa máls, og yðar Hátign hefir í allrahæstri auglýsingu til þingsins 31. maí þ. á. boðað, að ekki verði gjörðar frekari ráðstafanir í þessu máli, meðan ekki sè útkljáð um fjárhagsstöðu Íslands framvegis. En það er yðar Hátign fullkunnugt, allramildasti konungur, að hvorki hafa Íslendingar nè alþingi skapað þá fjárhagsstöðu eða það fjárhagsfyrirkomulag, sem hefir verið og er millum Danmerkur og Íslands, heldur er það leifar af allgömlu og óheppilegu fyrirkomulagi á allri stjórn þessa lands, og það mundi vera allt of gagnstætt þeirri rèttvísi og sanngirni, sem alþing treystir á, að yðar Hátign muni í öllum efnum sýna oss, eins og öðrum samþegnum vorum, ef að yðar Hátign vildi láta afleiðingar þessa óheppilega ástands, sem er landi voru öldungis ósjálfrátt, koma fram eins og hegning á því einungis, eða láta

stjórn yðra eins og segja sig lausa frá öllum skyldum nauðsynjamálum þessa lands, sem hafa nokkurn kostnað í för með sèr, einungis vegna þess, að ekki geti orðið útkljáð um fjárhagsstöðu Íslands á vissan hátt, eða á vissum tíma. Alþing getur því ekki annað en treyst á það, að yðar Hátign muni líta mildilega, réttvíslega og landsföðurlega á þessa nauðsyn lands vors, og láta ekki þetta nauðsynjamál sitja á hakanum eða bíða eptir þessum væntanlegu breytingum á fjárhagsstöðu Íslands, þó þær, einhverra orsaka vegna, kynni að dragast. Þess vegna hefir alþing fundið sig knúð til, eptir sem á stendur, að beiðast þess, að sá kostnaður, sem gufuskipsferðirnar mundu hafa í för með sèr, greiðist fyrst um sinn, og þangað til fjárhagur Íslands og Danmerkur er aðskilinn, úr ríkissjóði. Alþingi getur ekki annað en álitið, að þessi uppástunga hafi góða og gilda ástæðu ekki einungis í þeim almennu landstjórnarlegu notum, sem áður eru sýnd, heldur og einnig í því, að það leiðir af ástandinu sem er, að ábati sá, sem gufuskipsferðir þessar gæfi af sèr, mundi mestmegnis renna til Danmerkur, sem hefir enn næstum eingöngu verzlun hèr á landi, mundu því danskir menn verða fyrstir til þess að takast þetta fyrirtæki á hendur, og að líkindum ekki sèr til skaða, heldur til nokkurs ágóða. Alþingið hefur því ályktað (með 22 atkvæði) að rita yðar konunglegu Hátign bænarskrá um þetta efni, og leyfir sèr hèr með allraþegnsamlegast að bera fram þá bæn:

1. Að yðar Hátign allramildilegast vilji skipa svo fyrir, að komið verði á, þegar á næstkomandi vori, reglulegum gufuskipsferðum kringum Ísland, (með 25 atkvæðum gegn 1), og sè almenningi jafnframt birt reglugjörð um það, á hverjar hafnir landsins gufuskipið komi (með 13 atkvæðum gegn 8).
2. Að kostnaðurinn til þessara gufuskipsferða verði fyrst um sinn, og þangað til fjárhagur Íslands af Danmerkur er aðskilinn, greiddur úr ríkissjóði (með 16 atkvæðum gegn 6).

Reykjavík, 10. ágúst 1867.

Allraþegnsamlegast.

Jón Sigurðsson. Sveinn Skúlason.

BÆNARSKRÁ

til konungs um að samin verði og lögð fyrir næsta alþing frumvörp til tveggja lagaboða. (Sbr. bls. 336).

Fulltrúi Yðar Konunglegu Hátignar lagði nú fram á alþingi ýms lagaboð, 31 að tölu, er út hafa komið fyrir Danmörku, síðan í hitt hið fyrra, og óskaði, að þingið að gætti, hvort nokkurt þeirra mundi verða lögleitt hèr.

Þingið kaus 3 manna nefnd til að íhuga mál þetta, og ræddi það síðan á lögskipaðan hátt. Kaus þingið sèr þá úr þessu safni tvö lagaboð, sem eru: 1, lög 24. marz 1865 um eptirmyndun ljósmynda og 2, lög um, að eptirrit megi veita af embættismanna álitsskjölum um beiðni og klaganir manna, 2. febrúar 1866. Að lagaboð komi út fyrir Ísland líks efnis og þessi tvö, áleit þingið vel henta, því bæði eru ljósmyndir nú farnar að tíðkast hèr á landi, og er því þörf á, að sjá eignarrètti hlutaðeigenda borgið í þessu efni; og eins er engu minni nauðsyn á því hèr á landi, sem er svo fjarlægt stjórninni, en í Danmörku, að hlutaðeigendur fái að vita, hvernig embættismenn gefa álit sitt um bænir þeirra og umkvartanir.

Þingið leyfir sèr því þegnsamlega að beiðast þess (með 13 atkvæðum):

> «Að Yðar Hátign allramildilegast vildi skipa svo fyrir, að lögð verði fyrir næsta þing frumvörp til áþekkra tilskipana og áminnzt tvö lagaþóð eru:
>
> 1. Lög 24 marz. 1865 um eptirmyndun ljósmynda.
> 2. Lög 2. febrúar 1866, um að eptirrit megi veita af embættismanna álitsskjölum um beiðni og klaganir manna.
>
> Alþingi 1. ágúst 1867.
>
> Allraþegnsamlegast.
>
> *Jón Sigurðsson, Jón Pètursson.*

BÆNARSKRÁ

til konungs um að boðið verði að birta á prenti árlegar skýrslur og reikninga yfir gjald til þjóðveganna. (Sbr. bls. 326).

Til alþingis kom að þessu sinni uppástunga þriggja þingmanna, er beiddist þess, að alþingi ritaði Yðar konunglegu Hátign allraþegnsamlegustu bænarskrá um:

»Að amtmönnum landsins, sem yfirstjórnendum þjóðvegagjaldsins verði gjört að skyldu með sèrstakri ákvörðun, að auglýsa nákvæmlega á prenti alla reikninga yfir þjóðvegagjaldið, og hvernig því er varið í hverju amti«.

Þingið kaus þriggja manna nefnd til að íhuga málið og kveða upp fyrir fram álit sitt um það, ræddi það síðan á tveim aðalfundum, sem lög bjóða og leyfir sèr nú allraþegnsamlegast, að bera fram fyrir yðar konunglegu Hátign þegnsamlega bænarskrá um málið, byggða á þeim ástæðum, sem þingið nú skal leyfa sèr að taka fram.

Fyrst og fremst leyfir þingið sèr að geta þess, að þar sem hin nýja vegabótatilskipun frá 15. marz 1861 mun allvíða um land þykja hafa borið minni árangur, en menn hafa vænt sèr og óska, þá virðist því fremur áríðandi, að nema burt svo sem auðið er sèrhvað það, sem getur dregið úr framkvæmd þessa lagaboðs eða rýrt traust alþýðu á því, því það er auðsætt, að því meiri hylli, sem það öðlast hjá almenningi því öflugri og affarabetri munu framkvæmdir þess verða.

Nú er það ætlun þingsins, að það mundi eigi lítið efla framkvæmdir lagaboðsins og traust á því, ef alþýða gæti sem ljósast sèð ávöxtu þess, en eitt hið fyrsta stig til þess, að þetta gæti orðið, virðist þinginu það vera, að auglýstir væri á prenti árlega reikningar um vegabótagjaldið, er að minnsta kosti gætu sýnt, hversu mikið gjald þetta væri í hverju amti og í hverri sýslu landsins, og hvernig því gjaldi væri varið til endurbóta á þjóðvegunum.

Alþing hefir að vísu enga ástæðu til að efast um, að amtmennirnir, sem nú eru, mundu vera fúsir á að birta þessa reikninga fyrir alþýðu; en bæði er það, að þeir hafa ekki hingað til álitið þetta skyldu sína eptir konungsúrskurðinum 2. marz 1861, enda gæti svo farið, að þetta yrði síðar öðruvísi, svo að það yrði

annaðhvort ekki gjört, eða það yrði stundum gjört en stundum ekki, af því það væri ekki ákveðið sem embættisskylda. Það er þess vegna, að þingið álítur nauðsynlegt, að það verði skipað með konunglegu boði.

Þegar þingið því næst virðir fyrir sèr tímabilið, sem liðið er síðan áminnzt vegabótatilskipun náði gildi hèr á landi, þá virðist því einnig æskilegt, og ætlar, að það muni hafa enn betri verkun á vegabótamálið, að auglýstir væri á sama hátt þjóðvegagjaldsreikningarnir fyrir undanfarin ár, síðan lagaboðið kom út, sem föng eru til samkvæmt tilskipunarinnar 17., 28., 29. grein.

Þinginu virðist enn fremur eigi óþarft, að taka fram, að prentunarkostnaður þessara reikninga skuli takast af vegabótagjaldinu.

Eins og þingið álítur, að konungleg fyrirskipun um þetta efni mundi efla áhuga landsmanna á vegabótamálinu og koma því til leiðar, að alþýða leggðist á eitt með embættismönnum sínum til að koma því í sem bezt horf; þannig væri og hèr með uppfyllt sú sanngjarna ósk manna, að þeir sæi, hvernig gjaldinu hefði verið varið, og á hvern hátt það hefði komið hlutaðeigandi hèruðum að notum.

Að síðustu leyfir þingið sèr, að geta þess, að þar eð vegabótamálin eru sameiginleg fyrir hvert amt, virðist rèttast, að *amtmenn* en ekki sýslumenn auglýsi hina framantöldu reikninga vegasjóðanna, hver fyrir sitt amt, jafnvel þó það sè sýslumennirnir, sem eptir 17. grein vegabótatilskipunarinnar eiga að semja reikninga um þjóðvegagjaldið.

Af framangreindum ástæðum leyfir þingið sèr allraþegnsamlegast (með 14 atkvæðum gegn 6) að biðja, að yðar konunglega Hátign allramildilegast vilji skipa svo fyrir:

> Að amtmönnunum á Íslandi verði boðið að birta á prenti á kostnað vegabótasjóðanna árlega reikninga yfir hið lögskipaða gjald til þjóðveganna í hverju amti, svo að þessir reikningar sýni upphæð gjaldsins og hvernig því hafi verið varið í hverri sýslu (samþ. með 17 atkv. gegn 3); en hin fyrsta skýrsla verði á líkan hátt samin fyrir hvert ár, síðan vegabótatilskipunin varð að lögum, eptir því sem föng eru til (samþ. með 11 atkv. gegn 10).

Alþingi 10. ágúst 1867.

Allraþegnsamlegast.

Jón Sigurðsson. Sighvatur Árnason.

til konungs um, konunglegt frumvarp til opins brèfs handa Íslandi um það, hvernig borga eigi kostnað þann, er rís af flutningi þurfamanna.

Fulltrúi Yðar konunglegu Hátignar hefir borið undir álit alþingis frumvarp til opins brèfs handa Íslandi um það, hvernig borga eigi kostnað þann, er rís af flutningi á þurfamönnum. Þingið kaus 5 manna nefnd til að íhuga mál þetta, ræddi það síðan á 2 aðalfundum á lögskipaðan hátt og leyfir sèr nú að kveða upp þegnlegt álit sitt um það á þessa leið. Þingið getur eigi annað en fallizt á grundvallarreglu þá, sem frumvarpið byggist á, sem sè, að kostnaðurinn við flutning þurfamanna innan sýslu jafnist á alla sýsluna í stað þess, að hver hreppur á nú eptir 8. gr. fátækra reglugjörðarinnar 8. jan. 1834 að annast um flutning fátækra manna til næsta hrepps án endurgjalds, því byrði þessi getur orðið þeim hreppum opt tilfinnanleg, sem liggja við alfaravegi eða sem alfaravegir liggja um, og hvar flutningar því iðulega koma fyrir, einkum þegar þeir hafa yfir heiðar eða fjöll að flytja, þar sem aptur á móti slíkir flutningar koma mjög sjaldan fyrir í öðrum hreppum, er liggja fjærri þjóðvegum.

Að vísu er það svo, að ómagaframfærslan á samkvæmt lögum þeim, er nú gilda, ekkert skylt við sýsluskiptinguna; en eins og flutningur þurfamanna *eptir hlutarins eðli* eigi heldur getur talizt skylda hinna einstöku hreppa einungis af því að leið liggur um þá, fremur en hver önnur byrði, er af framfærslu þurfamannsins leiðir, þannig virðist og, að þar eð byrði þessi ekki er látin koma einungis niður á þeim hreppnum, er framfærsla þurfamannsins hvílir á að lögum, og álaga þessi verður því að skoðast sem sameiginleg byrði hreppanna, eða þannig, að hver lètti undir annars byrði, þá beri einkum að líta á það, að byrðin komi sem jafnast niður; en betri eða hagkvæmari jöfnuður í þessu efni verður þingið að álíta að ekki geti fengizt, á annan hátt en með því að jafna gjaldinu á sýslurnar. Að jafna því á ömtin, eða stærra umdæmi en sýslurnar, mundi valda ofmiklum vafningi og fyrirhöfn í samanburði við hið litla gjald, sem hèr er um að ræða, enda hefir bænarskráin til alþingis 1865 um þetta efni einungis bundið sig við sýslurnar.

En jafnvel þó þingið fallist á grundvallarreglu þá sem frumvarpið byggist á, verður það þó að leyfa sèr að ráða til breytingar á tveimur atriðum þess:

1. Þar sem ákveðið er í 1. grein, að kostnaðinum, er gengið hefir til flutningsins í sýslunni, skuli jafnað niður á hreppana eptir efnahag þeirra og öðrum ástæðum, og.
2. Þar sem ákveðið er í 2. grein að sè þurfamaðurinn fluttur sýslna á milli, eða um fleiri sýslur, skuli kostnaðinum skipt jafnt niður á þær.

Því, hvað fyrra atriðið snertir, leyfir þingið sèr að taka það fram, að eigi er unnt fyrir sýslumenn, sem þar að auki opt og tíðum eru nýkomnir til sýslnanna og að öllu ókunnugir, að þekkja svo ástæður hvers einstaks hrepps í samanburði við annan, að þeir geti með nokkurri vissu ákveðið jöfnuð milli hreppanna, sem byggður er einungis á álítum; hinar venjulegu embættisskýrslur hreppstjóranna á ári hverju gefa engar upplýsingar um þetta efni, því þær sýna einungis útsvarajöfnuðinn innbyrðis í hverjum hrepp fyrir sig, en eigi neinn jöfnuð hreppa á millum, með því fátækra útsvör í hverjum hreppi, hvort hann er fátækur eða ríkur, fara eingöngu eptir ómagafjölda þeim, er á *honum* hvílir, en sýnir ekkert hlutfall milli hreppanna. Þegar því sýslumenn yrðu að gjöra jöfnuðinn hreppa á milli einungis eptir álítum, mundi af því leiða sífellda óánægju og kærur til amtmanna. Að vísu álitu nokkrir þingmenn að óhætt mundi að fela sýslumönnum starfa þenna á hendur, samkvæmt frumvarpinu, þar eð gjöra mætti ráð fyrir, að þeir væru svo kunnugir efnahag sýslubúa sinna; en bæði gat meiri hluti þingsins ekki annað en verið fastur á skoðun þeirri, sem áður er tekin fram, og líka er niðurjöfnunaraðferð sú, er hèr ræðir um, áður óþekkt hèr á landi, þar sem reglugjörðin 8. jan. 1834, í 10. og 11. gr., er helzt lúta í þessa átt, hefir þó ákveðið fastan stofn fyrir niðurjöfnun fátækra útsvara — eins og stjórnin einnig hefir áður tekið fram í ástæðunum fyrir frumvarpi hennar til alþingis 1859 um vegina á Íslandi. — Þingið varð því að álíta óhagfellt, að jöfnuður þessi hreppa á milli yrði byggður á annari reglu en nú tíðkast hèr á landi um nokkra aðra skattaálögu, og áleit nauðsynlegt að sýslumenn hefðu eptir fastri reglu að ganga, og þá einmitt þeirri, sem nú er fylgt í flestum sýslum, þegar jafnað er niður á milli hreppanna gjaldinu til heyrnar- og málleysingja skólans í Kaupmannahöfn, en það er eptir lausafjár-

tíundinni í hverjum hrepp; gjaldstofn þessi sýnir að vísu eigi fullkomlega efnahag hinna einstöku hreppa, en menn verða þó að álíta, að hann sè hið vissasta og einfaldasta, sem hægt er að miða við, þegar ákveða skal hlutfallið milli hreppanna, því að miða það einnig við jarðatíundina, mundi valda ósanngirni, með því í sumum hreppum eru margir jarðeigendur en fáir í öðrum; en það er sjálfsagt, að þeim hluta, er kemur á hvern hrepp, er aptur jafnað niður á hina einstöku menn á sama hátt og fátækra- útsvarinu. Hið eina, sem helzt kynni að verða fundið að reglu þessari er það, að sumir sjáfarhreppar kunna að komast léttara af, sökum þess að í þeim er opt lítil lausafjártíund, en bæði eru sjáfarhreppárnir opt fátækir, og líka er nú í ráði að auka önnur gjöld á þeim; virðist þess vegna því síður ástæða til, að breyta út af reglu þeirri, sem þingið annars áleit nauðsynlegt, að höfð væri, og það þegar hèr er um svo lítið gjald að ræða.

Hinn síðari hluti 1. greinar virtist þinginu, að ætti að vera óbreyttur, bæði þar sem ákveðið er, að leita megi úrskurðar amtmanns, ef hreppnum kynni að þykja rèttur sinn fyrir borð borinn í einhverju því, er að niðurjöfnuninni lýtur, eða því, hvað mikið kemur á hvern hrepp, og líka þar sem ákveðið er, hvern þátt kaupstaðirnir eigi að taka í flutningskostnaðinum, þar eð það verður eigi ákveðið eptir sömu reglu um hreppana eða sýslurnar, með því að í kaupstöðunum er um litla sem enga lausafjártíund að ræða; en rèttindum þeirra virðist borgið með því, að bæði verði leitað álits bæjarstjórnarinnar um málið, og að amtmaður ákveði síðan hlutfallið milli þeirra og sýslnanna. Að vísu virtist sumum þingmönnum, að kaupstaðirnir, sem lögsagnarumdæmi, ættu að bera sinn kostnað sèr, á sama hátt og sýslurnar, en meiri hluti þingsins varð þó á því, að halda frumvarpinu í því efni óbreyttu.

Hvað þar næst snertir hitt atriðið, þar sem ákveðið er í 2. gr. frumvarpsins um flutning sýslna á milli eða um fleiri sýslur, og að hver sýsla, sem flutt er um, skuli borga jafn-mikið, þá varð þingið að álíta, að það gæti eigi samþýðzt aðalreglu þeirri, sem sett er í fyrstu grein, og þingið hefir aðhyllzt, það er að segja þeirri reglu, að hver sýsla borgaði, sem fèlag, flutningskostnaðinn sem áður hefir hvílt á hinum einstöku hreppum í henni, því væri reglu þeirri fylgt, sem ákveðin er í 2. grein frumvarpsins, mundi af því leiða, að sýsla sú, sem ekki þarf að flytja þurfamann nema um mjög lítinn hluta innan sinna takmarka, yrði að endurborga

annari sýslu, sem þurfamaðurinn er fluttur um, nokkuð af flutningskostnaðinum í henni, án þess þó að þurfamaðurinn kæmi henni fremur við en hinni. Með þessu yrðu og sumar sýslur, sem fátækraflutningar að eins snerta, af því alfaravegir liggja um einhvern hluta þeirra, fyrir of þungri byrði í samanburði við hinar sýslurnar, þingið álítur því, að þessari grein verði að breyta þessu samkvæmt, eða þannig, að hver sýsla borgi kostnað þann, er leiðir af flutningi þurfamannsins í sýslunni, að því leyti flutningsskylda hennar nær eptir nú gildandi lögum.

Að lyktum leyfir þingið sèr að stinga upp á að tímatakmarkið í 3. grein verði sett »1. júlí 1868«.

Af framantèðum ástæðum leyfir þingið sèr allraþegnsamlegast með (19 atkvæðum gegn 6), að ráða til að ofangreint frumvarp til opins brèfs handa Íslandi, um það hvernig borga eigi kostnað þann, er rís af flutningi þurfamanna, verði gjört að lögum með þessum breytingum:

1. að fyrir orðin í 1. grein »eptir efnahag þeirra og öðrum ástæðum« komi »eptir tölu tíundarbærra lausafjárhundraða hvers hrepps« (með 13 atkvæðum gegn 12).
2. að 2. grein verði þannig orðuð: »Nú er þurfamaður fluttur sýslna á milli eða um fleiri sýslur, og skal kostnaðinum jafnað niður á þær, hverja fyrir sig, sem fyrir er mælt í 1. grein (með 19 atkv. gegn 3).
3. Að sett verði inn í 3. grein »1. júlí 1868« (með 17 atkv. gegn 3).

Alþingi 10. ágúst 1867.

Allraþegnsamlegast.

Jón Sigurðsson. Páll J. Vídalín.

SÍÐARI HLUTI

nefndarálitsins í fjárkláðamálinu. (Sbr. bls. 295).

Nefndinni, er hið heiðraða þing setti til að athuga fjárkláðamálið, voru fengnar í hendur samtals 4 bænarskrár, auk þeirra er áður eru taldar, tvær frá Skagfirðingum, önnur með 35, en hin með 123 nöfnum, ein frá Eyfirðingum með 75 nöfnum, og ein

frá sýslufundi Húnvetninga. Auk þeirra kemur til greina síðara atriðið í uppástungu þingmanns Mýramanna, og uppástunga frá þingmanni Rangæinga, er byggð var á bænarská til hans frá kjósendum með 158 nöfnum. Allar bænarskrár þessar og uppástungur fara fram á sem bráðasta útrýming fjárkláðans. Bænarskrá Eyfirðinga, sú bænarskrá Skagfirðinga, er fleiri nöfn eru undir, og bænarskrá Húnvetninga fara því fram, að lögskipaður verði niðurskurður þegar í haust á hinu kláðasjúka fè á Suðurlandi gegn sanngjörnu endurgjaldi af öllum fjáreigendum hèr á landi, og er þess beiðzt í bænarskrá Eyfirðinga og Skagfirðinga, að alþingi semji og sendi konungi vorum lagafrumvarp um þetta efni. Flestar bænarskrárnar stefna því samhuga að því, að alþingi semji lagafrumvarp um niðurskurð á öllu kláðasjúku fè og grunuðu á suðurlandi gegn sanngjörnu endurgjaldi af öllu sauðfè á landinu, og verði mál þetta svo fljótt afgreitt, að lögin geti komið út þegar í haust. Nefndin hefir athugað þetta mál rækilega, og er nú álit hennar á þessa leið.

Hinn sunnlenzki fjárkláði hefir nú geysað hèr á suðurlandi í samfleytt 12 ár. Hèr getur eigi verið umtalsmál að rekja allan söguferil kláðans, eður lýsa hlutdeild stjórnarinnar í kláðamálinu á eina hönd og á hina hluttekning þings og þjóðar, með því að það yrði oflangt mál, og er þar að auki svo alkunnugt, að eigi er þörf á að lýsa því hèr nákvæmlega.

En á hinn bóginn gjörir stefna og innihald hinna áminnztu bænarskráa það óumflýjanlegt fyrir nefndina, að drepa lítið eitt á hinn óhappasæla ágreining, sem hefir verið milli stjórnarinnar og alþingis og Íslendinga um það, hver *meðöl* væru hentust til að útrýma fjárkláðanum, sem aptur hefir staðið í sambandi við öldungis gagnstæða skoðun á landsháttum Íslands, og skaðsemi kláðans fyrir landbúnað vorn.

Tíðindi hins heiðraða þings, um allt hið sorglega tímabil kláðans eru þess órækur vottur, að mannval og fulltrúar Íslendinga, hafa frá því fyrsta haft óbifanlega sannfæringu um það, að niðurskurður á veiku og grunuðu fè, að minnsta kosti *jafnhliða* lækningum væri hið eina meðalið, sem fljótt og óhult gæti útrýmt kláðanum eptir landsháttum vorum og búnaðarástandi.

Blöðin hafa og haldið stöðugt hinu sama fram, og í þriðja lagi er það ómótmælanlegur sögulegur sannleiki, að ef litið er á það svæði allt, sem kláðinn hefir geysað yfir, þá hefir niðurskurðurinn víðast hvar eingöngu, en alstaðar jafnframt lækningunum verið

viðhafður, enda hefir hann hvívetna vel blessazt, og aldrei orðið kláðavart í þeim hèruðum síðan, er hreinsuð hafa verið með niðurskurði.

Nefndin hlýtur nú af þessum ástæðum, og með tilliti til þeirrar niðurstöðu, sem hún hlýtur að komast að í þessu máli, sem eins og *svo margsinnis hefir verið tekið fram*, fyrst og fremst er eingöngu komið undir hinu sèrstaklega ásigkomulagi og ástandi landsins, í annan stað fremur öllum öðrum málum snertir atvinnu og lífsbjörg Íslendinga, og í þriðja lagi þess vegna er þess eðlis, að Íslendingar sjálfir hefðu átt og ættu að hafa í því fullt atkvæði fremur öllum öðrum málum, svo framarlega sem það má ætla, að þeir þekki *ástand* sitt og *þarfir* og sèu þess umkomnir, að bægja frá sèr með löglegum ráðum og tillögum örbyrgð og volæði, sem vissulega hefir flotið og mun fljóta af kláðanum meir og minna meðan hann er ekki *gjörsamlega* upprættur; vèr segjum að nefndin af öllum þessum ástæðum, hlýtur að halda því fastlega fram og lýsa því hátíðlega yfir, að niðurskurðurinn og niðurskurðartilraunirnar hafi alls ekki átt rót sína í »æsingum», heldur sèu sprottnar af djúpri sannfæringu þjóðarinnar og sönnum þörfum hennar og ástandi.

Þegar nú nefndin á hinn bóginn lítur á kláðalögin 5. jan. 1866, þá er það einnig alkunnugt af tíðindum hins heiðraða þings, að það síðan 1861 fet fyrir fet hefir hopað fyrir þeirri svo sterklega framfylgdu skoðun stjórnarinnar, að það væru lækningarnar *einar*, sem við hafa bæri gegn kláðasýkinni, unz það loksins í hitt eð fyrra að vísu fjellizt á frumvarp til nýnefndra laga, en þó *alls ekki í þeim* skilningi, sem lögunum hefir verið síðan breitt, þar sem það var eindreginn vilji og álit þingsins að almennum vörðum og sóttvörnum gegn *útbreiðslu kláðans til hinna heilbrigðu hèraða,* svo lengi sem hann eigi væri *algjörlega* læknaður, væri uppihaldið, hvar á móti það engan veginn gat verið meining eður vilji þingsins, að gefa upp þá vörn móti útbreiðslu kláðans um allt land, sem frá því fyrsta hefir verið eigi viðhöfð síður af hinu *opinbera*, en landsmönnum sjálfum. En að þetta sè þó gjört í lagaboðinu eptir áliti hins opinbera liggur nú ljóst fyrir þinginu af svari stiptamtmannsins og amtmannsins í Vesturumdæminu, dagsett 19. f. m.

Í annan stað vita og allir, að yfirgripsmikill almennur niðurskurður á sjúku og grunuðu fè hefir fram farið síðan lögin komu út, og tæpu hálfu ári eptir að þau voru þinglesin, einmitt á því

svæði, þar sem niðurskurður hafði áður aldrei almennt fram farið, og það á því svæði, sem strangt aðhald hins opinbera með kláðalækningunum bæði óneitanlega átti sèr stað, og þar sem því einnig óneitanlega verður hægast viðkomið á gjörvöllu Íslandi.

Af þessu tvennu, sem nú var ávikið, sèst það berlega, að þessi lög eru jöfnum höndum ónóg til að hamla útbreiðslu kláðans út yfir það svæði, sem hann er á, og til að uppræta hann bæði fljótt og vel innan þessara takmarka jafnvel með hinu strangasta aðhaldi og eptirliti hins opinbera. Vèr segjum, að vèr ætlum það þannig — þó ekkert tillit væri haft til óska og þarfa Íslendinga sjálfra — hreina og beina *ofætlun fyrir valdstjórn landsins* að ná aðaltilgangi laganna, *tryggingu fyrir útbreiðslu fjárkláðans og bráðri og gjörsamlegri útrýming hans* með þessum lögum eingöngu.

Þegar nú nefndin hefir þetta fyrir augum sèr í sambandi við ástand kláðans, sem nú er, og hún á hinn bóginn lítur á þær almennu óskir, sem liggja fyrir í hinum ofangreindu bænarskrám, þá getur hún að vísu ekki ráðið hinu heiðraða þingi til að taka þær bókstaflega til greina, því lagaboð það, sem þær stefna að, gæti á engan hátt samrýmzt lögum þeim, sem að ofan eru tilgreind, og ekki er gjörlegt að breyta framar en nauðsyn krefur; en nefndin verður þar á móti að stinga upp á frumvarpi til viðaukatilskipunar við tilskip. 5. jan. 1866, er að eins bætir úr þeim ávöntunum, sem stutt reynsla hefir, eins og að ofan er á vikið sýnt og sannað, að á þeim sèu, eigi þau að ná tilgangi sínum án grundvallarbreytinga, og leyfir nefndin sèr samhuga að ráða þinginu til að fallast á þetta frumvarp, sem hèr með fylgir ásamt ástæðum.

Að síðustu leyfir nefndin sèr að geta þess, að þegar þingið er nú búið að heyra tillögur og undirtektir stiptamtmanns og amtmanns Vestfirðinga undir bæn þingsins um hluttekning þeirra í kostnaði Botnsvogavarðarins, finnst henni full ástæða til að ráða þinginu til, að snúa sèr til Hans Hátignar konungsins í þessu efni.

Af framanskrifuðum ástæðum leyfir nefndin sèr að ráða hinu heiðraða þingi til að bera þá bæn fram fyrir konung vorn:

1. »Að Hans Hátign allramildilegast vildi veita meðfylgjandi frumvarpi lagagildi sem allra fyrst».
2. »Að stjórn Hans Hátignar annist um, að kostnaður Borgfirðinga til Botnsvogavarðarins nú í sumar verði þeim endurgold-

inn úr jafnaðarsjóði Suðurumdæmisins, og kostnaður Mýramanna til sama varðar úr jafnaðarsjóði Vesturamtsins».

Alþingi 8. ágúst. 1867.

Benidikt Sveinsson, form. og framsögum. *Arnljótur Ólafsson,* skrifari. *Páll Vídalín.*

Magnús Jónsson, Sighvatur Árnason, Jón Sigurðsson, Hjálmur Pèturssson.

FRUMVARP

til viðauka tilskipun við tilskipun 5. jan. 1866 um fjárkláða og önnur næm fjárveikindi á Íslandi.

1. gr.

Nú þykir eigi hent eður fulltryggjandi að halda uppi sóttvörnum og lækningum samkvæmt fyrirmælum tilskipunar 5. jan. 1866 á kostnað þeirra, er eiga hið sjúka og grunaða fè, og hefir þá amtmaður vald til að láta lóga hinu sjúka og grunaða fè, hvort heldur er hjá einstökum mönnum eður á stærra svæði.

2. gr.

Þegar fè skal lóga, sem nú er sagt, skal sýslumaður eptir ráðstöfum amtmanns bjóða hreppstjórum og aðstoðarmönnum þeirra í hverjum hrepp að virða það fè, áður en skorið er. Fè skal virða, sem heilbrigt væri, eptir almennu gangverði á þeim tíma árs, og á þeim stað, en virðing fer fram. Frá þessu verði hverrar kindar skal dregið það sem hún leggur sig. Verðmun þann, er svo kemur fram, á lóguðu fè og lifandi skal eigendum bæta.

3. gr.

Virðingarmenn senda sýslumanni skýrslur sínar og hann amtmanni síðan. Upphæð bótafjársins eptir næstu grein á undan skal jafna niður á alla fjáreigendur í landinu og heimta saman á þann hátt, sem fyrir segir í 3. grein tilskipunar 5. jan. 1866. Sama er og um borgun til virðingarmanna.

4. gr.

Nú reynist lógun hins sjúka og grunaða fjár, eiga einhlít til að útrýma sýkinni, svo fljótt, að eigi sè hætt við útbreiðslu hennar, og skulu þá amtmenn, eptir samkomulagi, ákveða almenna verði, og gjöra þær almennu ráðstafanir, sem nauðsynlega þykja til að girða fyrir útbreiðslu sýkinnar og uppræta hana. Kostnaði þeim, sem rís af þessum almennu sóttvörnum og ráðstöfunum

skal jafnað á allt landið þannig, að annar helmingur hans falli á jafnaðarsjóðina, sinn þriðjungur á hvern, en hinn helmingur á fjáreigendur samkvæmt 3. gr.

5. gr.

Með brot gegn fyrirskipunum þeim, sem leiða af lögum þessum, hvort sem er um lógun fjár, hreinsun fjárhúsa eður annað skal farið, sem segir í 7 og 8 gr. í tilskip. 5. jan. 1866.

ÁSTÆÐUR.

Við 1. grein.

Nefndin skoðar, eins og bent er á í nefndarálitinu sjálfu, samband þessa frumvarps við tilskipun 5. janúar 1866 þannig, að það sè einungis *viðauki* við hana, og það að eins í einstökum og sèrstökum tilfellum. Nefndin hafði það einkum fyrir augum, að engin ákvörðun finnst í tilskipuninni um það, hvað til bragðs skuli taka, ef lækningarnar eigi reynast einhlítar til að útrýma fjárkláðanum annaðhvort á einstaka stað, eður stærra svæði, að minnsta kosti svo skjótt og vel, sem brýn nauðsyn og almennings heill kann að heimta, eins er engin næg trygging fyrir því, eptir þeim skilningi, er þeir herra stiptamtmaður og amtmaður Vestfirðinga, leggja í 4. sbr. 6. grein tilskipunarinnar, að sýkin geti eigi, enda hvert sumar, breiðzt aptur og aptur víðsvegar út um landið, en þetta atriði getur gjört lækningarnar jafnvel *endalaust ónýtar,* því að sóttnæmið getur komið fyrir samgöngur í fleiri kindur, en nokkru sinni verða læknaðar á sama tíma. Nefndin hefir stungið upp á, að amtmanni einum skyldi gefið á vald að ákveða, hvar og hvenær skuli grípa til niðurskurðarins, og áleit nefndin þetta sjálfsagt bæði af því, að engar amtsnefndir eru til, og hún gat eigi álitið neina nauðsyn á, að stinga upp á nokkurri nefnd amtmönnum til ráðaneytis. Þó nefndin hafi sett orðið »amtmaður«, af því að kláðinn getur breiðzt út í hin umdæmin, og lög þessi eiga að gilda um fleira, en kláða þann, er nú er hèr, þá er þó auðvitað, að þetta orð táknar einkum stiptamtmann.

Við 2. grein.

Nefndin gat ekki fundið aðra reglu hentugri nè sanngjarnari heldur en þá, er hún hefir sett, til að meta skaðabæturnar eptir, Henni þótti eigi þörf á að taka það fram sèrstaklega, ef niðurskurður fer fram um hausttíma, að þá ætti eigandi engar skaðabætur fyrir það fè, er hann annars þarf að skera í bú sitt, því

hún ætlaði matsmönnum að kunna að meta þetta atvik svo sem hvert annað.

Við 3. grein.

Við þessa grein hefir nefndin enga athugasemd að gjöra.

Við 4. grein.

Nefndin skýrskotar til þess, er hún hefir sagt um verðina við 1. grein, en getur þess hèr að eins, að hún hefir sniðið undirbúning til varðanna, og fyrirskipanir þeirra eptir brèfi dómsmálastjórnarinnar 7. maí 1863. En þar sem nefndin hefir stungið upp á að leggja helming kostnaðarins á fjáreigendur, samkvæmt 3. gr., þá vonar hún, að þingið finni, að sú tilhögun sè hentugri og sanngjarnari, en sú er hingað til hefir verið höfð.

Við 5. grein.

Við þessa grein hefir nefndin ekkert að athuga.

BREYTINGARUPPÁSTUNGUR

Jóns Guðmundssonar við viðaukalagafrumvarp þingnefndarinnar í fjárkláðamálinu.

1. Þegar hinn sóttnæmi fjárkláði eður önnur næm fjárveikindi hafa haldizt uppi í einni sveit eður fleirum, hèr og hvar og víðsvegar á 3. missiri, en þeir hafa þreytt lækningarnar að árangurslausu og eigi gjörzt brotlegir í vítaverðum afbrigðum frá lækningalögunum og þar að lútandi fyrirskipunum yfirvaldsins, og bindast þeir því almennum samtökum um að lóga öllum þeim hinum sjúka og grunaða fènaði sínum til þess að uppræta sýkina, þá skulu fjáreigendurnir eiga rètt á hæfilegum skaðabótum úr opinberum sjóði.
2. Rètt til samkynja skaðabóta vinnur og sú sveit, hvort heldur er ein eður fleiri, er liggja á takmörkum sjúks eður grunaðs hèraðs, þegar í því hèraði er eigi upprætt sýkin með lækningum eður fyrir niðurskurð að haustinu, en nágrannasveitin, þótt heilbrigð væri þá um vorið, afræður haust-niðurskurðinn með almennum samtökum, annaðhvort af því, að sýkinnar verður þar vart eptir rèttirnar, eður sumar-samgöngurnar hljóta að gjöra fèð grunsamt, svo að opinn háski af frekari

útbreiðslu þykir af því búinn, bæði þar innsveitis og til hinna næstu heilbrigðu hèraða hinu megin. Rètturinn til skaðabótanna er bundinn því sjálfsagða skilyrði, að niðurskurðurinn sè almennt framkvæmdur í sveitinni, nema þegar svo stendur á sem segir í 6. gr.

3. Upphæð skaðabótanna fer eptir því, hve nær niðurskurðurinn gjörist; ef það er um haust fram til jóla, þá eru þær 3—4 mörk fyrir hverja kind á annan vetur og eldri, en 2 mörk fyrir lamb hvert; og að eins fyrir þær sauðkindurnar er búandi hefði ella sett á vetur; en til engra skaðabóta vinnur neinn með haustskurði fyrir jafnmargar kindur sem þær, er hann vanalega fargar til vetrarforða handa heimili sínu.

   Hver sá sveitarbúi, er flutti sig búferlum inn í sveitina á næsta vori á undan haustskurðinum, á rètt til hinna hærri skaðabóta, sem ákveðnar eru í þessari gr., þ. e. 16 sk. meira fyrir hverja kind fullorðna en aðrir ekki.

   En sè skorið niður á tímabilinu frá miðjum vetri til fardaga, þá skulu 2 rd. skaðabætur fyrir hverja á lembda, og fyrir hvern sauð 2 vetra og eldri, en 1 rd. fyrir gemling á fyrsta ári og ær lamblausar.

4. Niðurskurðarsamtökin skulu tilkynnt sýslumanni af hreppstjóra að minnsta kosti viku áður en niðurskurðurinn byrjar; en sýslumaður kveður nefnd manna á fjáreigenda kostnað, 2 utanhrepps en 1 innan hrepps til þess að taka nákvæmt fjártal, ef skurður er um miðjan vetur; en ef haustskurður er, til þess að gjöra mat á tölu þess fjár, er hver búandi þarf til vetrarforða. Að frádreginni fjártölunni til heimilisforða bera hverjum búanda skaðabætur fyrir jafnmargt fè haustskorið, eins og það var, er hann taldi fram til búnaðartaflnanna á næstliðnu hreppaskilaþingi.

5. Hinni samanlögðu skaðabóta-upphæð skal jafna niður á allt sauðfè í landinu eptir fjárframtalinu til búnaðartaflnanna næst á undan. Amtmaður sá, sem niðurskurðarsveitin liggur undir, deilir upphæðinni niður eptir fjárframtalinu í síðustu búnaðartöflu, og sendir hverjum hinna amtmannanna með röksamlegum skýrslum og reikningum, en amtmennirnir deila síðan niður á hverja sýslu, og heimta síðan gjaldið inn af fjáreigendum ásamt öðrum manntalsþingsgjöldum.

6. Nú kemur fjárkláði upp eður önnur sóttnæm fjárveiki eptir

miðjan vetur, á einum bæ, 2 eða mest 3 bæjum í heilbrigðu hèraði, og þó ugglaust um, að hún hafi ekki náð. að útbreiðast víðar þaðan, er fjáreigendur sjálfir og sveitarbúar allir verða ásáttir um, að affarabetra verði, að skera niður allt það fè þá þegar heldur en að þreyta lækningar, þá skal amtmaður skera úr því eptir atvikum og skýrslum frá hèraðsmönnum og lögreglustjóra.

Úrskurði amtmaður niðurskurðinn, þá bera þeim fjáreigendum, ef þeim er það ósjálfrátt með öllu, að sýkin er komin í fè þeirra, þriðjungi meiri skaðabætur heldur en þær sem ákveðnar eru í 3. gr., síðasta atr., og skal þeim skaðabótum jafna niður á alla fjáreigendur innan amts.

En úrskurði amtmaður að lækningar skuli reyna á þeim bæjum, í móti vilja og tillögum sveitarmanna og fjáreigenda sjálfra, þá skulu þær gjörast að öllu á opinberan kostnað, og eins hinn strangi aðskilnaður á því sjúka fè frá heilbrigðu.

7. Ef einn eður fleiri búendur, og þó eigi fleiri en $^1/_{12}$ allra búendanna á því svæði, sem samtök verða á um niðurskurð, hafa sig undan þeim samtökum, og hafa eigi alskorið fyrir jól, en geta þó eigi fært óræk rök fyrir því, að fè þeirra, sakir þess hvað þeir búa afskekkt frá öllum öðrum samtakamönnum, eður fyrir það, að þeir hafi haft fènað sinn í svo öruggri sjálfheldu eður annari vöktun, að eigi hafi getað komið saman við neitt af hinu grunaða fè sveitarmanna á meðan sýkin gekk þar yfir, en á þetta skulu þeir sjálfir færa lögfullar sönnur, ef þeir vilja vítalausir vera, þá skal valdstjórnin eptir úrsknrði fyrir lögregludómi framkvæma valdskurð á öllu þeirra fè, á sjálfra þeirra kostnað, og honum að vera lokið fyrir 7. janúarmán. næst á eptir. Dómsúrskurði þessum má áfrýja eptir á fyrir æðra dóm til fullra skaðabóta eptir mati, eður eptir 3. gr. í lagaboði þessu.

NEFNDARÁLIT

um minningarhátíð Íslands byggingar. (Sbr. bls. 305).

Eptir því sem þjóðirnar eldast og þjóðernistilfinning þeirra eykst, eptir því vaknar betur hjá þeim umhugsunin um uppruna

sinn, sögu sína og þjóðmenning, og þetta er eðlilegt og hlýtur svo að verða. Það er því engin furða, þó þess konar hafi langtum fjörugar og öflugar lýst sèr bæði í hugsunarhætti og bókmenntum okkar Íslendinga á þessari öld en á undanförnum öldum, eptir því sem smám saman hafa losazt, eða verið burt numin þau bönd, er áður hèldu oss um fleiri aldir í nokkurs konar svefnmóki. Og eptir því sem Íslendingar færast nær því takmarki, að verða sjálfir ráðandi um kjör sín og hag, er það eðlilegt, að þessar hugsanir fjölgi og fái meiri krapt, bæði í ræðum og ritum, hjá þingi og þjóð. Ein af þessum hugsunum er sú, að landsmenn komi sèr saman um, að halda almenna þjóðhátíð og reisa eitthvað minningarmark árið 1874 til endurminningar um landnám Íslands og hinn fyrsta ættföður vorn, er reisti hèr byggð á landi. Því árið 1874 eru 1000 ár liðin frá því, að Ísland tók að byggjast; svo þetta ár verður því þúsundasta afmælisár Íslendinga. Þessi hugsun hefir komið fram í tveimur vel rituðum blaðagreinum í hinu stærsta og mest útbreidda blaði voru Þjóðólfi, auk þess, sem hún hefir verið hugleidd og umrædd af ýmsum lærðum mönnum, og að síðustu kom uppástunga fram um þetta efni á hinu síðasta þingi 1865, en var þá felld, líklega af þeirri ástæðu, að þingið ekki þá hafði hugsað sèr málið og hvaða þýðingu það hefði í sèr fólgna. Ný uppástunga um þetta efni kom nú til þessa þings, og var nefnd sett í því með miklum atkvæðafjölda.

Vèr, sem hið heiðraða alþingi hefir kosið, til að athuga og segja álit vort um mál þetta, höfum nú íhugað það nákvæmlega með oss á fundum, og leyfum oss nú að skýra þinginu frá skoðun vorri á því.

Vèr getum þá í fyrsta lagi ekki annað en verið allir á eitt sáttir um það, að hèr er fögur og háleit hugsun fólgin í þessari uppástungu, þar sem hèr er að ræða um 1000 ára öld, er forsjónin hefir alið oss og annast hèr á voru fagra og svipmikla, en kalda og ófrjófa föðurlandi, að hèr er að ræða um þakkarhátíð til hennar fyrir handleiðslu hennar á oss gegnum blítt og strítt um öll þessi 10 hundruð ár, um endurminningarhátíð um það, að vèr enn höldum óskertu þjóðerni voru, máli og menning, ef til vill fremur en hver önnur þjóð Norðurálfunnar.

Vèr verðum því allir að álíta, að sú hugsun sè bæði fögur og vekjandi fyrir þjóðerni vort, að vèr Íslendingar gjörum eitthvað þjóðlegt og verulegt í minningu þessa viðburðar, og ætlum vèr þá,

að byrja fyrst á því, að ákveðinn yrði það ár einn eða fleiri dagar til almennrar guðsþjónustugjörðar og hátíðahalds um land allt, og ættu með því að fylgja almennar og fjölsóttar samkomur í hèruðum til minningar þessarar þjóðhátíðar: ætti á þeim mannfundum að ræða um þenna atburð, þjóðlíf vort og allan hag að fornu og nýju og fleira þess konar, er gjörði þessa endurminningu sem mest lifandi og varanlega hjá þeim, sem þá lifa og eptirkomendum vorum.

En af því slík þjóðhátíð á að vera endurminning um svo langan kafla af sögu vorri, má ekki þessi endurminningarhátíð vera svo gjörð, að um oss megi segja: «Á hverfandi hveli voru þeim hjörtu sköpuð», að sagt verði: Þeir höfðu ekki staðfestu í sèr til að minnast svo stórkostlegs viðburðar nema með einnar stundar unaði. Vèr verðum að álíta, að til þess að gjöra þessa endurminningu ekki einungis áhrifamikla og unaðsama þeim, er taka þátt í henni, verði hin íslenzka þjóð að koma fram í heild sinni og gjöra eitthvert það minningarmark þessa viðburðar, er geti sýnt eptirkomendum vorum og ókomnum öldum, að vèr hefðum þó verið komnir svo langt á vegi menntunarinnar, að vèr hefðum haft vilja til að láta það eptir oss liggja, er öldum saman gæti sýnt hvað vèr lögðum í þá endurminningu, að land vort hefði verið byggt í 1000 ár, og að vèr eptir þann tíma liðinn hèldum þó óskertri tungu vorri og þjóðerni.

Oss virðist nú að vísu, að margt það minningarmark mætti hugsa sèr, er vel svaraði þessum tilgangi, og gæti verið sómasamlegt fyrir land vort, en á tvennan hátt virðist oss að það ætti einkum að koma fram, bæði á andlegan og líkamlegan. Á andlegan hátt ætti það að koma fram í ræðum og ritum við þetta hátíðarhald og ætti það að vera með því móti, að hvert það skáldskaparrit, og hver sú söguleg lýsing, sem bezt og veglegast lýsti þýðingu þessa tímatakmarks fengi að verðlaunum t. a. m. 1000 rd. Á líkamlegan eða sýnilegan hátt ætlum vèr, að sómasamlegast og minnistæðast yrði fyrir þjóð vora, að reisa steinhús handa alþingi Íslendinga með mynd Ingólfs Arnarsonar, hins fyrsta landnámsmanns, þar ofan á standandi. Því bæði er það, að alþing var hin elzta og merkasta stofnun í fornsögu vorri, og er nú nýlega endurlifnað, byrningarsteinninn undir öllum þjóðrètti vorum og framfaravonum á hinum ókomna tíma. Vèr sameinum með þessu húsi, er ætti að heita Ingólfsbær, endurminninguna um hið forna,

nauðsyn og nytsemi núlegs tíma við vonina um, að þetta hús um langan aldur verði þeirri öld til sóma, er reisir það, og að niðjar vorir á síðari öldum virði oss fyrir, hve vel vèr skyldum tákn tímans.

Vèr sjáum það nú allir, að slíku fyrirtæki er ekki auðkomið í verk í voru fátæka landi, og að almennan áhuga þarf, og það um fleiri ára tímabil, til þess að leggja fram þá peninga, sem til þessa þarf. En á hinn bóginn erum vèr sannfærðir um, að hvorki þingið nè þjóðin muni láta það í vegi standa fyrir afskiptum af málinu, því þá mættu eptirkomendur vorir sannarlega liggja oss á hálsi. Á meðan vèr fáum ekki fullt fjárforræði virðist oss nú, að bezti vegurinn sè sá, að nefnd verði kosin í landinu sjálfu af hinum merkustu mönnum og að allir aðrir fylki sèr saman til að gangast fyrir samskotum í sjóð, til að framkvæma þetta fyrirtæki, og ætti alþingi að taka stöðugan þátt í því.

Vèr getum ekki hugsað oss betra ráð málinu til framkvæmdar en það, sem uppástungan til alþingis fer fram á, enda ætlum vèr, að ef áhugi landsmanna er og verður nógu fjörugur og vakandi, að nægilegt fè muni fást. Og vèr efumst ekki um, að bæði muni blöðin hèr á landi verða hinir öflugustu styrkendur þessa fyrirtækis, og líka að stjórnin muni hlaupa undir bagga seinna meir og aðstoða landsmenn í þessu, þegar hún sæi, hver alvara fylgdi máli. Eptir því sem nú á stendur eru líka allar líkur til, að stjórnarbótarmálið og fjárhagsmálið komist í kring, og þá gæti alþingi beinlínis stuðlað til þess, að útvega fè þetta. Vèr verðum því að ráða hinu heiðraða þingi til að taka þetta mál að sèr og styðja það af alefli.

Þær uppástungur, er vèr viljum ráða þinginu til að hvetja þjóðina til að aðsyllast í þessu máli eru þessar:

1. Að Íslendingar 1874 haldi almena þjóðhátíð í minning þess, að Ísland hefir þá byggt verið í 1000 ár þannig, að fyrst og fremst sè guðsþjónustugjörð haldin um land allt á tilteknum degi, og síðan almenn samkvæmi þar sem haldið sè á lopti minningu þessa viðburðar.
2. Að reist sè í Reykjavík til minningar um bygging Íslands hús af steini handa alþingi, og sè þar sett á mynd Ingólfs Arnarsonar hins fyrsta landnámsmanns hèr á landi.
3. Að þingið skori á stiptsyfirvöldin yfir Íslandi, og landfógetann, til að ganga í nefnd með tveimur alþingismönn-

um er þingið kýs úr sínum flokki, til að standa fyrir málefni þessu, veita viðtöku og ávaxta fè það, sem inn kæmi með almennum samskotum, og auglýsa um það árlega reikninga.

4. Að hver þingmaður taki að sèr, hver í sínu kjördæmi, að senda eyðublöð, er fyrrgreind nefnd ætti að gefa út, til sýslumanns, prófasts, presta og annara merkustu manna í kjördæminu, og skora á þá, að gangast fyrir almennum árlegum samskotum um land allt, og senda jafnóðum tillögin til nefndarinnar í Reykjavík.

Reykjavík 6. ágúst 1867.

Sveinn Skúlason. framsögumaður — *Pètur Pètursson.* formaður. — *Pètur Guðjónsson.*

ATKÆÐASKRÁ

í málinu um minningarhátíð Íslands byggingar. (Sbr. bls. 392).

---

1. *Halldór Kr. Friðriksson*: að síðari hluti fyrstu uppástungu nefndarinnar (í 2. tölulið) frá orðunum: «þannig, að o. s. frv. . . . þessa viðburðar» verði úr felldur. (Fellt með 21 atkv.).
2. *Nefndin* (1. uppástunga):
   »Að Íslendingar árið 1874 haldi almenna þjóðhátíð í minning þess, að Ísland hefir þá byggt verið í 1000 ár, þannig, að fyrst og fremst sè guðsþjónustugjörð haldin um land allt á tilteknum degi, og síðan almenn samkvæmi, þar sem haldið sè á lopti minningu þessa viðburðar«. (Samþ. í einu hljóði með 24 atkv. með nafnakalli).
3. *Jón Bjarnason*: að í stað annarar uppástungu nefndarinnar (tölulið 7) verði sett (sem síðasta grein):
   »Fè því, er þannig safnast saman, ákveður alþing Íslendinga, þegar tími þykir til kominn, hvernig verja skuli til verðugrar minningar um Íslands byggingu«. (Fellt með 13 atkv. gegn 8).
4. *Pètur Guðjónsson*: að í stað annarar uppástungu nefndarinnar (tölul. 7) verði sett:
   »Að sjóður verði stofnsettur af fríviljugum gjöfum lands-

manna til þess að framkvæma eitthvað nytsamlegt og gott fyrir landið, eptir uppástungu alþingis, þegar að því kemur, að sjóðurinn hefir efni til að gjöra eitthvað það, sem endurminningunni og landsmönnum er verðugt«. (Fellt með 14 atkv. gegn 7).

5. *Ólafur Sigurðsson*: uppástunga í staðinn fyrir 2. uppástungu nefndarinnar (tölul. 7):
   »Að stofnað verði hèr í Reykjavík til minningar um bygging Íslands búnaðarfèlag fyrir allt landið, sem hafi þann aðaltilgang að efla og útbreiða almenna þekkingu og framfarir í búnaðarháttum og bjargræðisvegum landsins». (Fellt með 17 atkv. gegn 3).
6. *Benedikt Sveinsson*: að í staðinn fyrir orðin í annari uppástungu nefndarinnar (tölul. 7): »að reist sè í Reykjavík . . . handa alþingi« verði sett: »Að reist sè til minningar um bygging Íslands alþingishús úr íslenzkum steini, og sè þar« o. s. frv. (Samþ. með 16 atkv. gegn 5).
7. *Nefndin* (2. uppástunga, með áorðinni breyting eða óbreytt): »Að reist sè í Reykjavík til minningar um bygging Íslands hús af steini handa alþingi, og sè þar sett á mynd Ingólfs Arnarsonar, hins fyrsta landnámamanns hèr á landi«. (Samþ. með nafnakalli með 17 atkv. gegn 7).
8. *Sighvatur Árnason*: viðauka-uppástunga við aðra uppástungu nefndarinnar (tölul. 7):
   »Skal þessu hvorutveggja svo hagað, sem alþingi á sínum tíma ákveður«. (Samþ. með 13 atkv. gegn 2).
9. *Jón Hjaltalín*: viðauka-atkvæði við 2. uppástungu nefndarinnar (tölul. 7):
   »Og sè í þessu húsi 15 til 20 íveruherbergi, ásamt bústað fyrir þann mann, er umsjón hafi með öllu húsinu, og herbergjum þeim er í því verða«. (Fallið).
10. *Halldór Kr. Friðriksson*: að orðunum: »og landfógetann« í 3. uppástungu nefndarinnar (tölul. 12) verði sleppt úr. (Fellt með 14 atkv.).
11. *Sami*: að orðunum: »tveimur alþingismönnum« í sömu grein (tölul. 12) verði breytt í: »þrem alþingismönnum«. (Fallið).
12. *Nefndin* (3. uppástunga):
    »Að þingið skori á stiptsyfirvöldin yfir Íslandi, og landfógetann, til að ganga í nefnd með tveimur alþingismönnum, er þingið

kýs úr sínum flokki, til að standa fyrir málefni þessu, veita viðtöku og ávaxta fè það, sem inn kæmi með almennum samskotum, og auglýsa um það árlega reikninga«. (Samþ. með 17 atkv.).

13. *Nefndin* (4. uppástunga):
»Að hver þingmaður taki að sèr, hver í sínu kjördæmi, að senda eyðublöð, er fyrrgreind nefnd ætti að gefa út, til sýslumanns, prófasts, presta og annara merkustu manna í kjördæminu, og skora á þá að gangast fyrir almennum árlegum samskotum um land allt og senda jafnóðum tillögin til nefndarinnar í Reykjavík«. (Samþ. með nafnakalli með 15 atkv. gegn 9).
14. Hvort alþingið vill hvetja þjóðina til að aðhyllast þær uppástungur, sem nú eru samþykktar. (Samþ. með nafnakalli með öllum atkvæðum).

BRÈF

Stiptamtmanns, byskups og landfógeta um þjóðhátíð í minning Íslands byggingar. (Sbr. bls. 396).

Í brèfi frá 10. þ. m. hafið þèr, herra alþingisforseti, skýrt oss frá, að til alþingis hafi að þessu sinni komið uppástunga frá þingmanni Norður-Þingeyarsýslu þess efnis, að alþingið styddi að því, að árið 1874 yrði hèr á landi haldin þjóðhátíð og eitthvert minningarmerki reist til endurminningar þess, að Ísland hefir þá verið byggt um 1000 ára tíma. Enn fremur hafið þèr getið þess, að við ályktarumræðu þessa máls hafi þingið í einu hljóði fallizt á að hvetja þjóðina til að aðhyllast eptirfylgjandi atriði:

1. Að Íslendingar árið 1874 haldi almenna þjóðhátíð í minning þess, að Ísland hafi þá byggt verið í 1000 ár, þannig, að fyrst og fremst sè guðsþjónustugjörð haldin um land allt á tilteknum degi og síðan almenn samkvæmi, þar sem haldið sè á lopti minningu þessa viðburðar.
2. Að reist sè til minningar um bygging Íslands alþingishús úr íslenzkum steini, og sè þar sett á mynd Ingólfs Arnarsonar, hins fyrsta landnámsmanns hèr á landi. Skal þessu hvorutveggja vera svo hagað, sem alþingi á sínum tíma ákveður.

3. Að þingið skori á stiptsyfirvöldin yfir Íslandi og landfógetann til að ganga í nefnd með tveimur alþingismönnum, er þingið kýs úr sínum flokki, til að standa fyrir málefni þessu, veita viðtöku og ávaxta fé það, sem inn kæmi með almennum samskotum og auglýsa um það árlega reikninga.
4. Að hver alþingismaður taki að sér, hver í sínu kjördæmi að senda eyðublöð, er fyrrgreind nefnd ætti að gefa út, til sýslumanns, prófasts, presta og annara merkustu manna í kjördæminu, og skora á þá að gangaast fyrir almennum árlegum samskotum um land allt, og senda jafnóðum tillögin til nefndarinnar í Reykjavík.

Að endingu hafið þér beint þeirri fyrirspurn til vor, hvort þingið megi gjöra sér von um, að vèr viljum verða við ósk þess í þessu efni og takast á hendur framkvæmd þess, og hafið þèr óskað, að fá svar vort sem fyrst, svo að þingið geti kosið þá tvo menn af sínum flokki, sem ráðgjört er að gangi í áður sagða nefnd.

Til þóknanlegs svars upp á fyrirspurn yðar, látum vèr ekki dragast að gefa yður til kynna, að vèr erum fúsir til eptir ósk alþingis að standa fyrir málefni þessu með þeim 2 alþingismönnum, er þingið kýs úr sínum flokki, veita viðtöku og ávaxta fé það, sem inn kæmi með almennum samskotum, og auglýsa um það árlega reikninga.

Íslands stiptamti og skrifstofu byskups og landfógeta, 12. ágúst 1867.

Hilmar Finsen. P. Pètursson. A. Torsteinson.

NEFNDARÁLIT

í málinu um laxveiði. (Sbr. bls. 255).

Hið heiðraða þing hefir kosið oss, er ritum nöfn vor hèr undir, í nefnd til að íhuga bænarskrá, er þinginu var send frá 147 bændum í Mýrasýslu, og að því lýtur, að lax megi verða friðaður fyrir óskynsamlegri og stjórnlausri veiði, svo að hann nái nægilega að timgast og þessi bjargræðisvegur sýslunnar ekki eyðileggist

Vèr höfum nú vandlega íhugað málefni þetta, og skulum skýra þinginu stuttlega frá áliti voru í því efni.

Allir þeir, er nokkuð þekkja til hèr á landi, vita að landið er fullt af ám og vötnum, er lax gengur í, og vèr höfum nægar sögur um það, að því nær hver á var í fyrndinni full uf laxi og silungi. En eins og þetta er víst, svo er það og óyggjandi, að sókum stjórnlausrar og óskynsamlegrar veiði, einkum nú á seinustu árunum, síðan útlendar þjóðir fóru að kaupa hèr lax, og borga hann dýrum dómum, hefir þessi bjargræðisstofn landsins mjög svo þverrað og er nú þegar, að kalla má, því nær gjörsamlega á förum. Þetta má og hverjum manni vera auðsætt, er að því gætir, að það eru margreynd sannindi, ekki að eins hèr á landi, heldur og í öðrum löndum að lax timgast að eins í fersku vatni, svo þegar laxinum er meinað að fara upp eptir ánum og hann állur er veiddur, bæði stór og smár, er í þær gengur, getur hann eigi lengur viðhaldist, og veiðin hlýtur smám saman að minnka, unz hún að lokunum með öllu þrýtur. Þannig fæst nú eigi ein branda á mörgum jörðum, er áður höfðu hin mestu hlunnindi af laxveiði.

Það liggur nú í augum uppi, hversu mikill bjargræðisvegur það hlyti að verða fyrir landið, mætti það takast, að fá laxinn aptur til að fjölga, og að hver á, svo að kalla, aptur gæti orðið full af laxi og silungi, sem fyrrum, en til þessa þarf auðsjáanlega, að friða laxinn fyrir óskynsamlegri og stjórnlausri veiði einstakra manna, eins og farið er fram á í bænarskránni. Það hefir og tekizt bæði í Noregi og á Englandi, þar sem því nær var eins komið og hjá oss, að öll laxveiði víða var orðin upprætt, að koma henni aptur upp með góðum og viturlegum lögum, löndum þessum til hins mesta gagns og ábata.

Hið opinbera, sem á að vaka yfir almennings heillum, hlýtur og að hafa rètt til þess, að setja þau lög, er meini hinum einstöku að nota svo eign sína, að aðrir þar við bíði tjón á eignum sínum, eður á þann hátt, að það standi almennings velferð fyrir þrifum, auk þess, sem efi virðist geta verið á því, hvort það sè nokkur sönn takmörkun á eignarrètti hins einstaka fyrir jörð sinni, að meina honum að gjöra hana verri fyrir eptirkomendurna.

Hin gildandi lög hèr á landi í þessu efni, Jónsbókar landsleigubálkur 56. kapítuli, viðurkennir og þessar grundvallarreglur; þar heitir að vísu: «Hver maður á vötn og veiðistöður fyrir sinni jörðu» o. s. frv., en svo stendur þar aptur skömmu síðar: «Enginn skal fyrir öðrum veiði spilla eður banna, þá er hann hefir, að fornu haft. Hver maður má giöra veiðivèl í sinni á og gjöra

þó svo, að fiskur megi fara upp að á hverri». «Ganga skal guðsgjöf til fjalls sem til fjöru, ef gengið vill hafa» o. s. frv.; og í Grágásar landabrigðaþætti, kap. 208 eru sömu grundvallarreglurnar, en nokkuð ýtarlegar teknar fram. Svo viturlegar sem nú þessar grundvallarreglur eru og með öllu réttar í sjálfu sèr, þá er það þó óneitanlegur galli á lögum þessum, 1. að í svo mikilvægu málefni, sem þetta er fyrir landið, er með þeim ekki hugsað um eptirkomendurna, eður sèð um, að veiðin megi viðhaldast fyrir þá; þannig er α, hinu opinbera ekki gjört að skyldu að sjá um, að enginn uppræti veiði í á sinni eður veiðivatni, heldur er það komið undir þeim, er fyrir ofan búa og fyrir skaðanum verða, hvort þeir vilja ákæra veiðina eður ekki; og ef maður á einn ána eður veiðina í henni svo enginn geti ákært, getur eigandinn að ósekju upprætt alla veiðina, til óbætanlegs tjóns fyrir eptirkomendurna. β., er ekkert bann lagt við það, að veiða ungviðið eður laxsíldina, svo þegar hver má taka hvern þann lax, er hann nær, bæði stóran og smáan, ef hann eigi við hefur neina ólöglega veiði-aðferð, má með þessu móti gjöreyða laxinum í mörgum veiðivötnum, þar ungviðið þá eigi náir að komast upp. 2, eru ákvarðanirnar í býsna almennum orðatiltækjum og væri víst betra, að þær væru nákvæmar útfærðar í lögunum sjálfum, einkum eptir vorum núverandi réttarfarsmáta.

Af þessum ástæðum, er vèr nú höfum tilgreint, álítum vèr nauðsýnlegt, að nýtt lagaboð kæmi út um meiri friðun á laxi, 'en verið hefir, og sem byggt yrði á áðurtèðum grundvallarreglum Jónsbókar og Grágásar og athugasemdum þeim, er vèr nú gjörðum við þær; höfum vèr gjört uppkast til slíks lagaboðs, er vèr látum hèr með fylgja, ásamt með stuttum ástæðum fyrir hverri grein að því leyti oss sýnist við þurfa. Vèr skulum og geta þess, að vèr höfum haft fyrir oss til hliðsjónar bæði lög Norðmanna um friðun á laxi frá 23. maí 1863 og 6. júní s. á., og eins laxveiðalögin á Englandi 1861, og höfum vèr byggt uppkastið mjög á lögum þessum og líka þekkingu sjálfra vor, bæði um laxgönguna hèr á landi og á öðru, er stendur þar í sambandi við.

Enn fremur skulum vèr geta þess, að í norsku lögunum eru ákvarðanir gefnar um það, ef þeir sem veiði eiga í einu vatnsfalli, gangi í veiðifèlag, og í ensku lögunum um sèrskilda eptirlitsmenn af hálfu hins opinbera og gæzlumenn laxveiða; eins er og í lögum hvorra tveggja stjórninni leyft, að þoka nokkuð til frá

lögunum í einstöku greinum; en vèr álítum, að engar slíkar ákvarðanir að svo stöddu ætti að taka upp í lög vor, eður fyrri en reynslan sýndi, að þær væri nauðsynlegar.

Að endingu verðum vèr að ráða þinginu til, að fallast á þetta frumvarp um friðun á laxi hèr á landi, og biðja konung vorn þegnsamlega, að hann allramildast láti það koma út sem lög.

Reykjavík, þann 7. ágúst 1867.

Hjálmur Pètursson, Jón Bjarnason. Ólafur Pálsson, Jón Pètursson.
formaður. skrifari. framsögumaður.

Jón Sigurðsson.
með skýrskotun til míns ágreinings atkvæðis.

Eg er samþykkur mínum heiðruðu meðnefndarmönnum í aðalskoðun þeirra á máli þessu, að nauðsynlegt sè að fá hèr innleiddar laga-ákvarðanir um takmörkun á laxveiði, svo að eigi sè heimilt — eins og verið hefir — að veiða lax að eigin vild, og á hvern þann hátt, sem bezt hefir þótt við eiga. En þegar nú nefndin hefir ráðizt í það vandaverk, að semja frumvarp til slíkra laga-ákvarðana, þá virðist mèr, að hún eigi að hafa það tvennt fyrir augnamið; fyrst að raska, sem minnst að verður, grundvelli hinnar eldri löggjafar; og í annan stað, að þröngva eigi um of rètti hins *einstaka* vegna *ímyndaðra hagsmuna* hins *opinbera eður almenna.* En að meðnefndarmenn mínir hafi gjört sig seka um þetta hvorttveggja, með þeirri ákvörðun í 7. grein nefndarfrumvarpsins, sem bindur laxveiðirèttinn að eins við $^1/_3$ hluta árinnar eður vatnsins, sem laxganga er í, skal eg nú leitast við að sýna.

Hvað hið fyrra atriðið snertir, þá er Jónsbókar landslb. 56. kapítuli hið eina gildandi lögmál hèr á landi um veiðar í ám og vötnum. Hvernig sem menn nú að öðru leyti skilja þenna 56. kapítula Jónsbókar, þá verður naumast lögð í hann önnur þýðing en sú, *að hver maður eigi alla veiði fyrir sínu landi í miðja á*; það tjáir sem sè ekki — eins og meðnefndarmenn mínir þó hafa gjört í ástæðum frumvarpsins — að slíta þessi orð Jónsbókar «Ganga skal guðs gjöf til fjalls» o. s. frv. úr því samanhengi sem þau eru í við ákvarðanirnar á undan, og leggja í þau aðra þýðingu, en þau vissulega hafa. Eg skal leyfa mèr að tilfæra þær málsgreinir 56. kapítula Jónsbókar, sem hèr að lúta; «En ef á eða bekkr rennr bæja á milli, ok eru fiskar í, þá eiga hálfa hvorir, ef þeir eiga svo jörð tveim megin til. Hver maðr má gera veiði-

vèl í sinni á, ok gera þó svo at fiskur megi fara upp at á hverri. Ganga skal guðs gjöf» o. s. frv. Þessu samkvæmur er 208. kapítuli Grágásar; og er auðsætt af þessum ákvörðunum hinna fornu laga, að hver maður á veiði fyrir sínu landi, og má nota hana fram í miðja á, á hvern þann hátt, sem hann vill; þvergarðar einir eru bannaðir í Jónsbók, það er að skilja þeir garðar, sem liggja um þvera á og banna fiskiför; og að því lúta þessi orð. «Þó svo at fiskar megi fara upp at á hverri». — Beri menn nú þetta saman við þau lög sem gilda erlendis, t. d. lög norðmanna 23. maí 1863 um friðun á laxi m. m., og lög Breta 6. ág. 1861 um laxveiðar, þá ber öllu svo vel saman; því eptir hvorumtveggjum þessum lögum er landeiganda og landráðanda heimilt að veiða lax út í miðja á, með þeim takmörkum, sem lögin setja þar um. Brezku lögin banna að þvergirða *lengra en í miðja á, nema því að eins* að opin göng sèu á þvergirðingunni, svo að fiskar megi ganga upp og ofan að á hverri. Af þessu sem nú var sagt, vona eg það verði ljóst, að meðnefndarmenn mínir vilja raska grundvallarreglum hinna fornu laga, þvert ofan í laga-ákvarðanir annara landa, sem nefndin þó hefir haft fyrir sèr til eptirsjónar.

Í annan stað skal eg leiða athygli þingsins að því, að hinar aðrar takmarkanir sem nefndin hefir stungið upp á, að gjörðar yrðu við laxveiðina, eru ekki einasta *fulltryggjandi,* heldur — ef til vill — *ofstrangar* eptir því sem tilhagar hèr á landi, og skal eg geta þeirra í hinni sömu röð og þær koma fyrir í frumvarpi nefndarinnar.

a, Í 1. gr. frumv. er bannað að veiða lax á allan hátt nema að eins um 3 mánuði ársins; eða frá 1. júní til 1. septemb. En í hinum ensku og norsku lögum, nær þetta bann miklu skemmra.

b, Í 3. gr. frumv. er enn fremur bannað að veiða lax þenna umgetna 3. mánaða tíma, 27 stundir í viku hverri, og er það einnig þrengra en í lögum Norðmanna.

c, Í 4. og 5. og 6. gr. frumv. er bannað að veiða eður deyða á nokkurn hátt lax, sem minni sè en 9 þuml. ummáls, og það á öllum tímum ársins, og hvernig sem að ástatt er.

Þegar nú allar þessar ákvarðanir eru lagðar saman, þá ætla eg það megi vera sèrhverjum ljóst, að nægileg trygging sè fengin fyrir því, að laxinn megi timgast og aukast margfaldlega í ánum hèr á landi, þó eigi sè bætt við þeirri ósanngjörnu, og lögum gagnstæðu ákvörðun nefndarinnar í 7. gr. frumvarpsins, að fráskilja

hverjum landeiganda nokkurn hluta árinnar, og gjöra hann að nokkurs konar almenningi fyrir lax. Með þvílíkri ákvörðun mundi og ávinnast það tvennt, að almenningi yrði næstum ámögulegt að nota laxveiði í þeim ám og árkvíslum sem væru örmjófar, og að viðburðir hvers einstaks manns, til að nota sèr veiðina á sem lèttbærastan og hagfelldastan hátt, yrðu stórum takmarkaðir. Hitt er vitaskuld, að löggjafinn verður að eiga rètt á, að takmarka þannig notkunar og veiðirètt hvers einstaks manns, að enginn geti — þegar svo á stendur — lagt of mikla hindrun í veginn fyrir laxgönguna; og að þessu lýtur sú ákvörðun, í grein þeirri er eg sting upp á, að verði 7. grein nefndarfrumvarpsins, að þegar svo á stendur, sem sjaldgæft mun vera, að tveir menn leggja veiðivèlar eður garða yfir á, sem laxveiði er í, sinn frá hverju landi, að þá sèu þeir skyldir til að halda opnu bili á milli veiðivèlanna, þar sem áin er dýpst, sem eigi sè mjórra en $^1/_5$ hluti árbreiddarinnar. Hinar aðrar ákvarðanir greinarinnar fara í sömu stefnu og hjá nefndinni, nema hvað ákvörðunin um laxveiði í árkvíslum, er öllu rýmri hjá mèr en nefndinni, og þá um leið einnig rèttlátari.

Samkvæmt þessu sting eg upp á því, að 7. grein nefndarfrumvarpsins verði þannig orðað.

> Enginn má hafa net, nè nokkra aðra fasta veiðivèl, nè garða, í ám eða vötnum, sem lax gengur í, er nái lengra fram, en í megindýpi árinnar, og aldrei meira en hálfa leið yfir á, þegar vatn er sem minnst í henni. Nú eiga tveir menn á saman, þá er laxgengd er í, og girðir hver eða leggur veiðivèlar frá sínu landi, þá skal jafnan vera autt bil á milli garða-endanna, eður veiðivèlanna, þar sem áin er dýpst, er nemi $^1/_5$ hluta allrar árbreiddarinnar. Nú eru kvíslar fleiri í sömu á, og má eigi þvergirða neina þeirra nema jafnmikil, eður meiri, laxgengd sè í hinum kvíslum árinnar. Þó nær ákvörðun þessi eigi til þeirra, sem eiga alla laxveiði fyrir ofan í ánni eður kvíslinni.
>
> Reykjavík 8. ágúst 1867.
>
> *Jón Sigurðsson.*

FRUMVARP
til tilskipunar um friðun á laxi á Íslandi.

1. grein.

Enginn má frá 1. septembermánaðar ár hvert til 1. júnímán-

aðar næsta ár veiða eður deyða á nokkurn hátt lax í ám, árósum, vatna-ósum, stöðuvötnum, tjörnum, lónum, fjörðum eða fyrir sjáfarströndum; nè heldur við hafa, leggja eður liggja láta veiðivèlar fyrir lax.

2. grein.

Á öðrum tíma árs, en nú var mælt, má lax veiða, en þó með takmörkunum þeim, er nú skal greina:

3. grein.

Enginn skal leggja eður við hafa nokkra veiðivèl fyrir lax frá náttmálum á laugardegi til miðnættis sunnudagskveldið næsta eptir; nè heldur á þessum tíma liggja láta, nema veiðivèlin sè föst, og verði eigi án stórskemmda upp tekin; því þá má hún kyrr vera, en autt op skal þá vera á henni, er gangi ofan í botn og upp úr, í hið minnsta 1 alin á breidd.

4. grein.

Hvergi, þar sem lax gengur, má hafa lóðir, eður þau veiðarfæri, er náð verði með smálaxi.

5. grein.

Á stöðum þeim, er nefndir eru í 1. grein og lax gengur, má enginn til veiðiskapar við hafa net, nè önnur riðin veiðarfæri, með minni möskvum en svo, að $2^1/_4$ þumlungs sè milli hnúta, eður möskvinn allt í kring 9 þumlungar, nè við hafa á nokkurn hátt þær veiðibrellur, er meini laxi að ganga gegnum möskva þessa.

6. grein.

Á veiðivèl hverri skulu vera svo mörg op og svo stór, að enginn lax, sem minni er, en 9 þumlungar ummáls, þar sem hann er gildastur, staðnæmist í vèlinni. Sèu grindur á veiðivèlinni skulu spelarnir standa lóðrètt upp og ofan, og sè eigi styttra milli þeirra, en 2 þumlungar; og ef þverrimlar eru, má millum þeirra eigi vera skemmra, en 3 þumlungar.

7. grein.

Enginn má hafa lagnet, nè nokkra aðra fasta veiðivèl, nè garða í ám, árkvíslum árósum eður öðrum straumvötnum, sem lax gengur í, er nái lengra út, en yfir einn þriðjung vatnsfarvegarins, þegar vatn er sem minnst í honum, og skal vatnið fyrir utan endann eigi vera grynnra, en þar sem netið, veiðivèlin eða garðurinn er. Þó skal bann þetta eigi ná til þeirra, er eiga alla veiði fyrir ofan í ánni, kvíslinni eður vatninu; samt má enginn þvergirða árkvísl, nema minni laxför sè í henni, en annari kvísl árinnar.

8. grein.

Enginn má á nokkurn hátt fæla lax frá að ganga upp í vötn eður ár, eður upp að þeim, og spilla með því veiðinni.

9. grein.

Friðlýsa skal á manntalsþingum ár hvert öllum þeim veiðistöðum í þeirri þinghá, er lax gengur, og nefndar eru í 1. grein, og skal sýslumaður gjöra það kauplaust.

10. grein.

Enginn má selja eða kaupa lax þann, er 9 þumlungar eru ummáls, þar sem hann er gildastur, eður minni, nè heldur þann lax, þótt stærri sè, en nú var mælt, er hann veit að veiddur var á þeim tíma, er ekki mátti veiða lax á.

11. grein.

Brjóti nokkur lög þessi, skal hann fyrir það sæta sektum frá 1. rd. til 10 rd., og að auk 48 sk. sekt fyrir hvern þann lax, er hann hefir veitt ólöglega; svo skal hann og hafa fyrirgjört veiðinni eður andvirði hennar. Öll ólögleg net og ólöglegar veiðivèlar skulu upptækar, og ólöglegir garðar óhelgir fyrir broti; ef maður hefir og spillt veiðinni fyrir þeim, er fyrir ofan búa, skal hann bæta þeim skaðann, eptir óvilhallra manna mati.

12. grein.

Þriðjungur af sektum þeim, er falla eptir tilskipun þessari, og af andvirði hinna ólöglegu veiðineta og veiðivèla, falli til uppljóstrarmannsins, en tveir hlutir í sveitarsjóðinn, þar sem brotið er drýgt.

13. grein.

Með öll mál um afbrigði laga þessara skal fara, sem opinber lögreglumál; og skal lögreglustjóri, ef sá, er fyrir skaða hefir orðið, eður annar kærir brotið fyrir honum, eður hann fær það á einhvern annan hátt að vita, rannsaka málið og láta dóm ganga í því, nema hinn ákærði játi brotið, og lúki allt það, er honum ber að gjalda, bæði fyrir brotið og fyrir áfallinn málskostnað; eins má öll rannsókn falla burtu, ef hinn seki borgar fyrir brotið, áður en rannsókn er byrjuð. Lögregludómarinn skal dæma um, hvort hið boðna gjald er hæfilegt. Engum skal þó meinað, er fyrir skaða hefir orðið af brotum gegn tilskipun þessari, að höfða málið á sjálfs síns kostnað, ef hann kýs það heldur.

ÁSTÆÐUR

fyrir 1. grein.

Vèr álítum það hið mesta tjón fyrir laxveiði hèr á landi, að drepa laxinn frá þeim tíma, er hann fer að gjóta, og þangað til hann fer almennt að ganga aptur upp í árnar og vötnin á vorin. Þó nú einstöku dæmi kunni að finnast til þess, að þeir laxar, sem veiddir hafa verið í enda ágústmánaðar, kunni að hafa verið komnir að gotum, þá mun þó hitt vera hið tíðasta, að laxinn fyrst fari að gjóta í byrjun septembermánaðar, og þessu samkvæmt álítum vèr, að banna ætti hvers konar laxveiði frá 1. september til 1. júní, og eptir þessu er 1. greinin samin. Vèr skulum geta þess, að í norsku lögunum er einnig bannað, að veiða sjóbirting á friðaða tímanum, á þeim stöðum, þar sem lax gengur, en vèr álítum slíkt bann hèr á landi, nú sem stendur, ónauðsynlegt, og eins að setja nokkrar skorður fyrir veiði sjóbirtinga og silunga yfir höfuð.

Fyrir 2. grein.

Fyrsta greinin hljóðaði um gjörsamlegt bann að veiða lax frá 1. september til 1. júní; þessi grein þar á móti leyfir laxveiði á öðrum tíma ársins, sem sè frá 1. júní til 1. september, en þó með takmörkunum, og eru þessar takmarkanir upp taldar í næstu 5 greinunum.

Fyrir 3. grein.

Þessi grein hljóðar um takmörkunina í að veiða lax á veiðitímanum, sem nefndur er í 2. grein. Bæði virðist það óviðurkvæmilegt í sjálfu sèr, að hafa helga daga til veiðiskapar, og líka getur laxinn betur gengið upp í árnar og vötnin á veiðitímanum, ef hann þá vill og við má gjöra það ótálmað með öllu. Vèr skulum geta þess, að í norsku laxfriðunarlögunum er öll laxveiði bönnuð frá miðaptani á laugardögum til miðaptans á sunnudögum, og í laxveiðalögunum ensku frá 1861, frá hádegi á laugardögum og til miðsmorguns á mánudögum. En með því sunnudagurinn hèr á landi allur er helgur, er vèr skiljum frá miðnætti á laugardagskveldum til miðnættis næsta eptir, og vèr álítum það betra í mörgu tilliti, að veiðinni sè hætt nokkru áður en helgin byrjar, eins og gjört er í ensku veiðilögunum, höfum vèr sett tímann frá náttmálum á laugardagskveldum til miðnættis á sunnudagskveldum. Vèr álítum enn fremur, að menn eigi ættu að geta losað sig undan þessu banni, með að gefa fátækum fimmtung eður einn hlut af veiðinni. Það er annað mál, þó mönnum með þessu skilyrði sè leyft að róa til fiskjar á

helgum dögum í fiskileysisárum, því bæði er sá atvinnuvegur einn af aðalatvinnuvegum landsins, og verður því að reisa honum sem minnstar skorður, og líka væri slíkt bann ónauðsynlegt fyrir fiskigöngurnar sjálfar, þó það, eins og áður er sýnt, sè mjög áríðandi fyrir laxgöngurnar, þar það miðar til að lofa laxinum því betur að komast upp að ánum og vötnunum á stöðvar sínar, þar sem hann gýtur, og þannig miðar til að auka viðkomu hans, og líka gjörir um leið laxveiðina betri fyrir þá, er fyrir ofan búa.

Fyrir 4. grein.

Þessi grein, og eins hinar 2 næstu, lúta að því að friða smálaxinn gjörsamlega á veiðitímanum, en eptir 1. greininni er hann, sem allur annar lax, alveg friðaður á hinum tíma ársins. — Til þess nú, að geta friðað smálaxinn gjörsamlega, verður meðal annars að banna, að viðhafa öll þau veiðarfæri, er löguð eru jafnt til að veiða með smáan lax sem stóran, svo sem lóðir, fasta króka í vatninu, er hver lax, sem er, geti fest sig á o. s. frv., og þetta er gjört í þessari 4. grein; lík grein er og í norsku laxveiðalögunum.

Fyrir 5. og 6. grein.

Hinn venjulegi máti, að veiða laxa á, er að gjöra það með netum, eður og laxakistum eður öðrum líkum veiðivèlum, og þenna veiðimáta verður að leyfa mönnum að við hafa á veiðitímanum ætíð, þegar veiða má á honum, en að eins verður að sjá um það, að netin sèu eigi svo smágjörð, að þau haldi smáa laxinum, sem maður vill friða, og að þessu lýtur 5. greinin, eins verður að sjá um það, að á föstu veiðivèlunum sèu svo mörg og stór op, að smái laxinn ekki þurfi að staðnæmast í þeim, heldur geti með öllu tálmunarlaust komizt gegnum þær, og að þessu lýtur 6. greinin.

Smái laxinn, sem gjörsamlega ætti að vera friðaður, álítum vèr, að ætti að vera 9 þumlungar ummáls, þar sem hann er gildastur og þaðan af minni, og mun það verða stærst 7 marka laxar, og eptir því er möskvastærðin í 5. grein ákveðin. Þar á móti álítum vèr ekki þörf á að fyrirskrifa vissa lögun á opunum á veiðivèlunum föstu, eður tölu þeirra, heldur álítum, að nægja muni, að tilgreint sè, eins og gjört er í 6. grein, í almennum orðum, að opin verði að vera nógu mörg og nógu stór, og yfirláta til hlutaðeigenda sjálfra, að finna það; að eins álítum vèr betra, að geta um, hvernig opin skyldu vera löguð, þegar grindur með þverrimlum eru hafðar í vèlinni; áþekk ákvörðun er í norsku og ensku

laxalögunum , og eptir því geta menn og líka nokkuð farið í öðrum áþekkum tilfellum.

Fyrir 7. grein.

Ákvarðanirnar í þessari grein eru byggðar á þeirri grundvallarreglu í Jónsbók: «að ganga skuli guðs gjöf til fjalls, sem til fjöru, ef gengið vill hafa»; þessi setning er bæði viturleg og réttlát; *viturleg*, því hún eykur laxfjölgunina á ókomna tímanum og þar við veiðina, því eptir henni mega menn aldrei setja neina á í það ástand, að þeir laxar, sem vilja, eigi geti gengið eptir ánni til fjalls, það er að segja, á þær stöðvar, sem þeir vilja gjóta á, og síðan aptur til sjáfar, ef þeir vilja, til að koma árið eptir, og þá annaðhvort til að auka kyn sitt á ný, eður verða veiddir; og *réttlát*, þar allir þeir, sem við ána búa, þá geta tekið þátt í veiðinni, eptir því sem guð vill gefa hverjum einum, og hann sjálfur vill eða getur borið sig eptir því; þetta vill allt segja, að veiðivèlarnar verða að vera þannig, að laxinn eigi skuli vera neyddur til að ganga í þær, eður að jöfn líkindi sèu til, að laxinn óhindrað geti gengið upp og ofan eptir ánni, sem inn í veiðivèlarnar eður netin. — En til þess, að þessu nú geti orðið framgengt, hlýtur ætíð að vera nógu breitt opið svæði í veiði-ánni, svo að hver lax, sem vill, geti gengið þar upp og niður eptir henni með öllu ótálmað, og hljóta því allir þeir, sem land eiga að ánni, að vera skyldir til, að leggja hèr til tiltölulegan hluta af þeim parti árfarvegarins, sem þeir eiga, og svo stóran, sem lögin álíta nauðsynlegan.

Eptir því sem vèr þekkjum nú til um laxgöngur hèr á landi, er það ekki ofstórt svæði, að þriðjungur árinnar sè auður, og að laxinn ótálmað megi fara eptir honum, og verða þá þeir eptir þessu, sem land eiga að ánni, að leggja til þriðjunginn af árfarvegi þeim, sem jörðu þeirra fylgir, eður með öðrum orðum, enga laxveiði hafa í þeim hlúta árfarvegarins, og enga tálmun setja þar fyrir laxgöngunni. En auk þessa krefur þó almennings heill, að hið opinbera hafi rètt til að mega skylda hinn einstaka til að girða ekki einu sinni svo langt út í ána, sem menn þó almennt mega, ef slíkt er til tálmunar fyrir laxgönguna eptir ánni, og er þetta tekið fram í greininni, þar sem sagt er, að vatnið fyrir utan endann á garðinum etc. skuli eigi vera grynnra en fyrir innan, þar sem garðurinn o. s. frv. er, því laxinn sækir eptir ánni, þar sem hún er dýpst, einkum ef vatnið er lítið og hreint. En þó þessu sè nú svona varið, þá er það auðsèð, að bannið um þvergirðingu er ónauðsynlegt, þegar einn mað-

ur á alla veiðina fyrir ofan, ef hann að eins sèr um það, að allur smái laxinn komist í gegn um veiðivèlarnar hjá sèr, því þó hann þá veiði allan stóra laxinn gjörir hann þar með engum neinn skaða. Að eins álítum vèr nauðsynlegt í þessu efni, að taka upp þá ákvörðun Grágásar, að þó einn eigi alla veiðina í einhverri árkvísl, þá megi hann þó eigi þvergirða hana, nema laxgangan sè meiri í einhverri annari kvíslinni.

fyrir 8. grein.

Það er auðsèð, að banna verður að fæla lax frá að ganga upp í vötn og ár; því ef gjórt er mikið að því, má spilla allri laxveiðinni í ánni eður vatninu; menn geta fælt laxinn frá að ganga á margan hátt, svo sem með miklu busli og skotum ofan í vatnið; líka með því, að bera óþverra út í það, og gjöra það gruggugt eður fúlt, bera grjót ofan í það eður á annan hátt grynna vatnið, svo laxinn ekki geti gengið eptir vatninu o. s. frv. En vèr álítum óþarfa, að reyna til að telja þetta upp.

fyrir 9. grein.

Þessi grein er áþekk 9. og 10. grein í veiðilögunum 20. júní 1849 um friðlýsingu á eggverum, og 15. grein í sömu tilskipun um friðlýsingu sela; og er slík friðlýsing í marga staði nytsamleg og góð, og því höldum vèr, að áþekk ákvörðun ætti að takast upp í þessi lög.

fyrir 10. grein.

Til þess því betur að geta hindrað, að smái laxinn sè veiddur, og eins að stóri laxinn sè veiddur á þeim tíma, sem ekki má veiða hann, er nauðsynlegt að banna alla sölu og kaup á smálaxi yfir höfuð, og líka að banna öllum að selja eður kaupa stórlaxa, sem þeir vita að veiddir eru á ólöglegum tíma; um slíkt bann hljóðar grein þessi; áþekkar ákvarðanir finnast og í ensku og norsku laxveiðalögunum.

fyrir 11. grein.

Þessi grein hljóðar um það, hverju ólögleg laxveiði skuli varða, og álítum vèr að eigi þurfi að færa ástæður fyrir henni; er hún og mjög samin í anda tilsk. 20. júní 1849, þar sem talað er um afleiðingar af ólöglegri veiði.

fyrir 12. grein.

Af því vèr álítum það mjög áríðandi fyrir landið, eður bjargræðisvegu þess, að laxveiðin gæti aukizt sem mest, og orðið varanleg, en vitum á hinn bóginn, að sýslumönnum er víðast í sýsl-

um sínum, og eins hreppstjórunum í hreppum þeirra ómögulegt, að sjá um það, að enginn hafi ólöglega veiði, þá álítum vèr nauðsynlegt, að hvetja hvern þann, sem verður þess var, að lögin um þetta efni sèu brotin, til að segja til slíkra brota, með að heita honum þriðjungi sektanna, en að öðru leyti álítum vèr, að sektirnar fyrir þessi brot, að því leyti þær tilfalla hinu opinbera, eigi að renna inn í hlutaðeiganda fátækrasjóð, eins og sektirnar fyrir aðra ólöglega veiði, sjá tilsk. 20. júní 1849 18. grein.

fyrir 13. grein.

Þessi grein er mjög áþekk 19. grein í tilsk. 20. júní 1849 og 10. grein í tilsk. 24. jan. 1838. Einungis skulum vèr geta þess, að vèr höfum álitið, að það væri nægilegt, að yfirláta til sýslumannsins að dæma um, hvort gjald það, sem hinn seki byði, sè nægilegt og að málið þess vegna gegn honum megi falla burt. Það er og í norsku laxveiðilögunum yfirlátið til lögreglustjóranna og fógetanna að dæma um slíkt, og með því verða mál þessi langtum fljótar útkljáð, ef þau eigi þurfa að ganga lengra.

Reykjavík, 7. ágúst 1867.

Hjálmur Pètursson, formaður. *Jón Sigurðsson.* *Jón Bjarnason.*

Ólafur Pálsson, skrifari. *Jón Pètursson,* framsögumaður.

ATKVÆÐASKRÁ

í málinu um fjárkláðann. (Sbr. bls. 384).

I. *Jón Guðmundsson*: Breytingaruppástungur við frumvarp nefndarinnar:

1. Þegar hinn sóttnæmi fjárkláði eður önnur næm fjárveikindi hafa haldizt uppi í einni sveit eður fleirum, hèr og hvar og víðsvegar á 3. missiri, en þeir hafa þreytt lækningarnar að árangurslausu og eigi gjörzt brotlegir í vítaverðum afbrigðum frá lækningalögunum og þar að lútandi fyrirskipunum yfirvaldsins, og bindast þeir því almennum samtökum um að lóga öllum þeim hinum sjúka og grunaða fènaði sínum til þess að uppræta sýkina, þá skulu fjáreigendurnir eiga rètt á hæfilegum skaðabótum úr opinberum sjóði.
2. Rètt til samkynja skaðabóta vinnur og sú sveit, hvort heldur

er ein eður fleiri, er liggja á takmörkum sjúks eður grunaðs hèraðs, þegar í því hèraði er eigi upprætt sýkin með lækningum eður fyrir niðurskurð að haustinu, en nágrannasveitin, þótt heilbrigð væri þá um vorið, afræður haust-niðurskurðinn með almennum samtökum, annaðhvort af því, að sýkinnar verður þar vart eptir rèttirnar, eður sumar-samgöngurnar hljóta að gjöra fèð grunsamt, svo að opinn háski af frekari útbreiðslu þykir af því búinn, bæði þar innsveitis og til hinna næstu heilbrigðu hèraða hinumegin. Rètturinn til skaðabótanna er bundinn því sjálfsagða skilyrði, að niðurskurðurinn sè almennt framkvæmdur í sveitinni, nema þegar svo stendur á sem segir í 6. gr.

3. Upphæð skaðabótanna fer eptir því, hve nær niðurskurðurinn gjörizt; ef það er um haust fram til jóla, þá eru þær 3—4 mörk fyrir hverja kind á annan vetur og eldri, en 2 mörk fyrir lamb hvert; og að eins fyrir þær sauðkindurnar, er búandi hefði ella sett á vetur, en til engra skaðabóta vinnur neinn með haustskurði fyrir jafnmargar kindur sem þær er hann vanalega fargar til vetrarforða handa heimili sinu.

   Hver sá sveitarbúi, er flutti sig búferlum inn í sveitina á næsta vori á undan haustskurðinum, á rètt til hinna hærri skaðabóta, sem ákveðnar eru í þessari gr., þ. e. 16. sk. meira fyrir hverja kind fullorðna en aðrir ekki.

   En sè skorið niður á tímabilinu frá miðjum vetri til fardaga, þá skulu 2 rd. skaðabætur fyrir hverja á lembda, og fyrir hvern sauð 2 vetran og eldri, en 1 rd. fyrir gemling á fyrsta ári og ær lamblausar.

4. Niðurskurðar-samtökin skulu tilkynnt sýslumanni af hreppstjóra að minnsta kosti viku áður en niðurskurðurinn byrjar; en sýslumaður kveður nefnd manna á fjáreigenda kostnað, 2 utanhrepps en 1 innan hrepps til þess að taka nákvæmt fjártal, ef skurður er eptir miðjan vetur, en ef haustskurður er, til þess að gjöra mat á tölu þess fjár, er hver búandi þarf til vetrarforða. Að frádreginni fjártölunni til heimilis forða bera hverjum búanda skaðabætur fyrir jafnmargt fè haustskorið, eins og það var, er hann taldi fram til búnaðartaflnanna á næstliðnu hreppaskilaþingi.

5. Hinni samanlögðu skaðabóta upphæð skal jafna niður á allt sauðfè í landinu eptir fjárframtalinu til búnaðartaflnanna næst á

undan. Amtmaður sá, sem niðurskurðarsveitin liggur undir, deilir upphæðinni niður eptir fjárframtalinu í síðustu búnaðartöflu, og sendir hverjum hinna amtmannanna með röksamlegum skýrslum og reikningum, en amtmennirnir deila síðan niður á hverja sýslu, og heimta síðan gjaldið inn af fjáreigendum ásamt öðrum manntalsþings gjöldum.

6. Nú kemur fjárkláði upp eður önnur sóttnæm fjárveiki eptir miðjan vetur á einum bæ, 2 eða mest 3 bæjum í heilbrigðu hèraði, og þó ugglaust um, að hún hafi ekki náð að útbreiðast víðar þaðan, en fjáreigendur sjálfir og sveitarbúar allir verða ásáttir um að affarabetra verði, að skera niður allt það fè þá þegar heldur enn að þreyta lækniugar, þá skal amtmaður skera úr því eptir atvikum og skýrslum frá hèraðsmönnum og lögreglustjóra.

Úrskurði amtmaður niðurskurðinn, þá bera þeim fjáreigendum, ef þeim er það ósjálfrátt með öllu, að sýkin er komin í fè þeirra, þriðjungi meiri skaðabætur heldur en þær sem ákveðnar eru í 3. gr., síðasta atr. og skal þeim skaðabótum jafna niður á alla fjáreigendr innan amts.

En úrskurði amtmaður, að lækningar skuli reyna, á þeim bæjum, í móti vilja og tillögum sveitarmanna og fjáreigenda sjálfra, þá skulu þær gjörast að öllu á opinberan kostnað, og eins hinn strangi aðskilnaður á því sjúka fè frá heilbrigðu.

7. Ef einn eður fleiri búendur, og þó eigi fleir en $^1/_{12}$ allra búendanna á því svæði, sem samtök verða á um niðurskurð, hafa sig undan þeim samtökum, og hafa eigi alskorið fyrir jól, en geta þó eigi fært óræk rök fyrir því, að fè þeirra, sakir þess hvað þeir búa afskekkt frá öllum öðrum samtakamönnum, eður fyrir það, að þeir hafi haft fènað sinn í svo öruggri sjálfheldu eður annari vöktun, að eigi hafi getað komið saman við neitt af hinu grunaða fè sveitarmanna á meðan sýkin gekk þar yfir, en á þetta skulu þeir sjálfir færa lögfullar sönnur ef þeir vilja vítalausir vera, þá skal valdstjórnin eptir úrskurði fyrir lögregludómi framkvæma valdskurð á öllu þeirra fè, á sjálfra þeirra kostnað, og honum að vera lokið fyrir 7. janúarmán. næst á eptir. Dómsúrskurði þessum má áfrýja eptir á fyrir æðra dóm til fullra skaðabóta eptir mati, eður eptir 3. gr. í lagaboði þessu. (Breytingaruppástungur þessar 1—7 tekuar aptur).

II. Frumvarp nefndarinnar til viðaukatilskipunar við tilskipun 5. janúar 1866 um fjárkláða og önnur næm fjárveikindi á Íslandi.

1. grein.

1. *Bergur Thorberg* og *Eiríkur Kúld*: að upphaf greinarinnar verði þannig orðað: »Nú þykir ógjörlegt, eptir áliti dýralæknis að halda uppi» o. s. frv. (Fellt með 18 atkv. gegn 3).
2. *Jón Hjaltalín*: að eptir orðin «hefir þá amtmaður» verði bætt inn í: «eptir dýralæknisráði». (Fellt með 18 atkv. gegn 2).
3. *Sami*: að bætt verði við enda greinarinnar þessu: «Sömuleiðis getur amtmaður, ef dýralæknir finnur það nauðsynlegt, sett verði þar sem þurfa þykir». (Fellt með 17 atkv. gegn 1).
4. *Nefndin* og *Ólafur Sigurðsson:* að bætt verði við enda greinarinnar þessum orðum: «Þó skal amtmaður kveðja sèr til ráðaneytis lögreglustjóra, alþingismann og tvo bændur, er sýslubúar kjósa». (Samþ. með 14 atkv. gegn 3).
5. *Nefndin:* 1. grein frumvarpsins með áorðnum breytingum eða óbreytt:

   Nú þykir eigi hent, eða fulltryggjandi, að halda uppi sóttvörnum og lækningum samkvæmt fyrirmælum tilskipunar 5. janúar 1866 á kostnað þeirra, er eiga hið sjúka og grunaða fè, og hefir þá amtmaður vald til, að láta lóga hinu sjúka og grunaða fè, hvort heldur er hjá einstökum mönnum, eða á stærra svæði. (Samþ. með 18 atkv. gegn 3).

2. grein.

6. *Arnljótur Ólafsson*, *Páll Vídalín* og *Jón Sigurðsson*: að í staðinn fyrir orðin «Fè skal virða sem heilbrigt væri» o. s. frv. verði sett: Fè skal virða á fæti, eptir almennu gangverði á heilbrigðu fè á þeim tíma» o. s. frv. (Samþ. með nafnakalli með 13 atkv. gegn 9).
7. *Nefndin*: 2. gr. frumvarpsins (með áorðnum breytingum eða óbreytt):

   Þegar fè skal lóga, sem nú er sagt, skal sýslumaður eptir ráðstöfun amtmanns bjóða hreppstjórum og aðstoðarmönnum þeirra í hverjum hrepp, að virða það fè áður, en skorið er. Fè skal virða, sem heilbrigt væri eptir almennu gangverði á þeim tíma árs, og á þeim stað, sem virðing fer fram. Frá þessu verði hverrar kindar skal dregið það, sem hún leggur sig. Verðmun þann, er svo kemur fram á lóguðu fè og lifandi, skal eigendum bæta. (Samþ. með 18 atkv. gegn 3).

3. grein.

8. *Nefndin*: að í staðinn fyrir orðin «og hann amtmanni síðan» . . verði sett: «og skal hann yfirskoða þær, og sjái hann, að virðingarmenn hafi vikið frá reglum þeim sem settar eru í 2. grein, þá skal hann gjöra athugasemdir sínar við skýrslur þeirra, og senda þær svo amtmanni, er síðan leggur úrskurð á málið». (Samþ. með 17 atkv. gegn 3).
9. *Bergur Thorberg*: að aptan við greinina verði bætt þessum orðum: «og kostnað til dýralæknis». (Fellt með 17 atkv. gegn 2).
10. *Nefndin*: 3. gr. frumvarpsins (með áorðnum breytingum eða óbreytt):
Virðingarmenn senda sýslumanni skýrslur sínar, og hann amtmanni síðan. Upphæð bótafjárins eptir næstu grein á undan, skal jafna niður á alla fjáreigendur í landinu og heimta saman á þann hátt, sem fyrir segir í 3. grein í tilskipun 6. janúar 1866. Sama er og um borgun til virðingarmanna. (Samþ. með 17 atkv. gegn 3).

4. grein.

11. *Páll Vídalín, Arnljótur Ólafsson, Jón Sigurðsson* og *Hjálmur Pètursson*: að upphaf greinarinnar verði þannig orðað: «Meðan fjársýkinni er eigi almennt útrýmt, skulu amtmenn» o. s. frv. (Samþ. með 13 atkv. gegn 5).
12. *Bergur Thorberg*: Síðasta málsgrein í 4. grein: «kostnaði þeim . . . . . o. s. frv. . . . samkvæmt 3. grein» verði þannig orðuð:
«Kostnaður sá, sem ris af þessum almennu sóttvörnum og ráðstöfunum, skal greiddur eptir þeim reglum, sem settar eru í 3. grein». (Fellt með 15 atkv. gegn 1).
13. *Torfi Einarsson, Benedikt Sveinsson, Hjálmur Pètursson, Sighvatur Árnason, Magnús Jónsson, Eiríkur Kúld:* að í staðinn fyrir orðin: «sinn þriðjungur á hvern» verði sett: «eptir tölu lausafjárhundraða í hverju amti». (Samþ. með 12 atkv. gegn 9).
14. *Nefndin*: 4. gr. frumvarpsins (með áorðnum breytingum):
Nú reynist lógun hins sjúka og grunaða fjár eigi einhlít til að útrýma sýkinni svo fljótt, að eigi sè hætt við útbreiðslu hennar, og skulu þá amtmenn eptir samkomulagi ákveða almenna verði, og gjöra þær almennu ráðstafanir, sem nauð-

synlegar þykja til að girða fyrir útbreiðslu sýkinnar og uppræta hana. Kostnaði þeim, sem rís af þessum almennu sóttvörnum og ráðstöfunum, skal jafnað á allt landið þannig, að annar helmingur hans falli á jafnaðarsjóðina, sinn þriðjungur á hvern, en hinn helmingur á fjáreigendur, samkvæmt 3. grein. (Samþ. með 15 atkv. gegn 3).

5. grein.

15. *Nefndin*: 5. gr. frumvarpsins (óbreytt):
Með brot gegn fyrirskipunum þeim, sem leiða af lögum þessum, hvort sem er um lógun fjár, hreinsun fjárhúsa, eður annað, skal farið, sem segir í 7. og 8. grein í tilskipun 5. janúar 1866. (Samþ. með 18 atkv. gegn 2).
16. *Nefndin*: Fyrirsögnin fyrir frumvarpinu:
»Viðaukatilskipun við tilskipun 5. janúar 1866 um fjárkláða og önnur næm fjárveikindi á Íslandi«. (Samþ. án atkv.).
17. *Nefndin:* að alþingi beiðist þess, að Hans Hátign vildi veita meðfylgjandi frumvarpi lagagildi sem allra fyrst. (Samþ. með 18 atkv. gegn 3).
18. *Nefndin*: að stjórn Hans Hátignar annist um, að kostnaður Borgfirðinga til Botnsvogavarðarins nú í sumar verði þeim endurgoldinn úr jafnaðarsjóði Suðurumdæmisins, og kostnaður Mýramanna til sama varðar úr jafnaðarsjóði Vesturamtsins. (Samþ. með nafnakalli með 13 atkv. gegn 10).
19. *Torfi Einarsson,* vara-atkvæði: »að engin bænarskrá verði send frá þinginu í þessu máli«. (Fellt með nafnakalli með 19 atkv. gegn 4).

UPPÁSTUNGA

Eiríks Kúlds um lagaskóla.

Það er þessu heiðraða þingi og Íslendingum yfirhöfuð kunnugt að vor hásæli konungor Friðrik hinn 7. lýsti því yfir í sinni síðustu allramildileguste auglýsingu til alþingis 8. júní 1863, að það væri ósk hans, að stofnsettur yrði kennsluskóli handa lögfræðingaefnum (en Dannelses annstalt for juridiske Embedsmænd) á Íslandi. En að skóli þessi gæti þó ákomist eða tekið til verka, var

samt sem von var, þeim skilmála bundið, að nægilegt fé fengist til hans. Með því nú að stjórnin þegar í hitt hið fyrra var búin að koma sèr niður á því, hvernig skólinn skyldi vera, og hafði fengið þar um álit bæði stiptsyfirvaldanna og yfirdómsins, sendi hið heiðraða þing vorum allramildasta konungi bænarskrá um, að skólinn þá strax mætti taka til starfa, og að fé því er þar til gengi yrði jafnað niður á landið eða borgað af því. En í hinni allrahæstu auglýsingu til alþingis 31. maí þ. á. er sagt, að á meðan ekki sè útkljáð um fjárhagsstöðu Íslands framvegis, verði ekki gjörðar frekari ráðstafanir um stofnun skólans.

Sökum þess, að eg fæ ekki skilið, hvernig það sè ómögulegt að jafna kostnaðinum til skólans niður á landið, þó fjárhagaur þess sè ekki orðinn aðskilinn frá fjárhag Danmerkur, og þar eð eg á hinn bóginn er sannfærður um það, að það hljóti að vera mjög geðfellt fyrir stjórnina, að geta sem fyrst uppfyllt þessa yfirlýstu ósk hins hásæla konungs, er elskaði þjóð sína svo innilega, þá vona eg, að eg gjöri ekki síður stjórninni en þjóð vorri þægt verk með því, að leyfa mèr hèr með að stinga upp á:

að hið heiðraða alþing þegnsamlega biðji Hans Hátign konunginn, að skipa svo fyrir, að áminnztur lagaskóli hið allrafyrsta komist á.

Reykjavík 3. ágúst. 1867.

Eiríkur Kuld.

NEFNDARÁLIT

um stofnun lagaskóla. (Sbr. bls. 416).

Hið heiðraða þing hefir kosið oss, er ritum nöfn vor hèr undir í nefnd, til að íhuga bænarskrá þá, er nú kom til þingsins, og hljóðar um, að þingið biðji konung vorn þegnsamlega um að skipa svo fyrir, að skóli handa lögfræðinga-efnum verði sem fyrst settur á stofn hèr á landi.

Vèr höfum íhugað mál þetta, og er álit vort um það, sem nú skal greina:

Eptir ítrekaðar bænir alþingis lýsti vor hásæli konungur, Friðrik hinn 7. því yfir í sinni síðustu auglýsingu til þingsins 8. júní

1863, «að það væri ósk hans að láta að þegnlegri bæn alþingis um stofnun kennsluskóla handa lögfræðinga-efnum á Íslandi, svo framarlega sem fé það gæti fengizt er til þess þyrfti» og samkvæmt þessu samdi kirkju- og kennslustjórnin 28. desember s. á., undirstöðu-atriði um fyrirkomulag skólans. En í hinum konunglega auglýsingum til alþingis, bæði í hitt hið fyrra og nú í ár, er sagt, að meðan ekki sé útkljáð um fjárhagsstöðu Íslands framvegis, verði ekki gjörðar frekari ráðstafanir um áðurnefnt efni.

Að vísu mun það nú svo, að ríkisþing Dana mun vera tregt á að veita oss Íslendingum fé til nýrra fyrirtækja, og ráðgjafar konungs vors því heldur kynoka sèr við, að bera slík mál upp fyrir ríkisþingið, en með því vèr þó enn þá eigi höfum fengið fjárhagsráð vor sjálfir, og því getum eigi sjálfir lagt gjöld á oss til nokkurra nýrra fyrirtækja, hvað þarfleg og nytsamleg sem þau eru fyrir landið og almennings heillir, þá höfum vèr yfir höfuð engin önnur úræði á meðan svona á stendur, en að biðja stjórnina um fé til þess, er vèr álítum oss við þurfa, en hvað þetta sèrstaklega málefni snertir, þá stendur þar að auki óneitanlega nokkuð öðruvísi á því, en öðrum málefnum vorum. — Vèr höfum í þessu mikilvæga málefni landsins úttalaða ósk hins hásæla konungs vors Friðriks hins 7., um að veita oss lagaskólann, og það í hans síðustu auglýsingu til þessa þings, sem fyrr er getið, og í þessa yfirlýsingu hlýtur að vera mikið varið, því vèr megum fyllilega vera sannfærðir um, að vor núverandi allramildasti konungur muni hafa fullan huga á að láta þessari ósk hins hásæla fyrirrennara síns verða framgengt hið fyrsta sem auðið er. En eins og vèr erum fyllilega sannfærðir um þetta, svo getum vèr eigi heldur efazt um, að ríkisþingið muni verða fúst á, ef mál þetta væri lagt undir það — sem eigi hefir enn verið gjört svo vèr vitum — að leggja til nauðsynlegt fé til þess, að stofnun þessi geti á komizt unz vèr sjálfir fáum fjárforráð vor og getum tekið hana að oss, því satt að segja, getum vjer varla skilið í öðru, en að ríkisþinginu sjálfu verði að vera það geðfellt og ljúft, að sjá og stuðla til, að þessari yfirlýstu ósk hins hásæla konungs, hverjum ríkisþingið sjálft hafði tilveru sína að þakka, og sem svo innilega elskaði þjóð sína, sem öllum er kunnugt, megi sem fyrst verða framgengt, og í þessari von styrkjumst vèr því fremur, sem vèr af áminnztu brèfi kirkju og kennslustjórnarinnar, þykjumst fyllilega geta ráðið, að hinn þáverandi stjórnarherra kirkju- og kennslumálefnanna, muni hafa

ætlað sèr að bera málið upp fyrir ríkisþinginu, og að hann því hafi staðið í þeirri meiningu, að ríkisþingið eigi mundi neita fènu. Af framantöldum ástæðum getum vèr eigi annað en ráðið þinginu til, að biðja konung vorn þegnsamlega, að hann allramildilegast vilji skipa svo fyrir:

Að lagaskóli sá, sem heitið er í allrahæstri auglýsingu til alþingis 1863 komist sem fyrst á hèr á landi.

Reykjavík 9. ágúst 1867.

Eiríkur Kúld, form. og framsögum. *Jón Pètursson,* skrifari. *Jón Bjarnason.*

ATKVÆÐASKRÁ

í málinu um stofnun lagaskóla. (Sbr. bls. 417).

1. Að lagaskóli sá, sem heitið er í allrahæstri auglýsingu til alþingis 1863, komist sem fyrst á hèr á landi. (Samþ. með 19 atkv. gegn 3).
2. Að alþing sendi nú konungi bænarskrá um þetta atriði (ef tölul. 1. verður samþykktur). (Samþ. með 18 atkv. gegn 4).

BÆNARSKRÁ

til konungs um stofnun lagaskóla. (Sjá næst að framan).

Til alþingis kom að þessu sinni uppástunga þess efnis, að þingið allraþegnsamlegast beiddi yðar konunglegu hátign að skipa allramildilegast svo fyrir, að skóli handa lögfræðinga-efnum verði sem fyrst settur á stofn hèr á landi.

Þingið tók mál þetta til meðferðar, setti í það þriggja manna nefnd og ræddi það síðan á tveim aðalfundum sínum.

Þingið hefir ávallt álitið þetta málefni eitt af aðalmálefnum þessa lands, enda lýsti hinn hásæli konungur vor, Friðrik hinn sjöundi því yfir í sinni síðustu allramildustu auglýsingu til alþing-

is, 8. júní 1863, að það væri ósk hans, að láta að bæn alþingis um stofnun kennsluskóla handa lögfræðinga-efnum á Íslandi, svo framarlega sem fè það gæti fengizt, er til þess þyrfti.

Að vísu stendur nú svo í allrahæstum auglýsingum yðar konunglegu hátignar til alþingis bæði í hitt hið fyrra og eins nú, að meðan eigi sè útkljáð um fjárhagsstöðu Íslands framvegis, verði eigi gjörðar frekari ráðstafanir um áðurnefnt málefni; en þingið getur samt eigi annað en haft þá óbifanlegu sannfæringu, að yðar konunglega hátign hafi fullan áhuga og vilja á, að láta þessari yfirlýstu ósk yðar hátignar hásæla fyrirrennara verða framgengt, hve nær sem nægilegt fè þar til fengizt. En, allramildasti konungur! á meðan svona stendur á högum vorum, sem nú er, höfum vèr ekkert fjárforæði. En af þessu leiðir aptur, að vèr erum neyddir til að leita yðar konunglegu hátignar um fè það, sem með þarf til þessa. Auk þessa stendur óneitanlega nokkuð öðruvísi á um þetta vort áhugamál, en önnur, því vèr getum eigi slitið það úr huga vorum, að ríkisþingið mundi verða fúst að veita fè til þessa, ef málið væri borið undir það, og að það yrði jafnvel að gleðja ríkisþingið, að geta framkvæmt þessa ósk hins hásæla konungs, er það hafði tilveru sína að þakka, og sem svo hátt elskaði alla þegna sína, sem alkunnugt er, einkum þar hann yfirlýsti þessari ósk í sinni síðustu auglýsingu til alþingis, sem fyrr er getið, fèð á hinn bóginn ekki er mikið, og allar líkur þar að auki eru til, að þetta þurfi eigi lengi að vara, og að landið bráðum geti tekið að sèr sjálft stofnun þessa. Í þessari von hlýtur þingið enn fremur að styrkjast við það, að það virðist, sem fyllilega megi ráða af brèfi kirkju- og kennslu-stjórnarinnar 28. des. 1863 um undirstöðu-atriðin fyrir fyrirkomulagi skólans, að yðar hátignar þáverandi stjórnarherra kirkju-og kennslu-málefnanna muni hafa ætlað sèr, að bera málið upp fyrir ríkisþinginu, og að hann því hafi staðið í þeirri föstu meiningu, að ríkisþingið eigi mundi neita fènu.

Af framanskrifuðum ástæðum dirfist þingið með 18 atkvæðum gegn 4, að biðja allraþegnsamlegast, að yðar hátign allramildilegast vildi skipa svo fyrir,

»Að lagaskóli sá, sem heitið er í allra hæstri auglýsingu til alþingis 1863, komist sem fyrst á hèr á landi«.

Alþingi, 16. ágúst 1867.

allraþegnsamlegast.

Jón Sigurðsson. *Eiríkur Kúld.*

BÆNARSKRÁ

til konungs um að stofnsett verði í Reykjavík fast kennara-embætti í sögu Íslands og fornfræðum Norðurlanda. (Sbr. bls. 327).

Til alþingis kom að þessu sinni uppástunga um, að þingið skyldi allraþegnsamlegast beiðast þess, að stofnsett yrði í Reykjavík fast kennara-embætti með 1600 rd. launum árlega í sögu Íslands og fornfræðum Norðurlanda, og að kennara þessum yrði gjört að skyldu að halda í þessum vísindagreinum opinbera fyrirlestr á veturna.

Alþingi tók bænarskrá þessa til ýtarlegrar íhugunar, setti í málið 3. manna nefnd og ræddi það síðan á 2. aðalfundum sínum. Var það síðan ályktun þingsins, að bera fram fyrir Yðar Hátign bænarskrá um þetta mál, og leyfir þingið sèr allraþegnsamlegast að færa til eptirfylgjandi ástæður fyrir henni.

Alþing hlýtur að álíta það alveg ónauðsynlegt, að fara mörgum orðum um hina almennu nauðsyn vora Íslendinga, eins og hverrar þjóðar og hvers lands, til þess að eiga vísindalegar stofnanir hjá sjálfum sèr, til þess að geta tekið þátt í hinum almennu vísindalegu framförum og almennri menntun, og notað það samkvæmt eðli sínu og ásigkomulagi. Það er því síður nauðsynlegt að taka þetta ýtarlega fram, sem þingið getur ekki efazt um, að stjórn Yðar hátignar muni viðurkenna að hið sama eigi sèr stað hèr eins og annarstaðar, að engin þjóð getur þróazt eður tekið nokkrum sönnum framförum nema því að eins, að vísindi þrífist og blómgist meðal hennar; þar sem þeim er ekki sinnt, þar er enginn framfara von, og eins sjá menn, að því meira sem hlynnt er að vísindunum, því öflugri verður framför þjóðanna bæði í andlegum og líkamlegum efnum. Vísindin eru þannig hinn öflugasti hyrningarsteinn undir öllum framförum landa og þjóða.

En hitt er og ekki síður víst og almennt viðurkennt, að engin vísindi geta blómgazt til langframa hjá neinni þjóð, nema hún hafi tilsvarandi vísindastofnanir; því þar við lèttist námið fyrir þá, er nema vilja, og vísindin verða aðgengilegri og þar með langtum almennari.

Þegar vèr uú rennum augum til þjóðar vorrar og lands, þá er það almennt játað og viðurkennt, að hvorttveggja gæti tekið miklum framförum bæði í andlegum og líkamlegum efnum, ef eigi skorti vís-

indastofnanir og tækifæri til að nema þær vísindagreinir, sem til framfara horfa. Landið er stórt og hefir mikla auðlegð í sèr fólgna bæði til lands og sjáfar.

Það eru heldur engar öfgar, að allur almenningur hèr á landi er mjög gefinn fyrir alls kyns nám, sem hann hefir föng á að afla sèr; en það er því miður, að tækifærið vantar til þessa náms í mörgum greinum, af því hèr er snautt af vísindastofnunum í landinu, og oflítil efni fyrir hendi hjá flestum til að sækja nám til útlanda; því er von til, að námið og framfarirnar fari þar eptir og verði litlar.

Þó nú þingið þannig stuttlega og í sem fæstum orðum hafi þegnsamlega leyft sèr að geta þess, hversu það álíti nauðsynlegt fyrir framfarir hverrar þjóðar, að hafa sem flestar vísindastofnanir, þá getur það samt engan veginn ætlazt til þess, að stjórnin allt í einu komi hèr á mörgum og margháttuðum slíkum stofnunum; en það verður að vera mark og mið alþingis, að reyna til af ýtrustu kröptum að stuðla til þess, að fá smám saman svo miklu til leiðar í þessa stefnu, sem því er unnt, og virðist þá eðlilegast fyrst að byrja á þeim vísindum, sem þjóð vor hefir mestar mætur á, en það er alls konar sagnafróðleikur.

Það er alkunnugt, að meðan forfeður vorir áttu með sig sjálfir, var land vort nokkurs konar heimkynni allra þeirra vísinda, er menn þekktu þá hèr á Norðurlöndum, einkum blómgaðist hèr þá alls konar sagnafræði og þau rit er þá voru rituð og samin hèr hafa gjört forfeður vora ódauðlega. En þó vèr nú af eðlilegum ástæðum höfum ekki getað fylgt að öllu leyti framförum tímanna, þá hefir þó ávallt viðhaldizt meðal þjóðarinnar brennandi löngun til að afla sèr alls konar menntunar og fróðleiks, og einkum þekkingar á sögunni sèr í lagi sögu Íslands og fornfræðum Norðurlanda yfir höfuð. Það er þar af auðsætt, hversu kærkomið það væri þjóð vorri, ef hèr á landi yrði stofnsett fast kennara-embætti í sögu landsins, og kennara þeim gjört að skyldu að halda opinbera fyrirlestra í henni, því meðal annars er það ekkert efunarmál, að sá maður, sem eingöngu mætti gefa sig við henni, gæti skýrt hana mjög í mörgum greinum, og þar með stutt ágætlega til að vekja áhuga á öllu því, sem horfir landi voru til framfara. Enn fremur er það að þingsins áliti vel til fallið, að kennara þessum verði gjört að skyldu að halda opinbera fyrirlestra í fornfræðum Norðurlanda, því bæði er almennt ákaflega mikil löngun hjá mönn-

um hèr til að afla sèr þekkingar í þessum fræðum, og sömuleiðis má telja það víst, að þar með styrkist þjóðlegt samband landsmanna hèr í landi við Norðurlönd öll, og við Danmörk sèr í lagi; það mætti og að líkindum ætla á, að slíkt kynni að verða til gagns fyrir vísindagrein þessa yfir höfuð, því það er víst, að eins og fornöld vor verður eigi þekkt til hlítar, nema með því að þekkja seinni tíma sögu lands vors, þar þær standa í nánasta sambandi, hver við aðra, eins verður það að vera eitthvert hið bezta meðal til að geta lært að þekkja fornöld Norðurlanda yfir höfuð, að læra að þekkja sem bezt fornöld Íslands, þar forfeður vorir stóðu þá í hinu nánasta sambandi við Norðurlandabúa yfir höfuð, og menn hafa ekki um neitt land á Norðurlöndum í fornöld eins greinilega sögu eins og um Ísland.

Af því þinginu virtist það augljóst, að ef kennsla þessi ætti að verða að tilætluðum notum, yrði til hennar að velja lærðan mann og vel fróðan í sinni grein, sem þar að auki mætti gjöra ráð fyrir að þyrfti að hafa töluverðan kostnað til bókakaupa o. fl., þá virðist alþingi, að ekki megi ætla minni laun til þessa embættis en 1600 rd.

Að vísu stendur svo á í þessu máli, eins og öðrum þeim, sem hafa nokkurn kostnað í för með sèr, að á meðan alþing hefir engin fjárhagsráð, getur það ekki haft neitt fè að vísa á, en þingið getur ekki annað en treyst því, að eins og yðar hátign mun glögglega sjá það gagn bæði í vísindalega og þjóðlega stefnu, sem hlyti að verða af því, sem hèr er farið fram á, eins muni yðar Hátign og stjórn yðar sjá veg til að fá því framgengt, þó svo standi á sem nú er, og það því heldur, sem líklegt er að það verði að eins um skamman tíma.

Að endingu leyfir alþing sèr þegnsamlega að taka það sèr í lagi fram, að þingið álítur það margra hluta vegna mjög áríðandi fyrir þetta málefni, að því sem allrafyrst mætti verða framgengt.

Þingið leyfir sèr þannig allraþegnsamlegast, að biðja yðar konunglegu Hátign (með 18 atkvæðum gegn 5), að fyrirskipa allramildilegast:

> Að stofnsett verði hèr í Reykjavík fast kennara-embætti með 1600 rd. launum í sögu Íslands og fornfræðum Norðurlanda, og að kennara þeim verði gjört að skyldu, að

halda kauplaust opinbera fyrirlestra á veturna fyrir þeim, er heyra vilja.

Alþingi 16. ágúst 1867.

Allraþegnsamlegast.

Jón Sigurðsson. *Jón Pèturssson.*

NEFNDARÁLIT

um frumvarp til almennra hegningarlaga handa Íslandi. (Sbr. bls. 51).

Alþingi kaus oss undirskrifaða í nefnd til þess að yfirvega og íhuga konunglegt frumvarp til almennra hegningarlaga handa Íslandi.

Vèr höfum nú átt fundi með oss, til að íhuga þetta mál, og leyfum oss nú, að kveða upp álit vort um það fyrir hinu heiðraða þingi á þessa leið. Nefndin viðurkennir það fúslega, að það væri harla mikill ávinningur fyrir Ísland, að í stað hinnar eldri hegningarlöggjafar, sem í öllum aðalatriðum var hin sama hèr, og í Danmörku, komi hin nýju endurbættu hegningarlög Danmerkur frá 10. Febr. 1866, því auk þess, að menn á þann hátt fengju hinar eldri hegningar-ákvarðanir safnaðar saman í eina heild, skipulega niðurraðaðar, og ljósar yfirlits, bæði fyrir þá, sem beita eiga lögunum, og eigi síður hina, sem verður að beita þeim við; þá er nefndinni orðið það á hinn bóginn full-ljóst, að þessi nýju hegningarlög bera vott þeirrar mildi og mannúðar, sem er svo eðlileg og samvaxin þessa tíma menntun, framför og frjálsa skoðunarhætti. Hèr að auki eru afnumdar allmargar hegningar-ákvarðanir hinna eldri laga, sem orðnar eru úreltar og móthverfar hugsunhætti manna, og siðferðislegri meðvitund nú á tímum, og aðrar komnar í staðinn, er betur eiga við. Þess vegna verður nefndin að játa, að landið mundi öðlast mikla og verulega rèttarbót, yrði frumvarp það, er hèr ræðir um, gjört að lögum með þeim breytingum, er nauðsyn krefur, að á því sèu gjörðar, vegna þess sem sèrstaklegt er fyrir Ísland í ýmsum greinum.

En þótt nefndin hafi þannig fylgzt að í aðalskoðun sinni á málinu, þá hefir hana eigi að síður greint á um það, hvort að nú væri kominn tími til, eða hvort það væri allskostar haganlegt, að lögleiða nú þegar hin dönsku hegningarlög hèr á landi án frekari undirbúnings. — Vèr meiri hluti nefndarinnar, Arnljótur Ólafsson, Benedikt Sveinsson, Jón Sigurðsson og Páll Vídalín, erum sem sè komnir að þeirri niðurstöðu, að ráða þinginu frá, að beið-

ast þess, að frumvarp það, er hèr ræðir um, verði nú þegar gjört að lögum, og leyfum vèr oss að tjá þinginu ástæðurnar fyrir þessu áliti voru.

Þess er þá fyrst að geta, að það út af fyrir sig virðist lýsa lítilli nærgætni hjá stjórninni við þingið, hafi hún ætlazt til þess, að það, með þeim margbrotnu og umfangsmiklu störfum, sem það hefir á hendi að þessu sinni og á þeim stutta tíma, sem því er afmældur til allra starfa sinna, skyldi rannsaka svo þetta mál, og setja sig inn í það, sem nauðsyn krefur, til þess það fái stungið upp á þeim breytingum við frumvarpið, sem þó máske væru nauðsynlegar sökum þess, hvað mörgu er háttað hèr öðruvísi en í Danmörku. Að vísu er það bót í máli, að stiptamtmaðurinn og dómendurnir í yfirrèttinum hèr á landi hafa haft þetta mál til meðferðar, eins og sjá má af ástæðum stjórnarfrumvarpsins. En engu að síður er það mjög áríðandi, að hver og einn þingmaður út af fyrir sig geti átt kost á, og fengið tíma og tækifæri til að kynna sèr þetta umfangsmikla mál, og setja sig inn í það, hver eptir mæli þekkingar sinnar, svo að þeir eigi þurfi að greiða atkvæði um það í blindni.

Vèr verðum líka að taka það fram þessu áliti voru til styrkingar, að mjög svo er áríðandi fyrir þingið og hvern einstakan meðlim þess, að gæta vel síns ráðgefanda atkvæðis, að það ekki neyti þess, nema því að eins, að það hafi fengið tíma og tækifæri til, að kynna sèr til hlítar hvert málefni, sem borið er undir álit þess, og að það hafi fengið fasta sannfæringu um, að það með atkvæði sínu vinni að verulegu gagni landsins, eigi að eins, hvað áríðandi málefni, eins og þetta er, snertir yfir höfuð, heldur og hin sèrstöku atriði þess. Þetta hlýtur meiri hluti nefndarinnar að leggja þeim mun meiri áherzlu á, sem það sèst af ástæðum frumvarpsins, að stjórnin ekki hefir aðhyllzt ýmsar efnisbreytingar, sem stiptamtmaðurinn og yfirdómurinn í heild sinni hafa stungið upp á.

Þessu næst leyfum vèr oss, að taka það fram, að það eru ýmsir kaflar í hegningarlögunum, sem alls eigi eiga við hèr á landi, eins og nú er ástatt, eða sem mikið yrði að breyta, ef þeir ættu að eiga alls kostar vel við, sem lög á Íslandi; þannig er um 9., 10. og 11. kap. laganna, sem höndla um landráð, brot á móti stjórnarskipuninni, og brot gegn konungi og konungsættinni, að allur þessi kafli laganna gjörir ráð fyrir því stjórnarfyrirkomulagi, sem alls eigi á sèr stað nú sem stendur hèr á landi. Og sama er að segja um 15. kapítula laganna um afbrot gegn trúarbrögðunum, að þar er gjört ráð fyrir fullkomnu trúarbragðafrelsi, sem ekki er til hèr á landi, eða að minnsta kosti er mjög takmarkað.

Ætti nú að lögleiða þá kapitula laganna, sem hèr ræðir um, yrði að umsteypa þeim gjörsamlega, og nema alveg í burtu þær á-kvarðanir, sem ekki eiga við stjórnarskipun landsins, eins og hún er nú. Það er að vísu svo, að í ráði er, að breyta stjórnarskip-unarlögum Íslands, og koma þeim ef til vill í meiri samhljóðun við stjórnarskipunarlög hinna hluta konungsveldisins; en það er engu að síður hulið myrkri ókominna tíma, hve nær það mál verð-ur til lykta leitt, eða hvernig stjórnarskipun Íslands þá verður háttað, svo að það er þess vegna mjög hæpið, að byggja breyt-ingarnar við þenna kafla laganna á þeirri hugmynd, sem menn kynnu að gjöra sèr um það, hvernig stjórnarskipun landsins muni verða hagað með framtíðinni, með því að slíkar ráðagjörðir gætu í reyndinni orðið eintómur hugarburður. Vèr búumst við þeirri mótbáru gegn því, er vèr höfum sagt, að þinginu sè innan handar, að fara því fram, að löggildingu þessa kafla laganna verði skotið á frest, þangað til stjórnarskipunarmálið er komið í kring. En eins og það er óvanalegt hèr á landi, eins er það í sjálfu sèr ó-eðlilegt, að slíta þannig einstaka kafla út úr heild laganna, og láta þá bíða óinnleidda um óákveðinn tíma, hvers vegna vèr verðum að ráða þinginu frá, að aðhyllast þessa skoðun, skyldi henni verða hreift.

Vèr skulum enn fremur leiða athygli þingsins að því, að hegn-ingarlagafrumvarpið gjörir mikilvæga breytingu á þeirri hegningar-aðferð, sem hingað til hefir verið viðhöfð á Íslandi; þannig er hýðingin, sem tilsk. 24. janúar. 1838 heimilar, alveg aftekin, nema að eins á börnum og yngri mönnum, en 18 ára, (sbr. 22. gr. frumvarpsins) en í stað hýðingarinnar er sett fangelsishegning eða tiptunarhúsvinna, eptir stærð og ásigkomulagi þess afbrots, sem hegningin á við. Hèr af leiðir þá, að koma verður upp hæfilega mörgum fangelsum hèr á landi og hegningarvinnuhúsi, hvar að yrði út tekin bæði betrunarhúss- og tiptunarhúsvinna; enda má ráða það af ástæðum frumvarpsins, að stjórnin hefir hugsað sèr, að koma hèr upp með tímanum einu hegningarhúsi í Reykjavík, og að minnsta kosti sínu fangelsi í hverju af landsins þremur ömt-um. Stjórnin hefir nú og sjálf lagt svo mikla þýðingu í þetta at-riði, sem vonlegt var, að það er beinlínis tekið fram í 307. grein frumvarpsins sjálfs, að lög þessi skuli ekki öðlast lagagildi fyrr en skilyrðin fyrir að þeim verði breytt og sèr í lagi fangelsin, sem með þarf, eru til orðin. Menn skyldu því hafa ætlað, að stjórnin hefði leitað álits þingsins, jafnhliða hegningarlagafrumvarpinu, um fyrirkomulagið á fangelsunum og hegningarhúsinu, og sèr í lagi um það, hvaðan kostnaðinn til þeirra skyldi taka, að því leyti sem

hann ætti að hvíla á Íslandi, en það fer fjærri, að svo hafi verið gjört; einungis er þess getið í ástæðum frumvarpsins, að stjórnarráðið hafi hugsað sèr, að kostnaðurinn til amtsfangelsanna legðist á ömtin, en að kostnaðurinn til hegningahússins greiddist úr ríkissjóði eða landssjóði, þegar hann væri til orðinn. Það er nú þannig auðsætt, að nú eigi getur verið umtalsmál, eptir skýlausri ákvörðun 307. greinar frumvarpsins, að vèr getum orðið aðnjótandi þeirrar rèttarbótar, sem lögin annars veita, fyrr en hegningarhúsin eru full gjörð, og þetta atriði er því áhrifameira, sem það ekki einasta er sett af stjórninni, sem ytra skilyrði fyrir lagagildi frumvarpsins, heldur stendur í innra óslitanlegu sambandi við grundvallarreglur og aðalsetningu laganna sjálfra um það, á hvern hátt hegnt skuli fyrir þá glæpi, sem lögin sjálf hljóða um. Auk þessa liggur það einnig, eins og vèr höfum sýnt fram á, í augum uppi, að bygging hegningarhúsanna er bundin mörgum skilyrðum, sem heyra undir þingsins aðgjörðir, svo að fullnaðarálit þingsins að þessu sinni um lögin og væntanlega allrahæstur úrskurður konungs, að þau skuli verða lög á Íslandi, eigi getur leitt til annars, en innleiða slíkt rèttarástand viðvíkjandi glæpamálum hèr á landi (óvíst hvað lengi), sem vèr verðum að álíta með öllu óeðlilegt, og lakara, en það sem nú er.

Vèr höfum þannig, eins og að framan er greint, komizt að þeirri niðurstöðu, að ráða þinginu frá, að fara fram á það, að hegningarlögin verði innleidd hèr nú þegar. Aptur á móti leyfum vèr oss, að ráða þinginu til, að beiðast þess, að stjórn Hans Hátignar gjöri sem fyrst hinar nauðsynlegu ráðstafanir til þess, að fangelsunum og hegningarhúsinu verði komið upp svo fljótt, sem kringumstæður leyfa, og flýtur það að voru áliti, hvað kostnaðinn til þeirra snertir, af sjálfu sèr, að atkvæðis alþingis yrði að leita, að svo miklu leiti, sem spursmál gæti verið um, að hann ætti að greiðast af Íslandi.

Af framanskrifuðum ástæðum ráðum vèr, meiri hluti nefndarinnar, hinu heiðraða þingi til:

1. Að ráða Hans Hátign konunginum frá nú þegar að lögleiða frumvarpið til almennra hegningarlaga handa Íslandi, og
2. Að stjórn Hans Hátignar annist um, að hegningarhús verði sem fyrst reist á Íslandi, og.
3. Að frumvarpið jafnframt því, sem þessu skilyrði fyrir lagagildi þess verður framgengt, verði lagt á ný fyrir þingið.

Alþingi 13. d. ágústm. 1867.

Jón Sigurðsson. *Arnljótur Ólafsson.* *Benedikt Sveinsson,*
Páll Vídalín. framsögumaður.

Með skýrskotun til vors ágreiningsatkvæðis.

Pètur Guðjónsson. *Bergur Thorberg.* *Jón Guðmundsson,*
formaður.

ÁGREININGSATKVÆÐI

minna hluta nefndarinnar í málinu um konunglegt frumvarp »til almennra hegningarlaga handa Íslandi».

Minni hlutinn, Bergur Thorberg, Jón Guðmundsson og Pètur Guðjónson, verður að vera fastur á þeirri skoðun, að þinginu beri nú þegar að segja álit sitt um frumvarp þetta fyrir fullt og allt, og að það eigi ekki að skorast undan að undirbúa frumvarpið að sínu leyti þannig, að það geti komið út sem lög handa Íslandi. Eins og vèr eigi getum sèð að sú hin almenna mótbára meiri hlutans, að þingmenn hafi eigi haft nægilegt færi á að kynna sèr frumvarp þetta, sè á gildum rökum byggð, eins fáum vèr eigi heldur fallizt á hinar sèrstaklegu ástæður, sem til eru færðar um þau vandkvæði, sem talið er að á því sèu, að löggilda ýmsa kafla frumvarpsins, nú þegar, og skýrskotum vèr í því tilliti til þess, sem hèr á eptir mun sagt verða.

Eptir að vèr höfum ýtarlega yfirvegað frumvarpið, finnum vèr að eins ástæðu til að stinga upp á mjög fáum, og að mestu leyti óverulegum efnisbreytingum á því, og þar sem stiptamtmaðurinn og dómendurnir í yfirrèttinum einnig hafa haft málið til meðferðar, og uppástungur þeirra, sem eigi heldur voru margbrotnar, eru þinginu kunnar af ástæðunum fyrir frumvarpinu, þá virðist málefni þetta, eins og það nú liggur fyrir, engan veginn vera svo margbrotið, að það sè ofætlun fyrir þingið að segja um það álit sitt.

Það atriði, sem nokkrum erfiðleikum veldur, þegar ræða er um löggildingu frumvarpsins, er, að ekki eru til fangahús hèr á landi, svo hegningarákvarðanir frumvarpsins, að því leyti þær fyrirskipa hegningarvinnu og fangelsisstraff, ekki verða framkvæmdar eptir orðanna hljóðun. Þó virðist þetta ekki geta gefið þinginu gilda ástæðu til að neita, að segja álit sitt um frumvarpið, og hafna svo og snara frá sèr lögum, er hafa í sèr fólgna svo almenna og verulega rèttarbót fyrir alla landsbúa, og grundvalla fulla rèttarvissu í svo mörgum greinum þar, sem eigi er fyrir nema að eins óviss og reykandi rèttarvenja, með því oss finnst í sjálfu sèr ekkert geta verið á móti því, að fallast á bráðabyrgðarákvörðun um, að lögin eigi skyldu ná gildi fyrr en fangahús eru komin hèr upp, áþekkt því, sem fyrir er mælt í 307 gr. frumvarpsins. Eigi að síður finnst

oss það ekki í alla staði viðkunnanlegt, að binda þannig gildi laganna við tímatakmark, sem menn ekki þekkja, og sem getur legið bæði nær og fjær, sakir mismunandi skoðunar og álita manna um eindregna nauðsyn þessara fangahúsa, um fyrirkomulag þeirra og fjölda, og um það hvaðan og hvernig verði útvegað fè til að standast kostnaðinn við þau. Minni hlutanum varð því að sýnast miklu fremur tiltækilegt, að fara með lög þessi á sama hátt og önnur hegningarlög, sem hèr gilda, og sem innihalda ákvarðanir um hegningarvinnu og fangelsi, og það er því álit vort, að rèttast sè að setja í 307 gr. ákvörðun um, hvern dag lögin skuli fá gildi, og ákveða þann dag eptir því, hversu snemma lögin koma út, og gæti það þá verið 1. ágústmán. 1868, ef lögin yrðu þinglesin á næstu manntalsþingum eður 1. ágústmán. 1869, ef lögin yrðu ekki þinglesin fyrr en ári síðar, en jafnframt yrði þó að bæta við bráðabyrgðarákvörðun um, að vandarhagga refsingin yrði fyrst um sinn við höfð eptir sömu reglum og hingað til, í staðinn fyrir hegningarvinnu og fangelsi. Þar eð nú sú aðalrèttarbót, sem lög þessi veittu Íslandi, ekki er fólgin í formi hegningarinnar, eða í því, þó þau hefðu í för með sèr, að fangelsisstraff kæmi í staðinn fyrir vandarhagga-refsingu, heldur í hinum miklu yfirburðum, sem lög þessi að öðru leyti hafa yfir hin nú gildandi hegningarlög, en þessir yfirburðir eru ljóslega teknir fram í álitsskjali nefndarinnar (meiri hlutans) hèr að framan, þá er auðsætt hversu mikilsvert það er, að lögin nái sem allra fyrst gildi hèr á landi, án þess þau verði látin bíða eptir þeim tíma, sem vèr að vísu óskum og vonum, að sè nálægur, að það takist, að koma hèr upp fangahúsum, að minnsta kosti þegar stundir líða fram. Vèr erum þess og fullvissir, að stjórnin muni gjöra hinar nauðsynlegu ráðstafanir til þess, að húsum þessum verði komið upp hið allra fyrsta, og getum vèr í því tilliti fallizt á 2. niðurlagsatriði hjá meiri hlutanum.

Vèr skulum því næst fara nokkrum orðum um hinar helztu breytingar, sem vèr stingum upp á við frumvarpið, í þeirri röð sem þær koma fyrir, en að öðru leyti geta þess, að allmargar uppástungur um orðabreytingar, sem ekki þóttu þurfa frekari útskýringar við, einungis eru teknar fram í niðurlagsatriðum þessa ágreiningsatkvæðis vors.

Um 10. grein: Þar eð hýðing eptir lögum þessum á mjög sjaldan að við hafast en einungis verður beitt við börn og unglinga, virðist oss eiga betur við, að hegning þessi sè nefnd »refsing», og að refsing með »reyrpriki» og »refsing með vendi» sè í grein þessari sett í staðinn fyrir »hýðing með reirpriki» og »hýð-

ing með vendi». Áþekk breyting stingum vèr upp á, að gjörð sè á öðrum stöðum í frumvarpinu, þar sem orðið »hýðing» kemur fyrir.

Um 12. grein: Þar eð vèr verðum að álíta, að orðið *tugthús* og tugthúsvinna sè búið að öðlast borgararètt í málinu, og muni skiljast betur af almenningi, en »typtunarhús» og «typtunarhúsvinna», stingum vèr upp á, að hin fyrrnefndu orð sèu sett í staðinn fyrir hin síðarnefndu, bæði í þessari grein og annarstaðar í frumvarpinu, þar sem þau koma fyrir.

Um 17. grein: Án þess vèr viljum stinga upp á nokkurri breyting á efni greinar þessarar, höldum vèr að ákvörðunin í annari málsgrein 17. greinar mundi verða ljósari ef hún væri orðuð á þessa leið: »Eptir atvikum og einkum eðli misgjörningsins má »hið sama einnig eiga sèr stað, þegar hinn sakfelldi hefir gjört sig »sekan til hegningar í fangelsi við vatn og brauð, og honum áður »hefir verið refsað fyrir misgjörninga á Íslandi eður annarstaðar».

Um 21. grein: Í niðurlagi greinar þassarar er ákveðið, að sá sem settur er í fangelsi við vatn og brauð megi ekki reykja tóbak. Með tilliti til þess, að það er ekki mjög almennt hèr á landi enn sem komið er, að menn *reyki* tóbak, og brúkun neftóbaks og jafnvel munntóbaks er almennari, höldum vèr að bannið móti að reykja hafi ekki mikla þýðingu, og vèr álítum því, að annaðhvort eigi að sleppa ákvörðuninni, eða rýmka hana þannig, að hún næði til alls konar tóbaksbrúkunar, og leyfum vèr oss að ráða til hins síðara.

Um 31. grein: Þar sem ákveðið er í þessari grein, að sektir þær, sem menn eru dæmdir í, renni í ríkissjóðinn, þá er ákvörðun þessi að vísu eðlileg meðan hið núverandi fyrirkomulag á fjárhag Íslands á sèr stað, en með því að það er tilgangurinn, að sektir þessar verði álitnar sem sèrstaklegar tekjur Íslands og renni inn í landsjóð þess, þegar fjárhagsaðskilnaður kemst á, höldum vèr, að hin sanna meining í ákvörðuninni muni koma ljósar fram, ef hún er orðuð þannig, að sektirnir renni inn í hinn sama sjóð og landstekjurnar.

Um 40. grein: Þar eð oss virðist eigi orðið »bjáni» fullkomlega tákna þá menn, sem skertir eru á vitsmunum, stingum vèr upp á, að orðið »hálfviti», sem almennt er haft um slíka menn, sè hèr viðhaft.

Um 57. grein: Með því það virðist eigi ugglaust um, að orðið »kauplaust» í síðari kafla þessarar greinar kynni að verða misskilið, stingum vèr upp á, að í staðinn fyrir þetta orð sè sett:

»*án þess endurgjald komi fyrir*», eins og oss einnig virðist fara betur á því, að litlu síðar í sömu grein sè sett: »þá, sem eldri eru» í staðinn fyrir: »fullorðnari menn».

Um 58. grein: Þar sem í upphafi greinar þessarar er rætt um ákvörðún hegningar innan þeirra takmarka, sem sett eru í lögum, álítum vèr, að hèr verði að vera meint hin almennu hegningarlög, það er þau lög, er hèr liggja fyrir í frumvarpi, og stingum vèr því upp á, að bætt sè inn í orðinu: »þessum» á eptir lögum; einnig virðist oss meiningin skýrast, ef orðunum: »hversu hættulegt verkið er» er breytt í: »hversu mikil hætta er búin af verkinu».

Um 60. grein: Þar eð orðíð: »sèr í lagi» optast nær er haft í sömu þýðingu og orðið »einkum», en það hèr á að tákna að *jafnframt* öðrum atvikum skuli ávallt efnahagur sakamannsins koma til greina, þegar sekta-upphæð er tiltekin, þá höldum vèr að orðið »*sèrstaklega*» muni eiga hèr betur við, og að endir greinarinnar frá kommunni verði þannig orðaður: »á sèrstaklega ávallt að taka »til greina efnahag sakamannsins«.

Um 8. kap., fyrirsögnina. Þar eð orðið »fyrning» er vanalegra en orðið »fyrnd» um þá hugmynd, að eitthvað missi gildi sitt eða verkanir vegna tímalengdar, t. a. m. fyrning skulda, fyrning rèttinda, leyfum vèr oss að stinga upp á, að orðmyndin fyrning sè hèr heldur við höfð. Einnig höldum vèr að orðið »sök» (eður »sakfelli») eigi ef til vill betur við á þessum stað, en »tilverknaður til hegningar», og stingum vèr því upp á, að fyrirsögn kapítulans sè: «Um fyrningu sakar».

Um 67. grein: Eptir því sem tilhagar hèr á landi virðist oss ástæða til að stinga upp á, að fyrningartíminn yrði ákveðinn nokkru lengri en í Danmörku, og eigi skemmri en 3 ár, og skulum vèr að eins í þessu tilliti geta þess, að þar eð það opt getur borið við, að afbrot eigi verði kunn yfirvaldinu, fyrri en nokkuð löngum tíma eptir að þau hafa drýgð verið, sem að nokkru leyti orsakast af landslaginu, þá óttumst vèr fyrir, að rèttarástandið í landinu kynni að hafa skaða af því, ef fyrningartíminn væri ákveðinn skemmri, en nú var sagt. Vèr stingum því upp á, að »2 ár» á þeim tveim stöðum, þar sem það kemur fyrir í greininni sè breytt í: »3 ár». Enn fremur leyfum vèr oss að stinga upp á, að gjörð sè sú orðabreyting í upphafi greinarinnar, að það verði þannig orðað: »Ef það sannast í sakamáli, að liðin eru» etc.

Um 68. grein: Af þeim ástæðum, sem tilfærðar eru við 67. grein álítum vèr að lengja beri um einn þriðjung fyrningarfrest

þann, sem ákveðinn er í þessari grein, eður frá einu ári til þriggja missira; vèr álítum jafnvel, að ástæða sè til að tvöfalda þann þriggja mánaða frest, sem í greininni er veittur þeim, er hætt hefir við málssókn, til að höfða mál að nýju, og þess vegna í stað orðanna (í niðurlagi greinarinnar): »þegar 3 mánuðir eru liðnir frá því» verði sett: »þegar missiri er liðið frá því» etc.

Um 71. grein: Samkvæmt því, sem að ofan er tilfært um fyrirsögn 8. kapítulans stingum vèr upp á, að upphaf greinar þessarar sè orðað þannig: »Sök fyrnist ekki» o. s. frv.

Um 9.—11. kap.

Minni hlutinn finnur ástæðu til að taka það fram, að honum virðist mega lögleiða hèr á landi ákvarðanirnar í þessum kapítulum án tillits til þess, hvort stjórnarfyrirkomulag það, sem nú er hèr, breytist eður ekki, og að vèr í þessu tilliti verðum að álíta, að þau rök, sem fyrir þessu eru tilfærð í ástæðum stjórnarinnar fyrir frumvarpinu, sèu fullnægjandi. Eptir efni 9. kapítulans álízt rèttara og eiga betur við, að fyrirsögn hans sè þannig orðuð: *Um landráð og drottinssvik.*

Um 72. grein: Þar eð »Danmerkur ríki» hefir verið haft að eins um nokkurn hluta af löndum Danakonungs, en ákvarðanir þær, sem hèr eru settar, hljóta að eiga við um öll þau lönd, er konungur vor ræður yfir, höldum vèr rèttara bæði í þessari grein og annarstaðar þar sem orðið kemur fyrir í eptirfylgjandi greinum, að setja »Danaveldi» eður »hið danska ríki».

Um 77. grein: Þar eð hegning sú, sem ákveðin er í öðrum kafla greinarinnar, eptir voru áliti á að heimfærast upp á hvern þann, sem þegar svo er ástatt, sem hèr er ráð fyrir gjört, hefir skuldbundið sig til að ganga í útlenda herþjónustu, jafnvel þó hann enn ekki hafi uppfyllt þessa skuldbindingu sína, þá virðist oss eiga betur við að setja: »lætur ráðast», eða »leiðast til að ráðast í útlenda herþjónustu», í staðinn fyrir »lætur tillokkast að ganga í útlenda herþjónustu».

Um 105. grein: Með því minni hlutanum virðast orðin «á opinberum stað» fremur óákveðin, og eigi nógu skýrt tákna hið einkennilega við þann stað sem gjört er ráð fyrir, að slíkir fundir sèu haldnir á, en það er að voru áliti, að staðnum sè þannig varið, að þangað geti tálmunarlaust safnazt saman mannfjöldi úr ýmsum áttum, þá stingum vèr upp á, að í staðinn fyrir ofangreind orð sè sett: »er saman hefir þyrpzt á almanna færi».

Um 118.—119. grein: Orðið ávinningur sem kemur fyrir í greinum þessum virðist oss hafa heldur takmarkaða þýðingu, og

og leyfum vèr oss því að stinga upp á, að orðið »hagsmunir» sè sett í staðinn.

Um 121.—122. grein: Þegar málspartar hafa komið sèr saman um, að leggja mál sitt í gjörð, virðist oss ástæða til að láta gjörðarmennina sæta sömu hegningu eins og dómnefndarmenn, fyrir afbrot það, sem um er rætt í grein þessari, og stingum vèr því upp á, að í síðari kafla 121. greinarinnar sè bætt: »gjörðarmaður eður» á eptir orðinu »verði» (verði gjörðarmaður eða dómnefndarmaður), og að áþekk breyting sè gjörð á 122. grein.

Um 123. grein: Í samhljóðun við athugasemdir vorar við 31. grein, stingum vèr upp á, að í staðinn fyrir »ríkissjóðinum» sè sett »sjóði þeim, er landstekjurnar renna inn í».

Um 136. grein: Af því orðið »efniviður» í 3. kafla þessarar greinar virðist vera of takmarkaðrar þýðingar, þar sem það eigi þýðir annað en trjávið, sem hafa á til húsabyggingar eður annara smíða, en ákvörðunin á að geta heimfærzt upp á það tilfelli, að brotið á sèr stað með tilliti til annars efnis, sem embættismaður hefir undir höndum (t. a. m. járn, múrstein o. s. frv.), þá stingum vèr upp á, að hèr sè sett: »efni» í staðinn fyrir »efnivið».

Um 150. grein: Til skýringar ákvörðuninni í þessari grein, leyfum vèr oss að stinga upp á, að fyrri kafli 150. greinar verði þannig orðaður: »Ef menn, sem skipaðir eru af dómi, yfirvaldi, eður öðrum, sem hefir opinbert vald á hendi, til þess að halda skoðunar- álits-, eður virðingar-gjörðir, með eiðsframboði eða með skýrskotun til áður unnins eiðs láta uppi þvílíka skoðun o. s. frv.

Um 15. kap.

Þó almennt trúarbragðafrelsi enn að vísu eigi sè leitt í lög hèr á landi, en ákvarðanirnar í þessum kapitula gjöri ráð fyrir, að slíkt frelsi eigi sèr hèr stað, þá virðist oss samt sem áður eiga að láta ákvarðanir þessar standa óbreyttar, þar sem ætla má, að almennt trúarbragðafrelsi verði hèr bráðum lögleitt, og svo ber þess einnig að gæta, að ákvörðunin í 159. grein á við, án tillits til þessa; hvað viðvíkur ákvörðuninni 157. og 158. grein, þá virðast þær að vísu eins og vèr höfum bent á, að gjöra ráð fyrir almennu trúarbragðafrelsi, en þó að þær þess vegna nú þegar ekki geti fengið gildi á eins rúmu sviði og þeim er ætlað, má samt sem áður strax láta þær ná til þeirra trúarbragðaflokka, sem eptir gildandi lögum mega vera hèr á landi og hafa um hönd guðsdýrkun, og geta þannig ákvarðanir þessar auk hinnar evangelisk-lútersku kirkju orðið heimfærðar upp á alla kristilega trúarbragðaflokka, að því leyti þeir eptir tilsk. 17. nóv. 1786 mega halda guðsþjónustu-

gjörð í kaupstöðum hèr á landi. Hèr að lútandi ákvörðun munum vèr stinga upp á, að bætt verði inn í bráðabyrgðar-ákvarðanirnar aptast í frumvarpi þessu.

Um 160. grein: Í síðara kafla þessarar greinar er svo fyrirmælt, að opinber málsókn skuli því að eins höfðuð fyrir hórdóm, að það hjónanna, sem misgjört er við, krefjist þess; en við ýtarlega íhugun hefir oss virzt varúðarvert að ákvörðun þessi væri lögleidd hèr á landi óbreytt, og vèr höldum, að eptir því sem ástatt er hèr á landi og með tilliti til þess, hversu opt brot þetta kemur hèr fyrir, eigi hið opinbera ekki að sleppa sínum rètti til að átelja slík brot, jafnvel þó það hjónanna, sem misgjört er við, einhverra orsaka vegna, ekki finni sig til knúð eða geti komið sèr til að heimta málsókn, enda mundi slíkt og sjaldan koma fyrir, nema þegar jafnframt yrði krafizt hjónaskilnaðar vegna brotsins; þetta á sèr þó einkum stað um ítrekuð hórdómsbrot, því eins og það eptir núgildandi lögum með vissum skilyrðum er leyft að láta málsókn og sekt niðurfalla fyrir fyrsta brot, þegar það hjónanna sem misgjört er við biður fyrir þið seka, þannig virðist oss einnig eiga að halda ákvarðun frumvarpsins um fyrsta brot, en láta opinbera málsókn ávallt eiga sèr stað um ítrekuð brot. Þá breytingu, sem vèr þannig stingum upp á að gjörð sè á greininni, má gjöra með því, að bæta framan við síðari kafla greinarinnar orðunum: «Fyrir fyrsta hórdómsbrot skal».

Um 186. grein: Þar eð það kynni að verða álitið vafasamt, hvort blygðunarlaust tal, einkum klámyrði, yrði heimfærð undir ákvörðunina í grein þessari, en oss virðist full ástæða til, að þau væru látin sæta hegningu, þar eð þau eru til eins mikils hneykslis og spilla siðum hinna ungu engu minna en saurugt athæfi, þá stingum vèr upp á, að á eptir orðunum «eða er til almenns hneykslis» sè bætt inn í «með hegðun sinni eður orðum».

Í 202. grein virðist orðinu «líkamlegu» ofaukið framan við «ofbeldi»; því í þetta orð verður eptir íslenzku máli eigi lögð önnur þýðing heldur en sú, sem hèr er um að ræða, þ. e. að leggja hendur á eða beita vopni við annan til þess að misbjóða eða misþyrma mótstöðumanni, og svarar því fyllilega til orðanna, «personlig Vold» í danska lagaboðinu; í sömu greininni kemur fyrir orðið «undirlagt» (ef ofbeldið hefir verið undirlagt) og 205. gr. »undirlögðu ráði» (hafi ofbeldisverkið ekki verið framið að undirlögðu ráði). En þar eð orðið, *að leggja eitthvað undir* eiginlega hefir tillit þess, að fleiri en einn komi sèr saman um eitthvað, höldum vèr að orðið «fyrirhugað» mundi eiga hèr betur við.

Um 215. grein: Sem orðabreytingu stingum vèr upp á, að sett sè í upphafi greinar þessarar «nær til sín barni» í staðinn fyrir «tekur barn».

Um 254. grein: Jafnvel þó það að vísu sè vafalaust, að þeim, sem draga *undan* uppskript og virðingu fjármuna í dánarbúi, við afhendingu fyrir annan á umboðssýslan t. d. verzlun, við forstöðumanna skipti, fjárhaldi og gæzlu kirkna o. fl., þó það ekki beinlínis væri til þess að draga fjármunina undir sig og þannig skerða rètt annara, er þá ættu að eignast, heldur ef til vill, til að komast hjá, að greiða af þeim lögskipuð gjöld til þess að ávinna sèr óbeinlínis hagsmuni, losast þar með eða draga úr skuld eða skuldbindingu við þann erfingja eða fráfaranda, er í hlut á o. fl., verði hegnt eptir lögum þessum, höldum vèr þó rèttara, að þetta tilfelli, sem vèr ætlum að opt komi fyrir, væri beinlínis tekið fram, og stingum vèr því upp á, að í grein þessari sè setningunni: »eins, hver sem dregur undir sig fjármuni dánarbús», sè breytt þannig: «eins hver sem dregur undan, eða undir sig fjármuni dánarbús».

Um 259. grein: Þó að op. br. 1. sept. 1786 hafi aldrei náð neinni «practiskri» þýðingu eða verulegum árangri eptir stefnu sinni og tilgangi, þá er samt auðsætt, að tilefni tèðs lagaboðs voru »*tíundarsvikin*» hèr á landi, er fóru vaxandi, og það stefndi að því að girða fyrir þau með viðlögðum sektum. Hinn sami almenni grunur liggur enn á því, að fè sè allvíða eigi talið sem rèttast fram til tíundar, og virðist oss því liggja beint við, að tíundarsvik og annar áþekkur undandráttur sè með berum orðum tekið fram sem dæmi uppá afbrot þau, sem um er rætt í þessari grein.

Um 294. grein: Þó vèr að vísu eigi finnum ástæðu til að stinga upp á breytingu á sektarupphæð þeirri, sem ákveðin er í þessari grein, heldur þykir oss hún vera við hæfi, skulum vèr eigi að síður benda á, að upphæð þessi er hin sama og sú, sem ákveðin er fyrir sama brot í hinum almennu dönsku hegningarlögum frá 10. degi febrúarmánaðar 1866, og að hèr er því gjörð undantekning frá hinni almennu reglu sem fylgt er í frumvarpinu, að sektir eru þar helmingi lægri en í hinum dönsku hegningarlögum, en oss finnst því síður ástæða til að óska neinnar breytingar á þessu, sem hin hèr um rædda sekta ákvörðun er samkvæm 7. grein í tilskipun dagsettri 5. janúar 1866 um fjárkláða og önnur næm fjárveikindi á Íslandi.

Um 307. grein: Eins og að framan er ávikið, álítum vèr, að rèttast sè, að ákveða vissan dag, þá er lög þessi öðlist gildi, og er það undir því komið, hvort þau koma svo snemma út, að þau

verði þinglesin á næsta árs manntalsþingum, hvort þau þegar geti fengið gildi 1. águstm. 1868, en af því oss þykir þetta nokkuð vafasamt, stingum vèr upp á, að í þessu tilliti verði ákveðinn 1. ágústm. 1869.

Á eptir 307. grein stingum vèr upp á, að bætt verði inn í frumvarpið nýrri grein (308. grein) er innihaldi ákvörðun um hvernig vandarhagga refsing skuli beitt, þangað til fangahús komast hèr á, og skal að öðru leyti skýrskotað til athugasemda þeirra, sem gjörðar hafa verið hèr að framan.

Samkvæmt því, sem tekið er fram hèr að framan, viðvíkjandi 158. grein, stingum vèr upp á, að hèr verði bætt inn í nýrri grein (309. grein) viðvíkjandi því, að ákvarðanir nefndrar greinar, þangað til almennt trúarbragðafrelsi kemst hèr á, einungis verða heimfærðar upp á hina evangelisk-lútersku kirkju, og önnur kristileg trúarbragða fèlög, að því leyti þau lögum samkvæmt mega hafa um hönd guðsþjónustugjörð hèr á landi. Eptir að þessum tveim greinum hefir verið bætt inn í frumvarpið, verða greinir þær sem nú eru 308., 309 og 310. grein, að teljast 310. 311. og 312. grein.

Minni hlutinn leyfir sèr þess vegna að ráða hinu heiðraða þingi til, að leggja það til um þetta mál, að hið hèr um rædda frumvarp til almennra hegningarlaga handa Íslandi, verði gjört að lögum með fylgjandi breytingum:

1. Í 10. grein: að «hýðing» á tveimur stöðum verði breytt í «refsing».
2. Í 12. grein að «typtunarhúsvinna» sè breytt í «tukthúsvinna».
3. Í 17. grein, að 2. málsgrein verði þannig orðuð: «Eptir atvikum og einkum eðli misgjörningsins má hið sama einnig eiga sèr stað, þegar hinn sakfelldi hefir gjört sig sekan til hegningar í fangelsi við vatn og brauð, og honum áður hefir verið refsað fyrir misgjörninga á Íslandi, eða annarstaðar».
4. Í 21. grein: að niðurlagsákvörðun greinarinnar sè þannig orðuð: «Öll tóbaksbrúkun er honum bönnuð».
5. Í 22. grein: að «hýðing sè breytt í «refsing», og að hin sama breyting sè gjörð á öðrum stöðum í frumvarpinu, þar sem «hýðing» kemur fyrir.
6. Í 23. grein; að í staðinn fyrir: «tvisvar eða fleirum sinnum 5 dagar», verði sett: «5 dagar tvisvar sinnum eður optar».
7. Í sömu grein, að í staðinn fyrir: «En eiga 5. daginn frjálsan» sè sett «en hafa hlè fimmta daginn».
8. Í 31. grein: að í staðinn fyrir: «ríkissjóðinn» sè sett: «hinn sama sjóð og landstekjurnar».

9. Í 37. grein: að orðunum: «og hann því næst hefði orðið fyrir stærri refsingu» verði breytt þannig: «og hann í annan stað hefði orðið fyrir þyngri refsingu», og að í næstu málsgrein verði breytt orðinu: «stærri» í «þyngri».
10. Í 38. grein: að orðunum: «stærri refsingu», sè breytt í «þyngri hegningu».
11. Í 40. grein: að orðinu «bjáni» sè breytt í «hálfviti».
12. Í 41. grein: að orðinu «forviða» í síðari kafla greinarinnar sè breytt í «frá sèr numinn».
13. Í 47. grein: að í 1. málsgrein, sè orðinu «fullkomnast» breytt í «verið fullkomnað», og að í næstu málsgrein, að «afbrotið fullkomnist» verði breytt í, «að afbrotinu yrði að fullu framgengt»
14. Í 48. grein: að í staðinn fyrir «höfuðsmanninum» sè sett: «forsprakkanum», eða «frumkvöðlinum», og að hin sama breyting sè gjörð annarstaðar, þar sem orð þetta kemur fyrir í frumvarpinu.
15. Í 52. grein: að í staðinn fyrir «hvötum» verði sett: «upphvatningum» eða «áfýsingum».
16. Í 54. grein og annarstaðar í frumvarpinu þar sem það kemur fyrir, sè «vítislaus», breytt í: «vítalaus».
17. Í 55. grein: að á milli orðanna: «eins og væru þeir» .... og «valdir að glæpnum» sè bætt inn í: «hver fyrir sig».
18. Í 57. grein: að í staðinn fyrir orðið «kauplaust» í síðara kafla greinarinnar verði sett: «án þess endurgjald komi fyrir».
19. Í sömu grein síðar: að í staðinn fyrir «fullorðnari menn» verði sett: «þá sem eldri eru».
20. Í 58. grein: að í öndverðri greininni sè á eptir orðunum: «sem sett eru í lögum» bætt inn í «þessum».
21. Í sömu grein: að í staðinn fyrir orðin: «hversu hættulegt verkið er» verði sett: «hversu mikil hætta er búin af verkinu».
22. Í 60. grein: að orðið «sèrstaklega» sè sett í staðinn fyrir «sèr í lagi».
23. Í 63. grein, 2. kafla sè sett «venjulega» í staðinn fyrir «jafnaðarlega».
24. Að fyrirsögn 8. kapítula verði: «Um fyrningu sakar».
25. Í 67. grein: að í byrjun greinarinnar sè sett: «Ef það sannast í sakamáli» í staðinn fyrir: «Ef sakamál er höfðað, og það sannast».
26. Í sömu grein: að í staðinn fyrir «2 ár» á tveim stöðum í greininni sè sett «3 ár».

27. Í 68. grein: að í staðinn fyrir «1 ár» sè sett: «3 missiri», og í staðinn fyrir «3 mánuðir» sett: «missiri», og í staðinn fyrir «1. árs» sett: «þriggja missira».
28. Í 69. grein, i upphafi: «Sök fyrnist ekki» í staðinn fyrir: »tilverknaður til hegningar fyrnist ekki».
29. Að fyrirsögn 9. kapítula verði þannig: «Um landráð og drottinssvik».
30. Í 72. grein, og annarstaðar, þar sem «Danmerkur ríki» kemur fyrir, sè sett í staðinn «Danaveldi» eður «hið danska ríki».
31. Í 73. grein: að seinni málsgrein verði þannig orðuð: «En gjöri maður Danaveldi til miska eður tjóns, samtök..... til þess að *vinna hana* (koma henni) *til að skerast í málefni konungsríkisins, eða gjöra kröfur til ríkisins*, þá varðar það o. s. frv».
32. Í 77. grein, að sett sè: »lætur ráðast (lætur leiðast til að ráðast) í útlenda herþjónustu», í staðinn fyrir «lætur tillokkast að ganga í útlenda herþjónustu».
33. Í 83. grein í fyrsta kafla, fyrir «ríkisstjóra» setjist: «landshöfðingja;» í 4. kafla:
    a. að upphaf 4. kafla orðist þannig: «En gjöri maður á hluta útlends veldis o. s. frv».
    b. að sett sè «útlend veldi» í staðinn fyrir «útlendar þjóðir».
34. Í 88. grein sè sett: »á tilsettum tíma» í staðinn fyrir:» í eitthvert skipti».
35. Í 90. grein, að sett sè »smánun» í staðinn fyrir »svívirðing».
36. Í 91. grein að sett sè: »sem ber að sýna konungi» í staðinn fyrir: »sem konungi ber».
37. Í 99. grein, að upphaf greinarinnar sè þannig orðað: »Hver, sem með ofbeldi eður hótunum um ofbeldi ræðst á embættismann, þegar hann er að embættisverki, eður út af embættisverki, og eins sá» o. s. frv.
38. Í sömu grein, að orðið »vald» sè sett í staðinn fyrir: »yfirboð».
39. Í 102 grein, að upphaf greinarinnar verði þannig orðað: »hver, sem veður upp á embættismann, eða nokkurn þann mann, sem nefndur er í 99.—101. greinar með smánunum, skammaryrðum, eður öðrum meiðandi orðum, þegar hann o. s. frv.»
40. Í 104. grein, að niðurlag greinarinnar verði þannig orðað: »en hafi mannsöfnuðurinn rofizt annaðhvort af sjálfsdáðum, eða eptir áskorun yfirvaldsins, án þess, að óskundi hafi verið gjörður mönnum, eður á fjármunum, skal að eins refsa for-

sprökkunum með fangelsi eða betrunarhúsvinnu allt að einu ári».

41. Í 105. grein: að í upphafi greinarinnar eptir »mannsöfnuð» sè sett: »er saman hefir þyrpzt á almanna færi», en »á opinberum stað» falli burt.
42. Í 118. og 119. grein: að orðið »hagsmunum» sè sett í staðinn fyrir »ávinningi».
43. Í 121 grein, að í 2. kafla greinarinnar sè á eptir fyrsta orðinu »verði» bætt inn í »gjörðamaður eður» og að í 122 grein sè á eptir »dómara» bætt inn í: »gjörðarmanni».
44. Í 123. grein, að í staðinn fyrir »ríkissjóðnum» sè sett: sjóði þeim, er landstekjurnar renna inn í«.
45. Í 125. grein. Upphaf greinarinnar orðist þannig: «Embættismanni, er beitir embættisvaldi sínu til þess, að þröngva nokkrum manni á ólöglegan hátt» o. s. frv.
46. Í 127. grein, að sett sè: «þröngva mönnum» í staðinn fyrir «kúga mann».
47. Í 136. grein, að í 3. málsgrein sè sett: «efni» í staðinn fyrir «efniviður».
48. Í 138. grein, að sett sè: «sem hann veit» í staðinn fyrir «sem hann veit um», og «ekki er skuldugur um» í staðinn fyrir: «ekki er skuldugur um þau».
49. Í 150. grein að í stað orðanna: «láta með eiði, eður skýlaust samkvæmt áður unnum eiði uppi þvílíka skoðun», sè sett: »með eiðsframboði, eður með skýrskotun til áður unnins eiðs láta uppi þvílíka skoðun».
50. Í 153. grein, að sett verði: «skriflega vottun», og «vottun með eiði» í staðinn fyrir: «skrifleg sönnun» og «sönnun með eiði».
52. Í 160. grein, að síðari kafli greinarinnar orðist þannig: «Fyrir fyrsta brot skal opinber málssókn því að eins höfðuð, að það hjónanna, sem misgjört er við, krefjist þess».
52. Í 186. grein, að bætt sè inn í: «með hegðun sinni eður orðum« á eptir orðunum: «til almenns hneykslis».
53. Í 202. grein, að «líkamlegu» fyrir framan »ofbeldi» falli burt, og að sè sett «fyrirhugað» í staðinn fyrir síðasta orð greinarinnar «undirlagt».
54. Í 205. grein, að sett verði: «af fyrirhuguðu ráði» í staðinn fyrir: «af undirlögðu ráði».
55. Í 213. grein, að orðin: »skaðleg áhrif á geðsmuni hans eður

heilsufar», verði þannig: «skaðleg áhrif á geðsmuni hans, heilsufar eða atvinnu«.

56. Í 115. grein, að í staðinn fyrir orðin: «tekur barn« komi: «nær til sín barni».
57. Í 217. grein, að fyrir orðið: «samborgarmanna» komi: »meðborgara« eður: »meðbræðra».
58. Í 230. grein, að í stað orðanna í niðurlagi greinarinnar: þess sem þeirra var á milli, komi: «stöðu þeirra».
59. Í 237. grein, að í stað orðsins: «aldin» verði sett: «jarðarávöxtu».
60. Í 240. grein, að fyrir orðatiltækið í öndverðri greininni: «leggja laun á», verði sett: »leggja launung á», og eins í upphafi 244. greinar og í 255. grein.
61. Í 242. grein, að orðinu «sambrotlegur», verði breytt í «meðsekur».
62. Í 253. grein, að fyrir orðatiltækið (seint í greininni): «kaupir vörur í skuld» komi: «tekur vörur að láni».
63. Í 254. grein, að orðunum í miðri greininni: «dregur undir sig, verði breytt í: «dregur undan eða undir sig».
64. Í 257. grein, að orðunum í niðurlagi: «aðra slíka hindurvitni» verði breytt í: «önnur slík hindurvitni».
65. Í 258. grein, í stað orðanna «mjög miklar» (málsbætur) komi: «verulegar» (málsbætur eru).
66. Í 259. grein, að orðinu »jafnfætis þeim» verði breytt í: «jafnhliða þeim», og strax á eptir bætist inn í: «t. d. tíundarsvik og annar áþekkur undandráttur.
67. Í 268. grein, að fyrir orðið: «höfuðsmanninum» verði haft «frumkvöðlinum».
68. Í 270. grein, að fyrir orðið: «valdsbréf» verði haft «fullmakt».
69. Í 277. grein, að orðaröðinni í upphafi greinarinnar verði breytt þannig: «Ef maður ritar undir skjal nöfn, er hann sjálfur finnur upp, eiga við það ákvarðanir þær», o. s. frv., og að orðin: «við um það» seinna í greininni falli burt.
70. Í 279. grein, að orðið «réttaðir» í síðari kafla greinarinnar breytist í «löggildir», og «löglegan» í «réttan».
71. Í 280. grein, að fyrir orðið «órétti» í síðari kafla greinarinnar komi: «hallanum».
72. Í 282. grein, að fyrir orðin: «yfirgripsmikilli eyðingu», komi: «stórkostlegu tjóni».
73. Í 283. grein, að upphaf greinarinnar verði þannig orðað: «Leggi maður eld í hús eður skip annars manns, þegar öðru-

vísi er ástatt, þá má» o. s. frv., og að orðunum, »verkstaði» og «jafnfætis» í síðasta kafla greinarinnar verði breytt í: «verksmiðjur» og «jafnhliða».

74. Í 284. grein: að eptir orðið »akur« í upphafi greinarinnar verði bætt inn í; »eða engi« og að fyrir orðið »eyðingu« í niðurlagi greinarinnar komi »misfelli«.
75. Í 286. grein: að síðasta orð greinarinnar »upp« falli burt.
76. Í 289. grein: að orðunum» til að gjöra flóð« verði breytt í »með þeim hug, að hleypa vatnsflóði yfir« og niðurlagsorðum fyrra kaflans »ferst af því«, í »bíður bana«, og enn, að fyrir »gjöra flóð«, komi »hleypa yfir vatnsflóði«.
77. Í 290. grein: að fyrir orðin: »rykkir spöngunum« komi: »færir járnsporin«, og fyrir »ferst af því« í enda fyrra kaflans »bíður bana«.
78. Í 292. grein: að fyrir orðin: »er hætta búin af að nota þær« komi: »sè þar af hætta búin«.
79. Í 293. grein: að orðið: »dreifist út« í upphafi greinarinnar breytist í: »útbreiðist«, og að málsgreinin: »sem yfirvöldin hafa . . . »dreifist út« verði þannig: »sem yfirvöldin hafa skipað fyrir til þess að afstýra næmum sjúkdómum, eða útbreiðslu þeirra, skal sæta« o. s. frv.
80. Í 294. grein: að upphaf greinarinnar verði þannig: »Verði nokkur maður uppvís að því, að hann hafi af ásettu ráði valdið útbreiðslu næmra sjúkdóma« o. s. frv., orðið: »um« eptir skipað, falli burt, og að: »dreifist út« í niðurlagi greinarinnar einnig verði breytt í: »breiðist út«.
81. Í 296. grein: að »leiðarvísa eða rastarstaura« verði breytt í »leiðarvísa, vörður eða rastarstikur«.
82. Í 299. grein: að greinin verði þannig orðuð: »hver sem verður brotlegur í frekri misþyrmingu, og annari þrælslegri og harðýðgisfullri meðferð á skepnum, einkum húsdýrum, skal sæta sektun allt að 100 ríkisd. eða einföldu fangelsi allt að 4 mánuðum«.
83. Í 300. grein: að fyrir orðin: »sjálfviljandi geldur« komi: »býður fram og greiðir«.
84. Í 307. grein: að greinin verði þannig orðuð: »lög þessi öðlast gildi fyrsta dag ágústmánaðar 1869«.
85. Að bætt sè inn í eptir 307. grein nýrri grein þannig hljóðandi:

»308. grein. Í þeim tilfellum, þar sem lög þessi ákveða fangelsisstraff og hegningarvinnu um 2 ár, og skemmri tíma, skal, þangað til

búið er að koma upp fangahúsum á Íslandi, beita vandarhaggarefsingu, og sektum eptir reglunum í tilskipun 24. janúarmánaðar 1838 4. grein. Það skal birt með konunglegri auglýsingu, hve nær ákvörðun þessi falli úr gildi».

86. Að enn fremur verði hèr strax á eptir bætt inn í nýrri grein svo hljóðandi:
»309. grein. Þangað til svo er komið, að almennt trúarbragðafrelsi verði lögleitt á Íslandi, skal hin almenna ákvörðun í 158. grein í lögum þessum að eins ná til hinnar evangelisk-lúterku kirkju, og til þeirra kristilegu safnaða, sem myndast mega í kaupstöðunum á Íslandi, samkvæmt tilsk. 17. d. nóvembermán. 1786.

87. Að 308., 309. og 310. grein verði 310., 311. og 312. grein.

Alþingi, 13. d. ágústm. 1867.

P. Guðjónsson. Bergur Thorberg. Jón Guðmundsson.

ATKVÆÐASKRÁ

til tilskipunar um friðun á laxi á Íslandi.

---

1. grein.

1. *Páll Vídalín*: að í staðinn fyrir »til 1. júnímánaðar« (í tölul. 2) verði sett: »til 20. maímánaðar«. (Samþ. með 17 atkv. gegn 3).

2. *Nefndin*: (frumvarp hennar 1. grein, með áorðinni breyting eða óbreytt):
Enginn má frá 1. septembermánaðar ár hvert til 1. júnímánaðar næsta ár veiða eður deyða á nokkurn hátt lax í ám, árósum, vatna-ósum, stöðuvötnum, tjörnum, lónum, fjörðum eða fyrir sjáfarströndum; nè heldur við hafa, leggja eður liggja láta veiðivèlar fyrir lax. (Samþ. í einu hljóði).

2. grein.

3. *Nefndin:* (frumvarp hennar 2. grein, óbreytt):
Á öðrum tíma árs, en nú var mælt, má lax veiða, en þó með takmörkunum þeim, er nú skal greina: (Samþ. með 23 atkv.),

3. grein.

4. *Benedikt Sveinsson*: að bætt verði aptan við greinina: »fyrir hverjar 3 álnir af lengd vèlarinnar í vatn eða sjó fram«. (Samþykkt með nafnakalli með 12 atkv. gegn 11).

5. *Nefndin:* (frumvarpsins 3. grein með áorðinni breyting eða óbreytt):

Enginn skal leggja eður við hafa nokkra veiðivèl fyrir lax frá náttmálum á laugardegi til miðnættis sunnudagskveldið næsta eptir; nè heldur á þessum tíma liggja láta, nema veiðivèlin sè föst, og verði eigi án stórskemmda upp tekin; því þá má hún kyrr vera, en autt op skal þá vera á henni, er gangi ofan í botn og upp úr, í hið minnsta 1 alin á breidd. (Samþykkt með 22 atkv.).

4. grein.

6. *Nefndin*: (frumvarpsins 4. grein óbreytt):

Hvergi, þar sem lax gengur, má hafa lóðir, eður þau veiðarfæri, er náð verði með smálaxi. (Samþ. með 22 atkv.).

5. grein.

7. *Páll Vídalín*: að síðari hluti greinarinnar verði þannig orðaður: »með minni möskvum en svo, að tveir þumlungar sè milli hnúta, eða möskvinn allt í kring átta þumlungar, og sè mælt, er möskvinn er votur; eigi má heldur við hafa á nokkurn hátt þær veiðibrellur, er meini laxi að ganga gegnum möskva þessa«. (Samþ. með 17 atkv. gegn 2).
8. *Ólafur Sigurðsson:* að bætt verði aptan við greinina þessu: «Þó má amtmaður leyfa silungsveiði með smáriðnari netum en nú var sagt, þegar það verður sannað, að veiði-aðferð sú sè mjög arðsöm fyrir hlutaðeigendur, og eigi skaðvæn fyrir laxgönguna». (Samþ. með 19 atkv.).
9. *Nefndin*: (frumvarpsins 5. grein með á orðnum breytingum eða óbreytt).

Á stöðum þeim, er nefndir eru í 1. grein og lax gengur, má enginn til veiðiskapar við hafa net, nè önnur riðin veiðarfæri, með minni möskvum en svo, að $2^1/_4$ þumlungs sè milli hnúta, eður möskvinn allt í kring 9 þumlúngar, nè við hafa á nokkurn hátt þær veiðibrellur, er meini laxi að ganga gegnum möskva þessa. (Samþ. í einu hljóði).

6. grein.

10. *Páll Vídalín:* að í staðinn fyrir «9 þumlungar» verði sett: «8 þumlungar». (Samþ. án atkv.).
11. *Benedikt Sveinsson:* að síðari hluti greinarinnar: «sè grindur ..... en 3 þumlungar» falli í burtu. (Fellt með 11 atkvæðum gegn 8).
12. *Páll Vídalín*: að síðari hluti greinarinnar: «sè grindur ....

en 3 þumlunga» verði þannig orðaður: «skal eigi vera styttra milli rimanna á þeim en 2½ þumlungur». (Samþ. með 16 atkv. gegn 2).

13. *Nefndin*: (frumvarpsins 6. grein með áorðnum breytingum eða óbreytt):

Á veiðivèl hverri skulu vera svo mörg op og svo stór, að enginn lax, sem minni er, en 9 þumlungar ummáls, þar sem hann er gildastur, staðnæmist i vèlinni. Sèu grindur á veiðivèlinni skulu spelarnir standa lóðrètt upp og ofan, og sè eigi styttra milli þeirra, en 2 þumlungar; og ef þverrimlar eru, má millum þeirra eigi vera skemmra, en 3 þumlungar. (Samþ. í einu hljóði).

7. grein.

14. *Jón Sigurðsson*: breytingaratkvæði við uppástungu hans (15. tölul.): að fyrir orðin «einum fimmta hluta» verði sett: «einum þriðja hluta». (Fellt með 13 atkv. gegn 7).

15. *Minni hluti nefndarinnar (Jón Sigurðsson)*: að 7. grein verði þannig orðuð (með áorðinni breyting eða óbreytt).

Enginn má hafa net, nè nokkra aðra fasta veiðivèl, nè garða í ám eður vötnum, sem lax gengur í, er nái lengra fram en í megindýpi árinnar, og aldrei meir en hálfa leið yfir á, þegar vatn er sem minnst í henni. Nú eiga tveir menn á saman, þá er laxgengd er í, og girðir hvor eða leggur veiðivèlar frá sínu landi, þá skal jafnan vera autt bil í milli garða-endanna, eður veiðivèlanna, þar sem áin er dýpst, er nemi einum fimmta hluta allrar árbreiddarinnar. Nú eru kvíslar fleiri í sömu á, og má eigi þvergirða neina þeirra, nema jafnmikil eður meiri laxgengd sè í hinum kvíslum árinnar. Þó nær ákvörðun þessi eigi til þeirra, sem eiga alla laxveiði fyrir ofan í ánni eður kvíslinni. (Fellt með 13 atkv. gegn 7).

16. *Páll Vídalín*: að eptir orðið «árósum» bætist inn í «vatnaósum». (Samþ. án atkvæða).

17. *Benedikt Sveinsson:* að fyrsta málsgrein 7. greinar (í uppástungu meira hlutans tölul. 18) verði orðuð þannig:

«Enginn má hafa fasta veiðivèl með netum, görðum eður á annan hátt, í ám ....., er nái lengra en út í miðjan vatnsfarveg, þá er vatn er sem minnst, og sè þó jafnan 50 faðmar milli vèlanna, gangi þær á misvíxl, sín frá hvoru landi. Nú er föst veiðivèl sett i veiðivatn eður á, og eru króknet lögð frá vèlinni, og skal þá hvorugt fara fram yfir

einn þriðjung vatnsfarvegar, þá vatn þrýtur mest. Svo skal og þriðjungur vatnsfarvegar í miðju opinn, ef föst veiðivèl er sett hvor á móti annari út í veiði-á eður vatn». (Fellt með 13 atkv. gegn 10).

18. *Meiri hluti nefndarinnar (Hjálmur Pètursson, Jón Bjarnason, Jón Pètursson, Ólafur Pálsson)* — frumvarpsins 7. grein, (með áorðnum breytingum eða óbreytt):
Enginn má hafa lagnet, nè nokkra aðra fasta veiðivèl, nè garða í ám, árkvíslum, árósum eður öðrum straumvötnum, sem lax gengur í, er nái lengra út, en yfir einn þriðjung vatnsfarvegarins, þegar vatn er sem minnst í honum, og skal vatnið fyrir utan endann eigi vera grynnra, en þar sem netið, veiðivèlin eður garðurinn er. Þó skal bann þetta eigi ná til þeirra, er eiga alla veiði fyrir ofan í ánni, kvíslinni eður vatninu; samt má enginn þvergirða árkvísl, nema minni laxför sè í henni, en annari kvísl árinnar. (Samþ. með 20 atkv.).

8. grein.

19. *Jón Hjaltalín, Benedikt Sveinsson, Stefán Thordersen:* að bætt verði aptan við 8. grein:
«enda skal hverjum manni heimilt að skjóta og styggja seli í veiði-ám og ósum þeirra». (Samþ. með 13 atkv. gegn 8).

20. *Nefndin* — (frumvarpsins 8. grein, með viðauka, eða óbreytt).
Enginn má á nokkurn hátt fæla lax frá að ganga upp í vötn eður ár, eður upp að þeim, og spilla með því veiðinni. (Samþ. með 17 atkv.).

9. grein.

21. *Nefndin*: — (frumvarpsins 9. grein óbreytt):
Friðlýsa skal á manntalsþingum ár hvert öllum þeim veiðistöðum í þeirri þinghá, er lax gengur, og nefndar eru í 1. grein, og skal sýslumaður gjöra það kauplaust. (Samþ. með 21 atkv.).

10. grein.

22. *Páll Vídalín:* að í staðinn fyrir «9 þumlungar» verði sett «8 þumlungar». (Samþ. án atkvæða).

23. *Benedikt Sveinsson:* að í staðinn fyrir «9 þumlungar ..... eður minni» verði sett: »minni en 9 þumlungar ummáls, þar sem hann er gildastur». (Samþ. án atkvæða).

24. *Nefndin:* (frumvarpsins 10. grein með áorðnum breytingum eða óbreytt).
Enginn má selja eða kaupa lax þann, er 9 þumlungar er um-

máls, þar sem hann er gildastur, eður minni, nè heldur þann lax, þótt stærri sè, en nú var mælt, er hann veit að veiddur var á þeim tíma, er ekki mátti veiða lax á. (Samþ. með 19 atkv.).

11. grein.

25. *Nefndin*: (frumvarpsins 11. grein óbreytt):
Brjóti nokkur lög þessi, skal hann fyrir það sæta sektum frá 1 rd. til 10 rd., og að auk 48 sk. sekt fyrir hvern þann lax, er hann hefir veitt ólöglega; svo skal hann og hafa fyrirgjört veiðinni eður andvirði hennar. Öll ólögleg net og ólöglegar veiðivèlar skulu upptækar, og ólöglegir garðar óhelgir fyrir broti; ef maður hefir og spillt veiðinni fyrir þeim, er fyrir ofan búa, skal hann bæta þeim skaðann, eptir óvilhallra manna mati. (Samþ. með 21 atkv.).

12. grein.

26. *Ólafur Sigurðsson*: að greinin verði þannig orðuð:
»Allar sektir, er falla eptir tilskipun þessari og af andvirði hinnar ólöglegu veiði, veiðineta og veiðivèla, falli í sveitarsjóðinn þar sem brotið er drýgt«. (Fellt með 10 atkv. gegn 10).

27. *Nefndin:* (frumvarpsins 12. grein óbreytt):
»Þriðjungur af sektum þeim, er falla eptir tilskipun þessari, og af andvirði hinnar ólöglegu veiði, hinna ólöglegu veiðineta og veiðivèla, falli til uppljóstrarmannsins, en tveir hlutir í sveitarsjóðinn, þar sem brotið er drýgt». (Samþ. með 16 atkv. gegn 1).

13. grein.

28. *Nefndin* (frumvarpsins 13. grein óbreytt):
Með öll mál um afbrigði laga þessara skal fara, sem opinber lögreglumál; og skal lögreglustjóri, ef sá, er fyrir skaða hefir orðið eður annar, kærir brotið fyrir honum, eður hann fær það á einhvern annan hátt að vita, rannsaka málið og láta dóm ganga í því, nema hinn ákærði játi brotið, og lúki allt það, er honum ber að gjalda, bæði fyrir brotið og fyrir áfallinn málskostnað; eins má öll rannsókn falla burtu, ef hinn seki borgar fyrir brotið, áður en rannsókn er byrjuð. Lögregludómarinn skal dæma um, hvort hið boðna gjald er hæfilegt. Engum skal þó meinað, er fyrir skaða hefir orðið af brotum gegn tilskipun þessari, að höfða málið á sjálfs síns kostnað, ef hann kýs það heldur. (Samþ. með 21 atkv.).

29. Fyrirsögn frumvarpsins: «Frumvarp til tilskipunar um friðun á laxi á Íslandi». (Samþ. án atkvæða).
30. *Nefndin*: að alþing biðji konunginn að láta frumvarp þetta koma út sem lög. (Samþ. með 18 atkv. gegn 3).
31. *Eiríkur Kúld*: að alþing biðji konunginn að láta leggja fyrir næsta alþing lagafrumvarp um laxveiðar, áþekkt frumvarpi nefndarinnar. (Fallinn).

BÆNARSKRÁ

til konungs í fiskiveiðamálinu.

Til alþingis hafa í þetta skipti komið 3 bænarskrár frá Borgarfjarðar-, Ísafjarðar og Norðurþingeyjarsýslu, áhrærandi fiskiveiðar útlendra manna og annað athæfi þeirra hèr við land og kaus þingið 3 manna nefnd til að yfirvega málið, ræddi það síðan á lögskipaðan hátt á 2 aðalfundum og leyfir sèr nú allraþegnsamlegast að láta yðar hátign í ljósi álit sitt og óskir á þessa leið.

Bænarskrár þessar fara í líka stefnu og þær, sem komið hafa til undanfarinna þinga um sama efni, er þær nefnilega kvarta um, að hinir útlendu fiskimenn, sèr í lagi Frakkar og Bretar, eigi einungis spilli fiskiveiðum landsmanna með því að þeir fremji veiðiskap sinn á hinum grynnstu fiskimiðum og enda fari til fiskiveiða á skipsbátum sínum inn á smávíkur og smáfirði, og taki þar fiskinn rètt upp við brimgarðinn, heldur einnig sýni af sèr ýmislegan yfirgang á eignarrèttindi landsmannna, þar sem þeir bæði spilli veiðarfærum þeirra, með því að skera þau eða slíta í sundur, eptir að þeir hafa tekið úr þeim fiskinn, leggist á fuglbjörgin og taki þaðan bæði egg og fugla og steli frá landsmönnum sauðfè og rekavið, sem þeir hafa helgað sèr með því að hafa fært hann saman í kesti, og eru Bretar í bænarskránni frá Norður-Þingeyjarsýslu sèr í lag taldir áfjáðir og ójafnaðargjarnir í þessu tilliti. Uppástungur bænarskráa þessara fara mjög í ýmsar áttir; þannig biður bænarskráin frá Borgarfjarðarsýslu um, að samningur verði gjörður við hina frönsku og ensku stjórn um að þær viðurkenni, að Faxaflói innan linu dreginnar frá Garðsskaga á Snæfellsjökul álítist sem fjörður, er útlend skip eigi megi fara inn á til

fiskiveiða og til vara, að engin frakknesk fiskiskip megi veiða í Faxabugt fyrir 12. maí ár hvert, en þar eptir með sömu takmörkum sem verið hefir; bænarskráin frá Ísafjarðarsýslu, að því leyti sem þingið getur tekið hana til greina, fer því fram, að yðar Hátign sendi 4 gufubáta frá 12—20 lesta stærð með 1 fallbyssu á borð til að hafa eptirlit með athæfi útlendra fiskimanna hèr við land, í stað hins eina skips, sem nú um hríð hefir átt að hafa tilsjón með þeim, samt að stjórn yðar Hátignar útverki það við hina frakknesku og ensku stjórn, að þær sömuleiðis sendi hingað gufubáta til að hafa gát á breytni fiskimanna sinna hèr við land.

Þingið hlaut að viðurkenna, að uppástungur þessar eru þess eðlis, að þeim vart eður ekki verður veitt framkvæmd, þar sem við tvö stórveldi er að segja, er varla munu taka sèrlegt tillit til óskar og þarfa þessa lands, þar sem þeirra eigin þegna hagnaður á annan bóginn á í hlut, og landsmönnum á hinn bóginn ávallt hefir gengið treglega að sanna kvartanir sínar um yfirgang þann á eignarrèttinn, er þeir óneitanlega ekki sjaldan hafa orðið að sæta af slíkum fiskimönnum og yfirtroðslur þeirra á þjóðfiskhelginni, enda er það líka þinginu kunnugt, að stjórn yðar Hátignar að undanförnu fúslega hefir heyrt bænir þess um þetta mál og lagt sitt fram til að afstýra ofríki fiskimanna þessara, með þeim meðölum, sem hún hefir átt ráð á, án þess að henni hafi tekizt að ávinna neitt hjá greindum stórveldum til hagnaðar fyrir fiskiveiðar landsins. Þinginu hlýtur því að þykja það eiga miður við í þessum kringumstæðum að framfylgja uppástungum þeim, sem eptir áðursögðu eru frambornar fyrir það í ofan umgetnum bænarskrám, að undantekinni vara-uppástungu bænarskrárinnar frá Borgarfjarðarsýslu. Þar á móti hefir þingið komizt til þeirrar niðurstöðu (með 21 atkv.) að því bæri að frambera þá þegnsamlegustu bæn fyrir yðar Hátign, að haldið verði áfram samningatilraunum við hina frakknesku og ensku stjórn til verndar fiskiveiðum landsbúa, og leyfir sèr þannig þegnsamlegast að biðja yðar Hátign:

1. (Með 18 atkv.): að yðar Hátign mætti þóknast að bjóða stjórn yðar að halda áfram samningatilraunum sínum við stjórnina á Frakklandi og Rretlandi um fiskiviðar þeirra hèr við land, á þann hátt, er hún sèr oss hentugast eptir málavöxtum og kringumstæðum vorum, og (með 15 atkv.) gegn 6) sèr í lagi, að hún reyni að fá hina síðar nefndu

til að senda hingað herskip á hverju sumri er hafi eptirlit með athæfi brezkra sjómanna við strendur landsins, og

2. (Með 21 atkv.) að stjórnin reyni í samningum sínum við Frakka og Breta að fara því á flot, að fiskiskip þeirra fari eigi til fiskiveiða inn á Faxaflóa nè (með 18 atkv.) Breiðafjörð fyrri en um vertíðarlok (12. maí), ef hún fær eigi stjórn þessara landa til að samþykkja þau veiði takmörk í Faxaflóa og Breiðafirði, er liggja fyrir utan vanaleg fiskimið landsmanna.

Alþingi 14. ágúst 1867.

Allraþegnsamlegast.

Jón Sigurðsson. *Pètur Guðjónsson.*

NEFNDARÁLIT

um konunglegt frumvarp til *stjórnarskipunarlaga* handa Íslandi.

Hið heiðraða alþingi hefir kosið oss, sem ritum nöfn vor undir þetta skjal, í nefnd til þess, að íhuga og kveða upp álit vort um konunglegt frumvarp til stjórnarskipunarlaga handa Íslandi, eins og líka þingið hefir falið oss til álita eigi færri en 15 bænarskrár úr ýmsum hèruðum landsins með samtals 781 nafni undir, sem allar lúta að því, að þingið sendi bænarskrá til konungs um stjórnarbót og fjárhagsaðskilnað við Danmörku m. fl.

Nefndin hefir nú á mörgum fundum íhugað og rætt málefni þetta svo rækilega, sem framast hafa verið föng á, og leyfir sèr nú að kveða upp fyrir hinu heiðraða þingi skoðun sína og álit á því, sem nú skal greina.

Áður en nefndin víkur máli sínu að breytingum þeim á hinum einstöku greinum frumvarpsins, sem hún hefir orðið ásátt um, og ástæðunum fyrir þeim, þykist hún eigi geta með nokkru móti komizt hjá því, að beina rannsókn sinni að ýmsum almennum aðalatriðum, sem að áliti nefndarinnar ekki má fram hjá ganga, eigi hinni sönnu undirstöðu þessa máls að verða hæfilegur gaumur gefinn.

Sè það, sem enginn fær efað, óumflýjanlegt skilyrði fyrir sèrhverri góðri og fullkominni lagaskipun yfir höfuð, að grundvöllur hennar sè rèttur, þá er það ómótmælanlegur sannleiki, að þetta allsherjar skilyrði kemur þó aldrei fram með eins miklu afli og áhrifum, eins og í þeirri lagaskipun, sem að rèttu lagi um aldur og æfi á að gróðursetja og grundvalla heill og hagsæld þjóðfèlagsins í heild sinni, heill og hagsæld lands og lýðs, en að fjalla

um þvílíka lagaskipun fyrir Ísland er einmitt hið vandasama og ábyrgðarmikla ætlunarverk nefndarinnar.

Það getur nú og engum dulizt, sem jafnvel lauslega lítur yfir hinn almenna kafla í ástæðunum fyrir frumvarpi stjórnarinnar, að hún tekur sterklega það tvennt fram: *að* hún sjálf hafi byggt frumvarpið á föstum grundvelli og grundvallarskoðun, *og, að* þessi grundvöllur sé hin eina rètta, Íslandi hagfelldasta, og því ófrávíkjanlega undirstaða undir hinni fyrirhuguðu stjórnarskipun Íslands.

En með því nefndin á hinn bóginn engan veginn getur lagt meira í þessa yfirlýsingu stjórnarinnar, en eðli hennar og málsins yfir höfuð er samboðið, þá fær hún ekki betur séð, en að í henni sé að eins fólgin skýlaus bending til þingsins um hina núverandi skoðun hennar á því aðalsjónarmiði, sem hafa verði fyrir augum við stjórnarskipun Íslands, sem óneitanlega leiðir í för með sèr alvarlega ábyrgð og áskorun fyrir þingið, að samrýma sem allra mest auðið er skoðun sína við stjórnarinnar, en er þar á móti svo langt frá, að útiloka íhugun þingsins og álit, að hún miklu fremur, að nefndarinnar áliti, inniheldur hvöt fyrir þingið, gagnvart þjóð og stjórn, til grandgæfilegustu rannsókna í þessu efni.

Nefndin tekur það þá fyrst og fremst fram, að eins og hver einstakur meðlimur þjóðfèlagsins, eða hver einstaklingur, sem lifir undir sameiginlegri stjórn og lögum, verður eptir hlutarins eðli því að eins svo nýtur, sem unnt er, bæði fyrir *þjóðfèlagið* í heild sinni og fyrir *sjálfan* sig, að lagaskipun þess gefi hinum einstaklegu kröptum hans og hæfilegleikum fullt ráðrúm og vernd til að ná þeirri fullkomnun og þroska, sem mest má verða, og eins og það er víst, að velfarnan hvers þjóðfèlags og hamingja er komin undir fullkomnun og framförum hvers einstaklings, sem þess lögum og stjórn hlýðir, þannig er það með öllu auðsætt, að hver sú stjórn og lagaskipun, sem yfirgrípur fleiri þjóðir, eður þjóðlega einstaklinga, hlýtur að hafa sèr það hugfast, að blómgun og þroski hverrar einstakrar þjóðar, eður þjóðlegs einstaklings, sem hinu sameiginlega veldi lýtur, er einmitt sú eðlilega, sanna og áreiðanlega undirrót og trygging fyrir vexti og viðgangi hinnar æðri sameinandi heildar. Þetta virðist og mannkynssagan frá upphafi og allt til þessara tíma að hafa sýnt og sannað, og að það sè hinn eini rètti og stjórnlegi grundvöllur, sem hver sú stjórn, er hefir yfir ólíkum þjóðernum að ráða, eigi á að byggja.

En eins og það er nauðsynlegt skilyrði fyrir því, að hver einstaklingur í þjóðfèlaginu geti náð fullum þroska og viðgangi, og þannig eflt þjóðfèlag það, sem hann er í, að hann njóti jafnrèttis við aðra og eðlilegs frelsis, þannig hlýtur það og að vera skilyrði fyrir heill og hagsæld hvers einstaks hluta í ríkisheild, þar sem um fleiri þjóðir eða þjóðasamband er að ræða, til þess hann geti sem bezt tryggt og eflt ríkisheildina: 1, að hann njóti jafnrèttis við hina hlutana, og 2, hafi svo frjálslegt og haganlegt stjórnarfyrirkomulag, sem nauðsyn er til, til þess hann geti fyllilega neytt allra krapta sinna.

Þegar nú þannig *hlutarins eðli, stjórnleg hyggindi og veraldarsagan sjálf* öll benda á hinn eina og sama grundvöll fyrir því stjórnarsambandi tveggja eður fleiri þjóða, sem leitt geti þær hverja fyrir sig, og allar til samans, að fullkomlegleikans og hagsældarinnar takmarki, þá ætlum vèr, að það liggi í augum uppi, og þurfi engrar frekari sönnunar við, að menn, er líta skal á og meta *umliðið* stjórnarlegt lagasamband þjóða í millum, hljóta að ganga út frá því, að *grundvallarstefna* þess að minnsta kosti er samkvæm forsjónarinnar alheims augnamiði, jafnrètti, frelsi og fullkomnun. Af þessu leiðir þá, að hver sá, sem fer því fram, að *sögulegt stjórnarsamband* þjóða í millum, sè þannig lagað, að það eigi geti samrýmzt því, sem nú er sagt, hlýtur að finna sèr það skylt, að færa sönnur á mál sitt. Vèr segjum, að vèr höfum sannað, að *líkindin* sè fyrir því, að lög og landstjórn þeirra landa og þjóða, sem heyrt hafa um skemmri eða lengri tíma undir eitt og hið sama veldi, hafi verið þess eðlis, sem *báðum* var fyrir beztu, eður byggð á þeim grundvelli, sem vèr höfum tekið fram.

En eins og allir vita fylgir öllu mannlegu hyggjuviti og skipun ófullkomlegleiki, og honum er jafnvel hið æðsta jarðneska vald, eins og reynsla mannkynsins sýnir, eigi undan þegið.

Því má og svo ráð fyrir gjöra, að sýna megi og sanna, að margt það sè í eldri lögum og landstjórn, sem hvorki fullnægi hinu háleita augnamiði þeirra sjálfra, nè heldur þörfum og rètti þeirra er hlýða áttu.

Sè nú því, er vèr höfum sagt, nægur gaumur gefinn, þegar ræðir um nýja lagaskipun fyrir grundvallar-sambandi milli tveggja eður fleiri þjóða, þá ætlum vèr það *auðsætt*, að hún hljóti, ef vel á að fara, að byggjast:

1. á viðurkenningu og staðfestingu allra þeirra stjórnlegu og lagalegu viðburða, sem sameinazt geta nýjum og sönnum þjóðlegum framförum hvorratveggja, eður allra þeirra, og
2. að allt það sè numið burt úr hinni eldri löggjöf og landsstjórn, sem reynslan er búin að sýna að tálmað hafi hinum jafnrèttislega vexti og viðgangi þjóðernanna.

Vilji menn nú heimfæra það, sem vèr nú höfum sagt, til Íslands, þá er það ljóst hverjum þeim, sem nokkuð þekkir til þess, hinnar einkennilegu tungu Íslendinga, sèrstaklega ástands, landsins fjarlægðar frá öllum öðrum löndum, sögu landsins og hinna einkennilegu hátta innbúanna, er smám saman hafa myndazt í tímanum, og fest rætur hjá þeim, þá er það segjum vèr augljóst, að Íslendingar eru þjóð, sem í fyllsta mæli hefir eðlilega kröfu og óumflýjanlega nauðsyn, svo sannarlega sem hún á að geta náð vexti og viðgangi, og komizt til þeirrar þjóðlegu fullkomnunar, sem forsjónin hefir ætlað henni, til að fá þá stjórn, sem á sem hagkvæmastan og beinastan hátt knýi og veki krapta þjóðarinnar og landsins, en slík stjórn hlýtur auðsjáanlega að vera sem mest í landinu sjálfu. Með þessu eina móti geta menn og gjört sèr von um, að Íslendingar verði nýt þjóð, og að sönnu gagni fyrir samband það, sem þeir á sögulegan hátt eru komnir í við Dani.

Þegar vèr nú þannig höfum sýnt fram á, að Íslendingar hafa eðlilegan rètt, án þess litið sè til sögu landsins, til að fá sem mest sjálfsforræði, og að þetta hljóti að vera hið gagnlegasta fyrir samband það, er vèr stöndum í við Dani, viljum vèr því næst snúa oss til sögu landsins, og skoða, að hve miklu leyti rèttur sá, sem hún gefur oss, sè þessu samkvæmur.

Það er þá hið fyrsta, að Ísland er byggt af ýmsum norðurlandabúum, einkum Noregsmönnum, *ekki sem nýlenda* frá þessum löndum, heldur voru landnámsmenn Íslands mestmegnis höfðingjar, er eigi þoldu að þjóna undir konunginn, og gátu því eigi eirt við stjórnarbreytingu þá, sem skömmu áður gjörðist í Noregi og Danmörku.

Litlu eptir byggingu landsins myndaðist fullkomin og skipuleg stjórn í landinu sjálfu, svo að Íslendingar urðu eitt stjórnarfèlag, án þess að vera öðrum þjóðum háðir, og stóð við svo búið í fleiri aldir.

Síðar meir gáfu Íslendingar sig sjálfkrafa undir Noregskonung með tilteknum skildögum, án þess þó að þeir kæmust í neitt ann-

að stjórnlegt samband við Noregsmenn, en skildagarnir ákváðu og sameinazt gat með fullkomnasta sjálfsforræði þeirra.

Að vísu hafði konungur þannig höfuðsmenn (hirðstjóra, sýslumenn) hèr á landi, er einkum áttu að heimta tekjur konungsins og gæta rèttar hans, en öll stjórnin í landinu sjálfu var að öðru leyti eptir sem áður hjá alþinginu, og ekkert gat orðið að lögum án samþykkis þess; á hinn bóginn voru lög öll, sem komu út í Noregi, Íslandi óviðkomandi. Svo var og dómsvald í hendi alþingis, þó sum mál gætu legið undir dóm konungs.

Þegar stundir liðu enn fram varð Danakonungur einnig konungur yfir Noregi, og við þann sama atburð varð Ísland einnig erfðaland Danakonungs, en hið stjórnlega ástand landsins hèlt sèr að öðru leyti óbreytt.

Þegar konungalögin 14. nóvember 1665 náðu gildi hèr á landi, breyttist staða Íslands gjörsamlega gagnvart konunginum, er hèr varð þá einvaldur, eins og í öðrum löndum sínum, eins og líka stjórnarframkvæmdin varð öll önnur, en fyrr hafði verið, er öll æðsta stjórn landsins fèkk nú smám saman, er stundir liðu fram, meir og meir aðsetur sitt í Kaupmannahöfn, unz Íslandi var alveg stjórnað þaðan með öðrum löndum konungs; og þessi hin sama stjórnarframkvæmd hefir síðan haldizt fram á þenna dag, hvað Ísland áhrærir, eins og líka staða þess gagnvart konungunum. Að vísu hafa þeir tveir viðburðir orðið, að konungur vor hefir endurreist alþingið sèr til ráðaneytis, og, að þjóðþing Dana hefir, síðan það komst á, fjallað um fjármál vor. Eins má og telja það, að konungur vor hefir látið hæstarètt í Danmörku dæma í íslenzkum málum, eptir að hann gaf dómsvaldið frá sèr til dómstólanna í Danmörku.

Eptir að vèr nú þannig í fám orðum höfum vikið á það, hvernig til hafi gengið um stjórnarfyrirkomulag Íslands frá landsins byggingu allt til þessa tíma, verðum vèr að lýsa því áliti voru yfir: að konungur vor sè enn með öllu einvaldur hèr á landi með þeim einu takmörkum, sem leiðir af hinu ráðgefanda atkvæði alþingis, og að Ísland einungis sè honum háð og að lögum engum öðrum.

Það er enn fremur skoðun vor, að jafnskjótt sem einvaldur konungur, sem ræður yfir ýmsum þjóðum, er haft hafa sèrskilið stjórnarfyrirkomulag, áður en einveldi hans hófst, afsalar sèr aptur einveldi sínu, þá beri hverri þjóðinni fyrir sig það stjórnarfyrir-

komulag, er hún áður hafði, nema samkomulag komist á milli konungsins og þjóðarinnar um annað stjórnarfyrirkomulag; eins verðum vèr og að álíta, að einvaldur konungur eigi geti eðlilega yfirlátið til nokkurs annars eður gjört annan hluttakandi í einveldi sínu, nema þá eina þjóð sjálfa, sem hann hefir þegið einveldið frá.

Þegar gætt er nú að öllu þessu, getum vèr á engan hátt skilið, að hinn hásæli konungur vor, Friðrik hinn sjöundi, er hann gaf samþegnum vorum, Dönum, hluttekningu í einveldi sínu hvað þá snerti, hafi við það gefið eða getað gefið Dönum nokkurt stjórnarvald yfir oss Íslendingum, og að þetta ekki heldur rèttilega verði leitt út af þeim stjórnarbreytingum og stjórnarlögum, sem gjörzt hafa á seinni tímum og áður er bent til. Þannig er það, hvað fyrst hin ráðgefandi þing snertir, víst og vafalaust, að oss Íslendingum var með alþingi veitt *samkynja* og í engu mismunandi jafnrètti til samkynja hluttöku í stjórn hinna sèrstaklegu mála móts við hina aðra hluta Danaveldis, er einvaldskonungurinn Kristján hinn áttundi viðurkenndi með stofnun og grundvallarlögum alþingis, að það stæði jafnfætis þingi Eydana, Jóta, Slèsvíkurmanna og Holsetumanna, að því er áhrærði *öll hin sèrstaklegu málefni þessa lands,* og samsvarandi verkahring höfðu og að eins standaþing Dana fyrir þeirra leyti, hvar á móti sameiginleg málefni alls eigi heyrðu undir þau fremur en alþingi, svo hèr var og að því leyti einnig fullt jafnrètti. Saga hinna ráðgefandi þinga í Danmörku og alþingis sýna nú og, að þessu viðurkennda jafnrètti milli þinganna var alls eigi haggað, meðan þau voru samferða.

Til sömu niðurstöðu ætlum vèr og, að menn muni hljóta að komast, þegar litið er til viðburða þeirra, er seinna framfóru, þá er Friðrik konungur hinn sjöundi hèt þegnum sínum stjórnarbót með opnu brèfi 4. apríl 1848; enda hefir og enginn dregið í efa, að þessi hin fyrirheitna stjórnarbót skyldi og ná til Íslendinga. Á hinn bóginn hljótum vèr og að vera á þeirri skoðun, að í yfirlýsingu þessari hafi og falizt sú grundvallarhugsjón hins hásæla konungs, að Ísland skyldi tengjast við Danmörku með sameiginlegum grundvallarlaga-ákvörðunum viðvíkjandi þeim málefnum, sem eptir hlutarins eðli og með óskertri viðurkenningu um jafnrèttisleg landsrèttindi Íslands móts við Dani gætu og hlytu að vera sameiginleg undir sameiginlegri stjórn og lagaskipun. Með tilliti til þessa atriðis var það með öllu eðlilegt, að konungur kvaddi 5 menn fyrir Íslands hönd á ríkisþing, það er skipaði grundvallarlögin 5 júní 1849,

þar sem þau hlutu að innihalda ákvarðanir, sem síðar meir áttu einnig að vera lög á Íslandi. En það er svo langt frá því, að þessi hluttaka frá Íslands hálfu gæti haft nokkur áhrif á jafnrètti Íslendinga gagnvart Danmörku í sèrskildum málum, að hún ekki einu sinni gat haft þá afleiðing, að grundvallarlögin um þau almennu málefni, er vèr minntumst á, gætu fyrir hana orðið lög á Íslandi.

Að þessi skilningur vor sè rèttur, sèst þó ljósast af því, að konungur kveður til þjóðfundar á Íslandi 1851 samkvæmt heityrði sínu í konungsbrèfi 23. september 1848 og eptir kosningarlögunum 28. september 1849, og þannig til fundar sniðins eptir ríkisþingi Dana, og leggur fyrir þenna fund frumvarp til stjórnarskipunarlaga fyrir Ísland, eigi að eins viðvíkjandi hinni sèrskildu stjórn, heldur og þær ákvarðanir grundvallarlaganna dönsku, sem snerta hina sameiginlegu stjórn beggja landanna, þar sem hún meira að segja lagði fyrir fundinn hin nýju grundvallarlög Dana í heild sinni. Á drætti þeim, er orðinn er á hinni fyrirhuguðu stjórnarskipun Íslands eður á ýmsum einstökum bænum alþingis, sem ráðgefanda þings, verður auðsjáanlega ekkert byggt landsrèttindum vorum til hnekkis.

Þegar þessu öllu er þannig varið, þá álítum vèr það í alla staði rètt, gagnlegt og hagfellt fyrir Ísland að komast í nánara stjórnarlegt samband við hina dönsku þjóð, en það, sem vèr getum viðurkennt að hingað til, eptir því sem áður er sagt, hafi að rèttu lagi átt sèr stað, því ef slíkt samband væri skipað á eðlilegan hátt, yrði það mjög svo að geta stutt að því, að efla framfarir þjóðar vorrar, og þannig um leið með tímanum að geta komið Danmörku að góðu liði.

Vèr álítum þannig, að Ísland ætti að hafa sameiginleg mál með Dönum, og að stjórn þeirra málefna, og annað, er þar að lyti, ætti því að vera sameiginlegt með hvorumtveggja, Dönum og Íslendingum, en þar á móti eigi öll þau mál, sem eru sèrstakleg fyrir Ísland, og eigi geta álitizt að snerta hina dönsku þjóð, að heyra með öllu undir stjórn, löggjöf og dómsvald í landinu sjálfu með þeirri takmörkun einni, sem flýtur af því, að konungur vor hefir aðsetur sitt í Danmörku.

Samkvæmt þessum grundvallarskoðunum vorum höfum vèr stungið upp á breytingum vorum á frumvarpi stjórnarinnar við hinar ýmsu greinir þess. Og þó það nú kynni að virðast við laust yfirlit, að þessar breytingar sèu verulegar breytingar í nokkrum aðalatriðum, þá ætlum vèr ljóst, að þær ekki sèu á móti aðalanda

frumvarpsins sjálfs, sem óneitanlega vill binda Ísland og Danmörku saman undir sameiginlega stjórn í sameiginlegum málum, en á hinn bóginn gefa Íslandi sem hagfelldasta og haganlegasta sèrskilda stjórn í landinu sjálfu í öllum þeim málum, sem ekki snerta Danmörku sjálfa; og að breytingar vorar á frumvarpinu gangi í þessa stefnu, mun sjást á ástæðunum fyrir breytingum vorum á hinum einstöku greinum frumvarpsins.

En áður en vèr snúum oss að þessu atriði málsins, viljum vèr leyfa oss að gjöra eptirfylgjandi athugasemdir:

1. Við I. kafla frumvarpsins:

Vèr höfum orðið að álíta það rèttast, að sleppa út úr þessu frumvarpi sem mest verður öllu því, er áhrærir hin sameiginlegu mál, og láta þau bíða til þess tíma, að lög yrðu gefin um hlutteknigu Íslands í þeim, og sem þá yrðu sameiginleg lög fyrir báðar þjóðirnar, og sem slík því hlytu að vera lögð bæði fyrir ríkisþing Dana og alþingi; en þar á móti álítum vèr, að þessi fyrirhugaða stjórnarskrá hlyti að vera sem fullkomnast úr garði gjörð viðvíkjandi hinum sèrskildu málum landsins, sem frumvarpið einmitt sjálft á að gjöra fullnaðarskipun á, og kringumstæðurnar einnig leyfi að nú strax komist í kring; og viðvíkjandi þessu atriði höfum vèr tekið oss til fyrirmyndar stjórnarskrár Dana, að því leyti oss hefir verið unnt, og à þessu er byggð aðalbreytingin á þessum kafla frumvarpsins.

2. Við II.—VIII. kafla stjórnarfrumvarpsins.

Þessir kaflar frumvarpsins, er innihalda almennar og skipulegar ákvarðanir um *stjórnarfyrirkomulag hinna sèrstöku mála Íslands,* eru að nefndarinnar áliti frjálslegir og aðgengilegir yfir höfuð að tala, og sèrstaklega verðum vèr að taka það fram, að VI. kaflinn, að því, er hann lýtur að sjálfsforræði Íslendinga og skattgjafar- eður fjárveitingar-atkvæði alþingis, frambýður það fyrirkomulag, sem tekur langt fram því, er stjórn konungsins hefir gjört Íslendingum kost á til þessa, og hefir nefndin því eigi fundið àstæðu til, að gjöra neinar verulegar breytingar á þessum kafla. En það getur á hinn bóginn eigi dulizt fyrir neinum, að það fer svo fjarri, að það fyrirkomulag hins æðsta framkvæmdarvalds, er frumvarpið ráðgjörir í öðrum kafla þess, einkum í 7.—10. og 21. gr., geti álitizt í nokkurn veginn eðlilegri og rèttri samhljóðan við hið aukna vald og verkahring þjóðþingsins, eins og svo rækilega er gætt í stjórnarskrá Danaveldis og annara þjóða grundvallarlög-

um með lögbundinni konungsstjórn, að ákvarðanir frumvarpsins um skipun og fyrirkomulag hins æðsta framkvæmdarvalds mundu hljóta að leiða til þess, að annars vegar drægist afgreiðsla og úrslit hinna sèrstöku stjórnarmála, er mestu varðar, of mjög út úr landinu og undan eptirliti því og aðhaldi, er æfinlega verður að koma fram af hendi þjóðþingsins andspænis yfirstjórninni og aðgjörðum hennar, ef öll stjórnarbyggingin á að haldast samfelld og fara í lagi, en hins vegar mundi þetta fyrirkomulag hinnar æðri framkvæmdarstjórnar draga um of úr fullnaðaratkvæði því, sem alþingi er veitt að lögum, sljófga það og gjöra aflvana á ýmsan veg. Nefndin getur nú reyndar hugsað sèr, að stjórn konungsins hafi hèr í frumvarps-uppástungum þessum fram boðið oss Íslendingum þau einu stjórnarkjör, sem hún frá sínu sjónarmiði gat hugsað sèr, að þau mættu vera þrengst. En afbrigði þeirra aðalákvarðana, sem hèr ræðir um, frá því, sem viðtekið er í grundvallarreglum samþegna vorra í Danmörku, verða að nefndarinnar áliti alls eigi rèttlætt með því, er ástæður frumvarpsins vilja einkum byggja þau á (stfrv. bls. 21, og í dönskunni bls. 19): »*að stöðu Íslands, sem það nú hefir í ríkinu, sè svo háttað að lögum, að* eigi tjái að fara fram á, að skipa þessu atriði á annan hátt í grundvallarlögum Íslendinga og þar á byggðu fyrirkomulagi stjórnarinnar hèr á landi í hinum sèrstöku málum. Því, að staða Íslands í veldi Danakonungs sè *eigi* sú að lögum, að vèr *ekki* megum og hljótum að njóta fyllsta jafnrèttis við samþegna vora í Danmörku, að því leyti áhrærir stjórnarfyrirkomulag og stjórn hinna sèrstöku málefna þessa lands, heldur sè það jafnrètti þvert í móti grundvallað: 1., í endurreisn og stofnun alþingis með tilskipun 8. marz 1843, og í annan stað skýlaust fyrirhugað og heitið Íslendingum í konungsbrèfi 23. septbr. 1848 af Friðreki konungi hinum 7., er veitti öllum þegnum sínum hluttöku í þeirri einvaldsstjórn, er hann hafði í erfð tekið frá feðrum sínum, Danakonungum, — þetta er allt röksamlega útlistað í álitsskjali voru hèr að framan; eins og vèr einnig höfum leitt ljós rök að því, að Íslendingar hafi bæði eðlilegan rètt til fullkomins sjálfsforræðis í sèrskildum málum, og að þessi skipun sè ríkisheildinni fyrir beztu.

En einmitt af þessum sömu rökum virðist nefndinni eigi hikandi við, að stinga upp á breytingum þeim, er nú koma fram í 8.—10. grein nefndarfrumvarpsins, og fela hinu virðulega þingi, að fylgja fram þeim breytingum, sem nefndin hefir þar stungið

upp á, einkanlega þeim tveimur aðalatriðum, að konungur taki sèr sèrstakan ráðgjafa fyrir Ísland, og að sá ráðgjafi jafnframt landstjórninni beri vanalega og fulla ábyrgð stjórnargjörða sinna, og virðist nefndinni, með tilliti til hins fyrra atriðis, það enn fremur vel að gætandi, að eptir stjórnarfyrirkomulaginu í Danmörku geta ráðherrar konungs þar vikið frá völdum af ýmsum ástæðum, sem ekki standa í neinu sambandi við stjórn sèrskildra mála á Íslandi. Á hinn bóginn virðist það auðsætt, að það gæti raskað allri festu hinnar innlendu stjórnar Íslands, ef hún væri bundin við slíkan hvikulleik, sem henni væri með öllu óviðkomandi. Þetta hlyti að verða því óhappasælla fyrir landstjórn vora, sem menn verða að játa, að hin sèrskildu mál Íslands útheimta nákvæma, sèrstaka reynslu og þekkingu, sem ómögulegt er að afla sèr fyrir útlendan mann í Danmörku, nema því að eins, að hann fjalli um þau í lengri tíma.

Nefndin hefir hlotið að viðurkenna, eins og hreift er í ástæðum stjórnarfrumvarpsins, að sú skipun og fyrirkomulag, sem nú er á alþingi, sè alls eigi hæfilega tryggjandi, er þingið fær löggjafarvald, þar eð eptir hinum frjálslegu kosningarlögum 6. janúar 1857 vantar næga festu, eins og það líka er svo fáskipað, og nefndin er líka fullviss um, að hið virðulega þing aðhyllist þessa skoðun stjórnarinnar, og gjörir góðan róm að breytingaruppástungum þeim, sem nefndin hefir orðið að afráða, til að treysta þjóðþingi vort sem bezt, og til þess því geti orðið fært, að leysa þetta sitt nýja og mikilvæga ætlunarverk af hendi samkvæmt grundvallarreglum þeim og kröfum, sem hver frjálsleg stjórnarskipun hlýtur jafnan að gjöra til löggjafarþings síns, og leyfir nefndin sèr að skýrskota enn fremur til ástæðanna fyrir 22.—25. gr. nefndarfrumvarpsins.

Að svo mæltu snúum vèr oss til breytinga þeirra, sem vèr höfum gjört við hinar einstöku greinir frumvarpsins og ástæðanna fyrir þeim.

Við 1. grein.

Það virtist vera rèttara og samkvæmara eldri yfirlýsingum einvalds konunganna með tilliti til Íslands, að orða upphaf greinarinnar þannig, sem hèr er gjört, hvar með orðið »óaðskiljanlegur« í stjórnarfrumvarpinu yrði bæði óþarft og þýðingarlaust, og er það orð þess vegna úr fellt. Greinir þær úr hinum endurskoðuðu grundvallarlögum Dana frá 28. júlí 1866, sem skýrskotað er til í

þessari grein, eiga, að nefndarinnar áliti, að tengjast aptan við þessa stjórnarskrá Íslands, sem viðbætir eða fylgiskjal, undir eins og hún nær lagagildi.

2. grein óbreytt.

Við 3.—5. grein, og nefndarfrv. 6. gr., sem er ný.

Nefndinni virðist, að þar sem í fyrra kafla 3. greinar eru upptalin hin *sameiginlegu mál*, og það að eins með mjög yfirgrips mikilli flokkaskipan, en í niðurlagi síðari kafla greinarinnar áskilið, að »verði ágreiningur um eitthvert málefni, hvort það sè sameiginlegt eða snerti Ísland eingöngu, þá skuli skorið úr slíkum ágreiningi með konungsúrskurði», en ekki með lögum, þá virtist nefndinni, eins og þegar er tekið fram í inngangi nefndarálitsins, að svo löguð sundurgreining almennu málanna frá hinum sèrstaklegu, en þau eru alls eigi upptalin, hvorki í flokkum nè sèrstaklega, í 5. grein, hefði í sèr fólgna megna rèttaróvissu, einkum Íslendinga megin, og hlyti að hafa í för með sèr vafa og vafninga og leiða til iðulegs ágreinings, en löggjafarþingi Íslendinga eigi tilskilinn neinn atkvæðisrèttur við úrslitin. Nefndinni verður því að virðast, að rèttara og óhultara sè, að 3. greinin innihaldi að eins almenna ákvörðun, líkt og er í 5. grein stjórnarfrumvarpsins um hin sèrstöku mál, er Ísland snerta, um, að hin sameiginlegu mál skuli vera öll þau mál, sem varða Ísland og eigi eru talin sèrstakleg íslenzk mál í 5. grein frumvarpsins, en aptur að ákveða og upptelja í 5. grein, með þeirri flokkaskipun, sem við á, öll þau mál, er Ísland varða sèrstaklega og eigi geta heldur með neinu móti heimfærzt undir hin sameiginlegu mál konungsveldisins, eptir því sem þau mál eru ákveðin í 3. gr. stjórnarfrumvarpsins, allra sízt þegar sèrstöku málin eru sundurgreind sín í milli í skipulega flokka, og þannig upptalin, eins og nú er gjört í hinni nýju 5. grein, sem nefndin stingur uppá. Með þessari niðurskipun, sem er alveg samkvæm því, er stungið var uppá í stjórnarfrumvarpi því, er lagt var fyrir þjóðfundinn 1851, í 2. grein, virðist nefndinni alls eigi raskað aðalgrundvallarreglunum í 1. kafla þessa stjórnarfrumvarps, er stjórnina virðist að taka svo sárt til í ástæðunum, en að þar með verði á hinn bóginn bægt frá mörgu og margföldu ágreiningsefni, er óumflýjanlegt myndi verða að kæmi iðulega fram að öðrum kosti; en nefndinni verður að virðast auðsætt, að ákvarðanirnar í hverjum grundvallarlögum eða stjórnarskrá, sem er, hljóti í þessu tilliti og öðru að vera sem ákveðnastar og einskorðaðar ept-

ir því, sem kostur er á, svo að sem minnstum efasemdum valdi og ágreiningi, þar sem hið gagnstæða hlyti að leiða til helzt of tíðra og ítrekaðra tilrauna og uppástungna um, að fá stjórnarskránni breytt, en æskilegast og nauðsynlegt er, að það bæri að sem sjaldnast.

Nefndin verður, sem áður er sagt, að taka fram, að það virðist eðlilegast og réttast, að láta skipulega upptalningu *sérstöku* málanna vera í fyrirrúmi fyrir upptalningu hinna sameiginlegu mála, einmitt vegna þess, að allt frumvarpið lýtur að nýju fyrirkomulagi á stjórn sérstöku málanna, en eigi hinna sameiginlegu.

Við 7. grein, (stfr. 6. gr.).

Nefndinni virtist, að þessi grein væri betur og réttar orðuð á íslenzku máli eptir því sem hún kemur fram í þessu frumvarpi hennar.

Við 8.—10. grein (stfrv. 7.—10. gr.)

Það er þegar tekið fram í nefndarálitinu, að hin mestu og ískyggilegustu afbrigði frá stjórnarlögum Dana, og hinn verulegasti hnekkir á jafnrétti því, sem vér Íslendingar eigum, eptir fyrirheitum Friðriks konungs 7., komi fram í þessum 7.—10. gr. og í 21. grein stjórnarfrumvarpsins, *þar sem* konungi er áskilinn réttur til að fela einhverjum einum ráðgjafanna í Danmörku æðsta framkvæmdar- og úrskurðar-vald einnig í hinum sérstöku málum Íslands, *þar sem* þessi ráðgjafi vor á einungis að hafa ábyrgð stjórnargjörða sinna fyrir konungi, eins og að nokkru leyti er sjálfsagt, með því hann hefir aðsetur í Danmörku, kemur aldrei til Íslands, og hefir engin beinlínis stjórnarviðskipti við þjóðþingið, heldur að eins í gegnum landsstjórnina, og *þar sem* landsstjórnin sjálf, sem hefir öll beinlínis stjórnarviðskipti við þingið, á þar sæti, má taka þátt í umræðunum jöfnum höndum við þingmenn, og þingið leita upplýsinga hjá henni *skriflegra* og munnlegra, á að vera undir þennan ráðherra «*að öllu leyti*» *gefin*, og þó með öllu ábyrgðarlaus að öðru en því, sem hin almennu borgaralegu lög tilskilja við hvern landsborgara á Íslandi. Stjórnarlaga-ákvarðanir þær, er hér ræðir um, með slíkum vandkvæðum og hnekki fyrir þjóðfrelsi vort, hafa því virzt óaðgengilegar í einu sem öðru tilliti, og hafa þannig, og með sérstaklegu tilliti til þess, sem tekið er fram í ástæðunum við 30. gr. stfrv., þótt yfirgnæfandi ástæður fyrir því að ráða þinginu til, *að* biðja um einn ráðgjafa fyrir Ísland, *að* landsstjórnin hér innanlands væri skipuð að minnsta kosti 3 mönnum, og að lands-

stjórar þessir hefði fulla og vanalega ábyrgð af stjórnargjörðum sínum, eptir því sem almennt er áskilið í grundvallarlögum, bæði annara þjóða og Dana, en að öðru leyti með þeim grundvallarskilyrðum, sem vanaleg eru í stjórnarskipunarlögum.

11. gr. (11. gr. stfrv.) óbreytt.

Við 12. grein (12. gr. stfrv.).

Eins og þegar er vikið á í nefndarálitinu, eru það sérstaklega tvær ákvarðanir í stjórnarfrumvarpinu, sem virðast mundu stefna að því, of mjög að þröngva tilætlaðan verkahring þingsins, og að reisa skorður við nauðsynlegum og eðlilegum framkvæmdum þess; það er auk 33. greinar ákvörðunin í þessari 12. grein stjórnarfrumvarpsins (sbr. 24., 30. og 32. gr.) um, að alþingi skuli koma saman að eins *þriðja hvert ár*. Og virðist að öðru leyti nægja að skýrskota til þess, *að* þar sem frá fyrstu stofnun alþingis, og á meðan það var að eins ráðgefandi þing, þótti eigi frá stjórnarinnar, auk heldur þjóðarinnar sjónarmiði gjörandi, að láta líða meira en eitt ár á milli þess að alþingi kæmi saman, þá er auðsætt, að því síður megi með nokkru móti líða lengri tími milli þinga, þegar alþingi hefir fengið löggjafaratkvæði í öllum innlendum málum, og stjórnarskipunin er komin á, er hvortteggja hlýtur að hafa í för með sèr mjög fjölbreytt, umfangsmikil og vandasöm þingmál, fram yfir þau hin vanalegu og þau sem verið hafa.

Við 13.—18. gr. (13.—18. gr. stfrv.).

Þessar greinir eru óbreyttar, nema hvað réttara virtist að orða niðurlag 13. greinar þannig: ... »hversu langa setu það *þá* skuli eiga». Enn fremur að orða síðustu málsgreinina í § 17 þannig: »Hafi konungur ekki staðfest eitthvert lagafrumvarp, sem alþingi hefir fallizt á, á undan næsta alþingi, þá er það niður fallið».

Við 19. gr. (stfrv. 19. gr.).

Með skýrskotun til ástæðanna við 7.—10. gr. stjórnarfrumvarpsins og þar af leiðandi breytinga á 21. grein, leiðir það að sjálfsögðu, að aðalákvörðunin um »ráðgjafa íslenzku málanna» verður einnig að ná til landstjóranna. Bæði sakir þessa og til þess að greinin verði ljósar og liðugar orðuð eptir íslenzku máli, er stungið upp á, að seinni hluti greinarinnar frá fyrsta punkti verði orðaður, eins og hann nú kemur fram í frumvarpi nefndarinnar.

20. gr. (stfrv. 20. gr.) óbreytt.

Við 21. grein.

Nefndinni hefir eigi virzt það gæti orðið umtalsmál, að einn

maður, og það ábyrgðarlaus, gæti nægt til þess að hafa á hendi hið «æðsta» landstjórnarvald hèr á landi, hvorki með sèrstaklegu tilliti til breytinga þeirra, sem upp á er stungið í fyrirkomulagi alþingis, nè yfir höfuð að tala, þar sem um jafnmargbrotin framkvæmdarstörf er að ræða, er sjálfsagt verða bæði aukin og tilbreytilegri eptir stjórnarfyrirkomulaginu, sem fyrir liggur, með þessa lands víðáttu, og því samgönguleysi, sem hèr er, og enn með sèrstöku tilliti til fjarlægðar þessa lands frá meginríkinu, ef þessa eina landstjóra missti við, en konungur sjálfur getur einn kvatt annan í hans stað. Af þessum og öðrum fleiri ástæðum, er opnar liggja fyrir, og með sèrstöku tilliti til þess, að vald og verkahringur landsstjórnarinnar verður að samsvara og standa í samhljóðan með hinu aukna valdi og verkahring alþingis, hefir nefndin orðið að aðhyllast endurteknar uppástungur undanfarinna alþinga um, að landsstjórnin væri skipuð eigi færri mönnum en 3. Bæði sakir þessa og með tilliti til breytinganna á 7.—10. gr., með ástæðum þeim, er við þær greinir eru fram teknar, hefir nefndin orðið að stinga upp á, að 21. grein stjórnarfrumvarpsins verði breytt, og hún orðuð þannig, eins og hún nú kemur fram í nefndarfrumvarpinu.

22.—25. gr. (stfrv. 22.—23. gr.).

Í frumvarpsástæðunum, einkanlega fyrir 33. grein stjórnarfrumvarpsins og víðar, er gefið í skyn, að með þeirri skipan, sem nú er á alþingi og hefir verið, síðan það var fyrst stofnað sem ráðgefanda þing, þá sè naumlega undir því eiganda hið þýðingarmikla vald, er það fær í hendur með hinni nýju stjórnarskipun eptir þessu frumvarpi, nema stjórnarlögin leggi jafnframt ýms þau höpt á aðgjörðir og atkvæði þingsins, eins og t. d. gjört er með ákvörðuninni í 33. grein, að í þeim geti verið fólgin ábyrgð fyrir því, að þingið rasi eigi fyrir ráð fram með aðgjörðum sínum og atkvæðum.

Nefndin hefir nú orðið að aðhyllast þessa skoðun stjórnarinnar að grundvellinum til, eins og þegar er tekið fram í álitsskjali hennar, og hefir hún því orðið að afráða uppástungur þær við þenna kafla stjórnarfrumvarpsins, sem hèr skal frá skýrt.

Fyrst er það, að þjóðþingi voru verði skipt í *tvær deildir,* er gæti að grundvelli, fyrirkomulagi og þingstörfum komið í stað tveggja málstofa, sem eru í Danmörku og ýmsum öðrum löndum. Til þess, að svo geti orðið með þjóðþing vort, er auðsætt, að fyrst

verður að fjölga nokkuð þingmönnum fram yfir það, sem nú er. Það hefði nú máske virzt liggja næst við, að fjölgun þingmannanna væri látin fara eptir kosningarlögunum 28. sept. 1849, svo að 2 væru þjóðkjörnir úr kjördæmi hverju, að minnsta kosti öllum þeim, sem nú eru lögsagnarumdæmi út af fyrir sig með 2000 íbúum eður þar yfir, og yrði þá að eins Reykjavíkur-kaupstaður, Strandasýsla og Vestmannaeyjar með *einn* þingmann, en öll hin önnur lögsagnarumdæmin með 2 þingmenn hvert; eptir því yrði þjóðkjörnir alþingismenn 35. En nefndinni virtist réttara, meðfram sakir nauðsynlegs sparnaðar við þingkostnaðinn, að takmarka þingmannatöluna eptir því, sem framast þætti mega, og komst hún því til þeirrar niðurstöðu, að hinir þjóðkjörnu þingmenn verði 30 að tölu, og yrði þá á alþingi framvegis þrennar tylftir þingmanna eður 36 alls, að meðtöldum hinum konungkjörnu 6, og virðist það bæði hæfileg tala og nokkurn veginn viðunandi.

En að því er það snertir, hvernig þessi fjölgun þingmannanna eigi að koma niður, án þess að raskað sé kjördæma-skipan þeirri, sem nú er, sem eigi þykir gjörandi, þá virtist réttast að leggja þar til grundvallar niðurstöðuna í 1. grein stjórnarfrumvarpsins »til laga um kosningar til alþingis», sem lagt var fyrir þjóðfundinn 1851, og að þannig skuli kjósa framvegis:

Reykjavíkur-kaupstaður . .	1	þingmann
Gullbringu- og Kjósarsýsla .	2	—
Árnessýsla	2	—
Rangárvallasýsla	2	—
Vestmannaeyjasýsla . . .	1	—
Vestur-Skaptafellssýsla . . .	1	—
Austur-Skaptafellssýsla . . .	1	—
Borgarfjarðarsýsla	1	—
Mýrasýsla	1	—
Hnappadalssýsla	1	—
Snæfellsnessýsla	1	—
Dalasýsla	1	—
Barðastrandarsýsla	1	—
Ísafjarðarsýsla	2	—
Strandasýsla	1	—
Húnavatnssýsla	2	—
Skagafjarðarsýsla	2	—

Eyjafjarðarsýsla	2	þingmenn
Þingeyjarsýsla	2	—
Norður-Múlasýsla	2	—
Suður-Múlasýsla	1	—

Nefndin tók það til rækilegrar yfirvegunar í þessu sambandi, hvort eigi mundi ástæður til að fara jafnframt fram á breytingar nokkrar á kosningarlögunum 6. jan. 1857, í þá stefnu að tryggja þær með þröngvan nokkurri að kosningarréttinum til, annaðhvort beinlínis, og áskilja eign nokkura, eður ákveðin ársútgjöld til kosningarréttar, eða fremur hitt, að hèr væri teknar upp *tvöfaldar kosningar,* er nokkrum nefndarmönnum virtist að mundi eiga betur við hèr á landi sakir víðlendis og örðugleika þess, sem er á að sækja kjörfundi, enda auðsætt orðið, að almenningur sinnir lítt þeim rètti og næsta sljólega, að því leyti, þegar þeir eiga nokkuð langan veg yfir að fara. En nefndin varð samt eptir nákvæma yfirvegun að hverfa frá öllum þessleiðis uppástungum, er lyti að því, að binda kosningarréttinn frekar, en nú er.

Það virtist nefndinni, að eigi væri nægar ástæður til að mæla á móti því, að 6 konungkjörnir menn væri enn sem fyrr á alþingi, allra-sízt eptir það hún var komin til þeirrar niðurstöðu: fyrst að skipa alþingi í tvær deildir, og þar næst að halda kosningarlögunum frá 1857 óbreyttum; og varð þessi skoðun að hafa yfirborðið yfir hina, er hvað sterkast mundi geta talað í móti að halda konungkjörnum mönnum á þingi framvegis: að nauðsyn sú, er hingað til hefði verið talin fyrir því að halda þeim, hyrfi að mestu eður öllu með ákvörðuninni í 39. gr. stfrv., sbr. við 28., 36., 42. gr., og með tilliti til þeirrar breytingar-uppástungu við 21. gr., að landstjórnin sè skipuð að minnsta kosti þremur mönnum. Aptur gat nefndin eigi ráðið þinginu til að aðhyllast þann hinn nýja grundvöll konungs-kosninganna, sem lagður er hèr í 22. gr. stfrv. 2. atriði, allra-sízt samhliða síðast nefndri breytingaruppástungu við 21. gr., og álítur nefndin yfir höfuð að tala, að embætti þau, sem ákvörðunin vill binda konungs-kjörið við, veiti síður en ekki neina fasta og eindregna tryggingu fyrir því, að þau sè jafnan skipuð *yfirburða-þingmönnum*, nè heldur að þeir embættismenn verði æfinlega að því skapi færari um það, en aðrir, sem embættin sjálf eru æðri og launameiri, eða að einmitt þessir embættismenn verði færari um að taka þátt í undirbúningi löggjafarinnar með landsstjórninni fyrir það, að þeir sè konungkjörnir þingmenn, held-

ur en þeir ella eru, því nefndinni virðist auðsætt, að eins megi landstjórnin leita álita hlutaðeigandi embættismanna til hins rækilegasta undirbúnings löggjafarmálunum, eins eptir það hin nýja stjórnarskipun er komin á, eins og verið hefir til þessa, bæði amtmanna, á meðan nauðsyn þykir að halda þeim embættum með sama skipulagi og nú, háyfirdómarans og byskups, og svo landlæknis og landfógeta, að því er þeirra embættis-verkahring snertir sèrstaklega. En að því, er snertir hið síðast nefnda embætti sèr í lagi, þá verður nefndin að telja víst, að staða landfógetans, ef embættismaður sá verður látinn halda því nafni, verði máske öll önnur, heldur en hún er nú, andspænis yfirstjórninni, og að embættissvið hans verði máske nokkuð þrengra afmarkað. Og verður nefndin í sambandi hèr með að minna á það, að konungur hefir til þessa jafnaðarlega gengið á snið við að kveðja landfógetann til alþingissetu af sinni hendi, þrátt fyrir það, hvað embættisstaðan sjálf og verkahringur hans, eins og það *er nú*, hefði má ske virzt að mega leiða til að kveðja þann embættismann á þing af stjórnarinnar hendi fremur ýmsum öðrum eður til jafns við þá, sem kvaddir hafa verið, svo framarlega sem það hefði þótt tiltækilegt á annað borð að binda konungskosningarnar við ákveðin embætti. Nefndin verður enn fremur að athuga hèr við, að verði þeim þremur amtmönnum haldið, sem nú eru, þá yrðu hinir konungkjörnu 7 á alþingi, og þetta, í sambandi með 3 landstjórunum, mundi verða samtals sem næst $^1/_4$ allra, er þingsetu hefði, stjórnarmenn, en það verður nefndin að álíta ofviða. Að síðustu virðist þess vel gætandi, að sèu þeir, sem í embættum þessum eru, aðkvæða-þingmenn eða þingmannsefni, og hefðu þess vegna nokkurn áhuga á því að ná þingsetu, þá mundi það verða næsta auðgefið fyrir slíka menn, að ná þjóðkosningu, ef þeir vildu og gæfu sig fram til þess.

Nefndinni hafa því virzt yfirgnæfandi ástæður fyrir því, að leggja til og stinga upp á, að þingið hyrfi aptur til þeirrar grundvallarreglu kanselíisins, er fylgt var, bæði þegar kvaddir voru hinir helztu menn á embættismannafundina hèr í landi 1839 og 1841, og við konungskosningarnar, einkanlega til hinna fyrstu alþinga, en það var, að kveðja til hina vitrustu og reyndustu embættismenn víðs vegar að úr landinu, en eigi einbinda sig við Reykjavík eina, eins og gjört hefir verið á seinni árum, nè heldur við ákveðin æðstu embætti, eins og stungið er upp á í frumvarpinu. Hin áminnzta kanselígrundvallarregla var sönn og sannfærandi, að

þeir embættismenn, sem kvaddir væru af konungs hendi, ættu að sameina embættisreynslu og þekkingu á hinum margbreyttu landsháttum vorum og landshögum við hina embættislegu vísindamenntun.

Af þessum rökum hefir nefndin stungið upp á, að konungur vildi hèr eptir, eins og hingað til, láta sèr þóknast að kveðja 6 menn til þingsetu af sinni hendi óbundnum kosningum að öðru en því, að 3 sèu úr Suðuramtinu, 2 úr Norður- og Austuramtinu, og 1 úr Vesturamtinu.

Með því nefndin varð að afráða, eins og áður var sagt, að stinga upp á tveimur þingdeildum, þannig, að í efri þingdeildinni sèu 12 þingmenn, en í hinni neðri 24, leiðir þar af að sjálfsögðu, að þeir 6 konungkjörnu þingmenn eigi sæti í efri þingdeildinni; hina 6 í efri deildina stingur nefndin upp á, að alþingi kjósi óbundnum kosningum úr flokki hinna 30 þjóðkjörnu þingmanna, og engan yngri en 40 ára að aldri, til 6 ára, í hvert skipti sem alþingi kemur saman hið fyrsta sinn eptir nýjar kosningar.

Með því konunglegt fyrirheiti er fyrir því, að hèr á landi verði stofnsettur lagaskóli svo fljótt, sem því verður við komið, og konungsúrskurður 29. ágúst 1862 þegar hefir veitt embættisrètt stúdentum þeim, er nema læknisfræði hjá landlækninum yfir Íslandi, og standa síðan embættispróf hjá honum, þá virtist sjálfsagt að bæta inn í stjórnarfrumvarpsins 23. grein, stafl. c, ákvörðunum um það, að bæði hin síðast nefndu embættismanna-efni, og þeir, sem leyst hafa af hendi embættispróf við lagaskólann, eptir það hann væri stofnsettur, hefðu jafnt kosningarrètt sem þeir, er taka embættispróf við prestaskólann hèr á landi.

Samkvæmt ástæðum þeim, er nú voru taldar, og með skýrskotun til ástæðanna við 1. grein í ákvörðununum um stundarsakir aptan við þessi stjórnarskipunarlög, eru þar að lútandi greinir nefndarfrumvarpsins, er verða 22.—25. í tölunni, orðaðar.

Við 26.—31. gr. (stfrv. 24.—29. gr.).

Þessar greinir eru óbreyttar, nema hvað í 26. grein (stfrv. 24. gr.) er tölunni «3» breytt í «2», samkvæmt samkynja breytingu á 12. grein, og ástæðunum, sem þar við eru tengdar.

Við 32. gr. (stfrv. 30. gr.).

Nefndinni hafa eigi dulizt hin þýðingarmiklu afbrigði frá stjórnarskipunarlögum Dana, sem í grein þessari eru fólgin, þar sem með ákvörðuninni um *fasta fjárhagsáætlun* ákveðna með lögum í eitt

skipti fyrir öll, að skattgjafar-vald og fjárveitinga-rèttur alþingis er svo verulega skertur og bundinn, þvert á móti því, sem einnig aðrar þjóðir með lögbundinni konungsstjórn hafa viðurkennt fyrr og síðar, og hafa þess vegna gjört sèr far um það í stjórnarskipun sinni, öllu öðru fremur, að halda fast við þann hinn sann-nefnda hyrningarstein skattgjafarvaldsins, að hafna fastri fjárhagsáætlun, en einbinda stjórnina óraskanlega í stjórnarskránni við *árleg* fjárlög eður fjárhagsáætlun, er stjórninni skuli skylt að leggja fyrir þjóðþingið til umræðu, breytingar og samþykkis. Ákvörðunin um fasta fjárhagsáætlun kom þar að auki hèr fram í frumvarpinu þrefalt athugaverðari og óaðgengilegri fyrir þær ákvarðanir í 7.—10. gr. stjórnarfrv., að hin æðsta framkvæmdarstjórn konungsins hèr á landi skyldi vera alveg ábyrgðarlaus allra stjórnargjörða sinna fyrir alþingi, þar sem annars vegar *árleg* fjárlög eður fjárhagsáætlun hefði þó þrátt fyrir ábyrgðarleysi landstjórnarinnar mátti vera hið síðasta og ýtrasta athvarf alþingis til að geta beitt siðferðis- og lagalegu aðhaldi gegn gjörræði landstjórnarinnar, en einnig þetta athvarf er alveg afskorið þinginu með ákvörðuninni um *föst* fjárhagslög. Nefndin vill samt eigi draga dulur á það, að ákvörðun þessi átti að vísu að styðjast við nokkrar ástæður af stjórnarinnar hálfu, þar sem var fyrirkomulag alþingis, eins og það er og hefir verið til þessa með einni málstofu, og þó fáskipað, svo að segja mátti, að engan veginn væri svo nægileg »*constitutionel*« trygging fólgin í alþingi með því fyrirkomulagi óbreyttu, að það gæti virzt óyggjanda og óhult, að fá því í hendur svo algjört skattgjafarvald, sem þetta er, og fólgið er í *árlegri* fjárhagsáætlun. En nefndin verður að álíta, að mótbára þessi hverfi með öllu, þegar skipun alþingis fær þær umbætur, sem stungið er upp á við 22.—25. grein hèr að framan. Þegar nú nefndin allt um það hefir afráðið að leggja til, að ákvörðuninni um föst fjárlög sè haldið óbreyttri, þá er það einungis með því beina fororði, að hinni æðstu framkvæmdarstjórn verði skipað á þann þátt og með þeirri fullu ábyrgð andspænis þingi og þjóð, sem stungið er upp á í 7.—10. grein nefndarfrumvarpsins (stfrv. 7.—10. gr.) og 21. gr., sbr. við 19., 52. og 53. gr. nefndarfrumv., og ef svo færi, að það skyldi eigi verða samþykkt, þá verður nefndin eindregið að leggja til, að hið virðulega þing taki til nákvæmrar yfirvegunar, hvort eigi mundi óhultara og rèttara, að bera fram fyrir konunginn vara-uppástungu við 30. grein stjórnarfrumvarpsins í þá stefnu, að ákvörðunin um föst fjárlög verði úr felld, en komi í staðinn, að fjárhagsáætlun fyrir hvorttveggja ára tímabil skuli lögð fyrir

alþingi, og er þá auðvitað *fyrst* fyrir hina neðri þingdeild, og leiðir af sjálfu sèr, að varabreytingar-uppástungur þessu samkvæmt yrði þá einnig að gjöra við stjórnarfrumv. 30. og 31. gr.

En að því leyti ákvörðuninni um föst fjárlög yrði haldið, með eður án slíkrar vara-uppástungu, þá virðist sjálfsagt að breyta síðari málsgrein 30. gr. stfrv. í þá stefnu, sem nefndin stingur upp á; þetta er einnig alveg samkvæmt 48. grein í hinum endurskoðuðu grundvallarlögum Danmerkur frá 28. júli 1866, og leiðir að öðru leyti af breytingunni um, að alþingi komi saman annaðhvort ár. Samkvæmt þessu er síðari kafli 32. greinar hjá nefndinni orðaður.

Við 33. gr. (stfrv. 31. gr.).

Því fremur sem ákvörðuninni um föst fjárlög yrði haldið, virðist nefndinni alveg nauðsynlegt og rètt, að bæta inn í þessa grein samkynja ákvörðun um það, þegar ný skattagjöld yrði upptekin í aukafjárlögin, eins og hinna dönsku grundvallarlaga 49. gr. inniheldur, og er þessi grein nefndarfrumvarpsins (stjórnarfrumv. 31. gr.) orðuð í svofelldri samhljóðun.

Við 34. gr. (32. gr. stfrv.).

Þessi grein er óbreytt, nema hvað »þremur« og »þriggja» er breytt í »tveim» og »tveggja».

Við 35. gr. (stfrv. 33. gr.).

Það er hvorttveggja, að stjórnarástæðurnar eru vart við nokkura einstaka grein frumvarpsins jafnfjölorðar eins og við þessa 33. gr., hvar með landstjórninni er áskilinn rèttur til »að orða frumvarp eptir *aðra* umræðu, *eins og henni þykir bezt henta*», og þannig rèttur til þess að fella úr þessi eður hin breytingaratkvæði, sem hefði verið borin upp við frumvarpið í 2. umræðu, ef landstjórninni eigi geðjaðist að þeim; og bætir stjórnin því við í ástæðum sínum, að »í fyrsta áliti kynni ákvörðun þessi, ef til vill, »að virðast ekki eins frjálsleg eins og aðrar reglur í frumvarpi »þessu», og að þrátt fyrir einræði það, sem ákvörðunin þannig ætlist til, að landstjórarnir fái yfir fullnaðaratkvæði löggefandi þjóðþings, þá »veiti aðferð þessi *ekki* fullkomna *tryggingu* fyrir, »að konungur staðfesti frumvarpið, eins og það er úr garði gjört, »þegar landstjórnin leggur það fyrir til þriðju umræðu», sem sè eptir og þrátt fyrir það, þó að hún hafi dregið út þessi eður hin breytingaratkvæði, sem þingmenn báru upp við aðra umræðu. En þó að menn hefði getað rèttlætt að nokkru slíka ákvörðun með því fyrirkomulagi á alþingi, sem verið hefir, þá hlýtur sú ástæða nú að falla um sjálfa sig og hverfa með öllu eptir því breytta og trausta fyrirkomulagi alþingis, sem nú er stungið upp á í 22.—

25. grein nefndarfrumvarpsins. Samkvæmt nú töldum rökum hefir nefndin stungið upp á, að fella úr greininni allan miðkafla hennar, er innibindur tèða ákvörðun, og að greinin, sem undirstöðugrein í stjórnarskránni til þingskapalaganna, yrði orðuð á þann hátt, sem hún nú kemur fram, hin 35. í nefndarfrumvarpinu.

Við 36. gr., *sem er ný.*

Það leiðir af þeim tveim þingdeildum, sem í 22.—25. grein að framan er stungið upp á, að alþingi skiptist í, að þar að lútandi nýja ákvörðun verður að upp taka í stjórnarskrána hèr á þessum stað, áþekka þeirri, sem er í hinum dönsku grundvallarlögum frá 1866, 53. gr. Því var að vísu hreift í nefndinni að halda þeirri ákvörðun, sem næst orðrèttri, og virtist svo, að enda yrði meiri og betri trygging fyrir, að kosnir gjörðarmenn úr báðum deildunum, eins og er í Danmörku úr landsþinginu og þjóðþinginu, mundu mega leiða ágreininginn milli deildanna um eitt og sama málefni bæði betur til lykta og með minni töfum og málalengingu, heldur en með því, að deildirnar sameinuðust í eina málstofu á alþingi, til að ræða ágreininginn og leiða hann til lykta. En niðurstaðan í nefndinni varð samt sú, að hin síðastnefnda aðferð mundi eiga hèr betur við og verða affarabetri yfir höfuð að tala, og er því 36. grein nefndarfrumvarpsins orðuð þannig, sem hún nú kemur þar fram.

Við 37.—48. gr. (stfrv. 34.—45. gr.).

Greinir þessar eru óbreyttar að öðru leyti en því.

1. að upphaf 42. greinar (stfrv. 39.) breytist þannig: »Þeim mönnum, sem eiga sæti«, o. s. frv.
2. að seinasta orði 47. gr. (stfrv. 44.) »stjórnarinnar« sè breytt í »landstjórnarinnar«.
3. að 45. gr. stfrv. verði að upphafi og niðurlagi orðuð eins og hún nú kemur fram í 48. grein nefndarfrumvarpsins; og
4. að í 43. og 44. gr. verði því breytt, að fyrir «alþingi» og »þingið« verði sett: »Hvor þingdeildin fyrir sig«.

Við 49. gr. (stfrv. 46. gr.).

Nefndinni geta eigi fundizt nægar ástæður vera fyrir því, að alþingi sè fyrirmunað, að það setji sèr sjálft þingsköp sín og þingreglu, allra-sízt, ef samþykktar verða breytingaruppástungurnar í 22.—25. gr., og hefir nefndin þess vegna stungið upp á, að greinin innihaldi þar að lútandi ákvörðun um, að alþingi skuli hafa rètt til að setja sjálfu sèr innanþingslög sín, eins og ríkisþingið í Danmörku hefir (grv. lög 50.—66. gr.), án þess það sè

með lagaboði gjört; og er 49. gr. í frumvarpi nefndarinnar (stfrv. 46. gr.) orðuð samkvæmt þessu.

Við 50. gr., *sem er ný.*

Nefndinni virtist auðsætt, að hèr verður að taka upp nýja grein, er innihaldi ákvörðun lútandi að því, þegar báðar þingdeildirnar gengju saman í eina málstofu, og myndi alþingi, líkt og gjört er í 67. gr. hinna dönsku grundvallarlaga frá 1866. Nákvæmari ákvarðanir og reglur, er að þessu lúta, verður sjálfsagt að ákveða í þingsköpunum. 50. gr. nefndarfrumvarpsins er samin þessu samkvæmt.

Við 51.—52. gr., *sem báðar eru nýjar greinir.*

Af ábyrgð þeirri, sem nefndin hefir stungið upp á í 9. og 10. gr. í frumvarpi hennar, að bæði ráðgjafi Íslands málanna og landstjórarnir beri af öllum stjórnargjörðum sínum andspænis þingi og þjóð, virtist nefndinni verða að leiða uppástunga um »*landsdóm*« með líku ætlunarverki og fyrirkomulagi, eins og »Rigsretten« hefir í Danmörku. Greinir þessar, eins og þær eru orðaðar í nefndarfrumvarpinu, eru því sniðnar eptir 68. og 69. gr. í hinum nýju dönsku grundvallarlögum; en frábrugðnar einkanlega að því, að vèr álítum nægja, að 6 menn væru í landsdóminum samtals, 3 úr æðsta dómi landsins, og 3, er verði kosnir úr efri þingdeildinni til 6 ára. En nefndinni virtist það segja sig sjálft, að þangað til búið er að ákveða með lagaboði nákvæmar reglur um rekstur málanna fyrir landsdóminum, og ef að fyrr bæri að málshöfðun fyrir dómstóli þessum, heldur en slík lög væru komin í kring og viðtekin, þá yrði að fara eptir lögunum fyrir ríkisdóminum í Danmörku.

Við 53.—57. gr. (stfrv. 47—51. gr.).

Þessum greinum hefir nefndin eigi fundið ástæðu til að breyta að neinu öðru en smávegis orðabreytingum.

1. í 55. gr. (stfrv. 49.), að í stað orðanna: »Þó getur sá ... til dóms« komi: »Eigi að síður skal þeim, sem um það leitar dómsatkvæðis, skylt að hlýðnast yfirvaldsboðinu í bráð«.
2. að síðasta atriði 56. greinar (stfrv. 50. gr.) verði þannig orðað: »Nú er dómari orðinn fullra 65 ára að aldri«, o. s. frv., eins og niðurlag greinar þessarar er orðað í nefndarfrumvarpinu.

Við 58.—61. gr. (stfrv. 52.—54. gr.).

58. grein er ný og samkvæm 75. gr. í hinum nýju grundvallarlögum fyrir Danmörku.

Við hinar greinarnar eru engar aðrar breytingar gjörðar, heldur en að eins sú hin litla orðabreyting við 59. gr. (52. gr. stfrv.),

að í stað orðanna: »Þó má ekki kenna eða fremja neitt«, verði sett: »En ekki má kenna eða fremja neitt það«, o. s. frv.

62.—66. gr. (55.—59. gr. stfrv.).

Við þessar greinir eru að eins gjörðar þær orðbreytingar, að í 62. gr. (stfrv. 55.). í stað orðanna: »móti veði» verði sett: »gegn ábyrgðarveði», og að í stað: »hversu mikið veð» verði sett: »hversu mikið veðið»; og enn fremur í 66. gr. (stfrv. 59. gr.), að í stað orðanna: »þó með því móti — undir skyldur þær» o. s. frv., komi: »en þó skal hann háður vera skyldum þeim» o. s. frv.

Við 67. gr., sem *er ný*.

Nefndinni virtist sjálfsagt að upp taka ákvörðunina í þessari grein, eins og gjört er í hinum yngri og eldri grundvallarlögum í Danmörku (Grvl. 1849, 90. gr., og Grvl. 1866, 85. gr.), og það því fremur, þar sem gildandi landslög og venja hèr á landi heimila, t. d. sóknarpresti að taka börn af foreldrum, er freklega afrækja kristilega uppfræðingu þeirra, og koma barninu niður á góða kennslustaði á foreldranna kostnað, ef þeir eru færir um að borga, en annars kostar á kostnað sveitarinnar, og sömuleiðis að ráða kennslustöðum sveitabarna fyrir hreppstjórunum, þó að meiri meðgjafar sè þörf með barninu á slíkum stað. Nefndinni virtist uggvænt, að þessar sèrstaklegu laga-ákvarðanir og venja hèr á landi kynni að verða álitnar úr lögum teknar, ef slíkri almennri ákvörðun væri sleppt úr stjórnarskipunarlögum vorum, þrátt fyrir það, að þeim er haldið í stjórnarlögum meginríkisins.

Við 68.—74. gr. (stfrv. 60.—66. gr.).

Þessar greinir standa og óbreyttar, nema að lítilvægum orðabreytingum einum, til rèttara máls á íslenzku, og virðist óþarft að taka þær hèr fram sèrstaklega.

Við 75. gr. (stfrv. 67. gr.).

Eptir nákvæma yfirvegun varð nefndin einhuga á því máli, að ekki virtist nægar ástæður fyrir því, að stjórnarlagagrein þess efnis, sem hèr er um að ræða, gjörði Íslendingum hægara fyrir eða auðveldara, að breyta stjórnarlögum sínum, þegar þau væru búin að ná gildi, heldur en samþegnum vorum í Danmörku er gjört í stjórnarlögum þeirra.

Af þessum rökum hefir nefndin af ráðið að stinga upp á, að í stað frumvarpsgreinarinnar verði tekin 95. gr. úr hinum nýju dönsku grundvallarlögum, að eins löguð eptir þeirri skipun á alþingi og stjórn, sem uppástungur vorar hèr að framan lúta að.

Ákvarðanir um stundarsakir.

Við 1. grein.

Með því stungið er upp á við 22. gr. stfrv., að 30 þjóðkjörnir menn eigi sæti á alþingi framvegis, en hin núgildandi kosningarlög 6. jan. 1857, sbr. alþ. tilsk. 8. marz 1843, ráðgjöra eigi nè heimila nema 21 þjóðkjörinn þingmann, þá virðist auðsætt, að svo framt þingið aðhyllist þessa uppástungu og konungur staðfestir hana í hinum nýju stjórnarlögum vorum, þá þurfi, þrátt fyrir ákvörðunina í greininni sjálfri, að út koma jafnframt stjórnarlögunum sèrskilið lagaboð um þingmanna-fjölgun þessa, og hvernig hún skal koma niður á hin ýmsu kjördæmi, eptir því sem nákvæmar er tekið fram í ástæðum nefndarinnar við 22.—25. gr. nefndarfrumv., sbr. við 1. gr. stjórnarfrumvarps þess til kosningarlaga á Íslandi, er lagt var fyrir þjóðfundinn 1851.

Við 2. grein.

Á meðan eigi er lengra komið um fjártillag eður árgjald frá Danmörku til Íslands, en það sem allramildilegast er heitið að konungur ætli að reyna til að koma til leiðar að verði veitt úr ríkissjóði Dana, þá virðist eigi gjörandi, að bera upp neinar ákveðnar breytingar-uppástungur við þá tölu-upphæð: 88,000 rd., sem áætlun konungs til bráðabyrgða á að vera bundin við og eigi yfirstíga. Ef gengið er annars vegar út frá 50,000 rdl. árgjaldi og hins vegar út frá tekjum þeim hèr innanlands, er telja má upp á, eptir nú gildandi lögum og fyrirkomulagi í þeim efnum, þá má virðast, að tèð upphæð sè ákveðin nærhæfis.

Eptir því, sem áður er sagt, fellur 3. grein stjórnarfrumvarpsins burtu.

Við 3., 4. og 5. gr. (stfrv. 4. 5. og 6. gr.).

Þessar greinir eru alveg óbreyttar.

Að endingu skulum vèr geta þess, að eins og að framan er greint, voru oss fengnar til álita ásamt með frumvarpi stjórnarinnar, eigl færri en 15 bænarskrár með 781 nafni undir, er yfir höfuð að tala biðja um, að mál þetta verði lagt fyrir þjóðfund, ásamt fjárhagsmálinu með fleiru.

Að því er fjárhagsmálið snertir, þá virðist nefndinni eptir öllum málavöxtum, að taka eigi þetta atriði bænarskránna til greina, að því leyti nauðsyn ber til og málefni þetta krefur. Vèr getum nefnilega eigi betur sèð, en að þinginu beri að gæta að því, að breyting sú, sem hèr er ráðgjör í stjórn Íslands, kemur landinu því að eins að sönnum notum, að því verði borgið með hinu nýja fyrirkomulagi í öllum greinum.

Þegar nú gætt er að því, hversu undanfarin tilhögun á öllum stjórnarefnum þessa lands hefir svipt það eigi að eins ýmsum mikilvægum tekjustofnum, heldur einnig með verzlunar-einokuninni um heilar aldir fært það í það ástand, sem það nú er í, þá er eðlilegt, að það eigi geti staðizt þann kostnað, er leiðir af nýju fyrirkomulagi á stjórn þess og öðru, er miðar landinu til verulegra framfara.

Þetta hefir nú stjórnin viðurkennt með því hún hefir eigi að eins lofað, að útvega þá tillagsupphæð, er hún álítur nauðsynlega, til þess landið geti tekið við stjórn sinni, og orðið nýtur meðlimur ríkisheildarinnar, heldur beinlínis bundið gildi hinnar nýju stjórnarskipunar við þetta skilyrði.

Nefndin álítur, að þinginu beri að taka þetta atriði sèr í lagi til greina, og verður hún því að geta þess, að þar sem í hinni konunglegu auglýsingu er heitið, að veita Íslandi 37,500 rd. fast árstillag, og 12,500 rd. bráðabyrgða-tillag, sem fært verði niður eptir 12 ár um 500 ríkisdali á ári, þangað til það er alveg fallið burtu, þá álítur hún, að fjártillag þetta geti að vísu eigi fullnægt þörfum vorum eða þeim kröfum, er vèr þykjumst hafa eptir öllum málavöxtum og ástandi landsins, í sambandi við þá undirstöðu, er stjórnin sjálf hefir viðurkennt.

Eptir því sem ráða er virðist, að stjórnin hafi byggt skilyrði um hið lofaða fjártillag á skoðun minni hluta þingnefndarinnar í fjárhagsmálinu 1865; en vèr getum raunar eigi betur sèð, en meiri hluti nefndarinnar á því þingi hafi byggt skoðun sína í þessu máli á góðum og gildum ástæðum; en það var skoðun meiri hlutans, að hið fasta árstillag mætti eigi minna vera en 50,000 rd. á ári. Í því tillagi var þó eigi tekinn til greina kostnaður sá, er hin fyrirhugaða nýja landstjórn hefði í för með sèr, heldur taldi meiri hlutinn hann með hinu 10,000 rd. lausa-tillagi, er hann stakk upp á; en þar sem kostnaður þessi er beinlínis afleiðing af breytingu á ástandi því, sem nú er, og stjórnin sjálf hefir byggt hið fasta fjártillag, er hún vill veita Íslandi á þessum sama grundvelli, þá játar nefndin reyndar, að kostnað þann, er af hinu nýja fyrirkomulagi leiðir, bæri einnig að telja með hinu fasta tillagi; en eptir því fyrirkomulagi, er nefndin hefir hugsað sèr, og frumvarp hennar bendir til, getur kostnaður sá, er gengur til landstjórnarinnar fram yfir það, er áður var, í raun rèttri eigi verið minni en 10,000 rd. á ári, en samt sem áður, með því að stjórnin hefir bundið árgjaldið við 50,000 rd., treystist nefndin eigi til, að ráða þinginu til annars, en að gjöra þá tilslökun, að það gangi að þessu boði stjórn-

arinnar, en þó þannig, að árgjald þetta verði allt fast, og til þess landið geti fært sèr þetta tillag í nyt á hvern þann hátt, sem stjórn þess sèr því haganlegast, ætti að gefa út óuppsegjanleg skuldabrèf fyrir árgjaldinu.

Nefndin verður því að ráða þinginu til, að gjöra þessa tillagsupphæð að skilyrði fyrir því, að hin fyrirhugaða stjórnarbreyting komist hèr á, enda er því meiri ástæða til að taka þetta fram, sem útgjöld úr ríkissjóði til landsins árlega fara vaxandi, og mundu varla verða liðin meira en 10 ár, þangað til þessi gjöld gengi talsvert fram yfir þá upphæð, sem vèr stingum upp á, með því fyrirkomulagi, sem nú er.

Viðvíkjandi því næst hinu öðru atriði bænarskránna um þjóðfund, þá verður nefndin að vísu að hafa þá sannfæringu, að stjórnarfrumvarpið *með* þeim breytingum, sem nefndin hefir stungið upp á, að á því væri gjörðar, mundi sem stjórnarskrá fyrir Ísland fullnægja kröfum og óskum þjóðar vorrar þeim, er hún hvorki mun geta eða vilja frá víkja, og að annað þing, til að fjalla um mál þetta að nýju því mundi verða ónauðsynlegt, svo framarlega sem frumvarpið með áorðnum breytingum þingsins fengi allrahæst samþykki konungs vors, sem stjórnarlög fyrir Ísland, og landinu yrði veitt það fjártillag, sem áður er tekið fram. En skyldi þetta mót von ekki geta fengið framgang, þá hlýtur nefndin aptur á móti, að ráða hinu heiðraða þingi til, að biðja konung vorn, að leggja málið í heild sinni á ný fyrir þing á Íslandi, er saman verði kallað samkvæmt kosningarlögunum 28. sept. 1849, með því þess er eigi að vænta, að alþingi það, sem nú er, geti gengið að öðrum eða lakari skilyrðum þjóðarinnar vegna, en nú eru tekin fram og frumvarpið bendir til. Vèr skulum nú geta þess, að vèr álítum þá og nauðsynlegt, að sett verði ný stjórn hèr á landi, samkvæmt grundvallarreglum þeim, er teknar eru fram í frumvarpi nefndarinnar, er undir búi málið til fullnaðar af hendi konungs undir þingið.

Af framanskrifuðum ástæðum leyfir nefndin sèr að ráða hinu heiðraða alþingi til, að bera þá bæn fram fyrir vorn allramildasta konung:

I. 1. Að hans hátign alira-mildilegast vildi löggilda frumvarp það til stjórnarskipunarlaga fyrir Ísland, sem lagt var að þessu sinni fyrir þingið, með þeim breytingum, sem á því eru orðnar, sem stjórnarskrá fyrir Ísland, þó með því skilyrði:

2. Að hans hátign útvegi fast árgjald handa Íslandi úr ríkís-

sjóðnum, er að minnsta kosti nemi 50,000 rd., og sèu fyrir þessu árgjaldi gefin út óuppsegjanleg ríkisskuldabrèf.

II. 1. En skyldi hans hátign allra-mildilegast eigi geta fullnægt óskum þingsins um greind atriði í I., 1. og 2., að hann þá allramildilegast vildi láta leggja stjórnarskipunarmálið og fjárhagsaðskilnaðarmálið í heild sinni fyrir fund, er saman væri stefnt samkvæmt kosningarlögunum 28. sept. 1849.

2. Að hans hátign vildi allramildilegast skipa landstjórn hèr á landi, samkvæmt grundvallarreglum þeim, sem teknar eru fram í frumvarpi nefndarinnar, og bjóða henni að undirbúa málið til fullnaðar af hendi konungs undir fundinn, jafnframt og fengin væri ákveðin upphæð árgjaldsins af hálfu ríkisdagsins.

Alþingi 22. ágúst 1867.

B. Sveinsson. framsögumaður. *Jón Sigurðsson.* *Páll J. Vídalín.* *Eiríkur Kúld.* skrifari.

Stefán Jónsson. *H. Kr. Friðriksson.* *Stefán Thordersen.*

Með tilliti til míns ágreiningsálits, sem minni hluti nefndarinnar.

Jón Hjaltalín.

ÁGREININGSÁLIT

Dr. Hjaltalíns í málinu um konunglegt frumvarp til stjórnarskipunarlaga fyrir Ísland.

Með því eg í flestöllu verulegu er samdóma frumvarpi stjórnarinnar um það þar í tiltekna stjórnarfyrirkomulag á Íslandi, þá get eg ómögulega verið samdóma nefndaráliti því, er meiri hluti nefndarinnar leggur nú fyrir þingið, að því leyti sem nefndarálit þetta stingur upp á verulegum og að mínu áliti *alveg* óþörfum breytingum á frumvarpi stjórnarinnar.

Um leið og eg því yfirlýsi því áliti mínu, að þingið eigi að fallast á stjórnarfrumvarpið í öllu verulegu, geymi eg mèr rètt til, við undirbúningsumræðuna að koma fram með nokkur breytingar- og viðauka-atkvæði, sem þó eigi eru svo yfirgripsmikil, að eg finni ástæðu til að útlista það hèr.

Loksins get eg þess, að eg er yfir höfuð alveg mótfallinn röksemdafærslu nefndarinnar í álitsskjali hennar.

Reykjavík, 23. ágúst 1867.

Jón Hjaltalín.

ÁGREININGSATKVÆÐI

Jóns Guðmundssonar í stjórnarskipunarmálinu.

Að lyktum minnist nefndin þess, að hið virðulega þing vísaði til hennar samtals 15 bænarskrám með samtals 781 nöfnum undir, og virðist mega vekja athygli að því, að þó bænarskrár þessar sèu úr ýmsum hèruðum landsins og það hinum fjarlægustu, eða víðsvegar að úr landinu, þá eru eigi færri en 11 þeirra allar með 4 samhljóða niðurlagsatriðum og með samhljóða texta og röksemdaleiðslu svo að segja orði til orðs, að fráteknum mjög óverulegum orðamun bæði í inngangi og niðurlagsatriðum. Þessar 11 bænarskrár fara allar fram á að niðurlagi:

1. Að land vort fái svo mikla skaðabót fyrir eignir sínar og undanfarandi verzlunareinokun, er fjárhagur þess verður aðskilinn, sem með rökum verður sannað, að það eigi með rèttu.
2. Að sú skaðabót, sem vèr fáum, verði veruleg eign lands vors, en eigi tiltekin eptir árlegri veitingu ríkisþingsins í Danmörku, hvorki um tiltekið árabil nè öðruvísi.
3. Að ekki verði aðskilið fjárhagsmálið frá stjórnarbótarmálinu, heldur að stjórnin leggi fram fullkomið frumvarp til stjórnarskrár handa Íslandi, jafnframt og hún leggur fram tilboð sitt um það fjártillag, sem Danmörku gjörist að greiða, þegar fjárhagur Danmerkur og Íslands verður aðskilinn.
4. Að stefnt verði til þjóðfundar eptir sömu kosningarlögum og 1849, og að þjóðfundinum verði fengið mál þetta allt til meðferðar með fullu og frjálsu atkvæði, áður en því verði ráðið til lykta.

Hinar þrjár bænarskrárnar fara í nokkuð aðra stefnu, og eigi svo eindregnar um frávísun málsins til þjóðfundar, eins og þær 11, og eigi heldur um fjárkröfur þær sem í þeim 11 er gjört að umtalsefni í 1. niðurlagsatriði þeirra.

Þegar á hinum fyrstu fundum sínum, eptir að nefndinni voru fengnar bænarskrár þessar af hinu virðulega þingi, tók hún það til nákvæmrar yfirvegunar og umræðu, hvaða áhrif þær ættu að hafa á meðferð hennar á aðalætlunarverki því, er alþing hafði frá öndverðu kvatt hana til og falið henni á hendur, en það var hið *konunglega frumvarp til laga um stjórnarskipun handa Íslandi.* Nefndin varð nú brátt á eitt sátt um það, að hún að þessu leytinu ætti ekki að einbinda sig við 3. og 4. niðurlagsatriðið í bænarskránum, hvorki að því, að stinga skyldi upp á samtengingu fjárhagsaðskilnaðarmálsins við stjórnarskipunarmálið, og leggja það síð-

an til, að vísa stjórnarskipunarmálinu til þjóðfundar óskoðuðu, og eigi heldur, að ræða og undirbúa málið að eins undir þjóðfund, heldur beinlínis allt frumvarpið til enda undir samþykki vors allramildasta konungs, eins og það var lagt fyrir þingið af stjórn konungsins og hið virðulega þing hafði kvatt nefnd þessa til. En það eina varð nefndin ásátt um, þegar á hinum fremri nefndarfundum, að því er bænarskrárnar áhrærir, að tengja varaskilyrði eða nokkurs konar vara-uppástungu við aðaluppástungu nefndarinnar um það, að stjórnarfrumvarpið yrði gjört að lögum með þeim breytingum, sem nefndin hefir stungið upp á, í þá stefnu, að gæti konungur eigi lagt samþykki sitt á svo löguð stjórnarskipunarlög, þá léti hans hátign sér þóknast, að leggja nýtt stjórnarskipunarfrumvarp fyrir annaðhvort sérstakan fund í landinu sjálfu, eða þá fyrir alþing, eptir að nýjar kosningar hefði fram farið, með því þess mundi eigi vera að vænta, að alþing með þeim sömu mönnum á þingbekkjunum, sem nú væru, mundi geta gengið að jafnþröngum og óaðgengilegum stjórnarkjörum, sem þeim, er þetta stjórnarfrumvarp bauð, eða þrengri heldur en þeim, er þingið nú í þá stefnu, sem nefndin hefir stungið upp á við frumvarpið, kæmi sér niður á að samþykkja. Fjártillagið frá Danmörku bar og í tal nokkrum sinnum í nefndinni, en að eins lauslega. Þegar málefni þetta bar í tal í nefndinni á sagðan hátt, lèt með-undirskrifaður formaður nefndarinnar þá meiningu sína í ljósi, að hann áliti, að fjárhagsspursmálið yfir höfuð, og einkum fjártillagsupphæðin frá Danmörku til Íslands lægi fyrir utan verkefni og verkahring nefndar þessarar, þar sem hún hefði að eins verið kosin til, að bera upp fyrir þinginu álit sitt og uppástungur um frumvarpið til stjórnarskipunarlaganna, — og að það væri, að hans áliti, því fremur ísjárvert fyrir nefndina, að gjöra fjártillagsupphæðina að umtalsefni til niðurlagsatriða í álitsskjalinu, og mundi þá því síður verða álitið rètt, eða að nefndin hefði til þess næga heimild, að hafa þetta til skilyrðis fyrir því, að vèr vildum þiggja nokkra stjórnarbót, þar sem konungur hefði sjálfur auðsjáanlega *aðskilið* fjárskilnaðarmálið frá stjórnarskipunarmálinu, eins og auglýsing konungs til þessa alþings berlega sýndi.

Jafnframt þessu lèt sami nefndarmaður — formaðurinn — þá meiningu sína í ljósi, að hann sæi ekkert í móti því, að í *ástæðum* nefndarálitsins væri gjörð að umtalsefni tillagsupphæð sú, samtals 50,000 rd. er konungurinn í auglýsingunni til þessa alþingis hefði skuldbundið sig til að reyna að útvega hjá ríkisþingi Dana, og það því síður, þar sem 2. gr. í »ákvörðununum um stundarsakir« aptan við frumvarpið gefur nefnd og þingi beint tilefni þar

til, að því leyti ástæða virtist til að færa upp eður niður grundvallartölu þá, er gr. þessi vill láta millibilsfjárlög konungsins vera einbundin við að aðalupphæðinni til. Í þessu tilliti var það og álit nefndarmanna, að þingið ætti að lýsa yfir þeirri skoðun, að minnsta kosti í álitsskjalinu til konungs, að með því, að ákveða tillagsupphæðina, eins og gjört er í auglýsingunni, og eigi hærri, þá virtist ástæða til að ætla, að hans hátign hefði þar haft fyrir augum stjórnarfyrirkomulag það, sem í frumvarpinu er ráðgjört, og þann kostnað, er þetta fyrirkomulag hefði í för með sèr; en þar sem nú breytingaruppástungur nefndarinnar, er hún treystir, að hið virðulega þing fallist á, og fylgi fram í álitsskjali sínu til konungs, fara fram á það fyrirkomulag, er augsýnilega hefir í för með sèr nokkuð meiri útgjöld, heldur en þau, er mundi leiða af fyrirkomulagi stjórnarfrumvarpsins, þá treysti alþing því, að hans hátign einnig fallist á breytingar þessar, og sjái þá jafnframt ráð til þess, að útvega hjá ríkisþinginu þeim mun hærri árlega tillagsupphæð, heldur en ráðgjört er í hinni allra-hæstu auglýsingu 31. maí þ. á.

Samkvæmt nefndaráliti þessu, frumvarpi stjórnarinnar með þeim breytingum, sem nefndin hefir stungið upp á og við tekið, eptir ástæðunum í aðalálitsskjali nefndarinnar og við hinar einstöku greinir, hefir nefndin þannig viðtekið, að fela alþingi að frambera í þegnlegu álitsskjali sínu til konungs *um stjórnarskipunarmálið,* sem þingið af hendi stjórnarinnar fól henni til meðferðar: *fyrst og fremst*:

> að hans Konunglega Hátign láti stjórnarfrumvarpið með áorðnum breytingum koma út sem stjórnarskipunarlög handa Íslandi.

og til vara: að ef þetta gæti ekki fengið Hans Hátignar allramildustu bænheyrslu, þá verði stjórnarskipunarmál Íslands allramildilegast lagt á ný fyrir þing á Íslandi.

Alþingi 21. d. ágústm. 1867.

Jón Guðmundsson,
formaður.

Í gær sendi eg forseta alþingis nefndarálit þetta, hreinskrifað, eins og það hèr kemur fram, með röksamlegu brèfi mínu, dagsett í fyrra dag, og tjáði mig knúðan til, að fela honum jafnframt að ná undirskriptum meðnefndarmanna minna undir álitskjalið, sjálfsagt hvort heldur þeir vildu fororðalaust eða með hverju því skilyrði, leiðrèttingum, athugasemdum eða mótmælum, er þeir allir eða hver fyrir sig fyndu nauðsyn til að tengja við undirskript sína áhrærandi hvort heldur aðalefni og breytingar stjórnarskipunarfrumvarpsins

yfir höfuð, eða við framsetningu og skrásetningu hinna síðustu kafla nefndarálitsins frá bls. 469. til enda, er eg skrásetti eptir fundinn 20. þ. mán., og hafa að vísu eigi verið upplesnir á fundi, og byggði þessi tilmæli mín til forseta og afsögn nefndarformennsku minnar að þessu leyti á því, að eg sæi mèr ekki til neins að kalla nefndarmenn á fund til að ná undirskript þeirra, þar sem þeir einkum að kveldi 20. þ. m. höfðu gjört mèr ómögulegt að stjórna hinum síðari fundinum, er eg átti með þeim, eða að ná neinni niðurstöðu um niðurlag nefndarálitsins og niðurlagsatriði eptir framsögumann, er hafði legið fyrir síðan 16. þ. mán., og var þetta aðalorsök þess, að eg rèðist í, að skrásetja niðurlag álitsskjalsins að öllu aðalefninu samkvæmt því, sem viðtekið hafði verið í málinu á undangengnum fundum.

Nú sendi forseti mèr aptur málið í gær með brèfi og lagði fyrir mig annaðhvort að reyna að miðla málum og jafna svo, að málið gæti komið löglega undirbúið inn á þing hið fyrsta, eða að eg yrði að kalla nefndarmenn saman á fund og afsala mèr formennskuna þeim í hönd, o. s. frv. En þó að eg verði að álíta, að *stjórnarskipunarmálið* hafi þegar í fyrra-dag og sè enn svo löglega undirbúið með þeim frágangi, sem nú er á því, að vel mætti senda það alþingisforsetanum til að ná undirskriptum nefndarmanna, úr því nefndarformaðurinn sá sèr það eigi fært af tilfærðum rökum, þá vildi eg eigi samt halda þessu til streytu við forseta til enn meiri tafnings fyrir málinu, heldur afsalaði eg mèr formennskunni og afhenti málið aptur nefndinni nefndarskrifaraveginn í gærkveld, ábyrgðist henni allan frágang og allar uppástungur og niðurlagsatriði, er síðar kynnu að fram koma frá þeim, og *afsagði* að *skrifa* undir annað eða *meira* en það, er eg hafði hèr undirskrifað.

Nú sendu nefndarmenn mèr í dag viðauka þann, sem hèr fylgir á eptir með nýjum uppástungu-atriðum, er aldrei hefir verið hreift í nefndinni, svo að þau hafi verið tekin til umræðu og aldrei verið þar rædd í þessu formi. Hinn 5. konungkjörni nefndarmaður las að vísu upp skjal nokkurt með niðurlagsatriðum á kveldfundi 19. þ. mán., en það ágreiningsálit hafði honum aldrei verið falið að semja á nefndarfundi nè hann beðið sèr leyfis eða áskilið sèr rètt til þess, afhenti heldur ekki formanninum skjalið að enduðum upplestri, heldur stakk því á sig aptur þegar að enduðum upplestri þess. Eg kann eigi að segja, hvort viðbætirinn, sem hèr á eptir kemur og 7 nefndarmanna hafa þegar undirskrifað, sè hinn sami, sem hinn 5. konungkjörni þá las upp, en hitt er víst, að enginn samþykkti þá þessar uppástungur hans á fundinum, og að framsögu-

maður lýsti því þá skýrt og skorinort yfir, að hann hèldi sèr fast við *sín* niðurlagsatriði og hèldi þeim fram með þeirri einu tilmiðlun, að 50,000 rd. yrði ákveðnir sem fast og ævarandi árgjald frá Danmörku til Íslands sem skilyrði fyrir því, að stjórnarskipunarlögin yrðu lögleidd á Íslandi. Nefndarmenn gjörðu eigi að ganga við þessu hvorki af eður á, og var þess vegna ákveðinn fundur til næsta dags til að ræða út um, og viðtaka niðurlagsatriðin, en á þeim fundi að kveldi hins 20. þ. mán. var ekki auðið, að halda uppi neinni skipulegri umræðu eða ná neinni ályktt hjá nefndinni; eg skildi samt eigi betur nefndarmenn, er töluðu svo eg heyrði, en að þeir vildi gjöra það til miðlunar, að ganga að niðurlagsatriðum framsögumanns, og víst 3 nefndarmenn, hver í sínu lagi, lýstu því yfir við mig, að þeir skrifuðu undir 50,000 rd. skilyrði og hin önnur niðurlagsatriði framsögumanns með fororði um að ganga, ef þeim litist svo, að breytingaratkvæði um hærra tillag, ef það yrði borið upp á þingfundi. En engan heyrði eg halda fram uppástungum þeim, er 5. konungkjörni las upp á kveldfundi 19. nema hann sjálfan framan af fundinum 20., en þær uppástungur hefi eg aldrei sèð og þekki þær ekki. Niðurlagsatriði framsögumanns þau, er rædd voru á þeim tveim síðustu fundum, sendi eg forseta í gær, ásamt skjölum málsins, og verða þau því til sýnis fyrir þingmönnum; þau sýna og sjálf, að þau eru alveg samhljóða niðurlagsatriðunum, sem eg hefi undirskrifað hèr að niðurlagi nefndarálitsins, að því einu fráskildu, að 50,000 rd. skilyrðinu, sem framsögumaður hafði, er þar sleppt. Eg áleit og álít jafnóþarft fyrir þingið að taka inn í niðurlagsatriði þessa máls samhljóða og orðrètt skilyrði því, sem konungur hefir sjálfur bundið við löggildingu stjórnarlaga vorra í auglýsingu sinni 31. maí þ. á., eins og mèr virðist það lýsa þeirri tortryggni, sem eigi bíður svörum, andspænis yfirlýstu heityrði konungs, ef hèr er eigi að öðru stefnt, en því, að þingið minni konunglega hátign á, að standa við «töluð orð» sín og láta þau eigi bregðast. *Stjórnarlagafrumvarpið*, er var aðalverkefni nefndarmanna, gefur og ekkert tilefni til, að tengja þar við fjárskilnaðar- og fjártillagsmálið að þessu sinni, og eptir hinni konunglegu auglýsingu til þessa þings er það beinlínis heimildarlaust og rangt að mínu áliti.

Konungur hefir þar *aðskilið* þau tvö mál; hvorki alþingi sjálft og því síður þingnefndin í stjórnarskipunarmálinu getur sameinað þau að þessu sinni, nè lagt til, að þau sèu samtengd svo, að með neinum rètti sè eða heimilt, þó að hefði verið borin upp um það

formleg *sèrskilin* uppástunga og samþykkt á þingi, eða í stjórnarlaganefndinni, en hvorugu er hèr að skipta.

Viðauka þann, sem meðnefndarmenn mínir hafa sent mèr í dag með niðurlagsatriðum þeim, sem þar við eru tengd og sem þeir kalla: »*niðurlag nefndarálitsins*», er þeir virðast ætlast til að komi í stað niðurlagsins hèr að framan, frá bls. 24 og út, og 7 nefndarmanna hafa þegar undirskrifað, get eg því eigi álitið öðruvísi, en sem *nýjar uppástungur, ræddar eptir á,* og samþykktar af hinni nýju fjárhags- eður fjárskilnaðarnefnd, sem hèr virðist að hafa myndað sig. Niðurlagsatriðin í viðauka þessum hef eg aldrei fyrr sèð; þau eru aldrei borin reglulega upp, og því síður formlega rædd og viðtekin í stjórnarlaganefndinni.

Niðurlagsatriði framsögumanns eru hin einu, sem hafa legið fyrir í þeirri nefnd til reglulegrar umræðu. Þessi nýju niðurlagsatriði verða því aldrei álitin öðruvísi, heldur en viðauka- og breytingaruppástungur við þetta nefndarálit í stjórnarskipunarmálinu, sem er samþykkt í öllum atriðum þessa máls.

Eg einbind mig þannig enn sem fyrr við allt það, sem nefndin í stjórnarskipunarmálinu hefir viðtekið á fundum og nefndarálitið gjör skýrir, en hafna og mótmæli öllum fjárkröfu-uppástungum og öllum breytingar- og viðauka-uppástungum í þá átt.

Reykjavík, 23. ágúst 1867.

Jón Guðmundsson,
nefndarformaður í stjórnarskipunarmálinu.

FRUMVARP
til stjórnarskipunarlaga Íslands.
(Eptir uppástungum þingnefndarinnar, sem sett var í málinu á alþingi 1867).

I.

1. grein. (1. gr. stfrv.).

Ísland er erfðaland Danakonungs og einn hluti Danaveldis. Um ríkiserfðirnar, rètt konungs til að hafa stjórn á hendi í öðrum löndum, trúarbrögð konungs, myndugleika hans, viðtöku við stjórninni, um ríkisstjórn í forföllum konungs, og um það, er konungdómurinn er laus, er 1., 4., 5., 6., 7. og 8. grein í hinum yfirskoðuðu grundvallarlögum Danmerkur ríkis, dagsettum 5. dag júnímánaðar 1849, sem út eru gefin 28. dag júlímánaðar 1866, sem hèr eru viðfestar, einnig lög á Íslandi.

2. grein. (2. gr. stfrv.).

Áður en konungur tekur við stjórninni skal hann heita með

skriflegum eiði í ríkisráðinu, að halda óbrigðanlega hin sèrstöku stjórnarskipunarlög Íslands. Af heitorðinu skulu gjörð tvö frumrit samhljóða, og skal annað þeirra sent alþingi og geymt í skjalasafni þess, en hitt skal geymt í leyndarskjalasafninu.

3. grein. (3. gr. stfrv.).

Í þeim málum, sem sameiginleg eru með Íslandi og Danmörku tekur Ísland engan þátt fyrst um sinn, hvorki í stjórn þeirra nè löggjöf, nè heldur byrðum þeim eða gjöldum, sem af þeim leiðir, þangað til hagur landsins er kominn í það horf, að það leggi til almennra þarfa Danaveldis, en þá ákveður konungur og alþingi í sameiningu með lögum um hluttöku Íslands í löggjöf og stjórn sameiginlegra mála, og um fjártillag til þeirra frá Íslands hálfu.

4. grein. (4. gr. stfrv.).

Öll sameiginleg lög, sem birtast eptirleiðis, skulu kunngjörð á Íslandi bæði á íslenzku og dönsku, og verða þau þá skuldbindandi fyrir þegna konungs á Íslandi, þó með þeim hætti, sem segir í 3. grein.

5. grein. (5. gr. stfrv.).

Í málum þeim öllum, er snerta Ísland sèrstaklega, hefir það löggjöf, dóma og stjórn út af fyrir sig. Sèrstakleg mál Íslands eru svo sem:

1. Lögstjórnar- og löggæzlu-málefni, borgaraleg löggjöf, sakamál, dómaskipun og rèttarfar.
2. Kirkjumálefni, og mál þau öll, sem lúta að vísindum, menntun og uppfræðingu, ásamt stofnunum þeim, sem þar til heyra.
3. Læknaskipun og heilbrigðismálefni landsins með stofnunum þeim, er þar að lúta.
4. Sveitar- og fátækra-málefni öll.
5. Allar innanlands póstgöngur, vegabætur og sèrhvað það, sem greiðir fyrir samgöngum manna á milli í landinu sjálfu og umhverfis það.
6. Atvinnuvegir landsbúa á sjó og landi, iðnaður og verzlunarmál.
7. Allar þjóðeignir landsins, opinberar stofnanir og sjóðir, og skal þar með talið árgjaldið frá Danmörku.
8. Öll skatta- og toll-mál Íslands beinlínis sem óbeinlínis.
9. Allar þær tekjur og gjöld, sem varða Ísland sèrstaklega.

Í þessum málum er *löggjafarvaldið* hjá konungi og alþingi

í sameiningu; *framkvæmdarvaldið* hjá konungi, og *dómsvaldið* hjá dómendunum.

6. grein. (ný gr.)

Nú skilur á um, hvort mál sè sameiginlegt eða varði Ísland sèrstaklega, og skal þá hinn danski ráðgjafi, er hlut á að máli því, er greinir á um, og ráðgjafinn fyrir Ísland skýra konungi frá málavöxtum, og leggur hann þá úrskurð á málið.

7. grein. (6. gr. stfrv.).

Hin evangeliska lúterska kirkja skal vera þjóðkirkja á Íslandi, og skal því landstjórnin styðja hana og styrkja.

II.

8. grein. (7. gr. stfrv.)

Konungur hefir hið æðsta vald yfir öllum þeim málum, sem varða Ísland sèrstaklega, með þeim einum takmörkunum, sem settar eru í stjórnarskrá þessari. Til þess að framkvæma þetta vald skipar konungur landstjórn, sem hefir aðsetur sitt á Íslandi, og ráðgjafa, sem hefir aðsetur í Kaupmannahöfn.

9. grein (8. gr. stfrv.).

Konungur er ábyrgðarlaus; hann er heilagur og friðhelgur. Landstjórarnir og ráðgjafinn hafa alla ábyrgð stjórnargjörðanna. Ábyrgð þessi verður nákvæmar ákveðin með lögum.

10. grein (9. og 10. gr. stfrv.).

Konungur kveður sèr ráðgjafa fyrir Ísland og menn í landstjórnina, og víkur þeim úr völdum; hann kveður á um tölu þeirra, og skiptir verkum með þeim; *(viðbót meiri hluta nefndarinnar; sbr. 21. gr.)* en eigi skulu landstjórar færri vera en þrír.

Ráðgjafinn flytur fyrir konung af hendi landstjórnarinnar öll þau löggjafar- og stjórnar-málefni, sem varða Ísland sèrstaklega og undir úrskurð konungs liggja að lögum; svo flytur hann og fyrir konung þau mál, sem ræðir um í 6. grein.

Undirskript konungs undir málin veitir þeim fullt gildi, þá er einn landstjóranna ásamt ráðgjafanum eða ráðgjafinn af þeirra hendi ritar undir með honum, og er þá ákvörðunin á ábyrgð þess eða þeirra, er undir rita með konungi.

11. grein (11. gr. stfrv.)

Konungur veitir öll þess konar embætti, sem hann hefir veitt hingað til. Breytingu má á þessu gjöra með lagaboði. Engan þann má skipa embættismann á Íslandi, sem ekki hefir rèttindi innborinna manna, og þar á ofan hefir fært sönnur á, að hann hafi

fullnægt því, sem fyrir er mælt í lagaákvörðununum um kunnáttu í máli landsins. Sérhver embættismaður skal vinna eið að stjórnarskipunar-lögunum.

Konungur getur vikið þeim frá embætti, sem hann hefir veitt það. Eptirlaun embættismanna skulu ákveðin samkvæmt eptirlaunalögum.

Konungur getur flutt embættismenn úr einu embætti í annað, þó svo, að þeir missi einskis í af embættistekjum, og að þeim sè gefinn kostur á, að kjósa, hvort þeir vilji heldur embættaskiptin eða þá lausn frá embætti með eptirlaunum þeim, sem almennar reglur ákveða.

Frá reglu þessari má með lagaboði undan skilja ýmsa embættismannaflokka auk embættismanna þeirra, sem nefndir eru í 56. grein.

12. grein. (12. gr. stfrv.).

Konungur stefnir saman reglulegu alþingi annaðhvort ár. Án samþykkis konungs má það eigi eiga setu lengur en 6 vikur.

Breyta má þessu með lögum.

13. grein (13. gr. stfrv.)

Konungur getur stefnt alþingi saman til aukafunda, og ræður hann, hversu langa setu það þá skuli eiga.

14. grein (14. gr. stfrv.)

Konungur getur frestað fundum hins reglulega alþingis um tiltekinn tíma, en samt ekki lengur en 4 vikur, nema alþingi samþykkist það, og ekki nema einu sinni á ári.

15. grein (15. gr. stfrv.)

Konungur getur leyst upp alþingi, og skal þá stofnað til nýrra kosninga, áður tveir mánuðir sèu liðnir, og alþingi stefnt saman næsta ár, eptir að það var leyst upp.

16. grein (16. gr. stfrv.)

Konungur getur látið leggja fyrir alþingi lagafrumvörp og uppástungur.

17. grein (17. gr. stfrv.)

Samþykkis konungs þarf til þess, að nokkur ákvörðun alþingis geti fengið lagagildi. Konungur annast um, að lögin sè birt og að þeim verði fullnægt. Hafi konungur ekki staðfest eitthvert lagafrumvarp, sem alþingi hefir fallizt á, á undan næsta alþingi, er það niður fallið.

18. grein (18. gr. stfrv.)

Þegar brýna nauðsyn ber til, getur konungur gefið út bráðabyrgðalög milli alþinga; eigi mega slík lög samt koma í bága við stjórnarskipunarlögin, og ætíð skulu þau lögð fyrir næsta alþingi á eptir.

19. grein (19. gr. stfrv.)

Konungur náðar menn og veitir almenna uppgjöf á sökum. En hafi ráðgjafa hinna íslenzku mála eða landstjórunum verið dæmd hegning á hendur fyrir brot á stjórnarskránni, þá má konungur því að eins náða, að neðri deild alþingis samþykki.

20. grein (20. gr. stfrv.)

Konungur veitir sjálfur eða heimilar landstjórunum, að veita leyfi þau og undanþágur frá lögum, sem tíðkazt hafa eptir reglum þeim, sem farið hefir verið eptir hingað til.

21. grein (21. gr. stfrv.)

Konungur setur eitt æðsta stjórnarvald, sem skal eiga aðsetur á Íslandi; skal það skipað eigi færri mönnum en þremur; það eru landstjórar, og hafa þeir á hendi, í nafni konungs, stjórn allra þeirra málefna, er varða Ísland sérstaklega.

Konungur skiptir störfum með landstjórunum, og framkvæma þeir þau eptir reglugjörð, sem konungur setur.

Allir embættismenn og sýslunarmenn, sem skipaðir eru á Íslandi, eru undir landstjórninni.

(*Meiri hluti nefndarinnar,* Benedikt Sveinsson, Eiríkur Kúld, Halldór Kr. Friðriksson, Páll Vídalín og Stefán Jónsson, vilja úr fella 1. og 2. málsgr. í 21. gr., en taka ákvörðunina, í 1. kafla um það, að eigi skuli færri vera í landstjórninni en 3 menn, aptan við 1. kafla í 10. gr.)

III.

22. grein (22. gr. stfrv.)

Á alþingi eiga sæti 36 alþingismenn, 30 þjóðkjörnir, og 6 embættismenn, er konungur kveður til þingsetu, þrjá úr Suðuramtinu, einn úr Vesturamtinu og tvo úr Norður- og Austuramtinu.

23. grein (ný gr.)

Alþingi skiptist í tvær deildir, efri þingdeild og neðri þingdeild; í efri deildinni sitja 12 þingmenn, í neðri deildinni 24.

24. grein (23. gr. stfrv.)

Kosningarrètt til alþingis hafa:

a. allir bændur, sem hafa grasnyt og gjalda nokkuð til allra stètta; þó skulu þeir, sem með sèrstaklegu lagaboði kynni að vera undan skildir þegnskyldugjaldinu, ekki fyrir það missa kosningarrètt sinn;

b. embættismenn, sem annaðhvort hafa konunglegt veitingarbrèf, eða eru skipaðir af landstjórninni á Íslandi;

c. þeir, sem tekið hafa lærdómspróf við háskólann eða embættispróf við prestaskólann, eður hjá landlækninum, og svo við læknaskólann eða lagaskólann, þegar þeir skólar eru stofnaðir, þó ekki sè þeir í embættum, ef þeir eru ekki öðrum háðir.

d. kaupstaðarborgarar, ef þeir gjalda til sveitar að minnsta kosti 4 rd. á ári;

e. þurrabúðarmenn, ef þeir gjalda til sveitar eða bæjarþarfa að minnsta kosti 6 rd. á ári.

Þar að auki getur enginn átt kosningarrètt, nema hann sè orðinn fullra 25 ára að aldri, þegar kosningin fer fram, hafi óflekkað mannorð, hafi verið heimilisfastur í umdæminu eitt ár, sè fjár síns ráðandi og honum sè ekki lagt af sveit, eða hafi hann þáð sveitarstyrk, að hann þá hafi endurgoldið hann eða honum hafi verið gefinn hann upp.

Kjörgengur til alþingis er hver sá, sem hefir kosningarrètt samkvæmt því, sem nú var sagt, ef að hann:

1. ekki er þegn eða þjónn annars ríkis;
2. hefir að minnsta kosti í síðustu 5 ár verið í löndum þeim í norðurálfunni, sem liggja undir Danaveldi;
3. sè orðinn fullra 30 ára að aldri, þegar kosningin fer fram.

Kjósa má einnig þann mann, sem á heima utan kjördæmis, eða hefir verið þar skemur en eitt ár.

Hinar nákvæmari reglur um kosningarnar verða settar í kosningalögunum.

25. grein (ný gr.)

Í efri þingdeildinni eiga sæti:

1. 6 hinir konungkjörnu embættismenn;
2. 6 þingmenn, er alþingi kýs úr þeim 30, sem þjóðkjörnir eru.

Alþingi kýs þá óbundnum kosningum til 6 ára, í fyrsta sinn, er það kemur saman eptir nýjar kosningar. Engan má yngri kjósa en 40 ára; hljóti tveir eða fleiri jafnmörg atkvæði, skal aldur ráða.

IV.

26. grein (24. gr. stfrv.)

Hið reglulega alþingi skal koma saman fyrsta virkan dag í júlímánuði annaðhvort ár, hafi konungur ekki til tekið annan samkomudag sama ár.

27. grein. (25. gr. stfrv.).

Samkomustaður alþingis er í Reykjavík.

28. grein. (26. gr. stfrv.).

Alþingi er friðheilagt. Hver, sem brýtur gegn friði þess eða frelsi, eða býður eitthvað, sem þar að lýtur, eða hlýðir slíku boði, verður sekur um drottinssvik.

29. grein. (27. gr. stfrv.).

Alþingi á rètt á, að stinga upp á lagaboðum og samþykkja þau fyrir sitt leyti; einnig má hvor þingdeildin fyrir sig senda konungi ávörp.

30. grein (28. grein stfrv.).

Hvor þingdeildin fyrir sig getur sett nefndir af þingmönnum til að rannsaka málefni, sem eru áríðandi fyrir almenning og snerta Ísland sèrstaklega. Nefndir þessar eiga rètt á að heimta skýrslur, munnlegar og brèflegar, bæði af embættismönnum og einstökum mönnum.

31. grein (29. grein stfrv.).

Engan skatt má á leggja nè breyta, nè af taka nema með lagaboði; ekki má heldur taka lán, er skuldbindi Ísland; nè selja eða af hendi láta neina af fasteignum landsins, nema slíkt sè með lagaboði ákveðið.

32. grein (30. grein stfrv.).

Með lögum skal fast-ákveðin föst fjárhagsáætlun, og skal í henni vera áætlun bæði um hinar venjulegu sèrstaklegu tekjur landsins, þar á meðal tillagið úr ríkissjóðnum, og um gjöldin. Hinni föstu fjárhagsáætlun verður ekki breytt nema með lögum.

(Grvl. 66, 48. gr.). Fyrir hvert reglulegt alþingi, jafnsnart og það er sett, skal landstjórnin leggja fjárhagsáætlun fyrir aukatekjur og auka-útgjöld landsins, að því leyti, sem þau eru ekki fólgin í hinni föstu áætlun yfir tveggja ára tímabil það, sem í hönd fer. Auka-áætlun þessi skal jafnan fengin neðri þingdeildinni fyrst til meðferðar.

(Grvl. 49.) 33. grein (31. grein stfrv.).

Nú eru ný skattgjöld ráðgjörð í auka-áætlun, og má eigi

heimta þau inn, fyrr en auka-áætlunin er samþykkt. Ekki má heldur greiða neitt gjald af hendi, nema heimild sè til þess í föstu fjárhagsáætluninni eða í fjáraukalögum.

34. grein (32. grein stfrv.).

Alþingi kýs tvo yfirskoðunarmenn, og skulu þeim veitt laun fyrir starfa sinn. Þessir menn eiga að gagnskoða hina árlegu reikninga um tekjur og gjöld landsins, og gæta þess, að tekjur landsins sèu þar allar taldar og að ekkert hafi verið út goldið nema eptir fjárhagslögunum. Þeir geta krafizt, að fá allar skýrslur þær og skjöl, sem þeim þykir þurfa. Síðan skal safna þeim tveimur ársreikningum fyrir hvert tveggja ára fjárhagstímabil í einn reikning og leggja hann fyrir alþingi ásamt með athugasemdum yfirskoðunarmanna, og skal því næst samþykkja hann með lagaboði.

35. grein. (33. gr. stfrv.).

Ekkert lagafrumvarp nè heldur frumvarp frá einstökum mönnum má samþykkja á alþingi til fullnaðar, fyrr en rætt hefir verið þar þrisvar sinnum.

Lagafrumvarp, sem alþingi hefir fellt, verður ekki optar tekið til umræðu á því þingi.

(Grvl. 53. gr.) 36. grein. (Ný gr.)

Þegar lagafrumvarp er samþykkt í annari-hvorri þingdeildinni, gengur það þá þegar með sama frágangi til hinnar þingdeildarinnar. Verði þar breytingar á gjörðar, gengur uppástungan aptur til fyrri þingdeildarinnar; gangi þá enn eigi saman um breytinguna, sameina báðar deildirnar sig í eina málstofu, og leiðir þá alþingi málið til lykta eptir eina umræðu með atkvæðafjölda.

37. grein. (34. gr. stfrv.).

Alþingi sker sjálft úr, hvort þingmenn þess sèu löglega kosnir.

38. grein. (35 .gr. stfrv.).

Sèrhver nýr þingmaður skal vinna eið að stjórnarskipunarlögunum, undir eins og búið er að viðurkenna, að kosning hans sè gild.

39. grein. (36. gr. stfrv.).

Alþingismenn eru eingöngu bundnir við sannfæringu sína, en eigi við neinar reglur frá kjósendum sínum.

Embættismenn þeir, sem kosnir verða til alþingis, þurfa ekki leyfi stjórnarinnar til þess, að þiggja kosninguna.

40. grein. (37. gr. stfrv.).

Meðan alþingi stendur yfir, má ekki taka neinn alþingismann

fastan fyrir skuldir án samþykkis alþingis, nè heldur setja hann í varðhald eða höfða mál á móti honum, nema hann sè staðinn að glæp. Enginn alþingismaður verður krafinn til reikningsskapar utan þings fyrir það, sem hann hefir talað á þinginu, nema þingið leyfi það.

41. grein. (38. gr. stfrv.).

Komist sá, sem löglega er kosinn, í einhverjar þær kringumstæður, sem svipta kjörgengi, missir hann rètt þann, er kosningunni fylgir.

(Grvl. 59.) 42. grein. (39. gr. stfrv.).

Þeim mönnum, sem eiga sæti í landstjórninni á Íslandi, skal heimilt sökum embættisstöðu sinnar, að sitja á alþingi, og eiga þeir rètt á, að taka þátt í umræðunum, eins opt og þeir vilja, en verða að öðru leyti að gæta þingskapa.

Atkvæðisrètt hafa þeir því að eins, að þeir sè jafnframt alþingismenn.

(Grvl. 60). 43. grein. (40. gr. stfrv.).

Hvor þingdeildin fyrir sig kýs sjálf forseta sinn og varaforseta.

(Grvl. 61). 44. grein. (41. gr. stfrv.).

Hvorug þingdeildin má gjöra ályktun um nokkurt mál, nema meira en helmingur þingmanna sè á fundi og greiði þar atkvæði.

(Grvl. 62). 45. grein. (42. gr. stfrv.).

Heimilt er hverjum alþingismanni, að bera upp hvaða opinbert málefni sem er í þeirri þingdeildinni, þar sem hann á sæti, ef hún leyfir það, og að beiðast þar um skýrslu landstjórnarinnar.

(Grvl. 63.) 46. grein. (43. gr. stfrv.).

Hvorug þingdeildin má taka við nokkru skjali um málefni, sem einstakir menn vilja bera upp fyrir alþingi, nema einhver þingdeildarmanna taki það að sèr til flutnings.

(Grvl. 64.) 47. grein. (44. gr. stfrv.).

Þyki þingdeildinni ekki ástæða til, að leggja úrskurð á eitthvert málefni, þá getur hún vísað því til landstjórnarinnar.

(Grvl. 65.) 48. grein. (45. gr. stfrv.).

Fundir beggja þingdeildanna skulu haldnir í heyranda hljóði. Samt má forseti eða svo margir þingmenn, er þingsköpin til taka, krefjast, að öllum utanþingsmönnum sè vísað burtu, og skal þá skera úr því með atkvæðum, hvort ræða skuli málið í heyranda hljóði eða fyrir lokuðum dyrum.

(Grvl. 66.) 49. grein. (46. gr. stfrv.).

Alþingi skipar sjálft þingsköpum sínum og þingreglum öllum.

(Grvl. 67.) 50. grein. (ný grein.)

Alþingi myndast af báðum þingdeildunum, er þær ganga saman í eina málstofu. Til þess að gjörð verði fullnaðar-ályktun á máli, mega eigi færri vera á fundi, en helft hvorrar þingdeildarinnar fyrir sig og greiði þó allir atkvæði. Alþingi velur þá sjálft forseta sinn og kveður á um þingsköp og þingreglu, er þá skuli gilda.

V.

(Grvl. 68.) 51. grein. (ný gr.).

Landsdómurinn skal skipaður 6 dómendum, 3 úr æðsta dómi landsins og 3 úr efri þingdeildinni, er hún kýs sjálf til 6 ára. Landsdómurinn velur sèr sjálfur forseta úr flokki sínum.

Um rekstur málanna fyrir landsdóminum skal ákveða nákvæmari reglur með lagaboði; en þangað til skal farið eptir lögunum fyrir ríkisdóminum í Danmörku.

Verði alþingi upp leyst eptir að mál er höfðað fyrir landsdóminum, halda þeir þrír landsdómendurnir, er kosnir voru úr efri þingdeildinni, eigi að síður sæti sínu í því máli.

(Grvl. 69.) 52. grein (ný gr.).

Landsdómurinn skal dæma mál þau, sem konungur eða neðri þingdeildin höfðar á hendur landstjórunum.

Svo skal það einnig á konungsvaldi, ef neðri þingdeildin gefur því jákvæði sitt, að láta ákæra aðra menn fyrir landsdóminum um glæpi þá, er konunginum þykja einkar háskalegir fyrir Ísland eður og gjörvallt konungsveldið.

(Grvl. 70.) 53. grein (47. gr. stfrv.)

Skipun dómsvaldsins verður eigi ákveðin nema með lagaboði.

(Grvl. 71.) 54. grein (48. gr. stfrv.)

Dómsgæzlan skal greind frá umboðsvaldinu og valdstjórnarathöfnum, samkvæmt reglum þeim, sem ákveðnar verða um það með lagaboði.

(Grvl. 72.) 55. grein (49. gr. stfrv.)

Dómendur skulu eiga rètt á, að skera úr öllum ágreiningi út

af embættistakmörkum yfirvalda. Eigi að síður skal þeim, er um það leitar dómsatkvæðis, skylt, að hlýðnast yfirvaldsboðinu í bráð.

(Grvl. 73.) 56. grein (50. gr. stfrv.)

Dómendur skulu í embættisverkum sínum fara einungis eptir lögunum. Þeim verður ekki vikið úr embætti nema með dómi, og ekki verða þeir heldur fluttir í annað embætti á móti vilja þeirra, nema þegar svo stendur á, að verið er að koma nýrri skipun á um dómstólana. Nú er dómari orðinn fullra 65 ára að aldri, og má þá leysa hann frá embættinu, en eigi skal hann þá missa neins í af launum sínum.

(Grvl. 74.) 57. grein (51. gr. stfrv.)

Jafnskjótt og að svo miklu leyti, sem því verður við komið, skulu dómar allir fara fram í heyranda hljóði með munnlegri sókn og vörn.

VI.

(Grvl. 75.) 58. grein (ný gr.)

Rèttarástandi þjóðkirkjunnar skal skipað með lögum.

(Grvl. 76.) 59. grein (52. gr. stfrv.)

Landsmenn eiga rètt á, að stofna fèlög, til að þjóna guði með þeim hætti, sem bezt á við sannfæringu hvers eins. En ekki má kenna eða fremja neitt það, sem er gagnstætt góðu siðferði og allsherjarreglu.

(Grvl. 78.) 60. grein (53. gr. stfrv.)

Kjör trúarbragðaflokka þeirra, sem á greinir við þjóðkirkjuna, skulu nákvæmar ákveðin með lagaboði.

(Grvl. 79.) 61. grein. (54. gr. stfrv.).

Enginn má neins í missa af borgaralegum og þjóðlegum rèttindum fyrir sakir trúarbragða sinna, nè heldur má nokkur fyrir þá sök skorast undan almennri fèlagsskyldu.

VII.

62. grein. (55. gr. stfrv.).

Hver sá maður, sem tekinn er fastur, skal leiddur fyrir dómara, eins fljótt og auðið er. Megi ekki þá jafnskjótt láta hann lausan aptur, ber dómaranum svo fljótt sem verður, og í seinasta lagi áður en 3 dagar sè liðnir, að leggja á úrskurð, er byggður sè á tilgreindum ástæðum, um að hann skuli settur í varðhald; en megi láta hann lausan gegn ábyrgðarveði, þá skal ákveðið í úrskurðinum, hvert eða hversu mikið veðið skuli vera.

Úrskurði þeim, sem dómarinn kveður upp, má sá, sem í hlut á, þegar skjóta sèr í lagi til æðri dóms.

Engan mann má setja í gæzluvarðhald fyrir yfirsjón, er að eins varðar fèsekt eða einföldu fangelsi.

Engan mann má draga frá löglegu varnarþingi hans.

63. grein (56. gr. stfrv.).

Heimilið er friðheilagt. Ekki má gjöra húsleit, nè kyrrsetja brèf og önnur skjöl og rannsaka þau, nema eptir dómsúrskurði, ef lögin ekki gjöra sèrstaklega undantekning.

64. grein (57. gr. stfrv.).

Eignarrètturinn er friðhelgur. Engan má skylda til, að láta af hendi eign sína, nema almennings-þörf krefji; þarf til þess lagaboð, og komi fullt verð fyrir.

65. grein (58. gr. stfrv.).

Öll bönd, þau er hamla frelsi í atvinnuvegum og jafnrètti manna til atvinnu, og eigi eru byggð á almenningsheillum, skal af taka með lagaboði.

(Grvl. 84.). 66. grein. (59. stfrv.).

Sá, sem ekki getur sèð fyrir sèr og sínum, og sè hann ekki skylduómagi annars manns, skal eiga rètt á, að fá styrk úr almennum sjóði, en þá skal hann háður vera skyldum þeim, er lögin áskilja.

(Grvl. 1866, 85., og 1849, 90). 67. grein (ný gr.).

Hafi foreldrar eigi efni nè tök á, að fræða sjálf börn sín, eða sè börnin munaðarlaus og öreigar, þá skal hið opinbera sjá þeim fyrir uppfræðingu og framfæri.

68. grein. (60. gr. stfrv.).

Hver maður á rètt á, að láta í ljósi hugsanir sínar á prenti; en ábyrgjast verður hann þær fyrir dómi. Ritskoðun og aðrar slíkar tálmanir fyrir prentfrelsi má aldrei taka upp aptur.

(Grvl. 87). 69. grein (61. gr. stfrv.).

Rètt eiga menn á, að stofna fèlög í hverjum löglegum tilgangi sem er, án þess að leyfi þurfi að sækja til þess. Ekkert fèlag má leysa upp með stjórnarráðstöfun, en banna má fèlag um sinn, og skal þá þegar höfða mál á hendur því, til þess það verði leyst upp.

(Grvl. 88.) 70. grein. (62. gr. stfrv.)

Rètt eiga menn á, að safnast saman vopnlausir. Lögreglustjórninni er heimilt, að vera við almennar samkomur. Banna má mannfundi undir berum himni, þegar uggvænt þykir, að af þeim leiði óspektir.

(Grvl. 89., 90, 91.) 71. grein. (63. gr. stfrv.)

Sèrhver vopnfær maður er skyldur að taka sjálfur þátt í vörn fósturjarðarinnar eptir því, sem nákvæmar kann að verða fyrir mælt þar um með lagaboði.

72. grein. (64. gr. stfrv.)

Rètti sveitafèlaganna til að ráða sjálf málefnum sínum með umsjón landsstjórnarinnar skal hið allra-bráðasta verða skipað með lagaboði.

73. grein. (65. gr. stfrv.)

Á skattgjöld og skattheimtu skal komið öðru skipulagi með lagaboði svo fljótt, sem verður.

74. grein. (66. gr. stfrv.)

Öll sèrstakleg rèttindi, er lögin hafa bundið við aðal, nafnbætur og tign, skulu vera af tekin.

VIII.

(Grvl. 95. gr.) 75. grein. (67. gr. stfrv.)

Uppástungur, hvort heldur er til breytinga eður viðauka á stjórnarskrá þessari, má bera upp hvort heldur á lögákveðnu alþingi eða auka-alþingi. Nú nær uppástungan til stjórnarskrárbreytingarinnar samþykki í báðum þingdeildunum og landstjórnin styður hana, þá skal upp leysa alþingi þá þegar og stofna til almennra kosninga af nýju. Samþykki þá enn hið nýkosna alþingi ákvörðunina óbreytta, og nái hún staðfestingu konungs, þá verður hún stjórnarlaga-ákvörðun.

ÁKVARÐANIR UM STUNDARSAKIR.

1. gr. (1. gr. stfrv.)

Kosningarlögin 6. janúarmán. 1857, sbr. tilskipun 8. marzmán. 1843, skulu gilda um kosningar til alþingis, þangað til öðruvísi verður fyrir mælt með lagaboði, að öðru leyti en því, sem leiðir af 22. gr. stjórnarlaga þessara; og verður sú breyting á kosningarlögunum gjörr ákveðin með sèrskildu lagaboði.

2. gr. (2. gr. stfrv.)

Þangað til föst fjárhagsáætlun verður sett með lagaboði, til tekur konungur fasta fjárhagsáætlun til bráðabyrgða, og skal í henni til færa gjöld þau, sem heimild er til í lögum þeim, sem nú eru í gildi, eða venjulegar þarfir hinna ýmislegu stjórnargreina út-

heimta. Ekki mega útgjöldin alls samt fara fram úr 88,000 ríkisdölum.

(3. gr. stfrv. fellur burt).

3. gr. (4. gr. stfrv.)

Ákvörðun sú, sem sett er í 50. grein, að ekki megi víkja dómendum úr embætti nema með dómi, nè heldur flytja þá í annað embætti að þeim fornspurðum, skal ekki eiga við um dómendur þá, sem nú eru og jafnframt hafa umboðsstörf á hendi.

4. gr. (5 gr. stfrv.)

Þangað til nýju skipulagi verður komið á dómstólana með lagaboði, er hæstirèttur Danaveldis, eins og hingað til, æðsti dómstóll, sem málum verður skotið til, samkvæmt lögum þeim, er gilda þar um.

5. gr. (6. gr. stfrv.)

Áður en alþingi kemur saman í fyrsta skipti sem löggjafarþing, skal kjósa nýja alþingismenn, hvort sem umboð alþingismanna þeirra, sem nú eru, er á enda eða ekki.

SEX GREINIR ÚR GRUNDVALLARLÖGUNUM.

1. grein.

Stjórn ríkisins er takmörkuð einveldisstjórn. Konungsvald gengur í erfðir; og skal það svo í erfðir ganga, sem á er kveðið í I. og II. atriði ríkiserfðalaganna frá 31. júlí 1853.

4. grein.

Konungur getur eigi haft stjórn á hendi í öðrum löndum, nema ríkisþing samþykki, að svo sè.

5. grein.

Trú konungs skal vera evangelisk-lútersk trú.

6. grein.

Konungur hefir fullt forræði, þá er hann er fullra átján ára; svo er og um sonu konungs og aðra konungsfrændur.

7. grein.

Áður en konungur tekur við stjórn, skal hann heita með rituðum eiði í ríkisráðinu að halda óbrigðilega grundvallarlög ríkisins. Af heitorði konungs skulu vera tvö frumrit samhljóða, og

skal annað þeirra selt í hendur ríkisþingi og geymt í skjalasafni þess, en hitt skal geymt í leyndarskjalasafni ríkisins. Nú verða konungaskipti, og fær konungur eigi þá unnið eiðinn sökum fjarvistar eður og af öðrum orsökum, og skal ríkisráðið þá hafa stjórn á hendi, þar til að eiður er unninn, nema öðruvísi sè með lögum á kveðið. Ef ríkisarfi hefir, áður en hann tekur við stjórn, unnið eið þenna, sezt hann að ríki þegar er konungaskipti verða.

8. grein.

Nú hefir konungur eigi fengið fullt forræði fyrir aldurs sakir, eður er hann sjúkur, eður í fjarvist, og skal þá með lögum á kveðið, hve stjórn skal haga; þar til er slík skipan er gjör, skal ríkisráðið stjórn á hendi hafa. Skal ríkisráð þá þegar kveðja til ríkisþings, og skal þar á kveðið í sameiningu, hve stjórn skal haga, unz konungur fær henni viðtöku veitt. Nú er engi konungur og engi ríkisarfi, og kýs þá sameinað ríkisþing konung og kveður á um ríkiserfðir þær, er þar eptir vera skulu.

ÁLITSSKJAL

til konungs um konunglegt frumvarp til laga fyrir Ísland um skipamælingar.

Samkvæmt allrahæsta boði yðar kgl. hátignar hefir í þetta skipti verið borið undir álit alþingis frumvarp til laga fyrir Ísland um skipamælingar.

Eptir að þingið hafði skipað nefnd til að íhuga málefni þetta og síðan rætt það á lögskipaðan hátt á tveim aðalfundum, leyfir þingið sèr að láta í ljósi um það álit sitt á þessa leið.

Þingið verður yfir höfuð að aðhyllast frumvarp þetta í öllum aðalatriðum þess, en leyfir sèr jafnframt að stinga upp á nokkrum breytingum við ýmsar ákvarðanir þess:

1. grein frumvarpsins á eptir orðanna hljóðun við öll skip, bæði opin skip og þilskip; en þar eð mælingaraðferð sú, sem síðar er um rætt í frumvarpinu, einungis virðist hafa þilskip fyrir augum og mæling opinna skipa eigi heldur virðist að vera nauðsynleg, er stungið upp á, að upphafi 1. greinar sè þannig breytt, að opin skip sèu undan skilin.

Enn fremur virtist þinginu ekki vera næg ástæða til að uppáleggja mönnum að láta mæla þilskip sín, hversu smá sem þau væru, með því það er nokkrum erfiðleikum og kostnaði bundið að fá skip mæld og þess vegna sanngjarnt, að hlutaðeigendur fengju að vera lausir við þessa byrði þar sem um svo litla eign er að gjöra, og þar sem enn fremur aðaltilgangurinn með mælinguna er að undirbúa það, að skip geti fengið þjóðernis og skrásetningarskýrteini, en slík skýrteini einkum virðast nauðsynleg fyrir skip, sem fara landa á milli, þá virtist þinginu eiga að undanskilja öll skip sem eigi væru stærri en 12 enskar lestir frá mælingarskyldunni, og láta hana þar að auki að eins hvíla á þeim skipum, sem ætluð eru einungis til ferða landa á milli.

Þar eð niðurlagsákvörðun 1. greinar virðist geta skilizt svo, að stjórinin í *hvert skipti* skuli ákveða, hve nær hvert einstakt útlent skip skuli mælt, en meiningin, að þingsins áliti er sú, að stjórnin með almennri ákvörðun ætli að birta hlutaðeigandi embættismönnum, hverra landa skipamælingar megi takast gildar án þess mæla þurfi upp skipin, er stungið upp á orðabreytingu til þess meiningin verði skýrari.

Þar sem ákveðið er í niðurlagi 5. greinar, að stjórnin skuli skera úr, hvort hin fullkomna mælingaraðferð skuli við höfð, ef einhverjar aðrar sérstaklegar tálmanir en það, að skip er fermt, gjöra erfitt að mæla eptir þessari aðferð, þá áleit þingið, að það mundi hafa mikla erfiðleika í för með sér og einkum tímaspilli að þurfa að leita úrskurðar hjá stjórninni í Danmörku um þetta efni, og þingið leyfir sér þess vegna að stinga upp á, að ákvörðunin um úrskurð stjórnarinnar falli burt og að greinin verði þannig orðuð, að þeir sem skipin eiga að mæla fái heimild til að við hafa hina ófullkomnu mælingaraðferð, þegar einhverjar sérstaklegar tálmanir gjöra erfitt að mæla eptir hinni fullkomnu.

Með skýrskotun til þess, er hér á eptir mun sagt verða um 25. gr. leyfir þingið sér að stinga upp á, að í síðustu málsgrein 17. greinar sé sett «opinberum sjóði» í staðinn fyrir «ríkissjóði».

Með því ekkert mótunargjald er greitt á Íslandi, og mótunargjald það, sem um er rætt í upphafi 18. greinar, yrði innheimt í Danmörku og eptir dönskum lögum, álítur þingið að sleppa mætti því, sem hér er sagt um mótunargjaldið, og yrði þá jafnframt að víkja lítið eitt við orðunum í upphafi greinarinnar.

Eptir þeirri almennu reglu, að fésektir fyrir brot hér á landi

eru helmingi lægri en fyrir samkynja brot í Danmörku virðist vera ástæða til að færa niður til helminga sekta-upphæðir þær, sem á kveðnar eru í 21.—24. grein frumvarpsins.

Þar eð það, að þingsins áliti, er meininngin í niðurlagsákvörðun 25. greinar, að fésektirnar, þó þær meðan hið núveranda fyrirkomulag helzt, renni í ríkissjóðinn, eigi að vera sérstaklegar tekjur Íslands, og þess vegna renna inn í hinn íslenzka landsjóð, þegar fjárhagurinn verður aðskilinn, stingur þingið upp á, að ákvörðuninni sé þannig breytt, að allur vafi í þessu tilliti falli burt, og gæti það orðið með því að ákveða, að sektir þessar renni inn í sama sjóð og aðrar landstekjur af Íslandi.

Þar eð lagaboð þetta eigi getur orðið þinglesið fyrr en á næsta árs manntalsþingum, virðist það eigi geta náð lagagildi hér á landi svo snemma, sem ráð er fyrir gjört í 26. gr., stingur þingið upp á, að ákveðið sé að lögin öðlist gildi 1. dag janúarm. 1869.

Að endingu leyfir þingið sér að geta þess, að orðið «ton» er lítt kunnugt hér á landi, og virðist því eiga betur við, að «ensk lest» sé sett í staðinn þar sem hið fyrrveranda orð kemur fyrir í frumvarpinu.

Þingið leyfir sér þannig með (15 atkvæðum) allraþegnsamlegast að ráða yðar konunglegu Hátign til að hið hér um rædda frumvarp verði gjört að lögum með þeim breytingum er nú skal sagt:

1. Í 1. gr. (með 14 atkv. gegn 4), *að* í staðinn fyrir »öll skip og bátar« í upphafi greinarinnar, verði sett »öll þilskip og þiljubátar«; (með 10 atkv. móti 9) *að* bætt verði inn í fyrir aptan orðin »sem heima eiga á Íslandi« þessum orðum: »og ætluð eru einungis til ferða landa á milli«; (með 10 atkv. móti 8) *að* í staðinn fyrir 4 tons verði sett »12 enskar lestir«; (með 13 atkv.) og *að* niðurlagsákvörðun greinarinnar verði þannig orðuð: »að hve miklu leyti önnur útlend skip skuli mæld verður nákvæmar ákveðið af stjórninni.
2. að sett verði, hvervetna þar sem það kemur fyrir, »ensk lest« í staðinn fyrir »ton«.
3. Í 5. grein (með 14 atkv. gegn 1), að niðurlag greinarinnar frá orðunum: »þegar á að mæla þau« verði sett þannig: »eða ef einhverjar aðrar sérstaklegar tálmanir gjöra erfitt að mæla eptir fullkomnu aðferðinni«.
4. Í 14. gr. (með 15 atkv.), að upphaf greinarinnar sé þannig orðað: »Þegar búið er einu sinni að mæla».

5. Í 17. gr. (með 10 atkv. móti 5), að í stað orðanna: «úr ríkissjóðnum» í síðara atriði greinarinnar verði sett: «úr opinberum sjóðina».
6. Í 18. gr. (með 17 atkv.). Að í staðinn fyrir þessi orð í upphafi greinarinnar: «Auk mótunargjalds — fyrir mælinguna», verði sett: «Fyrir mælingarnar skal borgað í sjóð þann, er landstekjurnar renna inn í«.
7. (með 18 atkvæðum) að sett verði:
   a. í 21. grein «25 rd.« fyrir »50 rd.».
   b. í 22. — »26 rd.» — «50 rd.».
   c. í 23. — «5 rd.» — »10 rd.«.
   d. í 24. — «10 rd.» — «20 rd.».
8. Í 25. gr. (með 18 atkv.), að seinasti liður greinarinnar verði orðaður svo: «Fèsektirnar renna í sama sjóð og landstekjurnar».
9. Í 26. gr. (með 14 atkv.), að í stað orðanna «1. apríl 1868», verði sett: »1. dag janúarm. 1869».

Alþingi 16. ágúst 1867.

Allraþegnsamlegast.

Jón Sigurðsson. Bergur Thorberg.

ATKVÆÐASKRÁ

um konunglegt frumvarp til almennra hegningarlaga handa Íslandi. (Sbr. bls. 424—442).

---

1. *Nefndarmenn meira hlutans, Jón Sigurðsson* og *Páll Vídalín* (fyrsta niðurlagsatriði meira hlutans): »að alþing ráði Hans Hátign konunginum frá nú þegar að lögleiða frumvarpið til almennra hegningarlaga handa Íslandi». (Fellt með nafnakalli með 11 atkv. gegn 10).
2. *Nefndarmenn meira hlutans, Arnljótur Ólafsson* og *Benedikt Sveinsson:* »að fangelsi verði sett í hverri sýslu hèr á landi og hegningarhús í Reykjavík». (Samþ. með 13 atkv. gegn 5).
3. *Nefndarmenn meira hlutans, Jón Sigurðsson* og *Páll Vídalín* (annað niðurlagsatriði meiri hlutans): «að stjórn Hans Hátignar annist um, að hegningarhús verði sem fyrst reist á

Íslandi». (Samþ. með 13 atkv., að orðin «sem fyrst» verði sett inn í annan tölulið).

4. *Nefndarmenn meiri hlutans, Arnljótur Ólafsson* og *Benedikt Sveinsson*: »að fram fyrir næsta alþing verði lagt frumvarp um tilhögun fangelsa þessara og hegningarhúss og um kostnað til þeirra». (Samþ. með 18 atkv.).
5. *Halldór Kr. Friðriksson*: »að þetta «frumvarp til almennra hegningarlaga» verði endurskoðað og bætt að málinu til (Samþ. með 17 atkv. gegn 6), og frumvarpið síðan lagt aptur fyrir þingið, þá er hegningarhús og fangelsi eru stofnuð hèr á landi«. Seinni partur stafliðsins tekinn aptur.
6. *Nefndarmenn meiri hlutans, Jón Sigurðsson* og *Páll Vídalín*: «að frumvarpið jafnframt því, sem þessu skilyrði fyrir lagagildi þess verður framgengt, verði lagt á ný fyrir þingið». (Samþ. með 13 atkv. gegn 9).

Atkvæðagreiðslunni um 5. og 6. tölulið var frestað þangað til eptir 330. tölulið.

Fyrsti kapituli. Ákvarðanir til inngangs.

7. Frumvarpsins 1.—3. grein (óbreyttar). (Samþ. með 15 atkv.).

4. grein.

8. *Jón Pètursson*: að fyrir orðin «þar á landi», verði sett: «á Íslandi». (Samþ. sem orðabr.).
9. Frumvarpsins 4. grein (með breytingum eða óbreytt). (Samþ. með 18 atkv.

5. grein.

10. *Jón Pètursson:* að í staðinn fyrir «með landráðum«, verði sett: «í landráðum«. (Samþ. án atkv.).
11. Frumv. 5. gr. (óbreytt eða með breytingi). (Samþ. með 17 atkv.).

6. grein.

12. *Jón Pètursson*: að orðið «þar» falli burt. (Tekið aptur).
13. *Sami*: að bætt verði aptan við greinina þessu: «ef brotið heyrir undir 4. eða 5. grein, en annars eptir lögum þess landsins, hvar hegningin er mildari». (Samþ. með 13 atkv. gegn 2).
14. Frumv. 6. gr. (með áorðnum breytingum eða óbreytt).
15. Frumv. 7. grein (óbreytt). (14. og 15. tölul. samþ. með 18 atkv.).

8. grein.

16. Frumv. 8. grein (óbreytt) (*Jón Pètursson:* að grein þessi verði úr felld). (Greinin samþ. með 11 atkv. gegn 3).

17. Frumv. 9. grein (óbreytt). (Samþ. með 17 atkv.).

Annar kapítuli. Um refsingarnar.

frumv. 10. grein.

18. *Minni hluti nefndarinnar* (*Pètur Guðjónsson, Bergur Thorberg* og *Jón Guðmundsson*): að orðið «hýðing» á tveim stöðum verði breytt í «refsing». (Fellt með 10 atkv. gegn 7).
19. Frumvarps. 10. grein (með breyting eða óbreytt).
20. Frumvarps 11. grein (óbreytt). (19. og 20. tölul. samþ. með 18 atkv.).

12. grein.

21. *Minni hluti nefndarinnar*: að í staðinn fyrir »typtunarhúsvinna« verði sett «tukthúsvinna». (Fellt með 13 atkv. gegn 3).
22. Frumv. 12. grein (með breyting eða óbreytt).
23. Frumv. 13.—16. (óbreyttar). (22. og 23. tölul. samþ. með 17 atkv.).

17. grein.

24. *Minni hluti nefndarinnar*: að önnur málsgrein: «Hafi sá sem í hlut á .... er svo varið«, verði þannig orðuð: «Eptir atvikum og einkum eðli misgjörningsins má hið sama einnig eiga sèr stað þegar hinn sakfelldi hefir gjört sig sekan tíl hegningar í fangelsi við vatn og brauð, og honum áður hefir verið refsað fyrir misgjörninga á Íslandi eða annarstaðar». (Samþ. með 15 atkv.).
25. Frumv. 17. gr. (með breyting eður óbreytt). (Samþ. með 16 atkv.).

18. gr.

26. *Jón Pètursson*: að orðinu «ríkisfangelsi» verði sleppt, en breytt annarstaðar í «einfalt fangelsi». (Tekið aptur).
27. Frumvarps. 18. grein (með breyting eða óbreytt).
28. Frumv. 19. og 20. gr. (óbreyttar). (27. og 28. tölul. samþ. með 17 atkv.).

21. gr.

29. *Minni hluti nefndarinnar*: að niðurlags ákvörðun greinarinnar verði þannig orðuð: »öll tóbaksbrúkun er honum bönnuð». (Fellt með 11 atkv. gegn 4).
30. Frumv. 21. gr. (með breyting eða óbreytt). (Samþ. með 16 atkvæðum).

22. gr.

31. *Minni hluti nefndarinnar*: að orðinu «hýðing» verði hèr og annarstaðar í frumvarpinu breytt í «refsing». (Fallið við 18. tölul.).
32. Frumv. 22. gr. (með breyting eða óbreytt). (Samþ. með 14 atkv.).

23. gr.

33. *Minni hluti nefndarinnar:* að í staðinn fyrir «tvisvar eða fleirum sinnum 5 dagar« verði sett: «5 dagar tvisvar sinnum eður optar». (Samþ. sem orðabreyting).
34. *Sami:* að í stað orðanna: »en eiga fimmta daginn frjálsan» verði sett: «en hafa hlè fimmta daginn». (Samþ. með 12 atkv. gegn 8).
35. Frumv. 23. gr. (með breytingum eða óbreytt).
36. Frumv. 24.—27. grein (óbreyttar). (35. og 36. tölul. samþ. með 16 atkv.).
37. Frumv. 28. grein (Samþ. með 13 atkv.). (*Jón Pètursson*: að þessi grein falli úr). (Tekið aptur).

29. gr.

38. *Jón Pètursson*: að fyrri hluti greinarinnar: «Ríkisfangelsi .... hvort öðru» falli úr. (Fallið).
39. Frumv. 29. gr. (með breytingu eða óbreytt).
40. Frv 30. gr. (óbreytt). (39. og 40. tölul. samþ. með 15 atkv.).

31. gr.

41. *Minni hluti nefndarinnar*: að í staðinn fyrir «ríkissjóðinn» verði sett «hinn sama sjóð og landstekjurnar». (Samþ. með 20 atkv.).
42. Frumv. 31. grein (með breyting eða óbreytt).
43. Frumv. 32.—35. gr. (óbreyttar). (42. og 43. tölul. samþ. með 16 atkv.).

Þriðji kapituli um sakhæfi, neyðarvörn og neyðartilfelli.

44. Frumv. 36. gr. (óbreytt). (Samþ. með 16 atkv.).

37. gr.

45. *Minni hluti nefndarinnar*: að í stað orðanna: og hann því næst hefði orðið fyrir stærri refsingu» verði sett: «og hann í annan stað hefði orðið fyrir þyngri refsingu». (Samþ. sem orðabreyting).

46. *Sami*: að fyrir orðið «stærri» í næstu málsgrein verði sett «þyngri». (Samþ. sem orðabreyting).
47. Frumv. 37. gr. (með breytingum eða óbreytt).

38. gr.

48. *Minni hluti nefndarinnar*: að fyrir orðin «stærri refsingu» verði sett: «þyngri hegninu».
49. Frumv. 38. gr (með breyting eða óbreytt).
50. Frumv. 39. gr. (óbreytt). (47.—50. tölul. samþ. með 17 atkv.).

40. gr.

51. *Minni hluti nefndarinnar*: að fyrir orðið «bjána» verði sett: «hálfvita». (Samþ. sem orðabreyting).
52. *Jón Þórsson:* að fyrir orðið «sjálfræði» verði sett: «frjálsræði». (Samþ. sem orðabreyting).
53. Frumv. 40. gr. (með breytingum eða óbreytt). (Samþ. með 18 atkv.).

41. gr.

54. *Minni hluti nefndarinnar*: að fyrir orðið «forviða» verði sett: «frá sèr numinn». (Samþ. sem orðabreyting).
55. Frumv 41. gr. (breytt eða óbreytt).
56. Frumv. 42.—44. gr. (óbreyttar.

Fjórði kapituli. Tilraunir til að drýgja misgjörninga.

57. Frumv. 45—46. gr. (óbreyttar). (55.—57. tölul. samþ. með 18 atkv.).

47. gr.

58. *Minni hluti nefndarinnar*: að í staðinn fyrir »fullkomnazt» verði sett: »verið fullkomnað». (Samþ. sem orðabreyting).
59. *Sami:* að í staðinn fyrir »afbrotið fullkomnist» verði sett: »afbrotinu yrði að fullu framgengt». (Samþ. sem orðabreyt.).
60. Frumv. 47. gr. (með breytingum eða óbreytt). (Samþ. með 15 atkv.).

Fimmti kapituli. Um hlutdeild í misgjörningum.

48. gr.

61. *Minni hluti nefndarinnar:* að í staðinn fyrir »höfuðsmanninum» verði sett: »forsprakkanum», eða »frumkvöðlinum» (og á sama hátt annarstaðar í frumvarpinu). (Samþ. sem orðabreyting).
62. Frumv. 48. gr. (með breyting eða óbreytt).

63. Frumv. 49—51. grein (óbreyttar). (Samþ. með 18 atkv.).

52. gr.

64. *Minni hluti nefndarinnar;* að í staðinn fyrir »hvötum» verði sett »upphvatningum». (Samþ. með atkv.).
65. Frumv. 52. gr. (óbreytt).
66. Frumv. 53. gr. (óbreytt).

54. gr.

67. *Minni hluti nefndarinnar*: að fyrir orðið »vítislaus» verði sett »vítalaus» (og sömuleiðis annarstaðar í frumvarpinu). (Samþ. sem orðabreyting).
68. Frumv. 54. gr. (með breyting eða óbreytt). (Samþ. með 18 atkvæðum).

55. gr.

69. *Minni hluti nefndarinnar*: að eptir orðin »eins og væru þeir» verði bætt inn í: »hver fyrir sig». (Samþ. sem orðabreyting).
70. Frumv. 55. gr. (með breyting eða óbreytt).
71. Frumv. 56. gr. (óbreytt). (65.—71. tölul. samþ. með 17 atkv.).

57. gr.

72. *Minni hluti nefndarinnar:* að í stað orðsins »kauplaust» verði sett: »án þess endurgjald komi fyrir». (Fellt með 10 atkv. gegn 9).
73. *Sami*: að í staðinn fyrir »fullorðnari menn» verði sett: »þá sem eldri eru». (Samþ. sem orðabreyting).
74. Frumv. 57. gr. (óbreytt eða með breytingu). (Samþ. með 17 atkvæðum).

Sjötti kapituli. Um það, hvernig eigi að tiltaka hegninguna og færa hana niður, þegar svo stendur á, og um ítrekun misgjörnings.

58. gr.

75. *Minni hluti nefndarinnar*: að eptir orðin »sem sett eru í lögum» verði bætt inn í: »þessum». (Samþ. án atkv.).
76. *Sami*: að í staðinn fyrir orðin »hversu hættulegt verkið er» verði sett: »hversu mikil hætta er búin af verkinu». (Samþ. sem orðabreyting).
77. Frumv. 58. gr. (með breyting eða óbreytt).
78. Frumv. 59. gr. (óbreytt). (77.—78. tölul. samþ. með 17 atkv.).

60. gr.

79. *Minni hluti nefndarinnar*: að í staðinn fyrir »sèr í lagi» verði sett: »sèrstaklega». (Fellt með 13 atkv. gegn 4).

80. Frumv. 60. gr. (með breyting eða óbreytt).
81. Frumv. 61—62. gr. (óbreyttar). (80.—81. tölul. samþ. með 15 atkv.).

Sjöundi kapituli. Um það, er afbrotum lendir saman og um einstök tilfelli, er breyta má hegningunni.

63. gr.

82. *Minni hluti nefndarinnar*: að í staðinn fyrir »venjulega» verði sett: »jafnaðarlega». (Fellt með 13 atkv. gegn 6).
83. Frumv. 63. gr. (með breyting eða óbreytt).
84. Frumv. 64—66. gr. (óbreyttar). (83.—84. samþ. með 15 atkv.).

Áttundi kapituli. Um fyrnd tilverknaðar til hegningar.

85. *Minni hluti nefndarinnar:* að fyrirsögn áttunda kapítula verði: »Um fyrningu sakar». (Samþ. sem orðabreyting).

67. gr.

86. *Sami:* að í stað orðanna í upphafinu: »Ef sakamál . . . . það sannazt» verði sett: »Ef það sannast í sakamáli». (Fellt með 13 atkv. gegn 6).
87. *Sami*: að í staðinn fyrir »2 ár» tvisvar í greininni verði sett: »3 ár». (Fellt. með 12 atkv. gegn 6).
88. Frumv. 67. grein (með breytingum eða óbreytt). (Samþ. með 16 atkv).

68. grein.

89. *Minni hluti nefndarinnar:* að í staðinn fyrir «eitt ár» verði sett: «þrjú missiri». (Fellt með 13 atkv. gegn 4).
90. *Sami*: að í staðinn fyrir «þrír mánuðir« verði sett «missiri»·
91. *Sami*: að í staðinn fyrir «eins árs» verði sett: «þriggja missira». (90.—91. tölul. fallnir við 89. tölul.).
92. Frumv. 68. grein (með breytingum eða óbreytt).
93. Frumv. 69.—70. gr. (óbreyttar). (92.—93. tölul. samþ. með 16 atkv.).

71. grein.

94. *Minni hluti nefndarinnar*: að í stað orðanna í upphafi greinarinnar: «Tilverknaður til hegningar fyrnist ekki« verði sett: «Sök fyrnist ekki». (Samþ. sem orðabreyting).
95. Frumv. 71. gr. (með breyting eða óbreytt). (Samþ. með 15 atkv.).

Níundi kapítuli. Um landráð.

96. *Jón Pètursson*: að allur níundi kapítuli verði felldur úr, nema því að eins, að Ísland fái sèrskilda stjórnarbót, en að öðrum kosti leggi stjórnin fyrir næsta þing nýtt frumvarp um þessi málefni, sniðið eptir því stjórnarformi sem nú er. (Samþ. með nafnakalli með 18 atkv. gegn 7).

97. *Minni hluti nefndarinnar*: að fyrirsögn níunda kapítula verði: «Um landráð og drottinssvik». (Fellt með 11 atkv. gegn 6).

72. grein.

98. *Minni hluti nefndarinnar*: að í staðinn fyrir orðin «Danmerkurríki» (hèr og annarstaðar í frumvarpinu) verði sett: «Danaveldi», eður «hið danska ríki». (Samþ. sem orðabreyting).

99. Frumv. 72. gr. (með breyting eða óbreytt).

73. grein.

100. *Minni hluti nefndarinnar*: að síðari hluti greinarinnar: «Gjöri maður annars....þá varðar það» o. s. frv. verði þannig orðaður: »En gjöri maður, Danaveldi til miska eða tjóns, samtök .... til þess að vinna hana (koma henni) til að skerast í málefni ríkisins, eða gjöra kröfur til ríkisins, þá varðar það« o. s. frv. (Samþ. með 11. atkv. gegn 3).

101. Frumv. 73. gr. (með breyting eða óbreytt).

102. Frumv. 74.—76. gr. (óbreyttar).

77. gr.

103. *Jón Hjaltalín:* að þessi grein verði úr felld. (Fellt með 13 atkv. gegn 2).

104. *Minni hluti nefndarinnar:* að í staðinn fyrir orðin «lætur til lokkast að ganga í útlenda herþjónustu«, verði sett: «lætur leiðast til að ráðast í útlenda herþjónustu«. (Samþ. sem orðabreyting).

105. *Jón Pètursson:* ef Ísland fær sèrskilda stjórnarbót og almennt trúarbragðafrelsi verði þessu bætt við greinina:
«Meðan landvarnarskylda ekki er lögtekin á Íslandi, má færa niður hegningu þá, sem nefnd er í fyrsta kafla greinar þessarar, á fyrra staðnum til fjögra ára hegningarvinnu, og á síðara staðnum til einfalds fangelsis, eður betrunarhúsvinnu allt að einu ári, og á meðan er líka brot það, sem nefnt er í öðr-

um kaflanum, vítalaust». (Samþ. með nafnakalli með 14 atkv. gegn 8).

106. Frumv. 77. gr. (með breytingum eða óbreytt).

107. Frumv. 78—82. gr. (óbreyttar).

83. gr.

108. *Minni hluti nefndarinnar*: að í staðinn fyrir »ríkisstjóra» verði sett: »landshöfðingja». (Samþ. sem orðabreyting).

109. *Sami*: að í staðinn fyrir orðin: »Ef að maður annars meiðir útlendar þjóðir» verði sett: »En gjöri maður á hluta útlends veldis» o. s. frv. (Samþ. sem orðabreyting).

110. Frumv. 83. gr. (með breyting eða óbreytt).

111. Frumv. 84. og 85. gr. (óbreyttar).
(9. kapít. samþ. með 16 atkv.).

Tíundi kapítuli. Afbrot gegn stjórnarskipuninni.

112. *Jón Pèturssson*: að allur tíundi kapítuli verði felldur úr (með sama skilyrði og við níunda kapítula). (Samþ. með nafnak. með 19 atkv. gegn 6).

113. Frumv. 86.—87. gr. (óbreyttar).

88. gr.

114. *Minni hluti nefndarinnar*: að í stað orðanna »í eitthvert skipti« verði sett: »á tilsettum tíma«. (Samþ. sem orðabreyting).

115. Frumv. 88. gr. (með breyting eða óbreytt).
(10. kap. samþ. með 16 atkv.).

Ellefti kapítuli. Afbrot gegn konungi og ættingjum konungs o. fl.

116. *Jón Pèturssson:* að allur ellefti kapítuli verði felldur úr (með sama skilyrði og við níunda og tíunda kapítula). (Samþ. með nafnakalli með 19 atkv. gegn 6).

117. Frumv. 89. gr. (óbreytt).

90. gr.

118. *Minni hluti nefndarinnar:* að í staðinn fyrir orðið »svívirðing« verði sett: »smánun«. (Fellt með 13. atkv. gegn 9).

119. Frumv. 90. gr. (með breyting eða óbreytt).

91. gr.

120. *Minni hluti nefndarinnar:* að í stað orðanna »sem konungi ber« verði sett: »sem ber að sýna konungi«. (Samþ. sem orðabreyting).

121. Frumv. 91. gr. (með breyting eða óbreytt).
122. Frumv. 92.—98. gr. (óbreyttar).
(11 kapít. samþ. með 14 atkv.).

Tólfti kapítuli. Um brot á móti valdstjórninni og á allsherjar reglu.

99. gr.

123. *Minni hluti nefndarinnar*: að upphaf greinarinnar verði þannig orðað: »Hver sem með ofbeldi eður hótunum um ofbeldi ræðst á embættismann, þegar hann er að embættisverki, eður út af embættisverki, og eins sá« o. s. frv. (Fellt með 12 atkv. gegn 9).
124. *Sami:* að fyrir orðið »yfirboð« verði sett: »vald«. (Samþ. sem orðabreyting).
125. Frumv. 99. gr. (með breytingum eða óbreytt).

100. gr.

126. *Jón Pèturssson*: að í staðinn fyrir orðið »beitir« verði sett: »gjörir sig sekan í«. (Samþ. sem orðabreyting).
127. Frumv. 100. gr. (með breyting eða óbreytt).

101. gr.

128. *Jón Pèturssson:* að í staðinn fyrir orðið »rèttara« verði sett: »rèttarþjóna«. (Samþ. sem orðabreyting).
129. Frumv. 101. gr. (með breyting eða óbreytt).

102. gr.

130. *Minni hluti nefndarinnar*: að upphaf greinarinnar orðist þannig: »Hver sem veður upp á embættismann, eða nokkurn þann mann, sem nefndur er í 99.—101. greinar með smánunum, skammaryrðum eður öðrum meiðandi orðum, þegar hann« o. s. frv. (Samþ. með 13 atkv. gegn 2).
131. Frumv. 102. gr. (með breyting eðá óbreytt).
132. Frumv. 103. gr. (óbreytt).

104. gr.

133. *Minni hluti nefndarinnar*: að niðurlag greinarinnar verði þannig orðað: »en hafi mannsöfnuðurinn rofizt annaðhvort af sjálfsdáðum eða eptir áskorun yfirvaldsins án þess að óskundi hafi verið gjörður mönnum, eður á fjármunum, skal að eins refsa forsprökkunum með fangelsi eða betrunarhúsvinnu allt að einu ári«. (Samþ. með 16 atkv.).
134. Frumv. 104. gr. (með breyting eða óbreytt).

105. gr.

135. *Minni hluti nefndarinnar:* að í upphafi greinarinnar, eptir orðið: »mannsöfnuð« verði sett: »er saman hefir þyrpzt á almanna færi«. (Samþ. með 12 atkv. gegn 9).

136. *Sami*: að orðin »á opinberum stað« verði felld úr. (Samþ. með 13 atkv. gegn 5).

137. Frumv. 105. gr. (með breytingum eða óbreytt).

138. Frumv. 106.—109. gr. (óbreyttar).

110. gr.

139. Frumv. 110. gr. (óbreytt — *Jón Pètursson*: að 1. kaflinn úr grein þessari verði felldur úr með sama skilyrði og við tölulið 96). (Samþ. með 15 atkv. gegn 7).

111. gr.

140. *Jón Pètursson*: að fyrir orðin »dregur yfir þau« verði sett: »dylur þau«. (Samþ. sem orðabreyting).

141. Frumv. 111. gr. (með breyting eða óbreytt).

142. Frumv. 112.—117. gr. (óbreyttar).

(12. kapituli samþ. með 18 atkv.).

Prettándi kapituli. Um afbrot í embættisfærslu.

143. *Minni hluti nefndarinnar*: að fyrir orðið «ávinningi» verði sett «hagsmunum». (Samþ. sem orðabreyting).

144. Frumv. 118. gr. (með breyting eða óbreytt).

119. gr.

145. *Minni hluti nefndarinnar*: að fyrir orðið «ávinningi» verði sett: «hagsmunum«. (Samþ. sem orðabreyting).

146. Frumv. 119. gr. (með breyting eða óbreytt).

147. Frumv. 120. gr. (óbreytt).

121. gr.

148. *Minni hluti nefndarinnar*: að bætt verði inn í upphaf annars kafla greinarinnar, eptir upphafsorðið «verði», þessum orðum: «gjörðarmaður eða». (Samþ. með 13. atkv.).

149. Frumv. 121. gr. (með breyting eða óbreytt).

122. gr.

150. *Minni hluti nefndarinnar*: að eptir orðið «dómara» verði sett inn í: «gjörðarmann». (Samþ. við 148. tölulið).

151. Frumv. 122. gr. með (breyting eða óbreytt).

123. gr.

152. *Minni hluti nefndarinnar*: að í staðinn fyrir «ríkissjóðnum»

verði sett: «sjóði þeim, er landstekjurnar renna inn í». (Samþ. áður við tölul. 41).

153. Frumv. 123. gr. (með breyting eða óbreytt).

154. Frumv. 124. gr. (óbreytt).

125. gr.

155. *Minni hluti nefndarinnar:* að upphaf greinarinnar verði þannig orðað: «Embættismanni, er beitir embættisvaldi sínu til þess, að þröngva nokkrum manni á ólöglegan hátt» o. s. frv. (Samþ. sem orðabreyting).

156. Frumv. 125. gr. (með breyting eða óbreytt).

157. Frumv. 126. gr. (óbreytt).

127. gr.

158. *Minni hluti nefndarinnar*: að í staðinn fyrir orðin «kúga mann» verði sett: «þröngva mönnum». (Samþ. sem orðabreyting).

159. Frumv. 127. gr. (með breyting eða óbreytt).

160. Frumv. 128. gr. (óbreytt).

129. gr.

161. *Jón Pètursson*: að bætt verði aptan við greinina þessu: »þó má leita þjófaleit, eins og tíðkanlegt hefir verið, þegar nauðsyn krefur». (Samþ. með 10 atkv. gegn 6).

162. Frumv. 129. gr. (með viðbæti eða óbreytt).

163. Frumv. 130.—133. gr. (óbreyttar).

134. gr.

164. *Jón Hjaltalín:* að orðin: »þar á ofan hegningarvinnu . . . . vægara en» verði felld úr. (Samþ. með 14. atkv. gegn 2).

165. Frumv. 134. gr. (með breyting eða óbreytt).

166. Frumv. 135. gr. (óbreytt).

136. gr.

167. *Jón Pètursson*: að í staðinn fyrir orðin: »sem manni» í þriðja kafla greinarinnar verði sett: »sem embættismanni». (Samþ. sem orðabreyting).

168. *Minni hluti nefndarinnar*: að í staðinn fyrir orðið »efnivið» í þriðja kafla greinarinnar verði sett: »efni». (Fellt með 13 atkv. gegn 5).

169. Frumv. 136. gr. (með breytingum eða óbreytt).

170. Frumv. 137. gr. (óbreytt).

138. gr.

171. *Minni hluti nefndarinnar*: að í staðinn fyrir orðin »sem hann

veit um», verði sett: »sem hann veit». (Samþ. sem orðabreyting).

172. *Sami*: að í staðinn fyrir orðin »ekki er skyldugur um þau» verði sett: »ekki er skyldugur um». (Samþ. sem orðabreyting).

173. Frumv. 138. gr. (með breyting eða óbreytt).

139. gr.

174. *Jón Pètursson*: að bætt verði aptan við greinina: »En sè ekki þessi staða hans sameinuð embætti hans, eður sè hann embættislaus, varðar brotið hálfu minni hegningu». (Samþ. með 10 atkv. gegn 4).

175. Frumv. 139. gr. (með viðauka eða óbreytt).

176. Frumv. 140.—145. gr. (óbreyttar).

(13. kapít. samþ. með 17 atkv.).

Fjórtandi kapítuli. Meinsæri og aðrir glæpir, sem eiga skylt við það.

177. Frumv. 146.—147. gr. (óbreyttar).

148. gr.

178. *Jón Pètursson:* að í staðinn fyrir orðin: »þess sem hans og málspartanna er á milli» verði sett: »stöðu hans til málspartanna». (Samþ. án atkv.)

179. Frumv. 148. gr. (með breyting eða óbreytt).

180. Frumv. 149. gr. (óbreytt).

150. gr.

181. *Minni hluti nefndarinnar*: að í stað orðanna: »láta með eiði . . . . þvílíka skoðun» verði sett: »með eiðsframboði, eður með skýrskotun til áður unnins eiðs láta uppi þvílíka skoðun». (Fellt með 11 atkv. gegn 6).

182. Frumv. 150. gr. (með breyting eða óbreytt).

183. Frumv. 151.—152. gr. (óbreyttar).

153. gr.

184. *Minni hluti nefndarinnar*: að í staðinn fyrir orðin: »skriflega sönnun» verði sett: »skriflega vottun». (Samþ. án atkv.).

185. *Sami:* að fyrir »sönnun með eiði» verði sett: »vottun með eiði«. (Samþ. án atkv.).

186. Frumv. 153. gr. (með breytingum eða óbreytt).

187. Frumv. 154.—156. gr. (óbreyttar).

(14. kapít. samþ. með 15 atkv.).

Fimmtándi kapituli. Afbrot gegn trúarbrögðunum.

188. *Jón Pèturssson*: að þessi kapituli komi eigi út sem lög, nema því að eins að Ísland fái almennt trúarbragðafrelsi. (Samþ. með nafnakalli með 16 atkv. gegn 5).
189. Frumv. 157.—159. gr. (óbreyttar).
(15 kapít. samþ. með 13 atkv.).

Sextándi kapituli. Afbrot á móti skírlífi.

160. gr.

190. *Minni hluti nefndarinnar:* að síðari kafli greinarinnar verði þannig orðaður: »Fyrir fyrsta brot skal opinber málssókn því að eins höfðuð, að það hjónanna, sem misgjört er við, krefjist þess«. (Fellt með nafnakalli með 15 atkv. gegn 6).
191. Frumv. 160. gr. (með breyting eða óbreytt))
192. Frumv. 161.—175. gr. (óbreyttar).

176. gr.

193. *Jón Pèturssson:* að fyrir orðin »18 ára« verði sett »16 ára«. (Samþ. með 17 atkv. gegn 3).
194. Frumv. 176. gr. (með breyting eða óbreytt).
195. Frumv. 177.—185. gr. (óbreytt).

186. gr.

196. *Jón Pèturssson*: að upphaf greinarinnar:» Hver, sem særir ..... athæfi« verði þannig sett: »Hver sem með saurugu athæfi særir blygðunarsemi manna«. (Samþ. sem orðabr.).
197. *Minni hluti nefndarinnar*: að eptir orðin »til almenns hneykslis »verði bætt inn í: »með hegðun sinni eður orðum«. (Samþ. með 9 atkv. gegn 7).
198. Frumv. 186. gr. (með breytingum eða óbreytt).
(16. kapít. samþ. með 17 atkv.)

Seytjándi kapituli. Um manndráp.

199. Frumv. 187. gr. (óbreytt).

188. gr.

200. *Jón Hjaltalín*: að síðari hluti greinarinnar frá orðunum: »færa refsinguna niður ... skemur en eitt ár« verði þannig orðaður: »færa refs. niður í fimm ára betrunarhúsvinnu eða tveggja ára fangelsi, ef mjög miklar málsbætur eru«. (Fellt með 10 atkv. gegn 5).
201. Frumv. 188. gr. (með breyting eða óbreytt).
202. Frumv. 189.—190. gr. (óbreytt).

191. gr.

203. *Jón Pètursson*: að fyrir orðin »af undirlögðu ráði« verði sett: »með ráðnum huga«. (Samþ. með 16 atkv.).

204. Frumv. 191. gr. (með breyting eða óbreytt).

205. Frumv. 192.—197. gr. (óbreyttar).

198. gr.

206. *Jón Pètursson:* að fyrir orðin »ef að lífi eða heilbrigði þess .... búin af því» verði sett: «ef að það eigi hefir valdið lífi eður heilbrigði hlutaðeiganda hættu». (Smþ. með 16 atk. gegn 2.)

207. Frumv. 198. gr. (með breyting eða óbreytt).

208. Frumv. 199.—201. gr. (óbreyttar).

(17. kapít. samþ. með 16 atkv.).

Átjándi kapítuli. Um líkaml egt ofbeldi og líkamlegar meiðingar.

202. gr.

209. *Minni hluti nefndarinnar*: að orðið «líkamlegu» verði fellt úr. (Fellt með 13 atkv. gegn 2).

210. *Sami*: að í staðinn fyrir orðið «undirlagt« verði sett «fyrirhugað». (Samþ. með 12 atkv. gegn 4).

211. Frumv. 202. gr. (með breytingum eða óbreytt).

212. Frumv. 203.—204. gr. (óbreyttar).

205. gr.

213. *Minni hluti nefndarinnar:* að í staðinn fyrir orðin: «af undirlögðu ráði» verði sett: »af fyrirhuguðu ráði». (Samþ. við 210. tölul.).

214. Frumv. 205. gr. (með breyting eða óbreytt).

206. gr.

215. *Jón Pètursson*: að í staðinn fyrir «lemstrar» verði sett «limlestir». (Samþ. með 12 atkv.).

216. Frumv. 206. gr. (með breyting eða óbreytt).

217. Frumv. 207.—209. gr. (óbreyttar).

(18. kap. samþ. með 13 atkv.).

Nítjándi kapítuli. Um einvígi.

218. Frumv. 210.—211. gr. (óbreyttar).

(19. kap. samþ. með 12 atkv.).

Tuttugasti kapítuli. Um að raska frelsi manna.

212. gr.

219. *Jón Pètursson*: að fyrir framan orðið «neyðir» verði bætt inn í orðinu «ólöglega». (Samþ. með 11 atkv. gegn 6).

220. Frumv. 212, gr. (með hreyting eða óbreytt).

213. gr.

221. *Minni hluti nefndarinnar*: að í stað orðanna «skaðleg áhrif á geðsm.... heilsufar» verði sett: «skaðleg áhrif á geðsmuni hans, heilsufar eða atvinnu». (Samþ. án atkv.).

222. Frumv. 213. gr. (með breyting eða óbreytt).

223. Frumv. 214. gr. (óbreytt).

215. gr.

224. *Minni hluti nefndarinnar:* að í stað orðanna «tekur barn» verði sett: «nær til sín barni». (Samþ. með 11 gegn 4).

225. Frumv. 215. gr. (með breyting eða óbreytt).

226. Frumv. 216. gr. (óbreytt).

(20. kap. samþ. með 15 atkv.).

Tuttugasti og fyrsti kapítuli. Um ærumeiðingar.

217. gr.

227. *Minni hluti nefndarinnar*: að fyrir orðið «samborgarmanna» komi: »meðborgara» eða «meðbræðra». (Samþ. með 18 atkv.).

228. *Jón Hjaltalín:* að í staðinn fyrir «10 rd. til 200 rd.» verði sett: «100 rd. til 1000 rd.».

229. Frumv. 217. gr. (með breytingum eða óbreytt).

230. Frumv. 218.—225. gr. (óbreyttar).

(21. kap. samþ. með 15 atkv.).

Tuttugasti og annar kapítuli. Um rangar sakargiptir og kærur.

231. Frumv. 226.—229. gr. (óbreyttar).

(22. kap. samþ. með 17 atkv.).

Tuttugasti og þriðji kapítuli. Um þjófnað og gripdeild.

230. gr.

232. *Minni hluti nefndarinnar*: að í stað orðanna í niðurlagi greinarinnar: «þess sem þeirra var á milli» verði sett »stöðu þeirra». (samþ. án atkv.).

233. Frumv. 230. gr. (óbreytt).

231. gr.

234. *Jón Pètursson*: að tölul. 2. verði felldur úr (með sama skilmála og við 110. grein). (Fellt með nafnakalli með 13 atkv. gegn 7).

235. Frumv. 231. gr. (með breyting eða óbreytt.

236. Frumv. 232.—236. (óbreyttar).

237. gr.

237. *Jón Pètursson:* að greinin verði þannig orðuð: »Ef hluturinn,

sem tekinn er, nemur minna verði en 2 rd., og engin þau atvik eiga sèr stað, sem nefnd eru í 231. grein, þá er það hvinnska, og varðar brotið sektum allt að 25 rd. Opinbera málssókn» (o. s. frv. sem frumvarpið). (Samþ. með nafnak. með 13 atkv. gegn 9).

238. *Minni hluti nefndarinnar*: að í stað orðsins «aldin« verði sett: «jarðarávöxtu». (Fallið með 237. tölul.).

239. Frumv. 237. gr. (með breyting eða óbreytt).

238. gr.

240. *Jón Pètursson*: að aptan við grein þessa verði bætt: »Nú tekur maður annars manns hlut traustataki og er þá vítalaust«. (Samþ. með 15 atkv. gegn. 6).

241. Frumv. 238. gr. (breytt eða óbreytt).

242. Frumv. 239. gr. (óbreytt).

240. gr.

243. *Minni hluti nefndarinnar*: að í staðinn fyrir orðatiltækið í öndverðri greininni »leggja laun á« verði sett: »leggja launung á«, (eins í upphafi 244. gr. 250, og í 255. gr.). (Samþ. sem orðabreyting).

244. Frumv. 240. gr. (breytt eða óbreytt).

245. Frumv. 241. gr. (óbreytt).

242. gr.

246. *Minni hluti nefndarinnar*: að orðinu »sambrotlegur« í grein þessari, verði breytt í »meðsekur«. (Samþ. sem orðabreyting).

247. Frumv. 242. gr. (breytt eða óbreytt).

248. Frumv. 243. og 244. gr. (óbreyttar).
(23. kapít. samþ. með 14 atkv.).

Tuttugasti og fjórði kapítuli. Um rán og hótanir.

249. Frumv. 245.—248. gr. (óbreyttar).

Tuttugasti og fimmti kapítuli. Um ólögmæta meðferð á fundnum fjármunum og ýmsar misgjörðir samkynja.

250. Frumv. 249.—252. gr. (óbreyttar).
(24.—25. kapít. samþykktir með 15 atkv.).

Tuttugasti og sjötti kapítuli. Um svik.

253. gr.

251. *Minni hluti nefndarinnar:* að fyrir orðatiltækið seint í greininni: »kaupir vörur í skuld«, komi: »tekur vörur að láni«. (Samþ. án atkv.).

252. Frumv. 253. gr. (breytt eða óbreytt):

254. gr.

253. *Minni hluti nefndarinnar*: að orðunum í miðri gr.: »dregur undir sig« verði breytt í: »dregur undan eða undir sig«. (Samþ. með 14 atkv.).

254. Frumv. 254. gr. (breytt eða óbreytt).

255. Frumv. 255. og 256. gr. (óbreyttar).

257. gr.

256. *Minni hluti nefndarinnar*: að orðunum í niðurlagi greinarinnar »aðra slíka hindurvitni«, verði breytt í: »önnur slík hindurvitni«. (Samþ. sem orðabreyting).

257. Frumv. 257. gr. (breytt eða óbreytt).

258. gr.

258. *Jón Pètursson:* að eptir orðin »í 253. gr.« verði bætt inn í: að skaðinn eigi nemur 2 rd., skal brotið að eins sæta sektum allt að 25 rd.« (Samþ. með 15 atkv. gegn 4).

259. *Minni hluti nefndarinnar*: að í stað orðanna »mjög miklar« (málsbætur) verði sett: »verulegar« (málsbætur eru). (Samþ. án atkv.).

260. Frumv. 258. gr. (breytt eða óbreytt).

259. gr.

261. *Minni hluti nefndarinnar*: að orðin: »jafnfætis þeim« verði breytt í: »jafnhliða þeim« (samþ. sem orðabreyting) og strax á eptir verði bætt inn í: «t. d. tíundarsvik og annar áþekkur undandráttur«. (Fellt með 10 atkv. gegn 8).

262. Frumv. 259. gr. (breytt eða óbreytt).

263. Frumv. 260.—265. gr. (óbreyttar).

(26, kapít. samþ. með 14 atkv.).

Tuttugasti og sjöundi kapítuli. Um peningafals, um að skrifa eptir skjölum eða falsa þau, og um annað fals.

268. gr.

265. *Minni hluti nefndarinnar*: að í staðinn fyrir orðið: »höfuðsmanninum« verði sett: »frumkvöðlinum«. (Áður samþ.).

266. Frumv. 268. gr. (breytt eða óbreytt).

267. Frumvarpsins 269. grein (óbreytt).

270. gr.

268. *Jón Pètursson*: að orðinu »valdsbrèf« verði breytt í: »umboðsbrèf«. (Samþ. án atkv.).

269. *Minni hluti nefndarinnar*: að fyrir orðið »valdsbrèf« verði sett: »fullmakt«. (Fallið við 268 tölul.).

270. Frumvarpsins 270. grein (breytt eða óbreytt).
271. Frumvarpsins 271.—276. grein (óbreyttar).

277. gr.

272. *Minni hluti nefndarinnar*: að orðaröðinni í upphafi greinarinnar verði breytt þannig: »Ef maður ritar undir skjal nöfn, er hann sjálfur finnur upp, eiga við það ákvarðanir þær« o. s. frv. (Samþ. með 13 atkv.).
273. *Sami:* að orðin: »við um það«, seinna í greininni, falli burt. (Samþ. við tölul. 272).
274. Frumvarpsins 277. grein (breytt eða óbreytt).
275. Frumvarpsins 278. grein (óbreytt).

279. gr.

276. *Minni hluti nefndarinnar:* að í stað orðsins »rèttaðir« verði sett: »löggiltir«. (Samþ. án atkv.).
277. *Sami*: að í staðinn fyrir »löglegan« verði sett: »rèttan«. (Samþ. án atkv.).
278. Frumvarpsins 279. grein (breytt eða óbreytt).

280. gr.

279. *Minni hluti nefndarinnar*: að fyrir orðið »órètti«, verði sett: »hallanum«. (Samþ. án atkv.).
280. Frumvarpsins 280. grein (breytt eða óbreytt).
281. Frumvarpsins 281. grein (óbreytt).
(27. kapít. samþ. með 14 atkv.).

Tuttugasti og áttundi kapítuli. Um brennu.

282. gr.

282. *Minni hluti nefndarinnar*: að fyrir orðin: »yfirgripsmikilli eyðingu »verði sett: »stórkostlegu tjóni«. (Samþ. án atkv.).
283. Frumv. 282. grein (breytt eða óbreytt).

283. gr.

284. *Minni hluti nefndarinnar*: að upphaf greinarinnar verði þannig orðað: »Leggi maður eld í hús eður skip annars manns, þegar öðruvísi er ástatt, þá má« o. s. frv. (Samþ. með 14 atkv.).
285. *Sami*: að orðunum »verkstaði« og »jafnfætis« verði breytt í »verksmiðjur« og »jafnhliða«. (Samþ. án atkv.).
286. Frumvarpsins 283. grein (breytt eða óbreytt).

284. gr.

287. *Minni hluti nefndarinnar:* að eptir orðið »akur« í upphafi greinarinnar, verði bætt inn í: »eða engi«. (Samþ. með 13 atkv.).

288. *Sami*: að fyrir orðið »eyðingu« í niðurlagi greinarinnar komi »misferli«. (Fellt án atkv.).
289. Frumvarpsins 284. gr. (breytt eða óbreytt).
290. Frumvarpsins 285. gr. (óbreytt).

286. gr.

291. *Minni hluti nefndarinnar*: að síðasta orðið: »upp« falli burt. (Samþ. án atkv.).
292. Frumvarps. 286. grein (breytt eða óbreytt).
(28. kapítuli samþ. með 18 atkv.).

Tuttugasti og níundi kapítuli. Um verk, er skipbrot, flóð eða annað mikið misferli getur hlotizt af.

293. Frumvarpsins 287. og 288 gr. (óbreyttar).

289. gr.

294. *Minni hluti nefndarinnar:* að orðunum: »til að gjöra flóð«, verði breytt í: »með þeim hug, að hleypa vatnsflóði yfir«. (Samþ. án atkv.).
295. *Sami*: að niðurlagsorðum fyrra kaflans: »ferst af því» verði breytt í: »bíður bana». (Samþ. án atkv.).
296. *Sami*: að fyrir »gjöra flóð» verði sett: »hleypa yfir vatnsflóði». (Samþ. án atkv.).
297. Frumv. 289. gr. (breytt eða óbreytt).

290. gr.

298. *Minni hluti nefndarinnar:* að fyrir orðin »rykkir spöngunum» verði sett: »færir járnsporin». (Samþ. án atkv.).
299. *Sami*: að fyrir orðin: »ferst af því» í enda fyrra kaflans verði sett: »bíður bana». (Samþ. án atkv.).
300. Frumv. 290. gr. (breytt eða óbreytt).
301. Frumv. 291. gr. (óbreytt).

292. gr.

302. *Minni hluti nefndarinnar*: að fyrir orðin: »er hætta búin af að nota þær» verði sett: »sè þar af hætta búin». (Samþ. án atkv.).
303. Frumv. 292. gr. (breytt eða óbreytt).

293. gr.

304. *Minni hluti nefndarinnar*: að orðið: »dreifist út» í upphafi greinarinnar, verði breytt í: »útbreiðist». (Fellt með 14 atkv. gegn 3).
305. *Sami*: að málsgreinin: »sem yfirvöldin hafa . . . dreifist út», verði þannig orðuð: »sem yfirvöldin hafa skipað fyrir til þess

að afstýra næmum sjúkdómum, eða útbreiðslu þeirra, skal sæta» o. s. frv. (Samþ. með nafnak. með 13 atkv. gegn 9).

306. Frumv. 293. gr. (breytt eða óbreytt).

294. gr.

307. *Minni hluti nefndarinnar*: að upphaf greinarinnar verði þannig orðað: »Verði nokkur maður uppvís að því, að hann hafi af ásettu ráði valdið útbreiðslu næmra sjúkdóma» o. s. frv. (Samþ. með 15 atkv. gegn 2).

308. *Sami*: að orðið »um» eptir »skipað, falli burt. (Samþ. með 8 atkv. gegn 7).

309. *Sami*: að í stað orðanna »dreifist út» í niðurlagi greinarinnar verði sett: »breiðist út». (Fallið við tölul. 304).

310. Frumv. 294. gr. (breytt eða óbreytt).

311. Frumv. 295. gr. (óbreytt).

(29. kapít. samþ. með 14 atkv.).

Þrítugasti kapítuli. Um það, er menn ónýta eða skemma eigur annara, og um illa meðferð á skepnum.

296. gr.

312. *Minni hluti nefndarinnar*: að fyrir orðin »leiðarvísa eða rastarstaura» verði sett: »leiðarvísa, vörður eða rastarstikur». (Samþ. með 14 atkv.).

313. Frumv. 296. (breytt eða óbreytt).

314. Frumv. 297. og 298. gr. (óbreytt).

299. gr.

315. *Minni hluti nefndarinnar*: að greinin verði þannig orðuð: »hver sem verður brotlegur í frekri misþyrmingu og annari þrælslegri og harðýðgisfullri meðferð á skepnum, einkum húsdýrum, skal sæta sektum allt að 100 rd. eða einföldu fangelsi allt að 4 mánuðum». (Samþ. með 13 atkv. gegn 1).

316. Frumv. 299. gr. (breytt eða óbreytt).

(30. kapít. samþ. með 15. atkv.).

Þrítugasti og fyrsti kapítuli. Um málssókn út af misgjörningum, varnarnauðung, skaðabætur o. fl.

300. gr.

317. *Minni hluti nefndarinnar*: að fyrir orðin: »sjálfviljandi geldur» komi: »býður fram og greiðir». (Samþ. með 13 atkv.).

318. Frumv. 300. gr. (með breyting eða óbreytt).

319. Frumv. 301.—306. gr. (óbreytt).

(31. kap. samþ. með 15. atkv).

Prítugasti og annar kapítulí. Um það, hve nær lög þessi verði gild, um rèttarskiptin og það, hverjar eldri ákvarðanir sè úr lögum numdar.

307. gr.

320. *Minni hluti nefndarinnar*: að grein þessi verði þannig orðuð: »Lög þessi öðlast gildi fyrsta dag ágústmánaðar 1869». (Fellt með nafnakalli með 19 atkv. gegn 4).

321. *Jón Pètursson*: að í stað orðanna: «og veitist stjórninni .... um þann tíma» verði sett: «og verður þá kunngjört með konungsúrskurði nákvæmar um þann tíma». (Samþ. með 12 atkv.).

322. Frumv. 307. gr. ¡með breyting eða óbreytt). (Samþ. með 19 atkv.).

323. *Minni hlutí nefndarinnar* (Vara-uppástunga): að bætt verði inn eptir 307. grein frumvarpsins nýrri grein (sem 308. gr.), þannig hljóðandi:

«Í þeim tilfellum, þar sem lög þessi ákveða fangelsisstraff og hegningarvinnu um tvö ár og skemmri tíma, skal, þangað til búið er að koma upp fangahúsum á Íslandi, beita vandarhagga refsingu, og sektum eptir reglunum í tilskipun í 24. janúarmán. 1838, 4. grein. Það skal birt með konunglegri auglýsingu, hve nær ákvörðun þessi falli úr gildi». (Fellt með nafnakalli með 16 atkv. gegn 5).

324. *Bergur Thorberg*, breytingaratkvæði við eptirfylgjandi grein: að í staðinn fyrir orðin «skal hin almenna ákvörðun í 158. grein» verði sett: «skulu hinar almennu ákvarðanir í 157. og 158. grein». (Fellt við atkvæða greiðsluna við 15. kapít.).

325. *Minni hluti nefndarinnar*: að bætt verði inn í nýrri grein (sem 309. gr.) þannig hljóðandi:

»Þangað til svo er komið, að almennt trúarbragðafrelsi verði lögleitt á Íslandi, skal hin almenna ákvörðun i 158. grein í lögum þessum að eins ná til hinnar evangelisk-lútersku kirkju, og til þeirra kristilegu safnaða, sem myndast mega í kaupstöðunum á Íslandi, samkvæmt tilsk. 17. d. nóvembermán. 1786». (Fellt við 15. kapitula).

326. *Bergur Thorberg* og *Eiríkur Kúld*: vara-uppástunga (ef tölul. 320. og 323. fellur).

«Lög þessi öðlast eigi lagagildi fyrri, en fangahús þau, er með þarf, eru komin upp hèr á landi, og skal það birt með konunglegri auglýsingu hve nær lögin eptir þessu geti öðlazt gildi». (Fallið við atkv. greiðsluna við 321.—322. tölul.).

327. Frumv. 308.—310. gr. (óbreyttar). (Samþ. með 16 atkv.).

328. *Minni hluti nefndarinnar*: að 308—310. grein verði 310—312. grein í röðinni. (Fallið við tölul. 323).

329. Fyrirsagnir lagaboðsins og kapítulanna hvers sèr í lagi. (Samþ. án atkvæða).

330. Frumvarpið allt í heild sinni. Um þenna tölul. voru greidd atkv. 1. hvort það skuli koma út sem lög (fellt með nafnakalli með 16 atkv. gegn 8). 2. hvort það skuli koma út sem frumvarp til laga, er síðar verði lagt fyrir alþing (Samþ. með 17 atkv. gegn 1).

331. *Nefndarmenn úr meira hlutanum*: *Árnljótur Ólafsson* og *Benedikt Sveinsson:*

»Að fram fyrir næsta alþing verði lagt að nýju til endilegra álita eður samþykktar þetta »frumvarp til almennra hegningarlaga«, með þeim breytingum, er Hans Hátign þykir við eiga, eptir rèttar-meðvitund Íslendinga, sèrstökum landsháttum vorum og stjórnarskipun». (Fallið við 6. tölul.).

332. *Eiríkur Kúld:* viðauka-uppástunga: að þingið biðji H. H. konunginn að skipa svo fyrir, að jafnhliða þessu frumvarpi verði lagt fyrir alþing glöggt og greinilegt yfirlit yfir það:

1. Hver hinna eldri sakalaga sè *að öllu* úr lögum numin. (Samþ. með 16 atkv. gegn 4).
2. Hver hinna eldri sakalaga sè úr lögum numin *að nokkru leyti,* og fylgi skrá aptan við lögin um þessi lagaboð, og þá staði alla, er enn verða í gildi eptir löggildingu þessa lagafrumvarps. (Samþ. með 12 atkv. gegn 7).

NEFNDARÁLIT

í málinu um læknaskóla og læknaskipun.

Hið heiðraða alþingi hefir kosið oss fimm, sem hèr ritum nöfn vor undir, í nefnd, til að íhuga, og síðan kveða upp skoðun vora um uppástungu frá einum af oss, landlækni justizráði Dr. J. Hjaltalín, um stofnun læknaskóla hèr í Reykjavík, með áþekku fyrirkomulagi, og prestaskólinn hefir, og tveimur kennurum, auk kennara í efnafræði, grasafræði, eðlisfræði o. s. frv., eptir því sem nákvæmar er tekið til í uppástungunni.

Auk þess var oss fengin til íhugunar bænarskrá úr Skaptafellssýslu hinni eystri, um að sèrstakur læknir yrði þar skipaður.

Vèr höfum vandlega rætt og hugsað mál þetta, og leyfum oss nú að kveða upp skoðun vora á máli þessu, og er hún þannig:

Vèr þykjumst eigi þurfa að fara mörgum orðum um það hèr, eða færa neinar sönnur á það, hversu illa farnir vèr Íslendingar

erum með læknahjálp, þar sem að eins eru 8 lækna-embætti á öllu landinu, því að þetta liggur hverjum í augum uppi, og af öllum viðurkennt en þótt þessi embætti sèu eigi fleiri, þá fást þó eigi ávallt nægir læknar í þau, og nú sem stendur er eitt þeirra autt; og hefði eigi landlæknirinn um hin síðustu 5 ár kennt lækna-efnum, mundu þau að öllum líkindum hafa verið fimm, eða að eins 3 læknar hefðu verið á öllu landinu, þar sem nú eru komnir 4 læknar í embætti hèr á landi, sem landlæknirinn hefir kennt, og tekið hafa embættispróf hèr á landi. Þetta er að vorri ætlun ný og nóg sönnun fyrir því, að vèr aldrei getum búizt við svo mörgum læknum, er tekið hafi embættispróf í Kaupmannahöfn, að hin eldri 8 embætti verði ávallt skipuð þess konar læknum, og að læknakennslan hèr á landi er með öllu nauðsynleg, ef vèr Íslendingar eigi eigum að verða ef til vill læknalausir, eða því nær.

Úr embættafæðinni er nú að nokkru leyti bætt með þeim úrskurði konungs vors, að veita megi allt að fimm lækna-efnum, er vilja setjast að og fást við lækningar í þeim hèruðum á Íslandi, þar sem dómsmálastjórninni virðist vera mest þörf á læknisaðstoð, 400 rd. styrk á ári hverjum þeirra, og verði styrkur þessi hækkaður um 100 rdl. fyrir hver 3 ár, sem þeir fást við lækningar, þangað til styrkurinn er orðinn 800 rd. á ári. Þetta heitorð getur reyndar orðið hvöt fyrir stúdenta til að leggja fyrir sig læknisfræði en að eins hèr á landi en alls eigi til að leita sèr þekkingar þeirrar, sem þeir þurfa, sem læknar til Kaupmannahafnar. En þá liggur sú spurning beint við: Verður ætlazt til þess, að landlæknirinn skuli eða ávallt geti kennt öllum sem beiðast kennslu, hversu margir sem þeir kunna að verða, með öllum þeim störfum, svo miklum og margvíslegum sem hann nú hefir, bæði sem landlæknir og sem hèraðslæknir í víðlendu og fjölmennu hèraði? Og er það einu sinni víst, að landlæknirinn, hver sem hann er, er kæmi eptir þann núverandi landlækni vilji taka sèr nokkra kennslubyrði á hendur, þar sem það getur eigi verið embættisskylda hans, með því fyrirkomulagi sem nú er? Við báðum þessum spurningum verðum vèr að kveða nei; því að þá er vèr lítum á embættisstörf landlæknisins bæði sem landlæknis og hèraðslæknis, virðist auðsætt, að hann hefir svo mörgum, margvíslegum og mikilvægum störfum að gegna, að hann eptir sem fólksfjöldinn eykst, geti næsta lítinn tíma haft afgangs til umfangsmikillar kennslu, og því síður, að hann geti fengið tíma til að sinna þessari kennslu aleinn

enda virðist oss það ofætlun fyrir landlækninn, þótt hann væri eigi hèraðslæknir, og þyrfti því eigi að gegna daglegum lækningastörfum; og þótt landlæknir sá, sem nú er, hafi haft kennsluna á höndum um hin síðustu 5 ár, þá hefir hann þó eigi treyst sèr til, að taka að sèr, að kenna öllum í senn er kennslu hafa beiðzt sökum anna og tímaleysis, en þótt þeir hafi eigi margir verið í senn, er kennslu hafa beyðzt, en sem komið er, ætlum vèr að ganga megi að því svo sem vísu, að þeir muni innan skamms fleiri verða, þar sem lærisveinar skólans nú eru orðnir um helmingi fleiri, en þeir voru að meðaltölu, áður en læknakennslan byrjaði 1862, og þá verður hann að synja enn fleirum um kennslu; en því að eins verður með nokkru móti búizt við, að lækna-embætti þau, sem nú eru þegar stofnuð, verði nokkru sinni skipuð nýtum læknum, að engin verði fyrirstaða á kennslunni, og verði nokkur fyrirstaða á henni, liggur það í augum uppi, að aldrei fáum vèr bætt úr læknafæð vorri. Auk þess verðum vèr að halda fast þeirri ætlun, að kennsla þessi sè mjög á völtum fæti, og geti hætt þegar minnst vonum varir, því að þótt hinn núverandi landlæknir hafi tekizt á hendur, að kenna lækna-efnum, er það engan veginn víst að eptirmenn hans vilji gjöra það, eða treystist til þess, jafnframt öðrum embættisstörfum sínum og gjöri þeir það eigi, erum vèr Íslendingar eigi betur farnir með lækna, en vèr höfum áður verið. Þar sem alþingi 1861 eigi hèlt þeirri allraþegnsamlegustu bæn sinni fram til konungs vors, sem það bar fram fyrir hann bæði 1857 og 1859, þeirri, að stofnaður yrði læknaskóli hèr á landi, þá bera alþingistíðindin 1861 þess ljósan vott, að það var eigi sökum þess, að það hefði breytt skoðun sinni um nauðsyn og nytsemi skólans, heldur af öllum öðrum ástæðum. Og eins og vèr nefndarmenn erum allir samhuga á skoðun uppástungumanns um nauðsynina, eins ætlum vèr og að nú verði engin næg ástæða borin fram gegn stofnun skólans nú þegar; því að eptir því fyrirkomulagi, sem vèr hugsum oss á skóla þessum núna fyrst um sinn, er læknasjóðurinn orðinn svo auðugur, að hann getur vel staðizt öll útgjöld þau, sem til skólans ganga, og vonandi, að tekjurnar aukist þó talsvert úr því sem þær eru nú, ef hin nýja reglugjörð sem vèr teljum sjálfsagt, um spítalahlutina, sem þetta þing hefir haft til meðferðar nær lagagildi. Við árslok 1865 var innstæða læknasjóðsins í skuldabrèfum og peningum fullt 53,761 rdl. og tekjurnar það ár voru fullt 3,167 rdl. og voru þó tekjur sjóðsins það ár

einhverjar hinar rýrustu, því að þá var mikið fiskileysisár, og munum vèr nú reyna að sýna fram á, að læknaskólinn getur komizt í allviðunanlegt horf með núverandi tekjum sjóðsins, og hann muni þó hafa nokkurn afgang.

Eins og landlæknirinn hefir sjálfur stungið upp á, verðum vèr að vera samhuga á því, að það sè í alla staði rètt hugsað, að hann losist við öll hèraðslæknastörf; við það fær hann nægan tíma til, bæði að grennslast nákvæmlega eptir, náttúru, orsökum og eðli hinna íslenzku sjúkdóma og ráðum við þeim, sem og til, eins og bezt má verða, að gegna störfum sínum, sem landlæknir, sem hann annars naumast getur, með því, að hann verður að vera á einlægum lækningaferðum, og hefir aldrei næði, og jafnframt til kennslunnar í skólanum og forstöðu hans, sem er sjálfsagt, að hann hefði sem skyldustörf. Það er svo sem auðvitað, að við það missir hann launa sinna, sem hèraðslæknir, sem vèr nú ætlum að sèu 900 rd. og hèldi að eins launum sínum sem landlæknir, sem vèr gjörum 600 rd., sem forstöðumaður læknaskólans ætti hann að fá 1600 rd. í upphafi, eins og forstöðumaður prestaskólans. En þar sem tveggja kennara þarf við í prestaskólanum auk forstöðumannsins, þá gefur það hverjum einum að skilja, að landlæknirum, sem og hefir annara starfa að gæta, eigi er einum ætlandi, að taka að sèr kennsluna í læknaskólanum, þar sem sú kennsla er miklu umfangsmeiri, heldur en kennslan í prestaskólanum, og hver kennari hans getur eigi hjá því komizt, ef kennslan á að vera sem fullkomnust og bezt, að vera má, að verja allmiklum tíma til lesturs læknisfræðibóka, þar sem menn ávallt eru að gjöra nýjar uppgötvanir í þeirri fræði vg þeim vísindagreinum, sem læknum er nauðsynlegt að þekkja, og nátengdar eru læknisfræðinni. En þegar landlæknirinn losast við hèraðslæknastörfin verður að skipa lækni í hans stað í það hèrað, sem hann er nú læknir í. Þessi læknir ætti að fá að launum 600 rd. til að byrja með úr ríkissjóði, og væru þá sparaðir 300 rd. fyrir þann sjóð um næstu 3 árin, þar sem laun hans og landlæknisins yrði að eins 1200 rd., en landlæknirinn nú hefir 1500 rd., og þótt laun hèraðslæknisins hækkuðu um 100 rd. fyrir hver 3 ár, eins og vèr teljum sjálfsagt, unz þau væru orðin 1000 rd., yrðu þó laun landlæknisins og hèraðslæknisins til samans á endanum, að eins 100 rd. meiri, en laun landlæknisins eru nú. Þessum hèraðslækni sem sjálfsagt ætti að hafa tekið fullt embættispróf í læknisfræði í

háskólanum í Kaupmannahöfn, ætlum vèr, að eigi væri of vaxið, að kenna svo sem svaraði einni stund á dag í læknaskólanum, og ætti hann að fá fyrir þann starfa sinn sömu laun og 2. kennarinn við prestaskólann, eða 500 rd. að upphafi, og þau laun að greiðast honum úr læknasjóðnum.

Til að kenna efnafræði, grasafræði og eðlisfræði, ætlumst vèr til, að tekinn yrði sá kennari latínuskólans, sem kennir þar þessar vísindagreinir, og hvort sem hann væri tekinn sem tímakennari, eða hann fengi ákveðin laun fyrir þessa kennslu sína, sem vèr teljum rèttara, ætlum vèr að það gjald ætti eigi að ganga yfir 300 rd. á ári. Öll kennslan mundi þannig kosta 2400 rd. árlega. Auk þessa ætlum vèr árleg útgjöld 120 rd. til húsa og eldiviðar, 200 rd. til verkfæra, sem nú ern þegar veittir, og 300 rd. til styrks handa lækna-efnum, eins og nú er, og yrðu þá útgjöldin öll 3020 rd.

Viðvíkjandi bænarskránni úr Skaptafellssýslu eystri, sem oss var fengin til meðferðar, skulum vèr geta þess eins, að þar sem konungur í auglýsingunni til þessa alþingis hefir heitið því, að stofna skyldi allt að 5 lækna-embættum, þar sem brýnustu nauðsyn bæri til, ætlum vèr sjálfsagt, að haft verði fullt tillit til þarfa Austur-Skaptfellinga á læknishjálp, þegar einhver læknir er til þessara embætta. En að biðja um það nú, að skipaður yrði læknir í Austur-Skaptafellssýslu, getum vèr eigi betur séð, en væri með öllu tilgangslaust, þar sem vèr höfum eigi svo mikið sem næga menn í hin eldri embættin, og lítil von um, að lækna-efni verði um fram hin næstu árin, því að þótt nú sèu tveir að læra hjá landlækninum, er kunni að verða búnir næsta ár, þá er þó autt rúm þegar handa öðrum þeirra, og er þá í hæsta lagi útsjón til, að einn fengist í hin fyrirhuguðu embættin; enda getum vèr lítla von gjört oss um lækni að minnsta kosti í 4 þessara nýju embætta, fyrr en að læknaskólinn væri kominn í lag.

Samkvæmt því, sem vèr þegar höfum sagt, viljum vèr ráða hinu heiðraða þingi til, að rita vorum allramildasta konungi allraþegnsamlegasta bænarskrá, og beiðast þess:

1. Að læknaskóli verði stofnaður hèr í Reykjavík með áþekkri tilhögun og prestaskólinn, þannig:
   a, að landlæknirinn sè yfirkennari og forstöðumaður skólans, með jöfnum launum og forstöðumaður prestaskólans, og haldi hann að auk launum þeim, sem hann nú hefir, sem

landlæknir en losist aptur við störf þau, sem hann nú hefir sem hèraðslæknir.

b, að settur sè kennari við skólann, er tekið hafi embættispróf við Kaupmannahafnarháskóla, og byrji hann með 500 rd. launum. Auk þess skal hann hafa læknisstörf á hendi í þeim lögsagnarumdæmum, sem landlæknirinn nú hefir, og hafi hann hin sömu laun fyrir þann starfa sinn, sem aðrir hèraðslæknar.

c, að kennaranum í náttúrufræði í latínuskólanum verði falið á hendur, að kenna lækna-efnunum í læknaskólanum efnafræði, grasafræði og eðlisfræði, og hafi hann 300 rd. í laun fyrir þann starfa.

2. Að kostnaður sá, sem læknaskólinn hefir í för með sèr, verði greiddur úr læknasjóðnum.

Alþingi, 12. dag ágústm. 1867.

Jón Hjaltalín, form. og framsögumaður. *Halldór Kr. Friðriksson,* skrifari. *Sveinn Skúlason.*

Benedikt Sveinsson. Jón Bjarnason.

ATKVÆÐASKRÁ

í málinu um læknaskóla og læknaskipun.

---

1. *Pètur Pètursson*: breytingaratkvæði við 2. tölul. *b*: »að þóknun sú, er landlæknirinn fær fyrir kennslu í læknisfræði verði hækkuð til 600 rd. á ári«. (Fellt með 11 atkv. gegn 10).
2. *Bergur Thorberg*: að í staðinn fyrir uppástungur nefndarinnar (tölul. 1. *a, b, c.* og 2: nr. 5. 6. 8. 11. á atkvæðaskránni) verði bætt:

   a, »að skipaður verði læknir með 1000 ríkisdala launum, er greiðist úr hinum íslenzka læknasjóði, og sè hann skyldur að búa í Reykjavík, gegna hèraðslæknis störfum í Borgarfjarðar og Gullbringu- og Kjósarsýslum, og aðstoða landlæknirinn í að kenna læknisfræði.

   b, að landlæknirinn fái úr hinum sama sjóði 200 rd. viðbót á ári við þóknun þá, sem hann nú fær fyrir kennslu í læknisfræði, þannig að þóknun þessi verði alls 500 rd. á ári.« (Fellt með nafnakalli með 14 atkv gegn 9).

3. *Nefndin:*
   Að læknaskóli verði stofnaður hèr í Reykjavík með áþekkri tilhögun og prestaskólinn, (þannig): (Samþ. með 17 atkv. gegn 1).
4. *Eiríkur Kúld*: að uppástunga nefndarinnar undir staflið *a*, (tölul. 5.) verði þannig breytt:
   »að landlæknirinn sè yfirkennari og forstöðumaður skólans, og haldi hann þeim launum, er hann nú hefir, og fái að auki úr læknasjóðnum 500—600 rd. árlega, en losist við störf þau, sem hann nú hefir sem hèraðslæknir«. (Samþ. með 14 atkv.
5. *Nefndin*: (uppástunga nefndarinnar stafl. *a*):
   að landlæknirinn sè yfirkennari og forstöðumaður skólans, með jöfnum launum og forstöðumaður prestaskólans, og haldi hann að auk launum þeim, sem hann nú hefir sem landlæknir, en losist aptur við störf þau, sem hann nú hefir sem hèraðslæknir. (Fallið við 4. tölul.).
6. *Nefndin*: (uppástunga nefndarinnar stafl. *b*):
   að settur sè annar kennari við skólann, er tekið hafi embættispróf við Kaupmannahafnar háskóla, og byrji hann með 500 rd. launum. Auk þess skal hann hafa læknisstörf á hendi í þeim lögsagnarumdæmum, sem landlæknirinn nú hefir, og hafi hann hin sömu laun fyrir þann starfa sinn, sem aðrir hèraðslæknar. (Samþ. með 16 atkv.).
7. *Ólafur Sigurðsson*: Breytingaratkvæði við uppástungu nefndarinnar stafl. c: að í staðinn fyrir 300 rd. verði sett 200 rd. (Fellt með nafnakalli með 17 atkv. gegn 6).
8. *Nefndin*: (uppástunga nefndarinnar stafl. c).
   «að kennaranum í náttúrufræði í latínuskólanum verði falið á hendur að kenna lækna-efnunum í læknaskólanum efnafræði, grasafræði og eðlisfræði, og hafi hann 300 rd. í laun fyrir þann starfa». (Samþ. með 13 atkv. gegn 5).
9. *Halldór Kr. Friðriksson* (breytingaratkvæði við 2. uppástungu nefndarinnar tölul. 11).
   1. «að úr læknasjóðinum verði veittar þrjár ölmusur, 100 rd. hver, handa læknaefnum þeim, sem í læknaskólann ganga.
   2. að 120 rd. verði veittir úr læknasjóðnum fyrir húsrúm handa læknaskólanum». (Fellt með 13 atkv. gegn 3).
10. *Björn Þórsson*, viðauka-uppástunga: «að lækna-efni þau, er

ganga á læknaskólann fái árlega 40 rd. í húsaleigustyrk». (Fellt með 9 atkv. gegn 7).

11. *Nefndin* (uppástunga nefndarinnar tölul. 2):
«að kostnaður sá, sem læknaskólinn hefir í för með sèr, verði greiddur úr læknasjóðnum. (Samþ. með nafnak. með 17 atkv. gegn 6).

12. *Sveinn Skúlason* og *Benedikt Sveinsson*, viðauka og vara-atkvæði við uppástungu nefndarinnar:
«en skyldi mót von svo reynast, að tekjur sjóðsins hrykki ekki alveg til allra þeirra útgjalda, sem læknaskóli þessi hefir í för með sèr, að það sem á skortir til þarfa skólans verði þá greitt úr ríkissjóði». (Samþykkt með nafnakalli með 17 atkv. gegn 7).

13. Hvort bænarskrá skuli rita konungi um hin samþykktu atriði. (Samþ. með 16 atkv gegn 5).

ÁLITSSKJAL

til konungs um frumvarp til laga um að taka íslenzk skip upp á skipaskrá.

Samkvæmt allrahæsta boði yðar konunglegu Hátignar hefir í þetta skipti verið borið undir álit alþingis frumvarp til laga um að taka íslenzk skip upp á skipaskrá.

Eptir að nefnd hafði verið skipuð til að íhuga málefni þetta, og það síðan af þinginu verið rætt á lögskipaðan hátt á tveim aðalfundum, leyfir þingið sèr allraþegnsamlegast að skýra frá áliti sínu um það á þessa leið:

Þingið verður að álíta hagfellt, að frumvarp þetta öðlist lagagildi hèr á landi, en leyfir sèr þó jafnframt að stinga upp á, að nokkrar breytingar verði gjörðar á ýmsum ákvörðunum þess.

Án þess þingið óskaði nokkurrar breytingar á ákvörðuninni í 1. grein að efninu til varð þó meiri hluti atkvæða fyrir því að aðhyllast uppástungu eins þingmanns um að formi greinarinnar væri breytt á þann hátt sem sèst af 1. niðurlagsatriði þessa álitsskjals, og er þessi breyting einkum á því byggð, að ekki þótti nauðsynlegt að hafa í greininni aðrar ákvarðanir en þær er heimfærðar yrðu upp á þau tilfelli sem kæmu fyrir hèr á landi, og virtust einnig ákvarðanir greinarinnar þar við verða einfaldari og skiljanlegri,

Orðið «tollheimtu», sem kemur fyrir í niðurlagi 3. málsgreinar í 2 grein frumvarpsins virðist hafa heldur takmarkaða þýðingu og með tilliti til þess, að enginn tollur er hèr á landi greiddur af vörum virðist eiga betur við að «afgreiðslu skipa» sè hèr haft í staðinn fyrir hið fyrrnefnda orð.

Við 3. grein frumvarpsins virtist meiri hluta þingsins nauðsynlegt að gjöra þá breyting, að fyrir stafliðina D. E. (þ. e. dönsk eign) bæði á þessum stað og frumvarpinu, verði sett Í. E. (þ. e. íslenzk eign). Eptir áliti meiri hlutans er það í sjálfu sèr einhlít ástæða til þessarar breytingar, að þar sem stafliðirnir D. E. eru kallaðir *þjóðernismerki,* þá eiga þeir ekki við eptir almennu máli, þar eð menn gjöra í þjóðernislegu tilliti mun á íslenzkri og danskri eign, eins almennt eins og sèrstaklega, það er því öldungis óvenjulegt að kalla, að danskir menn eigi það sem Íslendingar eiga, eða íslenzkir menn það sem Danir eiga.

Meiri hluta þingsins virtist svo, að ef þjóðernismerki væri nauðsynlegt, ætti það að sýna, eigi að eins þegnsrèttindin yfir höfuð, heldur og hið sèrstaka þjóðerni eigandans, og merkið ætti því að vera það á íslenzkum skipum, er sýndi, að skipið væri eign þeirru þegna Danakonungs, sem á Íslandi byggi, en ekki danskra manna, úr því að Ísland er sèrstakur hluti í veldi Danakonungs, því þótt bæði Danir og Íslendingar sèu þegnar hins sama konungs, eru þeir þó tvær þjóðir, eða menn með tvennum þjóðerniseinkennum, og þenna greinarmun sýnir ekki merkið D. E.

Meiri hluta þingsins virtist því ástæða til að breyta þessu merki, þegar um íslenzk skip er að ræða, enda er það ekki meiri hlutanum sýnilegt, að merkið Í. E. gæti valdið íslenzkum skipseigendum nokkrum hnekki í viðskiptum þeirra við aðrar þjóðir, því öðrum þjóðum, er íslenzk skip eiga viðskipti við, hlýtur að vera það fullkunnugt, að Ísland er einn hluti af ríki Danmerkur konungs og Íslendingar þegnar hans; en ef þetta kynni þó að þykja ekki sjálfskilið, gæti það ekki verið neinum sèrlegum vandkvæðum bundið, að auglýsa þessa breytingu fyrir þeim þjóðum, sem íslenzk skip hefði samgöngur við. Það yrði þá í öllum tilfellum sjálfsagt, að skipið hlyti að hafa fullan rètt til að hafa hið danska flagg, úr því það væri tekið á skipaskrá, enda væri þar með fullsannað, að skipið væri eign einhvers þegns Danakonungs, því rètturinn til flaggsins verður reyndar eigi sagt, að sè fremur veittur með merkinu D. E. heldur en með sjálfri skipaskránni. Skip úr

löndum og ríkjum Danakonungs hafa farið um öll höf, áður en lögskipað var, að brenna D. E. á þessi skip. Meiri hlutinn vill heldur eigi látið þess ógetið, að eptir því sem kunnugt er, þá eru ekki slík eða áþekk stafamerki heimtuð eða almenn í öðrum löndnm, enda verða þau ekki álitin nein sèrleg trygging sem þjóðernismerki fremur en skipaskráin.

En minni hluti þingsins: Bergur Thorberg, Björn Pètursson, Halldór Kr. Friðriksson, Jón Hjaltalín, Jón Guðmundsson, Jón Pètursson, Ólafur Pálsson, Pètur Guðjónsson, Pètur Pètursson Stefán Eiríksson leyfir sèr samkvæmt þeim rètti, er til þess er veittur í 61. grein alþingistilskipunarinnar allraþegnsamlegast að skýra yðar kgl. Hátign frá, að hann getur með engu móti fallizt á þessa uppástungu meiri hlutans, heldur verður að álíta sjálfsagt, að þjóðernismerkið D. E. eigi að vera á þeim skipum, sem eiga heima hèr á landi, eigi síður en á öðrum skipum, sem eiga heima í ríkinu sem sýnilegt merki þess, að þau tilheyri þegnum Yðar Hátignar og hafi rett til að hafa hið danska flagg, eins og minni hlutinn einnig verður að álíta þetta að vera nauðsynlegt skilyrði fyrir því, að skipin geti orðið aðnjótandi þeirra rèttinda, sem dönsk skip hafa. Eptir sinni skoðun á þýðingu hins almenna þjóðernismerkis skipanna þótti minni hlutanum jafnvel vafasamt, hvort hann ekki ætti að greiða atkvæði móti frumvarpinu í heild sinni af þeirri ástæðu, að hin hèr um rædda breyting hafði öðlazt meiri hluta atkvæða, þar eð hann varð að álíta ógjörlegt, að frumvarpið yrði gjört að lögum með slíkri breyting; en hann hèlt þetta þó eigi nauðsynlegt, þar eð hann var þess fullviss, að Yðar konungleg Hátign allramildilegast muni sjá fyrir því, að Ísland geti öðlazt þá hagsmuni, sem lagaboðið getur veitt íbúum þessa lands.

Við umræðurnar um málið á þinginu kom sú skoðun fram, að það mundi vera hagfelldara, að þjóðernis- og skrásetningarskýrteinið væri útgefið hèr á landi af stiptamtmanninum en á skrásetningarstofunni í Kaupmannahöfn; virtist þetta gjöra allt fyrirkomulag þessa máls einfaldara, eins og það eigi virtist geta verið neinum sèrlegum vandkvæðum bundið að fela stiptamtmanninum þenna starfa á hendur, og það því síður sem honum eptir frumvarpinu hvort sem er var ætlað að gefa út skýrteini þetta til bráðabyrgða. Þingið aðhylltist þessa skoðun og fèllst á breytingu, er að þessu lýtur, á síðari kafla 4. greinar. Þessi aðalbreyting hefir í för með sèr ýmsar aðrar breytingar, og standa þær í svo nánu

sambandi við hana, að þinginu virðist eigi ástæða til að útskýra þær frekar, en breytingar þessar koma fram í 10. gr., 11. gr., 18. gr. og 20. gr.

Þar eð ákvörðunin í 8. gr. eigi virðist geta misskilizt, þó orðunum «staðsett og» sè sleppt, er stungið upp á, að orð þessi sèu látin burt falla.

Í 9. gr. 1. tölulið stingur þingið upp á, að orðunum: «sè komið úr eign útlends manns í eign dansks manns, verði breytt þannig, «sè hætt að vera útlend eign» og orðið «dönsk eign», með því «dansks manns» kynni að verða skilið svo, að það eigi yrði heimfært upp á þá af þegnum Yðar Hátignar, sem eru búsettir hèr á landi. Í sömu gr. 2 tölul. er með tilvitnun til 1. greinar talað um skilyrði fyrir því að mega *eiga danskt skip* og hið sama kemur aptur fyrir í næst síðustu málsgrein greinarinnar. Með tilliti til ákvörðunarinnar í fyrstu grein virðist þinginu eiga betur við á báðum þessum stöðum að sett sè: «að hafa danskt flagg» í staðinn fyrir «að eiga danskt skip».

Í síðari kafla 12. greinar er bannað, að nokkuð sè ritað á þjóðernis- og skrásetningar-skýrteinið eða neinu breytt í því, nema það sè gjört af stiptamtmanninum, eða á einhverri skrásetningarstofu eða af verzlunarfulltrúa. En þingið hèlt, að það mundi gjöra mönnum hèr á landi hægra fyrir, ef þeir eigi þyrftu ávallt í þessum málum að snúa sèr til stiptamtmannsins, heldur gætu einnig snúið sèr til hlutaðeigandi amtmanns, og er því stungið upp á, að í þessari grein sè sett «amtmanni» í staðinn fyrir «stiptamtmanninum».

Í 1. kafla 13. greinar er nefnt »danskt skrásetningarumdæmi« og í tveim síðustu köflum greinarinnar «dönsk höfn». En þar eð þinginu virðist auðsætt, að hèr hljóti einnig að vera meint skrásetningar umdæmi og hafnir á Íslandi, stingur þingið upp á, að bætt sè inn í á fyrri staðnum «eða íslenzkt» og á tveim hinum síðari: «eða íslenzka».

Með tilliti til breytingar þeirrar, sem kynnu að verða á fyrirkomulaginu á yfirstjórn Íslands virðist þinginu geta átt við bæði í 13. grein og einnig á öðrum stöðum, þar sem það kemur fyrir í frumvarpinu, að breyta «hlutaðeigandi stjórnarráði» í «stjórn» eður »stjórum».

Þar eð ekkert mótunargjald er greitt á Íslandi virðist þinginu eiga að sleppa því sem sagt er í 3. kafla 15. greinar um mótunargjaldið og skal þingið jafnframt leyfa sèr að geta þess, að ákvörð-

un þessi virðist ekki nauðsynleg, jafnvel þó ekki væri gjörð sú breyting á ákvörðuninni í 4. grein, sem um er rætt hèr að framan, með því mótunargjald það sem greiðast ætti fyrir þjóðernis- og skrásetningar-skýrteinið, ef það væri utgefið í Kaupmannahöfn, yrði tekið eptir dönskum lögum.

Eptir reglum þeim, er að undanförnu hafa gilt um það efni, eru fèsektir fyrir brot hèr á landi helmingi minni en fyrir sömu brot í Danmörk, og þessari reglu hefir einnig verið fylgt í frumvarpi því til almennra hegningarlaga, sem í þetta skipti hefir verið lagt fyrir þingið. Þó að brot gegn ákvörðunum í frumvarpi því, sem hèr liggur fyrir, að vísu sá sèrstaklegs eðlis, virðist þinginu eigi að síður ástæða til að byggja á hinni hèr um ræddu grundvallarreglu sekta-ákvarðanirnar í 22.—26. grein, og stingur þingið því úpp á, að upphæð sú, sem sektir þessar geti náð, verði færð niður um helming, og af því betur virðist eiga við, að upphæð þessi standi á heilum ríkisdölum er stungið upp á, að upphæðin í 23. grein, sem er 5 rdl., verði færð niður í 2 ríkisdali.

Til þess enginn vafi geti verið á því, að þeir menn, sem eru í stjórn hlutafèlaga, er skip eiga, sèu einn fyrir alla og allir fyrir einn (in solidum) í ábyrgð fyrir fèsektum þeim, sem um er rætt í 22.—26. gr., á sama hátt og ákveðið er um sameigendur í fyrri hluta 27. greinar, stingur þingið upp á, að bætt sè inn í niðurlag greinarinnar «á sama hátt» og yrði þá endir greinarinnar þannig: «eru allir þeir, sem eru í stjórn fèlagsins á sama hátt í ábyrgð fyrir sektunum».

Í niðurlagi 28. greinar er svo fyrirmælt, að fèsektir þær, sem hèr er um rætt, renni í ríkissjóðinn. Eptir því fyrirkomulagi sem nú er á fjárhag Íslands álítur þingið að vísu ákvörðun þessa rètta og eðlilega, þar sem allar tekjur af Íslandi nú renna í ríkissjóðinn. En ef fjárhagurinn yrði aðskilinn virðast sektir þesar eiga að teljast með þeim tekjum, er rynnu inn í landssjóð Íslands og leyfir þingið sèr því að stinga upp á, að þessum kafla greinarinnar sè þannig breytt: «Fèsektirnar renna inn í hinn sama sjóð og landstekjurnar».

Þar eð lagaboð það, er út yrði gefið eptir frumvarpi þessu eigi gæti orðið þinglesið fyrri en á næsta árs manntalsþingum, fær þingið eigi sèð, að frumvarpið geti öðlazt lagagildi svo snemma sem ráð er fyrir gjört í 30. gr. og leyfir sèr því að stinga upp á, að í nefndri grein sè «1. aprílm. 1868» breytt í «1 janúarm. 1869».

Þar eð orðið «ton» er útlent og lítt kunnugt hèr á landi, heldur þingið betur eiga við, að «ensk lest» sè haft í staðinn fyrir þetta orð, hvar sem það kemur fyrir í frumvarpinu.

Eins og niðurlagsatriðin hèr á eptir sýna, leyfir þingið sèr enn fremur að stinga upp á ýmsum orðabreytingum í frumvarpinu, sem ekki eru tilgreindar hèr að framan og sem ekki virðast þurfa neinnar útskyringar við.

Þingið leyfir sèr þannig, með 16 atkvæðum gegn 2, allraþegnsamlegast að ráða yðar Konunglegu Hátign til, að hið hèr um rædda frumvarp til laga um að taka íslenzk skip upp á skipaskrá verði löggilt með þessum breytingum:

1. (með 10 atkv. móti 8), að 1. grein verði þannig orðuð: »Sèrhvert skip hefir rètt að hafa danskt flagg sè eigandi þess búsettur á Íslandi. Sè skipið eign hlutafèlags skal fèlagið vera undir íslenzkum lögum, stjórn þess hafa aðsetur sitt í landinu og þeir fèlagsmenn, sem eigi eru búsettir á Íslandi, hafa rètt innfæddra danskra manna og ekki hafa bólfestu fyrir utan lönd Danaveldis«.
2. (með 17 atkv.), að í stað orðanna í 3. atriði 2. greinar: »skilríki þau ..... tollheimtu« verði sett: »skilríki þau um skipshafnir og afgreiðslu skipa, sem boðið er að skip skuli hafa«.
3. *a. Meiri hluti þingsins*: (með 12 atkv. gegn 10), að fyrir stafina D. E. (þ. e. dönsk eign) í 3. gr. og hvar sem það kemur fyrir í frumvarpinu verði sett: Í. E. (þ. e. íslenzk eign).

   b. Minni hluti þingsins: að stafirnir D. E. haldist óbreyttir.
4. (með 16 atkv. gegn 6), að síðari kafli 4. greinar: »Á aðalskrá og o. s. frv. ..... þeirri skifstofu« orðist þannig: »Öll skip, sem skrásett eru á Íslandi, skulu tekin upp á aðalskrá stiptamtmanns, og skal stiptamtmaður gefa út öll þjóðernis- og skrásetningarskýrteini þau, sem um er rætt í 2. grein.
5. (með 15 atkv.), að upphaf 5. greinar verði þannig orðað: «Á hverjum þessara staða skulu skipin í því hèraði sett á skrá og tala við hvert skip«.
6. (með 19 atkv.), að í 7. gr. nr. 4. verði í staðinn fyrir »heimild« sett »heimildarbrèfi« og að í þriðja kafla sömu greinar verði sett: »aðalaðsetur« fyrir »aðalsetu«.
7. (með 10 atkv. móti 4), að í 8 gr. sè sleppt úr orðunum: »staðsett og«.

8. (með 14 atkv.), að niðurlag fyrsta kafla 9. greinar verði þannig orðað: »þá til skrifstofunnar í umdæmi því, sem skipið er í«; (með 14 atkv. gegn 1), að í 1. tölulið sömu greinar verði í staðinn fyrir: »að skipið sè komið úr eign útlends manns í eign dansks manns« sett: »að skipið sè hætt að vera útlend eign og orðin dönsk eign«, (með 16 atkv. gegn 1) að í 2. tölul. sömu greinar og í næst síðasta kafla greinarinnar verði í staðinn fyrir: »að eiga danskt skip«, sett á þeim þrem stöðum þar sem orð þessi koma fyrir: »að hafa danskt flagg« og (með 12 atkv. gegn 1), að í niðurlagi sama töluliðs verði í staðinn fyrir »og dönsku skipi« sett: »og dönsk skip hafa«.
9. (með 18 atkv. gegn 2), að 10 grein verði þannig orðuð: »Þá er búið er að rita á hlutaðeigandi skrásetningarstofu það, sem með þarf, um skrásetninguna og mælinguna á skjal, sem um það er gjört, skal senda skjalið með fylgiskjölum til stiptamtmannsins; skal hann yfirskoða mælinguna og rannsaka skilríki þau, sem honum hafa send verið; ef honum þykir þörf, má hann krefjast þess, að skipið sè mælt um, og heimta nákvæmari og fullkomnari skýringar. Þá er öll skilríki eru fengin, svo stiptamtmanni þyki nægjanlegt, skal hann taka skipið upp í aðalskrána; síðan gefar hann út þjóðernisskýrteini samkvæmt sýnishorni, er stjórnin semur, og sendir skrásetningarstofunni til þess, að hún skili því til skipsins, og skal skrásetningarstofan um leið sjá um, að markað sè á skipið þjóðernismarkið, rúmmálið, og skrásetningarstafir þeir, sem stiptamtmaður tekur til.
10. (með 15 atkv. gegn 5) að fyrri málsgrein 11. greinar: «þegar skrásetningin ..... skýrteini úti», verði felld burtu, og að í síðari kafla sömu greinar verði sett: «sem hefir afhent þjóðernis- og skrásetningar-skyrteinið» í staðinn fyrir «sem þjóðernis- og skrásetningar-skýrteinið afhendir».
11. (Samþykkt án atkvæða), að í 1. kafla 12. greinar, í staðinn fyrir orðin: «hvort sem *hann* er borgaralegt yfirvald» verði sett: «hvort sem *það* er borgaralegt yfirvald», og (með 14 atkv. gegn 1) að í öðrum kafla sömu greinar verði sett «amtmanni» í staðinn fyrir «stiptamtmanninum».
12. (með 16 atkv.) að í fyrsta kafla 13. greinar í staðinn fyrir «danskt skrásetningar umdæmi» verði sett: «danskt eður íslenzkt skrásetningarumdæmi»; (með 17 atkv.) að í niðurlagi

annars kafla í sömu gr. verði sett «stjórnarinnar» fyrir «hlutaðeiganda stjórnarráðs», og (með 18 atkv.) að í tveim síðustu köflum sömu greinar verði sett «danska eður íslenzka höfn» í staðinn fyrir «danska höfn».

13. (með 16 atkvæðum): að í niðurlagi 1. kafla 14. greinar verði sett: »eður dökku letri með ljósleitum undirlit» í staðinn fyrir «eður hins veginn».
14. (með 21. atkv.) að 3. kafli 15. greinar verði þannig orðaður: «í öllum þeim tilfellum, er nýtt skýrteini er gefið út, án þess að skipið um leið sè mælt á ný, þarf beiðandinn enga borgun að greiða» og að í niðurlagi sömu greinar verði sett «gefa skýrslu» í staðinn fyrir »láta uppi vottorð».
15. (með 17 atkv.) að í síðasta kafla 16. greinar: verði sett «stjórninni» í staðinn fyrir «hlutaðeiganda stjórnarráði».
16. (með 13 atkv. gegn 4) að í staðinn fyrir orðin í upphafi 17. greinar: «Þegar manni ..... danskt flagg» verði sett: «Nú er skip selt, og missir við það rètt að hafa danskt flagg, og á sá —» og (með 13 atkv. gegn 2) að niðurlagsorðunum í sömu grein verði þannig breytt: «verður dæmt erlendis óhaffært».
17. (með 15 atkv.) að orðunum í síðustu málsgrein 18. greinar: «til þess hann komi henni ..... Kaupmannahöfn». verði sleppt.
18. að í síðari málsgrein í 20. gr. í stað orðanna «aðal skrásetningarstofunni í Kaupmannahöfn» verði sett: «stiptamtmaani» og að í staðinn fyrir síðasta orð greinarinnar «gjört» verði sett: «látið í tè». (Samþ. áður og sem orðabreyting).
19. að í 21. grein í staðinn fyrir «passa» verði sett: «leiðarbrèf».
20. að í 22. gr. og annarstaðar, þar sem það kemur fyrir, verði sett «ensk lest» í staðinn fyrir «ton».
21. að þessar breytingar verði gjörðar:
    a, (með 17 atkv.) að í 22. gr. í staðinn f. 2 rd. verði sett: 1 rd.
    b, (með 19 atkv.) að í 23. gr. í — - 5 rd. — — 2 rd.
    c, (með 18 atkv.) að í 24. gr. í — - 50 rd. — — 25 rd.
    d, (með 19 atkv.) að í 25. gr. í — - 2 rd. — — 1 rd.
    e, (með 17 atkv.) að í 26. gr. í — - 20 rd. — — 10 rd.
    og að í sömu grein verði sett «úrskurðað» í staðinn fyrir «dæmt». (Samþ. sem orðabreyting).
22. (í einu hljóði) að í niðurlagi 27. greinar eptir orðin: «stjórn fèlagsins» verðt bætt inn í »á sama hátt.»
23. (í einu hljóði) að í stað niðurlags 28. greinar: «Fèsektirnar

renna inn í ríkissjóðinn» verði sett: »Fèsektirnar renna inn í hinn sama sjóð og landstekjurnar».

24. (með 16 atkvæðum) að í 30. grein í staðinn fyrir «1. aprílm. 1868» verði sett: «1. janúarm. 1869».

Alþingi 27. ágúst 1867.

Jón Sigurðsson, Bergur Thorberg.

BÆNARSKRÁ

til konungs um styrk handa forngripasafninu. (Sbr. bls. 336).

Til alþingis komu að þessu sinni tvær bænarskrár, og voru báðar þess efnis, að biðja um styrk úr ríkissjóði, til eflingar forngripasafni því, er stofnsett er hèr í Reykjavík.

Alþingi þótti þetta mál svo mikils varðandi, að það kaus þrjá menn í nefnd, til að íhuga það, ræddi það síðan á tveim aðalfundum, sem lögskipað er, og leyfir sèr nú allraþegnsamlegast, að bera fram fyrir yðar Hátign allra þegnsamlegasta bænarskrá um mál þetta, byggða á þeim rökum, sem þingið nú leyfir sèr allraþegnsamlegast að skýra frá.

Alþing getur eigi annað en fundið, eins og þjóð vor hefir þegar öll fundið, að æskilegt væri í alla staði og nauðsynlegt, að þær litlu leifar, sem enn eru eptir af fornmenjum vorum, er áður hafa verið og þótt svo ágætar, glötuðust eigi, fyrst og fremst víðs vegar út um landið sökum hirðingarleysis, eða þá verði seldar út úr landinu útlendingum, er kunna að meta þær og fastlega sækjast eptir þeim. Til þess að varna þessum ófarnaði og varðveita þar með fornsögulegan sóma vorn, hafa menn þegar fyrir löngu sèð, að ekki var annað ráð, en að komið væri hèr upp forngripasafni. Þetta er einnig fyrir nokkrum árum síðan byrjað, þannig, að nokkrir menn gáfu töluvert af fornmenjum með því skilyrði, að þar með yrði sett á fót reglulegt forngripasafn, og skömmu síðar tókust stiptsyfirvöldin á hendur vernd og umsjá safns þessa, og fengu handa því umsjónarmenn. Fyrir áhuga þessara tveggja umsjónarmanna, sem hvorki hafa sparað tíma nè fyrirhöfn, til að gangast fyrir að koma á fót slíku safni, og svo fyrir velvildarsaman styrk margra landsmanna víðs vegar um land, sem með

gjafasendingum hafa styrkt safnið, er safn þetta stofnsett hèr í Reykjavík; en það er að eins lítill vísir, sem von er; má þó vera, að ef vel væri áhaldið, að það gæti orðið mikils vísir; en til þess, að þetta geti orðið, þarf nauðsynlega fjárstyrk, til þess að geta keypt þá gripi handa safninu, sem ekki fást nema fyrir borgun, og yrði seldir til útlendra ferðamanna, eða til smíða, fargað á ýmsan hátt og eyðilagðir, þegar ekki væri nein efni fyrir hendi, til þess að kaupa þá. Enn fremur þarf fjárstyrk nokkurn til flutningskostnaðar, þegar safnið hefir færi á, að eignast gripi hèr og hvar um land, með því að nálgast þá á sinn kostnað. Í þriðja lagi þarf og fè, til að borga húsnæði handa safninu og nokkra þóknun handa umsjónarmönnum þess. Þetta verður alþing að álíta því æskilegra og nauðsynlegra, sem áhugi landsmanna sjálfra fer sýnilega vaxandi; og það er einkum þetta atriði, er hvetur þingið til að fara þess en af nýju á leit, að styrkur þessi mætti verða veittur. Ástæðurnar fyrir þessari bæn alþingis verða æ því brýnni, sem safnið vex smám saman meir og meir, eptir því sem forstöðumenn þess fá upp spurt fleiri og fleiri gripi, sem kostur væri á að ná, ef nokkur efni væru fyrir hendi en að öðrum kosti mundu missast safninu, og svo eptir því, sem starfi umsjónarmanna eykst smám saman, eptir því sem safnið eykst.

Þess vegna finnst þinginu nú bryn nauðsyn til, þótt yðar konunglega Hátign, eins og hin konunglega auglýsing til alþingis þ. á. með sèr ber, ekki gæti orðið við allraþegnsamlegustu bæn alþingis 1865, er fór í sömu stefnu, að ítreka nú aptur þessa þegnsamlegu bænarskrá; og er það allra-undirgefnust bæn þingsins til Yðar konunglegu Hátignar (með 20 atkvæðum gegn 1),

«að Yðar Hátign vildi allramildilegast þóknast, að veita 300 «ríkisdali á ári úr ríkissjóði fyrst um sinn og þangað til «nákvæmar verður ákveðið um fjárhag Íslands, til eflingar »forngripasafnsins hèr í Reykjavík og þóknunar umsjónar-«mönnum þess, eptir því, sem stjórnin kynni nákvæm-«ar á að kveða».

Alþingi 27. ágúst 1867.

Jón Sigurðsson, Stefán Thordersen.

ÁLITSSKJAL

til konungs um breytingu á ákvörðunum um gjald spítalahlutanna. (Sbr. bls. 298).

Fulltrúi yðar Hátignar lagði þetta sinn fram á alþingi konunglegt «frumvarp til tilskipunar um breytingu á ákvörðunum um gjald spítalahlutanna, er svo eru nefndir á Íslandi«.

Þingið kaus 5 manna nefnd í málið, ræddi það síðan á tveim aðalfundum á lögskipaðan hátt, og leyfir sèr nú að kveða upp þegnlegt álit sitt um það á þessa leið.

Fyrst leyfir þingið sèr að drepa með fám orðum á gang þessa máls eður undirbúning þess frumvarps, er fulltrúi yðar Hátignar lagði nú fram á þinginu. Þingið hefir optlega að undanförnu borið þá bæn fram fyrir yðar Hátign, að yður mætti þóknast, að láta leggja fyrir þingið frumvarp til reglugjörðar um betri tilhögun á tekjum spítalanna, og færði það einkum til, að með því mundu tekjur læknasjóðsins aukast eigi alllítið.

Í þessari bæn alþingis lá eigi, að þingið hugsaði sèr, að grundvallarreglu spítalagjaldsins yrði í nokkru breytt, heldur eingöngu að innheimtan yrði haganlegri og því arðmeiri, svo sem með því, eins og nú hefir verið gjört á seinni tímum, að bjóða spítalafiskinn upp, og í annan stað að haga því svo, að einhver duglegasti innsveitarmaður í hverri veiðistöð eður þar í grennd yrði kaupandi, með því að hann bæði gæti sjálfur sakir nálægðar sinnar og jafnframt sæi hag sinn við að geyma þess sem bezt, að enginn drægi undan. Þessu fyrirkomulagi mátti auðveldlega koma á með því að skipta hverju lögsagnarumdæmi í vissa parta eptir verstöðum, og taka svo boði hæstbjóðanda í hverjum parti sýslunnar. Með þessu hefði unnizt bæði betra eptirlit með spítalahlutunum af hverju skipi í hverri veiðistöð, og einnig hið hæsta verð fyrir fiskinn. Í öðru lagi hefir og þingið eflaust hugsað sèr með reglugjörð um betri tilhögun á spítalatekjunum, að *jafnt* yrði gengið eptir hinum *sömu* tekjum í öllum ömtum landsins, svo sem af hákarlaveiði fyrir vestan og sunnan eins og gjört er fyrir norðan, og af fuglatekju (lunda) fyrir sunnan, eins og gjört hefir verið fyrir vestan og norðan. Í þriðja lagi, að sýslumönnum og öðrum þeim, er hlut eiga að máli, yrði boðið að hafa strangara eptirlit með, að öll kurl kæmi til grafar og allt færi sem bezt fram.

Í einu orði, alþingi hefir viljað með bæn sinni fá því til leiðar komið, að lögunum um spítalahlutina yrði í einu og öllu betur og jafnara framfylgt yfir land allt, en hingað til hefir verið; en aptur á móti hefir það engan veginn verið tilætlun þingsins að *grundvallarreglum* laganna yrði breytt í sjálfu sèr. Stjórn yðar Hátignar hefir nú skrifazt á um málið við hlutaðeigandi embættismenn á Íslandi og síðan skorað á stiptsyfirvöldin að ganga í nefnd með tveim alþingismönnum til að íhuga málið í heild sinni, og loksins hefir hún borið álit nefndarinnar undir alla amtmennina og fengið tillögur þeirra um málið.

Frumvarp það, er fulltrúi yðar Hátignar lagði nú fyrir þingið, er að gjaldreglunni til, byggt á uppástungum nefndarinnar, þótt uppástungum hennar í sumum greinum kunni að hafa verið breytt, annaðhvort eptir uppástungum amtmanna eður áliti dómsmálastjórnarinnar.

Þingið leyfir sèr *nú fyrst* að geta þess, að því þótti gjaldið í sumum greinum of hátt; þannig stakk meiri hluti þingnefndarinnar, er halda vildi gjaldreglu frumvarpsins, samhuga upp á því, að eigi skyldi spítalagjald af skipum þeim og bátum, er höfð eru til hákarlaveiða, vera hærra en af samkynja fiskiskipum; og í annan stað stakk hann upp á, að færa gjaldið af þilskipum niður úr 20 fiskum í 15 fiska af lest hverri, eður minnkaði það um $^1/_4$, og jafnvel kom sú uppástunga fram, að lækka það um helming.

En þinginu var kunnugt um, að svo fjarska mikill munur er á fiskitímanum og á aflanum, er litið er yfir land allt. Fiski-afli er þannig mestur á Suðurlandi og nokkrum hluta Vesturlands, háharlsaflinn aptur mestur fyrir norðan og svo í norðurhluta Vesturlands. Fiskiveiðatíminn fyrir norðan land, er eigi nema hausttíminn eður haustvertíðin, þar sem þrjár vertíðir eru á Suðurlandi og sumstaðar á Vesturlandi. Hèr má og þess geta sem dæmis, að fyrir norðan og eins í Strandasýslu hafa menn opna hákarlabáta stóra til þess að skjótast út nokkra fáeina róðra seinni hluta vetrar, ef ís eigi bannar, áður en þilskipin eru sett fram. Þegar þingið gætti alls þessa stóra mismunar, er í þessu efni á sèr stað um land allt, þá fann það, hve ósanngjarnt það yrði, að leggja jafnt á öll skip, hvort sem þau svo væru höfð á fiskiveiðar að eins tvo eður þrjá róðra, eða tvær eða þrjár vertíðir.

Af þessum mismun á fiskiveiðum norðan og sunnan, mun sú tillaga amtmannsins fyrir norðan eflaust vera sprottin, að setja

gjaldið niður um helming á öllum bátum og opnum skipum, er ganga til fiskjar á Norðurlandi.

Nokkrar uppástúngur komu og fram á þinginu í þá stefnu, að spítalagjaldið skyldi vera hálfu minna alstaðar, þar sem eigi er útræði tíðkanlegt tvær eða þrjár vertíðir árlega. En þingið gat eigi álitið hentugt, að gjaldreglan væri eigi hin sama um land allt nè heldur að gjöra þyrfti margar og mikilvægar undanþágur frá henni; en þá var að eins eitt af tvennu að gjöra, annaðhvort að halda gjaldreglu frumvarpsins, en færa gjaldið talsvert niður, svo að það yrði þolandi fyrir þá, er verst standa að vígi með fiskitímann og því með fiskiaflann, eður þá að yfirgefa gjaldreglu frumvarpsins og taka upp aðra. Um þetta varð þingið eigi allt á eitt sátt. Meiri hluti þingsins varð á því, að taka upp aptur, eða með öðrum orðum, að halda *enn þá* hinni sömu frumreglu spítalagjaldsins, sem verið hefir frá aldaöðli, sem er í því fólgin, að greiða einhvern tiltekinn hluta af veiðinni. Meiri hlutinn viðurkennir að vísu, að gjaldregla frumvarpsins sè óbrotnari og eptirlitið með henni hægra og innheimtan því léttari, og eins hitt, að spítalatekjurnar yrði jafnari hvert ár, með því að lítill munur mundi verða á tölu þeirra báta og skipa, er höfð eru til fiskiveiða hvert árið eptir annað. En meiri hlutinn varð aptur á mót að álíta, að kostir þessir gætu þó eigi komið til greina hjá ójöfnuði þeim, er gjaldregla þessi hlyti að valda, og þar af fljótandi ókostum. Áður hefir verið drepið á það, hversu ólíkt hagar til í ýmsum veiðistöðum á landinu, og það svo mjög, að eigi eru svo fá dæmi til, að skip eru að eins höfð til fáeinna róðra um árið, þar sem samkynja skip eru annarstaðar höfð til fiskiveiða meiri hluta ársins. Það virðist liggja í augum uppi, hversu ósanngjarnt væri að leggja jafnt á öll þessi skip, sem þó yrði að gjöra, ef reglan ætti að vera almenn, eður hin sama um land allt, og yrði þá gjaldið annaðhvort að vera mjög lítið, en þá færi læknasjóðurinn á mis við miklar tekjur, er hann gæti annars fengið, ef álagan væri lögð á með hæfilegri hliðsjón til þeirra skipa, sem minnst eru notuð til fiskiróðra, eður þá, ef álagan væri nær sanni í meðal fiskiverum, þá yrði hún of lítil í hinum beztu verstöðum, en aptar of þung í hinum lakari og óbærileg í hinum lökustu veiðistöðum.

Þess verður að gæta, að landsmenn geta eigi breytt ástandinu í hinum arðlitlu veiðistöðum; enginn maður getur gjört við ísnum; enginn við fiskigöngunum, og því virðist það hin mesta ósann-

girni, að leggja jafnþungan skatt á atvinnuveg landsmanna, þar sem hann eptir eðli sínu og náttúrlegu ástandi hlýtur að vera svo arðlítill og að eins hjáverk, svo sem fiski-aflinn er á Norðurlandi og víðar, eins og þar sem hann er aðalbjargræðisvegur og optast mjög arðsamur. Til þess nú að komast hjá þessum miklu vandkvæðum, áleit meiri hluti þingsins að rètt væri að leggja hóflegt en jafnt gjald á allan afla, bæði fiski-afla og hákarls, og stakk því upp á, að goldin væri hálf alin af hverju stórhundraði af öllum fiski sem aflast, en heil alin af hverri lýsistunnu. Það virðist að liggja í augum uppi, að gjaldregla þessi sè í sjálfu sèr hin sanngjarnasta, þar eð hún fer æfinlega eptir aflanum, bæði í öllum hinum ýmsu veiðistöðum landsins og eptir aflagæðum hvers árs, og fer þannig alstaðar og ætíð eptir efnahag greiðenda til að borga gjaldið. Það liggur og í augum uppi, að því jafnaðarfyllra gjaldið er, því vinsælla verður það; en af því leiðir, að því fúsari verða greiðendur til að inna það af hendi, og því öruggri verða innheimtumennirnir til að ganga eptir því.

Ef tekið er tillit til þessa, þá hverfur, að ætlun meiri hlutans, að mestu eður öllu þau vandkvæði, er minni hluti þingsins áleit, að væri á eptirliti og innheimtu spítalagjaldsins eptir þessari gjaldreglu meiri hlutans. Ástæður meiri hlnta nefndarinnar og þeirra þingmanna, sem hans skoðun fylgdu, voru þær, að einkum þar sem fiskimenn væru margir, og uppsátur á hverjum bæ, eins og á sèr stað með öllum Faxaflóa að sunnanverðu, væri hreppstjórum alls eigi auðið, að hafa nokkurt eptirlit með aflahæðinni og yrðu öldungis að trúa orðum formannsins eða skipseigandans, og þar sem hásetarnir opt væru úr öðrum sýslum, eða jafnvel öðru amti, væri eigi auðið að fá sögn þeirra um hlutarhæðina, enda væri miklu óhægra að rengja sögusögn formannsins, heldur en t. a. m. fjárframtal búanda, þar sem fiskinum væri öllum fargað á einhvern hátt, áður en framtalið kæmi, en lausafèð bóndans væri til, og auðið að telja það, ef ástæða þætti til að rengja framtöluna. En þegar gjaldið væri á lagt eptir uppástungu meiri hluta þingsins væri hin mesta freistni til undandráttar, þar sem gjaldið þá yrði eigi all-lítið, ef öll kurl kæmu til grafar, en enginn gæti rengt með ástæðum sögusögn þeirra. Þessi vandkvæði virtust meiri hluta þingsins geta engan veginn verið meiri í sjálfu sèr, en þau annars eru við eptirlit og innheimtu á hverjum þeim skatti, er að meiru eða minna leyti er byggður á framtölu og skýrslum

sjálfra greiðendanna, svo sem er með sèrhvern eignar- og tekjuskatt, því að meiri hluta þingsins er óhætt að fullyrða, að formenn vorir, sem optast róa margir saman í hverri veiðistöðu, og þar að auki selja mikið af afla sínum, og hákarlamennirnir að minnsta kosti allt lýsið, eiga langtum óhægra með að dylja afla-upphæð sína, en menn annars geta leynt eign sinni eður tekjum fyrir skattheimtumönnum. Til þess að vita afla-upphæð á hverju skipi, þarf sannarlega eigi annað en komast eptir hlutarhæð einhvers eins af skipverjum, því allir hlutirnir eru jafnir; svo knýr og keppnin formennina sjálfa til að leggja engar dulur á afla-upphæðina, því hver um sig vill vera meiri fiskimaður en hinn, og eiginn hagur formannsins knýr hann til þessara sagna, með því hann fær betri kjör og duglegri háseta, þegar hann er þekktur sem góður aflamaður. En því auðveldara sem er að komast eptir afla-upphæðinni, því síður voga formenn að segja rangt til, þótt einhver þeirra væri annars svo gjörður, og verður því eptirlitið, að ætlun meiri hluti þingsins, engan veginn svo vandasamt nè margbrotið, sem þeir menn kunna að ætla, er eigi þekkja hvernig þessu til hagar í raun og veru.

Í öðru lagi má telja gjaldreglu þessari það til gildis, að hún er alveg samkvæm grundvallarreglu laganna um spítalagjaldið, eigi að eins konungsbrèfinu 26. maí 1824, heldur og 19. grein í tilskip. 27. maí 1746, sem aptur er byggð á mjög fornri lögvenju á landi hèr. Þess vegna er hún og samkvæm gjaldreglunni í 6. grein frumvarpsins, og verður þannig ein gjaldregla í lögunum á þenna hatt, þar sem annars hefðu orðið tvær gagnstæðar reglur í lagaboðinu, eptir því sem stungið var upp á í 1. og 6. grein frumvarpsins; en slík ósamkvæmni er þó næsta ísjárverð í einu og sama lagaboði, einkum þegar eigi verður sýnt, að hún sè óumflýjanlega nauðsynleg, heldur þvert á móti ósanngjarnari og ógagnlegri.

Í þriðja lagi er það álit meiri hlutans, að tekjur spítalanna muni aukast enda talsvert meira, þegar gjaldregla hans er höfð, en ef farið væri eptir gjaldreglu frumvarpsins. Að vísu er eigi hægt, að gjöra nokkra vissa áætlun um þetta, því þingið vantar allar skýrslur um aflahæð af öllum fiskiskipum, og veit að eins um hákarlsafla af skipum þeim, er ganga í Skagfjarðar, Eyjafjarðar og Suðurþingeyjarsýslu.

Ef vèr nú gjörum meðalafla 100 tunnur lýsis af hverju þil-

skipi, sem haft er til hákarlaveiða, og lætur það nærri, þá eru það 100 álna, en af 10 lesta skipi átti að greiða að eins 75 álnir eptir því sem meiri hluti þingnefndarinnar hafði breytt 1. grein frumvarpsins. Örðugra er að gjöra nokkra áætlun um fiskiveiðarnar.

En til þess þó að gjöra einhverja áætlun, þá skulum vèr taka útflutning af saltfiski og harðfiski árið 1864 úr Suðurumdæminu, sem var meðalfiski-ár hèr á Suðurlandi, og meta það til stórthundraða fiskjar. Þá var eptir verzlunarskýrslunum út flutt úr Suðurumdæminu 14,726 skpd. af saltfiski og 326 skpd. skreiðar. Nú er að meðaltali 120 fiskar í hverju skippundi af saltfiski, og verður það, ef 23 sk. eru í meðalalin eptir fiskverði, um 1764 rdl., en í hvert skippund skreiðar gengur $2^1/_2$ stórthundrað fiskjar, og verður það eptir sama mælikvarða 98 rdl., eður samtals 1862 rd.; en hið sama ár voru spítalahlutirnir í suðurumdæminu 818 rd. Nú er þó auðsætt, að spítalagjaldið hlýtur að verða meira, þar vèr í þessum reikningi getum ekkert tillit haft til alls þess fiskjar, sem etinn er í landinu sjálfu. Ef vèr í annan stað teljum, hvað gjaldast mundi af bátum og skipum í Suðurumdæminu eptir gjaldreglu frumvarpsins og breytingum þeim, er þingið vildi gjöra á upphæð gjaldsins, getum vèr eigi ætlað það geti meira orðið en frá 14—1500 rd., og teljum vèr þó frá bátatölunni í búnaðarskýrslunni sem fæsta báta, þá er eigi ganga til fiskjar, heldur eru hafðir til annars. Eptir gjaldreglu meiri hlutans verða þá spítalatekjurnar að áætlun meira hluta þingsins talsvert drýgri, en ef haldið væri gjaldreglu frumvarpsins, því þótt eigi sè miðað nema við útfluttan fisk á Suðurlandi svo sem nú hefir verið gjört, en aðra hluta landsins getur maður á þenna hátt eigi borið saman, þá verða tekjurnar þó 22% meiri, eptir gjaldreglu meiri hluta þingsins en eptir frumvarpinu, svo sem því var breytt af meiri hluta þingnefndarinnar, og er þó auðsætt, að þær verða miklu meiri, þegar þess er gætt, hve mikill fiskur er etinn hèr á landi.

Meiri hlutinn verður því að álíta, að kostir þessarar gjaldreglu hans fram yfir kosti frumvarpsins sè svo miklir, að þeir sèu yfirgnæfandi.

Þegar um skattalög er að ræða, eru það óneitanlega höfuðkostir, að álagan sè sem sanngjörnust og miðuð nákvæmlega við efnahag greiðenda, en gefi jafnframt sem mestar tekjur. Samkvæmt því, er nú hefir verið sagt, skal nú getið þeirra breytinga er

þinginu fannst nauðsyn að gjöra við hverja einstaka grein frumvarpsins.

1. grein.

Af þeim ástæðum er teknar eru fram hèr á undan, leyfir þingið sèr (með 15 atkvæðum gegn 11) að stinga upp á, að í stað stafl. a—d komi:

a, af hverju tólfræðu hundraði af þorski, ísu, steinbít og háfi, skal goldin hálf alin.

b, af hverri lýsistunnu skal goldin ein alin; þess skal enn fremur getið, að þingið skilur við orðið «þorsk» allt þorskfiski, er hefir ýms nöfn, svo sem stútungur, þyrsklingur, þaraþyrsklingur o. s. frv.

Fyrir þessa sök er gjaldið eigi sett hærra, því ef einungis væri meint með orðinu «þorskur» salttækur fiskur, eins og það er stundum haft hèr á Suðurlandi, þá væri gjaldið of lágt í samanburði við lýsið, með því að skippundið af saltfiski (= 120 fiskar) er nú nálega eins dýrt eins og tunna lýsis.

Einnig ræður þingið til, (með 25 atkvæðum) þeirrar orðabreytingar, að í stað orðanna «sem gjörð eru út á fiskiveiðar» komi: sem höfð eru á fiskiveiðar, til þess að taka það ljósar fram, að það sè þau skip ein, sem notuð eru til veiðiskapar. Á fyrstu grein þannig breytta fèllst þingið (með 16 atkv. gegn 10).

2. gr. fèllst þingið á óbreytta (með 25 atkvæðum).

3. gr. (ný grein).

Þinginu fannst vanta, einkum eptir þá breytingu, sem varð á 1. grein, beina ákvörðun um, hver greiða skyldi gjaldið af hendi, svo engir eptirgangsmunir yrði nè óvissa í þessu efni, og þótti þá rèttast, að það væri eigandi skipsins; en af því þingið fèllst á, að sýslumenn skyldi heimta það inn á manntalsþingum, þá hlaut það að binda ákvörðun þessa við það skilyrði, eður þá takmörkun, að skipseigandinn, eður þá að minnsta kosti einhver þeirra, ef fleiri ættu skip saman, er opt á sèr stað, einkum um þiljuskip, væri innan hrepps og væri þá skyldur að vera viðstaddur á manntalsþinginu. En ef enginn eigandi væri þannig skyldur til að koma á þetta manntalsþing, þá skyldi formaður greiða gjaldið, og skyldi enn svo vera ástatt, að eigandi væri eigi í hreppnum, og formaður ætti heima í annari sveit, sem opt á sèr stað og fer hann þá opt heim til sín eptir lok (12. maí), þá skal hann vera skyldur til að ljúka gjaldi sínu áður hann fer burt. Einnig er því viðbætt, að hver,

sem greiðir gjaldið, skuli eiga rètt til endurgjalds af hinum, með því að hver ætti að gjalda af sínum afla eptir tiltölu. Þingið hefir bætt grein inn í frumvarpið, þessu samhljóða (samþ. með 18 atkvæðum gegn 8).

4. gr. Þriðja grein frumvarpsins, er nú verður 4. grein.

Samkvæmt breyting þeirri, er þingið gjörði á 1. gr. frumvarpsins, þurfti að breyta þessari grein þannig, að skýrslur þær, sem hèr um ræðir, nái einnig yfir afla-upphæðina á hverju skipi.

Einnig þótti þinginu nauðsynlegt, og enda sjálfsagt, að þetta framtal formanns skyldi bundið sömu lagaskyldum, sem framtal bænda til tíundar, þar eð það væri sömu tegundar. Fyrir því hefir þingið bætt inn í þeirri laga-ákvörðun, að skýrslan skyldi gefin undir eiðstilboð, og eins þeirri, að rangt framtal formanns skyldi varða honum við lög, sem segir um tíundarsvik. Með því nú að þingið gat eigi fallizt á 4. gr. frumvarpsins, svo sem síðar skal sagt, þá tók það upp í þessa grein ákvörðun um (með 16 atkv. gegn 9) að sýslumenn og bæjarstjórar skyldi heimta gjaldið saman, og af sömu ástæðum er breytt til um tímann, er skýrslurnar skulu ná yfir, eður færður til 12. maí ár hvert, en einmitt þá eru vertíðarlok, og einmitt þá geta formenn sagt hve mikið þeir hafi aflað um vetrarvertíðina (samþ. með 17 atkv. gegn 8).

4. gr. konungsfrumvarpsins. Þingið gat eigi fallizt á þá ákvörðun, er þessi grein inniheldur, að hreppstjórar og bæjargjaldkerar skuli heimta spítalagjaldið saman. Fyrst er það, að svo mörg störf hvíla nú á hreppstjórum, að ógjörningur virðist að hlaða á þá launalausa svo umfangsmiklum störfum, sem þessi gjaldheimta er, án þess þeir fái hina minnstu umbun fyrir. Það má virðast full nóg, að bæta því á þá, að semja skýrslurnar, eptir næstu grein hèr á undan, þótt eigi sè bætt á þá gjaldheimtunni líka. Í annan stað virðist og þessi gjaldheimta ekkert eiga skylt við embætti þeirra, heldur einmitt við embættisstörf sýslumanna, er krefja inn öll önnur sýslugjöld á manntalsþingum. Það er og enn, að þingið verður að álíta það öllu hentugra, að sýslumaður heimti gjaldið en að hreppstjórar gjöri það, auk þess að það er fyrirhafnarminna fyrir þá, en hreppstjórana, og flýtur þetta hvorttveggja af stöðu þeirra.

Af þessum ástæðum ræður þingið til, að greinin falli burtu (felld eptir atkvæðagreiðslunni við hina nýju 4. grein með 16 atkv. gegn 9.).

5. gr. frumvarpsins.

Á þessari grein hefir þingið gjört að eins þær breytingar, er beinlínis leiða af því, að sýslumenn en eigi hreppstjórar fá í hendur gjaldheimtuna eptir því sem áður er sagt við 3. og 4. grein frumvarpsins. Þess vegna voru felld þessi orð úr greininni: »og reikninga« (með 16 atkv. gegn 10) og þessi »sem heimtaðir hafa verið saman« (með 18 atkv. gegn 8) en í stað orðsins »gjaldkerans« komi: »bæjarstjórnarinnar» (samþykkt sem sjálfsögð orðabreyting), og að sömuleiðis fyrir orðin: »um leið inn fè það, sem hjá þeim er«, komi: »þeim fèð um leið» (samþ. með 16 atkv. gegn 1). Var svo 5. grein í heild sinni með þessum breytingum samþ. með 19 atkv. gegn 5.

6. grein.

Þingið fèllst á þessa grein óbreytta með 24 atkvæðum.

Samkvæmt því, er áður er sagt, leyfir þingið sèr allraþegnsamlegast (með 15 atkv. gegn 11) að ráða yðar Hátign til að löggilda frumvarp það, er hèr fylgir:

Tilskipun um breytingu á ákvörðununum um gjald spítalahlutanna, er svo eru nefndir á Íslandi.

1. gr.

Af öllum bátum og skipum, sem höfð eru til fiskiveiða á Íslandi, skal hèr eptir goldinn spítalahlutur, samkvæmt reglum þeim, sem hèr fara á eptir:

a, af hverju tólfræðu hundraði af þorski, ísu, steinbít og háfi sem aflast, skal goldin hálf alin.

b, af hverri lýsistunnu, sem aflast, skal goldin ein alin.

2. gr.

Gjaldið rennur í læknasjóðinn íslenzka; skal það goldið í peningum eptir meðalverði á fiski í verðlagsskrá hvers árs.

3. gr.

Skipseigandi skal greiða spítalagjaldið af hendi, ef hann er innanhrepps, ella formaður. Nú eiga fleiri skip saman, og eru eigi allir innanhrepps, og skulu þeir þá gjalda, sem innanhrepps eru, en sè enginn þeirra innanhrepps, skal formaður gjalda, sem fyrr segir. Nú er formaður sá, er gjalda skal, utansveitarmaður, og skal hann greitt hafa hreppstjóra eða lögreglustjóra gjaldið, áður hann fer burtu úr hreppnum. Greiðandi hefir rètt til endurgjalds af öllum þeim, er hlut taka af skipi því, að hlutfalli rèttu.

4. grein.

Hreppstjórarnir og bæjarstjórnin í kaupstöðunum skulu halda nákvæma skrá um alla báta, opin skip og þilskip, sem höfð eru til fiski- og hákarlaveiða í hreppnum eða umdæmi bæjarins á tímabilinu frá 12. maí árið fyrir, til sama tímabils árið eptir; skal þar skýrt frá eigendum skipa og báta og afla-upphæð þeirra eptir skýrslu hlutaðeigandi formanna, gefinni undir eiðs tilboð.

Skrá þessa skal leggja fram fyrir sýslumann eða bæjarfógeta á næstu manntalsþingum og á hann þar að yfirlíta hana og rannsaka eins og þarf. Að því búnu skal hann heimta saman gjaldið eptir skránni. Nú reynist skýrsla formanns ósönn um afla-upphæð hans, og varðar honum það við lög, sem tíundarsvik.

5. gr.

Sýslumaður eða bæjarfógeti eiga í síðasta lagi um árslok á ári hverju, að senda stiptsyfirvöldunum aðalreikning, og með honum tèðar skrár hreppstjóranna eða bæjarstjórnarinnar, um alla spítalahluti í sýslunni eða kaupstaðnum það árið, og borga þeim fèð um leið.

6. gr.

Um spítalahluti af fuglatekju, að lundatekju meðtalinni, skulu ákvarðanir þær, sem settar eru í konungsbrèfi 26. maímán 1824, gilda framvegis eins og hingað til.

Alþingi, 27. ágúst 1867.

Allrapegnsamlegast.

Jón Sigurðsson. Arnljótur Ólafsson.

BÆNARSKRÁ

til konungs um stofnun læknaskóla á Íslandi.

Í þetta sinn, kom til alþingis ein bænarskrá úr Austur-Skaptafellssýslu með 80 nöfnum, sem beiddist þess, að læknir yrði sem allra fyrst settur í þessa sýslu, og fóru beiðendurnir mörgum orðum um það, nú sem fyrri, hversu báglega þeir væri staddir með læknisleysið í tèðri sýslu. Um sama leytið kom og til þingsins uppástunga frá landlæknínum, að læknaskóli yrði stofnaður í Reykjavík með líku fyrirkomulagi á sinn hátt og prestaskólinn, og að 3 kennarar yrðu settir við þenna skóla eins og prestaskólann; sömu-

leiðis, að landlæknirinn væri látinn vera forstöðumaður og fyrsti kennari þessa skóla.

Þingið tók nú mál þetta í heild sinni, bæði tèða bænarskrá og uppástungu landlæknisins, til lögboðinnar meðferðar, kaus 5 manna nefnd í það, og ræddi það síðan á tveimur aðalfundum á lögskipaðan hátt, og leyfir sèr nú allraþegnsamlegast að fram bera fyrir yðar Hátign bænir sínar og óskir í þessu máli.

Eins og það hefir lengi verið ósk alþingis, að læknaskóli yrði stofnaður hèr á landi, eins hefir það og með þakklátsemi við stjórnina og hlutaðeiganda tekið læknakennslu þeirri, sem samkvæmt konungsúrskurði 29. ágúst 1863 er stofnuð hèr í Reykjavík; það er kennslu þessari að þakka, að fjórir ungir læknar hafa náð embættisprófi, og eru nú þegar settir hèraðslæknar víðs vegar um landið. En jafnvel þótt þingið sameiginlega viðurkenni, að landlæknirinn hafi sýnt mikinn áhuga og dugnað í þessu máli, þá verður það að vera honum alveg samdóma í því, að þess háttar kennsla sè allt of örðug fyrir hann einn, einkum þegar litið er til hinna mörgu starfa, er hann þar að auki hefir á hendi sem hèraðslæknir í Borgarfjarðar, Gullbringu- og Kjósarsýslu, og landlæknir fyrir allt landið. Á hinn bóginn virðist þinginu það öldungis rètt og eiga við, að landlæknirinn væri forstöðumaður og fyrsti kennari við þann læknaskóla, sem það óskar, að stofnaður yrði hèr í Reykjavík, og að hann ásamt því hèldi áfram að vera landlæknir með hinum sömu launum, er hann nú hefir sem hèraðslæknir og landlæknir, auk launa eða þóknunar fyrir kennsluna, sem eigi mætti setjast lægra en frá 500 til 600 rd. Þingið verður að álíta, að nauðsynlegt sè, að landlæknirinn geti varið öllum sínum tíma til landlæknisembættisins og læknakennslunnar við skólann, sem menn óska, að geti orðið svo fullkomin og umfangsmikil sem auðið er. Af þessum rökum verður þingið og að fallast á, að nauðsynlegt sè, að hèraðslæknir verði settur í það hèraðslæknisembætti í Borgarfjarðar, Gullbringu- og Kjósarsýslum, þar sem landlæknirinn nú þjónar sem hèraðslæknir, en það mun eigi vera ofætlun þessum nýja hèraðslækni, að aðstoða jafnframt landlækninn í læknakennslunni og verður þingið að álíta, að 500 rd. borgun væri nægileg fyrir kennsluna, er hann að auki fengi embættislaun sem hèraðslæknir. Enn fremur hefir þinginu þótt ástæða til, að settur yrði hinn þriðji kennari við tèðan skóla, en þar til virðist fyrst um sinn mega nægja, að sameina kennslu, sem þessu embætti væri ætluð, við kennsluna í náttúruvísindum við hinn lærða skóla hèr í bænum, og ætlast þingið til, að 300 rd. um árið mundu vera

hæfileg þóknun fyrir þenna starfa. Þingið þykist enn fremur sjá fram á, að nauðsynlegt verði að ætla þrjár ölmusur handa þeim, sem vilja nema læknisfræðina, og þótti tilhlýðilegt, að þessar ölmusur yrði líkar að upphæð, þeim sem nú eru veittar við prestaskólann.

Þinginu getur að vísu eigi dulizt það, að læknasjóðurinn sem stendur muni eiga bágt með að bera þau útgjöld, er læknaskólinn hefir í för með sèr, og sem mundu auka hin árlegu útgjöld hans að minnsta kosti um nærfellt 2000 rd.; en þingið ætlar þó, að sjóðurinn muni geta borið þenna kostnaðarauka, þegar litið er til þess: Fyrst, að kostnaður til nýrra hèraðslækna-embætta getur ekki fallið á fyrr en að nokkrum árum liðnum; og þar næst, að þingið þykist geta með nokkurn veginn vissu byggt á, að tekjur læknasjóðsins muni vaxa ekki all-lítið, ef hið nýja fyrirkomulag á spítalahlutunum, sem þingið hefir ráðið til, yrði leitt í lög. En skyldi svo reynast, að tekjurnar yrðu minni en ráð er fyrir gjört, þá mundi þó sá reikningshalli verða svo lítill, að þingið fulltreystir, að það sem vantar á, mundi fyrst um sinn, meðan fjárhagur Íslands er eigi orðinn frá skilinn, fást úr ríkissjóðnum, því heldur, sem málefni þetta er eitthvert hið mesta velferðarmál landsins, svo að enginn getur efazt um, að stjórn yðar Hátignar líti á lífsnauðsyn landsmanna í þessu efni.

Af framanskrifuðum ástæðum leyfir þingið sèr (með 16 atkvæðum gegn 5) allraþegnsamlegast að beiðast þess:

1. Að stofnaður verði læknaskóli hèr í Reykjavík með áþekkri tilhögun og prestaskólinn, þannig (með 17 atkvæðum gegn 1).
   a, að landlæknirinn sè yfirkennari og forstöðumaður skólans, og haldi hann þeim launum, er hann nú hefir, og fái að auki úr læknasjóðnum 500—600 ríkisdali árlega, en losist aptur við störf þau, sem hann nú hefir sem hèraðslæknir (samþykkt með 14 atkvæðum).
   b, að settur sè annar kennari við skólann, er tekið hafi embættispróf við Kaupmannahafnar háskóla, og byrji hann með 500 rd. launum; auk þess skal hann hafa læknisstörf á hendi í þeim lögsagnarumdæmum, sem landlæknirinn nú hefir, og hafi hann hin sömu laun fyrir þann starfa sinn sem aðrir hèraðslæknar (samþykkt með 16 atkvæðum).
   c, að kennaranum í náttúrufræði í latínuskólanum verði falið á hendur að kenna lækna-efnunum í læknaskólanum efna-

fræði, grasafræði og eðlisfræði, og hafi hann 300 rd. í laun fyrir þann starfa (samþykkt með 13 atkvæðum gegn 5).

2. Að kostnaður sá, sem læknaskólinn hefir í för með sèr, verði greiddur úr læknasjóðnum (samþykkt með 17 atkvæðum gegn 6), en skyldi, mót von, svo reynast, að tekjur sjóðsins hrykki ekki alveg til allra þeirra útgjalda, sem læknaskóli þessi hefir í för með sèr, að það sem á skortir til þarfa skólans verði þá greitt úr ríkissjóði (samþykkt með 16 atkvæðum gegn 7).

Alþingi, 28. ágúst 1867.

Allraþegnsamlegast

Jón Sigurðsson. Jón Hjaltalín.

BÆNARSKRÁ

til konungs í fjárkláðamálinu.

Til alþingis komu að þessu sinni samtals 6 bænarskrár úr ýmsum kjördæmum landsins, er allar fara fram á sem bráðasta útrýmingu fjárkláðans einkum með niðurskurði. Í einni af þessum bænarskrám, þeirri úr Mýrasýslu og eins í sèrskildri bænarskrá hinni 7. úr Borgarfjarðarsýslu, er þess enn fremur farið á flot, að kostnaður sá, er þessar tvær sýslur hafa tekizt á hendur með Norðlendingum, til að halda uppi svo nefndum Botnsvogaverði, til að verjast útbreiðslu fjárkláðans bæði til Norður- og Vesturlandsins, og eins til efri hluta Borgarfjarðarsýslu sjálfrar, verði greiddur úr jafnaðarsjóðum Suður- og Vestur-umdæmanna.

Þingið tók mál þetta til meðferðar, setti í það 7 manna nefnd og ræddi það síðan á lögskipaðan hátt á tveim aðalfundum.

Hvað nú hinu fyrra atriðinu viðvíkur, þá er það ómótmælanlegur sannleiki, að hinn sunnlenzki fjárkláði hefir nú geysað hèr á Suðurlandi bráðum í samfleytt 12 ár. Hèr getur eigi verið umtalsmál að rekja allan söguferil kláðans eður lýsa hlutdeild stjórnarinnar í kláðamálinu á eina hönd og á hina hluttekning þings og þjóðar, með því að það yrði of langt mál, og er þar að auki svo alkunnugt, að eigi er þörf á að lýsa því hèr nákvæmlega; en á hinn bóginn gjörir stefna og innihald hinna áminnztu bænarskráa það óumflýjanlegt fyrir þingið að drepa lítið eitt á hinn óhappasæla ágreining, sem hefir verið milli stjórnarinnar á eina hönd og alþingis og Íslendinga á hina um það, hver meðöl væru hentust

til að útrýma fjárkláðanum, sem aptur hefir staðið í sambandi við öldungis gagnstæða skoðun á landsháttum Íslands og skaðsemi kláðans fyrir landbúnað vorn.

Tíðindi alþingis um allt hið sorglega tímabil kláðans er þess órækur vottur að mannval og fulltrúar Íslendinga hafa frá því fyrsta haft óbifanlega sannfæringu um það, að niðurskurður á veiku og grunuðu fè, að minnsta kosti *jafnhliða* lækningum, væri hið eina meðalið, sem fljótt og óhult gæti útrýmt kláðanum eptir landsháttum vorum og búnaðarástandi.

Blöðin hafa og haldið stöðugt hinu sama fram, og í þriðja lagi er það ómótmælanlegur, sögulegur sannleiki, að ef litið er á það svæði allt, sem kláðinn hefir geysað yfir, þá hefir niðurskurðurinn víðast hvar eingöngu, en alstaðar *jafnframt* lækningunum verið við hafður, enda hefir hann hvívetna vel blessazt, því að bæði hefir niðurskurðurinn orðið miklu skaðminni fyrir þá, er skorið hafa, en lækningarnar fyrir hina, og svo hefir aldrei orðið kláðavart í þeim héruðum síðan, er hreinsuð hafa verið með niðurskurði.

Þingið hlýtur nú að geta þess með tilliti til þeirrar niðurstöðu, sem það verður að komast að í þessu máli, að mál þetta er, eins og svo *margsinnis hefir verið tekið fram,* fyrst og fremst eingöngu komið undir hinu sérstaklega ásigkomulagi og ástandi landsins; í annan stað, að það fremur öllum öðrum málum snertir aðalatvinnu og lífsbjörg Íslendinga, og í þriðja lagi er þess vegna þess eðlis, að landsmenn sjálfir hefðu átt og ættu, að hafa í því atkvæðisrètt fremur öllum öðrum málum, svo framarlega, sem það má ætla, að þeir þekki *ástand* sitt og þarfir, og sèu þess umkomnir, að bægja frá sèr með löglegum ráðum og tillögum örbyrgð og volæði, sem vissulega hefir flotið og mun fljóta af kláðanum meira og minna, meðan hann er ekki gjörsamlega upprættur. Þingið hlýtur því af öllum þessum ástæðum að halda því fastlega fram og lýsa því yfir, að niðurskurðurinn og niðurskurðartilraunirnar sèu sprottnar einungis af djúpri sannfæringu þjóðarinnar, reynslu og nauðsyn þeirri er leiðir af landsins ástandi.

Þegar nú þingið á hinn bóginn lítur á tilskipun um fjárkláða o. s. frv. 5. jan. 1866, þá er það einnig alkunnugt af tíðindum þingsins, að það síðan 1861. fet fyrir fet hefir hopað fyrir þeirri svo sterklega framfylgdu skoðun stjórnarinnar, að það væru lækningarnar *einar,* sem við hafa bæri gegn kláðasýkinni, unz það loksins í hitt hið fyrra að vísu fèllst á frumvarp til nýnefndra laga, en þó alls ekki í þeim skilningi, sem lögunum hefir síðan verið

beitt, þar sem það var eindreginn vilji og álit þingsins, að almennum vörðum og sóttvörnum væri uppi haldið gegn útbreiðslu kláðans til hinna heilbrigðu héraða svo lengi, sem hann eigi væri algjörlega læknaður; þar á móti gat það engan veginn verið meining eða vilji þingsins, að gefa upp þá vörn gegn útbreiðslu kláðans um allt land, sem frá því fyrsta hefir verið viðhöfð, eigi síður af hinu opinbera en landsmönnum sjálfum. En að þetta sé þó gjört í lagaboðinu eptir áliti hins opinbera, liggur nú ljóst fyrir þinginu af svari stiptamtmannsins og amtmannsins í Vesturamtinu, dagsettu 31. f. m., og sem síðar verður getið.

Í annan stað vita og allir, að yfirgripsmikill almennur niðurskurður á sjúku og grunuðu fé hefir fram farið síðan lögin komu út, og tæpu hálfu ári eptir, að þau voru þinglesin einmitt á því svæði þar sem niðurskurðurinn hafði aldrei áður almennt fram farið á því svæði sem strangt aðhald hins opinbera með kláðalækningunum bæði óneitanlega átti sér stað, eptir því sem orðið gat, og þar sem því einnig óneitanlega verður hægast við komið á gjörvöllu Íslandi.

Af þessu tvennu, sem nú var ávikið, sést það berlega, að þessi lög eru jöfnum höndum ónóg, til að hamla útbreiðslu kláðans út yfir það svæði, sem hann er á, og til að uppræta hann bæði fljótt og vel innan þessara takmarka, jafnvel með hinu strangasta eptirliti og aðhaldi af hálfu hins opinbera. Þó því nú ekkert tillit væri haft til óska og tillaga landsbúa sjálfra, þá álítur þingið það hreina og beina ofætlun fyrir valdstjórn landsins, að ná aðaltilgangi laganna, tryggingu fyrir útbreiðslu fjárkláðans og bráðri og gjörsamlegri útrýming hans með þessum lögum eingöngu.

Þegar nú þingið hefir þetta fyrir augum sér í sambandi við ástand kláðans, sem nú er, eður heilbrigðisástand sauðfjárins í hinum sjúku og kláðagrunuðu héruðum, eptir þeim upplýsingum öllum og gögnum sem fram hafa komið fyrir þingið, og það á hinn bóginn lítur á þær almennu óskir, sem liggja fyrir í hinum ofangreindu bænarskrám, þá getur það að vísu eigi ráðið til, að taka þær bókstaflega til greina, því niðurstaða sú, sem þær stefna að, gæti á engan hátt samrýmzt lögum þeim, sem að ofan eru tilgreind og sem ekki er gjörlegt að breyta, fremur en nauðsyn krefur.

Þar á móti virðist þinginu brýnasta nauðsyn til bera, að út mætti koma allrahæst viðauka tilskipun við tilskipun 5. jan. 1866, er að eins bæti úr þeim ávöntunum, sem hin stutta reynsla hefir,

eins og að ofan er ávikið, þegar sýnt og sannað að á henni sèu, eigi hún að ná tilgangi sínum án grundvallarbreytinga, og hefir þingið þegnsamlegast leyft sèr, að semja frumvarp til slíkrar viðauka tilskipunar.

Hvað því næst hið síðara atriðið snertir, um kostnaðinn til Botnsvogavarðarins í sumar, þá hafa hlutaðeigandi amtmenn í Suður- og Vesturamtinu í fyrrnefndu brèfi sínu til forseta þingsins, ekki þótzt hafa næga heimild til, eptir tilskipun 5. jan. 1866, undir nærverandi kringumstæðum, að endurgjalda innbúum Mýra- og Borgarfjarðarsýslu hluttöku þeirra í tèðum verði úr jafnaðarsjóðum amtanna, en jafnvel þó nú þingið, eins og áður er á vikið, engan veginn vilji vefengja skilning tèðra herra á tilskipuninni, þá virðist því samt sem áður, að öll sanngirni mæli með því, að beiðendurnir fái kostnað sinn endurgoldinn á sagðan hátt, altènd að meira eða minna leyti, þar eð vörðurinn auðsjáanlega eptir áliti þingsins er nauðsynlegur, til að fyrirbyggja útbreiðslu sýkinnar á ný til Vestur- og Norðurlands og þess hluta Suðuramtsins, sem fyrir vestan varðlínuna liggur; og hlýtur þingið að leggja því meiri áherzlu á þetta atriði, sem þessi varðlína er hin hentugasta fyrir vestan kláðasvæðið, og þessi vörður er þar að auki með öllu ómissandi meðan kláðinn er uppi, til að halda landsbúum í heilbrigðu hèruðunum þar fyrir vestan og norðan óttalausum fyrir endurnýjaðri eyðileggingu á aðalbjargræðisvegi sínum.

Þingið leyfir sèr þannig allraþegnsamlegast að biðja yðar konunglegu hátign:

1. (Með 18 atkv. gegn 3) að veita meðfylgjandi frumvarpi til viðauka-tilskipunar við tilskipun 5. janúar 1866 um fjárkláða og önnur næm fjárveikindi á Íslandi allramildilegast lagagildi sem allrafyrst, og
2. (Með 13 atkv. gegn 10) allramildilegast að skipa svo fyrir, að kostnaður Borgfirðinga til Botnsvogavarðarins nú í sumar verði þeim endurgoldinn úr jafnaðarsjóði Suðurumdæmisins, og kostnaður Mýramanna til sama varðar úr jafnaðarsjóði Vesturamtsins.

Ástæður.

1. grein.

Alþingið skoðar, eins og bent er á í bænarskránni til konungs, samband þessa frumvarps við tilsk. 5. janúar 1866 þannig, að það sè einungis *viðauki* við hana, og það að eins í einstökum og sèrstökum tilfellum. — Þingið hafði það einkum fyrir aug-

um, að engin ákvörðun finnst í tilskipuninni um það, hvað til bragðs skuli taka, ef lækningarnar eigi reynast einhlítar til að útrýma fjárkláðanum, annaðhvort á einstaka stað, eður á stærra svæði, að minnsta kosti svo skjótt og vel, sem brýn nauðsyn og almennings heill kann að heimta. Eins er engin næg trygging fyrir því, eptir þeim skilningi sem af hinu opinbera er lagður í tilskipunina 5. jan. 1866, 4. gr sbr 6. gr., að sýkin geti eigi, enda hvert sumar, dreifzt aptur og aptur víðs vegar út um landið; en þetta atriði getur gjört, eptir því sem tilhagar hèr á landi, lækningarnar jafnvel *endalaust ónýtar*, því að sóttmæmið getur komið fyrir samgöngur í fleiri kindur en nokkru sinni verða læknaðar á sama tíma. Þingið hefir að öðru leyti orðið að álíta það rèttast, og samkvæmast grundvallarreglunum í áðurgreindri tilskipun, að amtmanni skyldi gefið á vald að ákveða, hvar og hve nær grípa skuli til niðurskurðarins, en á hinn bóginn hlaut þingið að sjá fram á, að það gæti orðið torvelt fyrir hlutaðeigandi amtmann að beita þessu valdi sínu, eptir því sem bezt ætti við eptir kringumstæðum á þeim og þeim staðnum, og með því nú hèr á landi engir fastir dýralæknar eru, er amtmaður gæti ráðfært sig við, nè heldur neinar líkur fyrir því sem stendur, að stjórnin geti komið hèr á föstum dýralækna-embættum, áleit þingið tiltækilegast, að amtmennirnir í þessum tilfellum fengju sèr til ráðaneytis sýslumann, alþingismann og 2 bændur, er sýslubúar kysu.

2. grein.

Þingið gat eigi fundið aðra reglu hentuguri nè sanngjarnari, heldur en þá, er það hefir sett í þessari grein til að meta skaðabæturnar eptir. Því þótti eigi þörf á að taka það fram serstaklega, ef niðurskurður færi fram um hausttíma, að þá ætti eigandi engar skaðabætur fyrir það fè, er hann annars þyrfti að skera í bú sitt. Því þingið ætlaði amtmönnum að kunna að meta þetta atvik eigi síður en hvert annað er að þessu lýtur.

3. grein.

Við þessa grein álítur þingið ekkert sèrlegt athugandi.

4. grein.

Áhrærandi nauðsynina á vörðum þeim, er hèr um ræðir, þykir þinginu mega nægja að skýrskota til þess, sem sagt er við 1. gr. en getur þess hèr að eins, að það hefir viðvíkjandi þessu áríðandi atriði haft sèrlega hliðsjón til brèfs dómsmálastjórnarinnar, 7. maímán. 1863. En þar sem þingið hefir stungið upp á, að leggja helming kostnaðarins á fjáreigendur samkvæmt 3. grein, þá treystir það því, að þessi tilhögun álítist hentugri og sanngjarnari en sú,

er hingað til hefir verið viðhöfð, því hèr ræðir að eins um þá verði, er setjast hljóta, til að varna útbreiðsu sýkinnar úr einu amti og í annað eður um allt land, en ekki um verði þá, sem hver amtmaður kynni að álíta nauðsyn til að setja í sínu umdæmi samkvæmt tilskipun 5. jan. 1866.

5. grein.

Við þessa grein álítur þingið enga nauðsyn til að gjöra sèrlegar athugasemdir, með því greinin á einn veg bindur sig við tilsk. 5. jan. 1866, og á hinn bóginn ráðgjörir það eina, sem hlýtur að vera komið undir nauðsynlegum fyrirskipunum yfirvaldsins.

Frumvarp.
til viðauka-tilskipunar við tilskipun 5. jan. 1866 um fjárkláða og önnur næm fjárveikindi á Íslandi.

1. grein.

Nú þykir eigi hent, eða fulltryggjandi að halda uppi sóttvörnum og lækningum samkvæmt fyrirmælum tilskipunar 5. janúar. 1866 á kostnað þeirra, er eiga hið sjúka og grunaða fè, og hefir þá amtmaður vald til að láta lóga hinu sjúka og grunaða fè, hvort heldur er hjá einstökum mönnum, eða á stærra svæði, þó skal amtmaður kveðja sèr til ráðaneytis lögreglustjóra, alþingismann og tvo bændur, er sýslubúar kjósa.

2. grein.

Þegar fè skal lóga, sem nú er sagt, skal sýslumaður, eptir ráðstöfun amtmanns, bjóða hreppstjórum og aðstoðarmönnum þeirra í hverjum hrepp, að virða það fè áður, en skorið er. Fè skal virða á fæti, eptir almennu gangverði á heilbrigðu fè á þeim tíma árs, og á þeim stað, sem virðing fer fram. Frá þessu verði hverrar kindar skal dregið það, sem hún leggur sig. Verðmun þann, er svo kemur fram á lóguðu fè og lifandi, skal eigendum bæta.

3. grein.

Virðingarmenn senda sýslumanni skýrslur sínar, og skal hann yfirskoða þær, og sjái hann, að virðingarmenn hafi vikið frá reglum þeim, sem settar eru í 2. grein, þá skal hann gjöra athugasemdir sínar við skýrslur þeirra, og senda þær svo amtmanni, er síðan leggur úrskurð á málið. Upphæð bótafjársins eptir næstu grein á undan, skal jafna niður á alla fjáreigendur í landinu og heimta saman á þann hátt, sem fyrir segir í 3. grein í tilskipun 5. janúar 1866. Sama er og um borgun til virðingarmanna.

4. grein.

Meðan fjársýkinni er eigi almennt útrýmt, skulu amtmenn

eptir samkomulagi ákveða almenna verði, og gjöra þær almennu ráðstafanir, sem nauðsynlegar þykja til að girða fyrir útbreiðslu sýkinnar og uppræta hana. Kostnaði þeim, sem rís af þessum almennu sóttvörnum og ráðstöfunum, skal jafnað á allt landið, þannig, að annar helmingur hans falli á jafnaðarsjóðina, eptir tölu lausafjárhundraða í hverju amti, en hinn helmingur á fjáreigendur, samkvæmt 3. grein.

5. grein.

Með brot gegn fyrirskipunum þeim, sem leiða af lögum þessum, hvort sem er um lógun fjár, hreinsun fjárhúsa eður annað, skal farið, sem segir í 7. og 8. grein í tilskipun 5. janúar 1866.

Alþingi, 28. ágúst 1867.

Allraþegnsamlegast.

Jón Sigurðsson. *Benedikt Sveinsson.*

ÁLITSSKJAL

til konungs um frumvarp til tilskipunar um það, hvernig eigi að halda hunda á Íslandi.

Fulltrúi yðar Konunglegu Hátignar lagði fyrir alþingi að þessu sinni til íhugunar af hendi stjórnar yðvarrar »Frumvarp til tilskipuna um það, hversu eigi að halda hunda á Íslandi».

Þingið kaus þrjá menn í nefnd til að íhuga mál þetta, og kveða upp um það skoðun sína, ræddi það síðan á tveim aðalfundum, svo sem lög bjóða, og leyfir sèr nú allraþegnsamlegast að skýra yðar Konunglegu Hátign frá áliti sínu um mál þetta, svo sem nú skal greina:

Bæði nefnd sú, er sett var til að íhuga mál þetta, og eins þingið í heild sinni varð að vera samhuga á því, að málið væri mikilsvarðandi fyrir land vort, með því að þingið varð að ætla það fullsannað með reynslu og rannsóknum hinna merkustu vísindamanna, að sullaveiki á mönnum, sem er svo fjarskalega mikil og almenn hèr á landi, væri sprottin frá bandormum í hundunum, og hið eina ráð, til að reisa skorður gegn þessari óttalegu og mannskæðu sýki væri því það, að finna, hversu eyða mætti bandormunum í hundunum. En þegar þingið fór að íhuga frumvarp það, sem fulltrúi yðar Hátignar lagði fyrir það um þetta efni, sá það skjótt,

að ákvarðanir þess mundu næsta ónógar til þess, að tilganginum yrði framgengt; því að það var þinginu nokkurn veginn ljóst, að þar sem í frumvarpinu var ætlazt til, að stemma stigu fyrir sullaveikinni með því, að fá landsmenn óbeinlínis til að fækka hundum, sem mest mætti, með því að leggja árlegt gjald á hvern hund, en þó svo, að hver húsbóndi mætti hafa tvo hunda gjaldlausa, þá yrði ákvörðun þessi næsta ósanngjörn í framkvæmdinni, og tilganginum yrði heldur alls eigi náð með henni; ósanngjörn yrði hún að því leyti, að margt væri það heimili, sem eigi gæti án fleiri hunda en tveggja verið, — því það sannaðist, að margir fjáreigendur þurftu 4 eða 5 hunda til fjárs síns —, en margt það heimili á hinn bóginn, sem engan hund þyrfti; ef því ákvörðuninni væri fylgt, yrði allur þorri búenda á Íslandi að gjalda allháan toll af nauðsynjahundum sínum; en aptur sumir, og það eigi allfáir sjávarbændur, er gætu haft óþarfa hunda, er ekkert skyldi fyrir gjalda. Á hinn bóginn sá þingið það, að þótt þessari ákvörðun væri haldið, mundi hundunum eigi verða fækkað til neinna muna; því að fjöldi þeirra mundi alls eigi reynast svo mikill, þegar til kæmi, eins og margir hefðu ætlað, og yrði því toll-álagan næsta árangurslítil; en þótt þeim yrði fækkað og það talsvert, mundi þó allajafna nógir hundar eptir verða, er sullaveikin gæti dreifzt út frá, og því væri hvorki beinlínis nè óbeinlínis fækkun þeirra í rauninni nein trygging fyrir því, að sullaveikin eða efni til hennar mundi rèna. Þingið var því einhuga á því, að hèr yrði að leita annara ráða, og þá þeirra, er eyddu bandormunum í hundunum, og það væri að eins almennar lækningar á hundum, og eptir þessari undirstöðu hefir þingið breytt frumvarpi því, sem fyrir það var lagt, og leyfir sèr nú allraþegnsamlegast, að bera fram ástæður sínar fyrir breytingunum við hverja einstaka grein fyrir sig.

Við 1. grein.

Í þessari grein eru að eins þær smábreytingar gjörðar, sem nú skal greina:

1. (Með 21 atkv. gegn 2), að skýrsla sú, er greinin ræðir um, að húsbændur skuli gefa um, hversu margir hundar sèu á heimili hvers eins, skuli gefin fyrsta sinn 1869, með því að hreppaskil væru sumstaðar haldin, áður en manntalsþingin, þar sem þau þarf eigi að halda fyrr en í júlímánuði, svo að tilskipunin gæti eigi verið birt á manntalsþingum 1868 á undan hreppskilaþingum, þótt hún annars kæmi nógu snemma til landsins.

2. (Með 14 atkv. gegn 5), að fella úr orðin: «heimilismaður hans», því að þinginu þótti rèttast, að húsbændur skyldu gjöra grein fyrir öllum hundum, sem væru á heimilinu, hver sem þá svo ætti, hvort sem þeir ætti þar heima eða ekki.

3. (Með 14 atkv. gegn 5), að fyrir «8 dagar» verði sett «14 dagar», því að eptir því sem hèr á landi hagar til, yrði það víða opt örðugt, að koma skýrslu til hreppstjóra á 8 dögum nema með afarkostnaði, þar sem hreppar eru víðlendir, og hreppstjórar geta jafnvel búið á öðrum hreppsendanum, og margra daga leið væri frá öðrum enda hreppsins til hins endans, enda væri eigi nauðsyn til þess svo brátt, þar sem svo væri strjálbyggt, sem víða er hèr á landi.

4. (Með 17 atkv. gegn 3), að «2. mánaða» væri breytt í «3. mánaða», því að fyrr mundu hvolpar hèr á landi eigi veikjast, svo að hætta gæti verið af þeim búin.

Við 2. grein.

Af þeim ástæðum, sem áður eru taldar, þótti þinginu eigi sanngjarnt, að binda tölu hunda þeirra, sem ekkert skyldi fyrir goldið, við 2, jafnt alstaðar; en til þess að ójöfnuðurinn yrði sem minnstur, og hver mætti halda þeim hundum, sem hann þyrfti, sem kostnaðarminnst og því toll-lausum, þótti rèttast, að fela það hreppstjórunum ásamt tveimur og allt að 4 mönnum úr hreppnum, eptir stærð hans, að skera úr því, hversu marga hunda hver húsbóndi þyrfti eptir skepnufjölda hans og öðrum atvikum, og mundi með því girt fyrir allt gjörræði og alla ósanngirni, og samkvæmt þessu var greininni breytt (með 16 atkv. gegn 2).

Við 3. gr.

Þess er áður getið, að þinginu þótti næsta lítið unnið við það að legga toll á óþarfa hunda, til að girða fyrir sullaveikina, ef þar við væri látið lenda, og með því að þingið komst að þeirri niðurstöðu, að viðhafa lækningar á öllum hundum, þótti það kostnaðarauki einn og fyrirhöfn, að kosta lögregluteikn þau sem þessi grein ákvað, og var því greinin felld (með 13 atkvæðum gegn 9).

En í stað þessarar greinar var hèr tekin upp ný grein um lækningaskylduna yfir höfuð, en síðar skyldu reglur settar um aðferðina við þær, og þótti sjálfsagt, að landlæknirinn ætti þátt í að setja þær reglur, og var sú grein samþykkt með (17 atkvæðum gegn 7).

Við 4. gr.

Þessi grein gat eigi lengur við átt úr því að þingið gat eigi fallizt á 3. gr. frumvarpsins. En aptur þótti nauðsyn á að skjóta hèr inn í nýrri grein, er kvæði á um, hverjir skyldu annast um lækningarnar á hundunum, og þótti þá sjálfsagt, að hreppstjórar gjörðu það í sveitum, en lögreglustjórar í kaupstöðum, og var þessi hin nýja grein samþykkt (með 13 atkvæðum gegn 6).

Við 5. gr.

Þessi grein gat og eigi heldur við átt, að því er ákvörðun hennar snerti um lögregluteiknin, úr því að 3. grein frumvarpsins var úr fallin.

En á hinn bóginn þótti rètt og nauðsynlegt að hafa sem nákvæmast eptirlit með fjölda hundanna og lækningunum á þeim, og því var greininni breytt þannig, að lögreglustjórar í kaupstöðum og hreppstjórar í sveitum skyldu halda bók, eigi að eins yfir fjölda hundanna á hverju heimili í hreppnum, heldur og við hversu marga hunda lækningar væru við hafðar, svo að enginn hundur slyppi undan, og var þessi grein samþykkt með 12 atkvæðum.

Við 6. grein.

Þessi grein þótti þinginu eigi eiga við, úr því að það gat eigi fallizt á ákvarðanir 3. greinar, og rèð því af að fella hana úr, með 13 atkvæðum gegn 10.

Á hinn bóginn þótti þinginu ósanngjarnt, að lögreglustjórar í kaupstöðum og hreppstjórar í sveitum skyldu ekkert endurgjald hafa fyrir fyrirhöfn sína við lækningarnar, og þótti þá hæfilegt, að eigendur greiddu þeim 16 sk. fyrir hvern hund; mundi það gjald eigi tilfinnanlegt fyrir greiðendur, en lögreglustjórar og einkum hreppstjórar mundu þó fá allsæmilega borgun fyrir starfa sinn.

Við 7. grein.

Þessi grein þótti óþörf með öllu; því að þótt gjald það, sem um ræðir í 2. grein, er mundi verða næsta lítið, þar sem mjög fáir mundu vilja halda fleiri hundum, en þeir þyrftu, þá er slíkt gjald á þeim lægi, yrði látið renna í sveitarsjóð, þótti óþarft að semja um það sèrstakan reikning, heldur væri nóg, að geta þess í sveitarreikningunum, eins og annara gjalda; og ef lögreglustjórar og hreppstjórar ættu að fá þetta gjald, þyrfti alls enga grein fyrir því að gjöra, og var því greinin úr felld (með 14 atkvæðum gegn 11).

Með því að sauðfè hèr á landi er opt mjög sollið og sulla-

veikt, og landsmenn hafa hingað til eigi hirt um, að verja hundum að jeta sulli úr því, sökum þess, að þeim hefir verið ókunnugt um afleiðingarnar, þær, að hundarnir fengju við það í sig bandorma, en lækningarnar á hinn bóginn yrðu árangurslausar, ef hundarnir ætu sjúkdómsefnið í sig, ef til vildi, þegar aptur eptir að þeir væru læknaðir, þótti nauðsynlegt, að setja hèr inn bæði ákvörðun um það, að alla sulli úr alidýrum, er slátrað væri, skyldi annaðhvort grafa djúpt í jörð niður, þar sem hundar kæmust eigi að þeim, eða brenna þá að öðrum kosti (7. grein), og var sú ákvörðun samþykkt með 14 atkvæðum gegn 11, og þótti þá sjálfsagt, að leggja hæfilegar sektir við bæði vanrækt á þessari ákvörðun og ákvörðunum þeim, er kynnu að verða gefnar um lækningarnar, og þótti sekt sú, er við lægi, hæfilega metin 1—3 rd. eptir atvikum (8. grein). Þessi ákvörðun var samþykkt með 15 atkvæðum gegn 8.

Við 8. grein frumvarpsins þótti ekkert athugavert, og var hún því samþykkt óbreytt með 19 atkvæðum.

Að endingu leyfir þingið sèr allraþegnsamlegast að geta þess, að fyrirsögn lagaboðs þessa þótti rèttast orðuð þannig:« Tilskipun um hundahald á Íslandi.

Samkvæmt, því, sem þegar hefir verið talið leyfir þingið sèr allraþegnsamlegast að beiðast þess, (með 16 atkvæðum gegn 9), að yðar konunglegu Hátign mætti þóknast að löggilda tilskipun þessa um hundahald á Íslandi með þeim breytingum, sem þingið hefir á henni gjört og þegar er frá skýrt, orðaða, eins og meðfylgjandi frumvarp.

Alþingi 28. ágúst 1867.

Allraþegnsamlegast.

Jón Sigurðsson Jón Hjaltalín.

Tilskipun
um hundahald á Íslandi.

1. Sèrhver húsbóndi skal skýra frá á ári hverju, í kaupstöðunum um fardaga og í sveitunum á hrepppaskilaþingum á vorin, fyrsta sinn árið 1869, hversu margir hundar sèu á heimili hans, hvort sem hann á þá sjálfur, eða einhver annar. Fjölgi hundarnir á árinu, er hann skyldur að segja lögreglustjóranum í kaupstöðunum og hreppstjórunum til sveita til þess, áður þrjár vikur sè liðnar. Að því er snertir hunda þá, er heima aldir eru, skal frest-

ur þessi talinn frá því, er þeir eru orðnir fullra fjögra mánaða, og að því er snertir aðfengna hunda, frá þeim degi er þeir komu á heimilið.

2. Hreppstjórar í sveitum og lögreglustjórar í kaupstöðum skulu árlega á hreppskilaþingum á vorin, ásamt tveimur eða allt að fjórum mönnum, sem hreppsbúar sjálfir kjósa, ákveða, hversu marga hunda hver húsbóndi þurfi; en fyrir þá hunda, sem þar eru um fram, skal eigandi gjalda 2 ríkisdali á ári fyrir hvern þeirra.

3 *Síðan skal lækna* alla hunda, þá er eptir eru, á kostnað eigenda, eptir reglum þeim, sem þar um verða settar að ráðum landlæknis.

4. Lögreglustjórinn í kaupstöðunum og hreppstjórar í sveitum eru skyldir að annast um lækningar á hundum, en skyldir eru húsbændur að láta flytja hunda þá, sem á heimilum þeirra eru, á þá staði, sem lögreglustjóri eða hreppstjóri tiltekur.

5. Lögreglustjórar í kaupstöðum og hreppstjórar í sveitum skulu skyldir til að halda sèrstaka bók, og rita þar í tölu og nöfn húsbænda í kaupstöðunum eða hreppunum, þeirra er hunda hafa, og þar að auki tilgreina, hversu margir hundar sèu á heimili hvers, eptir að búið er að fækka þeim, samkvæmt 2 grein, og skal sömuleiðis í þessa bók inn fært, hversu mörgum hundum hafi verið gefið inn á hverju heimili, samkvæmt 3. grein, skal lögreglustjóri í kaupstöðunum og hreppstjórar í sveitunum vandlega gæta, að enginn hundur sleppi undan lækningunum.

6. Auk þess, er læknismeðalið, samkvæmt 3 grein og þar um settum reglum, kann að kosta, ber hverjum að gjalda lögreglustjórunum í kaupstöðum en hreppstjórum í sveitunm 16 skildinga fyrir hvern húnd árlega.

7. Skyldur er hver sá, sem lætur slátra heima hjá sèr því húsdýri, er sullir finnast í, að grafa þá alla þegar í stað djúpt í jörð niður eða brenna ella.

8. Brot gegn ákvörðunum þeim, sem gefnar eru, eða gefnar kunna að verða um lækningu hunda, og eins gegn ákvörðuninni í næstu grein hèr á undan, varða 1—3 rd. sekt.

9. Með mál þau, sem rísa út af brotum gegn tilskipun þessari, skal farið sem almenn lögreglumál.

ATKVÆÐASKRÁ

í málinu um konunglegt frumvarp til stjórnarskipunarlaga handa Íslandi.

I.

1. gr.

1. *Meiri hluti nefndarinnar* (Benidikt Sveinsson, Jón Sigurðsson, Páll J. Vídalín, Eiríkur Kúld, Stefán Jónsson, Halldór Kr. Friðriksson, Stefán Thordersen, Jón Guðmundsson): að eptir orðin «Ísland er» verði bætt inn í: «erfðaland Danakonungs». (Fellt með 21 atkv. gegn 1).

2. *Hjálmur Pètursson* og nokkrir af nefndarmönnum: að í staðinn fyrir orðið «óaðskiljanlegur» (hluti) verði sett «einn» (hluti). (Fellt með 18 atkv. gegn 2).

3. *Meiri hluti nefndarinnar,* Arnljótur Ólafsson, Jón Pètursson, Sveinn Skúlason og Hjálmur Pètursson: að í staðinn fyrir orðin »Danmerkurríkis» verði sett: «Danaveldis». (Samþ. með 24 atkv.)

4. *Hinir sömu*: að eptir orðin «Danmerkurríkis» (Danaveldis) verði bætt við: »með sèrstökum landsrèttindum». (Samþ. með 15 atkv. gegn 6).

5. *Jón Pètursson:* að ef orðið «óaðskiljanlegur» fellur, þá verði í staðinn fyrir síðari hluta greinarinnar: — «eru 1., 4., 5., ... á Íslandi» sett: «skulu ávallt gilda sömu lög á Íslandi, sem í Danmörku». (Fallið við 2, tölul.).

6. *Meiri hluti nefndarinnar:* í staðinn fyrir orðin «frá 5. júnímán. 1849 . . . . . júlímánaðar 1866» verði sett: «dagsettum 5. dag júnímán. 1849, sem út eru gefin 28. dag júlímán. 1866». (Samþ. með 23 atkv.).

7. *Meiri hluti nefndarinnar* og *Arnljótur Ólafsson*: að eptir orðin «júlímán. 1866» verði bætt inn í: «sem hèr eru við festar». (Samþ. með 22 atkv.).

8. *Hinir sömu*: að í staðinn fyrir orðið «gildar», verði sett «lög». (Samþ. með 23 atkv.).

9. Frumv. 1. gr. (með áorðnum breytingum eða óbreytt):

Ísland er óaðskiljanlegur hluti Danmerkurríkis. Um ríkiserfðirnar, rètt konungs til að hafa stjórn á hendi í öðrum löndum, trúarbrögð konungs, myndugleika hans, viðtöku við stjórninni, um ríkisstjórn í forföllum konungs og um það, er konungdómurinn er

laus, eru 1., 4., 5., 6., 7. og 8. grein í hinum yfirskoðuðu grundvallarlögum Danmerkur ríkis frá 5. júnímán. 1849, er út eru gefin 28. júlmán. 1866, einnig gildar á Íslandi. (Samþ. í einu hljóði))

10. Frumv. 2. gr. (óbreytt):

Áður en konungur tekur við stjórninni, skal hann heita með skriflegum eiði í ríkisráðinu að halda óbrigðanlega hin sèrstöku stjórnarskipunarlög Íslands. Af heitorðinu skulu gjörð tvö frumrit samhljóða, og skal annað þeirra sent alþingi og geymt í skjalasafni þess, en hitt skal geymt í leyndarskjalasafninu. (Samþ. í einu hljóði).

3. grein.

11. *Meiri hluti nefndarinnar*: að í staðinn fyrir 3. grein stjórnarfrumvarpsins komi svo látandi grein:

Í þeim málum, sem sameiginleg eru með Íslandi og Danmörku tekur Ísland engan þátt fyrst um sinn, hvorki í stjórn þeirra nè löggjöf, nè heldur byrðum þeim eða gjöldum, sem af þeim leiðir, þangað til hagur landsins er kominn í það horf, að það leggi til almennra þarfa Danaveldis, en þá ákveður konungur og alþingi í sameiningu með lögum um hluttöku Íslands í löggjöf og stjórn sameiginlegra mála, og um fjártillag til þeirra frá Íslands hálfu.

(Með skilyrði, að ef grein þessi fellur hèr, þá komi hún með breytingum í stað annars kafla 3. greinar í frumvarpinu sbr. tölul. 15.—18.) (Felld með nafnak. með 14 atkv. gegn 12).

12. *Jón Guðmundsson*: að í stað annars kafla greinarinnar: »Til gjalda þeirra . . . . konungsúrskurði« verði sett:

»Til útgjalda þeirra, er ganga til hinna sameiginlegu málefna leggur Ísland ekkert fyrst um sinn, og getur eigi orðið fyrir neinum byrðum, er af þeim leiða, á meðan svo stendur eða eptir á, eigi heldur tekið þátt í löggjafarvaldinu um þessi málefni. En konungur og alþingi kveða á um það, þegar fjárhag Íslands er komið í það horf, að því sè fært að greiða tillag til tèðra ríkisþarfa, hvernig tillagið skuli goldið, en jafnframt skal ákveða með sameiginlegum lögum, hversu mikið það tillag skuli vera, og hvernig Ísland eigi eptirleiðis að taka þátt í löggjöf og stjórn sameiginlegu málanna.

En með sèrstaklegu lagaboði skal það gjörr ákveðið fyrir fram *hvernig* alþing og ríkisþingin í Danmörku skuli eiga þátt að und-

irbúningi og meðferð þeirra sameiginlegu laga, sem hèr ræðir um, og hvernig leiða skuli þau mál til fullnaðarlykta, ef að alþingið og ríkisþingið greinir á í þeim efnum«. (Fellt með 19 atkv. gegn 1).

13. *Jón Guðmundsson*: að þessu verði aukið við eptirfylgjandi tölulið 14: »En það skal gjörr ákveðið fyrirfram með sèrstöku lagaboði, hvernig alþing og ríkisþingin í Danmörku skulu eiga þátt í undirbúningi og meðferð þeirra sameiginlegu laga, sem hèr ræðir um, og hvernig leiða skuli þau mál til fullnaðar lykta, ef að alþing og ríkisþingin greinir á«. (Fellt með 17 atkv. gegn 4).

14. *Arnljótur Ólafsson:* að í staðinn fyrir síðari kafla 3. greinar: »Til gjalda þeirra . . . . . konungsúrskurði« komi: »Í þessum málum, er sameiginleg eru með Íslandi og Danmörku, tekur Ísland engan þátt fyrst um sinn, hvorki í stjórn þeirra eður löggjöf, nè heldur byrðum þeim eður gjöldum, er af þeim leiðir. En er hagur landsins kemst í það horf, að það getur lagt til almennra ríkisþarfa, þá skal ákveðið með lögum, og með samþykki alþingis, hversu hátt tillagið skuli vera og hverjar aðrar byrðir eður skyldur Ísland skuli á hendur takast til þeirra, svo og hvern þátt Ísland skuli taka í stjórn og löggjöf hinna sameiginlegu mála. Konungur og alþing ákveða í sameiningu með lögum, hvernig tillagið skuli goldið og byrðirnar eður skyldurnar skuli á lagðar«. (Fellt með 12 atkv. gegn 11).

15. *Benedikt Sveinsson*: að í upphafi greinarinnar í tölul. 18, í staðinn fyrir »þeim málum« verði sett: »þessum málum«. (Samþ. án atkv.)

16. *Jón Pètursson:* að í stað orðanna: »konungur og alþingi í sameiningu« í tölul. 18. verði sett: »konungur ásamt með ríkisdeginum og alþingi«. (Fellt með 13 atkv. gegn 7).

17. *Benedikt Sveinsson*: að í stað orðsins: »fjártillag« í enda greinarinnar (tölul. 18) verði sett: »fjártillag og byrðir«. (Samþ. með 14 atkv. gegn 1).

18. *Jón Pètursson*: að í staðinn fyrir annan kafla greinarinnar komi eptirfylgjandi grein (nefndarinnar, með áorðnum breytingum: »Í þeim málum, sem sameiginleg eru . . . . (sjá tölulið 11) . . . . frá Íslands hálfu». (Samþ. með 17 atkv. gegn 3).

19. Frumvarpsins 3. gr. (með áorðnum breytingum eða óbreytt):

Í öllum þeim málum, sem eru sameiginleg með Íslandi og Danmörku, það er segja í öllum þeim málum, sem um er rætt i

1. grein, eða þeim, sem snerta konungsmötuna, lifeyri handa konungsættinni, enn fremur viðskipti ríkisins við önnur lönd, vörn ríkisins á landi og sjó, ríkisráðið, réttindi innborinna manna, myntina, ríkisskuldir og ríkiseignir svo og póstgöngur milli Danmerkur og Íslands, hefir Ísland löggjöf og stjórn saman við konungsríkið. (Samþ. með 24 atkv.).

Til gjalda þeirra, sem ganga til þessara sameiginlegu málefna, leggur Ísland ekki neitt fyrst um sinn, og tekur þess vegna heldur ekki á meðan neinn þátt í löggjafarvaldinu um þessi málefni. En ef fjárhagur Íslands kemst í það horf, að það getur goldið tillag til téðra ríkisþarfa, þá kveður konungur á, hversu mikið tillagið skuli vera, og skal þá þar að auki ákveða með lögum, hvernig Ísland eigi eptirleiðis að taka þátt í löggjöf og stjórn sameiginlegu málanna. Konungur og alþingi ákveða í sameiningu með lögum, á hvern hátt tillagið skuli goldið. Verði ágreiningur um eitthvert málefni, hvort það sè sameiginlegt málefni eða snerti Ísland eingöngu, þá skal skorið úr slíkum ágreiningi með konungsúrskurði. (Fallið við tölulið 18.).

4. gr.

20. *Arnljótur Ólafsson* (orðabreyting): að fyrir orðin: »sem birtast eptirleiðis, skulu kunngjörð» verði sett: »er upp hèðan verða gefin, skulu birt». (Samþ. án atkv.).

21. *Sami* (orðabreyting): að fyrir orðið: »skuldbindandi» verði sett: »lög». (Samþ. án atkv.).

22. *Meiri hluti nefndarinnar*: að bætt verði aptan við greinina þessum orðum: »þó með þeim hætti, sem segir í 3. grein». (Samþ. með 19 atkv.).

23. Frumv. 4. grein (með áorðnum breytingum eða óbreytt):

Öll sameiginleg lög, sem birtast eptirleiðis, skulu kunngjörð á Ísland bæði á íslenzku og dönsku, og verða þau þá skuldbindandi fyrir þegna konungs á Íslandi. (Samþ. með 24 atkv.).

5. grein.

24. *Meiri hluti nefndarinnar*: að upphaf greinar þessarar verði þannig orðað:

»Í málum þeim öllum, er snerta Ísland sèrstaklega, hefir það löggjöf, dóma og stjórn út af fyrir sig. Sèrstakleg mál Íslands eru svo sem:» (Fellt með 11 atkv. gegn 8).

1. Lögstjórnar- og löggæzlu-málefni, borgaraleg löggjöf, sakamál, dómaskipun og réttarfar.
2. Kirkjumálefni, og mál þau öll, sem lúta að vísindum, menntun og uppfræðingu, ásamt stofnunum þeim, sem þar til heyra.
3. Læknaskipun og heilbrigðismálefni landsins með stofnunum þeim, er þar að lúta.
4. Sveitar- og fátækra-málefni öll.
5. Allar innanlands póstgöngur, vegabætur og sérhvað það, sem greiðir fyrir samgöngum manna á milli í landinu sjálfu og umhverfis það.
6. Atvinnuvegir landsbúa á sjó og landi, iðnaður og verzlunarmál.
7. Allar þjóðeignir landsins, opinberar stofnanir og sjóðir, og skal þar með talið árgjaldið frá Danmörku.
8. Öll skatta- og toll-mál Íslands beinlínis sem óbeinlínis.
9. Allar þær tekjur og gjöld, sem varða Ísland sérstaklega. (Tölul. 1—9 samþ. með 21 atkv. gegn 4).

25. *Jón Pétursson* og *Arnljótur Ólafsson*: að skotið verði inn eptir orðin »framan eru nefnd» (í grein konungsfrumvarpsins) þessum orðum: »svo sem eru: 1. Lögstjórnar o. s. frv. . . . (tölul. 24. . .) . . . sérstaklega». (Samþ. með 21 atkv. gegn 1).

26. *Sami*: að eptir orðið »löggjöf» verði sett: »dóma». (Samþ. með 15 atkv.).

27. Frumv. 5. gr. (með áorðinni breyting eða óbreyttt):

Í öllum öðrum málum, sem snerta Ísland, en þeim, sem að framan eru nefnd, hefir Ísland löggjöf sína og stjórn út af fyrir sig. Í þessum málum er löggjafarvaldið hjá konungi og alþingi í sameiningu, framkvæmdarvaldið hjá konungi og dómsvaldið hjá dómendunum. (Samþ. í einu hljóði).

Ný gr. (6. gr. nefndarinnar).

28. *Jón Guðmundsson*: (Vara-breytingaruppástunga): að þessi grein falli burt. (Fallin við 12. tölul.).

29. *Meiri hluti nefndarinnar*: að skotið verði inn grein þessari milli 5. og 6. gr. í frumvarpinu.

Nú skilur á um, hvort mál sé sameiginlegt eða varði Ísland sérstaklega, og skal þá hinn danski ráðgjafi, er hlut á að máli því, er greinir á um, og ráðgjafinn fyrir Ísland skýra konungi frá málavöxtum, og leggur hann þá úrskurð á málið. (Samþ. með 18 atkv. gegn 2).

6. gr. (7. gr. nefnd.).

30. *Meiri hluti nefndarinnar:* að í stað »evangelisk-lúterska» verði sett »evangeliska lúterska». (Samþ. án atkv.).

31. *Sami*: að í stað orðanna: »og skal hið opinbera fyrir því styrkja hana» verði sett: »og skal því landstjórnin styðja hana og styrkja». (Samþ. með 18 atkv. gegn 1).

32. Frumvarpsins 6. gr. (með áorðnum breytingum eða óbreytt):

Hin evangelisk-lúterska kirkja skal vera þjóðkirkja á Íslandi, og skal hið opinbera fyrir því styrkja hana. (Samþ. með 26 atkv.).

II.

7. gr. (8. gr. nefnd.).

33. *Meiri hluti nefndarinnar*: Arnljótur Ólafsson og Sveinn Skúlason: að í stað orðsins »eingöngu» verði sett »sérstaklega» (samþ. án atkv.), (Arnljótur Ólafsson og Sveinn Skúlason: eða »sér í lagi» (tekið aptur), og sömuleiðis í 9. og 21. gr. og annarstaðar í frumvarpinu).

34. *Meiri hluti nefndarinnar*: að í stað orðanna: »og eru ekki aðrar takmarkanir á því en þær» verði sett: »með þeim einum takmörkunum». (Samþ. án atkv.).

35. *Sami*: að í staðinn fyrir »stjórnarskipunarlögum þessum» verði sett: »stjórnarskrá þessari». (Samþ. án atkv.).

36. *Sami*: að síðari kafli greinarinnar: »Til þess að framkv. . . . . Íslandi sjálfu» verði þannig orðaður: »Til þess að framkvæma þetta vald skipar konungur landstjórn, sem hefir aðsetur sitt á Íslandi, og ráðgjafa, sem hefir aðsetur í Kaupmannahöfn». (Samþ. með 16 atkv. gegn 7).

27. Frumvarpsins 7. gr. (með áorðnum breytingum eða óbreytt):

Konungur hefir hið æðsta vald yfir öllum þeim málum, sem varða Ísland eingöngu, og eru ekki aðrar takmarkanir á því en þær, sem settar eru í stjórnarskipunarlögum þessum. Til þess að framkvæma þetta vald hefir hann ráðgjafa, er hann kýs til að standa fyrir þessum málefnum, og landstjórn, sem hefir aðsetur sitt á Íslandi sjálfu. (Samþ. í einu hljóði).

8. gr. (9. gr. nefnd.).

38. *Benidikt Sveinsson*: að í stað orðanna: »Ráðgjafinn hefir

alla ábyrgð á stjórninni» verði sett: »Landstjórnin hefir alla ábyrgð stjórnargjörðanna». (Fellt með 19 atkv.).

39. *Meiri hluti nefndarinnar:* að þessi sama klausa verði þannig orðuð: »Landstjórarnir og ráðgjafinn hafa alla ábyrgð stjórnargjörðanna». (Fellt með 13 atkv.).

40. *Arnljótur Ólafsson* og *Sveinn Skúlason*: að þessi sama klausa verði þannig orðuð: »Ráðgjafinn og landstjórnin hafa ábyrgð alla af stjórninni». (Samþ. með 23 atkv. gegn 1).

41. *Hinir sömu:* að seinasta klausa greinarinnar verði þannig orðuð: »Ábyrgð ráðgjafans og landstjórnarinnar verður nákvæmar ákveðin með lögum. (Samþ. með 13 atkv. gegn 5).

42. *Meiri hluti nefndarinnar*: að í stað orðsins: »ábyrgð *hans*» verði sett: »ábyrgð þessi». (Fallið við 41. tölul.).

43. Frumvarpsins 8. gr. (með áorðinni breyting eða óbreytt:

Konungur er ábyrgðarlaus, hann er heilagur og friðhelgur. Ráðgjafinn hefir alla ábyrgð á stjórninni. Ábyrgð hans verður nákvæmar ákveðin með lögum. (Samþ. með 24 atkv.).

9. grein.

44. *Meiri hluti nefndarinnar:* að grein þessi falli úr. (Samþ. með 13. atkv. gegn 9).

45. Frumvarpsins 9. gr. (óbreytt):

Konungur ákveður, hverjum ráðgjafa sinna stjórn þeirra mála, sem varða Ísland eingöngu, skuli fengin í hendur. (Fallið við 47. tölul.

10. gr. (sbr. 21. gr.).

46. *Meiri hluti nefndarinnar:* að fyrsti kafli greinarinnar verði þannig orðaður: »Konungur kveður sèr ráðgjafa fyrir Ísland og menn í landstjórnina, og víkur þeim úr völdum; hann kveður á um tölu þeirra og skiptir verkum með þeim; en eigi skulu landstjórar færri vera en þrír«. (Samþ. með 15 atkv. gegn 9).

47. *Benidikt Sveinsson:* að hinn sami kafli verði þannig orðaður:

»Konungur kveður einn eður fleiri menn í landstjórnina og víkur þeim úr völdum. Sè landstjórar fleiri en einn, skiptir konungur störfum með þeim«. (Fallið).

48. *Benedikt Sveinsson* og *Jón Guðmundsson:* að seinustu orðin í öðrum kafla greinarinnar: »svo flytur hann og fyrir kon-

ung þau mál, sem ræðir um í 6. grein», falli burt. (Fellt með 10 atkv. gegn 9).

49. *Meiri hluti nefndarinnar*: að annar kafli greinarinnar verði þannig orðaður:

»Ráðgjafinn flytur fyrir konung af hendi landstjórnarinnar öll þau löggjafar- og stjórnarmálefni, sem varða Ísland sèrstaklega og undir úrskurð konungs liggja að lögum«. (Samþ. með 14 atkv. gegn 9).

50. *Benidikt Sveinsson*: að þriðji kafli greinarinnar verði þannig orðaður:

»Undirskript konungs undir málin veitir þeim fullt gildi, þá er ráðgjafinn og síðan hlutaðeigandi landstjóri ritar undir með honum, og er þá ákvörðunin á ábyrgð landstjórans«. (Fellt með 18 atkv.).

51. *Jón Guðmundsson*: að orðin »af þeirra hendi«, í þriðja kafla greinarinnar, (tölul. 52) verði úr felld. (Samþ. með 16 atkv.).

52. *Meiri hluti nefndarinnar:* að þriðji kafli greinarinnar verði þannig (með áorðinni breyting eða óbreyttur):

»Undirskript konungs undir málin veitir þeim fullt gildi, þá er einn landstjóranna ásamt ráðgjafanum, eða ráðgjafinn af þeirra hendi, ritar undir með honum, og er þá ákvörðunin á ábyrgð þess eða þeirra, er undir rita með konungi». (Samþ. með nafnakalli með 14 atkv. gegn 11).

(Greinin í heild sinni samþykkt með 16 atkv. gegn 4).

53. Frumv. 10. gr. (með áorðnum breytingum eða óbreytt):

Undirskript konungs undir ákvarðanir þær, sem snerta löggjöf og stjórn, veitir þeim fullt gildi, er ráðgjafinn skrifar undir með honum, og ábyrgist ráðgjafinn þá ákvörðunina. (Fallið).

11. grein.

54. *Meiri hluti nefndarinnar*: að í staðinn fyrir orðið «eptirlaunalögunum» í öðrum kafla greinarinnar verði sett: «eptirlaunalögum». (Samþ. án atkv.).

55. *Sami*: að í staðinn fyrir »embættisskiptin« í þriðja kafla greinarinnar verði sett: «embættaskiptin». (Samþ. án atkv.).

56. *Sami*: að í staðinn fyrir «hinar almennu reglur», í sama kafla, verði sett: »almennar reglur». (Samþ. án atkv.).

57. *Sami*: að talan í enda þessarar greinar (50. gr. eða 56. gr.) verði sett sú sem við á. (Samþ. án atkv.).

58. Frumv. 11. gr. (með áorðnum breytingum eða óbreytt):

Konungur veitir öll þess konar embætti, sem hann hefir veitt

hingað til. Breytingu má á þessu gjöra með lagaboði. Engan þann má skipa embættismann á Íslandi, sem ekki hefir réttindi innborinna manna og þar á ofan hefir fært sönnur á, að hann hafi fullnægt því, sem fyrir er mælt í laga-ákvörðununum um kunnáttu í máli landsins. Sérhver embættismaður skal vinna eið að stjórnarskipunarlögunum.

Konungur getur vikið þeim frá embætti, sem hann hefir veitt það. Eptirlaun embættismanna skulu ákveðin samkvæmt eptirlaunalögunum.

Konungur getur flutt embættismenn úr einu embætti í annað, þó svo, að þeir missi einskis í af embættistekjum, og að þeim sé gefinn kostur á að kjósa, hvort þeir vilji heldur embættisskiptin eða þá lausn frá embætti með eptirlaunum þeim, sem hinar almennu reglur ákveða.

Frá reglu þessari má með lagaboði undanskilja ýmsa embættismannaflokka auk embættismanna þeirra, sem nefndir eru í 50. grein. (Samþ. með 23 atkv.).

12. grein.

59. *Meiri hluti nefndarinnar*: að fyrir orðin «þriðja hvert» í fyrra lið greinarinnar verði sett: «annaðhvort». (Samþ. með 22 atkv.).

60. *Sami:* að síðari liður greinarinnar verði þannig orðaður: «Breyta má þessu með lögum». (Samþ. án atkv.).

61. Frumv. 12. gr. (með áorðnum breytingum eða óbreytt):

Konungur stefnir saman reglulegu alþingi þriðja hvert ár. Án samþykkis konungs má það eigi eiga setu lengur en 6 vikur. (Samþ. með 22 atkv.).

Breyting á ákvörðunum þessum má gjöra með lagaboði. (Fallið við 60. tölul.).

13. grein.

62. *Meiri hluti nefndarinnar*: að í stað orðanna: «það skuli eiga» verði sett: «það *þá* skuli eiga». (Samþ. án atkv.).

63. Frumv. 13. gr. (með áorðinni breyting eða óbreytt):

Konungur getur stefnt alþingi saman til aukafunda, og ræður hann, hversu langa setu það skuli eiga. (Samþ. með 22 atkv.).

14. grein.

64. Frumv. 14. gr. (óbreytt):

Konungur getur frestað fundum hins reglulega alþingis um

tiltekinn tíma, en samt ekki lengur en 4 vikur, nema alþingi samþykkist það og ekki nema einu sinni á ári. (Samþ. með 16 atkv.).

15. grein.

65. *Arnljótur Ólafsson* og *Sveinn Skúlason*: að í staðinn fyrir «leyst upp» (hèr og annarstaðar í frumvarpinu) verði sett: «rofið». (Samþ. án atkv.).

66. Frumv. 15. gr. (með breyting eða óbreytt):

Konungur getur leyst upp alþingi, og skal þá stofnað til nýrra kosninga áður tveir mánuðir sèu liðnir, og alþingi stefnt saman næsta ár eptir að það var leyst upp. (Samþ. með 22 atkv.).

16. grein.

67. *Meiri hluti nefndarinnar*: að orðið «aðrar» falli burt. (Samþ. með 11 atkv. gegn 4).

68. Frumv. 16. gr. (með breyting eða óbreytt):

Konungur getur látið leggja fyrir alþingi lagafrumvörp og aðrar uppástungur. (Samþ. með 23 atkv.).

17. grein.

69. *Meiri hluti nefndarinnar*: að annar liður greinarinnar verði þannig orðaður: »Konungur annast um, að lögin sè birt og að þeim verði fullnægt«. (Samþ. án atkv.).

70. *Sami*: að í stað orðanna: »á undan fundi næsta alþingis »verði sett: »á undan næsta alþingi«. (Samþ. án atkv.).

71. *Sami*: að í stað orðanna í niðurlagi greinarinnar:

»ber að álíta . . . fallið burtu, »verði sett:

»er það niður fallið«. (Samþ. án atkv.).

72. Frumv. 17. gr. (með áorðnum breytingum eða óbreytt):

Samþykkis konungs þarf til þess, að nokkur ákvörðun alþingis geti fengið lagagildi. Konungur skipar að birta lögin og sèr um, að þeim sè fullnægt. Hafi konungur ekki staðfest eitthvert lagafrumvarp, sem alþingi hefir fallizt á, á undan fundi næsta alþingis, ber að álíta að það sè fallið burtu. (Samþ. með 20 atkv.).

18. grein.

73. *Meiri hluti nefndarinnar:* að í stað orðsins »brýn« verði sett: »brýna«. (Samþ. án atkv.).

74. *Sami*: að í staðinn fyrir orðið »undir næsta alþ. þar á eptir«, verði sett: »fyrir næsta alþ. á eptir«. (Samþ. án atkv.).

75. Frumv. 18. gr. (með breytingum eða óbreytt):

Þegar brýn nauðsyn ber til, getur konungur gefið út bráðabyrgðalög milli alþinga; eigi mega slík lög samt koma í bága við stjórnarskipunarlögin, og ætíð skulu þau lögð undir næsta alþingi þar á eptir. (Samþ. með 21 atkv.).

19. grein.

76. *Meiri hluti nefndarinnar*: að í stað orðanna «getur náðað . . . veitt» verði sett: «náðar . . . veitir». (Samþ. án atkv.).

77. *Sami:* að síðari kafli greinarinnar verði þannig orðaður:

En hafi ráðgjafa hinna íslenzku mála eða landstjórunum verið dæmd hegning á hendur fyrir brot á stjórnarskránni, þá má konungur því að eins náða, að neðri deild alþingis samþykki. (Samþ. með 12 atkv. gegn 8).

78. *Arnljótur Ólafsson og Sveinn Skúlason*: að eptir orðin «Ráðgjafa íslenzku málanna» verði bætt inn í: »og landstjórann eður landstjórana». (Samþ. sem orðabreyting í tölul. 77).

79. Frumv. 19. gr. (með breytingum eða óbreytt):

Konungur getur náðað menn og veitt almenna uppgjöf á sökum. Ráðgjafa íslenzku málanna getur hann að eins með samþykki alþingis náðað fyrir refsingu, er honum hefir verið dæmd á hendur fyrir brot á stjórnarskipunarlögunum. (Samþ. með 23 atkv.).

20. grein.

80. *Meiri hluti nefndarinnar*: að fyrri hluti greinarinnar: »Konungur veitir . . . undantekningar frá lögum» verði þannig orðaður: »Konungur veitir sjálfur eða heimilar landstjórunum, að veita leyfi þau og undanþágur frá lögum». (Samþ. með 15 atkv. gegn 5).

81. Frumv. 20. gr. (með breyting eða óbreytt):

Konungur veitir sumpart sjálfur, en sumpart lætur hann hlutaðeigandi stjórnarvöld veita leyfi þau og undantekningar frá lögum, sem tíðkast hafa eptir reglum þeim, sem farið hefir verið eptir hingað til. (Samþ. með 21 atkv.).

21. grein.

82. *Meiri hluti nefndarinnar*: að fyrsti og annar kafli greinarinnar falli hèr úr (sbr. 10. gr.). (Fellt með 11 atkv. gegn 3).

83. *Einn hluti nefndarinnar:* að orðið »sjálfu« í fyrsta kafla greinarinnar verði fellt úr. (Samþ. sem orðabreyting).

84. *Jón Guðmundsson* (vara-breytingaratkvæði): að orðin «skal það skipað eigi færri mönnum en þremur» verði felld úr. (Fallið við 46. tölul.).

85. *Sami*: að í stað orðanna: «skulu í því vera . . . . hefir það á hendi» verði sett: «skal það skipað eigi færri mönnum en þremur; það eru landstjórar, og hafa þeir á hendi». (Fallið).

86. *Sami*: að í stað orðsins «eingöngu» í enda fyrsta kafla greinarinnar, komi «sérstaklega». (Samþ. áður við 33. tölul.).

87. *Arnljótur Ólafsson* og *Sveinn Skúlason*: að bætt verði aptan við fyrsta kafla greinarinnar þessu: »Þessi landstjórn undirbýr héðan af landi öll þau hin sérstöku mál, er konungs undirskript kemur til, og sendir þau konungi með tillögum sínum. (Samþ. með 13 atkv. gegn 1). Hún hefir ábyrgð fyrir konungi og þingi af stjórn sinni og þessum tillögum sínum». (Fallið við 52. tölul.).

88. *Hinir sömu*: að annar kafli greinarinnar verði þannig orðaður: »Landstjórnin á Íslandi framkvæmir störf þau, er henni eru á hendur falin, samkvæmt reglum þeim, er konungur setur». (Fallið við 46. tölul.).

89. *Hinir sömu:* að í stað síðustu orða greinarinnar: »stjórn þessari» verði sett: »landstjórninni». (Samþ. án atkv.).

90. Frumvarpsins 21. gr. (með áorðnum breytingum eða óbreytt):

Konungur setur eitt æðsta stjórnarvald, sem skal eiga aðsetur á Íslandi sjálfu; skulu í því vera einn maður eða fleiri, og hefir það á hendi í nafni konungs stjórn allra þeirra málefna, er varða Ísland eingöngu.

Landstjórnin á Íslandi skal að öllu leyti vera undir hlutaðeiganda ráðgjafa og framkvæma störf þau, sem henni er á hendur falin samkvæmt reglugjörð, er ráðgjafinn semur og konungur samþykkir.

Allir embættismenn og sýslunarmenn, sem skipaðir eru á Íslandi, eru undir stjórn þessari. (Samþ. með 19 atkv. þannig, að 2. kafli greinarinnar var úr fallinn við 46. tölul.).

III.

22. gr.

91. *Stefán Thordersen*: að í stað síðari hluta greinarinnar í

nefndarinnar uppástungu (tölul. 94): »embættismenn . . . . Austuramtinu« verði sett: »konungkjörnir». (Samþ. með 18 atkv. gegn 7).

92. *Jón Pètursson*: að eptir orðið: »embættismenn» í uppástungu nefndarinnar (tölul. 94) verði bætt inn í: »landsins». (Samþ. með 25 atkv.).

93. *Sami*: að síðari hluti uppástungu nefndarinnar (tölul. 94): »þrjá úr Suðuramt. . . . Austuramtinu» falli burt. (Samþ. með 24 atkv.).

94. *Meiri hluti nefnarinnar:* að greinin verði þannig orðuð:

Á alþingi eiga sæti 36 alþingismenn, 30 þjóðkjörnir, (Samþ. með nafnak. með 14 atkv. gegn 11) og 6 embættismenn, er konungur kveður til þingsetu, þrjá úr Suðuramtinu, einn úr Vesturamtinu og tvo úr Norður- og Austuramtinu. (Greinin í heild sinni með breytingum með 20 atkvæðum gegn 4).

95. *Sami:* að skotið verði inn nýrri grein (23. gr.) þannig hljóðandi:

Alþingi skiptist í tvær deildir, efri þingdeild og neðri þingdeild; í efri deildinni sitja 12 þingmenn, í neðri deildinni 24. (Samþ. með nafnakalli með 14 atkv. gegn 12).

96. *Pètur Guðjónsson* (vara-uppástunga, ef fallizt verður á tvær málstofur): að 22. gr. verði þannig orðuð:

»Á alþingi eiga sæti 30 þjóðkjörnir menn og 6 konungkjörnir. Auk þessa skulu byskupinn yfir Íslandi, amtmennirnir yfir Norður- og austur- og Vesturamtinu, yfirdómari landsyfirrèttarins, landfógetinn og landlæknirinn eiga sæti og atkvæðisrètt í hinni efri málstofu þingsins, nær sem þeir óska, en þó launalaust, að því leyti kosningar konungs eigi falla á þá». (Fellt með 16 atkv.)

97. *Jón Hjaltalín*: að í staðinn fyrir annan lið greinarinnar komi þetta:

»Á alþingi skulu allajafna eiga sæti auk hinna þjóðkjörnu þingmanna, þessir embættismenn:

a. byskupinn yfir Íslandi.
b. amtmennirnir á Íslandi.
c. háyfirdómarinn í yfirdómi Íslands.
d. landfógetinn.
e. landlæknirinn.
f. rektor við hinn lærða skóla í Reykjavík.
g. forstöðumaður prestaskólans í Reykjavík.

Þessir embættismenn skulu engin laun hafa fyrir þingsetuna. Allir þeir sömu embættismenn skulu og vera í stjórnarráði

því, sem gjört er ráð fyrir í ástæðum fyrir frumvarpi stjórnarinnar (til stjórnarskipunarlaga handa Íslandi, bls. 31) að stofnað verði þá er landstjórnin kemst á, samkvæmt reglum þeim er stjórnin kynni að setja». (Fallið við 94. tölul.

98. *Benidikt Sveinsson*: Viðauka-atkvæði við 22. gr. í konungsfrumvarpinu: »Tölu hinna þjóðkjörnu þingmanna má breyta með lögum». (Samþ. með nafnak. með 15 atkv. gegn 10).

99. Frumvarpsins 22. gr. (með breytingum eða óbreytt):

Á alþingi eiga sæti:

1. 21 þjóðkjörnir alþingismenn.
2. Þessir embættismenn í landinu:
   a. biskupinn yfir Íslandi,
   b. amtmennirnir á Íslandi,
   c. háyfirdómarinn í yfirdómi Íslands,
   d. landfógetinn,
   e. landlæknirinn. (Fallið við 94. tölul.).

23. gr. (24. gr. nefnd.).

100. *Pètur Guðjónsson*: (með sama skilyrði og við 96. tölulið) að greinin verði þannig orðuð:

»Kosningarrèttur til alþingis skal bundinn þeim skilyrðum, sem tiltekin eru í tilskipun 8. marz 1843, 4. gr., en kjörgengi sömu skilyrðum háð og tiltekin eru í 5. grein tilskipunarinnar, þó svo, að jarðeign kjörgengs manns eigi sè 40 hundruðum, og aldur eigi 40 árum minni». (Fellt með 20 atkv. gegn 1).

101. *Meiri hluti nefndarinnar:* að í stað orðanna »í Reykjavík« í staflið *c.* verði sett: »eður hjá landlæknirum, og svo við læknaskólann eða lagaskólann, þegar þeir skólar eru stofnaðir«. (Samþ. með 22 atkv.).

102. *Ólafur Sigurðsson:* að í stað orðanna »þar að auk getur enginn« verði sett: »þó getur enginn«. (Tekið aptur).

103. *Meiri hluti nefndarinnar*: að tölul. 1. í greininni verði þannig orðaður:

»1. ekki er þegn eða þjónn annars ríkis«. (Samþ. með 12 atkv. gegn 8).

104. *Sami*: að í tölul. 2. í stað orðanna »í 5 ár« verði sett »í síðustu 5 ár«. (Samþ. með 20 atkv. gegn 2).

105. *Sami:* að orðinu »og« í sama tölulið verði sleppt. (Samþ. án atkv.).

106. *Sami:* að í stað orðanna »þó má kjósa . . . utan kjör-

dæmisins« verði sett: »Kjósa má einnig þann mann, sem á heima utan kjördæmis«. (Samþ. án atkv.).

107. *Sami*: að í stað orðsins »kosningarlögunum« seinast í greininni verði sett »kosningalögunum«. (Samþ. án atkv.).

108. Frumvarpsins 23. gr. (með áorðnum breytingum eða óbreytt):

Kosningarrètt til alþingis hafa:

a. allir bændur, sem hafa grasnyt og gjalda nokkuð til allra stètta; þó skulu þeir sem með sèrstaklegu lagaboði kynni að vera undanskildir þegnskyldugjaldinu, ekki fyrir það missa kosningarrètt sinn;
b. embættismenn, sem annaðhvort hafa konunglegt veitingarbrèf eða eru skipaðir af landstjórninni á Íslandi;
c. þeir, sem tekið hafa lærdómspróf við háskólann, eða embættispróf við prestaskólann í Reykjavik, þó ekki sè þeir í embættum, ef þeir eru ekki öðrum háðir;
d. kaupstaðaborgarar, ef þeir gjalda til sveitar að minnsta kosti 4 rd. á ári.
e. þurrabúðarmenn, ef þeir gjalda til sveitar eða bæjarþarfa að minnsta kosti 6 rd. á ári.

Þar að auki getur enginn átt kosningarrètt, nema hann sè orðinn fullra 25 ára að aldri, þegar kosningin fer frum, hafi óflekkað mannorð, hafi verið heimilisfastur í umdæminu 1 ár, sè fjár síns ráðandi og honum sè ekki lagt af sveit, eða hafi hann þáð sveitarstyrk, að hann þá hafi endurgoldið hann, eða honum hafi verið gefinn hann upp.

Kjörgengur til alþingis er hver sá, sem hefir kosningarrètt samkvæmt því sem nú var sagt, ef að hann

1. ekki er þegn annars ríkis eða að öðru leyti er í þjónustu þess;
2. hefir að minnsta kosti í 5 ár verið í löndum þeim í Norðurálfunni, sem liggja undir Danaveldi; og
3. sè orðinn fullra 30 ára að aldri þegar kosningin fer fram.

Þó má kjósa þann mann, sem á heima utan kjördæmisins eða hefir verið þar skemur en eitt ár.

Hinar nákvæmari reglur um kosningarnar verða settar í kosningarlögunum.

(25. gr. nefnd).

109. *Meiri hluti nefndarinnar*: að skotið verði inn nýrri grein í þessum kafla frumvarpsins, þannig hljóðandi:

Í efri þingdeildinni eiga sæti:

1. 6 hinir konungkjörnu embættismenn;
2. 6 þingmenn, er alþingi kýs úr þeim 30, sem þjóðkjörnir eru.

Alþingi kýs þá óbundnum kosningum til 6 ára, í fyrsta sinn, er það kemur saman eptir nýjar kosningar. Engan má yngri kjósa en 40 ára; hljóti tveir eða fleiri jafnmörg atkvæði, skal aldur ráða. (Samþ. með 17 atkv. gegn 8).

IV.

24. grein (26. gr. nefnd.)

110. *Meiri hluti nefndarinnar*: að í stað orðanna: »3. hvert ár» verði sett: «annaðhvort ár». (Samþ. við 59. tölul.

111. Frumv. 24. gr. (breytt eða óbreytt):

Hið reglulega alþingi skal koma saman 1. virkan dag í júlímánuði 3. hvert ár, hafi konungur ekki tiltekið annan samkomudag sama ár. (Samþ. með 24 atkv.).

25. gr. (27. gr. nefnd.).

112. *Meiri hluti nefndarinnar*: að orðið «jafnaðarlega» falli burt. (Fellt með 18 atkv. gegn 2).

113. Frumv. 25. gr. (breytt eða óbreytt):

Samkomustaður alþingis er jafnaðarlega í Reykjavík. (Samþ. með 25 atkv.).

114. Frumv. 26. gr. (28. gr. nefnd.) óbreytt):

Alþingi er friðheilagt. Hver, sem brýtur gegn friði þess eða frelsi, eða býður eitthvað, sem þar að lýtur, eða hlýðir slíku boði, verður sekur (að bæta hèr inn orðinu »sem« samþ. með 14 atkv.) um drottinssvik. (Samþ. í einu hljóði).

27. gr. (29. gr. nefnd.).

115. *Meiri hluti nefndarinnar*: að síðari hluti greinarinnar verði þannig orðaður: »einnig má hvor þingdeildin fyrir sig senda konungi ávörp». (Samþ. með 15 atkv. gegn 10).

116. Frumv. 27. grein (breytt eða óbreytt):

Alþingi á rètt á að stinga upp á lagaboðum og samþykkja þau fyrir sitt leyti; einnig getur það sent konungi ávörp. (Samþ. með 17 atkv. gegn 6).

28. gr. (30. gr. nefnd.).

117. *Meiri hluti nefndarinnar*: að í staðinn fyrir upphafsorð greinarinnar: «Alþingi» verði sett: «Hvor þingdeildin fyrir sig» getur o. s. frv. (Samþ. við 115. tölul.).

118. *Sami*: að í staðinn fyrir orðið «eingöngu» (Í niðurlagi fyrra hluta greinarinnar) verði sett: «sèrstaklega». (Áður samþ.).

119. Frumv. 28. gr. (breytt eða óbreytt):

Alþingi getur sett nefndir af þingmönnum til að rannsaka málefni, sem eru áríðandi fyrir almenning og snerta Ísland eingöngu. Nefndir þessar eiga rètt á að heimta skýrslur munnlegar og brèflegar, bæði af embættismönnum og einstökum mönnum. (Samþ. með 17 atkv. gegn 2).

29. gr. (31. gr. nefnd.).

120. *Meiri hluti nefndarinnar*: að orðin: »út af fyrir sig» verði felld úr. (Samþ. með 16 atkv. gegn 3).

121. *Sami*: að á eptir orðinu «selja» verði bætt inn í þess um orðum: «eða af hendi láta». (Samþ. með 22 atkv.).

122. Frumv. 29. gr. (breytt eða óbreytt):

Engan skatt má á leggja, nè breyta, nè af taka nema með lagaboði; ekki má heldur taka lán, er skuldbindi Ísland út af fyrir sig, nè selja neina af fasteignum landsins, nema slíkt sè með lagaboði ákveðið. (Samþ. í einu hljóði).

30. gr. (32. gr. nefnd.).

123. *Meiri hluti nefndarinnar*; að í staðinn fyrir orðið: «ákveðin» (í öndverðri greininni) verði sett: »fast-ákveðin» föst o. s. frv. (Fellt með 16 atkv. gegn 6).

124. *Sami*: að í stað síðasta kafla greinarinnar: «Aukatekjur og aukagjöld . . . . . fjáraukalögum», komi þetta: «Fyrir hvert reglulegt alþingi jafnsnart og það er sett, skal landstjórnin leggja fjárhags-áætlun fyrir aukatekjur og auka-útgjöld landsins, að því leyti, sem þau eru ekki fólgin í hinni föstu áætlun yfir tveggja ára tímabil það, sem í hönd fer. Auka-áætlun þessi skal jafnan fengin neðri þingdeildinni fyrst til meðferðar». (Samþ. með 18 atkv. gegn 4).

125. Frumv. 30. gr. (breytt eða óbreytt):

Með lögum skal ákveðin föst fjárhagsáætlun, og skal í henni vera áætlun bæði um hinar venjulegu og sèrstaklegu tekjur lands-

ins, þar á meðal tillagið úr ríkissjóðnum og um gjöldin. Hinni föstu fjárhagsáætlun verður ekki breytt nema með lögum.

Aukatekjur og aukagjöld skulu veitt fyrir hvert þriggja ára fjárhags-tímabil með sèrstaklegum fjáraukalögum. (Samþ. með 25 atkv.).

126. *Jón Guðmundsson*: vara-uppástunga við 30. gr. (ef breytingar þingsins við 7.—10. gr. stjórnarfrumvarpsins geta eigi náð samþykki konungs, þá verði þessi grein þannig orðuð):

«Fyrir hvert reglulegt alþing, jafnsnart og það er sett, skal landstjórnin leggja fyrir fjárhags-áætlun yfir allar tekjur og útgjöld landsins yfir tveggja ára tímabil það sem í hönd fer. Fjárlaga-áætlun þessi skal jafnan fengin neðri þingdeildinni fyrst til meðferðar». (Fellt með 16 atkv. gegn 2).

(Ef þingið fellst á þessa vara-uppástungu, er ætlazt til að áskilið verði í álitsskjalinu til konungs *til vara*, að í hverri hinna eptirfylgjandi greina, þar sem um fasta «fjárhags-áætlun», auka-áætlun» og «auka-fjárlög» ræðir, verði þá að breyta samkvæmt þessu í «fjárhags-áætlun» eða «fjárlög», eptir því sem á stendur).

31. gr. (33. gr. nefnd.).

127. *Meiri hluti nefndarinnar*: að greinin verði þannig orðuð: «Nú eru ný skattgjöld ráðgjörð í auka-áætlun, og má eigi heimta þau inn fyrr en auka-áætlunin er samþykkt. Ekki má heldur greiða neitt gjald af hendi, nema . . . . fjáraukalögum» (eins og grein frumvarpsins). (Samþ. með 25 atkv.).

128. Frumv. 31. gr. (breytt eða óbreytt):

Ekkert gjald má greiða af hendi, nema heimild sè til þess í föstu fjárhagsáætluninni eða í fjáraukalögum. (Samþ. með 25 atkv.).

32. gr. (34. gr. nefnd.).

129. *Meiri hluti nefndarinnar*: að í stað orðanna »þremur ársreikn.» verði sett: »tveimur ársreikn.». (Áður samþ.).

130. *Meiri hluti nefndarinnar*: að í stað orðanna: »þriggja ára» verði sett »tveggja ára» (fjárhags tímabil o. s. frv.). Áður samþ.).

131. Frumvarpsins 32. gr. (breytt eða óbreytt).

Alþingi kýs tvo yfirskoðunarmenn, og skulu þeim veitt laun fyrir starfa sinn. Þessir menn eiga að gagnskoða hina árlegu reikninga um tekjur og gjöld landsins, og gæta þess, að tekjur

landsins séu þar allar taldar, og að ekkert hafi verið út goldið nema eptir fjárhagslögunum. Þeir geta krafizt að fá allar skýrslur þær og skjöl sem þeim þykir þurfa. Síðan skal safna þeim þremur ársreikningum fyrir hvert þriggja ára fjárhags-tímabil í einn reikning og leggja hann fyrir alþingi, ásamt með athugasemdum yfirskoðunarmanna, og skal því næst samþykkja hann með lagaboði. (Samþ. í einu hljóði).

33. gr. (35. gr. nefnd.).

132. *a. Meiri hluti nefndarinnar*: að eptir orðið »lagafrumvarp» í fyrsta lið greinarinnar verði sett: »nè heldur frumvarp frá einstökum mönnum». (Samþ. með 17 atkv.).

132. *b. Sami:* að í stað orðanna í sama lið: »alþingi að fullnustu» : verði sett: »alþingi til fullnaðar». (Samþ. sem orðabreyting).

133. *Sami*: að í stað orðanna í sama lið: »fyrr en það hefir verið rætt þar þrisvar sinnum» verði sett: »fyrr en rætt hefir verið þar þrisvar sinnum». (Fellt með 12 atkv.).

134. *Sami*: að allur miðkafli greinarinnar: »í fyrstu umræðu . . . . tíu þingmönnum» falli burt. (Samþ. með 16 atkv. gegn 7).

135. *Sami*: að síðari liður greinarinnar verði þannig: »Lagafrumvarp, sem alþingi hefir fellt, verður ekki optar tekið til umræðu á því þingi». (Samþ. sem orðabreyting).

136. Frumv. 33. gr. (með áorðnum breytingum eða óbreytt):

Ekkert frumvarp má samþykkja á þingi að fullnustu, fyrr en það hefir verið rætt þar þrisvar sinnum.

Í fyrstu umræðu skal ræða aðalefni lagafrumvarpsins í heild þess og álykta, hvort það eigi að koma til annarar umræðu eða ekki, og verði hið fyrra ofan á, þá hvort eigi að setja nefnd til þess að búa það undir aðra umræðu. Við aðra umræðu má koma fram með breytingaratkvæði og leita atkvæða um þau. Sè frumvarpið konunglegt frumvarp, skal það lagt fyrir til þriðju umræðu eins og stjórnin orðar það, eptir því sem henni þykir bezt henta eptir málalokum við aðra umræðu, og við lok þriðju umræðu skal að eins gengið til atkvæða um, hvort frumvarpið skuli samþykkt eða fellt í heild þess. Frumvarp frá einstökum mönnum skal lagt fyrir til þriðju umræðu eins og það var samþykkt við aðra umræðu, og með þeim breytingaratkvæðum við það, sem eru borin upp annaðhvort af hendi stjórnarinnar eða af ekki færri en tíu þingmönnum.

Lagafrumvarp, sem alþingi hefir fellt, verður ekki tekið optar til umræðu á því þingi. (Samþ. með 23 atkv.).

36. gr. nefndar. (ný grein).

137. *Jón Guðmundsson*: að í staðinn fyrir síðara hluta greinarinnar (í tölul. 139) »gangi þá enn eigi saman . . . . . með atkvæðafjölda» verði sett:

»Gangi þá enn eigi saman um breytinguna, skal kveðja til jafnmarga menn úr hverri þingdeild til þess að ganga í úrvalsnefnd; semur hún þá álitsskjal um greinir þær, er í milli ber, og ber upp uppástungur sínar fyrir báðar deildirnar, en hvor þeirra fyrir sig leiðir þá málefnið til lykta í þá stefnu, sem úrvalsnefndin leggur til». (Fellt með 19 atkv. gegn 2).

138. *Jón Sigurðsson:* að fyrir orðin í enda hinnar nýju greinar (tölulið 139) »með atkvæðafjölda» komi: »Verði breytingin þá eigi samþykkt með tveim þriðjungum atkvæða, er málið fallið». (Samþ. með 16 atkv. gegn 4).

139. *Meiri hluti nefndarinnar:* að sett verði inn ný grein (36. gr.) svo látandi (með breyting eða óbreytt).

Þegar lagafrumvarp er samþykkt í annari-hvorri þingdeildinni, gengur það þá þegar með sama frágangi til hinnar þingdeildarinnar. Verði þar breytingar á gjörðar, gengur uppástungan aptur til fyrri þingdeildarinnar; gangi þá enn eigi saman um breytinguna, sameina báðar deildirnar sig í eina málstofu, og leiðir þá alþingi málið til lykta eptir eina umræðu með atkvæðafjölda. (Samþ. með 18 atkv. gegn 2).

140. Frumvarpsins 34. gr. (37. gr. nefnd) (óbreytt).

Alþingi sker sjálft úr, hvort þingmenn þess sèu löglega kosnir. (Samþ. í einu hljóði).

141. Frumvarpsins 35. gr. (38. gr. nefnd) (óbreytt).

Sèrhver nýr þingmaður skal vinna eið að stjórnarskipunarlögunum, undir eins og búið er að viðurkenna, að kosning hans sè gild. (Samþ. í einu hljóði).

142. Frumvarpsins 36. gr. (39. gr. nefnd.) (óbreytt).

Alþingismenn eru eingöngu bundnir við sannfæringu sína en eigi við neinar reglur frá kjósendum sínum.

Embættismenn þeir, sem kosnir verða til alþingis, þurfa ekki leyfi stjórnarinnar til þess að þiggja kosninguna.

143. Frumvarpsins 37. gr. (40. gr. nefnd.) (óbreytt).

Meðan alþingi stendur yfir, má ekki taka neinn alþingismann fastan fyrir skuldir án samþykkis alþingis, nè heldur setja hann í varðhald eða höfða mál á móti honum, nema hann sè staðinn að glæp. Enginn alþingismaður verður krafinn til reikningsskapar

utanþings fyrir það, sem hann hefir talað á þinginu, nema þingið leyfi það.

144. Frumvarpsins 38. gr. (41. gr. nefnd.) (óbreytt).

Komist sá, sem löglega er kosinn, í einhverjar þær kringumstæður, sem svipta kjörgengi, missir hann rètt þann, sem kosningunni fylgir. (Tölul. 142.—144. samþ. í einu hljóði).

39. gr. (42. gr. nefnd).

145. *Meiri hluti nefndarinnar:* að upphafsorð greinarinnar: »þeim manni eða» falli burt. (Fallið við tölul. 90).

146. Frumvarpsins 39. gr. (breytt eða óbreytt).

Þeim manni eða þeim mönnum, sem eiga sæti í landsstjórninni á Íslandi, skal heimilt sökum embættisstöðu sinnar að sitja á alþingi, og eiga þeir rètt á að taka þátt í umræðunum eins opt og þeir vilja, en verða að öðru leyti að gæta þingskapa.

Atkvæðisrètt hafa þeir því að eins, að þeir sèu jafnframt alþingismenn. (Samþ. í einu hljóði).

40. gr. (43. gr. nefnd.).

147. *Meiri hluti nefndarinnar*: að greinin verði orðuð þannig: »Hvor þingdeildin fyrir sig kýs sjálf forseta sinn og varaforseta. (Samþ. með 17 atkv.

148. Frumvarpsins 40. grein: (breytt eða óbreytt):

»Alþingi kýs sjálf forseta sinn og varaforseta«. (Fallið við 147. tölul.).

41. gr. (44. gr. nefnd.).

149. *Hjálmur Pètursson:* að í stað orðanna: »meir en helmingur« verði sett: »tveir þriðju hlutir eða fleiri». (Samþ. með 14 atkv.).

150. *Meiri hluti nefndarinnar*: að upphaf greinarinnar verði þannig orðað: »Hvorug þingdeildin má gjöra ályktun um nokkurt mál, nema o. s. frv. (sem frumv). (Samþ. með 14 atkv.).

151. Frumvarpsins 41. gr. (breytt eða óbreytt):

Þingið má ekki gjöra ályktun um neitt, nema meira en helmingur þingmanna sè á fundi og greiði atkvæði. (Samþ. með 17 atkv.).

42. gr. (45. gr. nefnd.).

152. *Meiri hluti nefndarinnar:* að í stað orðanna »sèrhvert« opinb. málefni« o. s. frv. verði sett: »hvaða opinbert málefni sem

er, í þeirri þingdeildinni, þar sem hann á sæti, ef hún leyfir það, og að beiðast þar um skýrslu landstjórnarinnar«. (Samþ. með 15 atkv.).

153. Frumvarpsins 42. gr. (breytt eða óbreytt):

Heimilt er hverjum alþingismanni að bera upp sérhvert opinbert málefni, ef þingið leyfir það, og beiðast þar um skýrslu stjórnarinnar. (Samþ. með 17 atkv.).

43. gr. (46. gr. nefnd.).

154. *Meiri hluti nefndarinnar:* að greinin verði þannig orðuð: »Hvorug þingdeildin má taka við nokkru skjali um málefni, sem einstakir menn vilja bera upp fyrir alþingi, nema einhver þingdeildarmanna taki það að sér til flutnings«. (Samþ. með 13 atkv.).

155. Frumvarpsins 43. grein (breytt eða óbreytt):

Þingið má ekki taka við neinu skjali um málefni, sem einstakir menn vilja bera upp fyrir þinginu, nema einhver þingmanna leggi það fram. (Fallið við 154. tölul.).

44. gr. (47. gr. nefnd.).

156. *Meiri hluti nefndarinnar:* að í staðinn fyrir: »þinginu» verði sett: »þingdeildinni»; í staðinn fyrir: »það» verði sett: »hún», og í staðinn fyrir: »stjórnarinnar» verði sett: »landstjórnarinnar». (Samþ. sem orðabreytingar).

157. Frumvarpsins 44. gr. (breytt eða óbreytt):

Þyki þinginu ekki ástæða til að leggja úrskurð á eitthvert málefni, þá getur það vísað því til stjórnarinnar. (Samþ. með 15 atkv.).

45. gr. (48. gr. nefnd.).

158. *Meiri hluti nefndarinnar:* að greinin verði þannig orðuð: »Fundir beggja þingdeildanna skulu haldnir í heyranda hljóði. Samt má forseti, eða svo margir þingmenn, er þingsköpin tiltaka, krefjast, að öllum utanþingsmönnum sé vísað burt, og skal þá skera úr því með atkvæðum, hvort ræða skuli málið í heyranda hljóði eða fyrir lokuðum dyrum. (Samþ. með 15 atkv.).

159. Frumvarpsins 45. gr. (breytt eða óbreytt):

Alþingi skal haldið í heyranda hljóði. Þó getur forseti eða svo margir þingmenn, sem tiltekið er í þingsköpunum, krafizt, að öllum utanþingsmönnum sé vísað burt, og skal þingið þá skera

úr, hvort ræða skuli málefnið í heyranda hljóði eða á heimulegum fundi. (Fallið við 158. tölul.).

46. gr. (49. gr. nefnd.).

160. *Meiri hluti nefndarinnar:* að greinin verði þannig orðuð: »Alþingi skipar sjálft þingsköpum sínum og þingreglum öllum». (Fellt með nafnakalli með 15 atkv. gegn 10).

161. Frumvarpsins 46. gr. (breytt eða óbreytt).

Þingsköpin skulu sett með lagaboði. (Samþ. með 19 atkv.).

50. gr. nefnd. (ný grein).

162. *Hjálmur Pètursson:* að í stað orðsins: »helft» (í tölul. 163) verði sett: »tveir þriðju hlutir». (Samþ. með 14 atkv.).

163. *Meiri hluti nefndarinnar:* að skotið verði inn nýrri grein, þannig hljóðandi:

»Alþingi myndast af báðum þingdeildunum, er þær ganga saman í eina málstofu. Til þess að gjörð verði fullnaðarályktun á máli, mega eigi færri vera á fundi, en helft hvorrar þingdeildarinnar fyrir sig, og greiði þó allir atkvæði. Alþingi velur þá sjálft forseta sinn og kveður á um þingsköp og þingreglu, er þá skuli gilda». (Samþ. með 14 atkv. gegn 4).

V.

51. gr. nefnd. (ný gr.).

164. *Meiri hluti nefndarinnar:* að sett verði inn ný grein, svo látandi:

Landsdómurinn skal skipaður 6 dómendum, 3 úr æðsta dómi landsins og 3 úr efri þingdeildinni, er hún kýs sjálf til 6 ára. Landsdómurinn velur sèr sjálfur forseta úr flokki sínum.

Um rekstur málanna fyrir landsdóminum skal ákveða nákvæmari reglur með lagaboði; en þangað til skal farið eptir lögunum fyrir ríkisdóminum í Danmörku.

Verði alþingi upp leyst eptir að mál er höfðað fyrir landsdóminum, halda þeir þrír landsdómendurnir, er kosnir voru úr efri þingdeildinni, eigi að síður sæti sínu í því máli. (Fellt með nafnakalli með 13 atkv. gegn 11).

52. gr. nefnd. (ný grein).

165. *Meiri hluti nefndarinnar:* að skotið verði inn nýrri grein þannig látandi:

Landsdómurinn skal dæma mál þau, sem konungur eða neðri þingdeildin höfðar á hendur landstjórunum.

Svo skal það einnig á konungsvaldi, ef neðri þingdeildin gefur því jákvæði sitt, að láta ákæra aðra menn fyrir landsdóminum um glæpi þá, er konunginum þykja einkar háskalegir fyrir Ísland eður og gjörvallt konungsveldið. (Samþ. með nafnak. með 12 atkv. gegn 11).

166. Frumvarpsins 47. gr. (53. gr. nefnd.) óbreytt:

Skipun dómsvaldsins verður eigi ákveðin nema með lagaboði. (Samþ. í einu hljóði).

48. gr. (54. gr. nefnd.).

167. *Meiri hluti nefndarinnar*: að í stað orðsins »aðgreind« verði sett: »greind«. (Fellt með 12 atkv. gegn 6).

168. *Sami*: að fyrir orðið »yfirvaldsgjörðum« verði sett: »umboðsvaldinu og valdstjórnarathöfnum«. (Fellt með 9 atkv. gegn 7).

169. Frumvarpsins 48. gr. (breytt eða óbreytt).

Dómsgæzlan skal aðgreind frá yfirvaldsgjörðum, samkvæmt reglum þeim, sem ákveðnar verða um það með lagaboði. (Samþ. með 24 atkv.).

49. gr. (55. gr. nefnd.).

170. *Meiri hluti nefndarinnar*: að greinin verði þannig orðuð:

Dómendur skulu eiga rètt á, að skera úr öllum ágreiningi út af embættistakmörkum yfirvalda. Eigi að síður skal þeim, er um það leitar dómsatkvæðis, skylt, að hlýðnast yfirvaldsboðinu í bráð. (Samþ. með 14 atkv. gegn 7).

171. Frumvarpsins 49. gr. (breytt eða óbreytt):

Dómendur skuln eiga rètt á að skera úr öllum spurningum um embættistakmörk yfirvaldanna. Þó getur sá, sem þar um leitar úrskurðar, ekki komið sèr hjá að hlýða í bráð yfirvaldsboðinu með því að skjóta málinu til dóms. (Fallið við tölul. 170).

50. gr. (56. gr. nefnd.).

172. *Meiri hluti nefndarinnar:* að í stað orðanna: »skipun á dómstól.« verði sett: »skipun á um dómstól.«. (Samþ. með 11 atkv. gegn 5).

173. *Sami*: að síðasti kafli greinarinnar orðist þannig:

Nú er dómari orðinn fullra 65 ára að aldri, og má þá leysa hann frá embættinu, en eigi skal hann þá missa neins í af launum sínum. (Fellt með 11 atkv. gegn 2).

174. Frumvarpsins 50. gr. (breytt eða óbreytt):

Dómendur skulu í embættisverkum sínum fara einungis eptir lögunum. Þeim verður ekki vikið úr embætti nema með dómi, og ekki verða þeir heldur fluttir í annað embætti á móti vilja þeirra, nema þegar svo stendur á, að verið er að koma nýrri skipun á dómstólana. Þó má veita þeim dómara, sem er orðinn fullra 65 ára gamall, lausn frá embætti, en ekki skal hann missa neins í af launum sínum. (Samþ. í einu hljóði).

51. gr. (57. gr. nefnd.).

175. *Meiri hluti nefndarinnar:* að aptan við greinina verði bætt þessum orðum: «með munnlegri sókn og vörn«. (Fellt með 10 atkv. gegn 4).

176. Frumvarpsins 51. gr. (með breyting eða óbreytt):

Jafnskjótt og að svo miklu leyti sem því verður við komið, skulu dómar allir fara fram í heyranda hljóði. (Samþ. með 22 atk.).

VI.

58. gr. nefnd. (ný grein).

177. *Meiri hluti nefndarinnar*: að grein þessi verði sett inn: »Rèttarástandi þjóðkirkjunnar skal skipað með lögum«. (Samþ. með 13 atkv. gegn 10).

52. gr. (59. gr. nefnd.).

178. *Meiri hluti nefndarinnar*: að í staðinn fyrir þessi orð: »þó má ekki kenna eða fremja neitt, »verði sett: »En ekki má kenna eða fremja neitt það«, o. s. frv. (Samþ. án atkv.).

179. Frumvarpsins 52. gr. (breytt eða óbreytt):

Landsmenn eiga rètt á að stofna fèlög til að þjóna guði með þeim hætti, sem bezt á við sannfæringu hvers eins, þó má ekki kenna eða fremja neitt, sem er gagnstætt góðu siðferði og allsherjar reglu. (Samþ. með 18 atkv.).

180. Frumvarpsins 53. gr. (60. gr. nefnd.) (óbreytt):

Kjör trúarbragðaflokka þeirra, sem á greinir við þjóðkirkjuna, skulu nákvæmar ákveðin með lagaboði.

181. Frumvarpsins 54. gr. (61. gr. nefnd.) (óbreytt):

Enginn má neins í missa af borgaralegum og þjóðlegum rètt-

indum fyrir sakir trúarbragða sinna, nè heldur má nokkur fyrir þá sök skorast undan almennri fèlagsskyldu. (Tölul. 180—181 samþykktir með 20 atkv.).

VII.

55. gr. (62. gr. nefnd.).

182. *Meiri hluti nefndarinnar*: að í stað upphafsorða greinarinnar: »Sèrhver sá »verði sett: »Hver sá maður«. (Samþ. án atkv.).

183. *Sami*: í sömu grein: að fyrir orðin »móti veði« verði sett: »gegn ábyrgðarverði«. (Fellt með 10 atkv. gegn 10).

184. *Sami*: að fyrir orðin: »það skuli vera« verði sett: »veðið skuli vera«. (Fallið).

185. Frumvarpsins 55. grein (br. eða óbreytt):

Sèrhver sá, sem tekinn er fastur, skal leiddur fyrir dómara eins fljótt og auðið er. Megi ekki þá jafnskjótt láta hann lausan aptur, ber dómaranum svo fljótt sem verður, og í seinasta lagi áður en 3 dagar sèu liðnir, að leggja á úrskurð, er byggður sè á tilgreindum ástæðum, um að hann skuli settur í varðhald; en megi láta hann lausan móti veði, þá skal ákveðið í úrskurðinum, hvert eða hversu mikið það skuli vera.

Úrskurði þeim, sem dómarinn kveður upp, má sá, sem í hlut á, þegar skjóta sèr í lagi til æðri dóms.

Engan mann má setja í gæzluvarðhald fyrir yfirsjón, er að eins varðar fèsekt eða einföldu fangelsi.

Engan mann má draga frá löglegu varnarþingi hans. (Samþ. í einu hljóði).

56. gr. (63. gr. nefnd.).

186. *Meiri hluti nefndarinnar*: að fyrir orðið »sèrlega« verði sett: »sèrstaklega«. (Samþ. án atkv.).

187. Frumvarpsins 56. gr. (breytt eða óbreytt):

Heimilið er friðheilagt. Ekki má gjöra húsleit, nè kyrrsetja brèf og önnur skjöl og rannsaka þau, nema eptir dómsúrskurði, ef lögin ekki gjöra sèrlega undantekning.

188. Frumv. 57. grein (64. gr. nefnd.) (óbreytt):

Eignarrètturinn er friðhelgur. Engan má skylda til að láta af hendi eign sína, nema almenningsþörf krefji; þarf til þess lagaboð og komi fullt verð fyrir.

189. Frumv. 58. gr. (65. gr. nefnd.) (óbreytt):

Öll bönd þau, er hamla frelsi í atvinnuvegum og jafnrètti

manna til atvinnu, og eigi eru byggð á almenningsheilum, skal af taka með lagaboði. (Tölul. 187.—189. samþ. í einu hljóði).

59. gr. (66. gr. nefnd.).

190. *Meiri hluti nefndarinnar*: að í staðinn fyrir orðin: «þó með því móti . . . . lögin áskilja þar um» verði sett; «en þá skal hann háður vera skyldum þeim, er lögin áskilja». (Samþ. með 22 atkv.).

191. Frumv. 59. gr. (breytt eða óbreytt):

Sá, sem ekki getur séð fyrir sèr og sínum, og sè hann ekki skyldu-ómagi annars manns, skal eiga rètt á að fá stýrk úr almennum sjóði, þó með því móti, að hann gangist undir skyldur þær, er lögin áskilja þar um. (Samþ. í einu hljóði).

67. gr. nefnd. (ný grein).

192. *Meiri hluti nefndarinnar:* að sett verði inn grein, þannig hljóðandi: «Hafi foreldrar eigi efni nè tök á að fræða sjálf börn sín, eða sè börnin munaðarlaus og öreigar, þá skal hið opinbera sjá þeim fyrir uppfræðingu og framfæri». (Samþ. með 25 atkv.).

60. gr. (68. gr. nefnd.).

193. *Meiri hluti nefndarinnar:* að í stað orðanna: «þó verður hann að ábyrgjast þær» verði sett: «en ábyrgjast verður hann þær».

194. *Sami:* að í staðinn fyrir: »prentfrelsið« verði sett: »prentfrelsi». (Tölul. 193 og 194. felldir með 13 atkv. gegn 3).

195. Frumv. 60. gr. (breytt eða óbreytt):

Hver maður á rètt á að láta í ljósi hugsanir sínar á prenti; þó verður hann að ábyrgjast þær fyrir dómi. Ritskoðun og aðrar slíkar tálmanir fyrir prentfrelsið má aldrei taka upp aptur. (Samþ. með 25 atkv.).

61. gr. (69. gr. nefnd.).

196. *Meiri hluti nefndarinnar:* að í staðinn fyrir «sèrhverjum» verði sett: «hverjum«.

197. *Sami*: að eptir orðið »tilgangi» verði bætt inn í þessum orðum: «sem er». (Tölul. 196 og 197 samþ. með 13 atkv.

198. *Sami*: að síðari hluti greinarinnar verði þannig orðaður: »en banna má fèlag um sinn, og skal þá þegar höfða mál á hendur því, til þess það verði rofið». (Samþ. með 11 atkv. gegn 10).

199. Frumv. 61. gr. (breytt eða óbreytt):

Rètt eiga menn á að stofna fèlög í sèrhverjum löglegum tilgangi, án þess að leyfi þurfi að sækja til þess. Ekkert fèlag má rjúfa með stjórnarráðstöfun. Þó má banna fèlög um sinn, en þá verður þegar að höfða mál gegn þeim, til þess þau verði rofin. (Samþ. með 25 atkv.).

62. gr. (70. gr. nefnd.).

200. *Meiri hluti nefndarinnar:* að í stað orðanna: »þegar óttast má fyrir» verði sett: »þegar uggvænt þykir». (Samþ, án atkv.).

201. Frumvarpsins 62. gr. (breytt eða óbreytt):

Rètt eiga menn á að safnast saman vopnlausir. Lögreglustjórninni er heimilt að vera við almennar samkomur. Banna má mannfundi undir berum himni, þegar óttast má fyrir að af þeim leiði óspektir. (Samþ. með 25 atkv.).

63. gr. (71. gr. nefnd.).

202. *Meiri hluti nefndarinnar:* að í stað: »föðurlandsins» verði sett: »fósturjarðarinnar». (Samþ. með 18 atkv.).

203. Frumvarpsins 63. gr. (breytt eða óbreytt).

Sèrhver vopnfær maður er skyldur að taka sjálfur þátt í vörn föðurlandsins, eptir því sem nákvæmar kann að verða fyrir mælt þar um með lagaboði. (Samþ. með 25 atkv.).

64. gr. (72. gr. nefnd.).

204. *Meiri hluti nefndarinnar:* að í stað orðanna: »stjórnarinnar mun» verði sett: »landstjórnarinnar skal». (Samþ. með 21 atkv.).

205. Frumvarpsins 64. gr. (breytt eða óbreytt).

Rètti sveitafèlaganna til að ráða sjálf málefnum sínum með umsjón stjórnarinnar mun hið allrabráðasta verða skipað með lagaboði. (Samþ. í einu hljóði).

65. gr. (73. gr. nefnd.).

206. *Meiri hluti nefndarinnar:* að í stað orðaana: »mun komið» verði sett: »skal komið». (Samþ. án atkv.).

207. Frumvarpsins 65. gr. (breytt eða óbreytt).

Á skattgjöld og skattheimtu mun komið öðru skipulagi með lagaboði svo fljótt sem verður.

208. Frumvarpsins 66. gr. (óbreytt):

Öll sèrleg rèttindi, er lögin hafa bundið við aðal, nafnbætur og tign, skulu vera af tekin. (Tölul. 107 og 108 samþ. í einu hljóði).

VIII.

67. gr. (75. gr. nefnd.).

209. *Meiri hluti nefndarinnar:* að þessi grein verði þannig orðuð:

Uppástungur, hvort heldur er til breytinga eður viðauka á stjórnarskrá þessari, má bera upp hvort heldur á lögákveðnu alþingi eða auka-alþingi. Nú nær uppástungan til stjórnarskrárbreytingarinnar samþykki í báðum þingdeildunum og landstjórnin styður hana, þá skal rjúfa alþingi þá þegar og stofna til almennra kosninga af nýju. Samþykki þá enn hið nýkosna alþingi ákvörðunina óbreytta, og nái hún staðfestingu konungs, þá verður hún stjórnarlaga-ákvörðun. (Samþ. með nafnak. með 18 atkv. gegn 8).

210. Frumvarpsin 67. gr. (óbreytt):

Uppástungur um breytingu á stjórnarskipunarlögum þessum eða viðauka við þau má bera upp bæði á reglulegum fundum og aukafundum alþingis, þó því eins, að þrír fjórðu hlutir þingmanna séu viðstaddir.

Greiði ekki þrír fjórðu hlutir þingmanna atkvæði með uppástungunni, ber að álíta, að alþingi hafi fellt hana. (Fallið við tölul. 209.

ÁKVARÐANIR UM STUNDARSAKIR.

1. gr.

211. *Meiri hluti nefndarinnar*: að bætt verði aptan við greinina: «að öðru leyti en því, sem leiðir af 22. og 23. grein stjórnarlaga þessara; og verður sú breyting á kosningarlögunum gjör ákveðin með sèrskildu lagaboði». (Samþ. með 14 atkv. gegn 12).

212. Frumv. 1. gr. (með áorðinni breyting eða óbreytt):

Kosningarlögin 6. janúarmán. 1857, smbr. tilskipun 8. marzmán. 1843, skulu gilda um kosningar til alþingis, þangað til öðruvísi verður fyrir mælt með lagaboði. (Samþ. með 17 atkv.).

2. gr.

213. Frumv. 2. gr. (óbreytt):

Þangað til föst fjárhags-áætlun verður sett með lagaboði, til-

tekur konungur fasta fjárhags-áætlun til bráðabyrgða, og skal í henni til færa gjöld þau, sem heimild er til í lögum þeim, sem nú eru í gildi, eða venjulegar þarfir hinna ýmislegu stjórnargreina útheimta. Ekki mega gjöldin alls samt fara fram úr 88,000 ríkisdölum. (Samþ. í einu hljóði).

3. gr.

214. *Meiri hluti nefndarinnar*: að grein þessi verði felld úr. (Fellt við tölul. 161).

215. Frumv. 3. gr. (óbreytt).

Þangað til að þingsköp alþingis verða ákveðin með lagaboði, áskilur konungur sèr að ákveða þingsköpin til bráðabyrgða. (Samþ. með 24 atkv.).

4. gr. (3. gr. nefnd.).

216. Frumv. 4. gr. (óbreytt):

Ákvörðun sú, sem sett er í 50. grein, að ekki megi víkja dómendum úr embætti nema með dómi, nè heldur flytja þá í annað embætti að þeim fornspurðum, skal ekki eiga við um dómendur þá, sem nú eru, og jafnframt hafa umboðsstörf á hendi. (Samþ. í einu hljóði).

5. gr. (4. gr. nefnd.).

217. *Meiri hluti nefndarinnar:* að fyrir orðin »Danmerkurkonungsríkis» verði sett «Danaveldis». (Áður samþ.).

218. Frumv. 5. gr. (með breyting eða óbreytt):

Þangað til nýju skipulagi verður komið á dómstólana með lagaboði, er hæsti rèttur Danmerkur konungsríkis eins og hingað til æðsti dómstóll, sem málum verður skotið til, samkvæmt lögum þeim, er gilda þar um. (Samþ. með 24 atkv.).

6. gr. (5. gr. nefnd.).

219. Frumv. 6. gr. (óbreytt):

Áður en alþingi kemur saman í fyrsta skipti sem löggjafarþing, skal kjósa nýja alþingismenn, hvort sem umboð alþingismanna þeirra, sem nú eru, er á enda eða ekki. (Samþ. í einu hljóði).

220. Fyrirsögn frumvarpsins: «Stjórnarskrá Íslands». (Samþ, með 24 atkv.).

221. *Meiri hluti nefndarinnar:* (Niðurlagsatriði nefndarinnar I. 1) að alþing beri þá bæn fram fyrir konung: að Hans Hátign

allramildilegast vildi löggilda frumvarp það til stjórnarskipunarlaga handa Íslandi, sem lagt var að þessu sinni fyrir þingið, með þeim breytingum sem á því eru orðnar, sem «stjórnarskrá Íslands». (Samþ. með 25 atkv.).

222. *Minni hluti nefndarinnar (Jón Guðmundsson):* að alþing beri fram þá bæn fyrir konung: að hans konunglega hátign láti stjórnarfrumvarpið með áorðnum breytingum koma út sem stjórnarskipunarlög handa Íslandi. (Fallið við tölul. 221).

223. *Hjálmur Pètursson:* að upphæð árgjaldsins í uppástungu meiri hluta nefndarinnar (tölul. 225) verði í stað 50,000 rd. sett 60,000 rd. (Samþ. með 13 atkv. gegn 9).

224. *Jón Sigurðsson:* viðauka-atkvæði við uppástungu meiri hluta nefndarinnar (tölul. 225): «Og enn fremur 10,000 rd. laust árgjald um 12 ár, er að þeim tíma liðnum fer minnkandi um 500 rd. á ári». (Fallið).

225. *Meiri hluti nefndarinnar* (Niðurlagsatriði nefndarinnar I. 2 með breytingu eptir 223): að alþing felli þá bæn til konungs, að Hans Hátign útvegi fast árgjald handa Íslandi úr ríkissjóðnum, er að minnsta kosti nemi 50,000 rd., og sè fyrir þessu árgjaldi gefin út óuppsegjanleg ríkisskuldabrèf. (Samþ. með 20 atkv.).

226. *Sami* (niðurlagsatriði nefndarinnar II. 1): En skyldi Hans Hátign allramildilegast eigi geta fullnægt óskum þingsins um greind atriði í I. 1 og 2. (Tölul. 221 og 225), að hann þá allramildilegast vildi láta leggja stjórnarskipunarmálið og fjárhagsaðskilnaðarmálið í heild sinni fyrir fund, er saman væri stefnt samkvæmt kosningarlögunum 28. septbr. 1849. (Fellt með 16 atkv. gegn 7).

227. *Minni hluti nefndarinnar (Jón Guðmundsson):* viðauka-atkvæði við vara-uppástunguna í næstfylgjanda tölulið, að þessu verði bætt aptan við: «annaðhvort 1869, eður svo fljótt sem orðið getur». (Samþ. sem viðauki við tölul. 228).

228. *Sami,* vara-uppástunga: að ef þetta (um staðfesting frumvarpsins) gæti ekki fengið Hans Hátignar allramildustu bænheyrslu, þá verði stjórnarskipunarmál Íslands allramildilegast lagt á ný fyrir þing á Íslandi. (Samþ. með 23 atkv.).

229. *Meiri hluti nefndarinnar* (Niðurlagsatr. nefndarinnar II. 2): að hans Hátign vildi allramildilegast skipa landstjórn hèr á landi samkvæmt grundvallarreglum þeim, sem teknar eru fram í frumvarpi nefndarinnar, og bjóða henni að undirbúa málið til fullnaðar af hendi konungs undir fundinn, jafnframt og fengin væri ákveðin upphæð árgjaldsins af hálfu ríkisdagsins. (Fellt með nafnakalli með 15 gegn 7).

230. *Meiri hluti nefndarinnar:* að veiting árgjaldsins (tölul. 225) sè sett sem skilyrði fyrir löggilding frumvarpsins. (Fellt með nafnakalli með öllum atkv.).

231. *Jón Sigurðsson*: að veiting árgjaldsins (tölul. 225) sè sett sem niðurlagsatriði, en *ekki* sem skilyrði. (Fellt með 12 atkv. gegn 12).

(Hèr var Samþykkt að taka eina vissa tölu upp í álitsskjalið með 13 atkv. gegn 8).

232. *Benedikt Sveinsson:* að uppástunga nefndarinnar undir I. 2 (tölul. 225) ásamt breytingaratkvæðum þeim sem þar að lúta verði að eins tekin fram í ástæðunum í álitsskjali þingsins til konungs.

Sami: að niðurlagsatriði nefndarinnar II. 1—2. (tölul. 226 og 229) verði einnig að eins tekin til greina í ástæðum álitsskjalsins til konungs. (Fallið við tölul. 227.—228.).

SVAR

meiri hluta nefndarinnar í stjórnarbótarmálinu gegn ágreiningsatkvæði Jóns Guðmundssonar. (Sbr. bls. 476—481).

Samkvæmt því, sem einn af oss undirskrifuðum nefndarmönnum í stjórnarskipunarmálinu tók fram við undirbúningsumræðu máls þessa, er hann geymdi oss rètt til að svara ámælum þeim, er hinn fyrri formaður vor nefndarmanna hefir borið á oss í ágreiningsatkvæði sínu, sem upp var lesið á þinginu, finnum vèr oss skylt, að skýra þinginu frá hinu sanna og rètta í máli þessu, jafnframt og vèr óskum, að þetta svar vort verði tengt annaðhvort við hið svo kallaða ágreiningsatkvæði, er vèr nefndum, eða að það komi annarstaðar inn í þingtíðindin, þar sem þykir bezt henta, svo að almenningur geti sèð hina sönnu málavexti.

Eins og þinginu er kunnugt, var oss nefndarmönnum fengið til meðferðar af þinginu eigi að eins hið konunglega frumvarp til stjórnarskipunarlaganna, heldur einnig 15 bænarskrár úr ýmsum hèruðum landsins, eins og formaðurinn segir. Þessar bænarskrár innihalda auk annars þau tvö aðalatriði:

1. Að þingið annist um, að fjárhagsaðskilnaðurinn milli Íslands og Danmerkur verði þannig til lykta leiddur, að rèttarkröfum Íslands verði fullnægt, og

2. Að fjárhagur og stjórnarskipunarmál Íslands verði lagt í einingu fyrir þjóðfund í landinu sjálfu, en eigi alþingi, til endilegra úrslita.

Verkefni nefndarinnar var þannig ekki einungis frumvarp konungs til stjórnarskipunarlaganna, heldur einnig hinar áðurnefndu bænarskrár.

Á hinum fyrstu fundum vor nefndarmanna kom það þegar til umræðu, að hve miklu leyti nefndin áliti, að bænarskrár þessar gætu tekizt til greina, að því *er þjóðfundinn snerti,* þar eð eigi virtist ástæða til, að ræða hinar einstöku greinir frumvarpsins, ef fylgja skyldi ósk bænarskránna að öllu leyti í því efni; en niðurstaðan varð sú, sem segir í niðurlagi nefndarálits vors. Það flaut því af sjálfu sèr, að hitt atriðið um fjárhaginn kom eigi til álita svo lengi sem frumvarpið eigi var til lykta leitt í nefndinni. Þó hreifði einn vor nefndarmanna því þegar á fyrstu fundum, að nauðsyn bæri til, að ræða einnig það mál síðar í nefndinni. Þegar nefndin hafði því næst rætt allt stjórnarfrumvarpið út til enda, að öðru leyti en því, er áhrærir hina föstu fjárhagsáætlun til bráðabyrgða í 2. grein stjórnarfrumvarpsins; en þar hlýtur einmitt tillagið frá Danmörku til Íslands sèr í lagi að takast til greina, þá voru tveir af nefndarmönnum kosnir til, að skrifa nefndarálitið, en, eins og segir sig sjálft, einungis að því leyti, sem það var þá orðið rætt í nefndinni. En nefndarálit þetta var eigi að öllu leyti samið því síður upp lesið á fundum nefndarinnar fyrir þann 20. f. mán. Nokkru áður hafði fjárhagsmálið komið til verulegrar umræðu í nefndinni, og vildu þá sumir nefndarmenn láta það koma fram að eins í ávarpi til konungs, en aptur gátu sumir nefndarmenn ekki orðið því samdóma, heldur tóku það skýrt fram, að þeir vildu gjöra það að skilyrði í niðurlagsatriðum nefndarinnar bæði samkvæmt bænarskránum og auglýsingu konungs til þingsins, jafnframt því, er þeim virtist stjórnarfrumvarpið sjálft í 2. grein »bráðabyrgðarákvarðananna» gefa tilefni til þess.

Að vísu samdi framsögumaður eptir það, niðurlag og niðurlagsatriði nefndarálitsins, en það var eigi tekið til verulegrar umræðu fyrr, en þann 19. f. mán., og því síður samþykkt af nokkrum nefndarmanna; en á fundi þeim kom einn af oss fram með uppástungu um niðurlagið og niðurlagsatriðin, þar sem fjártillagið frá Danmörku var gjört að beinu skilyrði, eins og áður hafði verið tekið fram í nefndinni, og er þetta niðurlag og niðurlagsatriði að

mestu óbreytt, eins og það nú kemur fram í nefndarálitinu, bls. 24—27; en formaðurinn vildi þá ekki leyfa neinar umræður um þessi niðurlagsatriði né ástæðurnar fyrir þeim, og kvað uppástungumann enga heimild hafa til, að bera þvílíka uppástungu fram, og eptir nokkrar umræður um það atriði var fundinum slitið, og fundur á kveðinn næsta dag kl. 11, en þá kom formaðurinn svo seint, að eigi var tími til fyrir nefndina, að halda fundinn áður en þing væri sett. Boðaði því formaðurinn aptur fund um kveldið sama dag, og kom þá mál þetta enn til umræðu; en þar eð formaðurinn kvaðst eigi leyfa, að tillag þetta væri gjört að skilyrði í nefndarálitinu nema því að eins, að allir nefndarmenn lofuðu að ganga eigi að hærra tillagi, þó uppástunga kæmi fram um það á þingi; en enginn vor nefndarmanna vildi ganga undir það skilyrði, og eigi var auðið að koma neinu samkomulagi á, neyddumst vèr til að ganga af fundi, en lýstum jafnframt yfir því, að vèr værum allir samdóma um þetta niðurlag og niðurlagsatriði, og hèldum fast við það, og geymdum oss rètt til, sem meiri hluti nefndarinnar, að láta það koma fram í nefndarálitinu.

Nú töldum vèr sjálfsagt, að formaðurinn mundi kalla oss á fund næsta dag, til að leiða nefndarálitið til lykta; en er það brást, skrifuðum vèr honum 22. dag f. m., og skoruðum á hann að kalla oss á fund fyrir kl. 6. um kveldið, til að fullgjöra og undirskrifa nefndarálitið; en í stað þess sendi hann forseta málið, og þar með niðurlag og niðurlagsatriði, er hann *sjálfur* hafði samið og undirskrifað í nafni nefndarinnar, en sem *vèr* hvorki höfðum sèð nè rætt, jafnframt og hann afsalaði sèr formennskunni í hendur forseta. Eptir að vèr því næst höfðum ritað forseta og óskað liðsinnis hans til þess málið gæti á formlegan hátt leiðzt til lykta, meðtókum vèr brèf formannsins og öll skjöl málsins með því; í því brèfi afsalar hann sèr formennskunni til nefndarinnar, og kallaði þá skrifari hennar alla nefndarmenn á fund, en á þann fund kom formaðurinn alls eigi, svo að vèr urðum að kjósa oss nýjan formann; og er vèr því næst höfðum fullsamið, rætt og undirskrifað nefndarálitið, var það sent hinum fyrra formanni til undirskriptar, er hann hefir gjört á þann hátt, er ágreiningsatkvæði hans aptan við álit meiri hluta nefndarinnar sýnir.

Á sama hátt var hinum öðrum meðnefndarmanni vorum, er gjört hefir ágreiningsatkvæði, sent málið til undirskriptar.

Vèr vonum þannig, að hafu gjört skýra grein fyrir aðgjörðum

vorum í nefndinni, og að þingið sjái, að ámæli hins fyrra formanns vors gegn oss eru ástæðulaus.

Alþingi, 7. september 1867.

Benedikt Sveinsson. Jón Sigurðsson. Páll J. Vídalín. Eiríkur Kúld, Stefán Jónsson. Halldór Kr. Friðriksson. skrifari.
Stefán Thordersen.

NEFNDARÁLIT.

um konunglegt frumvarp til laga handa Íslandi um afplánun fésekta í öðrum málum en sakamálum. (Sbr. bls. 166—171).

Hið virðulega þing hefir kosið oss undirskrifaða í nefnd til að segja álit vort um frumvart þetta. Hefir nú nefndin yfirvegað og rætt það, fyrst í sambandi með hegningarlaga frumvarpinu, og þar næst sèr í lagi á fundum, og leyfir hún sèr nú að bera upp svo látandi álit sitt um málið:

Þegar litið er annars vegar á efni og stefnu frumvarpsins yfir höfuð að tala, en hins þegar á það hvernig hèr á landi hagar til, og nægilegt tillit er haft til þeirra neyðarúrræða, eður þó fremur úrræðaleysis þess, sem hèr er að skipta, þegar er að ræða um afplánun sekta eptir nú gildandi lögum, þá munu allir verða að játa, að lagaboð eptir grundvallareglum og stefnu frumvarpsins megi verða veruleg rèttarbót í þeim efnum, sem hèr ræðir um, undir eins og skilyrði þau, sem það er við bundið, þ. e. fangahúsin, gæti verið til staðar. Það er sem sè ómótmælanlegt og helzt til of almennt og of kunnugt, að fjársektir þær, sem ræðir um í frumvarpinu, hvort sem þær eru ákveðnar með lögregludómi eður með úrskurði yfirvalda, einatt vilja falla niður ýmist að nokkru, en ýmist að öllu leyti, sakir örbyrgðar þess flokks landsbúa, er helzt og optast verða fyrir slíkum sekta-utlátum, en hvorki lögin nè annað fyrirkomulag hafa gefið kost á öðruvísi afplánun sektanna, heldur en þeirri, sem tilsk. 24. jan. 1838 9. grein stafl. c., fyrirskipar, og er þá auðsætt, að verði til afplánunarinnar að koma, þá verður optast nær að grípa til hýðingar úrræðisins. Nefndin verður einnig og sèrstak-

lega að vekja athygli hins virðulega þings á ákvörðuninni í 4. gr. frumvarpsins, því sú ákvörðun hefir að voru áliti, verulega (practiska) þýðingu, eptir því sem hèr stendur á, þar sem það ber hèr svo þrávalt að og víðsvegar um land, að það er einatt bundið ýmsum vandkvæðum, vafningum og hreinum vandræðum á stundum, ýmist fyrir hlutaðeigandi sveitarstjórnir, en ýmist fyrir mæðurnar, sem almennt halda óskilgetnu barni hjá sèr til 7. árs, að ná frá föðurnum forlagseyri þeim, er hann ýmist eptir gildandi lögum og venju, en ýmist eptir sætt eður samningi er skyldur til að leggja á borð árlega með barni sínu. Hið sama má segja með þá menn, er skilið hafa við konu sína að borði og sæng, en sætt sú, er skilnaðurinn var við bundinn, hefir skuldbundið hann til, að leggja konu sinni ákveðinn forlagseyri árlega unz algjörður hjónaskilnaður er fenginn. Í hvorugu þessu tilfelli hefir hèr á landi yfir höfuð að tala orðið beitt öðru aðhaldi við hinn gjaldskylduga, heldur en fjárnámi, en það er margföldum vandkvæðum bundið í sjálfu sèr, því einatt verður það árangurslaust, þó að greiðandi sè eigi langt undan, sakir bæði tregðu og viljaleysis hans, þar sem hann, ef því er að skipta, á hægt með að koma svo ár sinni fyrir borð, að fógeti finni lítið eður ekkert til að taka lögtak; en sè aptur sá, sem forlagið á að útleysa, í annari sýslu eða öðru amti heldur en hinn, þá verður fjárnáms tilraun optast að farast fyrir, eða falla í burtu, sakir kunnáttuleysis krefjanda, og af því hann hefir engin tök á að fylgja því fram.

Við hinar einstöku greinir 1.—4. finnur nefndin ekkert sèrstaklega athugavert.

Með því það segir sig sjálft, að lagaboði samkvæmt frumvarpi þessu verður ekki fullnægt fyrr en skilyrðið fyrir svofelldri afplánun, sem þar ræðir um, það eru fangahúsin, eru til staðar, og í sambandi við þá skoðun þar að lútandi, sem komið hefir fram á alþingi í málinu um almenn hegningarlög á Íslandi, þá virðist nefndinni rèttast að breyta 5. gr. þannig, að löggilding lagaboðsins sè við það eina takmark bundin, þegar búið er að koma upp fangahúsum á Íslandi.

Samkvæmt framanskrifuðum ástæðum leyfir nefndin sèr að ráða hinu heiðraða alþingi til, að rita konungi þegnlegt álitsskjal um málið og biðja:

Að konungur allramildilegast gjöri frumvarp þetta að lögum, þegar búið er að koma upp fangahúsum hèr á landi.

Alþingi 25. ágúst 1867.

Benidikt Sveinsson. *Pètur Guðjónsson.* *Bergur Thorberg.* formaður.

Arnljótur Ólafsson. skrifari. *Jón Sigurðson.* *Páll Vídalín.* *Jón Guðmundsson.* framsögumaður.

ATKVÆÐASKRÁ

í málinu um konunglegt frumvarp til laga um afplánun fèsekta í öðrum málum en sakamálum. (Sbr. bls. 595).

---

1. gr.

1. frumv. 1. gr. (óbreytt).

2. gr.

2. frumv. 2. gr. (óbreytt).

3. gr.

3. frumv. 3. gr. (óbreytt).

4. gr.

4. frumv. 4. gr. (óbreytt).
(Tölul. 1—4 samþ. með 21. atkv.).

5. gr.

5. *Nefndin*: að frumvarp þetta verði gjört að lögum, þegar búið er að koma upp fangahúsum hèr á landi. (Fellt með 14 atkv. gegn 4).

6. frumv. 5. gr.: »Lög þessi öðlast lagagildi undir eins og almenn hegningarlög handa Íslandi.» (Samþ. með 22 atkv.). — *Sveinn Skúlason.* Breytingaratkvæði (við tölul. 5.): að frumvarpið verði gjört að lögum *jafnframt* og almenn hegningarlög handa Íslandi. (Fallið við 6. tölul.).

7. fyrirsögn frumvarpsins. (Samþ. án atkv.).

8. frumvarpið allt í heild sinni. (Samþ. með 21. atkv.).

ÁLITSSKJAL

til konungs um konunglegt frumvarp til almennra hegningarlaga handa Íslandi. (Sbr. bls. 498—520).

Fulltrúi yðar Hátignar lagði fyrir þetta þing «frumvarp til almennra hegningarlaga handa Íslandi».

Þingið setti í málið 7 manna nefnd, ræddi það síðan á 2 aðalfundum sínum, og skal nú þegnsamlega skýra frá áliti sínu um það.

Þingið viðurkennir það fúslega, að það væri harla mikill ávinningur fyrir Ísland, að í stað hinnar eldri hegningarlöggjafar, sem í öllum aðalatriðum var hin sama hèr og í Danmörku, komi hin nýju endurbættu hegningarlög Danmerkur 10. febrúar 1866, því auk þess að menn á þann hátt fengju hinar eldri hegningarákvarðanir safnaðar saman í eina heild, skipulega niðurraðaðar og ljósar yfirlits, bæði fyrir þá, sem beita eiga lögunum, og eigi síður hina, sem beita verður þeim við, þá er það þinginu einnig ljóst, að þessi nýju hegningarlög bera vott þeirrar mildi og mannúðar, sem er svo eðlileg og samsvarandi þessa tíma menntun, framför og frjálsa skoðunarhætti. Hèr að auki eru afnumdar allmargar hegningarákvarðanir hinna eldri laga, sem orðnar eru úreltar, og móthverfar hugsunarhætti manna og siðferðislegri meðvitund nú á tímum og aðrar komnar í staðinn, er betur eiga við. Þess vegna verður þingið að játa, að landið mundi öðlast mikla og verulega rèttarbót, yrði frumvarp það, er hèr ræðir um, gjört að lögum með þeim breytingum, er nauðsyn krefur, bæði málsins vegna og eins sökum þess, að hèr á landi stendur nokkuð öðruvísi á en í Danmörku.

En þó þingið hafi nú þessa skoðun, varð það jafnframt að fallast á það, sem stendur í frumvarpsins 307. gr. sem sè, að lög þessi eigi ætti að ná lagagildi, fyrri en skilyrðin fyrir því, að þeim verði beitt, og sèr í lagi fangelsin, sem með þarf, eru til orðin. Að vísu var stungið upp á því á þinginu, að þau mættu fá gildi fyrr, og inn í lögin væri tekin grein um það, að í þeim tilfellum, þar sem lög þessi ákvæðu fangelsisstraff og hegningarvinnu um tvö ár og skemmri tíma, skyldi, þangað til búið væri, að koma upp fangahúsum á Íslandi, beita vandarhaggarefsingu og sektum eptir reglunum í tilsk. 24. janúar 1838, 4. gr. En að taka nokkra slika ákvörðnn inn í þessi nýju lög um hýðinguna, sem allir verða að játa, að sè, eins og stendur í ástæðunum til

frumvarpsins, hneixlanleg og óhentug hegning, áleit þingið með öllu ófært, enda hefir og stjórn yðar Hátignar í brèfi sínu, er hún leitaði álits stiptamtmannsins og yfirdómsins um málefni þetta, lagt hvað mesta áherzlu á, að hýðingin yrði úr lögum numin.

En úr því nú þannig að bið hlýtur að verða á því á annað borð, að frumvarp þetta geti orðið að lögum, og með því þingið jafnframt fann, að hin brýnasta nauðsyn bæri til, að vanda sem mest lög þessi, bæði að orðfæri og efni, áleit þingið mjög æskilegt, að frumvarpið yrði á ný borið upp fyrir þingið, áður en það fengi lagagildi, og þá haft tillit til breytinga þeirra, sem þingið nú hefir leyft sèr þegnsamlega að stinga upp á; mættu þá lög þessi, að líkindum, verða mjög vönduð, og eiga hèr vel við.

Þingið skal enn fremur leyfa sèr þegnsamlega að geta þess, að sökum þess, að stjórnarformið er enn sem komið er hèr á landi nokkuð öðruvísi en í Danmörku, og hin evangeliska lúterska trú hin drottnandi trú, þá fannst þinginu, að þetta skipta talsvert málum, og að eigi dygði að innleiða hèr dönsk lög í þessum efnum, svo sem fyrirhugað er í frumvarpsins 9., 10., 11. og 15. kapítulum og 110. gr. 1. kafla, nema því að eins, að stjórnarformið breyttist hèr, og hèr kæmist á almennt trúarbragðafrelsi; en kæmist þetta hvorugt á, áleit þingið, að þessir kapítular yrðu að semjast á nokkurn annan hátt, samkvæmt því stjórnarformi, sem nú er hèr, og með nægu tilliti til þess, að hin lúterska trú er hèr nú drottnandi trú, og vonast þá þingið þegnsamlega eptir því, að verði nefndum kapítulum breytt þessu samkvæmt, fái þingið að segja álit sitt í hið minnsta um þá breytingu, áður en þeir verði lögleiddir.

Þessu næst skal nú þingið leyfa sèr, þegnsamlega, að segja álit sitt um hinar einstöku greinir frumvarpsins.

Við 4. og 5. grein hefir það gjört lítilfjörlegar orðabreytingar, sem þinginu virðast vera auðsjáanlega til hins betra.

Aptan við 6. gr. virðist þinginu betra að bætt væri þessum orðum: «ef brotið heyrir undir 4. eða 5. grein, en annars eptir lögum þess landsins, hvar hegningin er mildari». Þinginu virðist sem sè það í alla staði eðlilegt, að afbrot þau, sem nefnd eru í 4. og 5. grein verði dæmd eptir íslenzkum lögum, þar eð þau einmitt verða saknæm eptir þeim, af því að brot þesi annaðhvort eru framin í þeim tilgangi, að sneiða sig hjá hegningarákvörðunum í lögunum sjálfum, eður eru brot á móti skyldum manns annaðhvort

við konungsveldið, eður við menn sem eru undir vernd laga þess. En þegar brotið eigi heyrir undir hinar nefndu greinir, og þannig eigi er brot gegn hinum íslenzku hegningarlögum, virðist þinginu það óeðlileg harka gegn hinum brotlega, þó brotið kunni að vera þess eðlis, að stjórninni hèr á landi virðist nauðsynlegt, að höfða mál gegn honum fyrir það, til þess að sjá hinu almenna borgið, að hegna honum eptir þeim lögum, er hèr gilda, og sem hann, sem sagt, eigi hefir missèð sig neitt á móti, ef að mildari hegning er lögð við brotinu á þeim stað, þar sem það er framið heldur en hèr, því hvorki hefir hann í sjálfu sèr verðskuldað hærri hegningu, en ákveðin er í þess lands lögum, sem hann brýtur á móti, og svo er heldur engan veginn sagt, að hann hefði drýgt brotið, hefði þar legið jafn þung hegning við því, sem hèr, en þar af virðist aptur beinlínis leiða, að hið opinbera hèr á landi eigi hafi, þó það sè í því skyni að verja sjálft sig, næga ástæðu til að beita gegn honum hinni þyngri hegningu, sem hèr er lögð við brotinu, eður yfir höfuð þyngri hegningu, en þeirri, er lögð var við því, þar sem það var drýgt. Við 17. og 23. gr. hefir þingið gjört nokkrar nauðsynlegar orðabreytingar. Í 31. grein stendur, að sektin skuli falla í ríkissjóð; en með því það er þó tilgangurinn, að þær verði álitnar sèrstaklegar tekjur Íslands, verður þingið að álíta, að meiningin kæmi ljósar fram, ef ákvörðun þessi væri þannig orðuð, að sektirnar renni inn í hinn sama sjóð og landstekjurnar.

Við 37., 38., 40., 41., 47., 48., 52., 54., 55., 57., 58. og 63. og í fyrirsögninni til 8. kap. eins við 71. og 72. gr., hefir þingið einnig gjört nokkrar nauðsynlegar orðabreytingar og sömuleiðis við 73. gr. Með tilliti til orðabreytingarinnar í 72. gr. skal þingið geta þess, að orðið «Danmerkurríki» að eins hefir verið haft um nokkurn hluta af löndum Dana konunga, en orðið «Danaveldi» um öll þau lönd, er þeir hafa yfir að ráða, en ákvörðunin í grein þessari er almenn og lýtur til allra þessara landa.

Hvað 77. gr. snertir, þá getur þinginu ómögulega virzt annað, en að það hljóti að vera, meðan engin herskylda hvílir hèr á landsmönnum, langt um minni yfirsjón, eptir hlutarins eðli, að ráða menn hèr til útlendrar herþjónustu, þegar það eigi er móti Danaveldi, heldur en slíkt hlýtur að vera í Danmörku, þar sem hernaðarskylda hvílir á landsbúum, eins og það og á meðan engin yfirsjón getur verið af mönnum hèr á landi, að þingsins áliti, þó þeir lèti leiðast til að ganga í útlenda herþjónustu, þegar svo

stendur á, sem fyrr er mælt. Þingið verður þannig að álíta, að hegningin í 1. kafla greinar þessarar, ætti meðan herskylda eigi er innleidd hèr á landi, eigi að geta orðið hærri á fyrri staðnum en 4. ára hegningarvinna, og á seinni staðnum, einfalt fangelsi eður betrunarhúsvinna allt að einu ári, og að hegning sú, sem nefnd er í miðkafla greinarinnar ætti að falla burtu. Einnig hefir þingið gjört lítilfjörlega orðabreyting í þessari grein.

Við 83., 88., 91., 99., 100., 101, 102, 104, 105, 111., 118., 119. gr., hefir og þingið gjört nokkrar nauðsynlegar orðabreytingar.

Við 121.—122. Þinginu virðist ástæða til, að láta gjörðarmenn, þegar málspartarnir hafa komið sèr saman um að leggja mál sitt í gjörð, sæta sömu hegningu og dómnefndarmenn, fyrir afbrot það sem hèr um ræðir.

Af ástæðum þeim, sem nefndar eru við 31. grein, álítur þingið, að breyta eigi orðinu «ríkissjóði» í 123. gr. og setja í þess stað, sjóð, sem landstekjurnar renna inn í.

Við 125. og 127. gr. hefir þingið gjört nokkrar orðabreytingar.

Það hefir lengi verið venja hèr á landi, og er heimiluð við Jónsbók, að leita þjófaleit á bæjum, er einhverju hefir verið stolið, ef líkindi eru til, að þjófnaðurinn á þann hátt geti komizt upp. Þjófaleitir þessar hafa ætíð framfarið með hinni mestu varkárni, og eru opt hið einasta ráðið til að koma upp þjófnaði hèr á landi, þar sem lögregluvaldið er svo veikt, og eru því álitnar nauðsynlegar; þingið verður því að álíta nauðsynlegt, að aptan við 129. grein verði sett ákvörðun um, að þjófaleitirnar megi viðhaldast, þar eð þær annars kynnu að álítast ólöglegar, ef engin ákvörðun fyndist um lögmæti þeirra.

Við 136, og 138. gr. hefir þingið gjört nokkrar orðabreytingar.

Þingið verður að álíta, að hegning sú, sem nefnd er í 139. grein, eigi að eins við um póstmeistara, sem svíkja embættisskyldu sína, en þar á móti álítur þingið, að hegningin eigi að vera talsvert vægari, þegar sá starfi að opna pósttöskur o. s. frv., sem tíðast er hèr á landi, er falinn á hendur prestum, bændum eður öðrum, fyrir litla sem enga borgun, og þessi starfi þannig eigi á neitt skylt við þeirra eiginlegu stöðu; og virðist þinginu, að hegningin í þessu tilfelli megi vera hálfu minni.

Við 148. og 153. gr. hefir þingið gjört nokkrar nauðsynlegar orðabreytingar.

Í 176. gr. er auðsjáanlega talað um það tilfelli, þegar stúlka

er numin burtu, er eigi er orðin ráðandi yfir verustað sínum eður persónu sinni; en með því stúlkur hèr á landi fá þessi ráð 16 ára gamlar, verður að laga ákvörðunina þar eptir.

Í 186. gr. er orðaskipunin í byrjuninni talsvert færð úr lagi því, sem hún er í danska textanum, því eptir orðanna hljóðun ætti hver sá að sæta hegningu þeirri, sem í greininni er nefnd, sem verður til almenns hneixlis; í stað þess að meiningin eptir danska textanum er: að hann skuli hafa orðið til almenns hneixlis með sauruglegu athæfi. Meiningin yrði nú að vísu ljós, ef niðurskipuninni á orðunum væri þannig breytt: «Hver sem með saurugu athæfi særir blygðunarsemi manna, eða er til almenns hneixlis (c: með sauruglegu athæfi); en þinginu þótti betur fara, að geta þess með berum orðum, að hegningin næði einnig til þeirra, er yrðu til almenns hneixlis með sauruglegum orðum, og vildi því, að bætt yrði aptan við fyrr tèða klausu orðunum: «með hegðun sinni eður orðum», er þá verður að skiljast með sauruglegri hegðun sinni eður sauruglegum orðum, sem sèst af því, að kapítuli þessi hljóðar um afbrot á móti skírlífi.

Við 191., 198., 202., 205., 206., 212., 213., 215., 217., 230., gr. hefir þingið gjört nokkrar orðabreytingar, sem því virðast allar betur fara og sumpart vera nauðsynlegar.

Við 237. gr. Því verður eigi neitað, að það er hugsunarháttur manna hèr á landi, að skoða það eigi sem reglulegan þjófnað, er hlutur sá, sem tekinn er ófrjálst, nemur litlu verði, og sè eigi neinar sèrstaklega herðandi kringumstæður tökunni samfara; hefir þetta brot sèrskilt nafn í málinu og er þetta hvinnska eður hnupl; eptir þessum hugsunarhætti manna hafa hin eldri lög, bæði Grágás og Jónsbók lagað sig; og setja síðarnefndu lögin eyri sem takmark fyrir hvinnskunni, og leggja allt aðra hegningu við henni en sönnum þjófnaði. Eins og nú þannig einlægt sannur þjófnaður og hvinnska eru í hugsunarhætti manna hèr á landi sitt hvað og tveir ólíkir glæpir, svo hafa og margir hinir beztu lögfræðingar landsins álitið, að þó hegningunni, er í Jónsbók var ákveðin fyrir þjófnað við hina norsku og dönsku löggjöf síðan hafi verið breytt, þá hafi þó breyting þessi eigi náð til hvinnskunnar, og að greinarmunurinn á millum sannarlegs þjófnaðar og hvinnsku hafi í löggjöfinni í rauninni fyrst burtfallið hèr á landi við tilsk. 24. janúar 1838, en hafi komið fram aptur við tilskipunina 11. apr. 1840 § 30, sem að vísu gefur nokkuð aðra lýsingu á þeirri heimildarlausu

töku, er að eins varði sektum, en sem liggur í hvinnsku hugmyndinni; en eins og tilskipunin samt byggir þessa ákvörðun sína á hinum almenna hugsunarhætti í Danmörku, er hún fyrst var gefin fyrir, þannig virðist og eðlilegast, að ákvörðunin við að gjörast gildandi hèr á landi, yrði eins að sínu leyti að taka tillit til hugsunarháttarins hèr á landi í þessu efni. Og þó gjörður væri í lögunum hèr á landi munur á hvinnsku og sönnum þjófnaði, þá væri slíkt engin fádæmi, þar sem slíkt á sèr stað í mörgum hinum beztu lögum, svo sem hinum frakknesku o. s. frv., er jafnvel eigi skoða hvinnskuna sem sakamál. Jafnframt þessu leyfir þingið sèr þegnsamlega að geta þess, að það álítur betra, eptir því sem nú hagar til hèr á landi, að takmarka hvinnskuna við 2 rd., er hèr um bil samsvarar eyri og samkvæmt þessu hefir það breytt greininni við 238. gr. Það kemur opt fyrir hèr á landi, að maður tekur traustataki annars manns hlut, ef manni liggur mjög á og ómögulegt er að ná í eigandann til að fá leyfi hans, svo sem hest til að ríða yfir ár, bát annars manns til að bjarga skepnum sínum, sem í voða eru staddar o. s. frv., er þetta álitið með öllu vítalaust, og sá sem traustatakið tekur að eins skyldur til að svara eigandanum fullum skaðabótum, ef hluturinn skemmist, og jafnvel þóknun fyrir brúkunina. Sá sem traustataki tekur einn hlut, má eigi fara í neitt launpukur með það, eins og hann eigi heldur má gjöra það í neinum þjóflegum huga, heldur í trausti til þess, að eigandinn sem frændi sinn eður vinur eður yfir höfuð sem drenglundaður maður mundi eigi undir slíkum kringumstæðum hafa neitað sèr um töku eður brúkun hlutarins, ef hann hefði getað leitað leyfis hans. Af þessum ástæðum hefir þingið álitið nauðsynlegt, að gjörður væri viðauki við þessa grein, hvar í þetta væri tekið fram.

Við 240., 242., 253., 254., 257 greinarnar hefir þingið álitið nauðsynlegt, að gjörðar væri nokkrar orðabreytingar.

Við 258 gr. Í samhljóðun við það, sem þingið hefir getið við 237 grein, verður það að álíta nauðsynlegt, að það eigi verði látið varða nema fjársekt allt að 25 rd., ef skaði sá, er af svikunum hefir hafzt, eigi nemur 2 rd. Eins álítur það betra, að lítilfjörleg orðabreyting sè gjörð í grein þessari.

Í 259., 268., 270., 277., 279., 280., 282., 283. gr. heldur þingið betra, að gjörðar væri nokkrar orðabreytingar.

Í 284 gr. álítur þingið að bæta ætti inn í eptir orðið »akur» í upphafi greinarinnar orðunum: »eður engi».

Í 286., 289., 290., 292., 293., 294., 296., 299 og 300 gr., álítur þingið betra, að gjörðar væru nokkrar orðabreytingar.

Í 207 gr. er svo tilætlazt, að lög þessi fyrst fái lagagildi, er skilyrðin fyrir því, að þeim verði beitt, sèu til orðin, og einkum fangelsi þau, er við þarf, uppkomin, og að stjórninni veitist heimild til að tiltaka nákvæmar um þann tíma. En þingið verður að álíta það langtum eðlilegra, að tími sá verði með konunglegum úrskurði ákveðinn, er fara á að beita lögunum.

Eptir að þingið nú þannig hefir látið í ljósi þegnsamlegt álit sitt um hinar einstöku greinir frumvarpsins, skal það allraþegnsamlegast geta þess, að því virðist betra, að aptan við lögin væri talin upp hin eldri sakalög, bæði þau, er við þessi sakalög alveg eður að nokkru leyti falla úr gildi, og eins þau, er halda gildi sínu fyrir þeim.

Loksins leyfir þingið sèr þegnsamlega að geta þess, að það álítur hentugra, að í hverri syslu yrði komið upp fangahúsi, heldur en að eitt fangahús sè haft fyrir hvert amt, því það getur opt orðið mikill kostnaður að koma föngunum úr hinum fjarlægustu sýslum til amtsfangahúsanna, og því nær ógjörningur á vetrardag; eins álítur þingið það mjög áríðandi, að fangahúsum þessum og hegningarhúsi í Reykjavík yrði sem fyrst komið á fót, og að lagt mætti verða fyrir næsta alþingi frumvarp um tilhögun fangelsa þessara og hegningarhússins og um kostnað til þeirra.

Samkvæmt öllu þessu, sem nú er sagt, leyfir þingið sèr allraþegnsamlegast að beiðast þess, að

Við 4. gr. verði orðunum: «þar á landi» breytt í: á Íslandi».

Við 5. gr. fyrir orðin: «með landráðum» komi: «í landráðum».

Við 6. gr. að aptan við greinina verði þessu bætt: »ef brotið heyrir undir 4. eður 5. grein, en annars eptir lögum þess landsins, hvar hegningin er mildari» (með 13 atkv. gegn 2).

Við 17. gr. að önnur málsgrein: «Hafi sá, sem í hlut á ... er svo varið» verði þannig orðuð: «Eptir atvikum og einkum eðli misgjörningsins má hið sama einnig eiga sèr stað, þegar hinn sakfelldi hefir gjört sig sekan til hegningar í fangelsi við vatn og brauð, og honum áður hefir verið refsað fyrir misgjörninga á Íslandi eða annarstaðar».

Við 23. gr. að í staðinn fyrir: «tvisvar eða fleirum sinnum 5 dagar» verði sett: «5 dagar tvisvar sinnum eður optar», og fyrir: «þrisvar eður fleirum sinnum 5 dagar» verði sett: «5 dagar þris-

var eða optar», og í stað orðanna: «en eiga 5. daginn frjálsan» verði sett: «en hafa hlé 5. daginn».

Við 31. gr. að í staðinn fyrir: «ríkissjóðinn» verði sett: «hinn sama sjóð og landstekjurnar». Samþ. með 20 atkv.).

Við 37. gr. að í stað orðanna: «og hann því næst hefði orðið fyrir stærri refsingu» verði sett: «og hann í annan stað hefði orðið fyrir þyngri refsingu», og að fyrir orðið: «stærri» í næstu málsgrein verði sett: «þyngri».

Við 38. gr. að fyrir orðin: «stærri refsingu» verði sett: «þyngri hegningu».

Við 40. gr. að fyrir orðið: «bjána» verði sett: «hálfvita», fyrir orðið: «sjálfræði» verði sett: «frjálsræði».

Við 41. gr. að fyrir orðið: «forviða» verði sett: «frá sèr numinn».

Við 47. gr. að í staðinn fyrir: «fullkomnazt» verði sett: «verið fullkomnað», og fyrir: «afbrotið fullkomnist» verði sett: «afbrotinu yrði að fullu framgengt».

Við 48. gr. að í staðinn fyrir: «höfuðsmanninn» verði sett: «forsprakkanum» (og á sama hátt annarstaðar í frumvarpinu).

Við 52. gr. að fyrir: «hvötum» verði sett: «upphvatningum».

Við 54. gr. að fyrir orðið: «vítislaus» verði sett: «vítalaus», og sömuleiðis annarstaðar í frumvarpiuu.

Við 55. gr. að eptir orðin: «eins og væri þeir» verði bætt inn í: «hver fyrir sig».

Við 57. gr. að í stað orðsins: «kauplaust» verði sett: »án þess endurgjald komi fyrir», og fyrir: «fullorðnari menn» verði sett: «þá sem eldri eru».

Við 58. gr. að eptir orðin: «sem sett eru í lögum» verði bætt: »þessum», og fyrir orðin: «hversu hættulegt verkið er» verði sett: «hversu mikil hætta er búin af verkinu».

Við 63. gr. að fyrir: «jafnaðarlega» verði sett: «venjulega».

Fyrirsögnin til 8. kapítula orðist þannig: »um fyrningu sakar».

Við 71. gr. að í stað orðanna í upphafi greinarinnar: »tilverknaður til hegningar fyrnist ekki» verði sett: »sök fyrnist ekki».

Að níundi kapituli verði felldur úr, nema því að eins, að Ísland fái sèrstaka stjórnarbót, en að öðrum kosti leggi stjórnin fyrir næsta þing nýtt frumvarp um þessi málefni, sniðið eptir því stjórnarformi sem nú er (með 18 atkv. gegn 7).

Við 72. gr. Hèr og annarstaðar í frumvarpinu verði sett

fyrir orðið: «Danmerkurríki», «Danaveldi» eður «hið danska ríki».

Við 73. gr. að síðari hluti greinarinnar: «Gjöri maður annars . . . þá varðar það» o. s. frv. verði þannig orðuð: «En gjöri maður Danaveldi til miska eða tjóns, samtök — til þess að koma henni til að skerast í málefni ríkisins, eða gjöra kröfur til ríkisins, þá varðar það», o. s. frv.

Við 77. gr. að í staðinn fyrir orðin: «lætur tillokkast að ganga í útlenda herþjónustu» verði sett: «lætur leiðast til að ráðast í útlenda herþjónustu», og að aptan við greinina verði bætt: «Meðan landvarnarskylda ekki er lögtekin á Íslandi má færa niður hegningu þá, sem nefnd er í 1. kafla greinar þessarar á fyrri staðnum til 4 ára hegningarvinnu, og á síðari staðnum til einfalds fangelsis, eður betrunarhússvinnu allt að einn ári; og á meðan er líka brot það, sem nefnt er í öðrum kaflanum, vítalaust».

Við 83. gr. að í staðinn fyrir: «ríkisstjóra» verði sett: «landshöfðingja», og að fyrir: «ef að maður annars meiðir útlendar þjóðir» verði sett: «en gjóri maður á hluta útlends veldis».

Að allur 10. kapítuli verði felldur úr (með sama skilyrði og við níunda kapítula (með 19 atkv. gegn 6).

Við 83. gr. að í stað orðanna: «í eitthvert skipti» verði sett: «á tilsettum tíma».

Að allur 11. kapítuli verði felldur úr (með sama skilyrði og við 9. og 10. kapítula. (Með 19 atkv. gegn 6).

Við 91. gr. að í stað orðanna: «sem konungi ber» verði sett: «sem ber að sýna konungi».

Við 99. gr. að fyrir orðið: «yfirboð: komi: «vald».

Við 100. gr. að fyrir orðið: «beitir» verði sett: «gjörir sig sekan í».

Við 101. gr. að fyrir orðið: «rèttara» verði sett: «rèttarþjóna».

Við 102. gr., að upphaf greinarinnar orðist þannig: «Hver sem veður upp á embættismann eða nokkurn þann maun, sem nefndur er í 99.—101. greinar með smánunum, skammaryrðum eður öðrum meiðandi orðum, þegar hann» o. s. frv.

Við 104. gr. að niðurlag greinarinnar verði þannig orðað: «en hafi mannsöfnuðurinn rofizt annaðhvort af sjálfsdáðum eða eptir áskorun yfirvaldsins, án þess að óskundi hafi verið gjörður mönn-

um eða á fjármunum skal að eins refsa forsprökkunum með fangelsi eða betrunarhússvinnu allt að einu ári».

Við 105. gr. Að í upphafi greinarinnar eptir orðið: «mannsöfnuð» verði sett, er saman hefir þyrpzt á almannafæri» og að orðin á opinberum stað» verði felld úr.

Við 110. gr. að 1. kafli greinarinnar verði felldur úr, með sama skilyrði og við 9. kapítula (með 15 atkv. gegn 7).

Við 111. gr. Að fyrir orðin: «dregur yfir þau» verði sett: «dylur þau».

Við 118. og 119. gr. Að fyrir orðið: »ávinningi» verði sett; «hagsmunum».

Við 121. gr. Að bætt verði inn í upphaf annars kafla greinarinnar eptir upphafsorðið: «verði» þessum orðum: »gjörðarmenn eða» (með 13 atkv.)

Við 122. gr. Að eptir orðið: «dómara» verði sett inn í: «gjörðmann».

Við 123. gr. Að í staðinn fyrir: «ríkissjóðnum» verði sett: «sjóði þeim, er landstekjurnar renna inn í».

Við 125. gr. Að upphaf greinarinnar verði þannig orðað: «Embættismanni, er beitir embættisvaldi sínu til þess, að þröngva nokkrum manni á ólöglegan hátt», o. s. frv.

Við 127. gr. Að í stað orðanna: «kúga mann verði sett: »þröngva manni».

Við 129. gr. Að bætt verði aptan við greinina: «þó má leita þjófaleit, eins og tíðkanlegt hefir verið, þegar nauðsyn krefur» (samþ. með 10 atkv. gegn 6).

Við 136. gr. Að í stað orðanna: «sem manni» í þriðja kafla greinarinnar verði sett: »sem embættismanni».

Við 138. gr. Að í stað orðanna: «sem hann veit um» verði sett: «sem hann veit» og fyrir: «ekki er skyldugur um þau» verði sett: «ekki er skyldugur um».

Við 139. gr. Að bætt verði aptan við greinina: «en sè ekki þessi staða hans sameinuð embætti hann eður, sè hann embættislaus varðar brotið hálfu minni hegning» (samþ. með 10 atkv. gegn 4).

Við 148. gr. Að fyrir orðin: «þess, sem hans og málspartanna er á milli» verði sett: «stöðu hans til málspartanna».

Við 153. gr. Að fyrir orðin: «skriflega sönnun» verði sett: «vottun» og fyrir «sönnun með eiði verði sett: «vottun» með eiði».

Að 15. kap. komi eigi út sem lög, nema því að eins að Ís-

land fái almennt trúarbragðafrelsi, en annars leggi stjórnin fram fyrir næsta þing frumvarp, sniðið eptir þeim lögum, er nú gilda hèr í þessu efni.

Við 176. gr. Að fyrir orðin: «18 ára» verði sett: »16 ára». (samþ. með 17 atkv. gegn 3).

Við 186. gr. Að upphaf greinarinnar: »hver, sem særir .... athæfi» verði þannig sett: «hver sem með sauruglegu athæfi særir blygðunarsemi manna» og að eptir orðin: «til almenns hneixlis» verði bætt inn í: «með hegðun sinni eður orðum».

Við 191. gr. Að fyrir orðin: «af undirlögðu ráði» verði sett: «með ráðnum huga».

Við 198. gr. Að fyrir orðin: «ef að lífi eða heilbrigði þess — búin af því» verði sett: »ef að það getur valdið lífi eður heilbrigði hlutaðeiganda hættu».

Við 202. gr. Að fyrir orðið: »undirlagt» verði sett: «fyrirhugað».

Við 205. gr. Að fyrir orðin: «af undirlögðu ráði» verði sett: «af fyrirhuguðu ráði».

Við 206. gr. Að fyrir orðið: «lemstrar» verði sett: «limlestir».

Við 212. gr. Að fyrir framan orðið: »neyðir» verði bætt: »ólöglega».

Við 213. gr. Að í stað orðanna: «skaðleg áhrif á geðsm..... heilsufar» verði sett: «skaðleg áhrif á geðsmuni hans, heilsufar eður atvinnu».

Við 215. gr. Að í stað orðanna: «tekur barn» ,verði sett: «nær til sín barni».

Við 217. gr. Að fyrir orðið: «samborgarmanna» komi: «meðbræðra».

Við 230. gr. Að í stað orðanna í niðurlagi greinarinnar: «þess sem þeirra var á milli» verði sett: «stöðu þeirra».

Við 237. gr. Að greinin verði þannig orðuð: «ef hluturinn sem tekin er, nemur minna verði en 2 rd., og engin þau atvik eiga sèr stað, sem nefnd eru í 231. gr., þá er það hvinnska og varðar brotið sektum allt að 25 rd. Opinbera málssókn» o. s. frv. sem frumvarpið (með 13 atkv. gegn 9).

Við 238. gr. Að aptan við grein þessa verði bætt: «Nú tekur maður annars manns hlut traustataki og er þá vítalaust». (með 15 atkv. gegn 6).

Við 240. gr. Að í staðinn fyrir orðatiltækið í öndverðri grein-

inni: «leggja laun á» verði sett: «leggja launung á». (eins í upphafi 244. og í 250. og 255. grein).

Við 242. gr. Að orðinu: »sem brotlegur» verði breytt í «meðsekur».

Við 253. gr. Að fyrir orðatiltækið: «kaupir vörur í skuld» komi: «tekur vörur að láni».

Við 254. gr. Að orðunum: «dregur undir sig» verði breytt í: «dregur undan eða undir sig»,

Við 257. gr. Að orðunum: «aðra slíka hindurvitni» verði breytt í: önnur slík hindurvitni»

Við 258. gr. Að eptir orðin «í 253. gr.» verði bætt inn í: «að skaðinn eigi nemur 2 rd. skal brotið að eins sæta sektum allt að 25 rd.» (samþykkt með 15 atkvæðum gegn 4) og fyrir orðin: «mjög miklar» verði sett «verulegar».

Við 259. gr. Að orðin: «jafnfætis þeim» verði breytt í: «jafnhliða þeim».

Við 268. gr. að fyrir »höfuðsmanninum» verði sett: »frumkvöðlinum.

Við 270. gr. að orðið »valdsbréf» breytist í »umboðsbréf».

Við 277. gr. að orðaröðinni í upphafi greinarinnar verði þannig breytt: »ef maður ritar undir skjal nöfn, er hann sjálfur finnur upp, eiga við það ákvarðanir þær» o. s. frv. Að orðin »við um það» seinna í greininni falli burt.

Við 279. gr. að í stað orðsins: »réttaðir» verði sett: »löggiltir» og fyrir »löglegan» verði sett: »réttan».

Við 280. gr. að fyrir orðið: »órétti» komi: »hallanum».

Við 282. gr. að fyrir orðin: »yfirgripsmikilli eyðingu» verði sett: »stórkostlegu tjóni».

Við 283. gr. að upphaf greinarinnar verði þannig orðað: »Leggi maður eld í hús eða skip annars manns, þegar öðruvísi er ástatt, þá má o. s. frv. og að orðunum »verkstaði» og »jafnfætis» verði breytt í »verksmiðjur» og »jafnhliða».

Við 284. gr. að eptir orðið »akur» í upphafi greinarinnar verði bætt inn í »eða engi».

Við 286. gr. að síðasta orðið »upp» falli burt.

Við 289. gr. að orðunum »til að gjöra flóð» verði breytt í »með þeim hug að hleypa vatnsflóði yfir«; að niðurlagsorðum fyrra kaflans: »ferst af því« verði breytt í »bíður bana»; og að fyrir: »gjöra flóð« verði sett: »hleypa yfir vatnsflóði«.

Við 290. gr. að fyrir orðin »rykkir spöngunum« verði sett: »færir járnsporin«; og að fyrir orðin »ferst af því« verði sett: »bíður bana«.

Við 292. gr. að fyrir orðin: »er hætta búin af að nota þær »verði sett: »sè þar af hætta búin«.

Við 293. gr. að málsgreinin »sem yfirvöldin hafa — dreifist út »verði þannig orðuð: »sem yfirvöldin hafa skipað fyrir til þess að afstýra næmum sjúkdómum eða útbreiðslu þeirra, skal sæta »o. s. frv.

Við 294. gr. að upphaf greinarinnar verði þannig orðuð: »verði nokkur maður uppvís að því, að hann hafi af ásettu ráði valdið útbreiðslu næmra sjúkdóma »o. s. frv. og að orðið »um« eptir »skipað« falli burt.

Við 296. gr. að fyrir orðin: »leiðarvísa eður rastarstaura »verði sett: »leiðarvísa, vörður eða rastarstikur«.

Við 299. gr. að greinin verði þannig orðuð: »hver sem verður brotlegur af frekri misþyrmingu og annari þrælslegri og harðýðgisfullri meðferð á skepnum, einkum húsdýrum, skal sæta sektum allt að 100 rd. eða einföldu fangelsi allt að 4 mánuðum«.

Við 300. gr. að fyrir orðin: »sjálfviljandi geldur »komi: »býður fram og greiðir.

Við 307. gr. að í stað orðanna »og veitist stjórninni um þann tíma »verði sett: »og verður þá kunngjört með konungsúrskurði nákvæmar um þann tíma« (samþykkt með 12 atkv.).

Þingið leyfir sèr enn fremur allraþegnsamlegast að beiðast þess:

> Að frumvarp þetta komi eigi út sem lög, (með 16 atkv. gegn 8) heldur að það allramildilegast aptur megi verða lagt fyrir þingið jafnframt því sem skilyrðunum fyrir lagagildi þess verður framgengt (13 atkv. gegn 9) endurskoðað og bætt að málinu til (með 17 atkv. gegn 6) og að jafnhliða þessu frumvarpi verði lagt fyrir alþingi glöggt og greinilegt yfirlit yfir það:
>
> 1. hver hinna eldri sakalaga sè að öllu úr lögum numin.
> 2. hver þeirra sè úr lögum numin að nokkru leyti og fylgi skrá aptan við lögin um þessi lagaboð og þá staði alla, er en verða í gildi eptir löggildingu þessa lagafrumvarps (með 17 atkv. gegn 7).

Og loksins leyfir þingið sèr í sambandi við þetta allraþegnsamlegast að beiðast.

1. að fangelsi verði sett sem fyrst í hverri sýslu hèr á landi og hegningarhús í Reykjavík (með 13 atkv. gegn 5).
2. að fram fyrir næsta alþing verði lagt frumvarp um tilhögun fangelsa þessara og hegningarhúss og um kostnað til þeirra (með 18 atkv.).

Alþingi 9. ágúst 1867.

Allraþegnsamlegast

Jón Sigurðsson. Jón Pètursson.

ÁLITSSKJAL

til konungs um konunglegt frumvarp til stjórnarskipunarlaga handa Íslandi.

Fulltrúi yðar konunglegu hátignar lagði fyrir alþingi Íslendinga að þessu sinni þegar að upphafi þings, *frumvarp* til stjórnarskipunarlaga handa Íslandi. Þingið kaus þegar 9 manna nefnd í málið, og eptir það hún hafði borið upp álit sitt fyrir þinginu, var það síðan rætt á lögskipaðan hátt á 7 aðalfundum til undirbúnings, og á 3 aðalfundum til ályktar og atkvæðagreiðslu, og leyfir nú þingið sèr allraþegnsamlegast að bera upp álit sitt, tillögur og breytingaruppástungur við stjórnarfrumvarpið á þessa leið:

Áður en þingið snýr máli sínu að frumvarpinu sjálfu, verður það að leyfa sèr fáort yfirlit yfir upptök og undanfara þessa máls, einkum að því, er Íslandi við kemur sèrstaklega.

Það eru nú liðin 19 ár síðan yðar hátignar hásæli fyrirrennari Friðrekur konungur 7. með opnu brèfi sínu 4. apr. 1848, af óskerðu einveldi sínu og frjálsum konunglegum vilja veitti og boðaði öllum þjóðum í konungsveldi hans þegnlega hluttöku með konunginum í löggjöf og stjórn eins ríkisheildarinnar yfir höfuð og hinna sèrstöku málefna hvers landhlutans fyrir sig. Ári síðar urðu samþegnar vorir í Danmerkurríkinu, þ. e. Eydanir og Jótar, fyrir frjálst samkomulag á allsherjarþingi við hinn sama hásæla konung, aðnjótandi þeirrar fullnaðar stjórnarbótar, er þannig var

veitt og boðuð, í hinum sèrstaklegu málum þessara 2 aðal-landshluta Danaveldis. Stjórnarskráin 5. júní 1849 gat eigi náð og náði eigi í rèttri raun yfir annað eða meira stjórnarsvæði með tilliti til innri stjórnar hinna annara landshluta konungsveldisins, á meðan hluttaka þeirra í frelsisgjöfinni frá 1848 var eigi lögákveðin á líkan hátt, en aptur á móti ráðgjafarþingin hèldust þar í hefð um sinn. Svo, þó að einveldi konungdómsins væri »de jure» lokið í Danmerkurríki, sem þá var kallað, með stjórnarskránni 1849, konungdómurinn orðinn lögbundinn og konungurinn sjálfur ábyrgðarlaus af öllum stjórnarathöfnum, þá hefir hann orðið að koma fram »de facto» sem einvaldur konungur andspænis ráðgjafarþingi og þjóð í hinum öðrum hlutum konungsveldisins, á meðan þetta eldra stjórnarfyrirkomulag var látið standa þar óhaggað.

Svona hefir stjórnarfyrirkomulaginu hèr á landi verið varið í rèttri raun, og svona hefir það haldizt um þau 19ár, síðan hin almenna frelsisgjöf var boðuð öllum þegnum Danaveldis, og oss Íslendingum sèrstaklega með allrahæstu konungsbrèfi 23. sept. 1848. Á tímabili þessu hefir að vísu hin konunglega stjórn í Danmörku viðurkennt það fyllilega og fleirum sinnum, að þetta fyrirkomulag væri í óeðlilegu og ófugu horfi við það sem vera ætti, eptir því sem nú væri komið hinni almennu stjórnarbreytingu á konungsveldinu og vafalaus rèttur Íslendinga stæði til, og að það væri jafnóhagkvæmt fyrir hvoratveggju bæði Dani og Íslendinga. Stjórnin hefir og gjört ýmsar tilraunir til að breyta fyrirkomulagi þessu og færa það nær rèttu lagi. Hin fyrsta af þeim tilraunum var sú, er stjórnin kvaddi til sèrstaks fundar hèr á landi, sem nefndur hefir verið »þjóðfundurinn» árið 1851, og lagði fyrir hann «frumvarp til laga *um stöðu Íslands í fyrirkomulagi ríkisins*»; en það var hvorttveggja, að fundinum var meinað að ræða málið til lykta, enda var auðsætt af hinni fyrstu umræðu um frumvarp þetta, og af álitsskjali nefndarinnar, sem sett var í málinu, að stjórnarkostir þeir, er þar með voru framboðnir, þóttu næsta óaðgengilegir fyrir Íslendinga, og að fundurinn eigi mundi hafa gefið því samþykkisatkvæði sitt nema með verulegum breytingum þeim, er stjórnin þvertók eptir á, að hún hefði getað aðhyllzt í skýrslu sinni um málið til alþingis 1853, og var sú skoðun stjórnarinnar einnig sèrstaklega staðfest með konungl. auglýsingu til Íslendinga 12. maí 1852. Andsvör og undirtektir hinnar konunglegu stjórnar til alþingis 1855 undir stjórnarbótarbænarskrá þingsins 1853, fóru að vísu í

líka stefnu en þó auðsjáanlega með meiri tilslökunum og rýmri viðurkenningum um rètt vorn Íslendinga til hluttöku í stjórnarbótinni að voru leyti, og það einmitt í þá stefnu, sem farið fram í bænarskránni sjálfri. Einnig var það einmitt byggt á svofelldum undirtektum stjórnarinnar, að alþingi 1857 afrèði að senda ítrekunar-bænskrá áhrærandi stjórnarbót vora, og voru þar tekin fram öll hin sömu niðurlagsatriði, að aðalefninu til, eins og í bænarskránni frá 1853.

Fyrir hið sama alþingi 1857 kom fram hið 3. aðalframboð af hendi stjórnarinnar til að rýmka um stjórnarhagi vora; var það byggt á konungsúrsk. 27. maí sama ár, og fólgið í því, að alþingi gæfist kostur á að segja álit sitt um tekju- og útgjalda-áætlun Íslands (Budget), og skyldi þingið jafnframt segja álit sitt »um spurninguna viðvíkjandi hluttekningu Íslands í útboði til herflota konungs« m. fl.. Í álitsskjali alþingis 14. ág. 1857, varð sú niðurstaðan, að *ráða frá*, að útboðsskylda til hins konunglega herflota yrði lögð á Ísland, og sömuleiðis að tekju og útgjalda áætlan Íslands verði lögð fyrir alþingi til álita, hvort heldur væri í eitt skipti fyrir allt eður á tilteknum tímabilum, en þar í móti felldi þingið jafnframt þá þegnlegu bæn til konungs: »að alþingi mætti alllramildilegast verða veitt ályktandi vald hvað tekju og útgjalda áætlun Íslands snertir, »o. s. frv. Þetta bænaratriði varð tilefnið til þess, að 5 manna nefnd var sett í Kaupmannahöfn, með allrahæstri umboðsskrá 20. septbr. 1861, »til þess að segja álit sitt og gjöra uppástungur um fyrirkomulag á fjárhagssambandinu milli Íslands og konungsríkisins fyrir fullt og allt«. En álit og uppástungur þessarar nefndar, er hún afgreiddi til stjórnarinnar í júlí mánuði 1862, urðu aptur tilefni til þess, að stjórn yðar hátignar lagði fyrir alþingi 1865 frumvarp til laga »um fjárhagsaðskilnaðinn milli Íslands og Danmerkur. Þó að nú þingið í hitt fyrra yrði að viðurkenna, að 1.—4. gr. frumvarps þessa væri byggðar á næsta frjálslegum og viðunanlegum grundvallarreglum að því, er viðkom fjárforræði alþingis í framtíð, þá virtust aðrir annmarkar þess svo verulegir, auk þess að það áhrærði að eins eina grein stjórnarskipunarmálsins, að þingið afrèði þá með atkvæðafjölda að ráða yðar hátign frá að gjöra frumvarpið að lögum eins og það lá fyrir.

Þjóðfulltrúar Íslendinga hafa þannig eigi getað aðhyllzt nein þau tilboð eða tilraunir, er stjórnin í Danmörku hefir gjört í undanfarin 17 ár til þess, að land vort yrði hluttakandi í stjórnarbót-

inni frá 1848, og er það einkum *tvennt,* er hefir borið á milli og verið samkomulaginu til fyrirstöðu. Vèr Íslendingar höfum orðið að vera óbifanlega saanfærðir um og orðið að halda því eindregið fram, að *eins og* hinir seinni einvaldskonungar í Danmörku hafa með ýmsum yfirlýsingum og stjórnarráðstöfunum til þessa lands viðurkennt og látið ásannast, að vèr Íslendingar höfum frá upphafi haft og höfum enn sèrstök landsrèttindi og þjóðrèttindi, og *eins og* þetta er berlega viðurkennt og komið fram stjórnarlagaveginn, fyrir endurreisn og stofnun alþingis með tilsk. 8. marz 1843, því þar með fengu Íslendingar jafnlögfullt ráðgjafaratkvæði í öllum þeim málum, er varða Ísland sèrstaklega, eins og samþegnar vorir í hinum öðrum landshlutum konungsveldisins á ráðgjafarþingum þeirra, *eins* hljóti Íslendingum að bera samkynja jafnrètti í hluttöku hinnar almennu stjórnarbótar frá 1848, samkvæmt því, sem einvaldskonungurinn, er frelsisgjöfina veitti, sjálfur hefir óefað fyrirhugað og heitið Íslendingum í allrahæsta brèfi sínu 23. sept. 1848. En það getur eigi dulizt fyrir neinum, að þau stjórnarbótarkjör, er hafa verið fram boðin oss allt til þessa, hafi alls eigi verið byggð á þess leiðis jafnrèttis-grundvallarreglum. Hitt aðalágreiningsefnið, og sem frumvarpsástæðurnar á 15.—18. bls. gjöra nú að sèrstöku umtalsefni, hefir verið það, að öll hin seinni alþingi hafa haldið því fast fram, að hve nær sem stjórnarskipunarmálið í heild sinni yrði lagt fyrir þjóðfulltrúa Íslendinga, þá yrði þeim veitt til þess samþykktar-atkvæði á sèrstökum fundi í landinu sjálfu, þeim er væri skipaður að fulltrúatölu og kosningum eins og þjóðfundurinn 1851. Og þar sem nú alþingi þrátt fyrir ágreining þenna, hafði afráðið að ræða stjórnarskipunarfrumvarp þetta til fullnaðarlykta að sínu leyti, samkvæmt alþingislögunum, en fulltrúi yðar hátignar þegar í hinum fyrstu umræðum um málið á þingi yfirlýsti því, að þingið hefði *nú samþykktaratkvæði í þessu* máli, þá hefir þingið látið sèr lynda þetta yfirlýsta fyrirheit af yðar hátignar hendi.

En þegar nú alþingi þar næst snýr máli sínu að stjórnarlagafrumvarpinu sjálfu, og ber saman við það stjórnarbótarkjör þau, er Íslendingum hafa verið boðin allt til þessa, þá verður þingið með þegnlegri lotningu þakklátlega að viðurkenna, að fyrirkomulag það, sem frumvarpið gjörir kost á, sè aðgengilegt að öllum aðalgrundvallarreglum til og undirstöðu, með því þar virðist gætt þess jafnrèttis við samþegna vora í Danmörku, er Íslendingar hafa jafn-

an þótzt fara á mis við í hinum undanförnu framboðum; frumvarp þetta virðist þannig færa beztar sönnur á það, að fulltrúar Íslendinga hafi eigi hafnað þeim boðum ófyrirsynju eða ástæðulaust. En eins og alþingi þannig verður þegnsamlega að aðhyllast aðalgrundvöll og aðalstefnu frumvarpsins, hefir það eigi getað dulizt fyrir þinginu, að nokkrar af hinum sèrstaklegu ákvörðunum virðast miður aðgengilegar í sjálfu sèr og miður samkvæmar aðalgrundvellinum, eins og þingið mun leyfa sèr að taka fram hèr á eptir og í ástæðunum við hinar sèrstöku frumvarpsgreinir þar sem þingið hefir orðið að afráða breytingaruppástungur.

Aðalskoðunina og grundvallarreglurnar, er koma fram í 1. kafla frumvarpsins áhrærandi stjórnarsambandsstöðu Íslands í konungsveldinu og með sèrstöku tilliti til hinna sameiginlegu alríkismála, verður þingið að aðhyllast, og sömuleiðis það, er í þessu sambandi er haldið fram í ástæðum stjórnarfrumvarpsins, að með tilliti til hinna sameiginlegu alríkismálefna megi staða Íslands í konungsveldinu álítast ákveðin að vissu leyti með grundvallarlögum Danmerkurríkis 5. júní 1849. Þess vegna virðist þinginu eigi næg ástæða til að halda fram neinum grundvallar- eður verulegum efnisbreytingum við þenna kafla yfir höfuð að tala, þó að á hinn bóginn virtist full nauðsyn og heimild til að breyta frumvarpsuppástungunni í 3. gr. 2. atr., eins og á hinn bóginn virtist rèttara og til betri skýringar í sambandi með upptalningu hinna sameiginlegu mála í 3. gr., að telja einnig upp í 5. gr., til dæmis, helztu aðalflokka þeirra málefna, sem einmitt eptir 3. gr. og upphafi 5. gr. hljóta að verða sèrstakleg málefni fyrir Ísland.

Eins og berlega kemur fram í hinum eldri sem hinum nýju grundvallarlögum konungsveldisins og í flestum eður öllum stjórnarskrám, þar sem er lögbundin konungsstjórn, eru aðalgjörendur hverrar frjálslegrar stjórnarskipunar þetta tvennt, konungurinn, er hefir hið æðsta vald, og sú hin æðsta stjórn, er hann felur framkvæmdarvaldið af sinni hendi, og þar andspænis þjóðþingið. En eigi þarf nema snögglega að líta á ákvarðanir frumvarpsins í 7.—10. gr. og 21. gr. til þess að sannfærast um, að fyrirkomulagið sem þar er ráðgjört skilur stórmikið og verulega frá því sem ákveðið er í grundvallarlögum konungsríkisins um hina sömu aðalgrein hins æðsta stjórnarvalds. Eins og alþingi hefir jafnan að undanförnu framfylgt í stjórnarbótarbænarskrám sínum, verður þingið enn allraþegnsamlegast að leyfa sèr að halda því fram, *að*

hinu æðsta framkvæmdarvaldi konungdómsins verði haldið, sem samfelldustu, *að* konungur kveðji þess vegna landstjórn yfir Íslandi jafnframt sèrstökum ráðgjafa fyrir Ísland, *að* þessi ráðgjafi og landstjórnin sè *eitt* í stjórnarframkvæmdinni og hafi þannig fulla ábyrgð stjórnarathafna sinna bæði andspænis konungi og þjóðþingi Íslendinga, eptir því sem gjör verður ákveðið í sèrstökum ábyrgðarlögum. Bæði þjóðfundurinn og alþingi að undanförnu hafa haldið því stöðugt fram, að landstjórnin hèr á landi mætti engan veginn vera skipuð færri mönnum en 3, og þingnefndin fylgdi nú hinu sama fram í uppástungum sinum, en með því þingið fulltreystir því, að yðar konungleg hátign muni fullkomlega tryggja fyrirkomulag þessa stjórnarvalds, svo að því sè vel borgið og framkvæmdum þess, þá vildi þingið ekki framfylgja því, að neinar fastari uppástungur yrði gjörðar um þetta efni. Þó verður þingið að leyfa sèr að athuga hèr við, að með þeirri breytingu, sem nú er stungið upp á, á fyrirkomulagi alþingis, að því, jafnframt ákveðinni þingmannafjölgun, verði skipt í tvær deildir, þá getur það eigi hugsazt nè staðizt, að landstjórnin hèr á landi verði skipuð að eins *einum* manni, með stjórnarviðskiptum sem ákvarðanir frumvarpsins ákveða, að landstjórnin skuli eiga við þjóðþing vort.

Uppástungu þessa áhrærandi breytingu á skipulagi alþingis frá því sem verið hefir, hefir þingið eigi þótzt geta komizt hjá nè þótt hikandi við að afráða, bæði sakir þess sem látið er í ljósi, og það með fullum rökum í ástæðum stjörnarfrumvarpsins, víðar en á einum stað, að naumlega sè með öllu eigandi undir þjóðþingi jafnfáskipuðu sem alþingi er og eigi nema í einni málstofu, að ekki kynni það að rasa fyrir ráð fram, eptir að það hefði fengið fullt fjárforræðis- og löggjafaratkvæði samkvæmt stjórnarskipunarlögum frumvarpsins, og alls eigi nema því að eins, að nokkuð þrengri skorður yrði reistar við þessleiðis misbrúkun á löggjafar-atkvæði þingsins, heldur en að öðru leyti er tíðkanlegt í stjórnarskipunarlögum. Með þessleiðis röksemdaleiðslu virðist líka stjórnin einkum að hafa viljað og getað rèttlætt hinar óvanalega þröngvu grundvallarlaga-ákvarðanir í frumvarpsins 30., 33. og 46. gr. Bæði af þessum hvötum frá hálfu stjórnarinnar, og af því þingið er sannfært um og viðurkennir fúslega, að fyrirkomulag þjóðþingsins eins og það er nú, sè í sjálfu sèr engan veginn svo tryggt og traust, að það samsvari hvorki hinu aukna valdi þess og verkahring, nè heldur hinu æðsta framkvæmdarvaldi, sem upp á er stungið and-

spænis þjóðþinginu, þá varð sú skoðun ofan á í þinginu, að betra væri að gjöra svofellda breytingu í fullu og þegnlegu trausti þess, að yðar konungleg hátign mildilegast viljið aðhyllast þær og samþykkja.

Að öðru leyti og að því er áhrærir aðrar og óverulegri breytingar er þingið hefir stungið upp á við frumvarpið, skýrskotast til ástæðanna við hinar einstöku greinir, er fylgja frumvarpi þingsins.

En þar sem þingið að hinu leytinu hefir fundið sèr skylt allra-þegnsamlegast að gæta eindreginnar varúðar við breytingar uppástungur sínar við frumvarpið, eigi áfráðið þær, sem afráðnar eru, öðru vísi en eptir grandgæfilega yfirvegun og að eins eptir því sem brýn nauðsyn, sèrstakt ásigkomulag þessa lands, og sèrstakur þegnlegur rèttur Íslendinga krafði, en aptur gengið á snið við aðrar ákvarðanir þótt óvanalegar sè og talsvert þrengri heldur en vanalegt er um samkynja stjórnarlaga-ákvarðanir, t. d. þær sem eru í 30. og 46. gr. stjórnarfrumvarpsins, — þá verður þingið þegnsamlegast að leyfa sèr þá vara-uppástungu, að ef Yðar Hátign, mót von, skylduð eigi finna nægar ástæður til að veita frumvarpinu, með þeim breytingum sem þingið hefir nú viðtekið, Yðvart allrahæsta samþykki, þá verði nýtt stjórnarlagafrumvarp lagt sem fyrst fyrir annað þing hèr á landi, annaðhvort fyrir sèrstakan fund líkt og kvatt var til 1851, eður og fyrir alþingi eptir að hlutazt hefði verið til um að nýjar almennar kosningar færi fyrst fram í því skyni, með því þingið fær eigi sèð fram á, að þeir sömu fulltrúar, er nú eiga þingsetu muni geta gengið að órýmri stjórnarkostum en þeim sem þingsfrumvarpið er með fylgir, inniheldur.

Með lotningarfullri þakklátsemi viðurkennir þingið, hve landsföðurlega þèr vor mildasti konungur hafið gætt nauðsynja vorra, þegna yðar á Íslandi, er þèr í allrahæstri auglýsingu til þessa alþingis 31. maí er leið, heitið að sjá því farborða, að stjórnarskipunarlög Íslands skuli eigi látin ná lagagildi fyrr en Hátign yðar sè búin að semja við ríkisþingið um, að veitt verði fast ákveðið árgjald til Íslands úr ríkissjóði. En bæði með hliðsjón til þeirrar niðurstöðu, er meiri hluti þingnefndarinnar í fjárhagsaðskilnaðarmálinu og þar með meiri hluti þingmanna á alþingi 1865 komst að, áhrærandi sanngjarna og hæfilega upphæð árgjalds þess, er Yðar konungleg Hátign hafið nú þannig allramildilegast heitið að útvega handa Íslandi, og með sèrstakri hliðsjón af því, að það stjórnarfyrirkomulag, sem þingnefndin stingur upp á, svo framt

það næði konungs samþykki, eins og þingið vonar og treystir staðfastlega, hlýtur augsynilega að hafa meiri kostnað í för með sèr heldur en hitt fyrirkomulagið eptir sjórnarfrumvarpinu, þá leyfir alþingi sèr allraþegnsamlegast að vekja sèrstaklegt landsföðurlegt athygli Yðar Hátignar að þessu verulega undirstöðu-atriði stjórnarbótar þeirrar, sem hèr er framboðin oss, með þeirri óbifanlegu von og þegnsamlega trausti, að Yðar Hátign mildilegast sjái ráð til þess fyrir konunglega tilhlutun yðra, að árgjald þetta fáist veitt og fast ákveðið til 60,000 rd. r. m., og jafnframt að fyrir árgjaldi þessu fengjust utgefin óuppsegjanleg ríkisskuldasrèf. (20 atkvæði).

Samkvæmt framanskrifuðu áliti og útlistun, leyfir alþingi sèr allraþegnsamlegast að fella þá auðmjúku bæn til Yðar konunglegu Hátignar.

Fyrst og fremst með 25 atkv.: að Yðar Hátign allramildilegast viljið löggilda frumvarp það til stjórnarskipunarlaga handa Íslandi, sem lagt var að þessu sinni fyrir þingið, með þeim breytingum, sem á því eru orðnar, sem stjórnarskrá fyrir Ísland.

og til vara, með 23. atkv. Að ef þetta gæti eigi fengið Yðar Hátignar allramildilegustu bænheyrslu, þá verði stjórnarskipunarmál Íslands allramildilegast lagt á ný fyrir þing á Íslandi, annaðhvort 1869 eða svo fljótt sem orðið getur.

Alþingi 11. september 1867.

Allraþegnsamlegast.

Jón Sigurðsson. Halldór Kr. Friðriksson.

STJÓRNARSKRÁ ÍSLANDS.

1. gr.

Ísland er óaðskiljanlegur hluti Danaveldis með sèrstökum landsrèttindum. Um ríkiserfðirnar, rètt konungs til að hafa stjórn á hendi í öðrum löndum, trúarbrögð konungs, myndugleika hans, viðtöku við stjórninni, um ríkisstjórn í forföllum konungs og um það er konungdómurinn er laus, eru 1., 4., 5., 6., 7. og 8. grein í hinum yfirskoðuðu grundvallarlögum Danmerkurríkis, dagsettum 5. dag júnímán. 1849, sem út eru gefin 28. dag júlímán. 1866, sem hèr eru viðfestar, einnig lög á Íslandi.

2. gr.

Áður en konungur tekur við stjórn skal hann heita með skriflegum eiði í ríkisráðinu að halda óbrigðanlega hin sèrstöku stjórn-

arskipunarlög Íslands. Af heitorðinu skulu gjörð tvö frumrit samhljóða, og skal annað þeirra sent alþingi og geymt í skjalasafni þess, en hitt skal geymt í leyndarskjalasafninu.

3. gr.

Í öllum þeim málum, sem eru sameiginleg með Íslandi og Danmörku, það er að segja í öllum þeim málum, sem um er rætt í 1. grein, eða þeim sem snerta konungsmötuna, lífeyri handa konungsættinni, enn fremur viðskipti ríkisins við önnur lönd, vörn ríkisins á landi og sjó, ríkisráðið, réttindi innborinna manna, myntina, ríkisskuldir og ríkiseignir, svo og póstgöngur milli Danmerkur og Íslands, hefir Ísland löggjöf og stjórn saman við konungsríkið.

Í þessum málum, sem sameiginleg eru með Íslandi og Danmörku tekur Ísland engan þátt fyrst um sinn, hvorki í stjórn þeirra nè löggjöf, nè heldur byrðum þeim eða gjöldum, sem af þeim leiðir, þangað til hagur landsins er kominn í það horf, að það leggi til almennra þarfa Danaveldis, en þá ákveður konungur og alþingi í sameiningu með lögum um hluttöku Íslands í löggjöf og stjórn sameiginlegra mála og um fjártilag til þeirra og byrðir frá Íslands hálfu.

4. gr.

Öll sameiginleg lög, er upp hèðan verða gefin, skulu birt á Íslandi bæði á íslenzku og dönsku, og verða þau þá lög fyrir þegna konungs á Íslandi, þó með þeim hætti, sem segir í 3. grein.

5. gr.

Í öllum öðrum málum, sem snerta Ísland, en þeim, sem að framan eru nefnd, svo sem eru:

1. Lögstjórnar- og löggæzlumálefni, borgaraleg löggjöf, sakamál, dómaskipun og réttarfar.
2. Kirkjumálefni og mál þau öll, sem lúta að vísindum, menntun og uppfræðingu, ásamt stofnunum þeim, sem þar til heyra.
3. Læknaskipun og heilbrigðismálefni landsins, með stofnunum þeim, er þar að lúta.
4. Sveitar og fátækramálefni öll.
5. Allar innanlands póstgöngur, vegabætur og sèrhvað það, sem greiðir fyrir samgöngum manna á milli í landinu sjálfu og umhverfis það.
6. Atvinnuvegir landsbúa á sjó og landi, iðnaður og verzlunarmál.
7. Allar þjóðeignir landsins, opinberar stofnanir og sjóðir og skal þar með talið árgjaldið frá Danmörku.

8. Öll skatta- og toll-mál Íslands beinlínis sem óbeinlínis.
9. Allar þær tekjur og gjöld, sem varða Ísland sèrstaklega.

hefir Ísland löggjöf sína, dóma og stjórn út af fyrir sig. Í þessum málum er löggjafarvaldið hjá konungi og alþingi í sameiningu, framkvæmdarvaldið hjá konungi og dómsvaldið hjá dómendunum.

6. gr.

Nú skilur á um, hvort mál sè sameiginlegt, eða varði Ísland sèrstaklega, og skal þá hinn danski ráðgjafi, er hlut á að máli því, er greinir á um, og ráðgjafinn fyrir Ísland skýra konungi frá málavöxtum og leggur hann þá úrskurð á málið.

7. gr.

Hin evangeliska lúterska kirkja skal vera þjóðkirkja á Íslandi, og skal því landstjórnin styðja hana og styrkja.

II.

8. gr.

Konungur hefir hið æðsta vald yfir öllum þeim málum, sem varða Ísland sèrstaklega, með þeim einum takmörkunum, sem settar eru í stjórnarskrá þessari. Til þess að framkvæma þetta vald skipar konungur ráðgjafa, sem hefir aðsetur í Kaupmannahöfn og landstjórn, sem hefir aðsetur sitt á Íslandi.

9. gr.

Konungur er ábyrgðarlaus, hann er heilagur og friðhelgur. Ráðgjafinn og landstjórnin hafa ábýrgð alla af stjórninni. Ábyrgð ráðgjafans og landstjórnarinnar verður nákvæmar ákveðin með lögum.

10. gr.

Konungur kveður sèr ráðgjafa fyrir Ísland og menn í landstjórnina og víkur þeim úr völdum; hann kveður á um tölu þeirra og skiptir verkum með þeim.

Ráðgjafinn flytur fyrir konung frá landstjórninni öll þau löggjafar- og stjórnarmálefni, sem varða Ísland sèrstaklega og undir úrskurð konungs liggja að lögum, svo flytur hann og fyrir konung þau mál, sem ræðir um í 6. grein. Undirskript konungs undir málin veitir þeim fullt gildi, þá er einn landstjóranna ásamt ráðgjafanum, eða ráðgjafinn, ritar undir með honum, og er þá ákvörðunin á ábyrgð þess eða þeirra, er undir rita með konungi.

11. gr.

Konungur veitir öll þess konar embætti, sem hann hefir veitt

hingað til. Breytingu má á þessu gjöra með lagaboði. Engan þann má skipa embættismann á Íslandi, sem ekki hefir réttindi innborinna manna og þar á ofan hefir fært sönnur á, að hann hafi fullnægt því, sem fyrir er mælt í laga-ákvörðununum um kunnáttu í máli landsins. Sérhver embættismaður skal vinna eið að stjórnarskránni. Konungur getur vikið þeim frá embætti, sem hann hefir veitt það. Eptirlaun embættismanna skulu ákveðin samkvæmt eptirlaunalögum. Konungur getur flutt embættismenn úr einu embætti í annað, þó svo, að þeir missi einskis í af embættistekjum, og að þeim sé gefinn kostur á að kjósa, hvort þeir vilji heldur embættaskiptin eða þá lausn frá embætti með eptirlaunum þeim, sem almennar reglur ákveða. Frá reglu þessari má með lagaboði undan skilja ýmsa embættismannaflokka auk embættismanna þeirra, sem nefndir eru í 55. grein.

12. gr.

Konungur stefnir saman reglulegu alþingi annaðhvort ár. Án samþykkis konungs má það eigi eiga setu lengur en 6 víkur. Breyta má þessu með lögum.

13. gr.

Konungur getur stefnt alþingi saman til aukafunda og ræður hann, hversu langa setu það þá skuli eiga.

14. gr.

Konungur getur frestað fundum hins reglulega alþingis um tiltekinn tíma, en samt ekki lengur en 4 vikur, nema alþingi samþykkist það og ekki nema einu sinni á ári.

15. gr.

Konungur getur rofið alþingi, og skal þá stofnað til nýrra kosninga áður tveir mánuðir séu liðnir, og alþingi stefnt saman næsta ár eptir að það var rofið.

16. gr.

Konungur getur látið leggja fyrir alþingi lagafrumvörp og uppástungur.

17. gr.

Samþykkis konungs þarf til þess, að nokkur ákvörðun alþingis geti fengið lagagildi. Konungur annast um, að lögin sé birt, og að þeim verði fullnægt. Hafi konungur ekki staðfest eitthvert lagafrumvarp, sem alþingi hefir fallizt á, á undan næsta alþingi, er það niður fallið.

18. gr.

Þegar brýna nauðsyn ber til, getur konungur gefið út bráðabyrgðarlög milli alþinga; eigi mega slík lög samt koma í bága við stjórnarskrána og ætíð skulu þau lögð fyrir næsta alþing á eptir.

19. gr.

Konungur náðar menn og veitir almenna uppgjöf á sökum. En hafi ráðgjafa hinna íslenzku mála eða landstjórunum verið dæmd hegning á hendur fyrir brot á stjórnarskránni, þá má konungur því að eins náða, að neðri deild alþingis samþykki.

20. gr.

Konungur veitir sjálfur eða heimilar landstjórninni að veita leyfi þau og undanþágur frá lögum, sem tíðkazt hafa eptir reglum þeim, sem farið hefir verið eptir hingað til.

21. gr.

Í landstjórninni á Íslandi skulu vera einn maður eða fleiri, og hefir hún á hendi í nafni konungs stjórn allra þeirra málefna, er varða Ísland sérstaklega. Þessi landstjórn undir býr héðan af landi öll þau hin sérstöku mál, er konungs undirskript kemur til, og sendir þau konungi með tillögum sínum.

Allir embættismenn og sýslunarmenn, sem skipaðir eru á Íslandi, eru undir landstjórninni.

III.

22. gr.

Á alþingi eiga sæti 36 alþingismenn, 30 þjóðkjörnir og 6 embættismenn landsins, er konungur kveður til þingsetu. Tölu hinna þjóðkjörnu þingmanna má breyta með lögum.

23. gr.

Alþingi skiptist í tvær deildir, efri þingdeild og neðri þingdeild; í efri deildinni sitja 12 þingmenn, í neðri deildinni 24.

24. gr.

Kosningarrétt til alþingis hafa:

a, alllir bændur, sem hafa grasnyt og gjalda nokkuð til allra stétta, þó skulu þeir, sem með sérstaklegu lagaboði kynni að vera undanskildir þegnskyldugjaldinu, ekki fyrir það missa kosningarrétt sinn.

b, embættismenn, sem annaðhvort hafa konunglegt veitingarbréf eða eru skipaðir af landstjórninni á Íslandi.

c, þeir sem tekið hafa lærdómspróf við háskólann, eða embættis-

próf við prestaskólann eða hjá landlækninum, og svo við læknaskólann eða lagaskólann, þegar þeir skólar eru stofnaðir, þó ekki sèu þeir í embættum, ef þeir eru ekki öðrum háðir.

d, kaupstaðarborgarar, ef þeir gjalda til sveitar að minnsta kosti 4 rd. á ári.

e, þurrabúðarmenn, ef þeir gjalda til sveitar eða bæjarþarfa að minnsta kosti 6 rd. á ári.

Þar að auki getur enginn átt kosningarrètt, nema hann sè orðinn fullra 25 ára að aldri, þegar kosningin fer fram, hafi óflekkað mannorð, hafi verið heimilisfastur í umdæminu 1 ár, sè fjár síns ráðandi og honum sè ekki lagt af sveit, eða hafi hann þáð sveitarstyrk, að hann þá hafi endurgoldið hann, eða honum hafi verið gefinn hann upp.

Kjörgengur til alþingis er hver sá, sem hefir kosningarrètt samkvæmt því, sem nú var sagt, ef að hann

1., ekki er þegn eða þjónn annars ríkis.

2., hefir að minnsta kosti í síðustu 5 ár verið í löndum þeim í norðurálfunni, sem liggja undir Danaveldi.

3., sè orðinn fullra 30 ára að aldri þegar kosningin fer fram.

Kjósa má einnig þann mann, sem á heima utan kjördæmis eða hefir verið þar skemur en eitt ár.

Hinar nákvæmari reglur um kosningarnar verða settar í kosningarlögunum.

25. gr.

Í efri þingdeildinni eiga sæti:

1., 6 hinir konungkjörnu embættismenn;

2., 6 þingmenn, er alþingi kýs úr þeim 30, sem þjóðkjörnir eru.

Alþingi kýs þá óbundnum kosningum til 6 ára í fyrsta sinn, er það kemur samar eptir nýjar kosningar. Engan má yngri kjósa en 40 ára; hljóti tveir eða fleiri jafnmörg atkvæði, skal aldur ráða.

IV.

26. gr.

Hið reglulega alþingi skal koma saman 1. virkan dag í júlímánuði 2. hvort ár, hafi konungur ekki tiltekið annan samkomudag sama ár.

27. gr.

Samkomustaður alþingis er jafnaðaralega í Reykjavík.

28. gr.

Alþingi er friðheilagt. Hver sem brýtur gegn friði þess eða frelsi, eða býður eitthvað, sem þar að lýtur, eða hlýðir slíku boði verður sekur sem um drottinssvik.

29. gr.

Alþingi á rètt á að stinga upp á lagaboðum og samþykkja þau fyrir sitt leyti, einnig má hvor þingdeildin fyrir sig senda konungi ávörp.

30. gr.

Hvor þingdeildin fyrir sig getur sett nefndir af þingmönnum til að rannsaka málefni, sem eru áríðandi fyrir almenning og snerta Ísland sèrstaklega. Nefndir þessar eiga rètt á að heimta skýrslur munnlegar og brèflegar, bæði af embættismönnum og einstökum mönnum.

31. gr.

Engan skatt má á leggja, nè breyta, nè aftaka nema með lagaboði; ekki má heldur taka lán, er skuldbindi Ísland nè selja eður af hendi láta neina af fasteignum landsins, nema slíkt sè með lagaboði ákveðið.

32. gr.

Með lögum skal ákveðin föst fjárhagsáætlun, og skal í henni vera áætlun bæði um hinar venjulegu sèrstaklegu tekjur landsins, þar á meðal tillagið úr ríkissjóðnum og um gjöldin. Hinni föstu fjárhagsáætlun verður ekki breytt nema með lögum. Fyrir hvert reglulegt alþingi, jafnsnart og það er sett, skal landstjórnin leggja fjárhagsáætlun fyrir aukatekjur og auka-útgjöld landsins, að því leyti, sem þau eru ekki fólgin í hinni föstu áætlun yfir tveggja ára tímabil það, sem í hönd fer. Auka-áætlun þessi skal jafnan fengin neðri þingdeildinni fyrst til meðferðar.

33. gr.

Nú eru ný skattgjöld ráðgjörð í auka-áætlun og má eigi heimta þau inn fyrr en auka-áætlunin er samþykkt. Ekki má heldur greiða neitt gjald af hendi nema heimild sè til þess í föstu fjárhagsáætluninni eða í fjáraukalögunum.

34. gr.

Alþingi kýs tvo yfirskoðunarmenn og skulu þeim veitt laun fyrir starfa sinn. Þessir menn eiga að gagnskoða hina árlegu reikninga um tekjur og gjöld landsins, og gæta þess, að tekjur landsins sèu þar allar taldar, og að ekkert hafi verið útgoldið nema

eptir fjárhagslögunum. Þeir geta krafizt að fá allar skýrslur þær og skjöl, sem þeim þykir þurfa. Síðan skal safna þeim tveim ársreikningum fyrir hvert tveggja ára fjárhagstímabil í einn reikning og leggja hann fyrir alþingi, ásamt með athugasemdum yfirskoðunarmanna, og skal því næst samþykkja hann með lagaboði.

35. gr.

Ekkert lagafrumvarp, nè heldur frumvarp frá einstökum mönnum má samþykkja á alþingi til fullnaðar, fyrr en það hefir verið rætt þar þrisvar sinnum.

Lagafrumvarp, sem alþingi hefir fellt, verður ekki optar tekið til umræðu á því þingi.

36. gr.

Þegar lagafrumvarp er samþykkt í annarihvorri þingdeildinni gengur það þá þegar til hinnar þingdeildarinnar. Verði þar breytingar ágjörðar, gengur frumvarpið aptur til fyrri þingdeildarinnar; gangi þá eigi enn saman um breytinguna, sameina báðar deildirnar sig í eina málstofu, og leiðir þá alþingi málið til lykta eptir eina umræðu. Verði breytingin þá eigi samþykkt með tveim þriðjungum atkvæða, er málið fallið.

37. gr.

Alþingi sker sjálft úr, hvort þingmenn þess sè löglega kosnir.

38. gr.

Sèrhver nýr þingmaður skal vinna eið að stjórnarskránni undir eins og búið er að viðurkenna, að kosning hans sè gild.

39. gr.

Alþingismenn eru eingöngu bundnir við sannfæringu sína, en eigi við neinar reglur frá kjósendum sínum.

Embættismenn þeir, sem kosnir verða til alþingis, þurfa ekki leyfi stjórnarinnar til þess að þiggja kosninguna.

40. gr.

Meðan alþingi stendur yfir, má ekki taka neinn alþingismann fastan fyrir skuldir án samþykkis alþingis, nè heldur setja hann í varðhald eða höfða mál á móti honum, nema hann sè staðinn að glæp. Enginn alþingismaður verður krafinn til reikningsskapar utan þings fyrir það, sem hann hefir talað á þinginu, nema þingið leyfi.

41. gr.

Komist sá, sem löglega er kosinn, í einhverjar þær kringum-

stæður, sem svipta hann kjörgengi, missir hann rètt þann, sem kosningunni fylgir.

42. gr.

Þeim manni eður þeim mönnum, sem eiga sæti í landstjórninni á Íslandi, skal heimilt sökum embættisstöðu sinnar að sitja á alþingi og eiga þeir rètt á að taka þátt í umræðunum eins opt og þeir vilja, en verða að öðru leyti að gæta þingskapa.

Atkvæðisrètt hafa þeir því að eins, að þeir sè jafnframt alþingismenn.

43. gr.

Hvor þingdeildin fyrir sig kýs sjálf forseta sinn og varaforseta.

44. gr.

Hvorug þingdeildin má gjöra ályktun um nokkurt mál, nema tveir þriðju hlutir þingmanna eður fleiri sè á fundi og greiði þar atkvæði.

45. gr.

Heimilt er hverjum alþingismanni að bera upp hvert opinbert málefni sem er, í þeirri þingdeildinni þar sem hann á sæti, ef hún leyfir það, og að beiðast þar um skýrslu landstjórnarinnar.

46. gr.

Hvorug þingdeildin má taka við nokkru skjali um málefni, sem einstakir menn vilja bera upp fyrir alþingi, nema einhver þingdeildarmanna taki það að sèr til flutnings.

47. gr.

Þyki þingdeildinni eigi ástæða til að leggja úrskurð á eitthvert málefni, þá getur hún vísað því til landstjórnarinnar.

48. gr.

Fundir beggja þingdeildanna skulu haldnir í heyranda hljóði; samt má forseti eður svo margir þingmenn, er þingsköpin til taka, krefjast, að öllum utanþingsmönnum sè vísað burt, og skal þá skera úr því með atkvæðum, hvort ræða skuli málið í heyranda hljóði eður fyrir lokuðum dyrum.

49. gr.

Þingsköpin skulu sett með lagaboði.

50. gr.

Alþingi myndast af báðum þingdeildunum, er þær ganga saman í eina málstofu. Til þess að gjörð verði fullnaðarályktun á máli, mega eigi færri vera á fundi en tveir þriðju hlutir hvorrar þing-

deildarinnar fyrir sig, og greiði þó allir atkvæði. Alþingi velur þá sjálft forseta sinn og kveður á um þingsköp og þingreglu, er *þá skulu gilda.*

51. gr.

Landsdómur skal dæma mál þau, er konungur eður neðri þingdeildin höfðar á hendur landstjórunum.

Svo skal það einnig á konungsvaldi, ef neðri þingdeildin gefur því jákvæði sitt, að láta ákæra aðra menn fyrir landsdóminum um glæpi þá, er konunginum þykja einkar háskalegar fyrir Ísland eður og gjörvallt konungsveldið.

52. gr.

Skipun dómsvaldsins verður eigi ákveðin nema með lagaboði.

53. gr.

Dómgæzlan skal aðgreind frá yfirvaldsgjörðum, samkvæmt reglum þeim, sem ákveðnar verða um það með lagaboði.

54. gr.

Dómendur skulu eiga rètt á að skera úr öllum ágreiningi *um* embættistakmörk yfirvalda. Eigi að síður skal þeim, er um það leita dómsatkvæðis, skylt að hlýðnast yfirvaldsboðinu í bráð.

55. gr.

Dómendur skulu í embættisverkum sínum fara einungis eptir lögunum. Þeim verður ekki vikið úr embætti nema með dómi, og eigi verða þeir heldur fluttir í annað embætti móti vilja þeirra, nema þegar svo stendur á, að verið er að koma nýrri skipun á um dómstólana. Þó má veita þeim dómara, sem er orðinn fullra 65 ára gamall, lausn frá embætti, en eigi skal hann þá missa neins í af launum sínum.

56. gr.

Jafnskjótt og að svo miklu leyti sem því verður við komið, skulu dómar allir fara fram í heyranda hljóði.

VI.

57. gr.

Rèttarástandi þjóðkirkjunnar skal skipað með lögum.

58. gr.

Landsmenn eiga rètt á að stofna fèlög til að þjóna guði með þeim hætti, sem bezt á við sannfæringu hvers eins. En ekki má kenna eður fremja neitt það, sem er gagnstætt góðu siðferði og allsherjarreglu.

59. gr.

Kjör trúarbragðaflokka þeirra, sem *ágreinir* við þjóðkirkjuna, skulu nákvæmar ákveðin með lagaboði.

60. gr.

Enginn má neins í missa af borgaralegum og þjóðlegum réttindum fyrir sakir trúarbragða sinna, nè heldur má nokkur fyrir þá sök skorast undan almennri fèlagsskyldu.

VII.

61. gr.

Hver sá maður, sem tekinn er fastur, skal leiddur fyrir dómara *svo* fljótt *sem* auðið er. Megi *þá eigi* jafnskjótt láta hann lausan aptur, ber dómaranum svo fljótt sem verður, og í *seinasta* lagi áður þrír dagar sè liðnir, að leggja á úrskurð, er byggður sè á tilgreindum ástæðum, um að hann skuli settur í varðhald; en megi láta hann lausan móti veði, þá skal ákveðið í úrskurðinum, hvert eður hversu mikið það skuli vera.

Úrskurði þeim, er dómarinn kveður upp, má sá sem í hlut á þegar skjóta sèr í lagi til æðra dóms.

Engan mann má setja í gæzluvarðhald fyrir yfirsjón, er að eins varðar fèsekt eður einföldu fangelsi.

Engan mann má draga frá löglegu varnarþingi hans.

62. gr.

Heimilið er friðheilagt. Ekki má gjöra húsleit nè kyrrsetja brèf og önnur skjöl og rannsaka þau, nema eptir dómsúrskurði, ef lögin eigi gjöra sèrstaklega undantekning.

63. gr.

Eignarrètturinn er friðhelgur. Engan má skylda til að láta af hendi eign sína, nema almenningsþörf krefji; þarf til þess lagaboð, og komi fullt verð fyrir.

64. gr.

Öll bönd, þau er hamla frelsi í atvinnuvegum og jafnrètti manna til atvinnu, og eigi eru byggð á almenningsheillum, skal af taka með lagaboði.

65. gr.

Sá sem ekki getur sèð fyrir sèr og sínum, og sè hann ekki skyldu-ómagi annars manns, skal eiga rètt á að fá styrk ur almennum sjóði; en þá skal hann háður vera skyldum þeim, er lögin áskilja.

66. gr.

Hafi foreldrar eigi efni nè tök á að fræða sjálf börn sín, eður sè börnin munaðarlaus og öreigar, þá skal hið opinbera sjá þeim fyrir uppfræðingu og framfæri.

67. gr.

Hver maður á rètt á að láta í ljósi hugsanir sínar á prenti; þó verður hann að ábyrgjast þær fyrir dómi. Ritskoðun og aðrar slíkar tálmanir fyrir prentfrelsið má aldrei taka upp aptur.

68. gr.

Rètt eiga menn á að stofna fèlög í hverjum löglegum tilgangi sem er, án þess að leyfi þurfi að sækja til þess. Ekkert fèlag má rjúfa með stjórnarráðstöfun. En banna má fèlag um sinn, og skal þá þegar höfða mál á hendur því til þess það verði rofið.

69. gr.

Rètt eiga menn á að safnast saman vopnlausir. Lögreglustjórninni er heimilt að vera við almennar samkomur. Banna má mannfundi undir berum himni, þegar uggvænt þykir, að af þeim leiði óspektir.

70. gr.

Sèrhver vopnfær maður er skyldur að taka sjálfur þátt í vörn fósturjarðarinnar, eptir því sem nákvæmar kann að verða fyrirmælt þar um með lagaboði.

71. gr.

Rètti sveitarfèlaganna til að ráða sjálf málefnum sínum með umsjón landstjórnarinnar skal hið allra bráðasta verða skipað með lagaboði.

72. gr.

Á skattgjold og skattheimtu skal komið öðru skipulagi með lagaboði svo fljótt sem verður.

73. gr.

Öll sèrstakleg rèttindi, er lögin hafa bundið við aðal, nafnbætur og tign, skulu vera af tekin.

VIII.

74. gr.

Uppástungur, hvort heldur er til breytinga eður viðauka á stjórnarskrá þessari, má bera upp, hvort heldur á lögákveðnu alþingi eður auka-alþingi. Nú nær uppástunga til stjórnarskrárbreytingar samþykki í báðum þingdeildunum og landstjórnin styður

hana, þá skal rjúfa alþingi þá þegar og stofna til almennra kosninga af nýju. Samþykki þá enn hið nýkosna alþingi ákvörðunina óbreytta, og nái hún staðfestingu konungs, þá verður hún stjórnlaga-ákvörðun.

ÁKVARÐANIR UM STUNDARSAKIR.

1. gr.

Kosningarlögin 6. janúarm. 1857, sbr. tilskip. 8. marz 1843, skulu gilda um kosningar til alþingis, þangað til öðruvísi verður fyrirmælt með lagaboði, að öðru leyti en því, sem leiðir af 24. og 25. grein stjórnarlaga þessara; og verður sú breyting á kosningarlögunum gjör ákveðin með *sèrstöku* lagaboði.

2. gr.

Þangað til föst fjárhagsáætlun verður sett með lagaboði, tiltekur konungur fasta fjárhagsáætlun til bráðabyrgða, og skal í henni tilfæra gjöld þau, er heimild er til í lögum þeim, er nú eru í gildi, eður venjulegar þarfir hinna ýmislegu stjórnargreina útheimta. Ekki mega útgjöldin alls samt fara fram úr 88,000 ríkisdölum.

3. gr.

Þangað til að þingsköp alþingis verða ákveðin með lagaboði, áskilur konungur sèr að ákveða þingsköpin til bráðabyrgða.

4. gr.

Ákvörðun sú, sem sett er í 55. gr., að ekki megi víkja dómendum úr embætti nema með dómi, nè heldur flytja þá í annað embætti að þeim fornspurðum, skal ekki eiga við um dómendur þá sem nú eru og jafnframt hafa umboðsstörf á hendi.

5. gr.

Þangað til nýju skipulagi verður komið á dómstólana með lagaboði er hæstirèttur Danaveldis, eins og hingað til æðsti dómstóll, sem málum verður skotið til, samkvæmt lögum þeim er gilda þar um.

6. gr.

Áður en alþingi kemur saman í fyrsta skipti sem löggjafarþing, skal kjósa nýja alþingismenn, hvort sem umboð alþingismanna þeirra sem nú eru er á enda eða ekki.

Sex greinir úr hinum yfirskoðuðu grundvallarlögum Danmerkurríkis, 28. júlí 1866.

1. grein.

Stjórn ríkisins er takmörkuð einveldisstjórn. Konungsvald gengur í erfðir; og skal það svo í erfðir ganga, sem á er kveðið í I. og II. atriði ríkiserfðalaganna frá 31.júlí 1853.

4. grein.

Konungur getur eigi haft stjórn á hendi í öðrum löndum, nema ríkisþing samþykki, að svo sé.

5. grein.

Trú konungs skal vera evangelisk-lútersk trú.

6. grein.

Konungur hefir fullt forræði, þá er hann er fullra átján ára; svo er og um sonu konungs og aðra konungsfrændur.

7. grein.

Áður en konungur tekur við stjórn, skal hann heita með rituðum eiði í ríkisráðinu að halda óbrigðilega grundvallarlög ríkisins. Af heitorði konungs skulu vera tvö frumrit samhljóða, og skal annað þeirri selt í hendur ríkisþingi og geymt í skjalasafni þess, en hitt skal geymt í leyndarskjalasafni ríkisins. Nú verða konungaskipti, og fær konungur þá eigi unnið eiðinn sökum fjarvistar eður af öðrum orsökum, og skal ríkisráðið þá hafa stjórn á hendi, þar til að eiður er unninn, nema öðruvísi sé með lögum ákveðið. Ef ríkisarfi hefir áður en hann tekur við stjórn, unnið eið þenna, sezt hann að ríki, þegar er konungaskipti verða.

8. grein.

Nú hefir konungur eigi fengið fullt forræði fyrir aldurs sakir, eður er hann sjúkur, eður í fjarvist, og skal þá með lögum á kveðið, hve stjórn skal haga; þar til er slík skipan er gjör, skal ríkisráðið stjórn á hendi hafa. Skal ríkisráð þá þegar kveðja til ríkisþings, og skal þar ákveðið í sameiningu, hve stjórn skal haga, unz konungur fær henni viðtöku veitt. Nú er engi konungur og engi ríkisarfi, og kýs þá sameinað ríkisþing konung og kveður á um ríkiserfðir þær, er þar eptir vera skulu.

ÁSTÆÐUR
til frumvarpsins.

1. grein.

Sökum þess, að Ísland er eigi einn hluti af konungsríkinu

Danmörk; virtist þinginu það eigi rètt orðað, er sagt var í þessari grein, að Ísland væri einn hluti Danmerkurríkis, eins og það heldur eigi er nákvæm eða rètt þýðing hinna dönsku orða «den danske Stat», því hið samsvarandi orð á íslenzku er «Danaveldi», er táknar öll þau lönd, er Danakonungur á yfir að ráða, og breytti því þingið «Danmerkurríkis» í «Danaveldis» (með 24 atkvæðum).

Enda þótt frumvarp þetta, er það yrði að lögum, hefði það í rauninni í sèr fólgið, að Ísland væri sèrstakur hluti ríkisins, er hefði sèrstök landsrèttindi, og því bæri eigi nauðsyn til að taka það fram með sèrstökum orðum, þá þótti þinginu það þó vel við eiga og rètt, að taka þetta berlega fram í þessari fyrstu grein, til þess að hin rètta staða Íslands í konungsveldinu væri þannig táknuð í einu lagi í byrjun laganna, og bætti þingið því inn í á eptir «Danaveldis» orðunum «með sèrstökum landsrèttindum (með 15 atkv. gegn 6).

Þinginu þótti það óíslenzkulega að orði kveðið, að segja: «grundvallarlögum . . . . frá 5. júním. 1849, sem» o. s. frv., og vill því breyta þessum orðum þannig: »grundvallarlögum . . . . dagsettum 5. dag júnímánaðar 1849, sem», o. s. frv. (samþ. með 23 atkv.).

Með því að þinginu virtist rèttast, að greinir þær úr hinum endurskoðuðu grundvallarlögum Dana, sem skýrskotað er til í grein þessari, væru tengdar við stjórnarskrá Íslands, sem fylgiskjal, þótti sjálfsagt, að skjóta inn í greinina ákvörðun um það, og bæta því við eptir «1866» þessum orðum: «sem hèr eru við festar» (með 22 atkv.).

Í stað orðsins «gildar» síðast í greininni þótti þinginu orðið «lög» rèttara og fyllra, og tákna betur hugsunina (samþ. með 23 atkv.).

Með þessum breytingum var 1. grein samþykkt með öllum atkvæðum.

2. grein

er með með öllu óbreytt.

3. grein.

Þótt margir þingmenn væru þeirrar skoðunar, að tiltækilegt væri að eins, að telja upp þau málefni, er snerta Ísland sèrstaklega, og reyna til að gjöra þá upptalningu svo nákvæma, sem auðið væri, en aptur sleppa með öllu upptalningu hinna sameiginlegu mála, þá varð þó sú niðurstaðan, að þinginu þótti rèttast, til að

fjarlægjast frumvarpið sem minnst, að halda þeirri upptalningu hinna sameiginlegu mála, sem stjórn yðar hátignar hafði sett í þessa grein frumvarpsins, en þinginu virtust ákvarðanir frumvarpsins um hluttöku og fjártillag Íslands til þeirra mála, er það færi að eiga þátt í þeim, væri óeðlilegar, þar sem alþingi ekkert atkvæði ætti í þeim að eiga, hvorki, hversu mikið tillagið skyldi vera af Íslands hálfu, nè heldur hvern þátt Ísland skyldi eiga í löggjöf og stjórn þeirra, heldur skyldi það að eins falið stjórn yðar hátignar að bera það undir úrskurð yðar, hversu mikið fjártillagið skyldi vera, og ríkisþingi Dana, að semja lög um hluttöku Íslands í stjórn og löggjöf málanna undir samþykkt yðar hátignar. Þingið varð að ætla það bæði rètt Íslands og eðlilegast, að Ísland hefði fullt atkvæði í þessum málum, eins og líka sjálfsagt væri, að ríkisþing Dana ætti og fullan atkvæðisrètt um þau mál, og að lagafrumvarp um þau, væri þó lögð fyrir alþingið, eins og sjálfsagt væri, að þau yrðu lögð fyrir ríkisþingið í Danmörku, og að það yrði þá fyrst að lögum, er samþykki beggja þinganna væri fengið, eða með öðrum orðum, þá er ríkisþingið í Danmörku og alþingi Íslendinga hefði orðið á eitt sátt um það efni, og yðar hátign hefði lagt samþykkt sína á, og samkvæmt þessu var síðari hluti 3. greinar samin og samþykktur með 17 atkv. gegn 3, og öll greinin í heild sinni samþykkt í þinginu með samhljóða 24 atkv.

Aptur á móti ætlaði þingið, að betur ætti við, að setja í sèrstaka grein, hvernig skera ætti úr, ef ágreiningur kæmi upp um það, hvort eitthvert mál væri sameiginlegt og heyrði undir 3. grein, eður eigi, og sleppti því ákvörðuninni um þetta efni út úr þessari grein frumvarpsins.

4. grein.

Það þótti þinginu óheppilega orðað, er sagt var, að «lög sem birtast eptirleiðis, skulu kunngjörð», með því að orðin «birta» og «kunngjöra» eru alveg sömu þýðingar, og vill því setja í þess stað: «lög er upp hèðan verða gefin, skulu birt»; og eins þótti rèttara að kveða svo að orði, að þessi hin sameiginlegu lög, skyldu og verða «lög» fyrir Íslendinga, en að þau skyldu verða skuldbindandi fyrir Íslendinga.

Samkvæmt þeirri breytingu, er þingið gjörði á 3. greininni, þótti nauðsynlegt, að bæta við greinina þeirri ákvörðun, að þau hin sameiginlegu lögin skyldu þó að eins verða lög á Íslandi «með þeim hætti, sem segir í 3. gr»., og var sú viðbót samþykkt með 19 at-

kvæðum, og greinin í heild sinni með breytingunum með 24 atkvæðum.

5. grein.

Með því að þetta frumvarp einkum ákvað vald alþingis Íslendinga í þeim málum, er þá eina varða, þótti þinginu réttast og eðlilegast að telja upp hver þessi sérstöku mál væri, án þess þó, að það byggist við, að sú upptalning næði út yfir öll mál, eða vildi með því segja, að engin mál gætu fleiri verið sérstök fyrir Ísland; þingið ætlaði sér að eins að nefna hin helztu, enda þótti því síður nauðsyn til bera, að taka út fyrir allar æsar í þessu efni, sem hin sameiginlegu mál eru talin upp í 3. greininni, og í 5. gr. segir, að *öll* önnur mál séu sérstök fyrir Ísland. Þessari upptalningu hinna sérstöku málanna, ákvað þingið með 21 atkvæði gegn 1, að skjóta inn í 5. greinina. Einnig þótti þinginu réttast (með 15 atkv. gegn 1, að skjóta orðinu «dóma» inn á eptir «löggjöf sína», svo að upptalning þeirra mála, er Ísland hefði út af fyrir sig, svaraði til síðari hluta greinarinnar, og var grein þessi síðan samþykkt með 26. atkvæðum.

Eins og áður er getið þótti þinginu réttast sett á eptir 5. gr. ný grein, er sú ákvörðun stæði í, hversu útkljá skyldi ágreiningsinn um það, hvort mál væri sameiginlegt og heyrði undir 3. grein, eða varðaði Ísland sérstaklega; og var það álit þingsins, að konungsúrskurður skyldi skera úr þeim ágreiningi, eins og frumvarpið mælti fyrir, en til frekari skýringar virtist þinginu eiga að standa sú ákvörðun, svo sem sjálfsögð, að hlutaðeigandi ráðgjafi, og ráðgjafinn fyrir Ísland skyldu skýra konungi frá málavöxtum, en eigi varð á frumvarpinu sèð, hver ætti að bera málið upp, en með þessu þótti allur vafi afnuminn. Þessi grein verður þannig hin 6. í röðinni, og var hún samþykkt með 18 atkvæðum gegn 2.

6. gr., er nú verður hin 7.

Í staðinn fyrir «evangelisk-lúterska» þótti þinginn betra að segja «evangeliska lúterska» í tveimur orðum; sömuleiðis að orða niðurlagið þannig: «og skal landstjórnin styðja hana og styrkja», í stað þess er áður stóð: «og skal hið opinbera fyrir því styrkja hana», er þótti miður orðað.

7. gr., sem nú verður hin 8.

Á þessari grein voru gjörðar þessar orðabreytingar, er þinginu þótti betur fara:

1. að setja «sérstaklega fyrir »eingöngu», og það eigi að eins á

þessum stað heldur alstaðar, þar sem það fyrir kemur í frumvarpinu.

2. í stað orðanna: «og eru eigi aðrar takmarkanir á því en þær», þótti betur fara: »með þeim einum takmörkunum».
3. orðið «stjórnarskrá» þótti betra og betur eiga við um frumvarp þetta, er það yrði að lögum, en stjórnarskipunarlög.
4. Á eptir «ráðgjafa», er bætt inn í «sem hefir aðsetur í Kaupmannahöfn», en sleppa aptur á móti: «er hann kýs til að standa fyrir málefnum þessum».

Með þessum breytingum var greinin samþykkt með 21. atkvæði.

8. grein.

Þar sem svo er tilætlazt eptir þessari grein, að ráðgjafi sá, er yðar hátign kysi fyrir Ísland, hefði alla ábyrgð á stjórninni, þá yrði eptir þessu landstjórnin með öllu ábyrgðarlaus, að öðru en því, er hverjir aðrir óbreyttir embættismenn eru, en bæði var það, að þinginu fannst um of dregið úr ábyrgðinni, er hana skyldi að öllu leyti sækja til Kaupmannahafnar, enda virðist þinginu allt aðhald vanta fyrir landstjórnina, þar sem hún ætti þó í rauninni að hafa og hlyti að hafa mestmegnis allt hið æðsta framkvæmdarvald hèr á landi, og sèr í lagi viðvíkjandi öllum tekjum og gjöldum landsins. Þetta er og beinlínis játað í ástæðunum fyrir frumvarpi stjórnar yðvarrar hátignar á bls. 28. Þingið játar það fúslega, að ráðgjafa-ábyrgðin, er koma skal á þjóðlegri stjórnarskipun á Íslandi, er eitt það atriði, sem mestum erfiðleikum er bundið sökum fjarlægðarinnar; en allt um það virtist því, að taka yrði það hèr fram með berum en almennum orðum, að landstjórnin hefði fulla ábyrgð stjórnargjörða sinna, bæði fyrir konungi og alþingi, en þessa ábyrgð og í hvaða sambandi hún stæði við ábyrgð ráðgjafans, mætti og hlyti nákvæmar að ákveða í lögum þeim, sem út yrðu gefin um þetta efni.

9. grein.

Þar sem í þessari grein er svo fyrir mælt, að ráðgjafi hinna íslenzku málanna skyldi ávallt vera einhver hinna dönsku ráðgjafa, þá virtist þinginu, að auk þess, sem þessi ákvörðun gæti orðið óhagkvæm, þá væri konungur of bundinn í valdi sínu, og vildi því fella greinina burtu og því láta það vera á valdi konungs, hvern hann kýs sèr til ráðgjafa.

10. og 21. grein.

Af því að greinir þessar eru svo nátengdar innbyrðis, virðist

rèttast að taka þær hèr saman. Af ástæðum þeim, er til eru færðar við 8. grein, er það ljóst, að þingið áleit nauðsynlegt, að eigi að eins ráðgjafinn einn heldur og landstjórnin skyldi hafa ábyrgðina. Í þessum greinum eru aptur teknar fram almennar ákvarðanir um samband það, er alþingi álítur að vera eigi milli ráðgjafans og landstjórnarinnar, og jafnframt bendingar um, hvernig ábyrgðinni skuli skipt á milli hans og hennar. Þingið áleit nauðsynlegt og í raun rèttri samkvæmt ástæðum frumvarpsins, einkum á 28. og 32. bls., að landstjórnin væri eigi háð ráðgjafanum í þeim innlendu landstjórnarmálum, er afgreiðast skulu hèr á landi, og sem eigi liggja að lögum undir úrskurð yðar hátignar. Í annan stað er það og auðsætt, að skyldi landstjórnin í þessum málum »vera að öllu leyti undir ráðgjafanum», þá gæti hún engan veginn komið fram gagnvart alþingi með því valdi og þeirri festu, er álíta verður alveg nauðsynlega. Af þessum ástæðum gat þingið eigi fallizt á miðkafla 21. greinar frumvarpsins, eins og hann þar er orðaður; en hefir aptur tekið ákvörðun upp í 1. málsgrein 10. greinar um þetta efni. Þingið hugsaði sèr, að það gæti á stundum verið haganlegt og æskilegt, að landstjórnin ritaði undir með ráðgjafanum. Fyrir því er síðasta málsgrein 10. greinar orðuð á þá leið, að annaðhvort riti ráðgjafinn einn undir eður þá landstjórinn með honum.

11. grein.

Þessi grein er óbreytt að litlum orðabreytingum undanskildum, og eru þær.

1. að orðinu »eptirlaunalögunum« verði breytt og sett «eptirlaunalögum», sökum þess, að hin ákveðna myndin virðist benda of mjög á þau eptirlaunalög, sem nú eru; en þeim getur orðið breytt, og því á hin ákveðna mynd orðsins miður við.
2. »embættaskiptin« er rèttari orðmynd en »embættisskiptin«.
3. »almennar reglur« er og rèttara en hinar almennu reglur.

Með þessum orðabreytingum var greinin samþykkt í einu hljóði með 23 atkvæðum.

12. grein.

Þar sem í þessari grein var sú ákvörðun, að alþingið skyldi að eins koma saman þriðja hvert ár, þá virtist þinginu það auðsætt, að þar sem þegar með stofnun alþingis, sem þó að eins var ráðgefandi, þótti ógjörandi, bæði frá sjónarmiði stjórnarinnar, og því heldur frá sjónarmiði þjóðarinnar, að alþingi kæmi sjaldnar

saman en annaðhvort ár, þá væri það þó enn óhaganlegra, er það hefði fengið löggjafaratkvæði í öllum þeim málum, er Ísland varða sèrstaklega ; því að hin mest áríðandi mál landsins gætu með því dregizt fram úr hófi, einkum ef konungur eigi gæti samþykkt uppástungur þingsins, eins og þær kæmu frá því; en það liggur í augum uppi, að undir eins og breyting sú, sem með frumvarpinu er ætlazt til að verði á stjórn landsins og valdi alþingis, muni nauðsyn til bera, að skipa ýmsum mikilsvarðandi málum landsins með lögum og það sem allra fyrst, en þar sem þingið ætti að eins 6 vikna setu í senn, mundi það eigi fá afkastað nema fáum málum hvert ár, og það væri því enn ástæða til, að þingið kæmi saman annaðhvort ár, svo að sem fyrst yrði skipað hinum mestvarðandi málum, og breytti því þingið orðunum »þriðja hvert» í »annaðhvort« (með 22 atkv.).

Auk þess gjörði þingið þá orðabreyting í síðari lið greinarinnar, að það setti: »Breyta má þessu með lögum, »í stað þess, sem í frumvarpinu stóð: »Breyting á ákvörðunum þessum má gjöra með lagaboði», og var greinin öll þannig samþykkt með 22 atkvæðum.

13. grein.

Þessi grein er óbreytt, nema að því einu, að orðinu »þá« er skotið inn á eptir: »langa setu það«, því að svo þótti skýrar orðað og greinin þannig öll samþykkt með 22 atkvæðum.

14. grein er óbreytt.

15. grein.

Í þessari grein er heldur engin breyting á orðin, nema að orðið: »rofið«, er sètt fyrir »leyst upp«, sem er næsta óíslenzkulegt, samþykkt með 22 atkvæðum.

16. grein.

Þinginu virtist orðið »aðrar öldungis óþarft, og felldi það því burtu (með 11 atkvæðum gegn 4).

17. grein.

Í þessari grein voru að eins gjörðar litlar orðabreytingar, og greinin samþykkt með 20 atkv.

18. grein.

Þar sem síðast í þessari grein er svo að orði kveðið, að bráðabyrgðalög skuli verða lögð »undir næsta alþingi þar á eptir«, þá þótti þetta eigi vel orðað, og breytti þingið því þess vegna í: »lögð fyrir næsta alþingi á eptir«.

19. grein.

Þar sem í byrjun greinarinnar stendur: »getur náðað . . . veitt«, þótti þinginu þessi setning réttar og betur orðuð: »náðar . . . veitir.

Sökum þess, að þingið ætlast til, að sama ábyrgð hvíli á landsstjórunum og ráðgjafa hinna íslenzku mála í Kaupmannahöfn, svo sem grein er fyrir gjörð við 9. og 10. greinina, var það sjálfsagt, að ákvörðunin um náðun konungs varð og að ná til landstjóranna, og úr því þingið komst að þeirri niðurstöðu, að alþingi skyldi skipt í tvær deildir, varð að binda leyfið til náðunarinnar við neðri deild þess, samkvæmt því, sem fyrir er mælt í grundvallarlögum Dana (með 12 atkv. gegn 8), og með þessari breytingu var greinin samþykkt með 23 atkvæðum.

20. grein.

Orðið »sjálfur« í þessari grein þótti þinginu óþarft og fyrir «lætur hann hlutaðeigandi stjórnarvöld veita leyfi þau og undantekningar« þótti betur orðað þannig: »heimilar landstjórninni að veita leyfi þau og undanþágur« (með 15 atkv. gegn 5), og með þessum breytingum var greinin samþykkt með 21 atkv.

21. grein.

Fyrir breytingunum á þessari grein er gjörð grein við 10. greinina.

22. grein.

Þingið varð að játa, að það væri eigi ástæðulaust, er sagt er í ástæðunum fyrir frumvarpi stjórnar yðvarrar Hátignar, og borið fyrir sem ástæða fyrir ýmsum þeim höptum, sem ætlazt var þar til, að á alþinginu skyldu vera framvegis, en sem þinginu virtust allt of ófrjálsleg og óeðlileg, að með þeirri skipun, sem þingið nú hefði, væri því naumast trúandi fyrir fullu löggjafaratkvæði, nema stjórnin hefði svo hendur í bagga með, eða þingið svo hept með ýmsum ákvörðunum, að ábyrgð væri fyrir, að það eigi rasaði fyrir ráð fram í aðgjörðum sínum.

Til þess að ráða bætur á þessu, og nema burtu hin óeðlilegu og ófrjálslegu höpt, komst þingið að þeirri niðurstöðu, að fjölga þingmönnum, og skipta þinginu í tvær deildir.

Að því er þingmannafjöldann snertir, skal þingið allraþegnsamlegast leyfa sèr að geta þess, að eins og til var ætlazt í frumvarpi því, sem lagt var fyrir þjóðfundinn 1851, að þingmenn skyldu vera 36, þá hefir alþingið ávallt þótt heldur fámennt, og því verð-

ur eigi neitað, að það með þeim þingmannafjölda, sem nú er, hvorki getur átt víst, að hafa ávallt þá krapta yfir að ráða, sem æskilegt væri og nauðsynlegt til að málin yrðu svo úr garði gjör af þess hendi, sem vera bæri, og einkum eins og hèr er ástatt, að ýmsir hinir beztu þingmenn geta opt eigi komið á þing, enda yrði það heldur óálitlegt löggjafarþing, er að eins sætu á því 23—24 menn, eins og stundum hefir átt sèr stað, sem hæglega getur að borið, eptir því sem landi voru hagar. Þinginu virtist, alþingið, er það fengi löggjafarvald, mætti eigi skipað vera færri mönnum en 36, þ. e. 30 þjóðkjörnum og 6 konungkjörnum, og var sú tala þingmanna samþykkt með 20 atkv. gegn 4.

Í þetta frumvarp gat eigi við átt, að setja neina ákvörðun um, hversu þessi fjölgun þingmanna skyldi koma niður á hin ýmsu kjördæmi landsins, en það þótti sjálfsagt, að sú kjördæmaskipun, sem nú er, hèldist óbreytt; og ef þingið hefði átt að ákveða að sínu leyti nokkuð um þetta efni, hefði það orðið að búa til nýtt frumvarp til lagaboðs; en hvorki var tími til þess, og þess þótti heldur eigi þörf; því að þingið treysti því, að samkvæmt 18. gr. frumvarps þessa mundi yðar konungleg hátign sjá ráð til að gefa út bráðabyrgðalög um þetta atriði; bendir til þessa viðbót sú, sem sett er við 1. grein í ákvörðununum um stundarsakir, sem síðar segir, og leyfir þingið sèr einungis að geta þess, að því virtist rèttast, að lagt væri til grundvallar 1. grein í frumvarpi því »til laga um kosningar til alþingis», sem lagt var fyrir þjóðfundinn 1851, þannig að 9 fjölmennustu kjördæmin kysu tvo þingmenn hvert.

Þar sem í frumvarpinu er gjört ráð fyrir, að 6 æðstu embættismenn landsins skuli vera framvegis sjálfkjörnir til þingsetu, þá gat þingið eigi aðhyllzt þann kosningargrundvöll, með því að það eigi gat sèð, að sá grundvöllur veiti ávallt næga tryggingu fyrir því, að ávallt sitji þeir embættismenn á þingi, sem færastir sèu og lægnastir til að taka þátt í löggjöfinni. Og þar sem í ástæðunum fyrir frumvarpinu er gjört ráð fyrir, að þeir tækju þátt í undirbúningi málanna með landstjóranum, þá gæti það í raun-inni engin ástæða verið, því að álits þessara embættismanna mætti leita allt eins fyrir það, þótt eigi væru þeir sjálfkjörnir til þingsetu. En auk þess væri enn óvíst, hvort amtmanna embættunum yrði haldið, og yrði þeim haldið öllum, yrðu þessir sjálfkjörnu embætt-ismenn sjö; en yrðu þau lögð niður, yrðu þeir að eins fjórir. Auk þess yrði staða landfógetans allt önnur, heldur en hún er nú, þótt

nafninu væri haldið, þá er yfirstjórn landsins væri breytt, og embættissvið hans afmarkaðra en nú, svo að embættisstaða hans naumast yrði næg ástæða fyrir þingsetu hans. Þingið varð því að komast til þeirrar niðurstöðu, að halda því sem nú er, að konungur kysi 6 menn af embættismönnum landsins til hverra þriggja þinga; því að þá mætti ganga að því svo sem vísu, að þeir embættismenn landsins kæmust á þing, er hæfastir væru til þingsetu, og var það samþ. með 20 atkv. gegn 4.

Það játar reyndar þingið satt að vera, að skipting alþingisins verður eigi byggð á sama grundvelli og í öðrum löndum, þar sem tvær málstofur eru, en allt um það þótti þó þinginu full ástæða til, að fylgja þeirri reglu, sem stjórn yðar hátignar sjálf segir í ástæðunum fyrir frumvarpinu að sè hin réttasta og bezt til þess fallin að veita tryggingu fyrir rólegum og friðsamlegum framförum þjóðfèlagsins, að skipa annan hluta þingsins þannig, að hann hèldi í taumana á hinum hvikulli hlutanum og viðurtækilegri fyrir öllum bráðum áhrifum og þar sem því er barið við, að á Íslandi vanti nægð af stjórnfróðum mönnum, og því væri hentara að safna kröptunum í eina málstofu, þá verður þingið allraþegnsamlegast að geta þess, að beint þegar konungskosningunum er haldið, virðist því eigi ástæða til, að bera fyrir skort á stjórnfróðum mönnum; en þessir hinir hyggnari og stjórnfróðari menn geta auðsjáanlega betur neytt sín í tveimur málstofum, en einni, og þegar þeir eru allir í efri málstofunni með öðrum jafnmörgum hinum reyndustu og greindustu þingmönnum, virðist full trygging fyrir því fengin, að aðgjörðir þingsins fái þá rósemi, staðfestu og stöðugleik, sem heimtað verður af löggjafarþingi, og girt fyrir, að þingið í bráðræði álykti nokkuð það, sem skaðsamlegt er almennings heillum, þrátt fyrir það, þótt kosningarlög þingsins sèu eins frjálsleg og þau eru, og sem þingið verður að vera sannfært um að eigi bezt við þetta land. Önnur mótbáran, að þingið yrði við það kostnaðarsamara, þótti eigi til greina takandi, þegar um tryggingu fyrir góðum afdrifum málanna var að ræða, því síður sem einmitt flestir þeir þingmenn, sem eiga að bera þingkostnaðinn, bændurnir, lýstu því yfir, að það atriði ætti eigi fyrir að standa, og samþykkti því þingið að skipta þinginu í tvær deildir með 14 atkvæðum gegn 12. En ef þessi skipting skyldi reynast óhentug eða óþörf, vildi þingið þó bæta þeirri ákvörðun við, að tölu hinna

þjóðkjörnu manna mætti breyta með lögum (með 15 atkvæðum gegn 10),

23. gr., sem nú yrði hin 24. í tölunni. Þessi grein er með öllu óbreytt, nema að því einu, að þingið vill skjóta inn í staflið c ákvörðun um það, að þeir sem tekið hefðu embættispróf hjá landlækninum, samkvæmt konungsúrskurði 29. ágúst 1862, og eins á læknaskólanum og lagaskólanum, þegar þeir verða stofnaðir, hefðu sama rètt og þeir, er taka embættispróf í prestaskólanum, því að það þótti sjálfsagt, að þeir hefðu allir sama rètt bæði til kosninga og kjörgengi (samþykkt með 22 atkvæðum).

Töluliður 1. í þessari grein þótti þinginu betur orðaður eins og hann nú er orðinn. Svo vildi þingið og til skilningsauka bæta inn í orðinu »síðustu» á undan »5 ár» í tölul. 2., með því að sá hlyti að vera hinn rètti skilningur töluliðsins, en eigi sá, að nokkur sá væri kjörgengur til þingsins, er hefði að eins verið einhver fimm ár í löndum Danakonungs í Norðurálfunni. «Kjósa má einnig» þótti og betur fara, en: »þó má kjósa». Með þessum smábreytingum var greinin samþ. með 23 atkvæðum.

Úr því þingið komst að þeirri niðurstöðu, að skipta þinginu í tvær deildir, þótti sú ákvörðun, hverjir sæti skyldu eiga í hvorri þingdeildinni fyrir sig rèttast sett í nýja grein, á eptir 23. grein stjórnarfrumvarpsins. Það hefir áður verið fyrir því grein gjörð, að hinir 6 konungkjörnu embættismenn skyldu sitja í hinni efri þingdeildinni; en þá virtist þinginu sjálfsagt, að eigi mættu færri vera þjóðkjörnir en 6. Þingið játar það reyndar, að sú deildin er nokkuð fáskipuð þjóðkjörnum mönnum; en á hinn bóginn þótti eigi gjörlegt, að láta fleiri þjóðkjörna menn eiga þar sæti; því að þegar þjóðkjörnir þingmenn væru að eins 30, yrði hin neðri þingdeildin allt of þunnskipuð, ef hún væri skipuð færri mönnum en 24. Þegar rætt var um, hversu hina 6 þjóðkjörnu þingmenn skyldi kjósa til efri þingdeildarinnar sá nefnd sú, er sett var í málinu, eigi annan hentugri veg til þess, en þann, að þingið kysi þá úr sínum flokki til hverra 6 ára, sem þingkosningarnar stæðu. En til þess, að tryggingin yrði sem bezt, fyrir því, að sú þingdeildin skoðaði málin með sem mestri ró og gætni, vill þingið einskorða aldur þessara 6 manna þannig, að enginn þeirra sè yngri en 40 ára. Á þessa skoðun nefndarinnar fèllst þingið með öllu. Bæði þingnefndinni og þinginu sjálfu var það ljóst, að aðrir vegir voru eigi tiltækilègir í þessu efni, eptir því sem til hagar hèr á

landi; því að tvöfaldar kosningar hafa ávallt verið ógeðfelldar landsmönnum; og fjárstofninn hefir aldrei þótt veita neina tryggingu fyrir góðum kosningum, eptir því sem til hagar hèr á landi. Enda virtist nú öll trygging fengin, sem æskileg er og auðið er að fá, fyrir rósemi, staðfestu og stöðugleik þingsins í heild sinni með þessari efri þingdeild, þannig skipaðri, einkum þegar litið er til ákvörðunar þeirrar, sem þingið fèllst á við 36. greinina í frumvarpi þingsins, að ef þingdeildirnar gætu eigi orðið á eitt sáttar, skyldi málið því að eins fá framgang, að tveir þriðjungar alls þingsins fèllist á það.

Þessa grein, sem verður hin 25. í tölunni, samþykkti þingið með 17 atkv. gegn 8.

IV.

24.—26. gr.

Á þessar greinir fèllst þingið óbreyttar (með 24, 25, og 26, atkvæðum), að því einu undanskildu, er leiddi beinlinis af ákvörðuninni í 12. grein, að þingið skyldi koma saman annaðhvort ár, að breyta varð í 24. greininni orðunum »þriðja hvert« í »annaðhvort. »Svo þótti og betur fara og rèttar orðað, að skjóta inn orðinu »sem« á undan »um drottinssvik« síðast í 26. grein.

27.—29. gr.

Þessar greinir fèllst þingið og á óbreyttar (með 17 atkv. gegn 6, og 17 atkv. gegn 2), nema að því, er leiddi af þingskiptingunni í tvær deildir, að breyta varð orðinu »það« (o: alþingi) í 27. gr. og »alþingi« í 28. grein í »hvor þingdeildin fyrir sig«. Í 29. greininni áleit þingið, að orðin »út af fyrir sig «ættu að falla burtu, en aptur ætti á eptir orðinu »selja« að bæta inn í »eða af hendi láta«, því að þinginu virtist það sjálfsagt, að atkvæði þess ætti að ná til alls konar afsölu fasteigna landsins, hversu sem á henni stæði.

30. grein.

Hvorki nefnd, þeirri er sett var í málið, nè þinginu gat dulizt það, að skattgjafarvald og fjárveitinga-rèttur þingsins var talsvert bundinn með ákvörðuninni um fasta fjárhagsáætlun; þar sem árleg fjárlög eru áskilin í stjórnarskrám annara þjóða með lögbundinni konungsstjórn, svo sem hyrningarsteinn fyrir því, að þingin verði eigi ofurliða borin af stjórninni. Þessi fasta fjárhagsáætlun varð að þykja því athugaverðari, sem atkvæði þingsins var

í ýmsum greinum allmjög bundið, og einkum eptir ákvörðuninni í 7.—10. gr. stjórnarfrumvarpsins um ábyrgð hinna æðstu stjórnarvalda landsins. Og þótt ákvörðun þessi ætti við nokkrar ástæður að styðjast, þar sem var fyrirkomulag alþingis eins og það var hugað með einni þingdeild og fáskipað, þá mætti nú virðast svo, sem þinginu, með þeirri skipun, sem þingið fèllst á að gjöra á því, væri trúandi fyrir fullu og venjulegu löggjafaratkvæði í þessu efni, og sú mótbára væri því horfin; en allt um það, varð þó bæði nefndin og þingið á þeirri skoðun, að halda þessari föstu fjárhagsáætlun; en sjálfsagt þótti að breyta síðari málsgrein þannig, að tekið væri fram með berum orðum, að fyrir hvert reglulegt alþingi, jafnframt og það væri sett, skyldi leggja áætlun um aukatekjur og auka-útgjöld landsins, að því leyti sem þau væri eigi fólgin í hinni föstu áætlun yfir tveggja ára tímabil það, sem í hönd færi, og að auka-áætlun þessi skyldi jafnan fengin neðri þingdeildinni fyrst til meðferðar, og var þessi breyting samþykkt með 18 atkvæðum gegn 4, og greinin með þessari breytingu með 25 atkvæðum.

31. grein.

Framan við þessa grein þótti nauðsyn að bæta þeirri ákvörðun, þótt hún væri að öðru leyti sjálfsögð, að þá er ný skattgjöld væru ráðgjörð í auka-áætlun mætti eigi heimta þau fyrr, en áætlunin væri samþykkt (með 25 atkvæðum).

32. grein.

Þessi grein var með samhljóða 26 atkvæðum samþykkt óbreytt, að því einu undanskyldu, að «þremur» var breytt í «tveimur», og «þriggja» í »tveggja», samkvæmt 12. grein.

33. grein.

Þingið gat alls eigi séð ástæðu til þess, að farið skyldi öðruvísi með frumvörp frá einstökum mönnum, heldur en með þau er stjórnin leggur fyrir þingið, en vildi láta hvorttveggja njóta sömu meðferðar, og með því miðliðurinn er úr felldur, er til skilningsauka bætt inn í fyrsta lið þessarar greinar: «nè heldur frumvarp frá einstökum mönnum» á eptir orðinu «lagafrumvarp»; »til fullnaðar» þótti eiga hèr betur við en «að fullnustu». Miðliður greinarinnar var öllum þorra þingmanna ljóst, að legði óhafandi band á frjálst atkvæði þingsins, þar sem stjórninni var áskilinn rèttur til að orða frumvörpin undir þriðju umræðu eins og hún vildi, svo að þinginu gafst enginn annar kostur, en að ganga

beint og óskorað að uppástungum stjórnariunar, ef það vildi fá málinu framgengt, eða fella það að öðrum kosti, og var því sá liðurinn úr felldur með 16 atkvæðum gegn 7; en hinn fyrsti og síðasti liður samþykktur með 23. atkvæðum.

Úr því þingið komst að þeirri niðurstöðu, að skipta þinginu í tvær deildir, leiddi af því beinlínis að skjóta verður hèr inn ákvörðun um, hversu að skyldi farið, er þingdeildirnar greindi á. Þenna ágreining mátti útkljá á tvo vegu, annaðhvort með því, að kosnir væru gjörðarmenn úr báðum þingdeildunum, og jafnmargir úr hvorri fyrir sig, til að koma sèr saman um málið, og láta svo þingdeildirnar leggja samþykki sitt á, samkvæmt því, sem ákveðið er í hinum dönsku grundvallarlögum 53. grein, ef landsþingið og þjóðþingið greindi á, eða þá, að báðar þingdeildirnar gengju saman í eitt þing og skæru svo úr með atkvæðum, eins og er í hinum norsku grundvallarlögum, og þótti sú aðferðin hentugri og mundi verða affarabetri yfir höfuð að tala; en til þess að hafa vissu fyrir því, að hin neðri þingdeildin skyldi þar eigi bera hina ofurliða, þótti rèttast, að áskilja tvo þriðjunga atkvæða, til þess að málið gæti haft framgang. Þessi atkvæðafjöldi var samþykktur með 16 atkvæðum gegn 4, og öll greinin með 18 atkvæðum gegn 2.

34., 35., 36., 37., 38. og 39. gr.

voru allar samþykktar óhreyttar með 25 atkvæðum.

40. grein.

Af ákvörðuninni um tvískiptingu þingsins leiddi það, að breyta varð orðinu «alþingi» í «hvor deildin fyrir sig», og greinin svo samþykkt með 17 atkvæðum.

41. grein.

Hèr varð og að sjálfsögðu að breyta orðinu «þingið» í upphafi greinarinnar í: «Hvor þingdeildin fyrir sig». Auk þess virðist það mjög hæpið, að gefa þinginu eða hvorri deild þess fyrir sig leyfi til að útkljá nokkurt málefni, ef að eins meira en helmingur þingmanna væri við; því að með því móti gæti svo farið, að fáeinir menn gæti ráðið úrslitum og vildi þingið því setja þá ákvörðun, að tveir þriðjungar þingmanna þyrftu að vera viðstaddir, ef málið skyldi til lykta leiðast, sem einnig er samkvæmari reglu þeirri, er alþingistilskipunin setur en sú, er stendur í frumvarpi stjórnarinnar, og var það samþykkt með 14 atkv., og greinin með áorðnum breytingum með 17 atkv.

42. grein.

Auk þeirrar breytingar, sem leiddi af tveimur þingdeildum þótti rèttara að segja »hvert opinbert málefni sem er«, og að setja »landstjórnarinnar« fyrir »stjórnarinnar« í enda greinarinnar, og var hún þannig samþykkt með 17 atkv.

43. grein.

Fyrir »Þingið« í upphafi greinarinnar varð hèr að setja »Hvorug þingdeildin«, en þá varð og að breyta »ekki neinu« í »nokkru« og »þingmanna« í »þingdeildarmanna«. Auk þess þótti rèttar orðað að segja »að taka það að sèr til flutnings« en »að leggja það fram«, og með þessum breytingum var greinin samþykkt með 13 atkv.

44. grein.

Sú grein var samþykkt með 15 atkv. með þeim orðabreytingum, að fyrir »þinginu« var sett »þingdeildinni«; fyrir »það« var sett »hún«, og »stjórnarinnar« var breytt í »landstjórnarinnar«.

45. og 46. grein.

Þessar greinir eru óbreyttar með öllu að efninu til, nema hvað byrjun 45. greinar er breytt sökum skiptingar þingsins í tvær deildir og orðum nokkuð vikið við annarstaðar í greininni; var sú greinin með þessum breytingum samþykkt með 15 atkvæðum, en 46. grein með 19 atkvæðum.

Á eptir þessari grein virtist þinginu auðsætt, að taka yrði upp nýja grein, þar sem ákvörðun stæði í um það, er báðar þingdeildirnar gengju saman í eina málstofu, í líkingu við ákvörðun þá, sem stendur í 67. grein hinna dönsku grundvallarlaga 1866. Þótti þá sjálfsagt, samkvæmt því sem verið hefir, og ákvörðunum þessa frumvarps í 44. grein, að tveir þriðjungar hvorrar þingdeildarinnar fyrir sig væru viðstaddir, til þess að fullnaðarályktun yrði gjörð á nokkru máli, og að þingið þá í heild sinni kysi sèr forseta, og var þessi nýja grein, sem verður hin 50. í röðinni, samþykkt með 14 atkvæðum.

V.

Með því að með þessu frumvarpi er svo tilætlazt, að Ísland fái frjálslegt stjórnarfyrirkomulag með ráðgjafa-ábyrgð allra stjórnargjörða, virtist þinginu sjálfsagt, að af því yrði að leiða stofnun «landsdóms í landinu sjálfu», sem þá að sjálfsögðu hefði líkt ætlunarverk og «Rigsretten» í Danmörku. En þinginu þótti þó eigi

vert að þessu sinni, meðan ný og full skipun væri eigi komin á dómsvaldið í landinu sjálfu, að kveða á um það, hversu landsdómur þessi skyldi skipaður, og annað, er að honum lyti, og virtist rèttara, að ákvörðun um það efni væri annaðhvort tekin upp í lög þau, er sett væri um ráðgjafa- og landstjóra-ábyrgðina, eða sèrstök lög gefin út um skipun dóms þessa; og lèt sèr því nægja að þessu sinni að skjóta hèr inn í frumvarpið nýrri grein, sem verður hin 51., þar sem stuttlega er drepið á, hver verkahringur þessa landsdóms skuli vera, og var þessi hin nýja grein samþykkt með 12 atkvæðum gegn 11.

47. og 48. greinir voru samþykktar óbreyttar með 26 og 24 atkvæðum.

49. grein

er að efninu til með öllu óbreytt, en orðum vikið nokkuð við í síðari málsgreininni, með því að svo þótti íslenzkulegar orðað, og var greinin þannig samþykkt með 14 atkvæðum gegn 7.

50. og 51. greinir

eru óbreyttar, að þeirri orðabreytingu einni undanskildri, að «skipun á dómstólana» í 50. greininni er breytt í «skipun á um dómstólana»; og var sú greinin með orðabreytingu þessari samþykkt með samhljóða 26 atkvæðum, en hin 51. með 22 atkvæðum.

VI.

Hèr virtist þinginu rètt að skjóta inn nýrri grein, er þá verður hin 57., samkvæmri 75. grein í hinum endurskoðuðu grundvallarlögum Dana, dagsettum 28. dag júlímánaðar 1866 um það, að rèttarástandi þjóðkirkjunnar skyldi skipað með lögum.

52., 53. og 54. grein.

Þessar greinir eru óbreyttar, nema að því einu, að fegra þótti, að segja: «En ekki má kenna eða fremja neitt það», í stað þess, sem í frumvarpinu stóð: «þó má ekki kenna eða fremja neitt»; var 52. greinin samþykkt með 18 atkvæðum, en hinar tvær með 20 atkvæðum.

VII.

55., 56., 57. og 58. grein.

Í byrjun 55. greinar er sú orðabreyting á gjör, að í staðinn fyrir: «Sèrhver sá» er sett: «Hver sá maður»; að öðru leyti eru

greinir þessar með öllu óbreyttar; var 55. greinin samþykkt í einu hljóði með 26 atkvæðum, en hinar með 25 atkvæðum.

59. grein.

Í þessari grein vill þingið breyta orðunum: «þó með því móti, að hann gangist undir skyldur þær, er lögin áskilja þar um», og setja: «en þá skal hann háður vera skyldum þeim, er lögin áskilja», með því að þinginu virtist, að orðið «gangazt undir» gæti eigi hèr átt við, og ekki tákna það, sem það á hèr að tákna.

Þinginu virtist sjálfsagt, að setja hèr inn nýja grein, sem hefði sömu ákvörðun og 85. gr. í grundvallarlögum Dana, 28. júlí 1866, um skyldu hins opinbera, að sjá börnum þeirra foreldra, er eigi geta frætt þau, og munaðarlausum öreigum fyrir uppfræðslu og framfæri, og það því fremur, sem gildandi landslög og landsvenja heimila sóknarpresti, að taka börn frá foreldrum, er freklega afrækja kristilega uppfræðingu þeirra, og koma þeim niður á góða kennslustaði á kostnað foreldranna, ef þeir eru færir að greiða hann, en að öðrum kosti á kostnað sveitarinnar, og einnig að ráða kennslustöðum sveitarbarna, þótt hreppstjórar gætu komið þeim fyrir á öðrum stað, sem prestinum eigi líkaði, með minni meðgjöf. Þessi grein, sem verður hin 66. í tölunni, var samþykkt með 25 atkvæðum.

60., 61., 62., 63., 64., 65. og 66. gr. Þessar greinir eru óbreyttar að efni, en litlar orðabreytingar eru á þeim gjörðar, og voru 60.—63. grein hver fyrir sig samþykktar með 25 atkvæðum, en 64.—66. með 26 atkvæðum.

67. grein.

Þessari grein virtist þinginu rèttast að breyta í líkingu við 95. grein í hinum nýju grundvallarlögum Dana; því að þar sem svo virtist, sem mjög varlega ætti að gjöra breytingar á slíkum stjórnarskipunarlögum, úr því þau einu sinni eru á komin, nema annaðhvort brýna nauðsyn til beri, eða það sè almenn ósk, þá virðist alþingi Íslendinga vera gjört of auðvelt fyrir með breytingar á stjórnarskrá sinni eptir þessari grein stjórnarfrumvarpsins, og samþykkti því þingið hina nýju grein með 18 atkvæðum gegn 8.

ÁKVARÐANIR UM STUNDARSAKIR.

1. grein.

Með því að stungið er upp á því í 22. grein frumvarps þessa, að 30 þjóðkjörnir menn skuli eiga sæti á alþingi framvegis, en

hin nú gildandi kosningarlög 6. janúarmán. 1857, sbr. við tilsk. 8. dag marzmánaðar 1843, ráðgjöra eigi nema 21, þá verður nauðsyn á, að sèrstakt lagaboð verði út gefið, um þessa þingmannafjölgun, og hversu hún skyldi koma niður á hin ýmsu kjördæmi, þrátt fyrir ákvörðunina í 22. gr., og sökum þess er sú viðbót gjörð við greinina, að breytingin á hinum nú gildandi kosningarlögum skuli gjör ákveðin með lögum og sú viðbót samþykkt með 14 atkvæðum gegn 12, og greinin í heild sinni með 17 atkvæðum.

2.—6. grein.

Eru með öllu óbreyttar, og 2. 4. og 6. samþykktar með 26 atkvæðum, en hin 3. og 5. með 24 atkvæðum.

Að endingu leyfir þingið sèr að stinga upp á þeirri breytingu, að frumvarp þetta, ef það nær allrahæstri staðfestingu, verði nefnt »Stjórnarskrá Íslands», samþykkt með 24 atkvæðum.

ÁLITSSKJAL

til konungs um konunglegt frumvarp til laga handa Íslandi um afplánun fèsekta í öðrum málum en sakamálum. (Sbr. bls. 597).

Jafnframt frumvarpi til almennra hegningarlaga handa Íslandi lagði fulltrúi yðar hátignar á þessu alþingi fyrir þingið: frumvarp *til laga handa Íslandi um afplánun fèsekta í öðrum málum en sakamálum*. Sakir skyldugleika þessara málefna, kaus þingið hina sömu sjö nefndarmenn, en þó með sèrstakri kosningu fyrir hvort, til þess að hafa bæði þessi mál til meðferðar og undirbúnings. Frumvarps málefni það, sem hèr ræðir um, var síðan rætt á 2 aðalfundum á lögskipaðan hátt, og leyfir þingið sèr nú að bera upp þegnlegt álit sitt um málið á þessa leið.

Það er nógsamlega kunnugt, að eins og nú er ástatt hèr á landi eru engi önnur laga-úrræði til að afplána með sektir, hvort heldur þær eru ákveðnar með lögregludómi eða eptir yfirvalda-úrskurði, en þau sem gefin eru í tilsk. 24. jan. 1838, 9. gr. sbr. við 21. gr. stafl. c, og vill þá optast reka að hýðingarafplánuninni. En svo sem hýðingin þykir óhæfileg hegning fyrir glæpi, þykir hún þó, eins og má, margfalt óhæfilegri til afplánunar lítilfjörlegum fèsektum, sumpart þetta eina en óhæfilega afplánunarúrræði,

sem einmitt þess vegna mun víða vera í lengstu lög skirrzt við að framfylgja og beita, og sumpart örbyrgð og gjaldtregða þess flokks landsbúa, er hvað tíðast mun verða fyrir þeim sekta-útlátum, sem frumvarpið gjörir að umtalsefni, veldur því, að sektin sjálf fellur einatt sjálfkrafa niður að öllu eður nokkru leyti, án þess það þyki gjörandi, þegar svo er komið, og máske eptir langan tíma umliðinn, að sækja sektamálið frekar á hendur hinum seka, hvar við hann þá einatt kemst bæði undan sektinni og afplánun hennar. Þar sem nú frumvarpið ráðgjörir og gjörir kost á svo verulega umbættu og eðlilegu fyrirkomulagi í þessu efni sem framast verður á kosið með afplánun slíkra fjársekta í fangahúsum, þá virðist þinginu tvímælalaust, að í 1.—3. gr. þess sè fólgin veruleg réttarbót, er eigi sè hikandi við að aðhyllast, með skilyrði því sem ákveðið er í 5. gr.

Hið sama er að segja um ákvarðanirnar í 3. og 4. gr. frumvarpsins, er lúta 1., að samkynja afplánun ógoldinna aðhaldsekta eptir dómi eður yfirvaldsúrskurði, sem lagðar eru við því, ef eigi er verk leyst af hendi í þarfir hins opinbera, og 2. að því að sá sem eigi leysir af hendi ákveðinn eður umsaminn forlagseyri með barni sínu eður og fráskilinni konu sinni til framfæris, skuli skyldur að afplána þau skyldugjöld eins og ef sektir væri; því eins og ákvörðunin í 3. gr. er eðlilega náskyld því, sem um er rætt í 1. og 2. gr., eins má ákvörðunin í 4. gr. verða til þess, að sá, sem forlagseyrinn á að heimta, fái hann miklu skilvíslegar greiddan og með minni tregðu og undanbrögðum af hendi þess, sem á úti að láta, þegar fangelsisafplánunin liggur við, heldur en eins og nú er, þar sem í þeim efnum er eigi annað til úrræða eptir nú gildandi lögum, fyrir þann sem á heimtingu gjaldsins, heldur en að leita þess með fjárnámi, en það er einatt næsta miklum vandkvæðum og erfiðleikum bundið, þegar sá sem út á að leysa er í fjarlægð, og þar til einatt árangurslaust sakir undanbragða þess, er fyrir fjárnáminu verður.

Að því, er áhrærir 5. gr., voru þingnefndin og nokkrir aðrir þingmenn á því máli, að skilyrðið fyrir gildi lagaboðs þessa ætti að réttu lagi að vera bundið við það, þegar búið væri að koma upp fangahúsum hèr á landi, með því afplánun sú sem lagaboðið ákveður getur auðvitað eigi átt sèr stað án fangahúsa, eptir því sem hèr er ástatt; en með því löggilding »almennra hegningarlaga» var í sjálfu því lagafrumvarpi einbundin við það; þegar búið

væri að koma upp fangahúsum á Íslandi, og þingið aðhylltist þá ákvörðun með atkvæðafjölda, þá virtist meiri hluta þingsins rèttast að halda einnig ákvörðuninni í 5. gr. óbreyttri.

Samkvæmt framanskrifuðu áliti og útlistun leyfir þingið sèr þegnsamlegast með 21 atkv.

að biðja yðar konunglegu hátign mildilegast að hlutast til um, að frumvarp þetta verði gjört að lögum óbreytt.

Alþingi, 10. sept. 1867.

Allraþegnsamlegast.

Jón Sigurðsson. Jón Guðmundsson.

UPPÁSTUNGA

nokkurra þingmanna um ávarp til konungs.

Eptir því, sem vèr undirskrifaðir alþingismenn, er hið virðulega alþingi kaus ásamt öðrum fleiri í stjórnarlaganefndina, höfum átt æ betri kost á því, að kynna oss það nú, tildrög þess og stefnu og frágang af hendi stjórnarinnar í Danmörku, og eptir því sem vèr höfum gjör yfirvegað það mál með sjálfum oss, jafnframt og vèr höfum rætt það með oss á nefndarfundum, eptir því hefir oss orðið það æ ljósara og um það fest æ dýpri sannfæring hjá hverjum okkar, að nauðsyn muni bera til þess, að þetta þing komi sèr niður á og afráði, að rita og senda vorum allramildasta konungi, Kristjáni hinum 9., allraþegnsamlegast *ávarp* út af hinni konunglegu auglýsingu til þessa alþingis og hinum verulegustu sèrstaklegu atriðum hennar í sambandi með stjórnarskipun þeirri, sem frumvarpið frá stjórn konungsins nú gefur oss Íslendingum kost á.

Að vísu efumst vèr eigi um það, að þingnefndin, sem kosin er í málið, muni í álitsskjali sínu taka fram og gjöra að umtalsefni allt hið helzta og sem framast er umvarðandi, og að þar eptir muni sjálft hið virðulega þing hreifa öllu því um líku í álitsskjali sínu um málið til konungs, er *stjórnarfrumvarpið gefur heimild og tilefni til*; en vèr vonum einnig, að allir hinir háttvirtu þingmenn hljóti að verða oss samdóma um það, að hendur þingnefndarinnar (eins í þessu sem hverju öðru máli) eru ólíka bundnari í yfirlýsingum sínum og uppástungum heldur en þingið er allt í

heild sinni, þegar um *ávarp* er að ræða, er meðfram og mestpart verður eigi öðruvísi skoðað heldur en óbundið *andsvar* þingsins *til konungsins* upp á auglýsingu hans til hins sama þings, og sem yfirlýsing þingsins áhrærandi hin helztu atriði og undirtektir af konungs hendi og stjórnar hans, sem þar (í auglýsingunni) koma fram, í sambandi með stjórnarfrumvörpum þeim einu eða fleirum, sem auglýsingunni voru samfara.

Vèr leyfum oss því hèr með að skora á hið heiðraða alþingi og biðja, að það afráði að rita og senda vorum allramildasta konungi þegnsamlegt ávarp í þá stefnu, sem hèr er tekin fram, og kjósi 3 manna nefnd til að semja frumvarp til þessa ávarps.

Reykjavík, 3. ágúst 1867.

Benidikt Sveinsson. Jón Guðmundsson. Jón Sigurðsson. Jón Hjaltalín. Sveinn Níelsson.

Þessi uppástunga var felld frá nefnd með 11 atkv. gegn 10.

BÆNARSKRÁ

til konungs um, að konungleg hátign allramildilegast vildi láta sèr þóknast að staðfesta hèr meðfylgjandi frumvarp til tilskipunar um friðun á laxi á Íslandi. (Sbr. bls. 442—447).

Til alþingis kom að þessu sinni bænarskrá frá 147 búandi mönnum í Mýrasýslu, er fer því á flot, að þingið biðji yðar konunglegu hátign þegnsamlega um, að laxveiði hèr á landi megi verða með allrahæstri tilskipun friðuð fyrir stjórnlausri og óskynsamlegri veiði einstakra manna.

Þingið tók málefni þetta til meðferðar, setti í það 5 manna nefnd, og ræddi það síðan ítarlega á 2 fundum sínum.

Að því er nú snertir málefni þetta, þá vita það allir, er nokkuð þekkja til hèr á landi, að landið er fullt af ám og vötnum, er lax gengur í, og nægar sögur eru um það, að því nær hver á var hèr á landi í fyrndinni full af laxi og silungi.

En eins og þetta er víst, svo er það og óyggjanda, að sökum stjórnlausrar gg óskynsamlegrar veiði einstakra manna, einkum nú á seinustu árunum, síðan útlendar þjóðir, einkum Englendingar fóru að kaupa hèr lax og borga hann dýrum dómum,

hefir þessi bjargræðisstofn landsins mjög svo þverrað, og er nú þegar að kalla má víða gjörsamlega á förum. Þetta verður og auðsætt, þegar gætt er að því, að það eru margreynd sannindi, ekki að eins hèr á landi, heldur og í öðrum löndum víða, að lax timgast að eins í fersku vatni, svo þegar laxinum er meinað að fara upp eptir ánum, og hann allur er veiddur bæði stór og smár, er í þær gengur, getur hann eigi lengur viðhaldizt, og veiðin hlýtur smám saman að minnka, unz hún að lokunum með öllu þrýtur. Þannig er nú engin laxveiði orðin á mörgum jörðum, og það þeim, er til heyra hinu opinbera, er áður höfðu hin mestu hlunnindi af þessari veiði.

Það liggur enn fremur í augum uppi, hversu mikill bjargræðisvegur það hlyti að verða fyrir þetta land, mætti það takast, að fá laxinn aptur til að fjölga, og að hver á svo að kalla aptur gæti orðið full af laxi og silungi, sem fyrrum; en til þess, að þessu geti orðið framgengt, þarf auðsjáanlega að friða laxinn fyrir óskynsamri og stjórnlausri veiði einstakra manna, eins og áminnzt bænarskrá fer fram á. Það hefir og tekizt bæði í Norvegi og á Englandi, þar sem var því nær eins komið og hèr á landi, að öll laxveiði víða var orðin upprætt, að koma henni aptur upp með góðum og viturlegum lögum, löndum þessum til hins mesta gagns og ábata.

Hið opinbera, sem á að vaka yfir almennings heillum, hlýtur og að hafa fullkominn rètt til þess, að setja þau lög, er meini hinum einstöku, að nota svo eign sína, að aðrir þar við bíði tjón á eignum sínum, eður á þann hátt, að það standi almennings heillum fyrir þrifum, auk þess sem efi virðist geta verið á því, hvort það sè nokkur sönn takmörkun á rètti hins einstaka yfir jörð sinni, að meina honum að gjöra hana verri fyrir eptirkomendurna.

Hin gildandi lög hèr á landi í þessu efni, Jónsbókar landsleigu bálkur, 56 kapítuli, viðurkennir og þessar grundvallarreglur fyllilega, þar heitir að vísu: »Hver maður á vötn og veiðistöðu fyrir sinni jörðu o. s. frv., en svo stendur þar aptur skömmu síðar: »Enginn skal fyrir öðrum veiði spilla eður banna, þá er hann hefir að fornu haft«. »Hver maður má gjöra veiðivèl í sinni á, og gjöra þó svo, að fiskur megi fara upp að á hverri«. »Ganga skal guðsgjöf til fjalls sem til fjöru, ef gengið vill hafa« o. s. frv. »og í Grágásarlandabrigðaþætti, kap. 208 eru sömu grundvallarreglurnar, en nokkuð ítarlegar teknar fram.

Svo viturlegar sem nú þessar grundvallarreglur eru og með öllu rèttar í sjálfu sèr, þá er það þó óneitanlegur galli á lögum þessum:

1. að í svo mikilvægu málefni, sem þetta er fyrir landið, er með þeim ekki hugsað um eptirkomendurna eður sèð um, að veiðin megi viðhaldast fyrir þá; þannig er

α., hinu opinbera ekki gjört að skyldu, að sjá um, að enginn uppræti veiði í á sinni, eður veiðivatni, heldur er það komið undir þeim, er fyrir ofan búa, og fyrir skaðanum verða, hvort þeir vilja ákæra veiðina, eður ekki; og ef maður á einn ána, eður veiðina í henni, svo enginn geti ákært, getur eigandinn að ósekju upprætt alla veiðina til óbætanlegs tjóns fyrir eptirkomendurna.

β., er ekkert bann lagt við það, að veiða ungviðið eður laxsíldina, svo þegar hver má taka hvern þann lax, er hann nær, bæði stóran og smáan, ef hann eigi við hefir neina ólöglega veiðiaðferð, má með þessu móti gjöreyða laxinum í mörgum veiðivötnum, þar ungviðið þá eigi náir að komast upp.

2. Eru ákvarðanirnar í þýsna almennum orðatiltækjum, og væri víst betra, að þær væri nákvæmar útfærðar í lögunum sjálfum, einkum eptir þeim rèttarfarsmáta, er nú tíðkast hèr á landi.

Af þessum ástæðum, er þingið nú hefir tilgreint, hlýtur það að álíta með öllu nauðsynlegt, að nýtt lagaboð allramildilegast mætti útkoma um meiri friðun á laxi, en verið hefir, og sem byggt sè á áðurtèðum grundvallarreglum Jónsbókar og Grágásar, og athugasemdum þeim, er þingið nú hefir gjört við þær. En þar eð slíkt lagaboð hlýtur að byggjast á nákvæmustu þekkingu um það, hvernig laxgöngunni hèr á landi hagar til, og ýmsum öðrum landsháttum, er standa í nánasta sambandi þar við, og það aptur á hinn bóginn með öllu er nauðsynlegt, að slíkt lagaboð útkomi sem allra fyrst, því í hverri biðinni hèðan af, er þessum arðsama bjargræðisveg landsins hið mesta tjón og eyðilegging búin, þá hefir þingið tekið að sèr, að semja frumvarp til laga um þetta efni, og hafði það sèr til hliðsjónar auk áminnzta laga, bæði hin núgildandi ensku laxveiðalög og líka hin norsku og leyfir sèr þannig þegnsamlega að beiðast með 18 atkvæðum gegn 3.

Að meðfylgjanda »frumvarp til tilskipunar um friðun á laxi á Íslandi« megi allramildilegast fá lagagildi.

Alþingi, 26. ágúst 1867.

Allraþegnsamlegast.

Jón Sigurðsson. Jón Pètursson.

FRUMVARP

til tilskipunar um friðun á laxi á Íslandi.

1. grein.

Enginn má frá 1. septembermánaðar ár hvert til 20. maímánaðar næsta ár veiða eður deyða á nokkurn hátt lax í ám, árósum, vatna-ósum, stöðuvötnum, tjörnum, lónum, fjörðum, eða fyrir sjáarströndum; nè heldur viðhafa, leggja eður liggja láta veiðivèlar fyrir lax.

2. grein.

Á öðrum tíma árs, en nú var mælt, má lax veiða, en þó með takmörkunum þeim, er nú skal greina:

3. grein.

Enginn skal leggja eður viðhafa nokkra veiðivèl fyrir lax frá náttmálum á laugardegi til miðnættis sunnudagskvöldið næsta eptir; nè heldur á þessum tíma liggja láta, nema veiðivèlinn sè föst, og verði eigi án stórskemmda upp tekin; því þá má hún kyrr vera, en autt op skal þá vera á henni, er gangi ofan í botn og upp úr, í hið minnsta 1 alin á breidd, fyrir hverjar 3 álnir af lengd vèlarinnar í vatn eða sjó fram.

4. grein.

Hvergi, þar sem lax gengur, má hafa lóðir, eður þau veiðarfæri, er náð verði með smálaxi.

5. grein.

Á stöðum þeim, er nefndir eru í 1. grein og lax gengur, má enginn til veiðiskapar viðhafa net eður önnur riðin veiðarfæri, með minni möskvum, en svo, að 2. þumlungar sè milli hnúta, eður möskvinn allt í kring 8 þumlungar og sè mælt, er möskvinn er votur; eigi má heldur viðhafa á nokkurn hátt þær veiðibrellur, er meini laxi að ganga gegnum möskva þessa. Þó má amtmaður leyfa silungsveiði með smáriðnari netum, en nú var sagt, þegar það verður sannað, að veiði-aðferð sú sè mjög arðsöm fyrir hlutaðeigendur og eigi skaðvæn fyrir laxgönguna.

6. grein.

Á veiðivèl hverri skulu vera svo mörg op og svo stór, að enginn lax, sem minni er en 8 þumlungar ummáls, þar sem hann er gildastur, staðnæmist í vèlinni. Sèu grindur á veiðivèlinni skal eigi vera styttra milli rimanna á þeim, en $2^1/_2$ þumlungur.

7. grein.

Enginn má hafa lagnet nè nokkra aðra fasta veiðivèl, nè garða

í ám, árkvíslum, árósum eður vatna-ósum eður öðrum straumvötnum, sem lax gengur í, er nái lengra út, en yfir einn þriðjung vatnsfarvegarins, þegar vatn er sem minnst í honum, og skal vatnið fyrir utan endann eigi vera grynnra, en þar sem netið, veiðivèlin eður garðuriun er. Þó skal bann þetta eigi ná til þeirra, er eiga alla veiði fyrir ofan í ánni, kvíslinni eður vatninu; samt má enginn þvergirða árkvísl, nema minni læxför sè í henni, en annari kvísl árinnar.

8. grein.

Enginn má á nokkurn hátt fæla lax frá að ganga upp í vötn eður ár, eður upp að þeim og spilla með því veiðinni; enda skal hverjum manni heimilt, að skjóta og styggja seli í veiði-ám og ósum þeirra.

9. grein.

Friðlýsa skal á manntalsþingum ár hvert öllum þeim veiðistöðum í þeirri þinghá, er lax gengur, og nefndar eru í 1. grein, og skal sýslumaður gjöra það kauplaust.

10. grein.

Enginn má selja eður kaupa lax þann, er minni er en 8 þumlungar ummáls, þar sem hann er gildastur, nè heldur þann lax, þótt stærri sè, en nú var mælt, er hann veit, að veiddur var á þeim tíma, er ekki mátti veiða lax á.

11. grein.

Brjóti nokkur lög þessi, skal hann fyrir það sæta sektum frá 1 rd. til 10 rd. og að auk 48 sk. sekt fyrir hvern þann lax, er hann hefir veitt ólöglega; svo skal hann og hafa fyrirgjört veiðinni eður andvirði hennar. Öll ólögleg net og ólöglegar veiðivèlar skulu upptækar, og ólöglegir garðar óhelgir fyrir broti; ef maður hefir og spillt veiðinni fyrir þeim, er fyrir ofan búa, skal hann bæta þeim skaðann, eptir óvilhallra manna mati.

12. grein.

Þriðjungur af sektum þeim, er falla eptir tilskipun þessari, og af andvirði hinnar ólöglegu veiði, hinna ólöglegu veiðineta og veiðivèla, falli til uppljóstrarmannsins, en tveir hlutir í sveitarsjóðinn, þar sem brotið er drýgt.

13. grein.

Með öll mál um afbrigði laga þessara skal fara, sem opinber lögreglumál; og skal lögreglustjóri, ef sá, er fyrir skaða hefir orðið, eður annar kærir brotið fyrir honum, eður hann fær það á ein-

hvern annan hátt að vita, rannsaka málið og láta dóm ganga í því, nema hinn ákærði játi brotið, og lúki allt það, er honum ber að gjalda, bæði fyrir brotið og fyrir áfallinn málskostnað; eins má öll rannsókn falla hurtu, ef hinn seki borgar fyrir brotið, áður en rannsókn er byrjuð. Lögregludómarinn skal dæma um, hvort hið boðna gjald er hæfilegt. Engum skal þó meinað, er fyrir skaða hefir orðið af brotum gegn tilskipun þessari, að höfða málið á sjálfs síns kostnað, ef hann kýs það heldur.

ÁSTÆÐUR

fyrir 1. grein.

Þingið álítur það eitthvert hið mesta tjón fyrir laxveiði á Íslandi, að drepa laxinn frá þeim tíma, er hann fer að gjóta, og þangað til hann fer almennt að ganga aptur upp í árnar og vötnin á vorin. Þó nú einstöku dæmi kunni að finnast til þess, að þeir laxar, sem veiddir hafa verið í enda ágústmánaðar, kunni að hafa verið komnir að gotum, þá mun þó hitt vera hið tíðasta, að laxinn fyrst fari að gjóta eptir þenna tíma, og þessu samkvæmt álítur þingið, að banna ætti hvers konar laxveiði frá 1. september til 20. maí, og eptir þessu er fyrsta greinin samin.

fyrir 2. grein.

Fyrsta greinin hljóðaði um gjörsamlegt bann að veiða lax frá 1. september til 20. maí; þessi grein þar á móti leyfir laxveiði á öðrum tíma ársins, sem sè frá 20. maí, til 1. septembers, en þó með takmörkunum, og eru þessar takmarkanir upptaldar í næstu 5 greinunum.

fyrir 3. grein.

Þessi grein hljóðar um takmörkunina á að veiða lax á veiðitímanum, sem nefndur er í 2. grein. Bæði virðist það óviðurkvæmilegt í sjálfu sèr, að hafa helga daga til veiðiskapar, og líka getur laxinn betur gengið upp í árnar og vötnin á veiðitímanum, ef hann þá við og við má gjöra það ótálmað með öllu. Í norsku laxfriðunarlögunum er öll veiði bönnuð frá miðaptani á laugardögum til miðaptans á sunnudögum, og í laxveiðalögunum ensku frá 1861, frá hádegi á laugardögum til miðs morguns á mánudögum. En með því sunnudagurinn hèr á landi allur er helgur, eður eptir því sem þingið skilur frá miðnætti á laugardagskveldum til miðnættis næsta eptir, og þingið álítur það betra í mörgu tilliti, að veiðinni sè hætt nokkuð áður en helgin byrjar, eins og gjört er í ensku veiði-

lögunum þá hefir þingið sett tímann frá náttmálum á laugardagskveldum til miðnættis á sunnudagskveldum. Þingið álítur enn fremur, að menn eigi ættu að geta losað sig undan þessu banni, með að gefa fátækum fimmtung eður einn hlut af veiðinni. Það er annað mál, þó mönnum með þessu skilyrði sè leyft að róa til fiskjar á helgum dögum í fiskileysisárum, því bæði er sá atvinnuvegur einn af aðalatvinnuvegum landsins, og verður því að reisa honum sem minnstar skorður, og líka væri slíkt bann ónauðsynlegt fyrir fiskigöngurnar sjálfar, þó það, eins og áður er sýnt, sè mjög áríðandi fyrir laxgönguna, þar það miðar til að lofa laxinum því betur, að komast upp að ánum og vötnunum á stöðvar sínar, þar sem hann gýtur, og þannig miðar til að auka viðkomu hans, og líka gjörir um leið laxveiðina betri fyrir þá, er fyrir ofan búa.

fyrir 4. grein.

Þessi grein, og eins hinar 2 næstu, lúta að því, að friða smálaxinn gjörsamlega á veiðitímanum, en eptir 1. greininni er hann sem allur annar lax, alveg friðaður á hinum tíma ársins. Til þess nú, að geta friðað smálaxinn gjörsamlega, verður meðal annars að banna, að viðhafa öll þau veiðarfæri, er löguð eru jafnt til að veiða með smáan lax, sem stóran, svo sem lóðir, fasta króka í vatninu, er hver lax sem er, geti fest sig á, o. s. frv., og þetta er gjört í þessari grein.

fyrir 5. og 6. grein.

Hinn venjulegi máti, að veiða laxa á, er að gjöra það með netum, eður og laxakistum eður öðrum líkum veiðivèlum, og þenna veiðimáta verður að leyfa mönnum að við hafa á veiðitímanum ætíð, þegar veiða má á honum, en að eins verður að sjá um það, að netin sèu eigi svo smágjör, að þau haldi smáa laxinum, sem maður vill friða, og að þessu lýtur 5. greinin, eins verður að sjá um það, að á föstu veiðivèlunum sèu svo mörg og stór op, að smái laxinn ekki þurfi að staðnæmast í þeim, heldur geti með öllu tálmunarlaust komizt gegnum þær, og að þessu lýtur 6. greinin.

Smái laxinn, sem í reglunni gjörsamlega ætti að vera friðaður, álítur þingið, að ætti að vera allur lax, sem minni er en 8 þumlungar ummáls, þar sem hann er gildastur, og eptir því er möskvastærðin í 5. grein ákveðin. Þar á móti álítur þingið ekki þörf að fyrirskrifa vissa lögun á opunum á veiðivèlunum föstu, eður tölu þeirra, heldur að nægja muni, að tilgreint sè, eins og gjört er í 6. grein, í almennum orðum, að opin verði að vera nógu mörg

og nógu stór, og yfirláta til hlutaðeigenda sjálfra, að finna það; að eins álítur þingið betra, að geta um, hvernig opin skuli vera löguð, þegar grindur eru hafðar í vèlinni, og eptir því geta menn og líka nokkuð farið í öðrum áþekkum tilfellum. En þó þingið álíti, sem sagt, að friða ætti í reglunni allan smálax, þá verður það samt að játa, að það gæti í stöku ám og vötnum, þar sem mjög mikill arður er af silungsveiði, en mjög lítil laxganga er, og því arðurinn af henni sára lítill, og því nær sem enginn, verið of hart, að banni manni að hafa net með smágjörvari möskvum en 8 þumlunga ummáls, og þannig meina þar silungsveiðina, og hefir því þingið álitið, að þegar svo á stæði, ætti amtmaður að mega leyfa undantekningu frá lagaboðinu á þann hátt, sem sagt er í 5. greininni.

fyrir 7. grein.

Ákvarðanirnar í þessari grein eru byggðar á þeirri grundvallarreglu í Jónsbók: «að ganga skuli guðsgjöf til fjalls, sem til fjöru, ef gengið vill hafa»; þessi setning er bæði viturleg og rèttlát; *viturleg*, því hún eykur laxfjölgunina á ókomna tímanum og þar við veiðina, því eptir henni mega menn aldrei setja neina á í það ástand, að þeir laxar, sem vilja, eigi geti gengið eptir ánni til fjalls, það er að segja, á þær stöðvar, sem þeir vilja gjóta á, og síðan aptur til sjávar, ef þeir vilja, til að koma árið eptir, og þá annaðhvort til að auka kyn sitt á ný, eður verða veiddir; og *rèttlát*, þar allir þeir, sem við ána búa, þá geta tekið þátt í veiðinni, eptir því sem guð vill gefa hverjum einum, og hann sjálfur vill eða getur borið sig eptir; þetta vill allt segja, að veiðivèlarnar verða að vera þannig, að laxinn skuli eigi vera neyddur til að ganga í þær, eður að jöfn líkindi sèu til, að laxinn óhindrað geti gengið upp og ofan eptir ánni, sem inn í veiðivèlarnar eður netin. En til þess, að þessu nú geti orðið framgengt, hlýtur ætíð að vera nógu breitt opið svæði í veiði-ánni, svo að hver lax, sem vill, geti gengið þar upp og niður eptir henni með öllu ótálmað, og hljóta því allir þeir, sem land eiga að ánni, að vera skyldir til, að leggja hèr til tiltölulegan hluta af þeim parti árfarvegarins, sem þeir eiga, og svo stóran, sem lögin álíta nauðsynlegan. Eptir því sem vèr þekkjum nú til um laxgöngur hèr á landi, er það ekki of stórt svæði, að þriðjungur árinnar ætíð sè auður, og að laxinn ótálmað megi fara eptir honum, og verða þá þeir eptir þessu, sem land eiga að ánni, að leggja til þriðjunginn af árfarvegi þeim, sem jörðu þeirra fylgir,

eður með öðrum orðum, enga tálmun setja í þann hluta árfarvegarins fyrir laxgöngunni. En auk þessa krefur þó almenningsheill, að hið opinbera hafi rètt til, að mega skylda hinn einstaka til að girða ekki einu sinni svo langt út í ána, sem menn þó almennt mega, ef slíkt er til tálmunar fyrir laxgönguna eptir ánni, og er þetta tekið fram í greininni, þar sem sagt er, að vatnið fyrir utan endann á garðinum etc. skuli eigi vera grynnra, en fyrir innan, þar sem garðurinn o. s. frv. er, því laxinn sækir eptir ánni, þar sem hún er dýpst, einkum ef vatnið er lítið og hreint. En þó þessu sè nú svona varið, þá er það auðsèð, að bannið um þvergirðingu er ónauðsynlegt, þegar einn maður á alla veiðina fyrir ofan, ef hann að eins sèr um það, að allur smái laxinn komist í gegnum veiðivèlarnar hjá sèr, því þó hann þá veiði allan stóra laxinn, gjörir hann þar með engum neinn skaða. Að eins álítur þingið nauðsynlegt í þessu efni, að taka upp þá ákvörðun Grágásar, að þó einn eigi alla veiði í einhverri árkvísl, þá megi hann þó eigi þvergirða hana, nema laxgangan sè meiri í einhverri annari kvíslinni.

fyrir 8. grein.

Það er auðsèð, að banna verður að fæla lax frá að ganga upp í vötn og ár; því ef gjört er mikið að því, má spilla allri laxveiðinni í ánni eður vatninu; menn geta fælt laxinn frá að ganga á margan hátt, svo sem með miklu busli og skotum ofan í vatnið; líka með því, að bera óþverra út í það, og gjöra það gruggugt eður fúlt, bera grjót ofan í, eður á annan hátt grynna vatnið, svo laxinn ekki geti gengið eptir vatninu, o. s. frv. En fremur skal þess getið, að í sumum ám og ósum þeirra spilla selir mjög laxgöngunni, því laxinn fælist selinn, sem er hans mesti óvinur; og verður því, þar sem laxveiðin á þessum stöðum hlyti að verða rètt notuð arðsamari en selaveiðin, að leyfa að skjóta þar og fæla selinn sektalaust.

fyrir 9. grein.

Þessi grein er áþekk 9. og 10. grein í veiðilögunum 20. júní 1849 um friðlýsingu á eggverum og 15. grein í sömu tilskipun um friðlýsingu sela, og er slík friðlýsing í marga staði nytsamleg og góð, og því höldum vèr, að áþekk ákvörðun ætti að takast upp í þessi lög.

fyrir 10. grein.

Til þess því betur að geta hindrað að smái laxinn sè veidd-

ur, og eins að stóri laxinn sè veiddur á þeim tíma, sem ekki má veiða hann, er nauðsynlegt að banna alla sölu og kaup á smálaxi yfir höfuð, og líka að banna öllum, að selja eður kaupa stórlaxa, sem þeir vita, að veiddir eru á ólöglegum tíma.

fyrir 11. grein.

Þessi grein hljóðar um það, hverju ólögleg laxveiði skuli varða, og álítur þingið, að eigi þurfi að færa ástæður fyrir henni; er hún og mjög samin í anda tilsk. 20. júní 1849, þar sem talað er um afleiðingar af ólöglegri veiði.

fyrir 12. grein.

Af því þingið álítur það mjög áríðandi fyrir landið, eður bjargræðisvegu þess, að laxveiðin gæti aukizt sem mest, og orðið varanleg, en veit á hinn bóginn, að sýslumönnum er víðast í sýslum sínum, og eins hreppstjórunum í hreppum þeirra ómögulegt að sjá um það, að engin hafi ólöglega laxveiði, þá verður það nauðsynlegt, að hvetja hvern þann, sem verður þess var, að lögin um þetta efni sèu brotin, til að segja til slíkra brota, með að heita honum þriðjungi sektanna o. s. frv.; en að öðru leyti álítur þingið, að sektirnar o. s. frv. fyrir þessi brot, að því leyti þær tilfalla hinu opinbera, eigi að renna inn í hlutaðeigenda fátækra sjóð, eins og sektirnar fyrir aðra ólöglega veiði, sjá tilsk. 20. júní 1849 18. grein.

fyrir 13. grein.

Þessi grein er mjög áþekk 19. grein í tilsk. 20. júní 1849 og 10. grein í tilsk. 24. jan. 1838. — Einungis skal þess getið, að það virðist nægilegt að fela sýslumanninum að dæma um, hvort gjald það, sem hinn seki þýðnr, sè nægilegt, og að málið þess vegna gegn honum megi falla burt. — Það er og í norsku laxveiðilögunum yfirlátið til lögreglustjóranna og fógetanna að dæma um slíkt, og með því verða mál þessi langtum fljótar útkljáð, sem í þessu efni er mjög áríðandi, ef þau eigi þurfa að ganga lengra.